Biblia
Had Er/ Dll
Heilög Ritning/ vtlögd
a Norrænu.
Gudbrandsbiblía
2026 Útgáfa

BIBLÍA

ÞAÐ ER

ÖLL HEILÖG RITNING

ÚTLÖGÐ Á NORRÆNU

GUÐBRANDSBIBLÍA
2026 NÚMERUÐ ÚTGÁFA

BÆKUR HINS GAMLA OG NÝJA TESTAMENTIS

Hið Gamla Testament

Genesis	5
Exódus	59
Leviticus	102
Numeri	135
Deuteronomium	179
Jósúa	221
Dómaranna Bók	247
Rut	274
1. Bók Samuelis	278
2. Bók Samuelis	313
1. Bók Kónganna	342
2. Bók Kónganna	376
1. Krónikubókinn	410
2. Krónikubókinn	438
Esdra	475
Nehemías	486
Ester	501
Job	510
Sálmarnir	533
Orðskviðirnir	603
Prédikan Salomonis	628
Lofkvæði Salomonis	636
Esaias	641
Jeremias	699
Harmagrátur Jeremíe	764
Esekiel	770
Daníel	828
Hóseas	846
Jóhel	854
Amos	857
Abdías	864
Jónas	865
Micheas	867
Nahúm	872
Habakuk	874
Zephonias	877
Haggeus	880
Sacharias	882
Malachias	891

Hið Nýja Testament

Mattheus	896
Marcus	931
Lucas	953
Johannis	990
Postulanna Gjörningar	1018
Rómverjar	1055
1. Corinthios	1071
2. Corinthios	1086
Galatas	1096
Ephesios	1101
Philippenses	1106
Colossenes	1110
1. Tessalonia	1114
2. Tessalonia	1117
1. Timotheum	1119
2. Timotheum	1123
Titum	1126
Philemonem	1128
Ebreos	1129
S. Jakobs Pistill	1141
1. Péturs	1145
2. Péturs	1150
1. Johannis	1153
2. Johannis	1156
3. Johannis	1157
Jude	1158
Opinberanir	1160

HIÐ GAMLA TESTAMENT

HIN FYRSTA BÓK MOYSI
GENESIS

1 Í upphafi skapaði Guð himin og
jörð. [2]Og jörðin var eyði og tóm og
myrkur var yfir undirdjúpinu. Og Guðs
Andi færðist yfir vötnin. [3]Og Guð sagði:
„Verði ljós!“ Og þar varð ljós. [4]Og Guð
sá að ljósið var gott. Þá skildi Guð ljósið
frá myrkrunum [5]og kallaði ljósið dag en
myrkrið nótt. Þá varð af kveldi og
morni sá fyrsti dagur.

[6]og Guð sagði: „Þar verði ein festing á
milli vatnanna sem í sundur skal skilja
vötnin hvor frá öðrum. [7]Þá gjörði Guð
eina festing og skildi vötnin sem voru
undir festingunni frá þeim vötnum sem
voru yfir festingunni. Og það skeði so.
[8]Og Guð kallaði festingina himin. Þá
varð út af kveldi og morni sá annar
dagur.

[9]Og Guð sagði: „Samansafnist vötnin
undir himninum í einn stað so að sjást
megi þurrt land. Og það skeði so. [10]Og
Guð kallaði þurrlendið jörð og saman-
safnan vatnanna kallaði hann sjó. Og
Guð sá að það var gott. [11]Og Guð sagði:
„Láti jörðin af sér uppvaxa græn grös
og jurtir hafandi sæði í sér og ávaxtar-
söm tré so að hvert beri ávöxt eftir
sinni tegund og hafi sitt eigið sæði í sér
sjálfu á jörðunni. Og það skeði so. [12]Og
jörðin framleiddi af sér græn grös og
jurtir hafandi sæði hvert eftir sinni
tegund og ávaxtarsöm tré hafandi sín
eigin sæði með sjálfum sér hvert eftir
sinni tegund. Og Guð sá að það var
gott. [13]Þá varð út af kveldi og morni sá
þriðji dagur.

[14]Og Guð sagði: „Verði ljós á festingu
himinsins so þau skilji daginn frá nótt-
unni og gefi teikn, tíma, daga og ár [15]og
lýsi á festingarhimni so þau upplýsi
jörðina. Og það skeði so. [16]Og Guð
gjörði tvö stór ljós. Það stærra ljósið að
stjórna deginum og það minna ljósið að
stjórna nóttinni, þar að auk stjörnur.
[17]Og Guð setti þær á festingarhimininn
svo að þær skyldi skína á jörðina [18]og
stjórna deginum og nóttinni og að
sundurgreina ljósið og myrkrið. Og
Guð sá að það var gott. [19]Og þar varð af
kveldi og morni sá fjórði dagur.

[20]Og Guð sagði: „Vötnin framleiði af
sér hræranleg og lifandi kvikindi og
fugla sem fljúga skulu á jörðunni undir
himinsins festingu.“ [21]Og Guð skapaði
stóra hvalfiska og allsháttuð hræranleg
og lifandi kvikindi sem vötnin gáfu af
sér, sérhvört eftir sinni tegund, og
allskyns fjaðraða fugla, sérhvörja eftir
sinni tegund. Og Guð sá að það var
gott. [22]Og Guð blessaði þá og sagði:
„Aukist og margfaldist og uppfyllið
vötnin sjávarins. Og fuglarnir marg-
faldist á jörðunni.“ [23]Þá varð af kveldi
og morni sá fimmti dagur.

[24]Og Guð sagði: „Jörðin framleiði lif-
andi kvikindi, sérhvert eftir sinni
tegund: Fénað, skriðkvikindi og skóg-
dýr jarðar, hvert eftir sinni tegund.“ Og
það skeði so. [25]Og Guð skapaði skógdýr
jarðarinnar hvert eftir sinni tegund og
so fénaðinn eftir sinni tegund og
allskyns skriðkvikindi jarðar eftir sinni
tegund. Og Guð sá að það var gott.

[26]Og Guð sagði: „Vér viljum gjöra
manninn eftir mynd og líking vorri,
hver eð drottna skal yfir fiskum sjávar-
ins og yfir fuglum loftsins og yfir fén-
aðinum og yfir allri jörðunni og yfir öll-
um skriðkvikindum sem hrærast á
jörðunni. [27]Og Guð skapaði manninn
eftir sinni mynd, eftir Guðs mynd skap-
aði hann hann. Og hann skapaði þau
karlmann og kvinnu. [28]Og Guð blessaði
þau og sagði til þeirra: „Aukist þið og
margfaldist og uppfyllið jörðina og
gjörið hana yður undirgefna og drottn-
ið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum
loftsins og yfir öllum dýrum sem hrær-

ast á jörðunni. [29]Og Guð sagði: „Sjáið, allsháttaðar jurtir sem gefa sæði af sér á allri jörðunni og allra handa ávaxtarsöm tré sem gefa sæði af sér gef eg yður til fæðslu, [30]og öllum dýrum jarðarinnar og öllum fuglum loftsins og öllum skriðkvikindum sem lifa á jörðu að þau eti allskyns grænar jurtir.“ Og það skeði so. [31]Og Guð sá alla hluti þá sem hann hafði gjört. Og sjá, þeir voru harla góðir. Og þar varð af kveldi og morni sá sétti dagur.

2 Þannin algjörðist nú himinn og jörð og allur þeirra her. [2]Og so fullkomnaði Guð á þeim sjöunda degi sín verk sem hann gjörði. Og hvíldist þann sjöunda dag af öllu sínu verki sem hann gjört hafði. [3]Og hann blessaði þann sjöunda dag og helgaði hann, af því að hann hvíldist á þeim sama degi af öllum sínum verkum sem Guð skapaði og gjörði.

[4]Þannin varð nú himinninn og jörðin þá þau voru sköpuð á þeim tíma þá DROTTINN Guð gjörði jörðina og himininn [5]og allra handa tré á mörkinni sem ekki voru áður fyrri á jörðunni og allra handa jurtir á akrinum sem ekki voru áður fyrri. Því að DROTTINN Guð hafði þá enn ekki látið rigna á jörðina og þar var enginn maður sem jörðina fágaði með sínu erfiði. [6]En þar gekk upp ein þoka af jörðunni og vökvaði alla jörðina. [7]Og DROTTINN Guð gjörði manninn af jarðar leiri og blés einum lifandi anda í hans ásjónu. Og so varð maðurinn ein lifandi sál.

[8]Og DROTTINN Guð plantaði einn aldingarð í Eden á móti austri og setti manninn þangað, hvern hann hafði skapað. [9]Og DROTTINN Guð lét uppvaxa af jörðunni allra handa tré sem fögur voru að sjá og lystileg að eta, og lífsins tré í miðjum aldingarðinum og það skilningstré góðs og ills.

[10]Og þar rann ein mikil uppspretta út af Eden til að vökva aldingarðinn og sú uppspretta skiptist þaðan í fjögur stór vatsföll. [11]Það fyrsta heitir Píson, það fellur um allt landið Hevíla og þar finnst gull, [12]og gullið þess lands er forkostulegt, og þar finnst bedellíum og gimsteinninn ónyx. [13]Það annað vatsfallið heitir Gíhon, það fellur um allt Bláland. [14]Hið þriðja vatsfallið heitir Hídekel, það fellur fram hjá Assyría. Það fjórða vatsfallið er Eufrates.

[15]Og DROTTINN Guð tók manninn og setti hann í þann aldingarð Eden að hann skyldi yrkja hann og varðveita. [16]Og DROTTINN Guð bauð manninum og sagði: „Þú skalt eta af allra handa trjám í aldingarðinum, [17]en af því skilnings tré góðs og ills skaltu ekki eta. Því að á hverjum degi sem þú etur af því þá skaltu dauða deyja.“

[18]Og DROTTINN Guð sagði: „Það er ei gott að maðurinn sé einnsaman. Eg vil gjöra honum eina meðhjálp þá sem vera má hjá honum.“ [19]Því að þá DROTTINN Guð hafði skapað af jörðunni allra handa dýr á mörkinni og allskyns fugla undir himninum þá leiddi hann þau til Adams so að hann sæi hvað hann vildi nefna þau. Því að hvað helst nafn sem maðurinn gæfi öllum lifandi kvikindum þá skyldu þau so heita. [20]So gaf Adam allra handa fénaði og fuglum loftsins og svo allra handa dýrum á jörðunni sérhverju sitt nafn. En þar fannst engin meðhjálp fyrir manninn sem vera mætti hjá honum. [21]Þá lét DROTTINN Guð fastan svefn falla yfir manninn og þá hann svaf tók hann eitt af hans rifjum og byrgði aftur með holdi. [22]Og DROTTINN Guð uppbyggði eina kvinnu af rifbeini því sem hann tók af manninum og leiddi hana til hans.

[23]Þá sagði Adam: „Þetta er bein af mínum beinum og hold af mínu holdi, þar fyrir skal hún karlinna kallast, af því hún er af karlmanni tekin.“ [24]Og þess vegna skal maðurinn yfirgefa föður sinn og móður sína og halda sér við

sína eiginkonu og þau tvö skulu vera
eitt hold. 25Og þau voru bæði nakin,
Adam og hans kvinna, og skömmuðust
sín ekki.

3 Og höggormurinn var slægari
heldur en öll önnur kvikindi á
jörðunni sem DROTTINN Guð hafði skap-
að. Og hann sagði til kvinnunnar: „Já,
skyldi Guð hafa sagt: Þið skuluð ekki
eta af allskyns trjám í aldingarðinum?“
2Þá sagði konan til höggormsins: „Við
etum af ávexti trjánna í aldingarðinum.
3En um ávöxt þess trés sem stendur í
miðjum aldingarðinum, þá sagði Guð:
Etið ekki þar af og komið ekki við það
so að þið deyið ekki.“ 4Þá sagði högg-
ormurinn til kvinnunnar: „Í öngvan
máta munuð þið dauða deyja, 5heldur
veit Guð það að á hverjum degi sem þið
etið þar af þá munu ykkar augu opnast
og þið munuð vera líka sem Guð og vita
skyn góðs og ills.“ 6Og kvinnan sá að
tréð var gott að eta af og fagurt að sjá
og eitt girnilegt tré til fróðleiks. Og hún
tók af ávextinum og át og gaf sínum
manni þar af. Og hann át. 7Þá upplukust
beggja þeirra augu og formerktu þau
að þau voru nakin. Og þau festu saman
fíkjuviðarblöð og gjörðu sér af lauf-
kyrtla.

8Og þá er þau heyrðu DROTTINN Guðs
rödd sem gekk um kring í aldingarðin-
um þá dagurinn var orðinn kaldur þá
faldi Adam sig og hans kvinna fyrir
augliti DROTTINN Guðs á milli trjánna í
aldingarðinum. 9Og DROTTINN Guð kall-
aði á Adam og sagði til hans: „Hvar
ertu?“ 10Hann svaraði: „Eg heyrði þína
rödd í aldingarðinum og eg hræddunst
því eg var nakinn. Og af því falda eg
mig.“ 11Og hann sagði: „Hver sagði þér
að þú værir nakinn? Nema hafir þú etið
af því tré sem eg bannaði þér að eta af.“
12Þá svaraði Adam: „Kvinnan sú sem þú
gafst mér til samlags, hún gaf mér af
trénu og eg át.“ 13Þá sagði DROTTINN
Guð til kvinnunnar: „Því gjörðir þú
það?“ Kvinnan svaraði: „Höggormurinn
sveik mig so að eg át.“

14Þá sagði DROTTINN Guð til högg-
ormsins: „Af því að þú gjörðir þetta þá
vert þú bölvaður á meðal allra kvikinda
og á meðal allra dýra á jörðu. Þú skalt
ganga á þínum kviði og eta mold jarðar
alla þína lífdaga.

15Og eg vil setja óvinskap á milli þín
og kvinnunnar og á milli þíns sæðis og
hennar sæðis. Það sama skal í sundur
merja þitt höfuð. Og þú skalt bíta hann
í hælinn.“

16Og hann sagði til kvinnunnar: „Eg
vil fjölga eymdir þínar, þegar þú verður
ólétt, þá skaltu fæða þín börn með sótt,
og þinn vilji skal vera þínum manni
undirgefinn og hann skal vera þinn
herra.“

17Og til Adams sagði hann: „Sökum
þess þú hlýddir röddu konu þinnar og
ást af því tré af hverju eg bauð þér að
þú skyldir ekki eta af, þá skal jörðin
vera bölvuð fyrir þína skuld. Með erfiði
skaltu þig af henni næra alla þína líf-
daga.

18Þyrna og klungur skal hún bera þér
og þú skalt eta grös jarðarinnar.

19Í þíns andlits sveita skaltu neyta
þíns brauðs þangað til þú verður að
jörðu aftur, af hverri þú ert tekinn. Því
að þú ert jörð og þú skalt að jörðu aftur
verða.“ 20Og Adam nefndi sína kvinnu
Eva, því að hún er allra lifendra móðir.
21Og DROTTINN Guð gjörði Adam og
hans kvinnu skinnkyrtla og í klæddi
þau þeim. 22Og DROTTINN Guð sagði:
„Sjáið, Adam er orðinn so sem einn af
oss og veit bæði gott og illt. En uppá
það hann ekki skal útrétta sína hönd og
taka af því lífsins tré og eta og lifa eilíf-
lega.“ 23Þá lét DROTTINN Guð hann burt
úr þeim aldingarði Eden svo að hann
skyldi erja jörðina af hverri hann var
tekinn. 24Hann rak Adam burt og setti
cherúbim fyrir aldingarðinn Eden með
eitt nakið sveipanda sverð til að geyma
veginn (sem liggur) til lífsins trés.

4 Og Adam kenndi sinnar kvinnu
Evu. Og hún varð ólétt og fæddi
Kain og sagði: „Eg hefi öðlast þann
mann DROTTINN.“ [2]Og hún varð ólétt í
annað sinn og fæddi hans bróður Abel.
Og Abel varð sauðahirðir en Kain varð
einn akurmaður. [3]Og það skeði so eftir
stundir liðnar að Kain færði DROTTNI
fórnir af ávöxtum jarðar. [4]Abel bar og
fram af frumburði sinnar hjarðar og af
þeirra feiti. Og DROTTINN leit náðarsam-
lega til Abels og til hans fórnar. [5]En til
Kains og hans fórnar leit hann ekki
náðarsamlega. Þá varð Kain afar reiður
so að hans yfirbragð afmyndaðist. [6]Og
DROTTINN sagði til Kains: „Því ertu so
reiður? Og hvar fyrir afmyndast so þitt
yfirbragð? [7]Er ekki so? Ef þú ert frómur
þá ertu þakknæmur en sért þú ekki
frómur þá hvílist syndin fyrir dyrum,
en lát þú hana ekki hafa sinn vilja held-
ur drottna yfir henni.“

[8]Þá talaði Kain við bróður sinn Abel.
Og það skeði so þá þeir voru til samans
á akrinum að Kain reis upp í móti sín-
um bróðir Abel og sló hann í hel. [9]Þá
mælti DROTTINN til Kain: „Hvar er þinn
bróðir Abel?“ Hann svaraði: „Eg veit
ekki. Eða á eg að vakta minn bróður?“
[10]Og hann sagði: „Hvað hefur þú gjört?
Röddin þíns bróðurs blóðs hrópar til
mín af jörðunni. [11]Og bölvaður sértu nú
á jörðunni sem upplauk sínum munni
og tók þíns bróðurs blóð af þinni hendi.
[12]Nær þú erjar jörðina þá skal hún ekki
hér eftir gefa þér af sínum gróða, ráf-
andi og landflótta skalt þú vera á
jörðunni. [13]Þá sagði Kain til DROTTINS:
„Mín synd er stærri en það hún megi
mér fyrirgefast. [14]Sjá: Þú útskúfar mér í
dag af landinu og eg hlýt að fela mig
fyrir þínu augliti og vera so ráfandi
landflótta maður á jörðu. Þá vill það
mín verða að hver mig finnur hann
mun slá mig í hel.“ [15]En DROTTINN sagði
til hans: „Það skal ekki ske, heldur hver
sem Kain í hel slær, þess skal hefnt
verða sjöfaldlega.“ Og DROTTINN setti
eitt einkenningarmark á Kain að
enginn skyldi slá hann í hel, hver sem
hann fyndi. [16]So gekk Kain út frá augliti
DROTTINS og bjó í landinu Nód fyrir
austan Eden.

[17]Og Kain kenndi sinnar kvinnu og
hún varð ólétt og fæddi Henok. Og
hann uppbyggði eina borg og kallaði
hana eftir síns sonar nafni Enok. [18]Og
Enok gat Írað, Írað gat Mahújael,
Mahújael gat Matúsael, Matúsael gat
Lamek. [19]En Lamek tók sér tvær eigin-
konur, ein þeirra hét Ada en önnur
Silla. [20]Og Ada fæddi Jabal. Af honum
eru þeir komnir sem bjuggu í landtjöld-
um og voru fjárhirðarar. [21]Og hans
bróðir hét Júbal. Hann hóf fyrstur
manna hörpuslátt og organs leik. [22]Og
Silla varð ólétt og fæddi Túbalkain.
Hann var hagleiksmaður í allra handa
koparsmíði og járnsmíði. Túbalkains
systir hét Naema.

[23]Og Lamek sagði til sinna kvenna:
„Ada og Silla, þið Lameks kvinnur,
heyrið mín orð og gefið gaum að því eg
segi. Eg hefi í hel slegið einn mann mér
til áverka og eitt ungmenni mér til
sársauka. [24]Kains skal sjö sinnum hefnt
verða en Lameks sjötígi sinnum sjö
sinnum.“

[25]Og Adam kenndi sinnar kvinnu að
nýju og hún fæddi einn son. Þann kall-
aði hún Set. „Því Guð hefur (sagði hún)
séð mig og gefið mér nú annað sæði í
staðinn Abels sem Kain sló í hel.“ [26]Og
Set átti einn son. Þann kallaði hann
Enos. Og á þeim tíma hófu menn að
predika út af nafni DROTTINS.

5 Þessi er kynkvíslabókin mannsins.
Þá Guð skapaði manninn þá gjörði
hann hann eftir Guðs mynd. [2]Og hann
kallaði þau karlmann og kvenmann og
blessaði þau og kallaði þau manneskjur,
á þeim tíma þá þau voru sköpuð. [3]Og
Adam var hundrað og þrjátígi ára gam-
all og hann gat einn son eftir mynd og
líking sinni og kallaði hann Set. [4]Og

hann lifði upp frá því átta hundruð ára
og átti sonu og dætur. 5So að allur hans
aldur varð níu hundruð og þrjátígir ára.
Og hann andaðist. 6Set var hundrað og
fimm ára gamall þá hann gat Enos. 7Og
hann lifði upp frá því átta hundruð og
sjö ár og átti sonu og dætur. 8So að
hans allur aldur varð níu hundruð og
tólf ár. Og hann andaðist. 9Enos var
níutígir ára gamall og gat Kenan. 10Og
hann lifði upp frá því átta hundruð og
fimmtán ár og átti sonu og dætur. 11So
að hans allur aldur varð níu hundruð
og fimm ár. Og hann andaðist. 12Kenan
var sjötígir ára og gat Mahalaleel. 13Og
hann lifði upp frá því áttahundruð og
fjórutígir ára og átti sonu og dætur.
14So að hans allur aldur varð níuhund-
ruð og tíu ár. Og hann andaðist.
15Mahalaleel var fimm og sextígir ára
og gat Jareð. 16Og hann lifði upp frá því
áttahundruð og þrjátígir ára og átti
sonu og dætur. 17So að hans allur aldur
varð áttahundruð fimm og níutíu ár.
Og hann andaðist. 18Jareð var hundrað
sextígir og tveggja ára gamall og gat
Enok. 19Og hann lifði upp frá því átta
hundruð ár og átti sonu og dætur. 20So
að hans allur aldur varð níuhundruð
sextígir og tvö ár. Og hann andaðist.

21Enok hafði fimm um sextugt og gat
Matúsala. 22Og sem hann hafði getið
Matúsala lifði hann guðlegu líferni þrjú
hundruð ár og átti sonu og dætur. 23Og
hans allur aldur varð þrjúhundruð
fimm og sextígir ár. 24Og fyrir sökum
þess að hann lifði so guðlegan lifnað þá
nam Guð hann í burt og hann varð ekki
meir séður. 25Matúsala var hundrað sjö
og áttatígir ára gamall þá hann gat
Lamek. 26Og hann lifði þaðan í frá sjö
hundruð áttatígir og tvö ár og átti sonu
og dætur. 27So að hans allur aldur varð
níu hundruð níu og sextígir ár og hann
andaðist.

28Lamek hafði hundrað tvö og átta-
tígir ára og gat einn son 29og nefndi
hann Nóa og sagði: „Þessi skal hugga
oss í vorri armæðu og erfiði á jörðunni
hverri DROTTINN bölvaði.“ 30Síðan þar
eftir lifði hann fimmhundruð níutígir
og fimm ár og átti sonu og dætur. 31So
að hans allur aldur varð sjö hundruð
sjötíu og sjö ár og hann andaðist.

32Nói var fimm hundruð ára gamall
og gat Sem, Kam og Jafet.

6 Og þá ed mennina tók að fjölga á
jörðu og þeir gátu dætur 2þá sáu
Guðs börn mannanna dætur, að þær
voru fríðar, og þeir gengu að eiga
hverjar sem þeir vildu. 3Þá sagði
DROTTINN: „Manneskjan vill ekki láta
sig straffa framar meir af mínum anda,
því að hún er hold. Eg vil enn nú gefa
þeim frest um hundrað ár og tuttugu.“
4Á þeim tíma voru risar á jörðu. Því að
þá Guðs börn lögðust með dætrum
mannanna og gátu börn með þeim, þá
jukust þar af voldugir og nafnkunnugir
menn á jörðunni.

5En þá ed DROTTINN sá það að
mannanna illska var mikil á jörðunni
og að öll þeirra hjartans hugsan og
ásetningur var ætíð til ills hneigður, 6þá
iðraðist Guð það hann hafði manninn
skapað á jörðu og það angraði hann í
sínu hjarta 7og hann sagði: „Eg vil afmá
af jörðu þá manneskju sem eg hefi
skapað, bæði menn og fénað, skrið-
kvikindi og fugla loftsins, því að eg iðr-
ast að eg skapaði það.“ 8En Nói fann
náð hjá DROTTNI.

9Þessi er ættkvísl Nóa. Nói var einn
réttlátur og óstraffanlegur maður og
lifði guðrækilega í sinni tíð. 10Hann gat
þrjá sonu: Sem, Kam, Jafet. 11En jörðin
var fordjörfuð fyrir Guðs augliti og full
ranglætis. 12Þá leit Guð á jörðina og sjá
þú: Hún var fordjörfuð. Því að allt hold
hafði fordjarfað sína vegu á jörðunni.
13Þá mælti Guð við Nóa: „Ending alls
holds er komin fyrir mér því að jörðin
er full ranglætis af þeim. Sjá þú, eg vil
fordjarfa þá ásamt með jörðunni. 14Gjör
þér eina örk af greniviðartrjám og gjör

smá hús í henni og bræð hana með bik utan og innan. 15Og gjör hana svo: Hún skal vera þrjúhundruð álna á lengd, fimmtígir álna á breidd og þrjátígir álna á hæð. 16Þú skalt og gjöra einn glugg ofan á örkinni, einnrar álnar háan. Dyrnar skaltu setja utan á hennar síðu. Og hún skal hafa þrjú loft, eitt neðst, annað í miðju og þriðja efst. 17Því að sjá þú: Eg vil láta koma eitt flóð vatna yfir jörðina til að deyða allt hold það sem lífs anda hefur meður sér undir himninum, allt það sem á jörðunni er skal fyrirfarast. 18En við þig vil eg gjöra eitt sáttmál. Og þú skalt ganga í örkina ásamt með þínum sonum, þín kvinna og þínar sonar kvinnur. 19Og þú skalt innláta í örkina allra handa dýr af öllu holdi, já eitt par, kallkyns og kvenkyns, að þau haldi lífinu með þér. 20Af fuglunum eftir þeirra kyni, af fénaðinum eftir hans kyni, og af allsháttuðum skriðkvikindum jarðar eftir þeirra kyni. Af þessu öllu skal eitt par fara inn til þín í örkina svo það megi halda lífinu. 21Og þú skalt taka allsháttaðar fæðslur með þér sem etandi eru og safna þeim inn til þín so það megi vera þér og þeim til atvinnu.“ 22Og Nói gjörði alla hluti so sem Guð bauð honum.

7 Og DROTTINN sagði til Nóa: „Gakk inn í örkina, þú og allt þitt hús, því að eg hefi séð þig réttlátan fyrir mér á þessum tíma. 2Tak inn til þín af allsháttuðum hreinum kvikindum sjö og sjö, kallkyns og kvenkyns. En af óhreinum kvikindum ei meira en eitt par, kallkyns og kvenkyns. 3Líka so af fuglum loftsins sjö og sjö, kallkyns og kvenkyns, so að sæði blífi lifandi á allri jörðu. 4Því að eftir sjö daga vil eg láta rigna á jörðina í fjörutígir daga og fjörutígir nætur og afmá af jörðunni allt það sem nokkra veru hefur og eg hefi gjört. 5Og Nói gjörði alla hluti so sem DROTTINN bauð honum. 6Nói var sex hundruð ára gamall þegar vatsflóðið kom yfir jörðina. 7Og hann inngekk í örkina og hans synir, hans kvinna og hans sonarkvinnur, fyrir vatsflóðið. 8Svo og gengu inn í örkina til Nóa af hreinum og óhreinum kvikindum, af fuglum og allsháttuðum skriðkvikindum sem voru á jörðu 9pörum saman, kallkyns og kvenkyns, eftir því sem DROTTINN Guð hafði boðið honum. 10Og þá þeir sjö dagar voru liðnir þá kom vatsflóðið yfir jörðina.

11Þá Nói var sex hundruð ára gamall, á þeim seytjánda degi í öðrum mánuði, á þeim degi uppspruttu allir uppsprettubrunnar hins mikla undirdjúps og himnaraufarnar opnuðust 12og þar rigndi á jörðina í fjörutígir daga og fjörutígir nátta. 13Rétt á þeim sama degi gekk Nói inn í örkina með sínum sonum, Sem, Kam og Jafet, og með sinni kvinnu og sínum þremur sonarkvinnum, 14þar með allra handa dýr, hvert eftir sínu kyni, og allra handa skriðkvikindi jarðar og allra handa fénaður eftir sínu kyni og allra handa fuglar eftir þeirra kyni, allt það sem flogið gat og vængi hafði, 15þetta gekk allt inn í örkina til Nóa pörum saman af öllu holdi í hverju að lífs andi var. 16Og það var kallkyns og kvenkyns af allskyns holdi sem inngekk í örkina, so sem Guð hafði boðið honum. Og DROTTINN lokaði á eftir honum.

17Og vatsflóðið kom yfir jörðina í fjörutígir daga. Og vatnið óx og upplyfti örkinni hátt yfir jörðina. 18So uxu nú vötnin og gengu yfir allt á jörðunni, svo að örkin flaut á vatninu. 19Og vötnin gengu yfir alla jörðina og urðu so mikil að öll stór fjöll undir öllum himninum voru í kafi. 20Fimmtán álnum gekk vatnið hærra yfir fjöllin þau sem í kafi voru. 21Þá fyrirfórst allt hold það sem hrærðist á jörðunni af fuglum og fénaði, skógdýrum og af öllum skriðkvikindum jarðarinnar, og allir menn. 22Og allt það sem hafði lifandi anda á þurru, það drapst. 23Þannin varð afmáð

allt það sem á jörðunni var, bæði menn
og fénaður, skriðkvikindi og fuglar
loftsins, það varð alltsaman afmáð af
jörðunni. Nói alleina varð eftir og það
hvað í örkinni var meður honum. 24Og
vatnið stóð yfir jörðunni í hundrað og
fimmtígir daga.

8 Þá minntist Guð á Nóa og á öll dýr
og á öll þau kvikindi sem voru með
honum í örkinni. Og hann lét vind
koma á jörðina og vötnin minnkuðu.
2Og uppsprettur undirdjúpanna luktust
aftur, sömuleiðis himnaraufarnar, og
regninu af himnum var hamlað. 3Og
vatnið minnkaði á jörðunni meir og
meir og þverraði eftir hundrað og
fimmtígir daga. 4Á þeim seytjánda degi
þess sjöunda mánaðar nam örkin staðar á fjallinu Ararat. 5Og vatnið minnkaði og þverraði allt til hins tíunda
mánaðar. Á fyrsta degi hins tíunda
mánaðar skaut upp þeim hæstu
fjallatindum.
6Og fjörutígir dögum þar eftir lauk
Nói upp glugganum á örkinni sem
hann hafði gjört 7og lét einn hrafn
útfljúga og hann fló í sífellu aftur og
fram þar til að vatnið minnkaði af
jörðunni. 8Eftir það lét hann eina dúfu
útfljúga frá sér til að vita hvert vatnið
minnkaði ekki á jörðunni. 9Og sem dúfan fann ekki so nokkurn þurran stað að
hún mætti hvíla sinn fót uppá kom hún
til hans aftur í örkina, því að vatnið var
þá enn yfir allri jörðunni. So útrétti
hann sína hönd og tók hana til sín inn
aftur í örkina. 10Og hann beið þá enn í
aðra sjö daga og að þeim liðnum lét
hann dúfuna fljúga í annað sinn af örkinni. 11Og hún kom aftur til hans að
kveldi. Og sjáðu: Hún hafði í munni sér
einn kvist afviðsmjörstré, grænan og
laufivaxinn. Þá skildi Nói að vatnið var
þverrað á jörðinni. 12En hann beið þá
enn aðra sjö daga og lét þá enn dúfuna
útfljúga og kom hún þá ekki til hans
aftur. 13Og þá Nói var sexhundruð ára
gamall og eins árs betur, á þann fyrsta
dag hins fyrsta mánaðar burt þornaði
vatnið á jörðinni. Og þá tók Nói yfirrjáfrið af örkinni, leit út og sá að jörðin
var orðin þurr.
14Og so var jörðin öllungis þurr á
þeim sjöunda og tuttugasta degi í þeim
öðrum mánuði. 15Þá talaði Guð með
Nóa og sagði: 16„Far þú út af örkinni, þú
og þín kvinna, þínir synir og þínar
sonarkonur með þér. 17Allsháttuð kvikindi sem eru hjá þér af öllu holdi, af
fuglum og fénaði og af allra handa
skriðkvikindum jarðarinnar skulu fara
út með þér, og hrærið yður á jörðunni,
vaxið og margfaldist á jörðunni.“ 18Svo
gekk Nói út með sínum sonum og með
sinni kvinnu og með sínum sonar konum, 19so og allra handa dýr og allra
handa skriðkvikindi, allra handa fuglar
og allt það sem á jörðinni hrærist, það
gekk út af örkinni, hvert til síns líka.
20Og Nói byggði DROTTNI eitt altari og
tók af allsháttuðum hreinum kvikindum og af allra handa hreinum fuglum
og offraði brennioffur á altarið. 21Og
DROTTINN lyktaði þann sætleiks ilm og
sagði í sínu hjarta: „Eg vil nú ekki hér
eftir bölva jörðunni fyrir mannsins
skuld því að hugskot mannlegs hjarta
er illt í frá ungdómi. Og hér eftir vil eg
ekki meir slá allt það sem lifir so sem
eg hefi nú gjört. 22Og so lengi sem
jörðin stendur þá skal ekki þrjóta sáð
og kornskurð, frost og hita, sumar og
vetur, dag og nótt.“

9 Og Guð blessaði Nóa og hans sonu
og sagði til þeirra: „Vaxið og margfaldist og uppfyllið jörðina. 2Yðar ótti
og ógn skal vera yfir öllum dýrum á
jörðunni og yfir öllum fuglum loftsins
og yfir öllum skriðkvikindum á
jörðunni og allir fiskar í sjónum skulu
vera gefnir í yðar hendur. 3Allt það sem
hrærist og lifir skal vera yðar matur, so
sem grænar jurtir hefi eg gefið yður
alla hluti. 4Alleinasta etið ekki það kjöt

sem enn nú lifir í sínu blóði. 5Því eg vil
hefna yðar lífs blóðs og eg vil hefna
þess á öllum dýrum. Og eg vil hefna
mannsins lífs á hverjum manni, so sem
á þeim sem að er hans bróðir.
6Og hver sem úthellir mannsins
blóði, hans blóð skal og so úthellast fyr-
ir manninn. Því Guð hefur skapað
manninn eftir sinni mynd. 7Vaxið og
margfaldist og hrærið yður á jörðunni
so að þér megið verða margir á henni.“
8Og Guð sagði til Nóa og til hans sona
með honum: 9„Sjáið: Eg uppset einn
sáttmála við yður og við yðart sæði eft-
ir yður 10og við lifandi dýr hjá yður, af
fuglum, af fé og af öllum dýrum á
jörðunni hjá yður, af öllu því sem gekk
út af örkinni, hvað helst dýr þar eru á
jörðunni. 11Og eg uppset so minn sátt-
mála við yður að hér eftir skal ekki
meir allt hold eyðileggjast af flóði vatna
og þar skal ekki framar koma vatsflóð
hér eftir að fordjarfa jörðina.“ 12Og Guð
sagði: „Þetta er teikn þess sáttmála sem
eg hefi sett á millum mín og yðar og
allra lifandi dýra hjá yður hér eftir til
ævinlegrar tíðar. 13Eg hefi sett minn
boga í skýjunum, hann skal vera eitt
teikn á þeim sáttmála millum mín og
jarðarinnar. 14Og þegar það sker að eg
færiský yfir jörðina, þá skulu menn sjá
minn boga í skýjunum 15og þá vil eg
þenkja á minn sáttmála millum mín og
yðar og allra lifandi dýra og allsháttaðs
holds, að þar skal ei koma eitt vatsflóð
hér eftir að fordjarfa allt hold. 16Þar fyr-
ir skal minn bogi vera í skýjunum so eg
kunni sjá á hann og þenkja á þann eilífa
sáttmála á milli Guðs og allra lifandi
dýra í öllu holdi sem er á jörðunni.“
17Og Guð sagði það sama til Nóa: „Þetta
skal vera teiknið á þeim sáttmála sem
eg hefi uppreist millum mín og alls
holds á jörðunni.“ 18Þessir eru Nóa syn-
ir sem gengu út af örkinni: Sem, Kam,
Jafet. En Kam er Kanaans faðir. 19Þessir
eru þeir þrír synir Nóa af hverjum öll
lönd byggðust. 20En Nói tók til að fága
jörðina með sínu erfiði og plantaði vín-
garða. 21Og sem hann drakk af víni varð
hann drukkinn og lá nakinn í sinni
tjaldbúð. 22Og sem Kam Kanaans faðir
sá síns föðurs leyndarlim, þá sagði
hann það báðum sínum bræðrum sem
úti stóðu. 23En þeir Sem og Jafet tóku
eitt klæði og lögðu uppá sínar báðar
herðar og gengu á bak aftur þar til þeir
huldu þeirra föðurs smán. Og þeir
sneru sínum andlitum þar frá so að þeir
sæju ei þeirra föðurs blygðan. 24En sem
Nói vaknaði af sínu víni og fékk að vita
hvað hans yngsti son hafði gjört hon-
um, 25þá sagði hann: „Bölvaður verði
Kanaan, hann skal vera þræll allra
þræla meðal sinna bræðra.“ 26Og enn
sagði hann framar meir: „Lofaður verði
DROTTINN, Sems Guð, og Kanaan skal
vera hans þræll. 27Guð útbreiði Jafet og
láti hann búa í Sems tjaldbúðum, og
Kanaan skal vera hans þræll.
28Og Nói lifði eftir vatsflóðið þrjú-
hundruð og fimmtigu ár 29so að hans
allur aldur varð níu hundruð og fimm-
tíu ár og hann andaðist.

10 Þetta er ættkvísl þeirra Nóa
sona, Sem, Kam og Jafet, og
þeir gátu börn eftir flóðið.
2Þessi eru Jafets börn: Gómer,
Magóg, Madaí, Javan, Túbal, Mesek og
Tíras. 3En þessi eru Gómers börn:
Asenas, Rifat og Tógorma. 4Þessi eru
Javans börn: Elísa, Tarsis, Kitím og
Dódaním. 5Af þessum eru allar
heiðingjanna eyjar útskiptar í þeirra
löndum, hver eftir sínu tungumáli, ætt
og fólki. 6Þessi eru Kams börn: Kús,
Mísraím, Pút og Kanaan. 7Þessi eru Kús
börn: Seba, Hevíla, Sabta, Raema og
Sabteka. Og þessi eru Rahema börn:
Skeba og Dedan. 8En Kús gat Nimrod.
Hann tók til að verða einn mikilsháttar
herra á jörðunni 9og var einn voldugur
veiðimaður fyrir DROTTNI. Þar fyrir er
það máltæki uppkomið: „Hann er einn
voldugur veiðimaður fyrir DROTTNI so

sem Nimrod.“ [10]Og Babel var upphaf hans ríkis: Erek, Akad og Kalne í landi Sínear. [11]Af því landi er Assúr síðan kominn og hann uppbyggði Níníve og Rehóbót, Ír og Kalak [12]og þar til Ressen millum Níníve og Kalak og er það einn stór staður. [13]Mísraím gat Lúdín, Anamín, Leabím, Naftúhím, [14]Patúrsím og Kastúhím. Af þessum eru komnir Filistei og Kaftórím.

[15]En Kanaan gat Sídon sinn fyrsta son og Het, [16]Jebúsí, Emórí, Sirgósí, [17]Hiví, Arkí, Síní, [18]Arvadí, Semarí og Hamatí. Af þessum eru þær Kananíta ættir útkomnar. [19]Og þeirra landsálfur taka frá Sídon í gegnum Gerar inn til Gasa þar til að menn koma til Sódóma, Gómorra, Adama, Sebóím og allt til Lasa. [20]Þessir eru Kams synir, þeirra ætt, tungumál, lönd og lýðir.

[21]En Sems Jafets elsti bróðir gat og so börn. Hann er allra barna faðir af Eber [22]og þessir eru hans synir: Elam, Assúr, Arpaksad, Lúd og Aaram. [23]Synir Aaram eru þessir: Ús, Húl, Geter og Mas. [24]Arpaksad gat Sala, Sala gat Eber, [25]Eber gat tvo sonu, einn hét Peleg, því að veröldin var skipt í hans tíð, hans bróðir hét Jaketan. [26]Og Jaketan gat Almódad, Hasarmafet, Jara, [27]Hadóram, Úsal, Dikela, [28]Óbal, Abímel, Seba, [29]Ófír, Hevíla og Jóbab. Þessir eru allir Jafetans synir. [30]Og þeirra byggðarlög voru frá Mesa þar til komið var til Sófar til þess fjalls mót austri. [31]Þessir eru Sems synir eftir þeirra ætt, tungumálum, landi og lýðum.

[32]Þessi er nú ætthringur Nóasona í þeirra ættkvíslum og fólki. Af þeim eru þjóðirnar útkomnar á jörðina eftir vatnsflóðið.

11 Veröldin öll hafði eitt tal og tungumál. [2]Og sem þeir fóru móti austri fundu þeir þar eitt sléttlendi í Sínearlandi og bjuggu þar. [3]Og hver sagði til annars: „Komið, gjörum oss tigulsteina og brennum þá í eldi.“ Og þá tóku þeir tígilsteina til múrgrjóts og límstein til kalks. [4]Og þeir sögðu: „Komið, vér viljum byggja oss einn stað og turn hvers hæð að taki upp í himininn, og gjörum oss so eitt nafn áður en vér útskiptunst um öll lönd.“ [5]Þá fór DROTTINN ofan að sjá þann stað og turn sem mannanna synir uppbyggðu. [6]Og DROTTINN sagði: „Sé, þetta er ein þjóð og þeir hafa allir eitt tungumál og þeir hafa uppbyrjað að gjöra soddan og ekki munu þeir láta af að gjöra allt það sem þeir hafa fyrir sig tekið. [7]Komið, látum oss fara ofan og villa þeirra tungumál, að enginn skilji hvað annar segir.“ [8]So sundurdreifði DROTTINN þeim og þeir fóru þaðan til allra landa so að þeir urðu af að láta að byggja þann stað. [9]Því kallast hans nafn Babel því DROTTINN villti þar allra landa tungumál. Og hann sundurdreifði þeim þaðan til allra landa.

[10]Þetta er Sems ættkvísl. Sem var hundrað ára gamall og átti Arpaksad tveimur árum eftir flóðið. [11]Og hann lifði síðan fimmhundruð ára og gat sonu og dætur. [12]En Arpaksad var fimmtán og tuttugu ára gamall og gat Sala [13]og hann lifði síðan fjögur hundruð og þrjú ár og gat sonu og dætur. [14]Sala var þrjátígir ára gamall, þá gat hann Eber. [15]Og hann lifði síðan fjögur hundruð og þrjú ár og gat sonu og dætur. [16]Eber var fjórtán og tuttugu ára gamall, gat og Peleg. [17]Og hann lifði síðan fjögur hundruð og þrjátigu ár og gat sonu og dætur. [18]Peleg var þrítugur að aldri og gat Regú. [19]Og lifði síðan tvöhundruð og níu ár og gat sonu og dætur. [20]Regú var tólf og tuttugu ára gamall og gat Serúg. [21]Og lifði síðan tvö hundruð og sjö ár og gat sonu og dætur. [22]Serúg var þrítugur að aldri og gat Nahor [23]og lifði þar eftir tvö hundruð ára og gat sonu og dætur. [24]Nahor var níu og tuttugu ára gamall og gat Tara [25]og lifði síðan hundrað og nítján ár og gat sonu og dætur. [26]Tara var sjötugur

að aldri og gat Abram, Nahor og Haram.
[27]Þessi er Tara ættkvísl Tara gat Abram, Nahor og Haran. En Haran gat Lot. [28]En Haram andaðist fyrr en faðir hans Tara í sínu föðurlandi í þeim stað Úr í Kaldea landi. [29]En Abram og Nahor kvonguðust. Abrams húsfrú hét Saraí. En Nahors kvinna hét Milka, Harams dóttir, sem var faðir þeirra Milka og Iska. [30]En Saraí var óbyrja og gat engin börn. [31]Síðan tók Tara sinn son Abram og Lot sinn sonarson, Harams son, og Saraí sína sonarkonu, Abrams kvinnu, og útleiddi þau frá Úr í Kaldea að hann færi í landið Kanaan. Og þeir komu til Haran og bjuggu þar. [32]Og Tara varð tvö hundruð og fimm ára gamall og andaðist í Haran.

12 Og DROTTINN sagði til Abram: „Gakk út af þínu fósturlandi og frá þínu frændliði og út af þíns föðurshúsi til þess lands sem eg mun vísa þér. [2]Og eg vil gjöra þig að mikilli þjóð og blessa þig og gjöra þér eitt stórt nafn og þú skalt vera blessaður. [3]Eg vil blessa þann sem þér blessar og so bölva þeim sem þér bölva. Og í þér skulu blessast allar ættkvíslir á jörðunni.“
[4]So ferðaðist Abram burt so sem DROTTINN hafði boðið honum og Lot fór með honum. Abram var sjötígir og fimm ára gamall þá hann fór úr Haran. [5]Og Abram tók sína húsfrú Saraí og Lot sinn bróðurson og alla þeirra fjárhluti sem þeim hafði aflast og so þær sálir sem þeir höfðu getið í Haran og fóru út að reisa í landið Kanaan. [6]Og sem þeir voru komnir í það sama land fór Abram í gegnum landið allt til þess staðar eð heitir Síkem. Og tildalsins Móre. En Kananir bjuggu í þann tíma í landinu. [7]Þá birtist DROTTINN Abram og sagði: „Þínu sæði vil eg gefa þetta land.“Og hann byggði DROTTNI eitt altari í þeim stað sem hann opinberaðist honum. [8]Eftir það ferðaðist hann þaðan til eins fjalls sem lá fyrir austan Betel og reisti þar upp sitt landtjald og hafði Betel á vestri síðu en Aí á eystri. Og hann byggði DROTTNI þar eitt altari og predikaði um DROTTINS nafn. [9]Þar eftir ferðaðist Abram fram lengra og fór í suðurátt.
[10]Og þar varð mikið hallæri í landinu. Og Abram ferðaðist ofan til Egyptalands og vildi halda sig þar sem einn framandi maður, því að mjög mikið hallæri var í landinu. [11]Og sem hann var kominn hart nær í Egyptaland þá sagði hann til sinnar kvinnu Saraí: „Sjáðu, eg veit að þú ert harla fríð kona [12]og þegar þeir egyptsku sjá þig þá munu þeir segja: Það er hans eiginkona, so munu þeir slá mig í hel en halda þér eftir. [13]Því bið eg þig að þú segir að þú sért systir mín so eg megi njóta þín og að eg megi halda lífi fyrir þína skuld.“ [14]En sem Abram kom í Egyptaland þá sáu þeir egypsku menn kvinnuna að hún var harla væn. [15]Og pharaonis höfðingjar sáu hana og sögðu honum mikið af hennar prýði. Og hún var höfð í pharaonis hús. [16]En hann gjörði Abram til góða fyrir hennar skuld. Abram átti naut, sauði og asna, þræla og ambáttir, ösnur og úlfalda. [17]En DROTTINN plágaði faraómenn með mikilli plágu og hans hús vegna Saraí Abrams kvinnu. [18]Þá kallaði faraó Abram til sín og sagði til hans: „Því hefur þú gjört mér soddan? Því sagðir þú mér ekki að hún væri þín eiginkona? [19]Því sagðir þú að hún væri þín systir so að eg tæki hana mér til eiginkvinnu? So tak nú þína eiginkvinnu og far í burt.“ [20]Og faraó bauð sínu fólki að það skyldi fylgja honum á veg og hans kvinnu og öllu því sem honum tilheyrði.

13 So fór Abram af Egyptalandi með sinni kvinnu og öllu sínu föruneyti í suðurátt og Lot var með honum. [2]Og Abram var stórauðigur að kvikfé, so og líka af silfri og gulli. [3]Og

hann fór aftur sama veg frá suðri að Betel, til þess staðar sem hans tjaldbúð var fyrr, í millum Betel og Aí, [4]í þeim sama stað sem hann hafði áður gjört altarið og prédikað um nafn DROTTINS. [5]En Lot sem fór með Abram hafði bæði naut og sauði og so tjaldbúðir. [6]Og landið var þröngt fyrir þá báða að búa saman, því þeir höfðu fjölda kvikfjár, so þeir máttu ekki vera í sambýli. [7]Þar fyrir varð ósamþykki á millum fjárhirðara Abrams og í millum fjárhirðara Lots. Í þann tíma bjuggu Kananei og so Ferisei í því landi. [8]Þá mælti Abram við Lot: „Kæri, látum ekki vera nokkra þrætu millum þín og mín, og ekki heldur í millum minna og þinna fjárhirðara, því við erum bræður. [9]Stendur ekki allt landið opið fyrir þér? Þar fyrir skil þig við mig. Viljir þú víkja til vinstri handar þá skal eg fara til hægri, eða viljir þú fara til hægri handar þá skal eg víkja til vinstri.“ [10]Þá upphóf Lot sín augu og leit landsálfu alla hjá Jórdan. Því áður en DROTTINN umturnaði Sódóma og Gómorra þá vökvaðist hún gjörvöll allt að Sóar líka sem paradís DROTTINS, líka sem Egyptaland. [11]So kjöri Lot sér allt það hérað sem lá hjá Jórdan og fór so burt úr austri. So skildust þessir bræður að hvor frá öðrum. [12]Og Abram bjó í Kanaanlandi en Lot í stöðum þess sama héraðs við Jórdan og setti sinn bústað í Sódóma. [13]En menn í Sódóma voru illir og syndguðust mjög í móti DROTTNI.

[14]Og sem Lot var nú skilinn við Abram þá mælti DROTTINN við Abram: „Upplyftu þínum augum og lít þú frá þessum stað sem þú býr til norðurs, suðurs, austurs og vesturs. [15]Því að allt það land sem þú sér vil eg gefa þér og þínu sæði ævinlega. [16]Og eg vil margfalda þitt sáð sem duft á jörðu. Getur nokkur talið duft jarðarinnar, sá skal telja þitt sáð. [17]Þar fyrir tak þig upp og far í gegnum landið, bæði á lengd þess og breidd, því eg vil gefa þér það.“ [18]So tók Abram sína tjaldbúð upp, kom og bjó ídalnum Mamre, hver eð liggur í Hebron, og byggði DROTTNI þar eitt altari.

14 Og það skeði á dögum Amrafel kóngs af Sínear og Aríót kóngs í Elasa og Kedorlaómor kóngs í Elam og Tídeal sem var heiðingjanna kóngur, [2]að þeir börðust í mót Bera, kónginum af Sódóma, og mót Birsa, kónginum af Gómorra, og í mót Sínear, kónginum af Adama, og Semeber, kónginum af Sebóím, og í mót kónginum af Bela sem kallast Sóar. [3]Þessir mættust í dalnum Siddím sem nú er sá salti sjórinn. [4]Því þeir höfðu verið lýðskyldir í tólf ár undir kónginum Kedorlaómor en féllu frá honum á því þrettánda ári. [5]Og þar fyrir kom Kedorlaómor og þeir kóngar sem voru með honum á því fjórtánda ári og slógu þá risa sem voru í Jaftarot, Karnaím og Súsím í Ham og Emín á því sléttlendi Kirjataím, [6]þeir slógu og Hóreos á fjallinu Seír allt til þess sléttlendis Faran sem liggur við eyðimerkur. [7]Eftir það sneru þeir sér aftur og komu til þeirrar uppsprettu Mispat, það er Kades, og slógu allt land þeirra Amalekítarum, Amoreorum sem bjuggu í Haseson Tamar. [8]Þá reisti kóngurinn af Sódóma út, kóngurinn af Gómorra, kóngurinn af Adama, kóngurinn af Sebóím og kóngurinn af Bela sem kallast Sóar, og bjuggust til bardaga í dalnum Siddím [9]á móti Kedorlaómor, kónginum af Elam, og í mót Tídeal, heiðingja kóngi, og í mót Amrafel, kónginum af Sínear, og í mót Aríót, kónginum af Elasar, fjórir kóngar í móti fimm. [10]Og þar voru margar leirgrafir í þessum dal Siddím. En kóngurinn af Sódóma og Gómorra urðu þar slegnir á flótta og við velli lagðir, en þeir sem eftir voru flúðu til fjalla. [11]So tóku þeir alla þá fjárhluti sem voru í Sódóma og Gómorra og allt það sem ætt var og drógu þar frá. [12]Þeir tóku og so líka Lot Abrams bróðurson og hans

allan fjárhlut, því að hann bjó í Sódóma, og so drógu þeir þar frá.

13Þá kom einn sem í burt hafði komist og sagði Abram það útlenska, þeim sem þá bjó í dalnum Mamre Amorrei sem var bróðir þeirra Eskol og Aner, þessir voru samlagsmenn Abrams. 14Og sem Abram heyrði það hans bróðir var hertekinn vopnaði hann þrjúhundruð og átján sína húskarla sem óðalbornir voru í hans húsi og hann fór eftir þeim allt til Dan. 15Þar skipti hann sínum liðsmönnum og féll á náttarþeli yfir sína óvini og felldi þá og rak flóttann allt til Hóba, hver eð liggur vestur frá Damaskó. 16Hann hafði aftur með sér alla fjárhluti og so Lot sinn bróðir og allan hans fjárhlut, so og kvinnur og kalla.

17En sem hann kom aftur frá þessu slagi sem hann hafði veitt kónginum Kedorlaómor og þeim öðrum kóngum sem með honum voru þá gekk kóngurinn af Sódóma út í mót honum á þann völl sem kallast Kóngadalur. 18En Melkísedek kóngurinn af Salím bar fram brauð og vín. Og hann var kennimaður hins hæsta Guðs 19og blessaði hann og sagði:

„Blessaður vertu Abram fyrir þeim allra hæsta Guði

sem að stýrir himni og jörðu.

20Og blessaður sé sá allra hæsti Guð sem gaf þína óvini í þínar hendur.“ Og Abram gaf honum tíundir af öllum hlutum.

21Þá sagði kóngurinn af Sódóma til Abrams: „Gef mér mennina en haf þú fjárhluti alla.“ 22Abram svaraði Sódóma kóngi: „Eg upphef mínar hendur til DROTTINS, þess allra hæsta Guðs sem stjórnar bæði himni og jörðu, 23að eg vil ekki taka so mikið sem einn þráð eða skóþveng af öllu því góssi sem þér tilheyrir, so þú skalt ekki segja að þú hafir gjört Abram ríkan 24utan það sem þeir ungu menn hafa neytt og þeir menn Aner, Eskol og Mamre, þeir sem reistu meður mér, þá láttu taka sitt hlutskipti.“

15 Eftir þessa atburði bar so til að orð DROTTINS skeði til Abram í einni sýn og sagði: „Óttast þú ekki Abram. Eg er þín vernd og þín mjög stór laun.“ 2En Abram svaraði: „DROTTINN, GUÐ, hvað vilt þú gefa mér? Eg fer héðan barnlaus en minn verkstjóri Elíasser af Damaskó á einn son.“ 3Og Abram sagði framarmeir: „Mér hefur þú ekkert sæði gefið og sjáðu, að sonur míns þénara skal vera minn erfingi.“ 4Og sjá þú, DROTTINN sagði til hans: „Ekki skal hann vera þinn erfingi, heldur sá sem kemur af þínu lífi, sá sami skal vera þinn erfingi.“ 5Og hann bauð honum að ganga út og sagði: „Líttu á himininn og tel stjörnurnar ef þú getur.“ Og hann sagði til hans: „So skal þitt sæði verða.“ 6Abram trúði DROTTNI og það reiknaði hann honum til réttlætis.

7Og hann sagði til hans: „Eg er DROTTINN sem útleiddi þig frá Úr í Kaldealandi að eg gæfi þér þetta land til eignar.“ 8Þá sagði Abram: „DROTTINN, Guð hvaða merki skal eg hafa til þess að eg skuli það eignast?“ 9Og hann sagði til hans: „ Tak mér eina kú þrevetra og eina geit þrevetra og einn hrút þrevetran, eina turtildúfu og eina unga dúfu.“ 10Og hann bar allt þetta fram fyrir hann og skipti því mitt í tvo hluti og lagði partana hvorn gegnt öðrum, en fuglinum skipti hann ekki. 11Og fuglarnir flugu uppá hræin en Abram rak þá í burtu.

12En sem sólin var nú undirgengin féll þungur svefnhöggvi yfir Abram. Og sjá þú, að ótta miklum og myrkri sló yfir hann. 13Þá sagði hann til Abram: „Það skaltu vita að þitt sæði skal verða framandi á annarlegri jörðu sem að ekki heyrir þeim til og þar munu menn þjá það með þrældómi og plága það í fjögurhundruð ára. 14En eg vil dæma

það fólk sem þeir verða að þjóna. En þar eftir munu þeir fara á burt þaðan með miklum auðæfum. 15En þú skalt fara með friði til þinna forfeðra, greftraður í góðri elli. 16En þeir skulu koma hér aftur að liðnum fjórum mannsöldrum, því að ranglæti Amoritharum er enn ekki fullkomnað.“ 17Og sem sólin var undir gengin so að myrkt var orðið, sjá þú, þá rauk einn ofn og einn eldslogi leið fram á meðal stykkjanna. 18Á þeim degi gjörði DROTTINN einn sáttmála við Abram og sagði: „Þínu sæði vil eg gefa þetta land, frá vatsfallinu í Egyptalandi og til þess stóra vatsfalls Eufrates, 19þá Keníta og Kinisíta, Kadmóníta, 20Hetíta, Peresíta og risana, 21Amoríta, Kananíta, Gergesíta, Jebúsíta.

16 Saraí Abrams kvinna átti ekkert barn. En hún hafði eina egypska ambátt. Sú hét Hagar. 2Og Sara sagði til Abram: „Sjá þú, DROTTINN hefur tillukt mig so eg má eigi börn eiga. Legg hjá þér ambátt mína so eg megi ef ske mætti uppbyggjast af henni.“ Abram hlýddi raust Saraí. 3So tók Saraí Abrams kvinna þá egypsku ambátt Hagar og gaf hana sínum manni Abram til kvinnu þá þau höfðu búið tíu ár í Kanaanslandi. 4Og hann gekk inn til Hagar og hún varð ólétt. Og sem hún sá að hún var ólétt virti hún lítils sína húsfrú hjá sér. 5Þá sagði Saraí til Abram: „Þú gjörir mér órétt. Eg lagða mína ambátt hjá þér en nú hún sér að hún hefur getnað fengið fyrirlítur hún mig. Dæmi Guð í millum þín og mín.“ 6Þá sagði Abram til Saraí: „Sjá þú, þín ambátt er undir þínu valdi, gjör við hana slíkt þú vilt.“

Og sem Saraí vildi þjá hana þá flýði Agar í burt frá henni. 7En engill DROTTINS fann hana hjá einum brunni í eyðimörkinni sem að liggur hjá þeirri uppsprettu sem er á veginum til Súr. 8Hann sagði til hennar: „Hagar, Saraí ambátt, hvaðan kemur þú? Og hvert viltu fara?“ Hún sagði: „Eg flýði frá minni húsfrú Saraí.“ 9Og engill DROTTINS sagði til hennar: „Far heim aftur til þinnar húsfrúr og auðmýk þú þig undir hennar hendi.“ 10Og engill DROTTINS sagði til hennar: „Eg vil margfalda þitt sæði so það skal enginn kunna að telja fyrir fjölda sakir.“ 11Og engill DROTTINS sagði framar meir til hennar: „Sjá, þú ert ólétt orðin og þú munt son fæða, hans nafn skalt þú kalla Ísmael. Því DROTTINN hefur heyrt þinn mótgang. 12Hann mun vera einn grimmur maður og hans hönd skal vera í móti hverjum manni og hvers manns hönd í móti honum og hann mun búa gagnvart öllum sínum bræðrum.“ 13Og hún kallaði HERRANS nafn sem talaði við hana: „Þú Guð sem sást mig.“ Því hún sagði: „Sannarlega hefi eg séð hér þann sem mig sér hér eftir.“ 14Því kallaði hún þann brunn, brunn þess lifanda og mig sjáanda, hver brunnur að liggur á millum Kades og Bareð.

15Og Hagar fæddi Abram einn son og Abram kallaði þann son sem Agar fæddi honum Ísmael. 16Og Abram hafði sex um áttrætt þá Agar fæddi honum Ísmael.

17 Þá Abram var níu og níutígir ára gamall birtist DROTTINN honum og sagði til hans: „Eg er Almáttugur Guð, gakk fyrir mér og vertu algjörður. 2Eg vil gjöra minn sáttmála í millum mín og þín og eg vil margfalda þig harla mjög.“ 3Þá féll Abram fram á sitt andlit. Og Guð talaði framar meir við hann og sagði: 4„Sjá þú, eg em hann og eg vil setja mitt sáttmál við þig og þú skalt verða margra þjóða faðir. 5Þar fyrir skaltu ekki lengur heita Abram heldur skal þitt nafn kallast Abraham, því eg hefi gjört þig að föður margra þjóða. 6Og eg vil gjöra þig mjög margfaldlegan og eg vil láta koma fjölda fólks af þér, þar skulu og einnin kóngar koma af

þér. 7Og eg vil uppreisa minn sáttmála í millum mín og þín og þíns sæðis eftir þig, hjá þeirra eftirkomendum með einum eilífum sáttmála, að eg sé þinn Guð og þíns sæðis eftir þig. 8Og eg vil gefa þér og þínu sæði eftir þig það land í hverju þú ert framandi, sem er það allt landið Kanaan til einnrar eilífrar eignar. Og eg vil vera þeirra Guð.“

9Og Guð sagði til Abrahams: „So halt nú mitt sáttmál, þú og þitt sæði eftir þig hjá þeirra eftirkomendum. 10Þetta er mitt sáttmál sem þér skuluð halda milli mín og yðar og þíns sæðis eftir þig. Allt kallkyns sem er á meðal yðar skal umskerast. 11Og þér skuluð umskera yfirhúð yðvars holds. Það skal vera sáttmálsteikn á millum mín og yðar. 12Þér skuluð umskera hvert sveinbarn þá það er átta daga gamalt hjá yðar eftirkomendum. 13Líka og einnin hvern heimafæddan þræl eða tilkeyptan, af hvers kyns útlendingi sem ekki eru af yðar sæði. So skal minn sáttmáli vera á yðar holdi til eins eilífs sáttmála. 14Og hvert það sveinbarn sem ekki er umskorið á yfirhúð síns holds, þess sál skal afmást frá hans fólki, því að hann forlét minn sáttmála.“

15Og Guð sagði í annað sinn til Abrahams: „Þína kvinnu Saraí skaltu ekki héðan af kalla Saraí heldur skal hennar nafn vera Sara. 16Því eg vil blessa hana og af henni vil eg gefa þér einn son. Því eg vil blessa hana og þar skulu koma þjóðir af henni og svo konungar margra þjóða.“ 17Þá féll Abraham fram á sitt andlit og brosti, segjandi í sínu hjarta: „Skal eg eiga barn hundrað ára gamall og skal Sara níræð barn fæða?“ 18Og Abraham sagði til Drottins: „Eg vildi Ísmael mætti lifa fyrir þér.“ 19Þá sagði Guð: „Að vísu, Sara þín kvinna skal fæða þér einn son, þann skaltu kalla Ísak, því við hann vil eg uppreisa minn eilífan sáttmála og við hans sæði eftir hann. 20Þar með hefi eg og bænheyrt þig um Ísmael. Sjá þú, eg hefi blessað hann og eg vil auka hann og gjöra hann mjög margfaldan. Hann skal og geta tólf höfðingja og eg vil gjöra hann að einni mikilli þjóð. 21En minn sáttmála vil eg uppreisa við Ísak, hvern Sara skal fæða þér í þetta mund á öðru ári.“

22Og hann lét af að tala við hann og Guð fór upp frá Abraham. 23Þá tók Abraham sinn son Ísmael og alla þá þénara sem fæddir voru í hans húsi og alla þá sem til voru keyptir og alla aðra sem voru kallkyns í hans húsi og umskar yfirhúð á þeirra holdi strax á þeim sama degi sem Guð hafði boðið honum. 24Og Abraham var níu og níutígir ára gamall þá hann umskar yfirhúðina á sínu holdi, 25en Ísmael var þrettán ára gamall þá hans holds yfirhúð var umskorin. 26Á einum degi voru þeir allir umskornir, Abraham, hans son Ísmael 27og allt kallkyns sem var í hans húsi, heimafæddir og annarlegir, þeir voru allir umskornir með honum.

18 Og Drottinn birtist honum í þeim dal Mamre þá hann sat í sínum tjaldbúðardyrum og dagurinn var sem heitastur. 2Og er hann upplyfti sínum augum sá hann að þar stóðu þrír menn gagnvart honum. Og sem hann leit þá rann hann í mót þeim úr sínum tjaldbúðardyrum og féll fram til jarðar 3og sagði: „Herra, hafi eg fundið náð fyrir þínu augliti þá gakk ekki framhjá þínum þénara. 4Eg skal sækja lítið vatn að þvo yðar fætur og hvílið yður undir trénu. 5Eg vil bera yður lítið brauð so þér megið styrkja yðvart hjarta, síðan farið yðar leið, því þar fyrir eru þér komnir hingað til yðvars þénara.“ Þeir svöruðu: „Gjör þú sem þú mæltir.“ 6Abraham hljóp í tjaldbúðina til Saru og sagði: „Flýt þér og menga þrjá mælir hveitimjöls, hnoða þú og baka kökur.“ 7Og hann hljóp til og tók einn góðan feitan kalf og fékk þénaranum, hann flýtti sér og tilreiddi hann. 8Og hann

bar fram smjör og mjólk og af þeim kalfi sem hann hafði tilreitt og setti það fram fyrir þá og hann stóð hjá þeim undir trénu og þeir neyttu.

[9]Þá sögðu þeir til hans: „Hvar er þín kvinna Sara?“ Hann svaraði: „Hún er í tjaldbúðinni.“ [10]Þá sagði hann: „Eg vil koma til þín aftur, að mér lifanda, sjá þú, þá skal Sara þín kvinna hafa einn son.“ Þetta heyrði Sara á bak við tjaldbúðardyrnar. [11]En Abraham og Sara voru bæði gömul og hnigin á efra aldur, so að kvenlegir eðlishættir voru horfnir frá Saru. [12]Þar fyrir brosti hún með sér sjálfri og sagði: „Skal eg nú stunda eftir lysting þar sem eg er gömul orðin og minn herra hniginn að aldri?“ [13]Þá sagði DROTTINN til Abrahams: „Því hlær Sara þar að og segir: Mun það satt að eg skuli barn fæða svo gömul? [14]Er nokkuð DROTTNI neinn hlutur ómögulegur? Eg vil koma til þín aftur á þessum tíma, að mér lifanda, og skal Sara hafa einn son.“ [15]Þá þrætti Sara og sagði: „Eg hló ekki“, því hún var hrædd. En hann sagði: „Það er ekki so, þú hlóst.“

[16]Þá stóðu mennirnir upp þaðan og sneru sér til Sódóma. Og Abraham gekk á leið með þeim og fylgdi þeim á veg. [17]Þá sagði DROTTINN: „Má eg dylja fyrir Abraham því sem eg vil gjöra? [18]Með því hann skal verða að einu miklu og mektugu fólki og allar þjóðir á jörðunni skulu blessast í honum. [19]Því að eg veit að hann mun bjóða sínum börnum og sínu húsi eftir sig að varðveita vegu DROTTINS og gjöra það sem rétt og gott er, so að DROTTINN láti það koma yfir Abraham sem hann hefur heitið honum.“ [20]Og DROTTINN sagði: „Hróp þeirra í Sódóma og Gómorra er mikið og þeirra syndir eru mjög þungar. [21]Þar fyrir vil eg fara ofan og vita hvort þeir hafa gjört allt eftir því hrópi sem komið er fyrir mig. Eða sé það ekki, so að eg megi það vita.“ [22]Og mennirnir sneru sínu augliti þar frá og gengu til Sódóma. Og Abraham var standandi eftir fyrir DROTTNI [23]og gekk fram fyrir hann og sagði: „Viltu lífláta þann réttláta með þeim óguðlega? [24]Má vera þar finnist fimmtigu réttlátir í staðnum. Viltu þá lífláta þá og þyrma ekki staðnum fyrir sökum þeirra fimmtigu réttlátra manna ef þeir væri þar? [25]Fjarlægt sé þér það að þú skulir það gjöra að drepa þann réttláta með þeim óguðlega, að sá hinn réttláti verði líkur þeim óguðlega. Það sé langt frá þér, þú sem ert allrar veraldarinnar dómari, í öngvan máta dæmir þú svo.“ [26]Þá sagði DROTTINN: „Ef eg finn fimmtigu réttlátra manna í þeim stað Sódóma þá vil eg fyrir þeirra skuld fyrirgefa þeim öllum stöðum.“ [27]Abraham svaraði og sagði: „Af því eg hefi um sinn uppbyrjað að tala við Drottin þar sem eg er þó duft og aska. [28]Ske má þar séu fimm miður enn fimmtígir réttlátra, vildir þú þá afmá allan staðinn vegna þeirra fimm?“ Hann sagði: „Ef eg finn þar fimm og fjörutígi þá mun eg ekki afmá staðinn.“ [29]Og hann talaði framar meir við hann og sagði: „En ef þar finnast fjörutígir.“ En hann svaraði: „Eg vil ekkert gjöra þeim vegna þeirra fjörutigi réttlátra.“ [30]Þá sagði Abraham: „Reiðst mér ekki, DROTTINN, þó eg tali enn meira: En ef þar finnast þrjátigi réttlátra.“ Hann svaraði: „Ef eg finn þar þrjátigu þá vil eg ekkert gjöra þeim.“ [31]Og hann sagði: „Af því eg hefi eitt sinn til tekið þá vil eg tala við Drottin: En ef þar finnast tuttugu.“ Hann svaraði: „Eg vil ei fordjarfa þá vegna þeirra tuttugu.“ [32]Og hann sagði: „HERRA, reiðst ekki þó eg tali enn eitt sinn: En ef þar verða fundnir tíu.“ Og hann svaraði: „Eg vil ekki afmá þá vegna þeirra tíu.“ [33]Og DROTTINN gekk í burt eftir þessar viðræður við Abraham. Og Abraham fór aftur til síns staðar.

19 Að aftni komu tveir englar til Sódóma. Lot sat í borgarhliði.

Og er hann leit þá þá stóð hann upp í
móti þeim og féll fram fyrir þeim til
jarðar 2og sagði: „Sjáið, eg bið, herrar,
komið inn með mér í hús yðars þénara
og verið hér í nótt og látið þvo yðar
fætur, so megi þið vera árla uppi og
ferðast ykkarn veg.“ Þeir svöruðu: „Nei,
heldur viljum við vera úti á strætum í
nótt.“ 3Þá neyddi hann þá mjög þar til
so þeir gengu inn með honum og komu
í hans hús. Og hann gjörði þeim eina
máltíð og bakaði ósýrðar kökur og þeir
neyttu. 4En fyrr en þeir færi í sængur
þá komu borgarmenn Sódómastaðar,
ungir og gamlir, allur lýður af öllum
áttum, og slógu hring um húsið, 5út-
kölluðu Lot og sögðu til hans: „Hvar
eru þeir menn sem komu til þín í
kveld? Leið þá út til vor so vér megum
kenna þeirra.“ 6Lot gekk út fyrir dyrnar
til þeirra og lét aftur dyrnar eftir sér
7og sagði: „Kærir bræður, gjörið ekki
svoddan glæp. 8Sjá, eg hefi tvær dætur
sem enn nú hafa ekki mann þýðst, eg
vil leiða þær út til yðar, gjörið við þær
hvað yður lystir. Með því að þér gjörið
þessum mönnum ekkert, því að þar fyr-
ir eru þeir hér inngengnir undir skugga
míns húsaþaks.“ 9En þeir svöruðu: „Far
burt þú héðan.“ Og enn aftur: „Þú ert
einn útlendur maður hér og viltu dæma
oss. Nú vel, vér viljum kvelja þig framar
en þá.“ Og þeir brutust hart inn á þann
mann Lot. Og sem þeir hlupu til og
vildu brjóta dyrnar upp 10seildust
mennirnir út og tóku Lot inn til sín og
luktu dyrnar aftur. 11En þeir menn sem
voru fyrir dyrunum urðu slegnir með
blindleika, bæði smáir og stórir, so
lengi þeir urðu þreyttir og fundu hvergi
dyrnar.

12Þá mæltu mennirnir við Lot: „Ef þú
hefur nokkurn mág, sonu eða dætur,
eður nokkurn þér vandabundinn í
staðnum þá lát þá fara héðan, 13því við
skulum afmá þennan stað, því að þeirra
hróp er mikið fyrir DROTTNI. Hann
sendi oss hingað að fordjarfa þá.“ 14Lot
gekk í burt og talaði við sína biðla
dætra sinna og sagði: „Standið upp og
gangið út af þessum stað því að
DROTTINN vill fordjarfa þennan stað.“
En þeim virtist hans ræða gamanyrði.

15Og þá eð dagaði buðu englarnir Lot
að flýta sér og sögðu: „Tak þína konu
og þínar tvær dætur sem þú átt, so að
þú fyrirfarist ekki í syndum þessa stað-
ar.“ 16Og sem hann seinkaði þá tóku
mennirnir í hendur honum og hans
kvinnu og hans tveimur dætrum, því að
DROTTINN vildi vægja honum, og leiddu
hann út og létu hann út fyrir staðinn.
17Og þá hann hafði leitt hann út þá
sagði hann: „Frelsa önd þína og lít ei
aftur á bak og nem hvergi staðar í
þessu héraði. Far á fjall upp og hjálpa
þér þar so þú fyrirfarist eigi.“ 18Þá sagði
Lot til þeirra: „Eigi so minn HERRA. 19Sjá,
með því þinn þénari hefur fundið náð
fyrir þínu augliti að þú vildir þá mikla
þína miskunnsemi þá þú hefur nú veitt
mér í því að þú vildir láta mig halda lífi.
Eg kann ekki að hjálpast á þessu fjalli
því kann ske að mér verði nokkuð vont
so eg megi deyja. 20Sé, hér er einn stað-
ur eigi langt héðan, til hans get eg flúið,
og er lítill, þar vil eg hjálpa mér, þó
hann sé lítill, að eg megi halda mínu
lífi.“ 21Þá sagði hann til hans: „Sjá, eg
hefi nú veitt þér þessa þína bæn, að eg
vil ekki umturna þeim stað sem þú hef-
ur talað um. 22Flýt þér þangað og forða
þér þar, því að eg kann ekkert að gjöra
fyrr en þú ert þar inn kominn.“ Þar fyr-
ir kallast sá staður Sóar.

23Og sólin var upprunnin yfir jörðina
þá Lot kom inn í Sóar. 24Þá lét DROTTINN
rigna eldi og brennisteini frá DROTTNI
af himnum yfir Sódóma og Gómorra
25og umturnaði þeim stöðum og öllu
því héraði og öllum innbyggjurum stað-
anna og öllu því sem í landinu vaxið
var. 26Og hans kvinna leit aftur á bak og
varð að saltsteini. 27Abraham tók sig
upp snemma morguns og fór til þess
staðar sem hann hafði áður staðið fyrir

DROTTNI [28]og sneri sínu andliti í mót Sódóma og Gómorra og leit yfir allt land þeirra héraða, og sjá þú, þar uppgekk einn reykur af landinu þvílíkast sem reykur af ofni.

[29]Því þá Guð umturnaði þeim stöðum og þeirra endimörkum þá minntist hann á Abraham og leiddi Lot af þeim borgum sem hann eyðilagði þar sem Lot var búandi.

[30]Og Lot fór af Sóar og dvaldist á fjallinu með sínum tveimur dætrum, því hann óttaðist að vera í Sóar, og var í einum hellir með sínum báðum dætrum. [31]Þá sagði sú eldri til þeirrar yngri: „Okkar faðir er hniginn á efra aldur og þar er enginn maður eftir orðinn á jörðu sem leggjast megi með okkur eftir veraldarinnar plagsið. [32]Þar fyrir kom þú og gefum föður okkar vín að drekka og sofum hjá honum so við megum kveikja kyn af okkrum föður.“ [33]So gáfu þær honum vín að drekka þá sömu nótt. Og sú en eldri gekk inn og svaf með sínum föður. En hann vissi ekki af þá hún lagði sig og ekki þá hún uppstóð. [34]Um morguninn sagði sú eldri til hinnar yngri: „Sjá þú, í gær svaf eg með mínum föður, við viljum og so á þessari nóttu gefa honum vín að drekka so þú megir fara inn og sofa hjá honum, að við mættum kveikja kyn af okkrum föður.“ [35]Og þær gáfu sínum föður vín á þeirri nóttu að drekka. Og sú yngri dótturin gekk inn og svaf með honum. Og hann vissi ekki til þá hún lagði sig og ekki þá hún uppstóð. [36]So fengu báðar dætur Lots getnað af sínum föður. [37]Og sú eldri fæddi einn son, þann kallaði hún Móab. Af honum komu þær þjóðir er Moabite kallast allt til þessa dags. [38]Sú yngri fæddi einn son, þann kallaði hún Ammón, af honum komu Ammóns synir allt til þessa dags.

20 Abraham flutti sig þaðan í suðurátt landsins og setti bústað sinn á millum Kades og Súr og varð útlendingur í Gerar [2]og sagði um sína kvinnu Sara: „Hún er mín systir.“ Þá sendi Abímelek kóngurinn af Gerar boð eftir henni og lét sækja hana. [3]En Guð kom um nótt til Abímelek í draumi og sagði til hans: „Sjá þú, þú skalt deyja vegna þeirrar kvinnu sem þú hefur tekið, því hún á sér mann.“ [4]En Abímelek hafði ekki snert hana. Hann sagði: „DROTTINN, viltu þá slá réttlátt fólk í hel? [5]Hefur hann ekki sjálfur sagt mér að hún væri sín systir? Hún hefur og sagt að hann væri sinn bróðir. Eg gjörða þetta af einföldu hjarta og með saklausum höndum.“ [6]Og DROTTINN sagði til hans í svefni: „Eg veit að þú gjörðir það af einföldu hjarta. Þar fyrir hef eg varðveitt þig so þú misgjörðir ekki við mig og ei leyfða eg þér að snerta hana. [7]So fá nú manninum sína kvinnu aftur, því hann er spámaður, og lát hann biðja fyrir þér og muntu lifa. En ef þú fær honum hana ekki aftur þá skaltu vita að þú munt vissulega deyja og allt það þitt er.“

[8]Abímelek reis upp árla og kallaði saman alla sína þénara og talaði öll þessi orð fyrir þeirra eyrum og fólkið varð mjög óttaslegið. [9]En Abímelek kallaði á Abraham og sagði til hans: „Því hefur þú gjört oss þetta? Hvað hefi eg misgjört við þig að þú vildir leiða slíkan glæo yfir mig og mitt ríki? Ekki hefur þú breytt við mig eftir því sem þér bar.“ [10]Og Abímelek ávítaði enn framar Abraham og sagði: „Hvað sástu í því að þú gjörðir þetta?“ [11]Abraham svaraði: „Eg hugsaði með mér: Ske má að ei sé Guðs ótti í þessum stað og kann vera að þeir slái mig í hel vegna minnar kvinnu. [12]Hún er þó í sannleika mín systir, því hún er míns föðurs dóttir, en ei minnar móður dóttir, og er orðin mín eiginkvinna. [13]En þá Guð bauð mér að ganga út af míns föðurs húsi þá sagða eg til hennar: Veit mér þá miskunn að hvar sem við komum þá segðu að eg sé þinn bróðir.“ [14]Þá tók Abímelek

naut og sauði, þræla og ambáttir og gaf það Abraham og fékk honum aftur Saram sína eiginkvinnu [15]og sagði: „Sjá þú, mitt land stendur opið fyrir þér, þar fyrir máttu búa hvar þér best líkar.“ [16]Og hann sagði til Sara: „Sjá þú, eg hefi gefið þínum bróður eitt þúsund Silfurpeninga. Sjá, það skal vera ein hulda fyrir þínum augum, fyrir öllum þeim sem eru hjá þér og í öllum stöðum.“ Og það var hennar straff. [17]Og Abraham bað til Guðs og Guð læknaði Abímelek og hans kvinnu og hans ambáttir að þær fæddu börn. [18]Því DROTTINN hafði áður tillukt allan móðurlegan kvið í Abímeleks húsi fyrir sakir Saru Abrahams kvinnu.

21 Og DROTTINN vitjaði Saru sem hann hafði lofað og fullkomnaði það hann hafði til hennar sagt. [2]Og Sara varð ólétt og fæddi Abraham einn son í elli sinni, í þeim sama tíma sem Guð hafði sagt henni. [3]Og Abraham kallaði sinn son þann honum var fæddur Ísak, hvern eð Sara fæddi honum. [4]Og hann umskar hann á áttunda degi so sem Guð hafði boðið honum. [5]Abraham var hundrað ára gamall þá hans son Ísak var honum fæddur. [6]Þá sagði Sara: „Guð hefur gjört mér einn hlátur, því að hver þetta heyrir hann mun hlæja með mér.“ [7]Og hún sagði: „Hver mundi hafa þorað að segja Abraham að Sara hefði barn á brjósti og hefði fætt honum einn son í sinni elli?“

[8]Og barnið óx upp og varð afvanið. En Abraham gjörði eitt mikið gestaboð þann dag þá Ísak var afvaninn. [9]Og þá Sara sá son Hagar hinnar egypsku hvern hún hafði fætt Abraham að hann var einn spottari [10]þá mælti hún til Abrahams: „Rek þessa ambátt á burt og hennar son, því ei skal þessi ambáttarsonur arf taka með mínum syni Ísak.“ [11]Þetta orð misþóknaðist Abraham mjög sökum síns sonar. [12]En Guð sagði til hans: „Lát þér ekki mislíka vegna sveinsins og ambáttarinnar, heldur gjör þú allt það sem Sara sagði þér. Því að í Ísak skal þér nefnast það sæði. [13]Eg vil og gjöra ambáttarinnar son að þjóð því að hann er þitt sæði.“

[14]Þá stóð Abraham upp árla morguns og tók brauð og einn legil með vatn og lagði hann á herðar Hagar og so barnið með og lét hana fara. Hún fór burt og villtist á eyðimörkinni hjá Ber-Saba. [15]Og sem þau höfðu útdrukkið vatnið af leglinum þá setti hún barnið niður undir eina eik, [16]gekk í burtu og settist niður þar gagnvart so sem eitt aurskot þar frá, því hún sagði: „Eigi get eg séð uppá að barnið deyr.“ Og hún settist niður gagnvart barninu og upphóf sína raust og grét. [17]Þá bænheyrði Guð sveinsins grát. Og Guðs engill kallaði af himni til Hagar og sagði til hennar: „Hvað er þér Hagar? Hræðst þú ekki, því Guð bænheyrði sveinsins grát þar sem hann liggur. [18]Statt upp, tak sveininn og leið hann þér við hönd því eg vil gjöra hann að mikilli þjóð.“ [19]Og Guð upplauk hennar augum og hún sá einn brunn. Hún gekk þangað að og fyllti sinn legil með vatn og gaf sveininum að drekka. [20]Og Guð var með honum. Hann óx upp og bjó í eyðimörku og varð einn góður skotmaður [21]og bjó í þeirri eyðimörku Paran. Og hans móðir tók honum til handa eina eiginkvinnu af Egyptalandi. [22]Á þeim tíma talaði Abímelek og Píkól hans hershöfðingi til Abrahams og sagði: „Guð er með þér í öllum þínum gjörningum. [23]Því vil eg þú vinnir mér eið við Guð að þú viljir ekki gjöra mér, mínum börnum eða mínum barnabörnum nokkurt grand, heldur að þú viljir veita miskunnsemi mér og mínu landi í hverju þú ert einn útlendingur, líka sem eg veitta þér.“ [24]Þá svaraði Abraham: „Eg vil sverja.“

[25]Og Abraham ávítaði Abímelek fyrir þann vatsbrunn sem Abímeleks þénarar höfðu tekið með ofríki. [26]Þá svaraði Abímelek: „Eigi var mér vitanlegt hver

það gjörði, eigi hefur þú heldur sagt mér það, ekki hefi eg heldur heyrt það fyrr en í dag.“ [27]Þá tók Abraham naut og sauði og gaf Abímelek. Og þeir gjörðu eitt samband með sér. [28]Og Abraham tók sjö lömb og lét þau afsíðis. [29]Þá mælti Abímelek til Abrahams: „Hvað skulu þau sjö lömb sem þú lætur þar afsíðis?“ [30]Hann svaraði: „Þú skalt nú taka sjö lömb af minni hendi og þau skulu vera mér til vitnis að eg hefi grafið þennan brunn.“ [31]Þar fyrir kallast þessi sami staður Ber-Saba því að þeir sóru þar báðir eiða. [32]Og þeir gjörðu so þar báðir samband í Ber-Saba. Þá tók Abímelek sig upp og Píkól hans hershöfðingi og sneru aftur í land þeirra Filisteis. [33]En Abraham plantaði einn lund í Ber-Saba og prédikaði þar út af nafni DROTTINS þess eilífa Guðs. [34]Og hann var útlendingur í landi Philistinorum í langa tíma.

22 Eftir þessa atburði freistaði Guð Abrahams og sagði til hans: „Abraham.“ Hann svaraði: „Hér em eg.“ [2]Og hann sagði: „Tak þinn einkason Ísak þann þú elskar og far í burt í það landið Moría og fær hann þar og offraðu til einnrar brennifórnar á einu því fjalli sem eg vil vísa þér.“ [3]Abraham stóð upp snemma morguns og söðlaði sinn asna, tók með sér tvo af sínum þénurum og sinn son Ísak, klauf viðinn til brennioffursins, tók sig upp og ferðaðist til þess staðar sem Guð hafði boðið honum. [4]Og á þeim þriðja degi upplyfti Abraham sínum augum og sá þann stað álengdar. [5]Þá sagði hann til sinna þénara: „Bíðið hér með asnann en eg og sveinninn viljum fara þangað. Og þá við höfum lokið bæn okkar þá viljum við koma til ykkar aftur.“ [6]Og Abraham tók fórnarviðinn og lagði hann uppá sinn son Ísak en hann bar eldinn og sverðið sér í höndum. Og þeir gengu tveir saman. [7]Þá mælti Ísak við sinn föður Abraham: „Minn faðir.“ Abraham svaraði: „Hér em eg minn son.“ Og hann sagði: „Sjá þú, hér er eldurinn og viðurinn, en hvar er kvikindið til brennioffursins?“ [8]Abraham svaraði: „Minn son, Guð mun sjá sér fyrir kvikindi til brennioffursins.“ Og þeir gengu tveir saman.

[9]Og er þeir komu til þess staðar sem Guð hafði sagt honum þá byggði Abraham þar eitt altari og lagði viðinn þar á ofan og batt sinn son Ísak og lagði hann uppá altarið ofan á viðinn, [10]rétti sína hönd út og greip sverðið og atlaði að höggva sinn son. [11]Þá kallaði engill DROTTINS af himni til hans og sagði: „Abraham, Abraham.“ Hann svaraði: „Hér em eg.“ [12]Og hann sagði: „Legg ekki þína hönd á sveininn og gjör honum ekkert. Því nú veit eg að þú óttast Guð að þú vægðir ekki þínum einkasyni fyrir mínar sakir.“ [13]Þá upplyfti Abraham sínum augum og sá einn hrút fastan á hornunum á baki sér í einum klungurþyrni. Og hann gekk þangað og tók hrútinn og færði hann í fórn til brennioffurs í síns sonar stað. [14]Og Abraham kallaði þann stað DROTTINN sér *(Jehova Jireh)*. Þar fyrir er það máltæki til þessa dags: „Á því fjalli DROTTINN sér.“

[15]Og Guðs engill kallaði enn í annað sinni af himni [16]og sagði: „Eg hefi svarið við mig sjálfan, segir DROTTINN: Af því að þú gjörðir þennan hlut og vildir ei vægja þínum einkasyni [17]þá mun eg blessa þig og margfalda þitt sæði líka sem stjörnur á himnum og so sem sand á sjávarströndu. Og þitt sæði skal eignast borgarhlið sinna óvina. [18]Og í þínu sæði skulu allar þjóðir á jörðunni blessast. Því þú varst hlýðinn minni röddu.“ [19]Og Abraham fór aftur til sinna þénara og þeir tóku sig upp og fóru í Bersaba, þar var byggð Abrahams.

[20]Eftir þessa atburði skeði það so að Abraham var sagt að Milka hefði fætt hans bróður Nahor börn, [21]sem er Ús þann frumgetna og Bús hans bróðir og

Kemúel, af hverjum Syrí eru komnir,
22og Kesed og Hasó og Pildas og Jeðlaf
og Batúel. 23En Batúel gat Rebekka. Þesi
átta fæddi Milka Nahor Abrahams
bróður. 24Og hans frilla hét Rehúma,
hún fæddi og so Teba, Gahan, Tahas og
Maaka.

23 Sara lifði hundrað sjö og tuttugu ár 2og hún andaðist í einum höfuðstað sem hét Hebron í landi Kanaan. Þá kom Abraham að barma sér og gráta hana. 3Síðan stóð hann upp frá hennar líki og talaði með Hets sonu og sagði: 4„Eg er einn útlendur maður og þó einn innbyggjari á meðal yðar. Gefið mér einn eiginlegan stað til greftrunar hér hjá yður so eg megi greftra þar minn framliðinn sem hér liggur fyrir mér.“ 5Þá svöruðu Hets synir Abraham og sögðu til hans: 6„Heyr oss kæri herra, þú ert einn Guðs höfðingi hér á meðal vor. Graf þú þinn framliðna hér í vorum erligustum gröfum. Enginn af oss skal meina þér sína gröf að þú megir ei jarða þinn framliðna þar úti.“ 7Þá stóð Abraham upp og hneigði sig fyrir landsfólkinu sem var fyrir Hets sonum 8og talaði við þá og sagði: „Ef það er yðar vilji að eg megi greftra hér minn framliðna sem hér liggur fyrir mér, þá heyrið mig og biðjið fyrir mig Effron son Sóhar 9að hann vilji unna mér þess tvefalda hellirs sem að liggur við endann á hans akri, að hann selji mér hann fyrir peninga, so mikla sem hann er verður, hér fyrir yður, til eins greftrunar eignardóms.“ 10Því að Effron bjó á meðal Hets sona. Þá svaraði Effron Hetíter Abraham so að Hets synir heyrðu þar uppá, fyrir öllum þeim sem gengu út og inn að hans staðarport dyrum og sagði: 11„Nei minn herra, heldur heyr mig: Eg gef þér þennan akur og þann hellirinn með sem þar er við, og eg gef þér hann í vald fyrir míns fólks barna augum til að jarða þinn framliðinn.“ 12Þá hneigði Abraham sig fyrir fólkinu landsins 13og talaði með Effron so að landsfólkið heyrði uppá og sagði: „Viljir þú unna mér akursins þá bið eg að þú viljir taka peninga fyrir hann, so vil eg greftra minn framliðinn þar úti.“ 14Þá svaraði Effron Abraham og sagði til hans: 15„Minn herra, heyr mig, sú jörð er verð fjögurhundruð silfurpeninga, en hvað er það reiknanda á millum mín og þín? Graf þú aðeins þinn hinn framliðna.“ 16Abraham hlýddi Effron að og vóg honum þessa peninga út sem hann sagði, þar heyrðu Hets börn uppá, það voru fjögur hundruð silfurpeningar, gildir og gengir í kaup.

17So varð Effrons akur í hverjum sá tvefaldi hellir var, þvert yfir frá Mamre, 18Abraham staðfestir til eignar, bæði akurinn og hellirinn og öll þau tré sem þar í kringum akurinn voru, að ásjáöndum Hets sonum og öllum þeim sem gengu út og inn um borgarhlið þess staðar. 19Eftir það greftraði Abraham sína kvinnu Sara í þeim tvefalda hellir á akrinum þvert yfir frá Mamre, það er Hebron, í Kanaanslandi. 20Og sá akur og hellirinn þar úti staðfestist af Hets börnum Abrahams erfingjum til greftrunar.

24 Abraham var gamall og hniginn á efra aldur og DROTTINN hafði blessað hann í öllum hlutum. 2Og hann sagði til síns elsta þénara sem var í hans húsi, hver eð settur var yfir allt hans góss: „Legg þína hönd undir mínar lendar 3og sver mér við DROTTIN Guð himins og jarðar að þú skulir ekki taka mínum syni til handa nokkra af þeim Chananeis dætrum honum til eiginnar kvinnu á meðal hvörra eg er búandi, 4heldur skaltu fara í mitt föðurland og til mínnar fósturjarðar og til minnar ættar og biðja þar mínum syni Ísak til handa eiginnar konu. 5Þjóninn svaraði: „En ef konan vill ekki fylgja mér hingað í þetta land, skal eg þá færa þinn son þangað í það land af hverju þú ert út-

genginn?“ 6Abraham sagði til hans:
„Varast þú að hafa minn son þangað
aftur. 7DROTTINN Guð himins, sá sem
tók mig frá míns föðurs húsi og frá
minni óðaljörðu, sá sem talaði við mig
og vann mér eið og sagði: Þetta land vil
eg gefa þínu sæði, hann mun senda
sinn engil fyrir þér svo þú munt þar
taka mínum syni til handa eiginkonu.
8En vilji konan ekki fylgja þér þá ert þú
kvittur þessa eiðs, en eins kostar láttu
minn son ei koma þangað.“ 9Þá lagði
sveininn sína hönd undir lendar
Abrahams síns herra og vann honum
eið að þessu.

10So tók sveininn tíu úlfbalda af síns
herra úlfböldum og fór af stað og hafði
allra handa með sér af síns herra góssi
og auðæfum. Og hann tók sig upp og
fór í Mesopotamiam til borgar Nahor.
11Þar hvíldi hann sína úlfbalda utan
borgar í móti aftni hjá einum brunni á
þeim tíma sem konur fóru út í venju-
legan tíma eftir vatni. 12Og hann sagði:
„DROTTINN Guð míns herra Abrahams,
kom nú á þessum degi til mín og veit
miskunnsemi mínum herra Abraham.
13Sjá, eg stend nú hér hjá þessum
brunni og mannanna dætur af borginni
koma nú hingað eftir vatni 14og þá hér
kemur nú ein píka til hverrar eg segi:
Set þína skjólu niður og lát mig drekka,
og hún segir: Drekk þú, eg vil og gefa
þínum úlföldum að drekka, að hún sé
sú hin sama sem þú hefur fyrirhugað
þínum þjón Ísak og að eg megi merkja
hér út af að þú hefur auðsýnt mis-
kunnsemd mínum herra.“

15En áður hann hafði þetta út talað,
sjá, þá kom Rebekka út, hún var dóttir
Batúels, sonar Milka og Milka var Na-
hors Abrahams bróður kvinna, og hún
bar eina skjólu á öxlinni 16og var mjög
væn píka og fríð og ennþá júngfrú so
enginn mann hafði enn þá þýðst hana.
Hún sté ofan í brunninn og fyllti sína
skjólu og kom upp aftur. 17Þá rann
Abrahams þénari í mót henni og sagði:
„Gef mér að drekka lítið vatn af þinni
skjólu. 18“Hún sagði: „Drekk minn
herra.“ Og strax tók hún skjóluna og
setti niður og gaf honum að drekka.
19Og sem hann hafði drukkið þá sagði
hún: „Eg vil og draga vatn til þinna úlf-
balda þangað til að þeir hafa allir
drukkið.“ 20Og hún flýtti sér og steypti
úr skjólunni í vatsrennuna og hljóp aft-
ur ofan í brunninn og dró vatnið upp
og vatnaði öllum hans úföldum.
21Manninn furðaði þetta um hana með
sjálfum sér, þegjandi þar til hann kynni
að vita hvort DROTTINN vildi láta hans
reisu lukkast eður ei.

22Og sem hans úlfaldar höfðu allir
drukkið tók hann eina gulllega ennis-
spöng að vigt hálfur syklus og setti tvo
armhringa á hennar hendur sem voru
að vigt tíu sykli gulls. 23Og hann sagði:
„Mín dóttir, hverra manna ert þú? Seg
þú mér það. Er ekki rúm í þíns föðurs
húsi að herbergja oss?“ 24Hún svaraði:
„Eg er Batúels dóttir, sonar Nahors sem
Milka fæddi honum.“ 25Og hún sagði
framarmeir til hans: „Vér höfum hálm
og hey nóg og gott rúm til að herbergja
yður.“ 26Þá laut maðurinn niður og bað
til DROTTINS 27og sagði: „Lofaður sé
DROTTINN Guð míns herra Abrahams
sem ekki hefur snúið miskunn og sann-
leika í frá mínum herra. Því að
DROTTINN hefur leitt mig hinn rétta veg
hingað til míns herra föðurbróðurs
húss.“

28Og píkan rann heim og bar öll þessi
orð í sinnar móður hús. 29En Rebekka
átti einn bróðir sem hét Laban. Hann
gekk út til mannsins að brunninum.
30Og sem hann sá eyrnagullið og hring-
ana á höndum sinnar systur og heyrði
orð Rebekku sinnar systur þá hún
sagði: „So og so hefur maðurinn mælt“,
þá kom hann til mannsins og sjá þú,
hann stóð hjá brunninum með sína úlf-
alda. 31Og hann sagði: „Kom hér inn þú
blessaður af DROTTNI, því stendur þú
hér úti? Eg hefi búið þér herbergi og

skikkað rúm til þinna úlfalda.“ 32Og
hann leiddi manninn inn í húsið og
spretti af hans úlföldum og gaf þeim
hálm og hey, og so vatn til að þvo hans
fætur og hans manna sem komu með
honum. 33Og hann setti fæðslur fram
fyrir hann. En hann sagði: „Eg vil ei
matar neyta fyrr en eg hefi rekið mitt
erindi.“ Þeir svöruðu: „Seg þú fram þitt
erindi.“
34Hann svaraði: „Eg er Abrahams
þénari 35og DROTTINN hefur ríkuglega
blessað minn herra, að hann er stór-
mektugur orðinn, og hann hefur gefið
honum naut og sauði, silfur og gull,
þræla og ambáttir, úlfalda og asna. 36Og
hér með hefur Sara míns herra húsfrú
fætt honum einn son í sinni elli. Hon-
um hefur hann gefið allt það sem hann
á. 37Og minn herra hefur tekið eið af
mér og sagt: „Þú skalt ei taka mínum
syni til handa nokkra kvinnu af þessum
Kanaans dætrum í því landi sem eg bý,
38heldur far þú til míns föðurs húss og
til minnar ættjarðar og tak þar mínum
syni til handa eina kvinnu.“ 39En eg
svaraði mínum herra: „En ef kvinnan
vill ekki fylgja mér?“ 40Þá sagði hann til
mín: „Sá DROTTINN fyrir hverjum eg
geng, hann mun senda sinn engil með
þér og greiða götu þína, so að þú munt
taka mínum syni til handa eina kvinnu
út af minni ætt og af míns föðurs húsi.
41So skaltu vera kvittur fyrir þeim eiði
nær þú kemur til minnar ættar, vilji
þeir ekki gefa þér hana, so ertu og
kvittur þessa eiðs.“ 42Því kom eg á þess-
um degi til brunnsins og sagði:
„DROTTINN Guð míns herra Abrahams!
Hafir þú gefið mér náð til þessarar
reisu sem eg hefi ferðast, 43sjá þú, eg
stend hér hjá þessum brunni og nær
hér kemur nú ein jungfrú að draga vatn
og eg segi til hennar: „Gef mér lítið
vatn af þinni skjólu til að drekka“, 44og
hún segir: „Drekktu, eg vil og draga
vatn upp til þinna úlfalda“, að hún skal
vera sú kvinna sem DROTTINN hefur fyr-
irhugað að vera skuli míns herra sonar-
kvinna.“ 45En áður eg hafða út talað
þessi orð í mínu hjarta, sjá, þá kom
Rebekka út hingað og bar eina skjólu á
sínum öxlum og hún sté niður til
brunnsins og dró upp vatnið. Þá sagða
eg til hennar: „Gef mér að drekka.“ 46So
tók hún skjóluna strax af sinni öxl og
sagði „Drekktu, eg vil og gefa þínum
úlföldum að drekka“ og eg drakk. Hún
vatnaði og so úlföldunum. 47Eg spurði
hana og að: „Hvers dóttir ert þú?“ Hún
svaraði: „Eg er Batúels dóttir sem er
Nahors son, hvern eð Milka fæddi hon-
um.“ Þá lét eg eitt hlað um hennar enni
og armhring á hennar hendur. 48Og eg
laut niður og tilbað DROTTIN og lofaði
DROTTIN Guð míns herra Abrahams sem
færði mig hingað þann rétta veg að eg
skyldi fá míns herra bróðurdóttir hans
syni til handa. 49Þar fyrir, ef þér viljið
sýna vináttu og trú mínum herra, þá
segið mér, en vilji þér það ekki, þá segið
mér og einnin það svo að eg megi víkja
annaðhvort til hægri eður vinstri hand-
ar.“
50Þá svaraði Laban og Batúel og
sögðu: „Frá DROTTNI er þetta komið.
Þar fyrir kunnum vér ekki neitt að
mæla í móti þér, hvorki illt né gott.
51Sjá þú, þar er Rebekka frammi fyrir
þér. Tak þú hana og far aftur, að hún sé
þíns herra sonarkona so sem DROTTINN
hefur sagt.“
52Og sem Abrahams þjón heyrði þessi
orð hneigði hann sig til jarðar fyrir
DROTTNI. 53Og hann tók upp silfur, gull,
gersemar og klæðnað og gaf Rebekku.
En hennar bróður og móður gaf hann
jurtir. 54So át hann og drakk og þeir
menn sem voru með honum og þeir
voru þar um nóttina. Að morni dags
stóð hann upp og sagði: „Leyfið mér nú
að fara heim til míns herra.“ 55Þá svar-
aði hennar bróðir og móðir: „Lát þú
stúlkuna blífa hér hjá oss eina tíu daga,
síðan máttu fara.“ 56Hann sagði til
þeirra: „Tefjið ekki fyrir mér því að

DROTTINN hefur gefið mér eina lukkusamlega reisu. Látið mig fara heim til míns herra.“ [57]Þau svöruðu: „Vér viljum kalla á píkuna og spyrja eftir hvað hún sjálf segir til.“ [58]So kölluðu þau Rebekku fyrir sig og sögðu til hennar: „Vilt þú fara með þessum manni?“ Hún svaraði: „Já, eg vil fara með honum.“ [59]So létu þau Rebekku sína systur og hennar fósturmóðir fara með Abrahams þénara og með hans mönnum.

[60]Og þau blessuðu Rebeccam og sögðu til hennar:

„Þú ert vor systir, vaxi af þér mörg þúsund þúsunda og þitt sæði skal eignast borgarhlið sinna óvina.“ [61]So tók Rebekka sig upp með sínum ambáttum og settu sig á úlfalda og fóru með manninum. Og þénarinn meðtók Rebeccam og fór af stað.

[62]En Ísak kom frá þeim brunni sem kallaðist þess lifanda og sjáanda því hann bjó í suðurátt landsins [63]og var útgenginn í móti aftni út á akurinn að gjöra sína bæn. Og sem hann upplyfti sínum augum sá hann hvar úlfaldar komu. [64]Og er Rebekka leit upp og sá Ísak sté hún niður af úlfaldanum [65]og sagði til sveinsins: „Hver er sá maður sem kemur á móti oss þar á akrinum?“ Hann sagði: „Það er minn herra.“ Þá tók hún sína kápu og huldi sig. [66]Og sveinninn sagði Ísak frá öllum þeim atburðum sem skeð höfðu og hvað hann hafði gjört. [67]Þá leiddi Ísak hana í tjaldbúð sinnar móður Sare og tók hana sér til eiginkonu og so elskaði hann hana að hann fékk huggun þess harms sem hann hafði eftir sína móður.

25 Og Abraham gifti sig aftur og tók sér eina kvinnu sem hét Ketúra. [2]Hún fæddi honum þessa sonu: Simron og Jaksan, Medan og Midían, Jesbak og Súa. [3]Og Jaksa gat Seba og Dedan. En Dedan börn voru þessi: Assúrím og Latúsím og Leúmím. [4]Og Midíans börn voru Efa, Efer, Hanok, Abída og Eldaa. Þessir allir eru Keture synir. [5]Og Abraham gaf Ísak öll sín auðæfi. [6]En þeim öðrum börnum sem hann hafði með sínum frillum gaf hann gáfur og lét þá fara á burt í austurátt frá sínum syni Ísak á meðan hann var enn á lífi. [7]Þetta er Abrahams aldur sem hann lifði, hundrað fimm og sjötígir ár, so hann fór hnignandi.

[8]Og andaðist í góðri elli þá hann var hniginn að aldri og saddur af lífdögum, og safnaðist til síns fólks. [9]Og hans synir Ísak og Ísmael jörðuðu hann í þeirri tvefaldri gröf á akri Efrons Sóar Hetíters sonar, sem að liggur þvert yfir frá Mamre, [10]á þeim akri hvörn Abraham keypti að Hets sonum. Þar var Abraham jarðaður hjá Sara sinni eiginkvinnu. [11]Og eftir andlát Abrahams blessaði Guð Ísak hans son og Ísak bjó hjá þeim brunni þess lifanda og sjáanda *(Lahairoi)*.

[12]Þessi er Ísmaels Abrahamssonar ættkvísl sem Agar egypska ambátt Saru fæddi honum, [13]og þessi eru Ísmaelssona nöfn, sem þeirra ætt er nefnd eftir: Nebajót var hans frumgetinn son, síðan Kedar, Adbeel, Míbsam, [14]Misma, Dúma, Masa, [15]Hadar, Tema, Jetúr, Nafis og Kedma. [16]Þessir eru Ísmaels synir með þeirra nöfnum, útí þeirra köstulum og stöðum, tólf höfðingjar yfir þeirra fólki. [17]Og þetta er Ísmaelis aldur, hundrað þrjátigu og sjö ár, fór hann hnignandi og andaðist og safnaðist til síns fólks. [18]Og þeir bjuggu frá Hevíla og inn til Súr gegnt Egyptalandi, þar sem menn fara til Assyriam. Hann féll fyrir öllum hans bræðrum.

[19]Þessi er Ísak Abrahams sonar ættkvísl: Abraham gat Ísak. [20]Og Ísak var fjörutigu ára gamall þá hann gekk að eiga Rebekku Batúels dóttir hins sýrlenska af Mesopotamia, systir Labans hins sýrlenska. [21]Og Ísak bað til DROTTINS fyrir sinni kvinnu, því hún var óbyrja. Og DROTTINN heyrði hans bæn

og Rebekka hans kvinna fékk getnað.
22Og börnin hnitluðust við í hennar
kviði. Þá sagði hún: „Ef það skal so
ganga mér því er eg þá ólétt orðin?“ Og
hún gekk í burt og spurði DROTTINN þar
að.
23Og DROTTINN svaraði henni:
„Tvær þjóðir eru í þínum kviði og
tveggja handa lýðir skulu skiljast frá
þínum kviði. Og lýður mun lýð yfirstíga
og hinn meiri mun þeim minna þjóna.“
24Og sem sá tími kom að hún skyldi
léttari verða, sjá, þá voru þar tvíburar í
hennar kviði. 25Og hinn fyrsti sem kom
í ljós, hann var rauður að lit og allur
saman loðinn sem eitt skinn. Og þeir
nefndu hann Esaú. 26Jafnsnart kom í
ljós hans bróðir og hélt um ristina á
Esaú sinni hendi, og því nefndu þeir
hann Jakob. Ísak var sextugur að aldri
þá þeir voru fæddir.
27Og sem sveinarnir voru nú vaxnir
þá gjörðist Esaú veiðimaður og akur-
maður, en Jakob var einfaldur maður
og bjó í tjaldbúðinni. 28Ísak elskaði Esaú
og át gjarna af hans veiði, en Rebekka
unni meir Jakob.
29Og Jakob hafði matgjört einn rétt.
Og í því bili kom Esaú af akri og var
móður 30og sagði til Jakobs: „Lát mig
smakka af þeirri rauðumatgjörð þinni,
því eg em mjög móður.“ Og af því kall-
ast hann Edóm. 31En Jakob sagði: „Sel
þú mér þá í dag þína frumgetning.“
32Esaú svaraði: „Sjá, eg má deyja, hvað
stoðar mig sú frumgetning?“ 33Þá sagði
Jakob: „Þá vinn mér eið í dag þar að.“
Og hann sór honum eið og seldi hann
Jakobi sína frumgetning. 34Þá gaf Jakob
honum brauð og af þeirri matgjörð sem
hann hafði tilreitt. Og hann át og
drakk, reis upp og gekk í burt. So lítils
virti Esaú sína frumgetning.

26 Og þar varð enn mikið hallæri í
landinu, meira en það hallæri
er áður var á dögum Abrahams. Og Ísak
fór til Abímeleks kóngs Philistinorum
af Gerar. 2Þá vitraðist DROTTINN honum
og sagði: „Far þú ekki í Egyptaland,
heldur vert þú í því landi sem eg segi
þér. 3Vertu einn útlendingur í þessu
landi, eg vil vera með þér og blessa þig.
Því að þér og þínu sæði vil eg gefa öll
þessi lönd og eg vil efna þann eið sem
eg sór þínum föður Abraham. 4Og eg vil
þitt sæði margfalda so sem stjörnur á
himninum og eg vil gefa þínu sæði öll
þessi lönd. Og í þínu sæði skulu allar
þjóðir á jörðunni blessast. 5Fyrir því að
Abraham var hlýðugur minni röddu og
varðveitti mín boðorð, mín réttindi,
mínar skikkanir og mitt lögmál.“
6Og Ísak bjó í Gerar. 7En sem fólkið í
staðnum spurði að hans kvinnu þá
sagði hann: „Hún er mín systir.“ Því
hann vogaði ei að segja: „Hún er mín
kvinna“, meinandi: „Kann ske þeir slái
mig í hel Rebekku vegna“, því hún var
harla fríð. 8Sem hann hafði nú verið þar
nokkra stund leit Abímelek Philisteis
kóngur í gegnum eitt glugg og varð
þess var að Ísak lék við Rebekku sína
konu. 9Þá kallaði Abímelek á Ísak og
sagði: „Sjá, hún er þín eiginkona. Því
hefur þú þá sagt að hún væri þín syst-
ir?“ Ísak svaraði honum: „Eg hugsaði
með mér: Ske má þeir slái mig í hel fyr-
ir hennar skuld.“ 10Þá sagði Abímelek:
„Því hefur þú so breytt við oss? Það
hefði snart kunnað að ske að nokkur af
fólkinu hefði lagst með þinni kvinnu,
þá hefðir þú leitt einn glæp yfir oss.“
11Þá bauð Abímelek öllu sínu fólki og
sagði: „Hver hann snertir þennan mann
eða hans konu, sá skal deyja.“
12Og Ísak sáði í því landi og hans akur
bar hundraðfaldan ávöxt á því ári. Því
að DROTTINN blessaði hann. 13Og hann
varð auðigur og efldist meir og meir,
allt þar til að hann varð mjög mektug-
ur, 14so að hann varð stórauðigur að
kvikfé smá og stóru, hann hafði og
fjölda þjónustufólks. Þar fyrir öf-
unduðu Philistei hann 15og byrgðu aftur
alla þá brunna sem hans föðurs þénarar

höfðu grafið í Abrahams hans föðurs tíð og fylltu þá með mold. 16So að Abímelek sagði til hans: „Vík frá oss, því að þú ert orðinn mektugri en vér.“

17Þá fór Ísak burt þaðan og setti sína tjaldbúð í þeim dal Gerar og bjó þar. 18Og hann lét uppgrafa þá brunna aftur sem þeir höfðu grafið á dögum Abrahams hans föðurs, hvörja brunna að Philistei höfðu byrgt aftur eftir Abrahams dauða. Og hann gaf þeim þau sömu nöfn sem hans faðir hafði áður gefið þeim. 19So grófu Ísaks þénarar í dalnum og fundu þar einn brunn lifanda vats. 20En hirðararnir af Gerar þrættust á við Ísaks hirðara og sögðu: „Það er vort vatn.“ Þar fyrir kallaði hann þann brunn Esek, því þeir gjörðu honum þar órétt. 21Þá grófu þeir enn einn brunn. Og þeir kífuðu einnin um hann. Og því kallaði hann hann Sitna. 22Þá fór hann þar frá og gróf einn annan brunn og þeir höfðu ekkert kíf um hann. Þar fyrir kallaði hann hann Rehóbót og sagði: „Nú hefur DROTTINN gefið oss rúm og látið oss vaxa í landinu.“

23Síðan fór hann þaðan til Ber-Saba. 24Og DROTTINN vitraðist honum þá sömu nótt og sagði: „Eg er þíns föðurs Abrahams Guð. Óttast ekki, því eg er með þér og eg vil blessa þig og margfalda þitt sæði vegna míns þénara Abrahams.“ 25Þar byggði hann eitt altari og prédikaði um DROTTINS nafn og setti þar sína tjaldbúð og hans þénarar grófu þar einn brunn.

26Og Abímelek fór til hans frá Gerar og hans vinur Ahúsat og Píkól hans hershöfðingi. 27Þá sagði Ísak til þeirra: „Því komi þér til mín? Hvern þér hafið áður hatað og rekið frá yður?“ 28Þeir svöruðu: „Vér sáum berlega að DROTTINN er með þér. Þar fyrir sögðu vér að þar skyldi vera svardagi á milli þín og vor so að vér viljum gjöra einn sáttmála við þig 29að þú skulir öngvan skaða gjöra oss, so sem vér höfum ekki snortið þig og ei annað gjört þér en allt gott og vér létum þig fara í friði. En þú ert nú blessaður af DROTTNI.“ 30Hann gjörði þeim eitt gestaboð og þeir átu og drukku. 31Og þeir stóðu snemma upp um morguninn og unnu eiða hvorir öðrum. Og Ísak lét þá fara og þeir fóru frá honum í friði. 32Þann sama dag komu Ísaks þénarar og sögðu honum af þeim brunni sem þeir höfðu grafið og sögðu til hans: „Vér höfum fundið vatn.“ 33Og þann brunn kallaði hann Saba. Þar af kallaðist sá staður Ber-Saba allt til þessa dags.

34Þá Esaú var fjörutígir ára gamall, þá gekk hann að eiga Júdit dóttir Berí Hetitei og Basmat dóttir Elons Hetitei. 35Þær gjörðu báðar hjartans sorg Ísak og Rebekku.

27 Og það skeði so þá Ísak var orðinn gamall að aldri að honum glaptist sýn so að hann sá ekki. Hann kallaði þá sinn eldra son Esaú til sín og sagði til hans: „Minn son.“ Hann svaraði honum: „Hér er eg.“ 2Og hann sagði: „Þú sér að eg er orðinn gamall og veit ekki nær eg mun deyja, 3því tak nú þín veiðarfæri, þitt pílnakoffur og þinn boga og far út á mörkina og veið mér nokkuð villudýr, 4reið þú mér þar af fæðslu þá þú veist eg vil gjarnan hafa og ber mér hana inn hingað að eg megi eta þar af, so að mín sál megi blessa þig áður en eg andast.“ 5Rebekka heyrði þessi orð sem Ísak mælti til síns sonar Esaú. So gekk Esaú út á markina að veiða villudýrið so hann mætti færa það heim. 6Þá mælti Rebekka til Jakobs síns sonar: „Sjá þú, eg heyrða þinn föður talanda við þinn bróður Esaú og sagði: 7„Ber hingað til mín af þinni veiði og tilreið mér fæðslu að eg eti þar af so að eg gefi þér blessan fyrir DROTTNI áður en eg andast.“ 8Svo hlýð nú, son minn, röddu minni so sem eg segi þér. 9Far þú til hjarðarinnar og haf hingað til mín tvö þau bestu kið so eg kunni að

gjöra af þeim fæðslu þínum föður til handa, af hverri hann gjarna neytir. [10]Þá fæðslu skaltu bera inn til þíns föðurs að hann eti þar af, so að hann blessi þig áður en hann andast.“ [11]Jakob sagði til Rebekku sinnar móður: „Sjá, minn bróðir Esaú er loðinn, en eg er snöggur. [12]Má vel ske að minn faðir þreifi á mér og honum þyki þá sem eg hafi viljað blekkja sig og færi þá bölvan yfir mig en ekki blessan.“ [13]Þá sagði hans móðir til hans: „Sú bölvan komi yfir mig, son minn, hlýð þú aðeins minni rödu og far að sækja mér það sem eg hefi sagt.“ [14]Hann gekk á burt, sótti kiðin og bar þau sinni móður. Og hún matbjó eina fæðslu þá sem hans faðir vildi gjarna hafa. [15]Og hún tók þau bestu klæði Esaú, síns eldra sonar, þau sem hún hafði í geymslu hjá sér, og færði Jakob, sinn yngra son, í þau, [16]en skinnið af kiðinu lét hún um hans hendur og þar sem hann var ber á hálsinum. [17]Og fékk so Jakob, sínum syni, þær fæðslur sem hún hafði tilbúið og so brauð.

[18]Og hann gekk inn til síns föðurs og sagði: „Minn faðir.“ Hann svaraði: „Hér er eg. Hver ertu, minn son?“ [19]Jakob sagði til síns föðurs: „Eg er Esaú, þinn frumgetinn sonur. Eg hefi gjört það sem þú bífalaðir mér. Rís þú upp og sit og et af mínu villubráði, svo að þín sála megi blessa mig.“ [20]Þá sagði Ísak til síns sonar: „Son minn, hverninn máttir þú finna það so snart?“ Hann svaraði: „DROTTINN Guð þinn gjörði það að það rann svo skjótt í móti mér.“ [21]Þá sagði Ísak til Jakobs: „Kom hingað, minn son, so eg megi þreifa á þér og reyna hvert að þú ert minn son Esaú elligar ei.“ [22]Þá gekk Jakob að sínum föður Ísak. Og sem hann hafði þreifað á honum sagði hann: „Röddin er Jakobs rödd en hendurnar eru Esaú hendur.“ [23]Og hann þekkti hann ekki því hans hendur voru loðnar so sem hendur Esaú, hans bróðurs. Og hann blessaði honum. [24]Og sagði til hans: „Hvort ert þú minn son Esaú?“ Hann svaraði: „Já, eg er hann.“ [25]Þá sagði hann: „Fær mér þá hingað, minn son, og lát mig eta af þínu villubráði svo að mín sál blessi þig.“ Þá bar hann honum fæðslu og hann át. Hann bar honum og vín og hann drakk. [26]Síðan sagði hans faðir Ísak til hans: „Kom hér, son minn , og kyss mig.“ [27]Og hann gekk að honum og kyssti hann og sem hann kenndi ilminn af hans klæðum þá blessaði hann hann og sagði:

„Sjá, míns sonar ilmur er so sem ilmur af þeim akri hvern DROTTINN hefur blessað.

[28]Guð efi þér dögg af himni og feiti jarðar og nægð korns og víns.

[29]Þjóðir skal þjóna þér og fólkið skal falla þér til fóta. Vertu einn herra yfir þínum bræðrum og börn þinnar móður skulu lúta þér. Bölvaður veri sá sem þér bölvar og blessaður sé sá sem þig blessar.“

[30]Og sem Ísak hafði endað þessa blessan yfir Jakob og Jakob var sem naumast útgenginn frá sínum föður Ísak, þá kom Esaú hans bróðir heim frá sínum veiðiskap [31]og hann tilreiddi fæðslur og bar þær inn til síns föðurs og sagði til hans: „Rís upp, minn faðir, og et af veiði þíns sonar so að þín önd megi blessa mér.“ [32]Þá svaraði Ísak hans faðir: „Hver ert þú? Hann svaraði: „Eg er Esaú, þinn frumgetinn sonur.“ [33]Ísak varð harla mjög felmtsfullur og sagði: „Hvað var það þá fyrir einn veiðimann sem mér færði fæðslur og eg át af þeim öllum áður þú komst og eg blessaði honum og hann mun vera blessaður.“ [34]Og sem Esaú heyrði þessi síns föðurs orð þá grét hann með hárri röddu og varð mjög sorgfullur og sagði til síns föðurs: „Blessa þú mér og so, faðir minn.“ [35]Hann svaraði: „Þinn bróðir kom með kænsku og tók í burt þína blessan.“ [36]Þá sagði hann: „Réttilega er hans nafn Jakob því hann hefur nú í tvær reisur undir fótum troðið

mig. Mína frumgetning tók hann burt
og sjá, nú hefur hann í annað sinn og so
tekið mína blessan.“ Og hann sagði:
„Hefur þú þá ekki ætlað mér eftir neina
blessan?“ 37Ísak svaraði og sagði til
hans: „Eg hefi sett hann til eins herra
yfir þig og alla hans bræður okaði eg
undir hans þrældóm, eg hefi og séð
honum fyrir korni og víni. Hvað skal eg
nú gjöra þér, minn son?“ 38Esaú sagði til
síns föðurs: „Hafðir þú ekki utan þá
eina blessan, minn faðir? Blessa mig og
so, minn faðir.“ Og hann upphóf sína
raust og grét. 39Þá svaraði Ísak og sagði
til hans:

„Sjá þar, þú skalt hafa eitt feitt heimili
á jörðunni og af döggu himinsins hér
ofan að,

40af þínu sverði skaltu næra þig og
þjóna muntu þínum bróður. Og það
mun ske að þú munt vera einn herra og
muntu slíta hans ok af þínum hálsi.“

41Og Esaú varð reiður við Jakob sök-
um þeirrar blessanar sem hans faðir
hafði blessað hann með og hann sagði í
sínu hjarta: „Sú stund skal snarlega
koma að minn faðir skal gráta, því eg
vil slá Jakob minn bróður í hel.“ 42Og
Rebekka fékk það að vita að Esaú henn-
ar frumgetni son hafði so sagt. Því
sendi hún í burt og lét kalla sinn yngsta
son til sín og sagði til hans: „Sjá, þinn
bróðir Esaú heitast við þig að hann vilji
lífláta þig. 43Því heyr þú nú mín orð,
minn son. Tak þig upp og flý til míns
bróðurs Laban í Haran 44og vert um
stund hjá honum, so lengi og þar til að
sefast grimmd bróður þíns 45og þar til
hans reiði stillist og það rennur af hon-
um sem þú hefur honum í móti gjört.
Síðan vil eg senda þér boð og hafa þig
burt þaðan. Því skal eg missa ykkur
báða á einum degi?“ 46Og Rebekka
sagði Ísak: „Mér leiðist að lifa vegna
þeirra Hets dætra. Ef að Jakob tekur
sér eiginkonu af þeim Hets dætrum,
þær sem eru með soddan hætti sem
þessa lands dætur, eg vil þá ekki lengur
lifa.“

28 Nú kallaði Ísak Jakob, son
sinn, fyrir sig og blessaði hann,
bauð honum og sagði til hans: „Þú skalt
ekki taka þér eiginkonu af þeim Kana-
ans dætrum, 2heldur tak þig upp og far
í Mesopotamian til Batúels, þíns móð-
urs föðurs húss, og tak þér þar eigin-
konu til handa af dætrum Laban, þíns
móðurbróður. 3Almáttugur Guð blessi
þig og gjöri þig ávaxtarsaman og marg-
faldi þig so þú verðir til eins mikils
fólks. 4Hann gefi þér Abrahams
blessan, þér og þínu sæði með þér, so
að þú eignist það land í hverju þú ert
framandi, hvert Guð gaf Abraham.“ 5So
sendi Ísak Jakob þangað og lét hann
fara í Mesopotamian til Labans Batúels-
sonar hins sýrlenska, hver að var bróð-
ir Rebekku móður Jakobs og Esaú.

6En sem Esaú sá það að Ísak hafði
blessað Jakob og sent hann til
Mesopotamian að hann skyldi giftast
þar og að hann hafði blessað hann, boð-
ið honum og sagt so: „Þú skalt ei taka
þér eiginkonu af Kanaans dætrum“ 7og
að Jakob var sínum föður og móður
hlýðugur og fór burt í Mesopotamian,
8hann sá og einnin að hans föður Ísak
var ekki um þær Kanaans dætur, 9þá
gekk hann burt til Ísmael og tók sér til
eiginkonu dóttur Ísmael Abrahamsson-
ar, Mahalat, systir Nebajót, að auk
þeirra kvenna sem hann átti áður.

10En Jakob fór frá Ber-Saba og reisti
til Haran. 11Og hann kom í nokkurn
stað, þar var hann um nótt, því að sólin
var undirgengin. Og hann tók einn
stein í þeim sama stað og lagði hann
undir sitt höfuð og lagði sig til svefns í
þeim sama stað. 12Og hann sá í svefni
og sjá þú: Einn stigi stóð á jörðu og
hann tók allt til himins og sjá, Guðs
englar fóru upp og ofan eftir stiganum.
13Og DROTTINN stóð við ofanverðan
stigann og sagði: „Eg er DROTTINN Guð

þíns föðurs Abrahams og Ísaks. Þetta land á hverju þú liggur nú vil eg gefa þér og þínu sæði. 14Og þitt sæði skal verða sem duft á jörðunni og þú skalt útbreiðast til vesturs og austurs, norðurs og suðurs. Og í þér og þínu sæði skulu allar þjóðir á jörðunni blessast. 15Og sjá þú, eg er með þér og eg vil varðveita þig hvert sem þú fer og eg vil færa þig í þetta land aftur. Og eg vil ekki yfirgefa þig fyrr en eg hefi fullkomnað það allt sem eg hefi sagt þér.“ 16Og sem Jakob vaknaði af sínum svefni sagði hann: „Sannlega er DROTTINN í þessum stað og eg vissi það ekki.“ 17Hann óttaðist og sagði: „Hversu heilagur er þessi staður? Hér er ekki annað en Guðs hús og hér er hlið himins.“

18Og Jakob stóð upp snemma morguns og tók þann stein sem hann hafði lagt undir sitt höfuð og reisti hann upp til eins marks og hellti viðsmjöri yfir hann. 19Og hann kallaði þann sama stað Bet-El; áður hét sá staður Lús. 20Og Jakob strengdi eitt heit og sagði: „Ef Guð er með mér og varðveitir mig á þessum vegi sem eg nú ferðast og gefur mér brauð að eta og klæðir mig 21og færir mig heim aftur til míns föðurs húss með friði, þá skal DROTTINN vera minn Guð. 22Og þessi steinn sem eg hefi hér uppreist til eins teikns skal verða Guðs hús. Og eg vil færa þér tíundir af öllu því sem þú gefur mér.“

29 Síðan ferðaðist Jakob í burt þaðan í það land sem að liggur til austurs. 2Og hann sá þar einn vatsbrunn á akrinum og þar lágu hjá brunninum þrennar sauðahjarðir, því þeir voru vanar að vatna sinni hjörð af brunninum. Þar var og einn stór steinn lagður ofan yfir munn brunnsins. 3Og þeir plöguðu að safna allri hjörðinni þangað og velta so steininum af brunninum og vötnuðu fénu, lögðu síðan steininn aftur yfir brunnsmunnann sem hann lá áður. 4Og Jakob sagði til þeirra: „Kærir bræður, hvaðan eru þér?“ Þeir svöruðu: „Vér erum af Haran.“ 5Hann sagði til þeirra: „Þekki þér ekki Laban Nahorsson?“ Þeir svöruðu: „Já, vel þekkjum vér hann.“ 6Hann sagði: „Er hann heill?“ Þeir svöruðu: „Vel má hann. Sjá, þar kemur hans dóttir Rakel með hans sauði.“ 7Þá mælti Jakob: „Mikið er enn dags eftir og er ei mál að reka hjörðina heim. Vatnið þér hjörðinni, farið síðan og látið hana bíta.“ 8Þeir svöruðu: „Vér megum ekki fyrr enn öll hjörðin kemur til samans, so vér getum velt steininum frá brunninum og vatnað so hjörðinni.“

9Og sem hann ræddi þetta við þá kom Rakel með sauði síns föðurs, því hún gætti þeirra. 10En sem Jakob sá Rakel, dóttir Laban síns móðurbróður, og sauði Laban síns móðurbróðurs, fór hann til og velti steininum af brunninum og vatnaði sauðum Labans móðurbróðurs síns. 11Hann kyssti Rakel og grét 12og sagði henni að hann væri hennar systrungur, en hún hljóp og sagði þetta sínum föður.

13En sem Laban heyrði að Jakob systursonur hans var kominn rann hann út á móti honum, tók hann sér í fang og kyssti hann og fylgdi honum inn í sitt hús. Þá kunngjörði hann Laban alla sök sinnar farar. 14Þá sagði Laban til hans: „Nú vel, þú ert mitt hold og bein.“ Og sem hann hafði nú verið með honum einn mánuð

15þá sagði Laban til Jakobs: „Þó að þú sért minn bróðir, skyldir þú fyrir því þjóna mér fyrir ekkert? Þar fyrir seg mér hvað þú vilt að þitt verkkaup skal vera?“ 16Laban átti tvær dætur, sú eldri hét Lea en yngri hét Rakel. 17Lea var augndöpur en Rakel var væn og fríð. 18Og Jakob fékk elsku til Rakelar og sagði: „Eg vil þjóna þér í sjö ár til þess að þú gefir mér þína yngri dóttur.“ 19Laban svaraði: „Betra þyki mér að eg gefi þér hana heldur en einum öðrum manni. Vertu hjá mér.“ 20So þjónaði

Jakob í sjö ár fyrir Rakel og sýndist honum sem fáir dagar væri fyrir ást þeirri sem hann hafði á henni. [21]Eftir það sagði Jakob til Laban: „Gef mér nú mína kvinnu, því að tíminn er nú kominn að eg skuli hverfa til hennar.“ [22]Þá bauð Laban öllu fólki í þeim stað og gjörði brúðlaup. [23]En um kveldið tók hann sína dóttir Lea og leiddi hana inn til hans. Og hann lá hjá henni. [24]Og Laban gaf Lea sinni dóttur sína þjónustupíku Silpa henni til ambáttar. [25]En um morguninn þá sá Jakob að þetta var Lea. Þá sagði hann til Labans: „Hvar fyrir hefur þú so gjört við mig? Hefi eg ekki þjónað þér fyrir Rakel? Því hefur þú so svikið mig?“ [26]Laban svaraði: „Það er ekki siður í voru landi að þær yngri séu útgefnar fyrr en þær eldri. [27]Haltu út vikuna með henni, so vil eg gefa þér hina aðra fyrir þá þjónustu sem þú skalt þjóna mér í önnur sjö ár.“ [28]Jakob gjörði so og hélt þá viku út. So gaf hann honum Rakel sína dóttur til húsfrú. [29]Og Laban gaf Rakel sinni dóttur Bíla til ambáttar. [30]So gekk hann inn til Rakelar og elskaði Rakel meir en Lea og þjónaði hjá honum önnur sjö ár fyrir hennar skuld.

[31]En er DROTTINN sá að Lea var fyrirlitin þá gjörði hann hana ávaxtarsamlega en Rakel var óbyrja. [32]Og Lea varð ólétt og fæddi einn son og kallaði hann Rúben og sagði: „DROTTINN hefur séð til minnar lægingar. Nú skal minn maður elska mig.“ [33]Og hún varð enn í annað sinn ólétt og fæddi einn son og sagði: „DROTTINN hefur heyrt að eg er forsmáð og hefur gefið mér þennan“ og hún nefndi hann Símeon. [34]Og enn aftur varð hún ólétt og fæddi einn son og sagði: „Nú skal minn maður halda sig við mig því eg hefi fætt honum þrjá sonu“ og því kallaði hún þann sama Leví. [35]Síðan varð hún í fjórða sinn ólétt og fæddi einn son og sagði: „Nú vil eg þakka DROTTNI.“ Þar fyrir kallaði hún hann Júda, og hún lét af að eiga börn.

30 Sem að Rakel sá að hún átti ekki börn við Jakob þá öfundaði hún sína systur og sagði til Jakobs: „Gef þú mér börn ella mun eg deyja.“ [2]Um þetta varð Jakob mjög reiður við Rakel og sagði: „Er eg þá Guð? Sá að ekki vill gefa þér ávöxt þíns kviðar?“ [3]Þá sagði hún: „Sjá, þar er mín ambátt Bíla, leggstu með henni so hún megi fæða á mitt skaut svo eg megi verða uppbyggð af henni.“ [4]Og hún gaf honum sína ambátt Bíla til kvinnu. Og Jakob lagðist með henni [5]og hún varð ólétt og fæddi Jakob einn son. [6]Þá sagði Rakel: „DROTTINN hefur dæmt mína sök og heyrt mína raust og gefið mér einn son“ og því kallaði hún hann Dan. [7]Í annað sinn varð Bíla Rakels ambátt ólétt og fæddi Jakob annan son. [8]Þá sagði Rakel: „Guð hefur nú skipt um með mér og minni systur að eg geng nú yfir hana.“ Og kallaði hún hann Neftalim.

[9]Sem Lea sá nú að hún lét af að eiga börn þá tók hún sína ambátt Silpa og gaf hana Jakob til eiginkvinnu. [10]So fæddi Silpa Lea ambátt Jakob einn son. [11]Þá sagði Lea: „Tilreið þig“ og kallaði hann Gað. [12]Og enn fæddi Silpa ambátt Lea Jakobi einn annan son. [13]Þá sagði Lea: „Sæl em eg, því dæturnar skulu prísa mig sæla vera.“ Og hún kallaði hann Asser.

[14]Og Rúben gekk út þangað sem menn voru að yrkja hveiti og hann fann dúdaím á akrinum. Það bar hann heim til sinnar móður Lea. Þá sagði Rakel til Lea: „Gef mér nokkuð af dúdaím þíns sonar.“ [15]Hún svaraði: „Það er þér ekki nóg að þú hefur tekið minn mann frá mér og nú viltu taka míns sonar dúdaím?“ Rakel svaraði: „Nú vel, láttu hann sofa hjá þér í nótt fyrir dúdaím þíns sonar.“ [16]Og sem Jakob kom heim að kveldi af akri þá gekk Lea út í mót honum og sagði: „Þú skalt sofa hjá mér í nótt því að eg hefi keypt þig fyrir míns sonar dúdaím.“ Og svo svaf hann hjá

henni þá nótt [17]og Guð bænheyrði Leam. Og hún varð þunguð og fæddi Jakob þann fimmta son [18]og sagði: „Guð hefur launað mér fyrir það að eg gaf mína ambátt mínum manni.“ Og þann kallaði hún Ísaskar. [19]Og Lea varð enn þunguð og fæddi Jakob þann sjötta son [20]og sagði: „Guð hefur vel forséð mig og nú skal minn mann búa við mig því eg hefi fætt honum sex sonu.“ Og hún nefndi hann Sebúlon. [21]Eftir þetta átti hún eina dóttur, hana nefndi hún Dína.

[22]DROTTINN minntist þá á Rakel og bænheyrði hana og gjörði hana ávaxtarsama [23]og hún varð þunguð og fæddi einn son og sagði: „Guð hefur burt tekið mitt brigsli.“ [24]Og hún nefndi hann Jósef og sagði: „DROTTINN gefi mér nú einn annan son til þessa.“

[25]Og sem Rakel hafði nú fætt Jósef þá sagði Jakob til Laban: „Lát mig nú fara til míns heimkynnis og í mitt land [26]og gef mér mínar kvinnur og börn fyrir hver eg hefi þjónað þér, að eg megi nú ferðast. Því þú veist hvernin eg hefi þjónað þér.“ [27]Þá svaraði Laban honum: „Lát mig finna náð fyrir þínum augum. Af reynslu hef eg numið að DROTTINN hefur blessað mig fyrir þínar sakir. [28]En þú set sjálfur uppá hvert verkkaup að eg skuli gefa þér.“ [29]Jakob svaraði honum: „Þú veist hversu eg hefi þjónað þér og hversu mikil hefur orðið eign þín í mínum höndum. [30]Þú áttir lítið fé áður eg kom hingað en nú er það margfaldlega útbreitt. Og DROTTINN hefur blessað þig fyrir mínar fætur. Og nú, nær skal eg hafa forsjá fyrir mínu húsi?“ [31]Hann svaraði: „Hvert kaup skal eg gefa þér?“ Jakob mælti: „Þú skalt ekki gefa mér neitt. En ef þú vilt gjöra það sem eg segi þér þá vil eg enn framvegis fæða og geyma hjörð þína.“ [32]Eg vil í dag ganga í gegnum alla þína hjörð og í sundur skilja allt flekkótt og mislitt fé frá einlitu og alla svarta sauði á meðal lambanna og þær flekkóttu og mislitu geitur. Hvað þá þar eftir verður flekkótt og mislitt, það skal vera mitt verkkaup. [33]So skal mín réttvísi vitni bera mér í dag eða á morgun þegar þar kemur að eg skal taka mitt verkkaup af þér, so að hvað sem ekki er flekkótt eða mislitt eða ekki verður svart á meðal fjárins og geitanna, þá skal það vera stuldur hjá mér.“ [34]Þá sagði Laban: „Sjá, það skal so vera sem þú hefur sagt.“ [35]Og þann sama dag skildi hann frá alla flekkótta og mislita hrúta og alla flekkótta og mislita geitsauði, þar sem nokkurs staðar fannst hvítur flekkur uppá og allt það sem var svart á meðal lambanna. Þetta afhenti hann sínum sonum í hendur. [36]Og hann lét þriggja daga leið vera í millum sín og Jakobs. So geymdi Jakob Labans hjörð, það sem afgangs var.

[37]En Jakob tók sér vöndu af grænu popeltré og platanusviði og so harslviði og skóf af þeim börkinn í sumum stöðum og gjörði þá flekkótta [38]og lagði so vendina sem hann hafði skafið í vatsþróarnar fyrir hjörðina þar sem hún skyldi drekka af og að hún skyldi fá lamba í því bili nær hún kæmi að drekka. [39]Og það skeði að ærnar horfðu á flekkótta vöndu þá þær fengu lambanna og fæddu flekkótt, dílótt og mislitt fé. [40]Og fráskildi Jakob lömbin og skikkaði þá fráskildu hjörð til þeirrar flekkóttu og svörtu í Labans hjörð og gjörði sér sjálfum eina sérdeilis hjörð og lét hana ekki koma saman við Labans hjörð. [41]En þá sá rétti tíminn kom að ærnar skyldu fá lambanna þá lagði hann stafina í rennurnar fyrir augu þeirra so að þær skyldu fá lamba í því bili er þær horfðu á vönduna. [42]En þær sem ofsíð fengu lambanna þá lagði hann ekki vönduna fyrir þær. So varð Labans það sem síðborið var en Jakobs það sem snemmborið var. [43]Og af þessu varð hann mjög stórauðigur so að hann hafði fjölda sauða, ambáttir og þræla, úlfalda og asna.

31 Og Jakob heyrði orð Labans sona þeir eð sögðu: „Jakob hefur komist yfir aleigu vors föðurs og af vors föðurs eign er han so vellríkur orðinn.“ 2Jakob sá og á Labans yfirbragði og sjá, það var ekki so við hann sem í gær og áður fyrri. 3Þá sagði DROTTINN til Jakobs: „Hverf aftur í þitt fósturland og til þinnar ættar. Eg vil vera með þér.“ 4Þá sendi Jakob og lét kalla þær Rakel og Lea út á mörkina þar hans hjörð var 5og sagði til þeirra: „Eg sé að ykkar föðurs yfirbragð er ekki við mig so sem það var í gær og í fyrradag. En Guð míns föðurs hefur verið með mér. 6Og þið vitið að eg hefi þjónað ykkrum föður af öllu mínu megni 7en hann hefur svikið mig og tíu sinnum hefur hann skipt um verkkaup við mig. En Guð hefur ekki lofað honum að gjöra mér skaða. 8Þá hann sagði: Það flekkótta skal vera þitt verkkaup, þá fæddi öll hjörðin ekki utan flekkótt lömb. Og þá hann sagði: „Það mislita skal vera þitt verkkaup, þá fæddi öll hjörðin mislitt. 9So hefur Guð tekið frá ykkar föður hans eign og gefið mér. 10Því að nær tíminn kom að berféð skyldi fá lambanna upplyfta eg mínum augum og eg sá í svefni og sjá þú, að hrútarnir stukku uppá þann flekkótta, dílótta og mislita ásauð. 11Og Guðs engill sagði til mín í svefni: Jakob. Og eg svaraði: Hér er eg. 12En hann sagði: Lát upp þín augu og sjá að hrútarnir stökkva uppá þann flekkótta, dílótta og mislita ásauð. Því eg hefi séð allt það sem Laban hefur gjört þér. 13Eg er sá Guð í Bet-El þar sem þú smurðir steininn og gjörðir heiti. Tak þig nú upp og far burt af þessu landi og hverf aftur til þinnar ættjarðar.“ 14Þá svöruðu þær Rakel og Lea og sögðu til hans: „Við eigum nú öngva deild eða nokkurn arf eftir í okkar föðurs húsi. 15Hefur hann ekki haldið okkur so sem annarlegar? Því að hann hefur selt okkur og eytt okkar verði. 16Þar fyrir hefur Guð tekið vors föðurs ríkdóm og gefið okkur og okkar börnum. Gjör nú allt það sem Guð hefur boðið þér.“

17Jakob tók sig upp og setti sín börn og kvinnur upp á úlfalda 18og hafði í burt allar sínar hjarðir og alla þá fjárhluti sem honum höfðu aflast í Mesopotamia, að hann færi til síns föðurs Ísaks í Kanaans land. 19En um þennan tíma var Laban genginn að klippa sauði sína og Rakel hafði í burt skúrgoð síns föðurs. 20So stal Jakob hjarta Labans hins sýrlenska í því að hann sagði honum ekki að hann flýði á burtu. 21Og hann fór í burtu þaðan með öllu því honum tilheyrði, tók sig upp og fór yfir um vatnið og setti sína leið til fjallsins Gíleað. 22Á hinum þriðja degi þar eftir frétti Laban að Jakob var í burt flúinn. 23Og hann tók sína bræður til sín og fór eftir honum sjö dagleiðir og náði honum á fjallinu Gíleað. 24En Guð kom til Labans þess sýrlenska um nátt í svefni og sagði til hans: „Varast þú að tala annars við Jakob en vinsamlega.“ 25Og Laban nálgaðist Jakob. En Jakob hafði sett sínar tjaldbúðir á fjallinu. Laban setti og sín tjöld þar með sínum bræðrum á sama fjalli Gíleað. 26Þá sagði Laban til Jakobs: „Því hefur þú þetta gjört að þú stalst mínu hjarta? Og burtfluttir mínar dætur líka sem þær hefði verið herteknar með sverði? 27Hvar fyrir flúðir þú svo heimuglega? Og stalst þig so í burt og sagðir mér það ekki áður so að eg hefða mátt fylgja þér á leið með fagnaði, með söngleik, bumbum og hörpum. 28Þú leyfðir mér eigi heldur kyssa mín börn og dætur. Þú hefur gjört fávíslega. 29Eg hefi (með Guðs hjálp) so mikla magt að eg get gjört þér illt. En yðars föðurs Guð sagði til mín í gær: „Varast þú að mæla við Jakob annað heldur en vinsamlegt. 30Nú þó að þú vildir á burt fara og þó þig langaði heim til þíns föðurs húss, því hefur þú þá stolið mínu skúrgoði?“ 31Jakob svaraði og sagði til Labans: „Eg uggða og hugs-

aði að þú mundir með ofríki slíta þínar dætur frá mér. 32En hjá hverjum þú finnur þitt skúrgoð, hann skal hér deyja fyrir vorum bræðrum. Leitaðu þíns hjá mér og tak það burt. (En Jakob vissi ekki að Rakel hafði burt tekið það.)

33Þá gekk Laban inn í Jakobs tjald og í tjald Lea og í beggja ambáttanna tjaldbúð, rannsakaði og fann ekkert. Og hann gekk úr Lea tjaldi og í tjald Rakelar. 34Þá tók Rakel skúrgoðið og lagði það undir hálmstrá úlfaldanna og settist þar á ofan. En Laban rannsakaði allt tjaldið og fann ekki þar. 35Þá mælti hún til síns föðurs: „Minn herra, reiðst mér ekki þó eg geti ekki risið upp í móti þér, því kvenleg eðlissótt er komin að mér.“ Og hann fann ekki skúrgoðið hversu mjög sem hann rannsakaði.

36Þá reiddist Jakob og ávítaði Laban og sagði til hans: „Hvað hefi eg misgjört eður brotið við þig að þú fórst eftir mér í reiði þinni? 37Þú hefur rannsakað alla mína búshluti. Hvað hefur þú nú hér fundið af allri þinni eigu? Legg það hér fram fyrir mína og þína bræður að þeir dæmi á millum okkar. 38Eg hefi verið hjá þér í tuttugu ár, þínir sauðir og geitur þínar hafa ekki verið ófrjóvar, hrúta hjarðar þinnar hefi eg ekki etið. 39Hvað sem rifið var af dýrunum bar eg ekki heim til þín heldur mátta eg það bítala og þú krafðir þess af minni hendi hvert það var heldur stolið á nóttu eða degi frá mér. 40Eg þrengdust um daga af hita en um nætur af kulda og þar kom enginn svefn á mín augu. 41So hefi eg nú þessi tuttugu ár þjónað í þínu húsi, fjórtán ár fyrir þínar dætur og sex ár fyrir þína hjörð. Og þú hefur tíu sinnum skipt mínu verkkaupi. 42Hefði ekki míns föðurs Guð, Abrahams Guð og Ísaks ótti, verið mér nálægur þá hefðir þú látið mig snauðan frá þér fara. En Guð leit á mína neyð og mitt erfiði og hann straffaði þig í gær.“

43Laban svaraði og sagði til Jakobs: „Þessar dætur eru mínar dætur og þessi börn eru mín börn og þessi hjörð er mín hjörð og allt það þú sér það er mitt. Hvað kann eg gjöra mínum dætrum í dag eður dætrabörnum? 44So kom nú, látum oss gjöra einn sáttmála, eg og þú sem skal vera til eins vitnisburðar millum þín og mín.“ 45Þá tók Jakob einn stein og reisti hann upp til eins merkis 46og sagði til sinna bræðra: „Safnið steinum hingað.“ Og þeir báru steina saman og gjörðu eina grjóthrúgu og þeir snæddu á þeirri hrúgu. 47Og Laban kallaði hana Jegar Sahadúta en Jakob kallaði hana Gíleað. 48Þá sagði Laban: „Þessi steinhrúga skal vera einn vitnisburður í dag í millum mín og þín.“ Þar fyrir kallast hún Gíleað. 49Og hún skal vera ein Síonarhæð, því hann sagði: „DROTTINN hann skoði millum mín og þín nær við skiljumst hér. 50Ef þú gjörir mínum dætrum nokkuð grand eður ef þú tekur þér aðrar kvinnur að auk minna dætra. Hér er enginn maður hjá okkur. En sjá þú, Guð er vitnið millum mín og þín.“

51Og Laban sagði enn framarmeir til Jakobs: „Sjá, það er sú steinhrúga og það er það merki sem eg hefi uppreist millum mín og þín. 52Sú sama steinhrúga skal vera vitni og það teikn skal og vera vitni nær eg fer hér yfir til þín eða þú til mín yfir þessa steinhrúgu og þetta merki til að gjöra mér skaða. 53Abrahams Guð og Nahors Guð og þeirra forfeðra Guð skal vera dómari millum okkar.“ Og Jakob sór honum eið við síns föðurs Ísaks ótta. 54Og Jakob færði fórnir á fjallinu og bauð sínum bræðrum til snæðings. Og sem þeir höfðu matar neytt voru þeir þar uppá fjallinu um nóttina. 55Árla morguns stóð Laban upp og kysti sín börn og sínar dætur og blessaði þau og fór í burt og kom heim aftur til síns staðar.

32 En Jakob fór leið sína og Guðs englar mættu honum. 2Og sem hann sá þá sagði hann: „Það eru Guðs

herbúðir.“ Og kallaði þann sama stað Mahanaím.

[3]Jakob sendi menn undan fyrir sér til móts við Esaú bróður sinn í landið Seír í því héraði Edóm. [4]Og hann bauð þeim og sagði: „Segið so mínum herra Esaú: Þinn þénari Jakob lætur segja þér: Eg hefi til þessa dags verið utanlands með Laban. [5]Eg hefi nú uxa og asna, sauði, þræla og ambáttir, og sendi eg nú til fundar við þig að eg vildi kunngjöra þetta mínum herra so eg mætta finna náð fyrir þínu augliti.“

[6]Sendimenn komu aftur til Jakobs og sögðu: „Vér komum til þíns bróður Esaú, hann fer í móti þér með fjögur hundruð manns.“ [7]Þá óttaðist Jakob harla mjög og varð mjög hryggur. Og hann skipti í tvo staði föruneyti sínu og nautum og sauðum og úlföldum [8]og sagði: „Ef Esaú kemur til eins flokksins og drepur hann þá má sá annar flokkurinn komast undan.“ [9]Og enn sagði Jakob:

„Drottinn míns föðurs Abrahams Guð og míns föðurs Ísaks Guð, þú sem hefur sagt til mín: Far aftur í þitt fósturland og til þinnar ættar. Eg vil gjöra þér gott. [10]Minni er eg allri þeirri miskunn og öllum þeim sannleika sem þú hefur veitt þínum þénara (því eg hafða ekki meir en þennan staf þá eg fór yfir um þessa Jórdan, en nú kem eg aftur með tvenna flokka). [11]Frelsa mig frá míns bróðurs hendi, frá hendi Esaú, því eg hræðunst fyrir honum að hann muni koma og slá mig, mæðurnar og so börnin. [12]Þú hefur sagt: Eg vil veita þér velgjörninga og gjöra þitt sæði so sem sjóarsand hver að ekki verður talinn fyrir fjölda sakir.“

[13]Jakob var þar um nóttina og tók af því sem hann hafði hjá sér gáfur til handa sínum bróður Esaú, [14]sem var tvö hundruð geitur, tuttugu kjarnhafrar, tvö hundruð ásauðar, tuttugu hrútar [15]og þrjátíu úlfaldar með fylum, fjörutígi kýr og tíu tarfar, tuttugu ösnur með tíu fylum. [16]Og hann fékk þetta í hendur sínum þénurum, já hverja hjörð sér í lagi og sagði til þeirra: „Farið undan mér og látið vera bil í millum hjarðanna.“ [17]Og hann bauð þeim fyrsta og sagði: „Þegar að minn bróðir Esaú mætir þér og spyr: Hverjum heyrir þú til? Og hvert vilt þú fara? Eða hver á þetta sem þú rekur undan þér? [18]Þá skalt þú segja: Þetta heyrir til þínum þénara Jakob og hann sendir sínum herra Esaú þetta til einnrar gáfu og hann kemur hér sjálfur eftir oss.“ [19]Líka so skipaði hann hinum öðrum og so þeim þriðja og so öllum þeim sem fylgdu hjörðunni og sagði: „Þér skuluð segja til Esaú þá þér mætið honum so sem eg hefi boðið yður. [20]Segið og einnin so: Sjá, þinn þénari Jakob fer hér eftir oss.“ Því hann þenkti: „Eg vil blíðka hans auglit með þessum gáfum sem fara undan mér, þar eftir vil eg sjá hann, ske má að hann taki í móti mér blíðlega.“ [21]So fóru gáfurnar undan honum. En hann var þá sömu nótt hjá herbúðunum. [22]Og hann stóð upp um nóttina og tók báðar sínar eiginkonur og þær tvær ambáttir og sína ellefu sonu og fór yfir um vaðið Jabok. [23]Og þegar yfir um voru komnir allir fjárhlutir Jakobs varð hann eftir alleina. [24]Og maður nokkur fékkst við hann allt til þess að dagur var. [25]Og sem hann sá að hann gat ekki yfirunnið hann tók hann á aflsinum hans lærs og strax hrörnuðu aflsinar í læri Jakobs í því þá hann fékkst við hann. [26]Og hann sagði: „Lát mig lausan því nú rennur upp dagsbrún.“ Hann svaraði: „Ekki mun eg láta þig lausan nema þú blessir mig.“ [27]Hann sagði: „Hvað heitir þú?“ Hann svaraði: „Jakob.“ [28]Hann sagði: „Eigi skaltu lengur kallast Jakob heldur Ísrael. Því að þú varst styrkur í gegn Guði og manni og fékkst sigur.“ [29]Og Jakob spurði hann að og sagði: „Seg þú mér, hvað heitir þú?“ Hann svaraði: „Því spyr þú eftir mínu heiti?“ Og hann blessaði hann í þeim sama stað. [30]Og

Jakob kallaði þann stað Pníel: „Því að eg hefi séð Guð frá andliti til andlits og mín sál er heil.“ 31Og er hann kom yfir um frá Pníel þá rann sól upp. Og hann var haltur í lærinu. 32Þar fyrir eta ekki Ísraels synir aflsinar (úr kvikindum) allt til þessa dags, því þá hrörnuðu aflsinar í læri Jakobs.

33 Jakob leit sínum augum upp og sá sinn bróður Esaú komanda með fjögur hundruð manns. Hann skipaði sínum sonum til Lea og til Rakel og til beggja þeirra ambátta. 2Og hann skipaði ambáttunum og þeirra sonum fremst, þar næst Lea með sínum börnum, en Rakel seinast með Jósef. 3En hann gekk fram undan þeim og féll sjö sinnum til jarðar þar til hann kom til síns bróður.

4Esaú rann í mót honum og tók hann í fang sér, lagði hendur um háls honum og kyssti hann. Og þeir grétu báðir. 5Og hann lyfti sínum augum upp, sá kvinnurnar og börnin og sagði: „Hvaða fólk er þetta sem er með þér?“ Hann svaraði: „Þetta eru smábörn þau sem Guð hefur gefið þínum þénara.“ 6Og ambáttirnar gengu fram með sínum sonum og lutu honum. 7Lea gekk og fram með sínum börnum og laut honum. Þar eftir gekk Jósef og Rakel fram og lutu honum. 8Og hann sagði: „Hvað vilt þú með allan þann flokk sem kom á móti mér?“ Hann svaraði: „Að eg megi finna náð fyrir mínum herra.“ 9Esaú sagði: „Minn bróðir, eg hefi nóg, hafðu sjálfur þína eign.“ 10Jakob svaraði: „Eigi so. Hafi eg fundið náð fyrir þér þá meðtak nú þessa gáfu af minni hendi. Því eg sá þína ásjónu líka sem eg hefði séð Guðs ásjónu og lát þér þetta vel þóknast af mér 11og tak þessa blessan af mér sem eg hefi fært þér. Því Guð gaf mér það og eg hefi aldeilis nóg eftir.“ So neyddi hann hann þar til að hann meðtók það. 12Og hann sagði: „Látum oss ferðast á veginn með þér, vér viljum fara til samans.“ 13En Jakob svaraði honum: „Minn herra, þú sér vel að eg hefi ung börn meðferðis, þar til með fé og nýbærar kýr. Ef so skeður nú að þetta þreytist á einum degi þá mun hjörðin deyja fyrir mér. 14Minn herra, ferðist þér undan yðrum þénara, eg vil reka so hægt á eftir svo sem börnin og hjörðin geta gengið, þar til að eg kem til míns herra í Seír.“

15Esaú svaraði: „Þá vil eg þó láta eftir hjá þér nokkra af þessum mönnum sem eru með mér.“ Hann svaraði: „Hvað gjörist þess þörf? Lát mig aðeins finna náð fyrir þér, minn herra.“ 16So ferðaðist Esaú þann sama dag aftur þann rétta veg til Seír. 17En Jakob fór til Súkót og byggði sér þar eitt hús, gjörði og tjaldbúðir handa sinni hjörð. Og því kallast sá staður Súkót.

18Eftir það fór Jakob til Salem í þá borg Síkems sem liggur í Kanaanslandi, þá hann var kominn af Mesopotamia, og hann setti sína byggð utan staðar 19og keypti eitt lítið akurland af Hemorssonum, Sikíms föður, fyrir hundrað silfurpeninga og setti þar sína tjaldbúð 20og uppbyggði þar eitt altari og ákallaði þar nafn þess sterka Guðs Ísraels *(Elelohe-Israel)*.

34 Dína, dóttir Lea, hverja hún fæddi Jakob, gekk út að sjá þess héraðs dætur. 2En sem að Síkem, sonur Hemor Hevitei, þess lands höfðingja, sá hana tók hann hana með valdi og hafði samræði við hana. 3Og hans hugur hneigðist mjög til hennar og hafði hana harla kæra og talaði vinsamlega við hana. 4Og Síkem sagði til síns föðurs Hemor að hann skyldi biðja hennar honum til handa. 5Sem Jakob fornam að hans dóttir Dína var ósæmd, en hans synir voru á akri með sínar hjarðir, þá var Jakob hljóður um þetta þar til þeir komu heim. 6Þá gekk Hemor, faðir Síkems, út og fann Jakob og talaði við hann. 7Og í því bili komu

Jakobs synir af akri og sem þeir heyrðu hvað skeð hafði styggðust þeir við það og urðu mjög reiðir að hann hafði framið soddan eitt ljótt verk í Ísrael og ósæmt Jakobs dóttir, því það var ekki hæfilegt.

[8]Þá talaði Hemor við þá og sagði: „Síkem sonur minn hefur mikla ást á yðar dóttir. Eg bið að þér gefið honum hana til eiginkonu. [9]Gjörum mægðir vor á milli, giftið oss yðar dætur og takið yður til handa vorar dætur og búið hjá oss. [10]Landið skal vera opið fyrir yður. Verið hér, kaupið og seljið og eignist landið.“ [11]Og Síkem sagði til hennar föður og hennar bræðra: „Látið mig finna náð hjá yður, eg vil gefa yður hvað þér upp á setjið, [12]æskið að eins frílega af mér bæði tilgjafar og skenkinga, eg vil gefa yður hvað þér hafa viljið, gefið aðeins stúlku þessa í mitt vald mér til eiginkvinnu.“

[13]Þá svöruðu Jakobs synir Síkem og hans föður Hemor með undirhyggju sökum þess að þeirra systir Dína var ósæmd [14]og sögðu til þeirra: „Eigi megum vér það gjöra að gifta nokkrum manni vora systir þeim sem ekki er umskorinn, því það er oss vanvirða. [15]En þó viljum vér þá vera yður til vilja ef þér viljið verða oss líkir og láta umskera allt kallkyns yðar á millum, [16]þá viljum vér gifta yður vorar dætur en taka oss til handa yðar dætur og búa hjá yður og vér viljum vera so allir einn lýður. [17]En vilji þér ekki viljuglega láta umskera yður þá viljum vér taka vora dóttir og fara í burtu.“ [18]Þessi ræða líkaði Hemor og hans syni vel. [19]Og sveinnin tafði ekki að gjöra það því hann hafði stóra ást á dóttur Jakobs. En hann var ágætastur allra í síns föðurs húsi.

[20]So komu þeir nú Hemor og hans sonur Síkem til borgarhliðsins og töluðu við borgarmenn sína og sögðu: [21]„Þessir menn eru friðsamlegir hjá oss og vilja búa í þessu landi, kaupa og selja, en þér vitið að landið er nógu vítt fyrir þá. Vér viljum taka þeirra dætur oss til eiginkvenna og gifta þeim vorar dætur. [22]En í þann máta vilja þeir vera oss til vilja að búa hjá oss og vera eitt fólk með oss ef vér viljum umskera allt kallkyns á meðal vor líka so sem þeir eru umskornir. [23]Þeirra fé og fjárhlutir og allt það þeir hafa verður vort ef vær einskostar viljum gjöra þeim þetta til vilja so að þeir búi hjá oss.“ [24]Og þeir hlýddu Hemor og Síkem hans syni, allir þeir sem gengu út og inn um þess staðar borgarhlið. Og þeir umskáru allt kallkyns sem gekk út og inn um þess staðar borgarhlið.

[25]Á þeim þriðja degi þá er sár þeirra voru sollin þá tóku þeir tveir synir Jakobs, Símeon og Leví, bræður Dína, hvor sitt sverð og gengu djarflega í staðinn og drápu alla kallmenn. [26]Og þeir drápu einnin Hemor og hans son Síkem með sverðseggjum og höfðu burt Dinam sína systir af húsi Síkem og gengu í burt. [27]Þá komu Jakobs synir yfir þá sem slegnir voru og ræntu borgina, sökum þess að þeir höfðu ósæmt þeirra systur. [28]Þeir tóku þar naut þeirra og sauði, asna og allt hvað þar var í borginni og á ökrunum [29]og allt þeirra góss og öll börn og kvinnur tóku þeir að herfangi og ræntu öllu því sem var í þeirra húsum.

[30]Þá sagði Jakob til Símeon og Leví: „Þið hafið stofnað mér til ólukku og gjört mig illa lyktandi við þessa lands innbyggjara sem eru Kananei og Peresei. Vér erum fáir, nær sem þeir samansafnast í móti mér þá slá þeir mig í hel so eg verð afmáður og mitt hús.“ [31]Þeir svöruðu: „Skyldu þeir hafa þá breytt við vora systur so sem við aðra portkonu?“

35 Og Guð sagði til Jakob: „Tak þig upp og far til Betel og bú þú þar og bygg þú þeim Guði þar eitt altari sem vitraðist þér þá þú flýðir fyrir þín-

um bróður Esaú.“ 2Þá sagði Jakob til sinna heimamanna og til allra þeirra sem með honum voru: „Kastið burt þeim annarlegum guðum sem þér hafið hjá yður og hreinsið yður og skiptið um yðar klæðnað. 3Tökum oss upp og förum í Betel so eg megi byggja þeim Guði þar eitt altari sem bænheyrði mig í minni mótgangstíð og hefur verið með mér á þeim vegi sem eg hefi farið.“ 4So gáfu þeir honum í hendur öll sín skúrgoð sem þeir höfðu og svo þeirra eyrnagull. Og hann gróf þau niður undir eina eik sem stóð hjá Sýkem.

5So ferðuðust þeir. En hræðsla kom af DROTTNI yfir alla þá staði sem þar voru umhverfis svo þeir sóttu ekki eftir Jakobs sonum. 6So komst Jakob og allt það fólk sem var með honum til Lús í Kanaanslandi sem kallast Betel. 7Og hann byggði þar eitt altari og kallaði þann sama stað El-Bet-El, því að Guð birtist honum þar þá hann flýði fyrir sínum bróður. 8Þá andaðist Debóra, fóstra Rebekku, og var jörðuð fyrir neðan Betel undir einni eik sem var kölluð Gráteik.

9Og Guð birtist Jakob í annað sinn síðan hann var kominn af Mesopotamia og blessaði hann 10og sagði til hans: „Þú kallast Jakob. En þú skalt ekki hér eftir nefnast Jakob heldur skaltu heita Ísrael.“ Og síðan kallaðist hann Ísrael. 11Og Guð sagði til hans: „Eg er almáttigur Guð, vertu ávaxtasamur og margfalda þig. Þjóðir og fólksfjöldi skal koma af þér og kóngar skulu koma af þínum lendum. 12Og það land sem eg hefi gefið Abraham og Ísak vil eg gefa þér og so þínu sæði eftir þig.“ 13So fór Guð upp frá honum í þeim stað sem hann talaði við hann. 14Jakob uppreisti þar einn steinstólpa í þeim stað þar Guð talaði við hann og offraði drykkjaroffri þar upp á og hellti þar yfir viðsmjöri. 15Og Jakob kallaði þann stað þar Guð talaði við hann Bet-El. 16Og þeir ferðuðust frá Bet-El og sem þeir voru komnir hartnærri Efrata þá fæddi Rakel og hún komst harla mjög við í barnsburðinum. 17Og sem hún þjakaðist meir og meir á sængarförinni sagði ljósmóðurin til hennar: „Óttast þú ekki, því þennan son skaltu og hafa.“ 18Og sem sálinn gekk upp af henni og hún hlaut að deyja þá kallaði hún hann Ben-Óní, en hans faðir kallaði hann Ben-Jamín. 19So andaðist Rakel og var jörðuð á veginum til Efrata sem nú kallast Betlehem. 20En Jakob setti upp eitt merki yfir hennar leiði og það er merki yfir leiði Rakel allt til þessa dags. 21Og Ísrael ferðaðist þaðan og setti sína tjaldbúð á hina síðu turnsins Eder.

22Og það skeði þá að Ísrael bjó þar í landinu, þá gekk Rúben til og svaf með Bíla síns föðurs frillu. Og það spurði Ísrael.

Jakob átti tólf sonu. 23Synir Lea voru þessir: Rúben sá frumgetni sonur Jakobs, Símeon, Leví, Júda, Ísaskar og Sabúlon. 24Rakels synir voru Jósef og Ben-Jamín. 25Synir Bíla, Rakels ambáttar: Dan og Neftalí. 26Synir Silpa, Lea ambáttar voru þeir Gað og Asser. Þessir eru synir Jakobs sem honum voru fæddir í Mesopotamia.

27Og Jakob kom til síns föðurs Ísak í Mamre í þeim höfuðstað sem kallast Hebron þar sem Abraham og Ísak höfðu verið framandi. 28Og Ísak varð hundrað og áttatigi ára gamall 29og hann veiktist af elli og andaðist og safnaðist til síns fólks, gamall og saddur af þessu lífi. Og hans synir Esaú og Jakob jörðuðu hann.

36 Þetta er Esaú ættkvísl, sem nefnist Edóm: 2Esaú tók sér kvinnu af Kanaans dætrum, Ada dóttir Elons Hetei og Ahalíbama, dóttur Ana, dóttur Síbeons Hevitei, 3og Basmat, Ísmaels dóttir, Nebajóts systir. 4Og Ada fæddi Esaú Elífas. En Basmat fæddi Regúel. 5Ahalíbama fæddi Jehús, Jaelam og Kóra. Þessir eru Esaú synir

sem hann átti í Kanaanslandi.[6]Og Esaú tók sínar kvinnur, sonu og dætur og þær allar sálir sem voru í hans húsi, sinn búsmala og allt sitt kvikfé og alla þá fjárhluti sem honum höfðu aflast í Kanaanslandi og fór í annað land frá Jakob sínum bróður. [7]Því þeirra auðæfi voru so mikil að þeir máttu ekki búa til samans og það land í hverju þeir voru framandi bar þá ekki fyrir sökum fjölda hjarðar þeirra. [8]Og Esaú bjó á fjallbyggðum Seír. En Esaú er Edóm.

[9]Þetta er ættkvísl Esaú, af hverjum Edómítar eru komnir á fjallinu Seír, [10]og þetta er heiti sona Esaú: Elífas, son Ada, kvinnu Esaú, Regúel, son Basmat, kvinnu Esaú. [11]En þessir voru Elífas synir: Teman, Ómar, Sefó, Gaetam og Kenas. [12]Og Timna var frilla Elífas Esaú sonar, hún gat við honum Amalek. Þessir eru synir Esaú af Ada hans kvinnu. [13]En Regúels synir eru þessir: Nahat, Sera, Samma, Misa. Þessir eru synir Basmat, kvinnu Esaú. [14]Þessir eru synir Ahalíbama, kvinnu Esaú: Dóttir Ana, dóttir Síbeon, sem hún gat Esaú: Jeús, Jaelam og Kóra.

[15]Þessir eru hertugar á meðal sona Esaú. Synir Elífas Esaú frumgetna sonar voru þessir: Hertugi Teman, hertugi Ómar, hertugi Sefó, hertugi Kenas, [16]hertugi Kóra, hertugi Gaetam, hertugi Amalek. Þessir eru hertugar komnir af Elífas í landi Edóm og eru synir Ada. [17]Þessir eru synir Ragúels sonar Esaú: Hertugi Nahat, hertugi Sera, hertugi Samma, hertugi Misa. Þessir eru hertugar komnir af Regúel í landi Edóm og eru þessir synir Basmat, kvinnu Esaú. [18]Hertugi Jeús, hertugi Jaelam, hertugi Kóra. Þessir hertugar komu af Ahalíbama, Adas dóttir, kvinnu Esaú. [19]Þessir eru synirnir Esaú og þeirra hertugar. Hann er Edóm.

[20]Þessir eru synir Seír Horei sem bjuggu í landinu: Lótan, Sóbal, Síbeon, Ana, [21]Díson, Eser og Dísan. Þessir eru hertugar Horei, sonar Seír í landinu Edóm. [22]En þessir eru Lótans synir: Hórí og Heman. Og Lótans systir hét Timna. [23]Þessir voru Sóbals synir: Alvan, Manahat, Ebal, Sefó og Ónam. [24]Þessir voru synir Síbeon: Aía og Ana. Og þessi Ana var sá sem fann múlasna í eyðimörku þá hann geymdi síns föðurs Síbeons asna. [25]Þessir voru Anas synir: Díson og Ahalíbama, það er Anas dóttir. [26]Þessir voru synir Díson: Hemdan, Esban, Jetran og Karan. [27]Þessir voru Esers synir: Bílhan, Savan og Akan. [28]Synir Dísan voru Ús og Aran. [29]Þessir voru hertugar Horeorum: Hertugi Lótan, hertugi Sóbal, hertugi Síbeon, hertugi Ana, [30]hertugi Díson, hertugi Eser, hertugi Dísan. Þessir voru hertugar Horeorum sem ríktu í landinu Seír. [31]Þessir eru þeir kóngar sem ríktu í landi Edóm fyrr en Ísraels synir höfðu kónga: [32]Bela Beórsson var kóngur í Edóm og hans borg hét Dínhaba. [33]En sem Bela deyði varð Jóbab Serhason af Basra kóngur í hans stað. [34]Þá Jóbab andaðist var Húsan af landi Themanorum kóngur í hans stað. [35]En þá Húsam deyði varð Hadad Bedadsson kóngur í hans stað, hver eð sló þá Madianitos á Moabiters mörkum. Og hans staður hét Avít. [36]En sem Hadad deyði tók kóngdóm Samla af Masrek. [37]Þá Samla deyði tók kóngdóm eftir hann Sál af vatni Rehóbót. [38]Eftir andlát Sáls tók kóngdóm Baalhanan Akborsson. [39]Eftir Baalhanan Akborsson tók Hadar kóngdóm og hans staður hét Pagú og hans kvinna hét Mehethabeel, dóttir Matred, dóttur Mesahab. [40]Þessi eru þeirra hertuga nöfn sem komu af Esaú, eftir þeirra ætternistöðum og nöfnum: Hertugi Timna, hertugi Alva, hertugi Jetet, [41]hertugi Ahalíbama, hertugi Ela, hertugi Pínon, [42]hertugi Knas, hertugi Teman, hertugi Mibsar, [43]hergtugi Magdíel, hertugi Íram. Þetta eru þeir höfðingjar í Edóm, eftir því sem þeir bjuggu í sínu erfðalandi. En Esaú er faðir þeirra Edomitarum.

37 Jakob bjó í því landi sem hans
faðir hafði verið framandi, sem
var í Kanaanslandi. 2Og þessi er Jakobs
ættkvísl: Jósef var seytján ára gamall þá
hann gætti hjarðar með sínum bræðr-
um. Og sveinninn var hjá sonum þeirra
Bila og Silpa, síns föðurs kvinnum. Og
hann sagði sínum föður frá þeirra
vondu rykti. 3Og Ísrael hafði Jósef
kærara heldur en alla aðra sína sonu,
því hann hafði getið hann í sinni elli og
hann gjörði honum einn mislitan kyrtil.
4En er hans bræður sáu það að þeirra
faðir elskaði hann meir en þá alla þá
fengu þeir hatur til hans og gátu ei
talað eitt vinsamlegt orð við hann. 5Og
það skeði eitt sinn að Jósef dreymdi
einn draum og sagði hann sínum
bræðrum. Þar af hötuðu þeir hann enn
meir. 6Því hann sagði til þeirra: „Heyrið
hvað mig hefur dreymt. 7Mér þótti að
vér bundum byndini á akri og mitt
byndini reisti sig upp og stóð en yðar
byndini beygðu sig niður fyrir mínu
byndini allt um kring.“ 8Þá svöruðu
hans bræður honum: „Muntu þá eiga
að verða vor kóngur og drottna yfir
oss?“ Og þeir fengu enn meira hatur til
hans bæði sökum hans draums og hans
orða. 9Eftir það dreymdi hann einn
annan draum og sagði sínum bræðrum,
segjandi: „Sjáið, mig dreymdi enn einn
draum. Mér þótti að sólin og tunglið og
ellefu stjörnur lutu mér.“ 10Og sem
þetta var sagt hans föður og hans
bræðrum straffaði faðir hans hann og
sagði til hans: „Hvað er það fyrir einn
draum sem þig dreymdi? Skyldi eg og
þín móðir og þínir bræður koma og til-
biðja þig?“ 11Og hans bræður öfunduðu
hann en hans faðir hugleiddi þessi orð
með sjálfum sér.

12Og sem hans bræður gengu í burt
að halda þeirra föðurs hjörð til haga í
Síkem 13sagði Ísrael til Jósef: „Þínir
bræður geyma hjarðar í Síkem. Kom,
eg vil senda þig til þeirra.“Hann svar-
aði: „Hér em eg.“ 14Og hann sagði: „Far
þangað og sjá hvort allt gengur vel þín-
um bræðrum og hjörðinni og seg þú
mér svar aftur hvað þar er tíðinda.“ Svo
sendi hann Jósef af stað úr dalnum
Hebron að hann færi til Síkem. 15Og
maður nokkur fann hann er hann villt-
ist á mörkinni, hann spurði hann að og
sagði: „Eftir hverju leitar þú?“ 16Hann
svaraði: „Eg leita eftir mínum bræðr-
um, eg bið þig að þú segir mér hvar þeir
halda hjörðinni.“ 17Maðurinn svaraði:
„Þeir eru farnir héðan því eg heyrða þá
segja: Vér viljum halda til Dótan.“ Svo
gekk Jósef eftir sínum bræðrum og
fann þá í Dótan. 18Sem þeir sáu hann nú
álengdar áður en hann kom nærri þeim
hugsuðu þeir með sér að vega hann
19og sögðu sín á milli: „Sjáið,
draummaðurinn kemur. 20Komið nú og
látum oss vega hann og köstum honum
í gryfju og segjum að illt dýr hafi slitið
hann og uppétið, þá mun sjást hvað
honum stoða hans draumar.“ 21En sem
Rúben heyrði þetta vildi hann frelsa
hann af þeirra höndum og sagði: „Eigi
skulum vér drepa hann.“ 22Og enn
sagði hann framar: „Hellið ekki út hans
blóði heldur kastið honum í þessa gröf
sem hér er í eyðimörkinni og leggið
ekki yðar hendur á hann.“ Því hann
vildi frelsa hann af þeirra höndum svo
að hann gæti aftur fengið hann sínum
föður. 23Og sem Jósef kom nú til sinna
bræðra flettu þeir hann sínum klæðum
og þeim mislita kyrtli sem hann hafði.
24Og þeir tóku hann og köstuðu honum
í eina gryfju. En sú hin sama gryfja var
tóm og vatslaus. 25Þeir settust niður að
neyta matar. Og í því bili lyftu þeir upp
sínum augum og sáu að nokkrir vegfar-
endur, Ísmaelítar komu af Gíleað, og
þeirra úlfaldar báru jurtir, balsamum
og mirram, og ferðuðust í Egyptaland.
26Þá sagði Júdas til sinna bræðra: „Hvað
stoðar oss þó að vér myrðum vorn
bróður og leynum hans blóði? 27Komið,
vér viljum selja hann þeim Ismaelitis so
að vorar hendur saurgist ekki, því að

hann er vor bróðir, vort hold og blóð.“ Og þeir hlýddu hans röddu [28]og sem
þeir madíanítersku kaupmenn reistu
þar fram hjá drógu þeir hann upp úr
gryfjunni og seldu hann þeim Ismaelitis
fyrir tuttugu silfurpeninga. Þeir fluttu
hann í Egyptaland.

[29]En þá Rúben kom nú til gryfjunnar
aftur og fann ekki Jósef þar þá reif
hann sín klæði, [30]kom til sinna bræðra
aftur og sagði: „Sveinninn er ekki þar.
Hvert skal eg fara?“ [31]Þá tóku þeir Jósefs kyrtil, sæfðu einn hafur og velktu
kyrtilinn í hans blóði. [32]Og þeir sendu
þann sama mislita kyrtil af stað og létu
færa hann þeirra föður og segja svo:
„Þetta höfum vér fundið, skoða þú
hvert það er þíns sonar kyrtill eða
ekki.“ [33]Jakob þekkti hann þegar og
sagði: „Það er míns sonar kyrtill, ólmt
dýr hefur uppétið hann, eitt glefsanda
dýr hefur svelgt Jósef.“ [34]Og Jakob reif
sín klæði og tók einn sekk og færði sig í
og sorgaði sinn son langa tíma. [35]Og allir hans synir og dætur lögðu sig til að
hugga hann. En hann vildi ekki láta sig
hugga og sagði: „Eg mun fara með
harmi í gröfina til míns sonar.“ Og hans
faðir grét hann.

[36]En þeir Madíanítar seldu Jósef í Egyptalandi þeim manni sem hét Pútífar,
hver eð var Pharaonis dróttseti og hofmeistari.

38 Það bar til á þeim sama tíma að
Júda fór ofan frá sínum bræðrum og gaf sig til eins manns af
Odollam, hann hét Híra. [2]Og þar leit
Júda eins kanversks manns dóttir,
hann hét Súha, og fékk hennar. [3]Og
sem hann lagðist með henni varð hún
þunguð og fæddi einn son, þann nefndi
hún Ger. [4]Hún varð og ólétt í annað
sinn og átti einn son, þann nefndi hún
Ónan. [5]Hún gat og enn þriðja son, þann
kallaði hún Sela. Hún var í Kesíb þá hún
fæddi hann. [6]En Júdas gifti sinn frumgetinn son Ger einni kvinnu sem hét
Tamar. [7]En hann var skálkur í augliti
DROTTINS, þar fyrir sló DROTTINN hann í
hel. [8]Þá sagði Júda til Ónan: „Gakk inn
til þinnar bróðurkvinnu og tak hana til
ekta so þú megir uppvekja þíns bróðurs
sæði.“ [9]En því að Ónan vissi það að
sæðið var ekki hans eigið, þó að hann
legðist með síns bróðurkvinnu lét hann
það á jörð falla og spillast so hann
skyldi ei uppvekja sínum bróður sæði.
[10]Það mislíkaði DROTTNI er hann gjörði,
því lét hann hann og slást í hel. [11]Þá
sagði Júda til sinnar mágkonu Tamar:
„Vert þú ein ekkja í þíns föðurs húsi þar
til minn son Sela er vaxinn.“ Því hann
hugsaði: „Ske má að hann deyi so sem
hans bræður.“ Tamar fór burt og var í
síns föðurs húsi.

[12]Og eftir marga daga liðna andaðist
dóttir Súha, húsfrú Júda. Og þar eftir
sem Júdas hafði úti sína sorg þá fór
hann upp til Timnat að klippa sína
sauði með sínum hirðir, Híra af
Odollam. [13]Þetta spurði Tamar, að mágur hennar færi upp til Timnat að klippa
sitt fé. [14]Og hún lagði sinn ekkjubúning
af sér og vafði um sig einum möttli og
huldi sig og setti sig fyrir dyrnar á þeim
vegi sem liggur til Timnat. Því hún sá
að Sela var fullvaxinn en hún var þó ei
gift honum. [15]En þá nú Júdas sá hana
ætlaði hann að vera mundi ein portkona því hún hafði hulið sitt andlit.
[16]Hann gekk af veginum þangað sem
hún sat og sagði: „Leyf mér að liggja hjá
þér.“ Því að hann vissi ekki að það var
hans sonarkvinna. Hún svaraði: „Hvað
vilt þú gefa mér að eg leyfi þér það?“
[17]Hann sagði: „Eg vil senda þér einn
geithafur af hjörðinni.“ Hún svaraði:
„Fá mér þá nokkuð í panta þar til þú
sendir mér hann.“ [18]Hann sagði: „Hvað
vilt þú þá að eg fái þér til panta?“ Hún
svaraði: „Þitt fingurgull, þinn nasadúk
og þinn staf sem þú hefur í hendinni.“
So fékk hann henni þetta og lá hjá
henni og hún fékk getnað af þeirra viðskiptum, [19]stóð upp og gekk í burt og

lagði kápuna af sér og færði sig í sinn ekkjubúning aftur.

[20]Og Júda sendi geithafurinn með sínum hirðir af Odollam og að hann skyldi heimta pantana aftur af kvinnunni en hann fann hana hvergi. [21]Þá spurði hann fólkið að í þeim stað og sagði: „Hvar mun sú portkona sem sat út við veginn í dag?“ Þeir svöruðu: „Engin portkona hefur þar verið.“ [22]Og hann kom til Júda aftur og sagði: „Ekki fann eg hana og fólkið í þeim stað sagði þar hefði engin portkona verið.“ [23]Þá sagði Júda: „Hafi hún það hún heldur. Eigi má hún væna oss ósanninda, því eg senda geithafurinn sem eg lofaða en hún fannst ekki.“

[24]Þrimur mánuðum þar eftir liðnum var Júda sagt: „Tamar, þíns sonar kona, er nú orðin portkona og sé, hér með er hún orðin ólétt í frillulífi.“ Þá svaraði Júda: „Færið hana hingað, hún skal brennast.“ [25]Og þá hún var framleidd sendi hún boð til síns mágs og sagði: „Af þeim manni hefi eg getnað fengið sem þetta heyrir til“ og sagði: „Veist þú ekki hverjum þessi hringur og þessi klútur og þessi stafur tilheyrir?“ [26]Júda þekkti það og sagði: „Hún er réttvísari en eg því eg gaf henni ekki minn son Sela.“ Og hann kenndi hennar ekki þaðan í frá.

[27]Og sem hún skyldi nú verða léttari þá gekk hún með tvíbura [28]og í sjálfri fæðingunni þá kom þar ein barnshönd í ljós. Yfirsetukonan tók þá einn rauðan þráð og batt um höndina og sagði: „Þessi skal fyrst fæðast.“ [29]En sem hann tók sína hönd að sér þá kom hans bróðir til og hún sagði: „Því hefur þú fyrir þína skuld gjört soddan sprungu?“ Og hann var nefndur Peres. [30]Þar eftir var hans bróðir fæddur sem hafði þann rauða þráð um sína hönd. Og hann var kallaður Sera.

39 Jósef var fluttur í Egyptaland. Og Pótífar, einn egypskur maður, dróttseti og hofmeistari Pharaonis kóngs keypti hann af þeim Ismaelitis sem fluttu hann ofan þangað. [2]Og Guð var með Jósef so hann varð lukkusamur og var í húsi síns herra þess egypska. [3]Og hans herra sá að DROTTINN var með honum því að allt hvað hann gjörði, það lét DROTTINN vel lukkast fyrir hans hendur. [4]Og Jósef fann náð í augliti síns herra og þjónaði honum. Og hann setti hann yfir allt sitt hús og allt hvað hann hafði, það gaf hann honum undir hans hendur. [5]Og upp frá þeim tíma sem hann hafði sett hann yfir sitt hús og yfir alla sína fjárhluti þá blessaði DROTTINN og auðgaði þess hins egypska hús vegna Jósefs. Og þar var iðugleg Guðs blessan yfir öllu því sem hann hafði, bæði heima í húsinu og so á ökrunum úti. [6]Og því gaf hann alla sína eigu Jósef í hendur og tók sér ekkert fyrir hendur, af því hann var hjá honum, utan það hann át og drakk.

En Jósef var vænn að yfirliti og fríður í ásjónu. [7]Það skeði eftir þessa tilburði að kona hans herra renndi augum til Jósefs og sagði: „Sof þú hjá mér.“ [8]En hann vildi ekki og sagði til hennar: „Sjá, minn herra tekur sér ekkert fyrir hendur það sem er í hans húsi heldur hefur hann lagt það allt í mitt vald, [9]og hann hefur ekkert so stórt í sínu húsi að hann geymi það fyrir mér, að frátekinni þér því að þú ert hans eiginkvinna. Hvernin má eg nú þá gjöra so mikið óhæfuverk og syndgast á móti Guði?“ [10]Hún talaði daglega svoddan orðum við Jósef. En hann vildi í öngvan máta samþykkjast henni í því að hann lægi með henni eða væri hjá henni. [11]Það skeði so á nokkrum degi að Jósef gekk inn í eitt hús til sýslu sinnar og þar var enginn mann af heimafólkinu. [12]Hún tók þá í hans skikkjulaf og sagði so til hans: „Sof þú með mér.“ En hann lét eftir sína skikkju í hennar höndum og gekk út af húsinu. [13]Og sem hún sá nú

að hann lét sína yfirhöfn eftir í hennar
höndum og flýði í burt [14]þá kallaði hún
á fólkið, að það kæmi í húsið til hennar
og sagði til þeirra: „Sjáið, hann hefur
haft hingað þann ebreska mann til að
veita oss vanvirðu. Hann kom hér inn
til mín og vildi hafa legið með mér, en
eg kallaði með hárri röddu. [15]En sem
hann heyrði að eg hrópaði so og kallaði
þá sleppti hann sinni skikkju við mig en
flýði sjálfur og fór út.“ [16]Og hún hélt
hans skikkju hjá sér þar til að hans
herra kom heim. [17]Og hún sagði honum
öll þau sömu orð og mælti: „Hér kom sá
inn ebreski sveinn inn til mín, sá þú
hefur haft hingað, og vildi vanvirða
mig. [18]En þá eg tók til að hrópa og kalla
þá lét hann eftir sína yfirhöfn hjá mér
og flýði í burtu.“

[19]Og sem hans herra heyrði orð sinnar kvinnu sem hún talaði til hans og
sagði: „So hefur þinn þénari gjört við
mig“, þá varð hann mjög reiður. [20]Þá
tók hans herra hann og kastaði honum
í myrkvastofu þar sem kóngsins fangar
voru varðveittir. Og hann lá þar í
myrkvastofunni. [21]En DROTTINN var
með Jósef og miskunnaði honum og lét
hann finna náð hjá höfðingja
myrkvastofunnar. [22]So hann bífalaði
undir hans hönd alla bandingjana sem
voru í myrkvastofunni so að allt hvað
hann átti að gjöra það bífalaði hann
Jósef að gjöra sinna vegna, [23]so að
höfðinginn myrkvastofunnar tók sér
ekki neitt fyrir hendur. Því að DROTTINN
var með Jósef og Guð gaf lukku til alls
þess sem hann gjörði.

40 Sá atburður var þar eftir að skenkjari kóngsins í Egyptalandi og so hans bakari brutu í móti
sínum herra Egyptalands kóngi. [2]Og
faraó reiddist báðum sínum þjónustumönnum, þeim ypparsta skenkjara
og ypparsta bakara, [3]og lét setja þá í
hofmeistarans hús í myrkvastofu þar
sem Jósef var fyrir í fangelsi. [4]Og höfðingi myrkvastofunnar setti Jósef yfir þá
að hann skyldi þjóna þeim og þeir sátu
nokkra daga í myrkvastofu. [5]Báða Egyptalandskóngs þjónustumenn,
skenkjarann og bakarann, dreymdi á
einni nóttu undir eins hvorn þeirra
sinn draum og hvers þeirra draumur
hafði sína merking. [6]Þá Jósef kom nú
inn til þeirra um morguninn og sá að
þeir voru óglaðari en þeir voru vanir.
[7]Hann spurði þá að og sagði: „Því eru
þið nú so ókátir í dag hjá því sem vani
er til?“ [8]Þeir svöruðu: „Okkur hefur
dreymt einn draum og hér er enginn
sem hann kann að ráða fyrir okkur.“
Jósef sagði: „Guð mun ráða mega
draumana. En segið mér þó hvað ykkur
dreymdi.“

[9]Þá svaraði sá hinn ypparsti skenkjari
og framsagði fyrir Jósef sinn draum og
sagði: „Eg sá í draumi vínvið standa
[10]með þremur kvíslum, þeir urðu grænir, uxu og blómguðust, so að vínberin
þar á urðu fullvaxin, [11]og eg þóttist hafa
Pharaonis borðker í minni hendi og eg
tók berin og sprengdi þau í kerið og so
rétta eg kerið í Pharaonis hönd.“ [12]Þá
sagði Jósef til hans: „Þetta er útþýðing
draumsins. Þríkvíslóttur vínviður
merkir þrjá daga [13]og að þremur dögum liðnum mun faraó upphefja þitt
höfuð og setja þig aftur til þinnar tignar
so þú munt rétta borðkerið í hans hönd
so sem þú plagaðir fyrr að gjöra. [14]En
minnstu mín þá þér vel gengur og veit
mér þá miskunn að þú segir þá pharaone að hann taki mig af þessari
myrkvastofu, [15]því að mér var með
leynd burt stolið og var eg fluttur af
landi Ebreorum. Þar með hefi eg saklaus látinn verið í þessa myrkvastofu.“
[16]Nú sem sá ypparsti bakari sá þetta, að
Jósef réð drauminn so vel, þá sagði
hann til Jósefs: „Mig dreymdi og so
draum. Eg þóttist bera þrjár hvítar
karfir á mínu höfði. [17]Og í þeirri efstu
körf voru allra handa steiktar krásir til
handa pharaone. En fuglarnir átu úr

körfinni á mínu höfði.“ 18Þá svaraði
Jósef og sagði: „Þetta er útþýðingin:
Þrjár karfir eru þrír dagar 19og eftir þrjá
daga mun faraó upphefja þitt höfuð og
festa þig á gálga og fuglar munu slíta
þitt hold af þér.“
20Á þeim þriðja degi þaðan þá hélt
faraó sinn burðardag og gjörði öllum
sínum þénurum eitt mikið gestaboð. Þá
upphóf hann þess ypparsta skenkjara
höfuð og svo þess ypparsta bakarans á
meðal sinna þénara. 21Og hann setti
þann ypparsta skenkjara aftur til síns
embættis, að hann skyldi rétta kerið í
Pharaonis hönd. 22En þann ypparsta
bakara lét hann hengja so sem Jósef
hafði útþýtt honum. 23En sá æðsti
skenkjarinn minntist ekki á Jósef held-
ur gleymdi honum.

41 Og tveimur árum þar eftir þá
dreymdi faraó kóng draum.
Hann þóttist standa á einum árbakka
2og sjá, upp úr ánni komu sjö kýr feitar
og fagrar og þær bitu græn grös jarðar.
3Eftir það sá hann aðrar sjö kýr koma
upp úr ánni, þær voru ljótar og magrar.
Þær gengu að þeim öðrum kúnum sem
voru á árbakkanum. 4Og þær enu ljótu
og mögru kýrnar uppátu þær sjö feitu
og fögru kýr. Og þá vaknaði faraó. 5Og
hann sofnaði í annan tíma og dreymdi
enn annan draum og þóttist sjá að þar
spruttu upp sjö axin á einum hálmi, full
og fögur. 6Þar eftir sá hann önnur sjö
axin uppkoma, þau voru mjó og visin.
7Og þessi sjö mjóu axin uppsvelgdu þau
sjö feitu og fullu axin. Þá vaknaði faraó
og fornam að það var einn draumur.
8En um morguninn varð hann hugsjúk-
ur. Og hann sendi út boð og heimti til
sín alla spásagnarmenn Egyptalands og
alla spekinga og sagði þeim sína
drauma. En þar fannst enginn sem þá
kunni að ráða. 9Þá talaði sá ypparsti
skenkjari til pharaonem og sagði:
„Minnist eg í dag á misgjörning minn.
10Þá faraó varð reiður upp á sína þénara
og lét setja mig og þann ypparsta bak-
ara í myrkvastofu í hofmeistarans húsi
11þá dreymdi okkur báða á einni nóttu
sinn draum hvorn okkar og hvorum
fyrir sig gekk eftir því sem hvors
draumur réðst. 12Þar var hjá okkur í
myrkvastofunni einn ungur maður ebr-
eskur, hofmeistarans þénari, honum
sögðu við okkar drauma og hann réð
þá sérhvorum okkar sinn draum og það
gekk so sem hann sagði okkur. 13Því að
eg er settur til míns embættis aftur en
sá annar var hengdur.“
14Þá sendi faraó og lét kalla á Jósef og
þeir (eð eftir honum fóru) létu hann
strax úr myrkvastofunni, klipptu hans
hár og skiptu klæðum við hann og
hann gekk inn fyrir faraó. 15Þá sagði
faraó til hans: „Mig hefur dreymt einn
draum en hér er enginn sá hann kann
að ráða. En eg hefi heyrt það sagt að þú
ráðir vel drauma.“ 16Jósef svaraði
pharaone og sagði: „Ekki er því líkt í
mínu valdi, þó mun Guð birta fyrir
pharaone farsællega hluti.“ 17Þá sagði
faraó Jósef: „Mig dreymdi eg þóttist
standa á árbakkanum 18og eg sá sjö
fagrar feitar kýr koma upp úr ánni og
þær gengu í haglendi og átu græn grös.
19Og eftir það sá eg aðrar sjö kýr upp-
koma, mjög ljótar og magrar, so að eg
hefi aldrei séð aðrar jafnmagrar í öllu
Egyptalandi. 20Og þær sjö mögru og
ljótu kýr uppátu þær fyrri sjö feitu
kýrnar. 21Og þá þær höfðu uppétið þær
sá þar ekki líkindi til að þær hefði étið
þær heldur voru þær jafn magrar sem
áður. Og þá vaknaði eg. 22Þar eftir sá eg
enn í draumi að sjö öx runnu upp á ein-
um hálmi, full og fögur. 23Þar eftir
runnu upp sjö þunn öx sem voru bæði
þunn og visin. 24Og þessi sjö þunnu
öxin uppátu þau inu sjö þykkvu öxin.
Eg hefi sagt spásagnarmönnum þessa
drauma en þar er enginn sem þá kunni
að ráða.“
25Jósef svaraði pharaone: „Báðir
pharaonis draumar merkja eitt, því Guð

vill kunngjöra pharaone hvað hann ætlar að gjöra. [26]Sjö kýr fagrar og feitar eru sjö ár og þau sjö aux eru og sjö ár. Þessir báðir draumar hafa eina merking. [27]Og sjö kýr magrar og ljótar sem uppkomu eftir hinar, það eru sjö ár og þau sjö mjóu og visin öx eru sjö hallærisár sem koma munu. [28]Þetta er nú það orð sem eg hefi sagt pharaone að Guð sýnir pharaone hvað hann vill gjöra. [29]Sjá, sjö ár munu koma með nægð alls jarðarávaxtar yfir allt Egyptaland. [30]En að þeim liðnum þá munu koma önnur sjö hallærisár svo að menn skulu gleyma allri þeirri nægð sem að nokkurn tíma var í Egyptalandi. [31]Og það hallæri skal uppéta landið svo að menn skulu ei minnast þeirrar yfirfljótanlegrar árgæsku sökum þeirrar hallæristíðar sem koma mun því hún verður mjög þung. [32]En það pharaonem dreymdi hið sama í öðru sinni, það hefur þá merking að Guð vill sannarlega og snarlega gjöra þetta. [33]Því sjái sig faraó um og fái til einn vísan og forsjálan mann og setji hann yfir allt Egyptaland [34]og að hann skikki verkstjóra yfir öll héröð landsins og taki þann fimmta hlut allra ávaxta í öllu Egyptalandi í þessi sjö árgæskuárin [35]og samansafni allrahanda vistum á þessum góðum tilkomandi árum og að safnað sé til samans korni í pharaonis kornhlöður til atvinnu og geymist í stöðunum [36]so menn megi finna fæðslur þau sjö hallærisár sem koma munu yfir Egyptaland so að landið fordjarfist ekki af hungri.“

[37]Þetta ráð líkaði pharaone vel og so öllum hans þénurum. [38] Og faraó sagði til sinna þénara: „Hvar munum vér finna einn þvílíkan mann með hverjum að Guðs Andi er?“ [39]Og hann sagði til Jósefs: „Af því að Guð hefur kunngjört þér þvílíkt so þú veist allt þetta þá er þar enginn so hygginn og forsjáll sem þú ert. [40]Þig set eg yfir mitt hús og allur minn lýður skal lúta þínu boðorði. Kóngs hásæti einu skal eg þér æðri vera.“ [41]Og enn sagði faraó til Jósefs: „Sjá, eg hefi sett þig yfir allt Egyptaland.“ [42]Og hann tók hring af hendi sér og gaf hann Jósef og klæddi hann með hvítum silkiklæðum og hengdi eina gullkeðju um hans háls. [43]Og hann lét aka honum í sínum öðrum vagni næst sér og lét kallara fyrir honum renna: „Hann er landsins faðir“, og setti hann höfðingja yfir allt Egyptaland. [44]Og faraó sagði til Jósef: „Eg er faraó. Án þíns vilja skal enginn hræra hönd eður fót í öllu Egyptalandi.“ [45]Og faraó kallaði hann „það leynda ráðið“. Og hann gaf honum Asnat til eiginnarkvinnu, sem var dóttir Pótífars kennimanns í Ón. So reisti Jósef út að skoða Egyptaland.

[46]Og hann var þrjátígi ára gamall þá hann stóð fyrir pharaone, kónginum af Egyptalandi. Og hann gekk út frá faraó og fór út um öll héröð Egyptalands. [47]Og landið leiddi af sér nægð ávaxtar um þau sjö veltiár. [48]Og hann safnaði saman allsháttuðum fæðslum sem voru á Egyptalandi og lagði þær inn í staðina til geymslu, allt það korn sem óx á ökrunum í kringum hvern stað, það alltsaman lét hann innláta. [49]Og í soddan máta safnaði Jósef ómælanlegu korni til samans svo sem sand með sjávarströndu so hann lét af að mæla það því það mátti ekki reiknast.

[50]Og Jósef átti tvo sonu áður en hallærið kom hverja eð Asnat dóttir Pótífars kennimannsins í Ón fæddi honum. [51]Og hann nefndi þann fyrra Manasse. „Því Guð“, (sagði hann), „hefur látið mig gleyma allri minni ólukku og öllu míns föðurs húsi.“ [52]Þann annan nefndi hann Efraím. „Því Guð“, sagði hann, „hefur látið mig vaxa í því landi þar eg var fátækur.“

[53]Og sem þau sjö frjóvgunarár voru umliðin í Egyptalandi [54]þá tóku þau sjö hallærisárin að koma þau sem Jósef hafði talað um. Og þar varð hallæri í

öllum löndum. En í öllu Egyptalandi var brauð. 55En sem að þar kom að Egyptalands innbyggjarar tóku að líða hungur þá bað fólkið faraó um brauð. En faraó sagði til allra egypskra: „Farið til Jósefs og hvað sem hann býður yður, það gjörið.“ 56En sem hallærið megnaðist í öllu landinu þá upplét Jósef allar kornhlöður og seldi þeim egypskum. Því að þess lengur sem hallærið var þess þyngra varð það í landinu. 57Og öll lönd komu í Egyptaland að kaupa sér atvinnur af Jósef. Því mjög megnt hungur var í öllum löndum.

42 Og sem Jakob sá að korn var til kaups í Egyptalandi þá sagði hann til sona sinna: „Því horfi þér so lengi á þetta? 2Sjáið, eg heyri sagt að korn sé til kaups í Egyptalandi. Þar fyrir farið ofan þangað og kaupið oss atvinnur so vér megum lifa og deyja ekki.“ 3Þá fóru Jósefs bræður ofan til Egyptalands að kaupa korn. 4En Jakob lét ekki Benjamín Jósefs bróður fara með sínum bræðrum því að hann sagði: „Má ske að hann megi saka nokkuð.“ 5Og Ísraels synir komu að kaupa korn með þeim öðrum sem að fóru jafnframt þeim. Því að þar var og hallæri í Kanaanslandi.

6En Jósef var höfðingi í landinu. Hann seldi kornið öllum mönnum landsins. Og sem hans bræður komu nú til hans féllu þeir niður til jarðar fyrir honum á sínar ásjónur. 7Og hann sá uppá þá og þekkti þá en hann lét sem hann þekkti þá ekki og mælti harðlega við þá og sagði til þeirra: „Hvaðan eru þér aðkomnir?“ Þeir svöruðu: „Af Kanaanslandi að kaupa oss fæðslur.“ 8En þó hann þekkti þá þá þekktu þeir hann ekki að heldur. 9Jósef minntist þá á draumana sem hann hafði áður til forna dreymt um þá og sagði til þeirra: „Þér munuð vera njósnarmenn komnir til þess að sjá hvar landið er opið.“ 10Þeir svöruðu honum: „Eigi er so, herra, þínir þénarar eru hingað komnir að kaupa fæðslur. 11Vér erum allir eins manns synir, vér erum ærlegir og þínir þénarar hafa aldrei verið njósnarmenn.“ 12Hann sagði þá til þeirra: „Nei, þér munuð sannlega komnir að skyggnast um hvar landið er opið.“ 13Þeir svöruðu honum: „Vér þínir þjónarar erum tólf bræður, eins manns synir í Kanaanslandi, og sá hinn yngsti er nú heima hjá vorum föður, en sá tólfti er ekki til.“ 14Jósef sagði til þeirra: „Þetta er það sem eg hefi sagt: Þér eruð njósnarmenn. 15Þar uppá vil eg reyna yður, so sannarlega sem faraó lifir: Þér skuluð ekki á burt fara héðan fyrr en yðar yngsti bróðir kemur hingað. 16Sendið einn af yður og látið sækja hann. En þér skuluð vera í fjötrum þar til eg reyni yðar sagnir, hvort þér segið satt eða ei. Annars eru þér so sannarlega sem kóng faraó lifir njósnarmenn.“ 17Og hann lét setja þá í myrkvastofu þrjá daga.

18En á þeim þriðja degi sagði hann til þeirra: „Ef vilji þér halda yðar lífi þá gjörið so sem eg segi, því að eg óttunst Guð. 19Ef þér eruð frómir þá veri einn af yðar bræðrum bundinn í myrkvastofu í yðarn stað en aðrir fari heim með það korn sem þér hafið keypt yðars hungurs vegna 20og hafið hingað yðar yngsta bróðir til mín, þá vil eg trúa yðrum orðum so þér skuluð ekki deyja.“ Og þeir gjörðu svo. 21Og þeir töluðust við sín á milli: „Maklega líðum vér þetta því að vér misgjörðum við bróður vorn sjáandi angist hans andar þá hann grátbændi oss og vér vildum ekki heyra hann og þar fyrir kemur nú þessi hörmung yfir oss.“ 22Rúben svaraði þeim og sagði: „Hvort sagði eg yður ekki þetta? Þá eg sagði: Syndgist ekki við sveininn, en þér vilduð ekki hlýða mér. Nú heimtist hans blóð.“ 23En þeir vissu ekki að Jósef skildi hvað þeir töluðu því hann talaði við þá fyrir einn túlk. 24Og hann sneri sér frá þeim og grét. En sem hann sneri sér nú til þeirra aftur og

talaði við þá þá tók hann Símeon og lét binda hann fyrir þeirra augum. 25Og Jósef bauð að fylla skyldi sekki þeirra með korn og láta í sekki þeirra aftur sérhvers þeirra peninga þar til með vistir uppá veginn. Og so gjörðu þeir.

26Og þeir lögðu kornið uppá sína asna og fóru í burt þaðan. 27En sem einn þeirra leysti til síns sekks og vildi gefa sínum eyk fóður í herberginu þá fann hann sína peninga að þeir lágu ofan á í sekknum. 28Og hann sagði til sinna bræðra: „Mínir peningar eru komnir til mín aftur. Sjá, þeir eru hér í mínum sekk.“ Og þeir urðu óttaslegnir og felmtsfullir og sögðu: „Hverju mun það sæta að Guð hefur gjört oss þetta?“

29En sem þeir komu nú heim til síns föðurs Jakobs í það landið Kanaan kunngjörðu þeir honum allt það sem yfir þá hafði gengið og sögðu: 30„Sá maður sem er herra í því landi hann talaði harðlega til vor og hélt oss fyrir landsins njósnara. 31En þá vér svöruðum honum: Vér erum erlegir og vorum aldrei njósnarar 32heldur erum vér tólf bræður, vors föðurs synir, og sá einn er ekki meir til en sá yngsti er enn nú heima hjá vorum föður í Kanaanslandi, 33þá sagði landsherrann til vor: „Þar af vil eg merkja hvert þér eruð frómir eður ei: Látið einn af yðrum bræðrum vera hér eftir hjá mér en þér takið fæðslur handa yðar húsum og farið heim aftur 34og hafið so yðarn yngsta bróður til mín hingað. Þá merki eg að þér eruð ekki njósnarmenn heldur erlegir, þá vil eg og gefa yður yðar bróðir aftur og so líka skulu þér mega kaupslaga hér í landi.“

35Og sem þeir helltu korninu úr sínum sekkjum þá fann hvor um sig sína peninga í sínum sekk. Og sem þeir sáu að það voru þeirra peninga hnykilskautar þá urðu þeir felmsfullir og so þeirra faðir. 36Þá sagði Jakob þeirra faðir til þeirra: „Barnlausan gjöri þér mig. Jósef er ekki á dögum og Símeon er burtu, Ben-Jamín vilji þér í burt taka, allt þetta kemur yfir mig.“ 37Rúben svaraði sínum föður og sagði: „Ef eg færi þér hann ekki aftur þá slá þú báða mína sonu í hel. Sel þú hann ekki utan í mína hönd, eg vil færa þér hann aftur.“ 38Hann sagði: „Minn son skal ekki fara þangað með yður því hans bróðir er andaður og hann er einn eftir orðinn. Ef honum félli nokkur ólukka til á veginum þeim þér farið þá munu þér leiða mínar hærur með hjartans sorg til grafarinnar.“

43 Og sem hallæristíðin þrengdi þeim fast í landinu 2og er þeim atvinnum var lokið sem þeir höfðu flutt af Egyptalandi þá mælti Jakob við sonu sína: „Farið aftur þangað og kaupið oss nokkrar fæðslur.“ 3Þá svaraði Júda og sagði: „Sá maður lagði mikið við það og talaði so: Þér skuluð ekki sjá mitt andlit nema því aðeins að yðar yngsti bróðir sé með yður. 4Sé það nú so að þú viljir senda vorn bróðir með oss þá viljum vér ferðast þangað og kaupa þér atvinnur. 5En viljir þú ekki senda hann með oss þá förum vér ekki ofan þangað því að sá maður sagði til vor: Þér skuluð ekki sjá mína ásjónu nema því aðeins að yðar bróðir sé með yður.“ 6Ísrael svaraði: „Mér til hörmungar gjörðu þér það að þér sögðuð honum að þér ættuð nú enn einn bróður.“ 7Þeir svöruðu: „Sá maður spurði oss so nákvæmlega að vorri ætt og um oss sjálfa, hvort faðir vor lifði eður hvort vér ættum bróður nokkurn? Þá svöruðu vér honum eftir því sem hann oss aðspurði. Eða hvernin mátti oss það í hug koma að hann mundi segja: Færið yðarn bróður hingað með yður?“ 8Þá sagði Júda til Ísraels síns föðurs: „Láttu sveinin fara með mér svo vér megum búa oss til og ferðast og lifum en deyjum ekki, bæði vér og þú og vor smábörn. 9Eg vil vera í borgun fyrir hann, þú skalt krefja hans af minni hendi. Og ef eg færi þér hann

ei aftur og set hann fyrir þín augu þá vil
eg bera þá synd alla mína daga. [10]Og
hefðum vér ekki tafið þá hefðum vér
allareiðu tvær reisur farið.“ [11]Þá sagði
þeirra faðir Ísrael til þeirra: „Fyrst
nauðsyn stendur til þá gjörið það og
takið af þeim besta ávexti landsins í yð-
ar sekki og færið þeim manni gjafir,
sem er nokkuð balsamum og hunang
og jurtir og myrru og dattel og mandel.
[12]Takið og aðra peninga með yður og þá
peninga sem komnir voru í yðar sekki
hafið aftur. Ske má að þar hafi mistek-
ist til. [13]Takið og hér til yðarn bróður,
takið yður upp og farið aftur til þess
manns. [14]En Guð almáttigur gefi yður
miskunnsemi fyrir þeim manni svo
hann láti koma þann annan yðarn
bróður og þennan Ben-Jamín aftur
heim með yður. En eg hlýt nú að vera
so sem sá að ræntur er sínum börnum.“
[15]So tóku þeir gáfurnar og tvefalda pen-
inga með sér og Ben-Jamín, tóku sig
upp og fóru í Egyptaland og komu fyrir
Jósef.

[16]Þá leit Jósef Ben-Jamín með þeim
og sagði til síns ráðsmanns: „Fylg þess-
um mönnum til herbergis, slátrið og
reiðið til, því þeir skulu eta með mér
miðdagsverð.“ [17]Og maðurinn gjörði
sem að Jósef bífalaði honum og fylgdi
mönnunum í Jósefs hús. [18]En þeir ótt-
uðust fyrir því að þeir voru leiddir inn í
Jósefs hús og sögðu: „Vér erum látnir
hér inn fyrir sökum þeirra peninga sem
vér fundum í vorum sekkjum so að
hann komi sökum á oss og láti síðan
einn dóm ganga yfir oss so hann kunni
með þessu að taka oss til þræla með
vorum ösnum.“ [19]Þar fyrir gengu þeir
til Jósefs ráðsmanns og töluðu við
hann fyrir dyrum úti [20]og sögðu: „Minn
herra, vér fórum fyrri ofan hingað að
kaupa fæðslur. [21]Og þá vér komum til
herbergis og leystum til vorra sekkja,
sjá, þá fann hver einn sína peninga ofan
á í sínum sekk með fullri vigt og því
höfum vér fært þá hingað með oss aft-
ur. [22]Vér höfum og tekið aðra peninga
með oss að kaupa oss fæðslur fyrir. En
vér vitum ekki hver lagt mun hafa vora
peninga aftur í vora sekki.“ [23]Þá sagði
hann: „Verið til friðs, óttist ekki, yðar
Guð og yðra feðra Guð hefur gefið yður
fésjóð í yðra sekki. Eg meðtók yðra
peninga.“ Og hann leiddi Símeon út til
þeirra [24]og leiddi þá í Jósefs hús og gaf
þeim vatn að þvo sína fætur, svo gaf
hann og þeirra eykjum fóður. [25]En þeir
tilreiddu sínar gjafir í móti því að Jósef
mundi koma um miðdaginn, því þeir
höfðu heyrt að þeir skyldu fá þar mat-
ar.

[26]En sem Jósef gekk nú inn í herberg-
ið báru þeir honum þeirra gáfur í sín-
um höndum og féllu niður til jarðar fyr-
ir honum. [27]En hann heilsaði þeim blíð-
lega og sagði: „Hversu má sá gamli
maður yðar faðir af hverjum þér sögð-
uð mér, lifir hann enn nú?“ [28]Þeir svör-
uðu: „Vel má þinn þénari vor faðir og
hann lifir enn nú.“ Og þeir lutu og féllu
niður fyrir honum. [29]Þá upplyfti hann
sínum augum og sá sinn bróður Ben-
Jamín sammæddan við sig og sagði:
„Hvert er það yðar yngsti bróðir sá er
þér sögðuð mér frá?“ Og hann sagði
framvegis: „Guð miskunni þér, minn
son.“ [30]Og Jósef flýtti sér því hans
hjarta brann af ást við sinn bróður og
tárin féllu af honum og hann gekk inn í
sitt svefnhús og grét þar. [31]Og sem
hann hafði þvegið sitt andlit gekk hann
út og lét ekki á sér sjá og sagði: „Leggið
brauð á borðið.“ [32]Svo báru þénararnir
sérílagi fyrir hann og sérílagi fyrir hans
bræður og sérílagi fyrir þá egypsku
sem átu með honum. Því að ekki leyfist
egypskum að eta með þeim ebreskum
því það er þeim svívirðulegt. [33]Og þeir
voru settir þvert yfir frá honum, sá
frumgetni eftir sinni frumgetningu og
sá inn yngsti eftir sínum unga aldri. Það
undruðust þeir aðrir sín í milli. [34]Og
hann sendi sendingar frá sér til þeirra
en þó mestar Ben-Jamín so að hann

fékk fimm slík meir en hinir aðrir. Og þeir drukku og urðu drukknir með honum.

44 Jósef bauð sínum ráðsmanni og sagði: „Fyll þú þessara manna sekki með korn, svo mikið sem í þeim liggur, og legg silfur sérhvers þeirra efst í hans sekk. 2Og legg mitt silfurker í Ben-Jamíns sekk og þá peninga sem hann gaf fyrir sitt korn.“ Hann gjörði sem Jósef bauð honum. 3Um morguninn árla létu þeir þá fara af stað með sínum ösnum. 4Og sem þeir voru skammt burt farnir af staðnum þá sagði Jósef til síns ráðsmanns: „Rís upp og far eftir þessum mönnum og höndla þá og seg þú so til þeirra: Hvar fyrir hafi þér bítalað illt fyrir gott? 5Það borðker (sem þér hafið stolið) það er það af hverju minn herra drekkur og hvert hann hefur til síns spádóms, þér hafið vondslega gjört.“

6Og þá hann hafði höndlað þá þá talaði hann þessi orð við þá. 7Þeir svöruðu honum: „Því mælir minn herra soddan orð? Fjarlægt sé það þínum þénurum að gjöra slíkt. 8Sjá, þá peninga sem vér fundum efst í vorum sekkjum færðum vér hingað úr Kanaanslandi. Og hvernin skyldum vér þá nú stela annaðhvort silfri eða gulli úr þíns herra húsi? 9Hjá hverjum sem það finnst á meðal þinna þénara hann skal deyja. Þar til viljum vér og svo vera míns herra þjónar.“ 10Hann sagði: „Já, verði svo sem þér hafið mælt. Hjá hverjum sem það finnst, hann skal vera minn þræll. En þér skuluð fara í friði.“ 11Þá hröðuðu þeir sér og tóku ofan sínar klyfjar og lögðu á jörð og sérhver leysti til síns sekks. 12Og hann rannsakaði og hóf upp hjá þeim elsta og til hins yngsta. Þá fannst borðkerið í sekk Ben-Jamíns. 13En þeir rifu sín klæði og létu upp klyfjar sínar og fóru í borgina aftur. 14Og Júda gekk með sínum bræðrum í Jósefs hús því að hann var þar þá enn. Og þeir féllu niður til fóta Jósef. 15Þá sagði Jósef til þeirra: „Því þorðu þér að gjöra þetta? Viti þér ekki að þvílíkur maður sem eg er kann vel að ráða slíkt?“ 16Júda sagði: „Hvað skulum vér segja, minn herra, eða hvað skulum vér tala? Eða hvernin kunnum vér að afsaka oss? Guð hefur fundið ranglæti þinna þénara. Sjá, vér og hann sem borðkerið fannst hjá erum míns herra þjónar.“ 17Hann sagði: „Það sé langt frá mér að eg gjöri það. Sá maður hjá hverjum kerið fannst hann skal vera minn þjón. En fari þér í friði upp til yðar föðurs.“

18Þá gekk Júda að honum og sagði: „Minn herra, leyf þínum þénara að tala eitt orð fyrir þínum eyrum, minn herra, og að þú reiðist mér ekki þínum þénara því þú ert sem sjálfur faraó. 19Minn herra spurði sína þénara að og sagði: Hafi þér og einn föður eða bróður? 20Þá svöruðu vér: Vér höfum einn gamlan föður og einn ungan svein sem hann gat í sinni elli, en hans sammæddur bróðir er látinn og þessi er einn eftir af sinnar móður sonum og hans faðir elskar hann. 21Þá sagðir þú til þinna þénara: Færið hann hingað ofan til mín, eg vil auðsýna honum náð. 22Þá svöruðu vér mínum herra: Sveinninn má ekki koma frá sínum föður. En ef hann fer frá honum þá deyr hann. 23Þá sagðir þú til þinna þénara: Komi ekki yðar yngsti bróðir hingað með yður þá skulu þér ekki sjá mitt andlit framar meir. 24Þá fórum vér af stað og komum heim til þíns þénara, míns föðurs, og kunngjörðum honum míns herra orð. 25Þá sagði vor faðir: Ferðist af stað aftur og kaupið oss fæðslur nokkrar. 26Þá svöruðum vér: Ekki þurfum vér að fara ofan þangað nema því aðeins að vor yngsti bróðir sé með oss, þá viljum vér fara þangað, því vér þorum ekki að sjá þess manns andlit ef vor yngsti bróðir er ekki með oss. 27Þá sagði þinn þénari, minn faðir, til vor: Þér vitið að mín

kvinna Rakel hefur fætt mér tvo sonu,
[28]annar þeirra fór heiman frá mér og
segja menn að hann hafi verið rifinn í
hel og síðan hefi eg ekki séð hann. [29]Og
ef þér takið nú þennan frá mér og kem-
ur honum nokkur ólukka til á veginum
þá munu þér leiða mínar hærur til graf-
arinnar með harmi. [30]Nú ef eg kem
heim til þíns þénara, míns föðurs, og
sveinninn er ekki með oss, fyrir því að
hans sál hangir við sveinsins sál [31]og
nær hann sér að sveinninn er ekki með
oss þá mun hann deyja. So færum vér
þá, þínir þénarar, hærur vors föðurs,
þíns þénara, með hjartans sorg til graf-
arinnar. [32]Því að eg, þinn þénari, er í
borgan fyrir sveininn við minn föður
og sagði eg: Ef eg færi þér hann ekki
aftur þá vil eg sekur vera alla mína
daga. [33]Lát nú þar fyrir þinn þénara
vera eftir í sveinsins stað að þjóna mín-
um herra og lát sveininn fara upp með
sínum bræðrum. [34]Því að eigi get eg
farið upp til míns föðurs ef að sveinn-
inn er ekki með mér so eg sjái uppá þá
hörmung sem koma mun yfir minn
föður.“

45 Þá gat Jósef ekki haldið sér
lengur fyrir öllum þeim sem
stóðu hjá honum og hann kallaði:
„Látið hvern mann fara út frá mér.“ Og
þar stóð ekki einn maður eftir þá Jósef
lét sína bræður þekkja sig. [2]Og hann
grét með hárri röddu so það heyrðu eg-
ypskir og það heyrðist í pharaonis hús.
[3]Og hann sagði til sinna bræðra: „Eg er
Jósef. Lifir minn faðir enn nú?“ En hans
bræður máttu öngvu svara honum, so
hræddir voru þeir orðnir fyrir hans
augliti. [4]Þá sagði hann til sinna bræðra:
„Komið hingað til mín“ og er þeir
gengu til hans þá sagði hann: „Eg er
Jósef, yðar bróðir, hvern þér selduð í
Egyptaland. [5]Hræðist ekki og hugsið
ekki að eg sé þar fyrir reiður að þér
selduð mig hingað. Því að yður til hjálp-
ar hefur Guð sent mig hingað fyrir yð-
ur. [6]Því að tvö ár eru síðan þetta hallæri
kom í landið og þar eru enn nú eftir
fimm ár á hverjum menn skulu hverki
sá né uppskera. [7]En Guð hefur sent mig
hingað undan yður að hann vill láta yð-
ur haldast við á jörðunni og frelsa
yðvart líf með stórri frelsan. [8]Og eigi
hafi þér sent mig hingað heldur Guð,
hann hefur settt mig föður pharaonis
og einn herra yfir allt hans hús og einn
höfðingja yfir allt Egyptaland. [9]Flýtið
yður nú og farið upp til míns föðurs og
segið honum: Þetta segir Jósef þinn
son: Guð hefur gjört mig að höfðingja
yfir allt Egyptaland. Kom ofan til mín,
tefðu ekki. [10]Þú skalt búa í landi Gósen
og vera nærri mér, þú og þínir synir og
þín barnabörn, þitt kvikfé smátt og
stórt og allt það þú hefur. [11]Þar vil eg
fæða þig, því þar standa enn nú fimm
hallærisár eftir, so að þú ekki fordjarf-
ist með þínu húsi og öllu því þú hefur.
[12]Sjáið, yðar augu sjá það og míns bróð-
urs Ben-Jamíns augu að eg tala munn-
lega við yður. [13]Kunngjörið mínum föð-
ur alla mína vegsemd í Egyptalandi og
allt það sem þér hafið séð, farið skyndi-
lega og komið ofan hingað með mínum
föður.“ [14]Og hann féll um háls sínum
bróður Ben-Jamín og grét. Og Ben-Ja-
mín grét og so um hans háls. [15]Og hann
kyssti alla sína bræður og grét yfir
þeim. Eftir þetta töluðu hans bræður
við hann.

[16]Þessi tíðindi komu í pharaonis hús
að Jósefs bræður voru komnir. Það lík-
aði pharaone vel og öllum hans þénur-
um. [17]Og faraó sagði til Jósefs: „Seg þú
þínum bræðrum: Gjörið svo, klyfjið yð-
ar eyki og farið heim aftur í Kanaans-
land [18]og takið yðar föður og yðvart
frændlið og komið til mín. Eg vil gefa
yður góss í Egyptalandi að þér skuluð
eta merg landsins. [19]Og bjóð þeim:
Gjörið so, takið yður vagna af Egypta-
landi handa yðar börnum og konum og
takið yðarn föður og komið hingað.
[20]Og lítið ekki eftir yðar búshlutum, því

að auðæfi alls Egyptalands skulu vera yðar.“
21Og Ísraels synir gjörðu so. Og Jósef fékk þeim vagna sem faraó bauð og so vistir á veginn. 22Hann gaf og hverjum þeirra tvennan hátíðaklæðnað. En Ben-Jamín gaf hann þrjú hundruð silfur peninga og fimm helgradagaklæði. 23Og hann sendi sínum föður þar með tíu asna klyfjaða með góss af Egyptalandi og tíu ösnur klyfjaðar af korni, brauði og vistum handa sínum föður á veginn. 24Svo lét hann sína bræður fara og þeir fóru í burt. Og hann sagði til þeirra: „Deilið ekki á veginum.“ 25Þeir fóru af Egyptalandi og komu í Kanaansland til síns föður Jakobs, 26kunngjörðu honum og sögðu: „Jósef lifir enn nú og er einn herra yfir öllu Egyptalandi.“ En hans hjarta hugsaði allt annað því hann trúði ekki þeirra sögu. 27Þá sögðu þeir honum öll Jósefs orð sem hann hafði sagt til þeirra. Og sem hann sá þá vagna sem Jósef hafði sent honum til flutnings þá endurlifnaði andi föður þeirra Jakobs. 28Og Ísrael sagði: „Það er mér nóg að minn son Jósef lifir enn nú. Eg vil fara og sjá hann áður en eg andast.“

46 Ísrael fór með öllu því hann átti. Og sem hann kom til Ber-Saba offraði hann síns föðurs Ísraels Guði fórnir. 2Og Guð sagði til hans um nótt í einni sýn: „Jakob, Jakob.“ Hann svaraði: „Hér er eg.“ 3Og hann sagði: „Eg er Guð, þíns föðurs Guð. Óttast þú ekki að fara í Egyptaland því að þar vil eg gjöra þig að einni mikillri þjóð. 4Eg vil fara ofan með þér í Egyptaland og eg vil leiða þig upp aftur hingað. Og Jósef skal leggja sínar hendur yfir þín augu.“ 5Jakob tók sig upp frá Ber-Saba og Israelis synir fluttu þeirra föður Jakob með sínum sonum og kvinnum í vögnum þeim sem faraó hafði sent að flytja þá á. 6Og þeir tóku sitt kvikfé og alla þá fjárhluti sem þeim hafði aflast í Kanaanslandi og komu í Egyptaland, Jakob og allt hans afkvæmi með honum, 7hans synir og hans sonasynir með honum, hans dætur og hans dætrabörn með honum og allt hans sæði flutti hann með sér til Egyptalands.

8Þessi eru Ísraels sona nöfn sem komu í Egyptaland: Jakob og hans synir: Rúben, Jakobs frumgetinn son. 9Rúbens synir: Hanok, Pallú, Hesron og Karmí. 10Símeons synir: Jemúel, Jamín, Óhad, Jakín, Jóhar og Sál, sonur þeirrar kanversku kvinnu. 11Leví synir: Gerson, Gahat og Merarí. 12Júda synir: Ger, Ónam, Sela, Peres og Sera. En Ger og Ónan deyðu í landi Kanaan. En Peres synir: Hesron og Hamúl. 13Ísaskar synir: Tóla, Púa, Job og Simron. 14Sebúlons synir: Sered, Elom, Jahleel. 15Þessir eru synir komnir af Lea sem hún fæddi Jakob í Mesopotamia, með sinni dóttir Dína, þessar allar sálir voru að tölu þrjátigu og þrír með sonum og dætrum. 16Synir Gað eru þessir: Sifíon, Haggí, Súní, Esbon, Erí, Aródí og Arelí. 17Synir Asser: Jamna, Jesúa, Jesúí, Bría og Sera þeirra systir. En synir Bría: Heber og Malkíel. 18Þessir eru þeir synir af Silpa sem Laban gaf sinni dóttur Lea og hún fæddi Jakob þessar sextán sálir. 19Synir Rakel, Jakobs kvinnu: Jósef og Ben-Jamín, 20og Jósef gat í Egyptalandi Manasse og Efraím, sem Asnat Pótífersdóttir, kennimannsins í Ón, fæddi honum. 21Ben-Jamíns synir: Bela, Bekel, Asbel, Gera, Naaman, Ehí, Rós, Núpím, Húpím og Ard. 22Þessir eru þeir synir af Rakel sem hún gat Jakob, allir saman fjórtán sálir. 23Synir Dan: Húsím. 24Synir Neftalí: Jasheel, Gúní, Jeser og Sillem. 25Þessir eru synir af Bíla sem Laban gaf sinni dóttur Rakel, og hún fæddi Jakob þessar sjö sálir. 26Allar sálir sem komu með Jakob í Egyptaland og komnar voru af hans lendum (að undanteknum hans sonarkonum) eru allarsaman sex og sextígi sálir. 27En Jósefs synir sem fæddir eru í Egyptalandi eru tvær sálir. So að allar sálir

sem komu í Egyptaland af Jakobs húsi
voru sjötigu. [28]Og hann sendi Júda á
undan sér til Jósefs, að hann vísaði sér
til Gósen. [29]Þá lét Jósef spenna fyrir
sinn vagn, og fór á móti föður sínum
Ísrael, til Gósen, og sem hann kom fyrir
hann, féll hann honum um háls, og grét
lengi. [30]Og Ísrael sagði við Jósef: nú vil
eg deyja, fyrst eg er búinn að sjá þig, og
fyrst þú ert enn á lífi.

[31]Jósef sagði til sinna bræðra og til
síns föðurs húss: „Eg vil fara upp til
fundar við faraó, kunngjöra honum og
segja til hans: „Mínir bræður og mitt
föðurs hús er komið til mín af landi
Kanaan og eru fjárhirðar. [32]Því þeir eru
þeir menn sem umgengist hafa með fé.
Þeirra kvikfé, smátt og stórt, og allt það
þeir eiga hafa þeir haft hingað með sér.
[33]Og þá faraó kallar nú yður fyrir sig og
segir: Hvað er yðart verklag? [34]Þá skulu
þér segja: Þínir þénarar eru þeir menn
sem umgangast með kvikfé frá vorum
ungdómi allt til þessa, bæði vér og vorir
forfeður, so þér megið búa í landi Gó-
sen. Því að þeir egypsku hafa and-
styggð á öllum fjárhirðurum.“

47 Þá kom Jósef og talaði við faraó
og sagði: „Minn faðir og mínir
bræður, þeirra kvikfé og hjörð, smá og
stór, og allt það þeir eiga er komið af
Kanaanslandi og sjá, þeir eru í landi Gó-
sen.“ [2]Og hann tók fimm af sínum
yngstum bræðrum og skikkaði þá inn
fyrir pharaonem. [3]Þá talaði faraó til
hans bræðra: „Hvert er yðart verklag?“
Þeir svöruðu: „Þínir þénarar eru fjár-
hirðarar, vér og vorir forfeður.“ [4]Og
enn sögðu þeir til faraó: „Vér erum
komnir til að búa hjá yður hér í landi.
Því þínir þénarar hafa öngva fæðu til
sinnar hjarðar, so stórlega þrengir hall-
æri Kanaansland. Þar fyrir, leyf þú þín-
um þénurum að búa í landi Gósen.“
[5]Faraó sagði til Jósef: „Þinn faðir og
þínir bræður eru komnir til þín. [6]Eg-
yptaland stendur opið fyrir þér. Lát þá
búa í því besta takmarki landsins, búi
þeir í landi Gósen. Og ef þú veist
nokkra dugnaðarmenn vera á meðal
þeirra, þá set þá yfir mínar hjarðir.“

[7]Jósef leiddi sinn föður Jakob til
fundar við pharaonem og skikkaði
hann fram fyrir hann. Og Jakob bless-
aði pharaonem. [8]En faraó spurði Jakob:
„Hversu gamall ert þú?“ [9]Jakob sagði til
pharaonem: „Minn vegferðartími er
hundrað og þrjátígi ár; fáir og illir eru
mínir dagar og ná ekki áratölu minna
forfeðra á dögum þeirrar vegferðar.“
[10]Og Jakob blessaði pharaonem og
gekk út frá honum. [11]En Jósef skikkaði
sínum föður og sínum bræðrum bú-
staði og gaf þeim eignir í Egyptalandi
þar bestir voru landskostir, sem var í
landi Raemses, so sem faraó hafði boð-
ið. [12]Og Jósef fæddi sinn föður og sína
bræður og allt sitt föðurs hús, sérhvern
eftir því sem hann hafði börn til.

[13]En þar var ekkert brauð í öllum
löndum, því að hallærið þrengdi mjög
fast að, so að Egyptaland og Kanaan
þrengdist af því hallæri. [14]Og Jósef
safnaði öllum peningum til samans sem
fundust í Egyptalandi og Kanaan fyrir
það korn sem þeir keyptu. Og hann
lagði þá alla peninga í pharaonis hús.
[15]Nú sem þá þraut peninga í Egypta-
landi og Kanaan þá komu allir egypskir
til Jósefs og sögðu: „Gef oss brauð. Því
lætur þú oss deyja fyrir þér þó að vér
höfum ei peninga?“ [16]Jósef svaraði:
„Hafið hingað yðar kvikfé, so vil eg
gefa yður fæðslur fyrir kvikfénu fyrst að
þér hafið ekki til peninga.“ [17]So færðu
þeir það til Jósefs. Og hann gaf þeim
korn fyrir þeirra hesta, sauði, uxa og
asna. So hjálpaði hann þeim með brauð
það ár í gegnum fyrir allt þeirra kvikfé.
[18]En sem það árið var úti komu þeir það
annað ár til hans og sögðu honum: „Vér
viljum ekki dylja þess fyrir herra vorum
að ei alleinasta peningar heldur og so
kvikfénu er í burt og vér höfum ekki
meira eftir handa herranum, utan vora

líkami og vorar jarðir. 19Því lætur þú oss deyja og vora akra verða í eyði? Kaup þú oss og vorar jarðir fyrir brauð, að vér og jarðir vorar séum pharaonis þrælar. Gef oss sæði so að vér megum lifa og ekki deyja og að akrarnir ekki eyðist.“

20So keypti Jósef allt Egyptaland til handa pharaone því þeir egypsku seldu hver sínar jarðir fyrir sultar sakir. Og með þessu varð landið pharaonis eign. 21Og hann útskipaði fólkinu um borgirnar frá þeim einum Egyptalands enda til annars, 22að undanteknum prestanna jörðum, þær keypti hann ekki. Því að faraó hafði skikkað prestunum hvar af þeir skyldu næra sig, af hans eign sem hann hafði gefið þeim. Þar fyrir þurftu þeir ekki að selja sínar jarðir. 23Þá sagði Jósef til fólksins: „Sjá, eg hefi í dag keypt yður og yðar akra pharaone til handa, taki þér nú korn til sáðs. 24En af ávextinum skulu þér gefa pharaone þann fimmta hlut. Þeir fjórir hlutir skulu vera yðar til sáðs og fæðslu fyrir yðar hús og heimkynni.“ 25Þeir sögðu: „Lát oss aðeins lifa og finna náð fyrir þér, vorum herra. Vér viljum gjarnan vera pharaonis þrælar.“ 26So skikkaði Jósef þeim ein lög, inn til þessa dags yfir allt Egyptaland, að hver maður skyldi gefa pharaone þann fimmta hlut. Undanteknum prestanna jörðum, þær komu ekki undir pharaonem. 27So var Ísrael búandi í Egyptalandi í landi Gósen og eignaðist það. Og þeir uxu og margfjölguðust mjög. 28Og Jakob lifði seytján ár í Egyptalandi so að hans allur aldur varð hundrað sjö og fjörutíi ár. 29Nú sem nálgaðist andlátstíð Ísrael þá kallaði hann sinn son Jósef til sín og sagði til hans: „Hafi eg fundið náð fyrir þér þá legg þína hönd undir mínar lendar og sýn mér kærleika og trú, so að þú jarðir mig ekki í Egyptalandi, 30heldur vil eg liggja hjá mínum forfeðrum. Og þú skalt flytja mig af Egyptalandi og jarða mig hjá leiðum þeirra.“ Hann sagði: „Eg vil gjöra so sem þú hefur sagt.“ 31En hann sagði: „So sver mér þar eið uppá.“ Og hann sór honum. Þá hneigði Ísrael sig í sænginni að höfðalaginu.

48 Þar eftir var Jósef sagt: „Sjá, þinn faðir er sjúkur.“ Þá tók hann sína báða sonu, Manasse og Efraím, með sér. 2Þá var sagt Jakobi: „Sjá, þinn sonur Jósef kemur til þín.“Þá hreysti Jakob sig og settist upp í sænginni 3og sagði til Jósef: „Almáttugur Guð birtist mér í Lús í landi Kanaan og blessaði mig 4og sagði til mín: Sjá, eg vil láta þig vaxa og margfaldast og láta fjölda fólks koma af þér og eg vil gefa þínu sæði þetta land til ævinlegrar eignar. 5So skulu nú þínir tveir synir, Manasse og Efraím, sem þér eru fæddir í Egyptalandi áður en eg kom hingað til þín, vera mínir, líka sem Rúben og Símeon. 6En þeir sem þú átt hér eftir, þeir skulu vera þínir og kallast sem þeirra bræður í þeirra arfskipti. 7Því að þá eg kom af Mesopotamia andaðist Rakel fyrir mér í því landi Kanaan á þeim vegi þá eg var eina mílu vegar til Efrata. Og eg gróf hana þar í þeim sama stað á veginum til Efrata“ sem nú kallast Betlehem.

8Og Ísrael sá Jósefs sonu og sagði: „Hverjir eru þessir?“ 9Jósef svaraði sínum föður: „Þessir eru mínir synir sem Guð hefur hér gefið mér.“ Hann sagði: „Lát þá hingað til mín so að eg blessi þá.“ 10Því að Ísrael glaptist sýn af elli so að hann gat ekki vel séð. Og hann leiddi þá til hans. En hann kyssti á og tók þá í fang sér 11og sagði til Jósef: „Sjá, eigi hugða eg að eg mundi sjá þitt andlit og sjá, Guð hefur að auk þess og látið mig sjá þitt sáð.“ 12Og Jósef tók þá af hans faðmi og hneigði sig til jarðar á sína ásjónu. 13So lét Jósef þá báða, Efraím sér til hægri handar mót Ísraels vinstri hönd, en Manasses til vinstri handar móti Ísraels hægri hönd, og leiddi þá til

hans. [14]En Ísrael rétti sína hægri hönd út og lagði hana á Efraíms höfuð sem var yngri og sína vinstri hönd á Manasses höfuð, skiptandi so viljandi um sínar hendur, því Manasses var sá hinn frumgetni.

[15]Og hann blessaði Jósef og sagði:

„Guð í hvers augliti mínir forfeður Abraham og Ísak gengu, sá Guð sem að fæddi mig mína lífstíð in til þessa dags,
[16]sá engill sem mig hefur frelst frá öllu vondu, hann blessi þessa sveina, að þeir kallist eftir mínu nafni og eftir minna forfeðra Abrahams og Ísaks nafni, og þeir vaxi og verði margir á jörðunni.“
[17]En sem Jósef sá það að faðir hans lagði sína hægri hönd uppá Efraíms höfuð, þá mislíkaði það honum. Og hann tók upp síns föðurs hönd af höfði Efraím og vildi leggja hana yfir Manasses höfuð [18]og sagði til hans: „Ekki so, minn faðir, þessi er sá hinn frumgetni, legg þína hægri hönd uppá hans höfuð.“ [19]En hans faðir neitaði því og sagði: „Eg veit það vel minn son, eg veit það vel. Þessi skal og verða að fólki og margfaldast. En hans yngri bróðir skal verða meiri en hann og hans sæði skal verða eitt mikið fólk.“ [20]Svo blessaði hann þá þann sama dag og sagði: „Hver sem vill blessa nokkurn í Ísrael, hann skal segja: Guð gjöri við þig líka sem við Efraím og Manasse.“ Og so setti hann Efraím fyrir Manasse. [21]Og Ísrael sagði til Jósefs: „Sjá, eg andast. Og Guð skal vera með yður og leiða yður aftur í yðvart föðurland. [22]Eg hefi gefið þér einn hluta landsins fram yfir þína bræður, hvern eg tók af þeirra hendi Amorreis með mínu sverði og boga.“

49 Jakob kallaði sína sonu fyrir sig og sagði: „Safnið yður til samans svo eg megi kunngjöra yður hvað yfir yður skal koma á seinustum dögum. [2]Heimtist saman og hlýðið til, þér Jakobs synir, og heyrið yðarn föður Ísrael. [3]Rúben, minn fyrsti son, þú ert minn kraftur og mín fyrsta magt, yppastur í offri og yppastur í ríkinu. [4]Hann rann lauslega burt sem vatn. Þú skalt ekki vera æðstur því að þú fórst upp í þíns föðurs sæng og saurgaðir mína sæng með þinni uppför. [5]Þeir bræður Símeon og Leví, þeirra sverð eru morðingjavopn. [6]Mín sál skal ekki koma í þeirra ráð og mín æra skal ekki vera í þeirra samkundu. Því þeir myrtu mann í sinni reiði og með sínum eigin vilja hafa þeir uxann fordjarfað. [7]Bölvuð verði þeirra reiði því hún er so ströng og þeirra grimmd, að hún er so hörð. Eg vil skipta þeim í Jakob og tvístra þeim í sundur meðal Ísrael. [8]Júda, þú ert þann, þig skulu þínir bræður prísa. Þín hönd skal vera á þinna óvina hálsi. Þér skulu þínir föðursynir lúta. [9]Júda er leons hvolpur, þú ert hátt kominn, minn son, við stóran sigur. Hann kraup niður og lagði sig so sem leon og so sem leoninna. Hver vill upp reisa sig í móti honum? [10]Sú konunglega spíra skal ekki burt takast frá Júda, né heldur lærimeistarinn frá hans fótum, fyrr en sá Frelsarinn kemur og að honum skulu þjóðirnar safnast. [11]Hann mun binda sinn fola við víntré og sína ösnu við þann eðla vínkvistinn. Hann mun þvo sinn klæðnað í víni og sinn möttul í vínberjablóði. [12]Hans augu eru rauðari en vín og hans tennur hvítari en mjólk.

[13]Sabúlon skal búa hjá höfninni við sjóinn og þar sem skipalagin eru og hans landamerki taka að Sídon.

[14]Ísaskar skal vera einn beinasni og skal leggja sig á milli landamerkjanna. [15]Og hann sér að hvíldin er góð og að landið er lystilegt. En hann hefur beygt sínar herðar til byrðar og er orðinn einn skattgildur þénari.

[16]Dan skal vera dómari yfir sínu fólki, so sem ein önnur ættkvísl í Ísrael. [17]Dan skal vera einn höggormur á vegi og ein naðra á götunni, bítandi í hestsins hæl

svo að sá eð ríður falli á bak aftur.
18DROTTINN, eg bíð eftir þínu hjálpræði.
19Gað herklæddur skal færa stríðsherinn fram og til baka aftur.
20Af Asser kemur það feita brauð og hann mun gjöra kóngunum til vilja.
21Neftalí er einn snar hjörtur og gefur fögur orð.
22Jósef mun vaxa, hann mun vaxa sem einn uppsprettubrunnur. Dæturnar ganga fram með valdstjórninni.
23Og þó að stórmennin reiðist og stríði í móti honum og ofsæki hann,
24so verður þó hans bogi fastur og armleggur hans handa sterkur, fyrir hendur þess hins megtuga í Jakob. Af honum eru komnir hirðarar og steinar í Ísrael.
25Af þíns föðurs Guði ert þú hólpinn og blessaður ert þú af þeim Almáttuga, með blessan af himnum ofan, með blessan af undirdjúpinu sem hér undirliggur, með blessan af brjóstinu og kviðnum.
26Þíns föðurs blessanir eru sterkari en minna foreldra blessanir (eftir ósk þeirra hávu í heiminum) og þær munu koma yfir Jósefs höfuð og yfir hvirfil á þeim Nasarenis á meðal hans bræðra.
27Ben-Jamín er einn gleypandi úlfur. Að morgni mun hann éta herfang en að kveldi skal hann herfanginu útskipta.“
28Þessir eru þeir tólf kynþættir Ísraels og þetta er það sem þeirra faðir mælti við þá þá hann blessaði þá, sérhvörn þeirra með einni sérlegri blessan.
29Og hann bauð þeim og sagði til þeirra: „Eg safnast til míns fólks. Grafið mig hjá mínum forfeðrum í þeirri gröf á Efrons Hetíters akri,
30í þeim tvefalda hellir sem liggur gegnt Mamre í landi Kanaan, hverja Abraham keypti með akrinum af Efron Hetíter til greftrunar arfs.
31Þar hafa þeir grafið Abraham og hans kvinnu Sara, þar hafa þeir og grafið Ísak og Rebekku hans kvinnu. Þar í sama stað hefi eg og so grafið Lea,
32í þeim akri og í þeim hellir sem keyptur var af sonum Het.“
33Þá Jakob hafði endað þessar skipanir til sona sinna lagði hann sínar fætur til samans í sænginni og andaðist og varð safnaður til síns fólks.

50 Þá féll Jósef yfir síns föðurs andlit og grét yfir honum og kyssti hann.
2Og Jósef bauð sínum þénörum, læknörum, að smyrja sinn föður.
3Og læknararnir smurðu Ísrael í fjörutigu daga, því að so lengi stóðu yfir smurningsdagarnir. Og egypskir menn grétu hann í fjörutígi daga.
4En sem sorgardagarnir voru nú endaðir þá talaði Jósef við pharaonis þénara og sagði: „Hafi eg nú fundið náð hjá yður þá talið við pharaonem og segið:
5Minn faðir tók einn eið af mér og sagði: Sjá, eg andast. Jarða þú mig í minni eigin gröf, hverja eg lét grafa mér í landi Kanaan. Nú bið eg að eg mætti fara upp og greftra minn föður og koma aftur.“
6Faraó svaraði: „Far þar upp og jarða þú þinn föður svo sem þú hefur svarið honum.“
7So fór Jósef upp að greftra sinn föður og allir pharaonis þénarar og allir inu elstu af hans húsi og allir enu elstu af Egyptalandi fóru með honum.
8Þar að auk allir af Jósefs húsi og hans bræður, hans föðurs fólk, þeirra börn, hjörð og fénað létu þeir aðeins eftir verða í landi Gósen.
9Þar voru og í ferð með honum vagnar og reiðmenn, svo að þetta varð einn stórmikill her.
10En er þeir komu nú til þeirrar kornhlöðu Atad, sem liggur hinumegin Jórdanar, þar höfðu þeir einn mjög stóran og bitran harm. Og hann sorgaði yfir sínum föður þar í sjö daga.
11Og sem fólkið landsins þeir Kananei sáu þann grát hjá þeirri hlöðu Atad þá sögðu þeir: „Þeir egypskir hafa þar stóran harm.“ Þar fyrir kallast sá sami staður sem liggur hinumegin Jórdanar „Egypskra harmur“.
12Og hans synir gjörðu so sem hann hafði boðið þeim
13og fluttu hann í land Kanaan og jörðuðu hann í þeim tvefalda hellir þess akurs sem Abraham hafði keypt með

þeim akri til greftrunar arfs af Efron Hetíter, þvert yfir frá Mamre. 14Og sem þeir höfðu nú jarðað hann þá fór Jósef til baka aftur í Egyptaland með sínum bræðrum og með öllum þeim sem voru farnir upp með honum til að jarða hans föður. 15En Jósefs bræður voru hræddir þá þeirra faðir var andaður og sögðu: „Ske má að Jósef sé reiður við oss og endurgjaldi oss allt það illt sem vér höfum gjört honum.“ 16Þar fyrir létu þeir segja honum so: „Þinn faðir bauð oss áður en hann andaðist 17og sagði: So skulu þér segja til Jósefs: Fyrirlát þú þínum bræðrum þeirra misgjörning og þeirra synd, að þeir hafa gjört þér so illt. Nú biðjum vér að þú fyrirgefir oss, þíns föðurs Guðs þénurum, þann misgjörning.“ Þá grét Jósef er þeir töluðu þetta við hann. 18Og hans bræður gengu til hans og féllu niður fyrir honum og sögðu: „Sjá, vér erum þínir þjónar.“ 19Jósef sagði til þeirra: „Hræðist ekki, því eg er undir Guði. 20Þér hugsuðuð að gjöra mér illt en Guð sneri því um til góðs í því hann gjörði so sem nú klárlega má sjá, að halda mörgu fólki við lífið. 21So verið nú óhræddir. Eg vil fæða yður og yðar börn.“ Og hann huggaði þá og talaði blíðlega til þeirra. 22Og Jósef bjó í Egyptalandi með öllu síns föðurs húsi. Og hann lifði hundrað og tíu ár 23og sá Efraíms börn allt til þriðju ættar. Og synir Makír, sonar Manasses, fæddust í Jósefs skaut. 24Og Jósef sagði til sinna bræðra: „Eg andast og Guð mun vitja yðar og færa yður af þessu landi inn í það land sem hann hefur svarið Abraham, Ísak og Jakob.“ 25Þar fyrir tók hann einn eið af Ísraels sonum og sagði: „Þegar Guð vitjar yðar þá berið mín bein í burtu héðan.“ 26Og Jósef andaðist þá hann var hundrað og tíu ára gamall. Og þeir smurðu hann og lögðu hann í eina kistu í Egyptalandi.

Endir þeirrar fyrstu Móses bókar

HIN AUNNUR BÓK MÓSE
EXÓDUS

1 Þessi eru nöfn Ísraelis sona sem
komu í Egyptaland með Jakob,
hver með sitt hús: [2]Rúben, Símeon,
Leví, Júda, [3]Ísaskar, Sebúlon, Ben-Ja-
mín, [4]Dan, Neftalí, Gað, Asser. [5]Og allar
sálir sem voru komnar af Jakobs lend-
um, þær voru sjötygi. En Jósef var áður
fyrir í Egyptalandi. [6]Og sem Jósef var
andaður og allir hans bræður og þeir
allir sem lifað höfðu á þeim tíma [7]þá
fjölgaði Ísraels sonu og þeir gátu börn
og jukust og urðu mjög margir, so að
landið varð fullt af þeirra mannfjölda.

[8]So kom nýr kóngur í Egyptaland,
hann vissi engin deili á Jósef. [9]Og hann
sagði til síns fólks: „Sjáið, lýður Ísraels
sona er margur og fleiri en vér. [10]Nú
vel, vér viljum þrengja þeim með
kænsku, so að ei fjölgist lýður þeirra so
mjög. Því að ef ófriður gjörist þá mega
þeir hlaupa í lið með óvinum vorum og
berjast í móti oss og fara so í burt af
landinu.“ [11]Og þar voru settir verk-
stjórnarmenn yfir þá, þeir eð þá skyldu
kvelja með þungum þrældómi. Því að
menn voru þá að byggja faraóne borg-
irnar Píþon og Raemses, að leggja inn í
hans inntektir. [12]En þess meir þeir plág-
uðu fólkið, þess meir fjölgaði það og
margfaldaðist. Og þeir héldu Ísraels-
sonu svíundulega. [13]Og þeir egypsku
þjáðu Ísraelssonu ómiskunnsamlega
með þrældómi [14]og gjörðu þeim þeirra
líf leiðinlegt með leireltu og grjótgjörð
og allrahanda verki á mörkinni og með
allrahanda erfiði sem þeir lögðu ómis-
kunnsamlega á þá.

[15]Og kóngurinn í Egyptalandi mælti
til þeirra ebresku yfirsetukvenna, ein
hét Sefóra en sú önnur Púa: [16]„Nær þið
sitjið yfir þeim ebresku kvinnum og þið
sjáið í fæðingunni að þær ala sveinbörn
þá líflátið þau. En ef meybörn eru þá
látið þau lifa.“ [17]En yfirsetukonurnar
óttuðust Guð og gjörðu ekki so sem Eg-
yptalandskóngur hafði þeim boðið,
heldur létu þær sveinbörnin lifa. [18]Þá
kallaði Egyptalandskóngur yfirsetu-
konurnar fyrir sig og sagði til þeirra:
„Því gjöri þið það að þið látið svein-
börnin lifa?“ [19]Ljósmæðurnar svöruðu
faraóne: „Þær ebresku konurnar eru
ekki líkar þeim egypsku, því að þær eru
hraustar konur, og áður en það yfirset-
ukonurnar koma til þeirra þá fæða þær
börn sín.“ [20]Þar fyrir gjörði Guð yfirset-
ukonunum gott. Og fólkið jókst og varð
mjög margt. [21]Og sökum þess að yfir-
setukonurnar óttuðust Guð þá byggði
hann þeim hús.

[22]Þá bauð faraó öllu sínu fólki og
sagði: „Kastið öllum sveinbörnum í ána
sem að fæðast og látið öll meybörn
lifa.“

2 Þar var eirn maður af húsi Leví,
hann gekk að eiga eina af Leví
dætrum. [2]Og kvinnan varð ólétt og
fæddi eirn son. Og sem hún sá að það
var eitt vænt sveinbarn geymdi hún
það í þrjá mánuði. [3]En þá hún gat eigi
lengur leynt því gjörði hún eirn kistil af
reyr og bræddi með leir og biki og lagði
þar í barnið og lét kistilinn í sefið út
með árbakkanum. [4]En hans systir stóð
langt frá og vildi sjá hvernin þetta
mundi ganga. [5]Og faraónis dóttir gekk
ofan að þvo sér í ánni og hennar jung-
frúr gengu eftir árbakkanum. En sem
hún sá kistilinn í sefinu sendi hún sínar
ambáttir þangað og lét færa sér hann.
[6]Og er hún lauk honum upp sá hún
barnið og sjá, það grét. Hún sá aumur á
því og sagði: „Það er eitt af þeim ebr-
esku börnunum.“ [7]Þá sagði barnsins
systir til faraónis dóttur: „Vilt þú að ég
fari og kalli eina af þeim ebresku kvinn-
um sem barnið fæði á brjósti sér?“

[8]Faraónis dóttir sagði til hennar: „Far þú.“ Jungfrúin fór af stað og kallaði á móður barnsins. [9]Þá sagði faraónis dóttir til hennar: „Tak þetta barn til þín og fóstra mér það upp, ég mun launa þér.“ Kvinnan tók barnið og fóstraði það upp. [10]Og þá sveirninn var vaxinn leiddi hún hann til faraónis dóttur og hún hélt hann fyrir sinn son og kallaði hann Móses, því hún sagði: „Ég hefi tekið hann úr vatni.“

[11]Og á þeim tíma þá Móses var fulltíða gekk hann út til sinna bræðra og sá kvöl þeirra. Og hann sá eirn egypskan ljósta hans bróður sem var eirn af þeim ebreskum. [12]Þá litaðist Móses um og er hann sá öngvan mann í nánd þeim vó hann þann hinn egypska og gróf hann í sandi. [13]Annars dags gekk hann út aftur og sá tvo ebreska menn þrátta sín á milli og hann sagði til hans sem órétt gjörði: „Því slær þú þinn náunga?“ [14]En hann sagði: „Hver hefur sett þig til höfðingja eður dómara yfir oss? Viltu vega mig sem þú draps þann egypska í gær?“ Þá varð Móses hræddur og sagði: „Hvernin er það orðið opinbert?“

[15]Og það kom fyrir faraónem og hann leitaði eftir að láta drepa Mósen. En Móses flýði frá faraóne og hélt sig í því landi Madían og dvaldist hjá einum brunni. [16]Og þar var eirn kennimaður í Madían, hann átti sjö dætur, þær komu þangað að ausa upp vatn og fylltu vatsrennurnar að vatna þeirra föðurs sauðum. [17]Þá komu hirðarar að og ráku þær í burt. En Móses reis upp og hjálpaði þeim og vatnaði sauðunum. [18]Og þá þær komu heim til síns föðurs Ragúel spurði hann þær að: „Því komu þér svo snart aftur í dag?“ [19]Þær sögðu: „Eirn egypskur maður leysti oss frá fjárhirðaranna hendi og jós vatnið upp fyrir oss og vatnaði sauðunum.“ [20]Hann sagði til sinna dætra: „Hvar er sá maður? Því létu þér hann fara í burt og buðuð honum ekki inn að eta með oss?“ [21]Og Móses lét sér vel líka að vera hjá þeim manni. Og hann gekk að eiga hans dóttur Sippóra. [22]Hún gat við honum eirn son, þann kallaði hann Gerson. Því að hann sagði: „Ég er orðinn eirn útlendingur í annarlegu landi.“ Og hún ól eirn annan son, þann nefndi hann Elíeser og sagði: „Míns föðurs Guð er minn hjálpari og hann frelsti mig af hendi faraónis.“

[23]Eftir langa tíma andaðist kóngurinn af Egyptalandi. En Ísraelssynir andvörpuðu undir þeirra ánauð og kölluðu. Og þeirra kall undir erfiði þeirra kom upp fyrir Guð. [24]Og Guð heyrði þeirra andvarpan og minntist á sinn sáttmála sem hann hafði gjört við Abraham, Ísak og Jakob. [25]Og hann leit til þeirra og tók þá að sér.

3 Og Móses gætti sauða Jetró, mágs síns, kennimanns í Madían, og hann hélt fénu innarlega í eyðimörku og kom til Guðs fjalls Hóreb. [2]Og engill DROTTINS birtist honum í einum glóanda eldsloga af einum runni. Og hann sá að runnurinn logaði af eldi en brann þó ekki. [3]Þá mælti hann: „Ég vil fara þangað og sjá sýn þá hina miklu, hvar fyrir runnurinn brennur ekki upp.“ [4]Og sem DROTTINN sá að hann gekk þangað að skoða þá kallaði Guð til hans úr runninum og sagði: „Móses, Móses.“ Hann svaraði: „Hér er ég.“ [5]Og hann sagði: „Kom þú ekki hér nær. Leystu skóklæði af þínum fótum því að sá staður sem þú stendur á er heilög jörð.“ [6]Og hann sagði enn framarmeir: „Ég er þíns föðurs Guð, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs.“ Moyses byrgði sitt andlit því hann þorði ekki að líta í gegn Guði. [7]Þá sagði DROTTINN: „Ég hefi séð kvöl míns fólks í Egyptalandi og heyrt þeirra kall undir þeim sem þá þrælka. Og ég veit þeirra harm [8]og ég er nú ofanfarinn að leysa þá af hendi egypskra og útleiða þá af því landi í eitt gott og vítt land og í það land sem flýtur í mjólk og hunangi, í þá staði þar nú

eru Kananei, Hetei, Amorei, Peresei, Hevei og Jebúsei. [9]Því að Ísraelssona kall er nú komið fyrir mig og ég hefi séð þeirra þrældóm með hverjum að Egyptarnir þrengja þeim. [10]So far nú þangað, ég vil senda þig til faraónem, að þú útleiðir mitt fólk, Ísraelssonu, af Egyptalandi.“ [11]Móses sagði til Guðs: „Hver em ég að ég fari til fundar við faraónem og leiði ég Ísraelssonu af Egyptalandi?“ [12]Hann sagði: „Ég vil vera með þér. Og þetta skaltu hafa til marks að ég sendi þig: Þá þú hefur leitt mitt fólk af Egyptalandi þá munu þér færa Guði fórnir á þessu fjalli.“

[13]Móses sagði til Guðs: „Sjá, þegar ég kem til Ísraelssona og ég segi til þeirra: Guð feðra yðar sendi mig til yðar, og ef þeir segja þá til mín: Hvert er hans nafn? Hverju skal ég þá svara?“ [14]Guð sagði til Mósen: „ÉG MUN VERA SÁ SEM ÉG MUN VERA“ og sagði: „Svo skaltu segja til Ísraelssona: ÉG MUN VERA, hann sendi mig til yðar.“ [15]Og enn sagði Guð til Mósen: „So skaltu segja til Ísraelssona: DROTTINN, yðra feðra Guð, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs, sendi mig til yðar. Þetta er mitt nafn að eilífu, þar með skulu menn nefna mig um aldir og að eilífu. [16]Þar fyrir, far nú þangað og safna saman öldungum Ísrael og mæl við þá: DROTTINN, Guð yðra feðra, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs, birtist mér og sagði: Ég hefi vitjað yðar og séð hefi ég allt það yður hefur skeð í Egyptalandi. [17]Og ég hefi sagt: Ég vil útleiða yður af Egyptalands ánauð inn í land Kananei, Hetei, Amorei, Peresei, Hevei og Jebúsei, í það land sem flýtur í mjölk og hunangi. [18]Og þegar þeir heyra þín orð þá skaltu og þeir elstu af Ísrael fara inn fyrir Egyptalands kóng og segja so til hans: DROTTINN, Guð ebreskra manna, hefur kallað oss. So lát oss nú fara þriggja daga leið á eyðimörk að vér færum fórnir DROTTNI Guði vorum. [19]En ég veit að Egyptalands kóngur mun ekki láta yður fara utan fyrir eina styrkva hönd. [20]Því mun ég útrétta mína hönd og ljósta Egyptaland með allrahanda stórmerkjum, þeim er ég mun gjöra á milli þeirra. Síðan mun hann láta yður fara. [21]Og ég vil gefa þessu fólki náð hjá þeim egypskum að þér skuluð ekki fara snauðir frá þeim þá þér farið af landinu [22]heldur skal hver kvinna biðja sína grannkonu og þá sem hún er í húsi með um silfurker, gullker og klæðnað, það skulu þér leggja uppá yðra sonu og dætur og ræna Egyptaland.“

4 Móses svaraði og sagði: „Sjá, ekki munu þeir trúa mér né heldur hlýða mínum orðum, heldur munu þeir segja: Guð hefur ekki vitrast þér.“ [2]Þá sagði DROTTINN til hans: „Hvað er það sem þú hefur í þinni hendi?“ Hann sagði: „Vöndur er það.“ [3]Hann sagði: „Kasta þú honum frá þér á jörðina.“ Og hann kastaði honum frá sér. Þá varð hann að einum höggormi. Og Móses flýði undan honum. [4]Þá sagði DROTTINN til hans: „Útrétt þína hönd og gríp um hans hala.“ So rétti hann út höndina og hélt honum og hann varð að einum vendi aftur í hans hendi. [5]„Þar fyrir munu þeir trúa að DROTTINN, Guð þeirra feðra, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs, hafi vitrast þér.“ [6]Og DROTTINN sagði enn aftur til hans: „Stíktu þinni hendi í barm þér.“ Og hann lét hana í sinn barm og tók hana út aftur og sjá, hún var orðin líkþrá sem snjór. [7]Og hann sagði: „Stíktu henni í barm þér aftur. Og hann stakk henni aftur í barminn og tók hana út og sjá, þá var hún orðin aftur líka sem annað hans hold. [8]„Sé það so að þeir vilji eigi trúa þér né heyra þína rödd við það fyrra teikn þá skulu þeir þó trúa þinni röddu við það seirna teiknið.“ [9]En ef þeir trúa ekki þessum tveimur jarteiknum og hlýða ekki þinni röddu þá tak vatn úr ánni og aus því uppá þurrt land,

so skal það vatn sem þú tókst úr ánni verða að blóði á þurru landi.“
10Þá sagði Móses til DROTTINS: „DROTTINN, ég hefi ekki hér til dags haft gott orðfæri síðan þú talaðir við þinn þénara, því eg hef þungt málfæri og em lítt talandi.“ 11DROTTINN sagði til hans: „Hver hefur skapað mannsins munn eða hver hefur gjört þann dumba og daufa, sjáandi eða þann blinda? Hefi ég DROTTINN ekki gjört það? 12So far nú héðan, ég vil vera með þínum munni og kenna þér hvað þú skalt tala.“ 13Móses svaraði: „Minn DROTTINN, send þú hvern þú vilt senda.“ 14Þá varð DROTTINN mjög reiður Móse og sagði: „Veit ég þó vel að þinn bróðir Aron af Leví slekti hann er málsnjallur. Og sjá, hann skal fara út í móti þér og nær hann sér þig þá mun hann fagna í sínu hjarta. 15Þú skalt tala til hans og leggja orðin í hans munn og ég vil vera með þínum og hans munni og læra ykkur hvað þið skuluð gjöra 16og hann skal tala vegna þín til fólksins. Hann skal vera þinn munnur og þú munt vera hans Guð 17og þennan vönd tak með, með hverjum að þú skalt jarteiknirnar gjöra.“
18Móses gekk burt og kom aftur til síns mágs Jetró og sagði til hans: „Kæri, leyf mér að fara so ég megi koma til minna bræðra aftur sem að eru í Egyptalandi og vita ef þeir eru enn nú á lífi.“ Jetró svaraði: „Far þú í friði.“ 19Og DROTTINN sagði til hans í Madían: „Far héðan og ferðast aftur í Egyptaland, því þeir eru dauðir sem leituðu eftir að lífláta þig.“ 20Móses tók sína kvinnu og sína sonu og setti þau uppá eirn asna og fór aftur til Egyptalands, berandi Guðs vönd í sinni hendi.
21Og DROTTINN sagði til Móse: „Sjá so til nær þú kemur aftur í Egyptaland að þú gjörir allar þessar jarteiknir fyrir faraóne sem ég hefi lagt í þínar hendur. En ég vil herða hans hjarta so að hann mun ekki láta fólkið laust. 22En þú skalt segja til hans: So segir DROTTINN: Ísrael er minn frumgetinn sonur. 23Ég býð þér að þú látir minn son lausan so hann megi þjóna mér. En viljir þú það ekki þá skal ég ljósta í hel þinn frumgetinn son.“
24En sem Móses kom til herbergis nokkurs á veginum kom DROTTINN í móti honum og vildi deyða hann. 25En Sippóra tók þá eirn stein og umskar yfirhúðina á sínum syni, snart við hans fætur og sagði: „Þú ert mér eirn blóðbrúðgumi.“ 26Þá lét hann hann vera. En hún kallaði blóðbrúðguma vegna umskurnarinnar.
27Og DROTTINN sagði til Arons: „Far þú á eyðimörk til fundar við Mósen.“ Og hann fór og mætti honum hjá Guðs fjalli og kyssti hann. 28Og Móses sagði Aroni öll orð DROTTINS þess er hann sendi og allar þær jarteiknir sem hann bauð honum. 29Þeir fóru burt og söfnuðu saman öllum þeim inum elstu af Ísraelssonum. 30Og Aron talaði öll þau orð sem DROTTINN mælti fyrir Mósen og gjörði jarteiknir fyrir fólkinu og fólkið trúði. 31Og sem þeir heyrðu það að DROTTINN hafði vitjað Ísraelssona og séð þeirra kvöl féllu þeir fram og báðust fyrir.

5 Eftir þetta gekk Móses og Aron inn fyrir faraónem og sögðu: „So segir DROTTINN Ísraels Guð: Lofa þú mínum lýð að fara og halda mér eina hátíð á eyðimörku.“ 2Faraó svaraði: „Hver er sá DROTTINN að ég heyri hans rödd og láti Ísrael lausan? Eigi veit ég neitt af þeim DROTTNI og ei læt ég Ísrael lausan.“ 3Þeir svöruðu: „Guð ebreskra manna hefur kallað oss. Leyf oss nú að fara þriggja daga leið á eyðimörk so vær megum færa fórnir DROTTNI vorum Guði að ei komi drepsótt eða sverð yfir oss.“ 4Þá sagði kóngur Egyptalands til þeirra: „Þú Móses og Aron, því vilji þið tefja fólkið frá sínu verki? Farið aftur til yðars erfiðis.“ 5Og faraó sagði enn framar meir:

„Sjá, fólkið er allareiðu of margt hér í landi og þó vilji þér nú að þeir skuli gefa upp að erfiða.“ 6Og þar fyrir á þeim sama degi bauð faraó fóvitum og verkstjórnarmönnum (sem settir voru yfir fólkið) og sagði: 7„Þér skuluð ekki hér eftir gefa agnir þessu fólki, svo sem þér hafið hér til gjört, til að brenna leirhellurnar þar við, heldur fari þeir sjálfir og safni sér ögnum og eldiviði. 8En látið þá þó gjöra jafnmargar leirhellur sem þeir hafa gjört til þessa dags og minnkið það ekki par. Því þeir ganga iðjulausir, þar fyrir kalla þeir og segja: Vér viljum fara og færa fórnir vorum Guði. 9Þrengið að þeim með erfiði so að þeir hafi nóg að gjöra og trúi ekki hégómaorðum.“

10So gengu fóvitarnir og verkstjórnarmenn fólksins út og sögðu þetta fólkinu: „So segir faraó: Öngvar agnir skulu yður gefast. 11Farið sjálfir og safnið yður sprekum þar þér getið fundið. En þó skal það ekki par minnka yðart ákveðið erfiði.“ 12So dreifðist lýðurinn hingað og þangað útum allt Egyptaland að leita sér spreka so þeir mættu hafa það í staðinn agnanna. 13Og fóvitarnir þvinguðu þá og sögðu: „Vinnið yðart daglegt ákveðið verk so sem þér gjörðuð fyrr þá þér höfðuð agnirnar.“ 14Og þeir verkstjórnarmenn sem faraónis fóvitar höfðu sett og skipað yfir Ísraels lýð voru barðir. Og þeir sögðu til þeirra: „Hvar fyrir hafi þér hvorki í dag né heldur í gær fullkomnað yðart tilsett daglegt erfiði so sem fyrr?“

15Þá gengu verkstjórarnir Ísraelissona inn fyrir faraónem, kölluðu og sögðu: „Því gjörir þú so við þjóna þína 16að þú lætur ei gefa agnir þínum þénurum og skulum vér þó jafnmargar leirhellur hnoða sem áður? Og sjá, þar ofan á eru þínir þénarar barðir og þinn lýður hlýtur að vera sektugur.“ 17Faraó svaraði: „Þér gangið iðjulausir, já, iðjulausir gangi þér og því segi þér: Vér viljum fara burt og færa fórnir DROTTNI. 18Því farið nú til verks yðars. Enginn hálmur skal yður gefast og skulu þér þó fylla tölu yðara leirhellna.“ 19Þá sáu verkstjórnarmenn Ísraelissona að það vildi verða verr, því að sagt var: „Þér skuluð ekki minnka yðart daglegt verk leirhellnanna.“ 20Og þá þeir gengu út frá faraóne kom í mót þeim Móses og Aron og þeir gengu til þeirra 21og sögðu til þeirra: „DROTTINN sjái yður og dæmi um það að þér hafið gjört oss so illa luktandi fyrir faraóne og hans þénurum og hafið fengið þeim sverðið í hendur til að drepa oss.“

22Og Móses kom fyrir DROTTIN aftur og sagði: „DROTTINN, því gjörir þú so illa við fólk þetta? Hvar fyrir sendir þú mig hingað? 23Því að síðan að ég gekk fyrst inn fyrir faraónem að tala við hann í þínu nafni þá kvelur hann lýðinn meir en áður og þú hefur ekki frelsað þitt fólk.“

6 DROTTINN sagði til Mósen: „Nú skaltu sjá hvað ég vil gjöra faraóne. Því að hann mun gefa þá lausa fyrir styrkva hönd og með styrkri hendi mun hann burt reka þá úr sínu landi.“ 2Guð talaði við Mósen og sagði til hans: „Ég er DROTTINN. 3Og ég vitraðist Abraham, Ísak og Jakob, að ég vilda vera þeirra Almáttigur Guð. En mitt nafn, JEHOVA, hef ég ekki opinberað þeim. 4Ég hefi og so uppreist minn sáttmála við þá og hét ég að gefa þeim Kanaansland, þeirra umferðarland í hverju þeir hafa verið framandi. 5So og hefi ég heyrt sýting Ísraelssona, hverja Egyptarnir þvinga með stórum þrældómi, og ég minnist á minn sáttmála. 6Þar fyrir, segðu so Ísraelssonum: Ég er DROTTINN og ég vil útleiða yður frá þrældómi egypskra manna og frelsa yður af yðar þyngslum og endurleysa yður með útréttum armlegg og stórum dómi. 7Og ég vil taka yður mér til lýðs og ég vil vera yðar Guð, svo að þér skuluð vita að ég er DROTTINN, yðar Guð,

sem út hefur leitt yður frá egypskra
manna þrældómi [8]og innleiddi yður í
það land, yfir hvert ég upphóf mína
hönd, að ég gæfi það Abraham, Ísak og
Jakob, það vil ég gefa yður til eignar.
Ég er DROTTINN.“ [9]Þetta sagði Móses
Ísraelssonum. En þeir hlýddu honum
ekki fyrir hugarangist og hörðum þræl-
dómi.

[10]Þá talaði DROTTINN við Mósen og
sagði: [11]„Far þú inn og tala við faraó-
nem Egyptalands kóng að hann leyfi
Ísraelssonum að fara af sínu landi.“
[12]Móses talaði fyrir DROTTNI og sagði:
„Sjá, Ísraelssynir hlýða mér ekki.
Hvernin skyldi þá faraó hlýða mér? Þar
með er ég með óumskornum vörum.“
[13]So talaði DROTTINN með Mósen og
Aron og gaf þeim bífalning til Ísraels-
sona og til faraónem kóngsins í Egypta-
landi að þeir leiddu Ísraelssonu burt úr
Egyptalandi.

[14]Þessir eru höfðingja í sérhverri ætt-
kvísl feðranna: Synir Rúben, þess frum-
getna sonar Ísraels eru þessir: Henok,
Pallú, Hesron, Karmí. Þessir eru kyn-
þættir komnir af Rúben. [15]Símeons syn-
ir eru þessir: Jemúel, Jamín, Óhad,
Jakín, Sóhar og Sál, sonur þeirrar kan-
versku kvinnu. Þetta er Símeons ætt-
kvísl. [16]Þessi eru sonanöfn Leví í þeirra
ættkvísl: Gerson, Kahat og Merarí. En
Leví varð hundrað sjö og þrjátygu ára
gamall. [17]Synir Gerson eru þessir: Líbní
og Símei með sínum ættkvíslum.
[18]Þessir eru Kahat synir: Amram, Jes-
ehar, Hebron, Úsíel. Og Kahat varð
hundrað þrjú og þrjátyuára gamall.
[19]Þessir Merarí synir: Mahelí og Músí.
Þessir eru komnir af Leví með sínum
ættkvíslum. [20]Og Amram tók sína föð-
urs systir Jókebed sér til eiginkvinnu.
Og hún gat við honum Aron og Móse.
En Amram varð hundrað sjö og
þrjátygu ára gamall. [21]Þessir eru Jesears
synir: Kóra, Nefeg, Síkrí. [22]Úsíels synir
eru þessir: Mísael, Elsafan, Sítrí. [23]Aron
átti Elísabet, dóttur Amínadab, systur
Nahasson. Og hún fæddi honum
Nadab, Abíhú, Eleasar, Ítamar. [24]Synir
Kóra eru þessir: Asser, Elkana, Abíasaf.
Það er sú Kóríters ætt. [25]En Elíasar, Ar-
ons son, hann tók sér af Pútíels dætr-
um sér eiginkvinnu, hún gat honum
Pínehas. Þessir eru höfðingjar á meðal
feðranna, Levítanna ættkvíslar.

[26]Þetta eru þeir Aron og Móses til
hverra DROTTINN sagði: „Færið Ísraels-
sonu af Egyptalandi með þeirra her.“
[27]Þessir eru þeir sem töluðu við faraó-
nem Egyptalands kóng, að þeir leiddi
Ísraelssonu af Egyptalandi, sem er
Móses og Aron.

[28]Og á sama degi talaði DROTTINN við
Mósen í Egyptalandi [29]og sagði til hans:
„Ég er DROTTINN. Tala þú við faraó Eg-
yptalands kóng allt það ég segi þér.“
[30]Og hann svaraði DROTTNI: „Sjá, ég er
með óumskornum vörum. Hvernin
skal þá faraó heyra mig?“

7 Og DROTTINN sagði til Mósen: „Sjá,
ég hefi sett þig til eins Guðs yfir
faraónem og Aron þinn bróðir skal vera
þinn profete. [2]Þú skalt tala allt það ég
býð þér. En Aron þinn bróðir skal tala
það fyrir faraóne að hann leyfi Ísraels-
sonum að fara af sínu landi. [3]En ég vil
forherða faraónis hjarta svo að ég gjöri
mörg tákn og stórmerki í Egyptalandi.
[4]Og faraó mun ekki hlýða yður, uppá
það ég leggi mína hönd yfir Egyptaland
og leiði minn her, mitt fólk Ísraelssonu,
af Egyptalandi með stórum dómi. [5]Og
þeir egypsku skulu fá að vita að ég er
DROTTINN nær ég nú útrétti mína hönd
yfir Egyptaland og leiði Ísraelissonu
burt frá þeim.“ [6]Móses og Aron gjörðu
so sem DROTTINN bauð þeim. [7]Og Móses
var áttatygi ára gamall en Aron þriggja
og áttatygi ára gamall þá þeir töluðu
við faraónem.

[8]Og DROTTINN sagði til Móses og
Aron: [9]„Þegar nú að faraó segir til yðar:
Sýnið yðar teikn, þá skaltu segja til Ar-
ons: Tak þinn vönd og kasta honum

fram fyrir faraónem og mun hann verða að höggormi.“ [10]Þá gengu þeir Móses og Aron inn fyrir faraónem og gjörðu so sem DROTTINN hafði boðið þeim. Og Aron kastaði sínum vendi niður fyrir faraóne og fyrir hans þénurum og hann varð að einum höggormi. [11]Þá kallaði faraó á sína spekinga og sína galdramenn. Og þeir egypsku galdramenn gjörðu eirnin líka so með sínum særingum. [12]Og hver eirn kastaði sínum vendi frá sér og þeir urðu að höggormum. En Arons vöndur gleypti þeirra vöndu. [13]So forhertist faraónis hjarta að hann hlýddi þeim ekki, so sem DROTTINN hafði talað.

[14]Og DROTTINN sagði til Móses: „Faraónis hjarta er harnað, ei vill hann leyfa fólkinu burt að fara. [15]Far þú á morgun á fund faraónis. Sjá, hann mun ganga að vatninu. Þú skalt standa gagnvart honum á árbakkanum og tak þann vönd í þína hönd sem varð að höggormi [16]og seg þú til hans: DROTTINN, Guð ebreskra manna, sendi mig til þín og hann lætur þér segja: Lofa þú mínu fólki að fara so það megi þjóna mér á eyðimörku. En þú hefur ekki viljað til þessa. [17]Þar fyrir segir DROTTINN svo: Þar af þá skaltu merkja að ég er DROTTINN: Sjá, ég mun ljósta á vatnið árinnar þessum vendi sem ég hefi í minni hendi og það skal verða að blóði [18]so að fiskarnir í ánni skulu deyja og vatnið skal úlna, so að egypska skal velgja við að drekka af því.“

[19]Og DROTTINN mælti við Mósen: „Seg til Arons: Tak þinn vönd og rétt þína hönd út yfir vötnin í Egyptalandi og yfir alla þeirra læki, strauma og stöðuvötn, og yfir allar keldur, að það verði að blóði, og þar skal verða blóð um allt Egyptaland, bæði í trékerum og í steinkerum.“

[20]Móses og Aron gjörðu sem DROTTINN hafði boðið þeim og lyftu upp vendinum og ljóstuðu á vatnið árinnar að ásjáanda faraóne og hans þénurum. Og allt vatnið árinnar varð þegar að blóði [21]og fiskarnir í ánni dóu og vötnin úlnuðu svo að egypskir menn gátu ekki drukkið vatnið nokkursstaðar úr ánni. Og öll vötn urðu að blóði um allt Egyptaland. [22]Og þeir egypsku töframenn gjörðu slíkt hið sama með sínum göldrum. Og faraónis hjarta forhertist so að hann hlýddi þeim ekki, so sem DROTTINN hafði talað. [23]Og faraó sneri sér og gekk heim og skipaðist ei hans hjarta við þetta. [24]En allir egypskir menn grófu sér brunna eftir vatni tveimmegin árinnar til að drekka. Því þeir gátu ekki drukkið af því vatni sem í ánni var. [25]Og so liðu sjö samfelldir dagar að DROTTINN sló vötnin.

8 Og DROTTINN sagði til Móses: „Gakk inn fyrir faraónem og segðu til hans: So segir DROTTINN: Lát mitt fólk fara so það megi þjóna mér. [2]En ef þú vilt ekki gjöra það, sjá, þá vil ég ljósta þitt allt land frá þeim eina landsenda og til annars með froskum [3]so að vatnið skal vella upp froskum. Og þær skulu skríða upp og koma í þitt hús, í þitt svefnherbergi, í þínar rekkjur, og í hús þinna þjónustumanna á meðal þíns fólks, og í þinn baksturofn og í þitt deig. [4]Og froskarnir skulu skríða uppá þig og uppá þitt fólk og uppá alla þína þénara.“ [5]Og DROTTINN mælti við Mósen: „Seg þú til Arons: Réttu þína hönd út með þínum vendi yfir læki og strauma og stöðuvötn og lát froska koma yfir Egyptaland.“ [6]Og Aron rétti út sína hönd yfir vötnin í Egyptalandi og þar komu út froskar svo að huldist allt Egyptaland. [7]Og töframennirnir gjörðu slíkt hið sama með sínum göldrum og létu froska koma yfir Egyptaland.

[8]Þá kallaði faraó á Mósen og Aron og sagði: „Biðjið DROTTIN að hann taki þessa froska frá mér og frá mínu fólki, þá vil ég leyfa fólkinu að fara so það megi færa fórnir DROTTNI.“ [9]Móses

sagði: „hafðu þá æru fyrir mér og kveð á nær ég skuli biðja fyrir þér og fyrir þínum þénurum og fyrir þínu fólki að froskarnir hverfi frá þér og þínu húsi og sé þær alleinasta í vötnunum.“ [10]Hann sagði: „Á morgun.“ Og hann sagði: „Sjá, það skal verða eftir því sem þú hefur sagt uppá það að þú skalt vita að þar er enginn so sem DROTTINN vor Guð. [11]So skulu froskarnir takast frá þér, frá þínu húsi og frá þínum þjónustumönnum og frá þínu fólki og skulu alleinasta vera í vötnunum.“ [12]So gengu þeir Móses og Aron út frá faraóne. Og Móses kallaði til DROTTINS um froskana sem hann hafði lofað faraóne. [13]Og DROTTINN gjörði so sem Móses hafði sagt. So dóu froskarnir í húsunum, í bæjunum og á ökrunum, [14]og þeir söfnuðu þeim saman hér og hvar í stórhrúgur, so að landið úlnaði þar af. [15]En er faraó sá að honum var hvíld gefin þá varð hans hjarta forhert so að hann hlýddi þeim ekki, svo sem DROTTINN hafði sagt.

[16]Og DROTTINN mælti við Mósen: „Segðu til Arons: Réttu þinn vönd út og ljósta á mold jarðarinnar so þar verði lýs yfir allt Egyptaland.“ [17]Og þeir gjörðu so. Og Aron útrétti sína hönd og laust vendinum í mold jarðar og komu þegar lýs á menn og fénað. Öll mold landsins varð að lúsum í öllu Egyptalandi. [18]Töframennirnir gjörðu slíkt hið sama með þeirra göldrum að þeir kæmi lúsunum í burt en þeir gátu ekki. Og lýsnar voru bæði á mönnönum og á fénaðinum. [19]Þá sögðu töframennirnir til faraónem: „Þetta er Guðs fingur.“ Og faraónis hjarta varð forhert so að hann hlýddi þeim ekki, so sem DROTTINN hafði sagt.

[20]Og DROTTINN mælti við Mósen: „Tak þig upp á morgun snemma og far til fundar við faraónem. Sjá, hann mun ganga til vatsins og segðu so til hans: Svo segir DROTTINN: Lofaðu lýð mínum að fara so hann megi þjóna mér. [21]En ef þú gjörir það ekki, sjá, þá skal ég láta koma allsháttaðar flugur yfir þig, þína þénara, þitt fólk og þitt hús, so að öll hús Egyptalands skulu fyllast af allsháttuðum flugum, svo og akrarnir og hvað sem á þeim er. [22]En á þeim degi vil ég gjöra dásamlegan hlut við land Gósen þar sem mitt fólk er, að þar skulu öngvar flugur vera, svo að þú vitir að ég er DROTTINN á allri jörðunni. [23]Og ég vil setja eina frelsan á millum míns fólks og þíns lýðs. Á morgun skal það tákn ske.“ [24]Og DROTTINN gjörði so. Og þar kom fjöldi flugna í faraónis hús, í hans þénara hús og so yfir allt Egyptaland, so að landið spilltist af flugunum.

[25]Þá lét faraó kalla til sín Mósen og Aron og sagði: „Farið og fórnfærið yðrum Guði hér á Egyptalandi.“ [26]Móses svaraði: „Ei má svo vera að vér gjörum það. Því að svívirðingar egypskra munum vér í fórnir færa DROTTNI vorum Guði. Sjá, ef vér offruðum egypskra svívirðingum fyrir þeirra augum, mundu þeir þá ekki lemja oss í hel með grjóti? [27]Vér viljum ferðast þriggja daga leið í burt héðan á eyðimörk og færa fórnir DROTTNI vorum Guði so sem hann hefur boðið oss.“ [28]Þá sagði faraó: „Ég vil leyfa yður að fara so þér fórnfærið til DROTTINS yðars Guðs á eyðimörku, þó með því móti að þér ferðist ei lengra í burt, og biðjið fyrir mér.“ [29]Móses svaraði: „Sjá, þegar ég kem út frá þér þá vil ég biðja DROTTIN að þessar flugur hverfi frá faraóne og hans þénurum og hans fólki á morgun. En pretta mig ekki oftar so þú látir ekki fólkið fara og gjöra DROTTINS offur.“ [30]Og Móses gekk út frá faraóne og bað til DROTTINS. [31]DROTTINN veiti það sem Móses bað og tók flugurnar í burt frá faraóne, frá hans þénurum og frá hans fólki, so þar var ekki ein eftir. [32]En faraó harðnaði í sínu hjarta þá enn og lét ekki fólkið fara.

9 DROTTINN mælti við Mósen: „Gakk fyrir faraónem og segðu til hans: So segir DROTTINN ebreskra manna Guð: Leyfðu mínu fólki að fara og þjóna mér. [2]En ef þú neitar því og leyfir því ekki að fara, [3]sjá, þá skal hönd DROTTINS koma yfir þig og þitt fé á mörkinni, yfir hesta, yfir asna, yfir úlfalda, yfir uxa, yfir sauði, með eirni ofurmikilli drepsóttu. [4]Og DROTTINN mun gjöra sérlega hlut millum Ísraelis hjarðar og Egyptanna. Og þar skal ekkert deyja af öllu því sem Ísraelissynir hafa.“ [5]Og DROTTINN setti tímann til og sagði: „Á morgun skal DROTTINN gjöra þetta á jörðu.“ [6]Og DROTTINN gjörði það að morni að allsháttuð Egyptalands kvikindi dóu en þar dó ekki eitt af fé Ísraelissona. [7]Og faraó sendi þangað menn sína og sjá, þá var þar ekkert dautt af Ísraelis fé. En faraónis hjarta var forharðnað so að hann gaf ekki fólkinu burtfararleyfi.

[8]Þá mælti DROTTINN við Mósen og Aron: „Takið þið ykkar hendur fullar með ösku af ofninum og Móses skal dreyfa henni í loft upp fyrir augsýn faraónis [9]að þar komi öskufall yfir allt Egyptaland og að þar komi svört illskukaun bæði á menn og fénað yfir allt Egyptaland.“

[10]Og þeir tóku upp ösku af ofninum og gengu fyrir faraónem. Og Móses dreyfði öskunni í loft upp. Þá féllu svört illskukaun bæði á menn og so fénað [11]so að töframennirnir gátu ekki staðið fyrir Móse sökum þeirra vondra kauna, því að þessi kaun voru so vel á galdramönnunum so sem á öllum öðrum egypskum mönnum. [12]En DROTTINN forherti hjarta faraónis so að hann hlýddi þeim ekki, so sem DROTTINN hafði sagt Móse.

[13]Þá mælti DROTTINN við Mósen: „Á morgun snemma skaltu upprísa og ganga fyrir faraónem og segðu til hans: Svo segir DROTTINN, ebreskra manna Guð: Leyfðu mínu fólki að fara í burt og þjóna mér, [14]elligar vil ég í þessu sinni senda allar mínar plágur yfir sjálfan þig, yfir þína þjóna og yfir þitt fólk, so að þú skalt fá að vita að minn líki er enginn í öllum löndum. [15]Því að ég vil nú útrétta mína hönd og ljósta þig og þitt fólk með drepsótt so þú verðir afmáður af jörðunni. [16]Og að vísu hefi ég þarfyrir uppvakið þig að ég vil sýna minn kraft á þér so að útberist mitt nafn um alla veröld. [17]Þú undirokar enn nú mitt fólk og vilt ekki leyfa því burt að fara. [18]Sjá, ég vil á morgun í þetta mund láta rigna so stórt hagl að aldrei mun jafnstórt komið hafa síðan Egyptaland var fyrst grundvallað inn til þessa dags. [19]Því send nú menn til að safna saman þínum fénaði og öllu því sem þú hefur á akri. Því að allt það úti verður statt og ekki er í hús innlátið, menn og fénaður, það mun af hagli drepast.“ [20]Þeir sem óttuðust Guð af faraónis þénurum þeir létu sína þénara og sinn fénað flytja í hús. [21]En þeir sem ekki létu Guðs orð falla sér til hjarta þeir létu þénara sína og kvikfé vera kyrrt á akri.

[22]Þá mælti DROTTINN við Mósen: „Rétt þína hönd í loft upp so að hagl komi yfir allt Egyptaland, yfir menn og fénað og yfir allan ávöxt jarðar í Egyptalandi.“ [23]Og Móses upprétti sinn vönd í loftið og DROTTINN lét þegar hagl koma með reiðarþrumum og eldingum ofan á jörðina. [24]Og DROTTINN lét rigna hagl yfir allt Egyptaland so að hagl og eldur fór so grimmlega hvort með öðru að svoddan hafði aldrei fyrr skeð í öllu Egyptalandi síðan það var fyrst byggt. [25]Þetta hagl sló niður allt það sem var á akrinum, bæði menn og fénað og grös akursins, so að brotnuðu öll tré niður á mörkinni í öllu Egyptalandi. [26]En í landi Gósen kom ekkert hagl þar sem Ísraelssynir bjuggu.

[27]Þá sendi faraó menn út og lét kalla til sín Mósen og Aron og sagði til þeirra: „Ég hefi enn nú syndgast.

DROTTINN er réttlátur en ég og mitt fólk erum ranglátir. [28]Biðjið DROTTIN að soddan Guðs hagl og reiðarþrumur burt takist, þá vil ég leyfa yður burt að fara so að þér skuluð ekki vera hér lengur.“ [29]Móses sagði til hans: „Þegar ég kem út af borginni þá vil ég rétta mínar hendur upp til DROTTINS, þá mun burt hverfa bæði hagl og reiðarþrumur, svo þú skalt vita að jörðin er DROTTINS. [30]En vel veit ég það að þú og þínir þénarar óttist ekki Guð DROTTIN.“ [31]Svo slóust niður bæði línakrar og byggakrar. Því að byggið var vaxið og hörin hafði knappana fengið. [32]En hveiti og rúgur var ekki niðurslegið því að þau voru seint sáð. [33]Móses gekk frá faraóne út af staðnum og upprétti sínar hendur til DROTTINS. So linnti haglinu og reiðarþrumunum og ei rigndi meir á jörðina. [34]Og sem faraó fornam að regninu, reiðarþrumunum og haglinu linnti þá syndgaðist hann enn meir og hann forherti sitt hjarta og hans þénarar. [35]So varð faraónis hjarta forharðnarð að hann lét ekki Ísraelssonu fara, so sem DROTTINN hafði boðið fyrir Mósen.

10 Og DROTTINN mælti við Mósen: „Far inn fyrir faraónem því ég hefi forhert hans hjarta og so hans þénara að ég gjöri þessi mín tákn á meðal þeirra [2]so að þú megir kunngjöra það fyrir þínum sonum og sonarsonum hvað ég hefi gjört í Egyptalandi og hvernin ég hafi auðsýnt mín teikn á meðal þeirra, að þér skuluð vita að ég er DROTTINN. [3]Þeir Aron og Móses gengu fyrir faraónem og sögðu til hans: „So segir DROTTINN, ebreskra manna Guð: Hversu lengi viltu standa í móti að auðmýkja þig ekki fyrir mér, að þú lætur ekki mitt fólk fara út héðan að þjóna mér? [4]En viljir þú ekki láta mitt fólk fara, sjá, þá vil ég á morgun láta engisprettur koma allsstaðar [5]svo þær hylja landið, so menn skulu eigi mega sjá jörð bera. Og þær skulu uppéta allt það sem eftir var fyrir haglinu og þær skulu éta öll græn ávaxtarsöm tré á akri [6]og þær skulu uppfylla hús þín, allra þinna þénara og allra egypskra manna, so að hvorki þínir feður né forfeður skulu soddan séð hafa frá þeim tíma þeir fæddust á jörðina og inn til þessa dags.“ Og hann sneri sér í burt og gekk út frá faraóne.

[7]Þá sögðu faraónis þénarar til hans: „Hversu lengi skulu vér verða hér með plágaðir? Leyfðu þessu fólki að fara so að það megi þjóna DROTTNI sínum Guði. Eða viltu áður so lengi reyna þetta þar til að Egyptaland er fordjarfað?“ [8]Og Móses og Aron voru kallaðir til baka aftur inn fyrir faraónem. Þá sagði hann til þeirra: „Farið nú og þjónið DROTTNI yðrum Guði. En hverjir eru þeir sem að helst fara skulu?“ [9]Móses sagði: „Vér viljum fara með ungum og gömlum, með sonum og dætrum, nautum og sauðum, því að vér eigum að halda vorum DROTTNI eina stórhátíð.“ [10]Þá sagði hann til þeirra: „Já, sé so DROTTINN með yður, skylda ég leyfa yður og yðar börnum burt að fara? Sjáið til, hvort þér hafið ekki vont í sinni? [11]Ekki so, heldur þér kallmenn, farið þér og þjónið DROTTNI því að þar um hafið þér beðið.“ Og þeir voru útreknir frá faraóne.

[12]Þá mælti DROTTINN við Mósen: „Rétt þína hönd yfir Egyptaland eftir engisprettunum, að þær komi yfir Egyptaland og uppéti allt aldini í landinu með öllu því sem eftir var undan haglinu.“ [13]Móses rétti sinn vönd yfir Egyptaland og DROTTINN lét koma austanvind allan þann dag og alla þá nótt uppá landið. Og að morni færði þetta austanveður engispretturnar fram. [14]Og þær komu yfir allt Egyptaland og féllu niður í öllum áttum Egyptalands, so mjög margar að slíkt hafði þar aldrei fyrr skeð og eigi heldur mun ske. [15]Því þær huldu landið og það sortnaði af þeim. Og þær uppátu allt gras í landinu og allan ávöxt trjánna sem að stóð eftir haglið og þar var ekk-

ert grænt eftir á trjánum eða grasinu á akrinum yfir allt Egyptaland. 16Þá kallaði faraó Mósen og Aron fljótlega til sín og sagði: „Ég hefi syndgað í móti DROTTNI yðrum Guði og so yður, 17fyrirlátið þér mér mín misverk og svo nú í þessu sinni og biðjið DROTTIN yðarn Guð að hann vilji nú taka burt þennan dauða frá mér.“ 18Hann gekk þá út frá faraóne og bað til DROTTINS. 19Þá sneri DROTTINN veðrinu og þar kom sterkur vestanvindur og hann upptók engispretturnar og kastaði þeim í Rauðahaf, so þar var ekki ein eftir í öllu Egyptalandi. 20En DROTTINN forherti faraónis hjarta so að hann leyfði ekki Ísraelissonum burtu að fara. 21Og DROTTINN mælti við Mósen: „Réttu þína hönd til himins, að þar verði so mikið myrkur í öllu Egyptalandi að menn megi þreifa á því.“ 22Og Móses upprétti sína hönd til himins. Þá varð þar svo svart myrkur í þrjá daga um allt Egyptaland 23að enginn sá þar annan og ei heldur stóð nokkur upp af þeim stað sem hann var staddur í þá þrjá daga. En hjá öllum Ísraelissonum þar eð þeir bjuggu var bjart. 24Þá kallaði faraó Mósen og sagði: „Farið héðan og þjónið DROTTNI, en látið alleinasta yðar naut og sauði verða eftir, yðar börn mega fara með yður.“ 25Móses sagði: „Þú mátt og gefa oss offur og brennifórn að offra Guði DROTTNI vorum. 26Vort kvikfé skal fara með oss so að ekki verði ein klauf eftir. Því vér munum taka af vorri eign sem þörf gjörist til DROTTINS vors Guðs þjónustu. Því vér vitum ekki með hverju vér skulum þjóna DROTTNI fyrr en vér komum til þess staðar.“ 27En DROTTINN forherti faraónis hjarta so að hann vildi ekki leyfa þeim burt að fara. 28Og faraó sagði til hans: „Far frá mér og varast að koma hér eftir fyrir mín augu, því að á hverjum þeim degi sem þú kemur í augsýn mér þá skaltu deyja.“ 29Móses svaraði: „Verði sem þú mælir. Ég vil ekki framar meir koma fyrir þín augu.“

11 Og DROTTINN mælti við Mósen: „Ég vil enn nú láta eina plágu koma yfir faraónem og Egyptaland. Eftir það mun hann leyfa yður burt að fara og hann mun ekki alleinasta láta yður fara, heldur mun hann reka yður í burt. 2Þar fyrir, segðu nú fólkinu að hver kallmaður biðji sinn vin og hver kvinna sína grannkonu um silfurker og gullker. 3Því að DROTTINN mun gefa fólkinu náð fyrir egypskum.“ Og Móses var mjög mikilsháttar maður í Egyptalandi, fyrir faraónis þénurum og fyrir fólkinu.

4Og Móses sagði: „So segir DROTTINN: Um miðja nótt vil ég fara um Egyptaland 5og allir frumburðir í Egyptalandi skulu deyja, frá faraónis frumgetna syni sem situr á hans stóli og til frumgetins sonar ambáttarinnar sem kvern dregur, og allur frumgetnaður fénaðarins mun deyja. 6Og þar skal koma so mikið óp í öllu Egyptalandi hvers líki aldrei hefur verið og ei skal vera. 7En meðal allra Ísraelssona skal ekki eirn hundur geyja, hvorki hjá mönnum né fénaði, so þér vitið hverja grein DROTTINN gjörir á millum egypskra manna og Ísrael. 8Þá skulu allir þessir þínir þénarar koma ofan til mín og falla mér til fóta og segja: Far þú burt og allt það fólk sem þér er undirgefið. Eftir það vil ég í burtu fara.“ Og hann gekk mjög reiður út frá faraóni. 9Og DROTTINN mælti við Mósen: „Faraó hlýðir yður ekki, uppá það að mörg tákn skulu ske í Egyptalandi.“

10Og Móses og Aron gjörðu öll þessi tákn fyrir faraóne. En DROTTINN forherti hans hjarta so að hann vildi ekki leyfa Ísraelssonum burt að fara af sínu landi.

12 DROTTINN mælti við Mósen og Aron í Egyptalandi og sagði: 2„Þessi mánuður skal vera hinn fyrsti mánuður meðal yðar og hann skal yður vera sá fyrsti mánuður ársins. 3Talið til alls almúgans af Ísrael og segið: Á tí-

unda degi þessa mánaðar skal hver húsbóndi taka eitt lamb fyrir sitt hús, já eitt lamb fyrir hvört hús. [4]En ef þeir eru ekki so margir í húsinu að þeir geti uppetið lambið þá skal hann taka sinn næsta nágranna til sín, þar til að þeir eru so margir að þeir geta uppetið lambið. [5]En þér skuluð taka það lamb sem engin lýti hefur, eitt hrútlamb ársgamalt. Það skulu þér taka af lömbunum og af kiðunum. [6]Og það skulu þér geyma til fjórtánda dags í þeim mánuði. Og allur mannfjöldi Ísraels skal sæfa það að kveldi dags. [7]Og þeir skulu taka af blóðinu og ríða því á báða dyrastafina og á það efsta dyratréð þess hússins þar þeir eta það inni. [8]Og þá sömu nótt skulu þér eta það kjöt sem er steikt við eld með ósýrðu brauði og með beisku salti. [9]Þér skuluð ekki eta það hrátt og ekki soðið í vatni, heldur steikt við eld með þess höfði og fótum og innyflum. [10]Ekki skulu þér leyfa nokkuð þar af til morguns. En ef nokkuð gengur af til morguns, það skuluð þér uppbrenna í eldi. [11]Og so skulu þér þess neyta: Gyrða skulu þér lendar yðar og hafið skó á yðrum fótum og staf í yðrum höndum. Og þér skuluð eta það so sem þeir eð fljótlega vilja ferðast. Því það er DROTTINS páskar. [12]Því að ég vil fara um Egyptaland þessa sömu nótt og drepa allan frumburð í Egyptalandi, bæði á meðal manna og fénaðar. Og ég vil auðsýna mína refsing á öllum skúrgoðum egypskra manna. Ég er DROTTINN. [13]Og það blóð skal vera yðvart mark á þeim húsum þar sem þér inni eruð, að þar sem ég sé blóðið þar vil ég ganga fram hjá yður. Og þar skal enginn plága koma á yður sem yður fordjarfi nær ég slæ Egyptaland.

[14]Og þann sama dag skulu þér halda til minningar og hann skulu þér og yðar eftirkomendur halda DROTTNI helgan til eirnrar hátíðar, þér og allir yðrir eftirkomendur, á tilsettum tíma. [15]Ósýrt brauð skulu þér eta í sjö daga, sem er: þann fyrsta dag skal burt takast súrt brauð úr yðrum húsum. Hver sem etur súrt brauð frá þeim fyrsta degi allt til þess sjöunda, hans sál skal upprætast af Ísrael. [16]Sá fyrsti dagur skal vera helgur að þér komið þá til samans. Sá sjöundi skal og vera helgur að þér komið þá til samans. Ekkert erfiði skuluð þér fremja á þeim dögum, utan það sem til matgjörða heyrir handa allsháttuðum sálum, það megi þér aðeins gjöra. [17]Og þér skuluð halda ósýrðra brauða hátíð. Því að á þann sama dag færða ég yður her út af Egyptalandi. Þar fyrir skulu þér og allir yðar eftirkomendur halda þennan dag til eirnrar ævinlegrar skikkanar. [18]Þann fjórtánda dag í mánaðinum að kveldi skulu þér ósýrt brauð eta og til þess tuttugasta og fyrsta dags í sama mánaði að aftni. [19]Þar skal ekki finnast sýrt brauð í yðrum húsum á þeim sjö dögum. Því hver sem etur sýrt brauð, hans sál skal upprætast frá Ísraelis samkundu, hvert hann er heldur tilkomandi eður innbyggjari í landinu. [20]Þar fyrir, etið með öllu ekkert sýrt brauð heldur einskostar ósýrt brauð í öllum yðar hýbýlum.“

[21]Þá kallaði Móses alla þá elstu af Ísrael til saman og sagði til þeirra: „Útveljið og takið yður sauði, sérhver til síns heimkynnis, og slátrið páskalambi. [22]Og takið eitt bindini með ýsóp og drepið því í blóðið það sem er í mundlauginni og ríðið því framan á dyratréð og so á báða dyrastólpana. Og engin manneskja skal fara út fyrir dyrnar á sínu húsi fyrr en að morni. [23]Því að DROTTINN vill fara um kring og ljósta þá egypsku. Og þar hann sér blóðið á dyratrénu og á báðum dyrastólpunum þá mun hann ganga fram hjá um þær dyr og láta ekki fordjarfan koma í yðar hús að skaða yður. [24]Þar fyrir halt þessa skikkan fyrir þig og þín börn ævinlega. [25]Og þegar þér komið í það land sem DROTTINN mun gefa yður so sem hann hefur sagt þá haldið þessa þjónustu-

gjörð. [26]Og þá yðar börn segja til yðar: Hvað er þetta fyrir þjónustugjörð? [27]Þá skulu þér svara: Það er DROTTINS páskaoffur sem gekk framhjá Ísraelis fólki í Egyptaland þá hann sló Egyptana en frelsaði vor hús.“ Þá féll fólkið fram og baðst fyrir. [28]Og Ísraelissynir gengu í burt og gjörðu so sem DROTTINN hafði boðið þeim Móse og Aron.

[29]Og um miðnáttartíma drap DROTTINN allan frumburð í Egyptalandi, frá faraónis frumgetna syni sem sat á hans stóli og allt til frumgetnings þess sem sat í myrkvastofu, og so fénaðarins frumburð. [30]Þá stóð faraó upp og allir hans þénarar og so allur landslýður á þeirri nóttu og þar gjörðist eitt mikið óp í Egyptalandi. Því að þar var ekki eitt hús að ei væri dauður maður inni. [31]Og hann kallaði á Mósen og Aron um nóttina og sagði: „Takið yður upp og farið frá mínu fólki, þér og Ísraelissynir. Farið og þjónið yðrum DROTTNI sem þér hafið sagt. [32]Takið og með yður yðar naut og sauði so sem þér hafið talað. Farið og blessið mig.“

[33]Og þeir egypsku þrengdu að fólkinu og ráku það hastarlega af landinu því þeir sögðu: „Vér munum allir deyja.“ [34]Og fólkið bar með sér hrátt deig þeim til fæðslu áður en það gat súrnað og bundu það í sínum klæðum og báru það á öxlum sér. [35]Og Ísraelssynir höfðu gjört sem Móses sagði og báðust af egypskum eftir silfurkerum, gullkerum og klæðnaði. [36]DROTTINN hafði og gefið fólkinu náð fyrir þeim egypsku so að þeir lánuðu þeim þetta. Og þeir ræntu þá egypsku.

[37]So ferðuðust Ísraelssynir frá Raemses og til Súkót, sex sinnum hundrað þúsund manna fótgönguliðs, að auk börn [38]og margt annað almúgafólk sem að fylgdi þeim, so og naut og sauðir og mjög mikið kvikfé. [39]Og þeir bökuðu ósýrðar kökur af því hráu deigi sem þeir báru af Egyptalandi. Því það var ekki súrnað sökum þess að þeir voru so fljótlega reknir af Egyptalandi og máttu þar ekki lengur tefja og þeir höfðu ekki neitt annað búið sér til vegarnestis.

[40]Ísraelssynir höfðu þá búið í Egyptalandi fjögur hundruð og þrjátygu ár. [41]Og þá þessi ár voru liðin þá gekk allur DROTTINS her af Egyptalandi á einum degi. [42]Þar fyrir halda menn DROTTNI þá nátt því að hann leiddi þá af Egyptalandi. Þá nótt skulu Ísraelssynir DROTTNI helga halda, þeir og þeirra eftirkomendur.

[43]Og DROTTINN mælti við Mósen og Aron: „Þessi er háttur páskahaldsins: Enginn útlendingur skal eta þar af. [44]En sé þar nokkur þræll sá sem keyptur er, láti hann sig umskera, so má hann eta þar af. [45]Enginn útlendingur eða leigumaður skal eta þar af. [46]Menn skulu og eta það í einu húsi. Þér skuluð ekkert bera af kjötinu út af húsinu. Þér skuluð og ekkert þess bein í sundur brjóta. [47]Öll Ísraelis samkunda skal þetta so gjöra. [48]Sé það so að þar búi nokkur útlendingur hjá þér og vilji halda herrans páska, þá skal hann umskera allt kallkyns og þá má hann koma og gjöra það og skal hann þá vera so sem eirn annar sá þar er óðalborinn. Því að enginn óumskorinn skal eta þar af. [49]Þessi lög skulu eins vera fyrir þá sem óðalbornir eru í landi so sem fyrir þá framandi sem búa á meðal yðar.“ [50]Og allir Ísraelssynir gjörðu so sem DROTTINN hafði boðið Móse og Aron.

[51]Á þeim sama degi leiddi DROTTINN Ísraelssonu af Egyptalandi og þeirra her.

13 Og DROTTINN mælti við Mósen og sagði: [2]„Helgið mér allan frumburð sem fyrst opnar allsháttar móðurlíf á meðal Ísraelssona, bæði af mönnum og fénaði, því að það heyrir mér til.“

[3]Og Móses sagði til fólksins: „Verið minnugir þessa dags á hverjum þér

genguð út af Egyptalandi, úr þrældóms húsi, því að DROTTINN leiddi yður út þaðan með styrkri hendi. Þar fyrir skaltu ekki eta súrdeig. [4]Í dag eru þér útgengnir í þeim mánuði Abíb. [5]Og nú þegar að DROTTINN hefur innleitt þig í landið Kananei, Hetei, Amorei, Hevítei, Jebúsei, hvert han sór þínu forfeðrum að gefa þér það land sem flýtur í mjólk og hunangi, þá skaltu halda þessa þjónustugjörð í þeim mánuði. [6]Sjö daga skaltu eta ósýrt brauð og á þeim sjöunda degi er DROTTINS hátíð. [7]Þar fyrir skaltu eta ósýrt brauð í sjö daga so að ekkert súrdeig né súrt brauð sjáist hjá þér í öllum þínum landsálfum. [8]Og þér skuluð segja þetta fyrir yðrum sonum á þeim degi: „Þetta höldum vér þess vegna sem DROTTINN gjörði oss þá vér fórum af Egyptalandi. [9]Þar fyrir skal þetta vera þér eitt teikn í þinni hendi og ein minning fyrir þínum augum so að Guðs lögmál sé í þínum munni, að DROTTINN útleiddi þig af Egyptalandi með eirnri styrkri hönd. [10]Þar fyrir haldið þessa skikkan á sínum tíma hvört ár.

[11]Og þá DROTTINN hefur innleitt þig í land Kanaans sem hann sór þér og þínum forfeðrum og þá hann hefur gefið þér það, [12]þá skaltu fráskilja DROTTNI til handa allt það sem opnar sinnar móðurkvið, og þann fyrsta framburð af fénaðinum sem kallkyns er. [13]Frumburð asnans skaltu leysa með einum sauð. En leysir þú hann ekki þá brjót hann úr hálsliðunum. En allan mannlegan frumgetnað meðal þinna sona þá skaltu leysa. [14]Og þá þinn sonur spyr þig að í dag eða á morgun og segir: Hvað er það? Þá svara þú honum so: DROTTINN leiddi oss af Egyptalandi, frá því þrældóms húsi, með eirnri styrkri hendi. [15]Því að þá faraó var forhertur og vildi ekki leyfa oss burtför þá sló DROTTINN í hel alla frumburði í Egyptalandi, frá þeim fyrsta manns frumburði og allt til fénaðarins fyrsta frumburðar. Þar fyrir fórnfærum vér DROTTNI allt það sem fyrst opnar sinnar móður kvið, það sem er kallkyns, og ég leysi frumburð minna barna. [16]Og þetta skal vera þér eitt merki í þinni hendi og til eirnrar minningar fyrir þínum augum það DROTTINN hefur leitt oss af Egyptalandi með eirni sterkri hendi.“

[17]Og sem faraó hafði leyft fólkinu burt að fara þá leiddi Guð þá ekki þann veg sem liggur í gegnum landið Filistínorum sem þeim var nálægast því Guð hugsaði: „Ske má að fólkið megi iðrast þá það sér að bardagar rísa í móti því og snúi aftur í Egyptaland.“ [18]Þar fyrir leiddi hann fólkið á þann veg eyðimerkur sem liggur út með því rauða hafi. Og Ísraelssynir fóru vopnaðir af Egyptalandi. [19]Og Móses tók Jósefs bein út með sér því að hann hafði tekið eirn eið þar uppá af Ísraelssonum og sagt: „Guð mun vitja yðar, þá flytjið mín bein burt með yður.“ [20]Og þeir reistu út frá Súkót og settu sínar herbúðir í Etam fremst í eyðimörkinni. [21]Og DROTTINN gekk fyrir þeim um dagana í einum skýstólpa og leiddi þá beinan veg, en um nætur í einum eldstólpa og lýsti þeim að ganga bæði dag og nótt. [22]Sá skýstólpi veik ekki frá fólkinu um daga og eigi heldur eldstólpinn um nætur.

14 Og DROTTINN mælti við Mósen og sagði: [2]„Tala þú til Ísraelssona og seg þú þeim að þeir snúi aftur og setji sínar herbúðir hjá þeim dal Hírót sem liggur millum Mígdól og sjávarins gegnt Baal-Sefón og setji sínar herbúðir þar þvert yfir hjá sjónum. [3]Því faraó mun segja um Ísraelssonu: Þeir fara villt í landinu, eyðimörkin hefur innibyrgt þá. [4]Og ég vil forherða hans hjarta so að hann skal fara eftir þeim. Og ég vil vinna prís á faraóne og allri hans magt. Og egypskir skulu vita að ég er DROTTINN.“ Og þeir gjörðu so.

[5]Og sem kóngur Egyptalands frétti það að fólkið var burtflúið þá umsnerist

hjarta hans og hans þénara við fólkið og sagði: „Því höfum vér þetta gjört að vér leyfðum Ísrael að fara í burt so að hann þjóni oss ekki?“ [6]Og hann lét spenna fyrir sína vagna og safnaði liði að sér. [7]Hann tók sex hundruð útvaldra vagna og so líka aðra vagna sem voru í Egyptalandi og hershöfðingjana yfir allan sinn her. [8]Því DROTTINN herti faraónis hjarta, kóngsins af Egyptalandi, so að hann fór eftir Ísraelssonum. En Ísraelssynir voru útgengnir með einum háum armlegg. [9]So sóttu nú þeir egypsku eftir þeim með hestum, vögnum og riddaraliði og með allan faraónis her og náðu þeim við Hafið rauða þar sem þeir höfðu sett sínar herbúðir í dalnum Hírót gegnt Baal-Sefón.

[10]Og þá faraó nálgaðist þá þá upphófu Ísraelssynir sín augu og sjá, þá komu þeir egypsku sækjandi eftir þeim. Og þeir óttuðust harla mjög og kölluðu til DROTTINS [11]og sögðu til Mósen: „Voru þar ekki grafir í Egyptalandi? Þurftir þú að leiða oss í burt til þess að deyja hér í eyðimörku? Því gjörðir þú oss þetta að þú leiddir oss af Egyptalandi? [12]Hvort er nú ekki þar komið sem vér sögðum til þín í Egyptalandi: Lát oss vera kyrra og lát oss þjóna heldur egypskum, því að betra er að vér þjónum þeim en að vér deyjum í eyðimörku.“ [13]Þá sagði Móses til lýðsins: „Óttist ekki, standið stöðugir og sjáið hjálp DROTTINS þá sem hann mun veita yður í dag. Því að egypska menn þessa sem þér sjáið í dag þá munuð þér eki sjá meir að eilífu. [14]DROTTINN mun berjast fyrir yður, þér skuluð vera kyrrir.“ [15]DROTTINN mælti við Mósen: „Því kallar þú til mín? Seg þú til Ísraelssona að þeir fari leið sína. [16]En þú, hef upp þinn vönd og rétt hönd þína yfir sjóinn og skiptu honum í sundur so að Ísraelssynir megi ganga þar í gegnum með þurrum fótum. [17]Sjá, ég vil forherða hjarta egypskra manna so að þeir skulu fara eftir yður. So vil ég vinna prís á faraóne og á allri hans magt, vögnum og riddaraliði, [18]svo að egypskir skulu vita að ég er DROTTINN, nær ég hefi unnið prís á faraóne og hans vögnum og riddaraliði.“

[19]Þá upptók sig Guðs engill sá sem gekk undan Ísraelis her og hann fór til baka við þá [20]og sá skýstólpi hófst upp frá þeirra augliti og settist niður á bak við þá og var milli herbúða þeirra egypsku og Ísraels hers og var eirn myrkur skýstólpi upplýsandi nóttina so að þeir og þessir kunnu ei að komast til samans alla þá nótt.

[21]Nú sem Móses útrétti sína hönd yfir hafið þá lét DROTTINN það burthverfa fyrir eirn sterkan austanvind alla þá nótt so að sjórinn varð þurr og vatnið brast í sundur. [22]Og Ísraelssynir gengu mitt í hafið þurrum fótum. Og vatnið var þeim sem múrveggur til hægri og vinstri handar. [23]Þeir egypsku sóttu eftir og gengu mitt í hafið eftir þeim, allur ríðandi her faraónis, vagnar hans og riddaralið. [24]En þá morgunvakan kom þá leit Dottinn yfir her egypskra af eldstólpanum og skýinu og skaut skelk í herlið þeirra [25]og velti um hjólvögnum þeirra og kollkastaði þeim. Þá sögðu egypskir: „Flýjum frá Ísrael, DROTTINN stríðir fyrir þá móti egypskum.“

[26]Þá sagði DROTTINN til Mósen: „Rétt út þína hönd yfir hafið so að vatnið falli aftur yfir þá egypsku, yfir þeirra vagna og riddaralið.“ [27]Svo útrétti Móses sína hönd yfir sjóinn og sjórinn féll aftur í sinn farveg áður en dagaði og kom í mót þeim egypsku þá þeir flýðu. So steypti DROTTINN þeim mitt í miðju hafi [28]og vatnið kom aftur og huldi bæði vagna og riddara og alla faraónis magt, sem farið hafði eftir þeim í hafið, so þar varð ekki einn eftir af þeim. [29]En Ísraelssynir gengu þurrum fótum mitt í gegnum hafið og vatnið stóð þeim sem múrveggur til hægri og vinstri handar.

[30]So leysti DROTTINN Ísrael á þeim degi frá egypskra manna hendi. Og þeir sáu þá egypsku liggja dauða í fjörunni.

31Og Ísrael leit þá voldugu hönd sem DROTTINN hafði auðsýnt á þeim egypsku og fólkið óttaðist DROTTIN og trúði honum og hans þjón Móse.

15 Þá söng Móses og Ísraelssynir DROTTNI þennan lofsöng og sögðu: „Ég vil lofsyngja DROTTNI því hann hefur gjört eitt dásemdarverk, hestum og vögnum hefur hann í hafið niður steypt.

2DROTTINN er minn styrkur og lofsöngur og hann er mitt hjálpræði. Hann er minn Guð, hann vil ég prísa. Hann er míns föður Guð, hann vil ég upphefja.

3DROTTINN er þann rétti stríðsmann, DROTTINN er hans heiti. 4Hann kastaði faraónis vögnum og hans magt niður í hafið. Hans útvaldir höfðingjar sukku í Hafinu rauða 5og undirdjúpið huldi þá, þeir sukku til botns sem steinar.

6DROTTINN, þín hægri hönd gjörði miklar dásemdir, DROTTINN, þín hægri hönd sló niður fjandmanninn. 7Þú kollvarpaðir þínum mótstöðumönnum með þinni mikillri dýrð, því þá þú lést lausa þína reiði þá fortærði hún þeim svo sem ögnum.

8Þá þú blést gaf vatnið sig upp og vatsföllin stóðu sem önnur hrúga og undirdjúpin veltu upp vatninu mitt í sjónum. 9Óvinurinn sagði: ég vil sækja eftir þeim og höndla þá og skipta herfangi og seðja reiði mína á þeim. Ég vil rykkja mínu sverði og mín hönd skal vega þá. 10Þá léstu þinn vind blása og sjórinn huldi þá og þeir sukku niður sem blý í miklum vatsföllum.

11DROTTINN, hver er þinn líki á meðal guðanna? Hver er þinn líki sem so er máttugur, heilagur, hræðilegur, loflegur og so dásamlegur í sínum verkum sem þú? 12Þá þú útréttir þína hægri hönd þá gleypti jörðin þá. 13Þú hefur leitt þitt fólk með þinni miskunnsemd sem þú hefur endurleyst og hefur leitt þá með þínum styrk til þíns heilaga bústaðar.14Þá þjóðirnar heyrðu það þá bifuðust þær og angist kom yfir Filisteos. 15Þá urðu hræddir höfðingjar Edóm og þeir voldugu í Móab skulfu og allir innbyggjarar í Kanaan urðu duglausir. 16Lát hræðslu og ótta falla yfir þá fyrir þinn sterka arm, að þeir stirðni sem steinar þar til þitt fólk, DROTTINN, er framhjá komið, þar til þitt fólk er fram um komið, það sem þú hefur útvegað.

17Leið þá þar inn og gróðurset þá uppá þínu erfðafjalli sem þú, DROTTINN, gjörðir þér til eins heimilis, til þíns helgidóms, DROTTINN, sem þín hönd hefur tilreitt.

18DROTTINN mun ríkja um aldir og að eilífu.

19Því faraó dró inn í hafið með hestum, vögnum og riddaraliði og DROTTINN lét hafið falla aftur yfir þá. En Ísraelssynir gengu á þurru mitt í gegnum hafið.“

20Og María spákona, systir Arons, tók eina bumbu í sína hönd og kvinnurnar allar út eftir henni í dans með hljóðfærum. 21Og María söng fyrir þeim: „Látum oss lofsyngja DROTTNI því hann hefur gjört eirn dýrðlegan gjörning og niður kastaði manni og hesti í hafið.“

22Og Móses lét Ísraelssonu ferðast burt frá Hafinu rauða til þeirrar eyðimerkur Súr. Þar gengu þeir þrjá daga í eyðimörku og fundu ekkert vatn. 23Þá komu þeir til Mara. En þeir gátu ekki drukkið af vatninu í Mara því það var mjög beiskt. Þar fyrir kalla menn þann stað Mara. 24Þá möglaði fólkið mót Móse og sagði: „Hvað skulum vér drekka?“ 25En hann kallaði til DROTTINS og DROTTINN vísaði honum eitt tré, því kastaði hann í vatnið og vatnið varð sætt. Þar setti hann þeim lög og rétt og freistaði þeirra 26og sagði: „Ef að þú hlýðir röddu DROTTINS Guðs þíns og gjörir það sem rétt er fyrir honum og ef þú lætur hans boðorð þér í eyrum loða og heldur allar hans skikkanir þá vil ég öngvan af þeim sjúkdómum leggja

uppá þig sem ég lagði á Egyptaland. Því að ég er DROTTINN þinn græðari.“
27Og þeir komu til Elím, þar voru tólf vatsbrunnar og sjötygu pálmviðartré. Og þeir settu þar sínar herbúðir hjá vötnunum.

16 Síðan fóru þeir frá Elím og allur mannfjöldi Ísraelssona til þeirrar eyðimerkur Sin sem liggur á millum Elím og Sínaí, á fimmtánda degi í þeim öðrum mánaði eftir það þeir voru burtfarnir af Egyptalandi. 2Og allur söfnuður Ísraelssona möglaði mót Móse og Aron í eyðimörkinni 3og sögðu: „Guð gæfi að vér hefðum dáið fyrir DROTTINS hönd í Egyptalandi þá vér sátum þar yfir kjötkötlum og höfðum nægð brauðs að eta. Því þar fyrir hafi þér leitt oss út á þessa eyðimörk að þér vilduð láta allan almúgann deyja af sulti.“
4Þá mælti DROTTINN við Mósen: „Sjá, ég vil láta rigna brauð af himni til yðar og fólkið skal fara út að safna hvern dag so mikið sem það þarf til atvinnu á þeim degi, svo að ég reyni hvort það gengur eftir mínum boðorðum eður ekki. 5En á sjötta degi skulu þeir búa sig til að safna tvefalt so mikið þann dag sem þeir annars plöguðu saman að safna daglega.“ 6Móses og Aron sögðu til Ísraelssona: „Í kvöld skulu þér vita að DROTTINN hefur útleitt yður af Egyptalandi 7og á morgin skulu þér sjá DROTTINS dýrð. Því hann hefur heyrt yðarn kurr í gegn DROTTNI. Hvað erum vér að þér möglið í gegn okkur?“ 8Móses sagði framar meir: „DROTTINN skal gefa yður kjöt að eta í kvöld en nóg brauð á morgun. Því að DROTTINN hefur heyrt yðart mögl sem þér möglað hafið í gegn honum. Því hvað erum við? Þér möglið ekki í gegn okkur heldur í gegn DROTTNI.“
9Og Móses mælti til Arons: „Seg til Ísraelssona samkundu: „Komi hér fram fyrir Drottin því hann heyrði yðart mögl.“ 10Og sem Aron talaði þetta til allra Ísraelssona samkundu þá sneru þeir sér í mót eyðimörkunni og sjá, þar sást dýrð DROTTINS í einu skýi. 11Og Guð sagði til Mósen: 12„Ég hefi heyrt mögl Ísraelssona. Seg þeim: Í kvöld skulu þér fá kjöt að eta en á morgun skulu þér seðjast af brauði og þér skuluð vita að ég er DROTTINN yðar Guð.“
13Að aftni komu vaktlar og huldu herbúðirnar. En að morni lá þar héla allt um kring herbúðirnar. 14En þegar hélan var burtu sjá, þá lá þar á eyðimörkinni (nokkuð) kringlótt og lítið, þvílíkast sem hrímfrost á jörðu. 15En þegar Ísraelssynir sáu það sagði hver til annars: „Það er man.“Því þeir vissu ekki hvað það var. Þá sagði Móses til þeirra: „Það er það brauð sem DROTTINN hefur gefið yður að eta. 16En þetta er Guðs skipan: Safni hver þar af so mikið sem hann hefur þörf til að eta og taki eirn gómor fyrir sérhvert höfuð eftir sálnanna tali sem hann hefur í sinni tjaldbúð.“ 17Og Ísraelssynir gjörðu so og samansöfnuðu sumir meira en sumir minna. 18En þá það var mælt með gómor þá fékk sá ekkert afhlaups sem meira hafði safnað, sá og ekki miður sem litlu hafði safnað, heldur hafði hver safnað so miklu sem hann þurfti sér til atvinnu. 19Og Móses sagði til þeirra: „Enginn skal leyfa þar nokkuð af til morguns.“ 20En þeir hlýddu ekki Móse og sumir drýu af og leyfðu til annars dags en það vall möðkum og úlnaði. Þar fyrir varð Móses reiður við þá. 21So söfnuðu þeir hvörn morgun þar af svo mikið sem hver kunni að eta. En þá sólin skein heitt þá bráðnaði það.
22Á þeim sjötta degi söfnuðu þeir tveföldu brauði, já tveimur gómor fyrir sérhvern eirn. So gengu allir þeir yppurstu af safnaðinum til Mósen og gjörðu honum kunnugt. 23Þá sagði hann til þeirra: „Það er það sem DROTTINN sagði: Á morgun er það sabbatsdagur, heilög hvíld DROTTINS.

Hvað þér viljið baka, það bakið, og hvað
þér viljið matgjöra, það matgjörið. En
allt það sem afgangs er það látið vera,
so það megi geyma til morgunsins.“
24So létu þeir það vera til morguns so
sem Móses bauð þeim og það úlnaði
ekki og eigi maðkaði það. 25Þá sagði
Móses: „Etið það í dag, því að í dag er
DROTTINS sabbat. Á þessum degi finnið
þér það ekki á mörkinni. 26Sex daga
skulu þér safna því en sá sjöundi dagur
er sabbatsdagur og á þeim degi finnst
það ekki.“ 27En á þeim sjöunda degi
gengu nokkrir af fólkinu út að safna því
saman en þeir fundu ekkert. 28Þá sagði
DROTTINN til Mósen: „Hversu lengi vilji
þér ei varðveita mitt lögmál og mín
boðorð? 29Sjá, DROTTINN hefur gefið yð-
ur sabbatsdaginn og þar fyrir gefur
hann yður á þeim sjötta degi tveggja
daga fæðslu. Því skal hver eirn vera
heima á sínu heimili og enginn fari út
af sínum stað á þeim sjöunda degi.“
30So hélt fólkið þann sjöunda dag.

31Og Ísraels hús kallaði þetta man. Og
það var líka sem kóríanderfræ og hvítt
og þess smakkur var so sem hveitissalla
með hunangi. 32Og Móses sagði: „Þetta
er það sem DROTTINN bauð: Fyllið eirn
gómor þar af so að það geymist fram í
yðar ættir so að yðrir eftirkomendur
megi sjá það brauð með hverju ég
fæddi yður á eyðimörku þá ég útleidda
yður af Egyptalandi.“ 33Og Móses segði
til Aron: „Tak þér eina fötu og legg eirn
gómor fullan af man þar í og lát það
varðveitast fyrir DROTTNI til yðar eftir-
komandi kynkvísla 34so sem DROTTINN
bauð Móse.“ Svo lét Aron það sama
varðveitast hjá vitnisburðinum. 35Og
Ísraelssynir átu man í fjörutygi ár þang-
að til þeir komu í það land þar sem þeir
skyldu búa. Þeir átu og man þar til þeir
komu í landamerki Kanaanslands. 36En
eirn gómor er tíundi partur efa.

17 Og sá allur almúgi Ísraelssona
fór úr eyðimörku Sin sem
DROTTINN bauð þeim og settu sínar her-
búðir í Rafídím. Þar fékk fólkið ekkert
vatn að drekka. 2Og þeir þráttuðu við
Mósen og sögðu: „Gef þú oss vatn að
drekka.“Móses sagði til þeirra: „Því
þrátti þér so í gegn mér? Því freisti þér
DROTTINS?“ 3Og þá fólkið þyrsti eftir
vatninu þá möglaði það í gegn Móse og
sagði: „Hvar fyrir léstu oss fara af Eg-
yptalandi til þess að þú lætur nú vor
börn og fénað deyja hér af þosta?“ 4Þá
kallaði Móses til DROTTINS og sagði:
„Hvað skal ég gjöra við þetta fólk? Inn-
an skamms munu þeir lemja mig
grjóti.“ 5Og DROTTINN sagði til hans:
„Gakk fram undan fólkinu og tak
nokkra af öldungum Ísraelis með þér
og tak þinn vönd í þína hönd, með
hverjum þú slóst á vatnið, og gakk. 6Sjá,
ég vil þar standa fyrir þér yfir einum
steini í Hóreb. Ljóst þú með vendinum
á steininn, þá skal renna vatn af honum
so að fólkið drekki.“ Og Móses gjörði so
fyrir öldungum Ísraelis. 7Og hann kall-
aði þann stað Massa og Meríba vegna
þráttanar Ísraelissona og þar fyrir að
þeir höfðu so freistað DROTTINS og sagt:
„Hvort mun DROTTINN vera á meðal vor
eða eigi?“

8Þá kom Amalek og hélt orrustu við
Ísrael í Rafídím. 9Og Móses sagði við
Jósúa: „Útvel þú oss lið, far út og berst
við Amalek en ég vil standa efst uppá
fjallinu á morgun og hafa Guðs vönd í
minni hendi.“ 10Og Jósúa gjörði so sem
Móses sagði honum og barðist við
Amalek. En Móes, Aron og Húr gengu
efst uppá fjallið. 11Og alla þá stund sem
Móses hélt sínum höndum upp þá vann
Ísrael en þá hann lét sínar hendur niður
síga þá vann Amalek. 12En Móses hend-
ur voru þungar. Þar fyrir tóku þeir eirn
stein og létu undir hann og hann setti
sig þar uppá. En Aron og Húr studdu
hans hendur sinn á hvora hlið og hans
hendur mæddust ekki allt til sólarfalls.
13Og Jósúa lægði Amalek og hans fólk
með hvössu sverði.

14Og DROTTINN sagði til Móse: „Skrifa
þú þetta í bók til minnis og bjóð það
eyrum Jósúe því að ég vil so afmá
Amalek undir himninum að enginn
minnist lengur á hann.“ 15Og Móses
byggði þar eitt altari og kallaði það
DROTTINS Nissí. *(Jehovanissi)*16Því hann
sagði: „Þetta er eitt teikn hjá DROTTINS
hásæti að DROTTINN muni berjast mót
Amalek frá eirni ættkvísl til annarrar.“

18 Og sem Jetró kennimaður af
Madían, mágur Móse, heyrði
allt það sem Guð hafði gjört Móse og
sínu fólki Ísrael, hversu að DROTTINN
hafði útleitt Ísrael af Egyptalandi, 2þá
tók hann Sippóra, Móses kvinnu,
hverja hann hafði aftur sent, og tvo
hennar sonu. 3En fyrsti hét Gerson því
hann sagði: „Ég var eirn gestur í fram-
andi landi“ 4og sá annar Elíeser því
hann sagði: „Míns föðurs Guð hefur
verið mín hjálp og hefur varðveitt mig
frá sverði faraónis.“ 5Og sem Jetró
mágur Móses kom og hans synir og
kvinna í eyðimörkina til hans þar sem
hann hafði sett sínar herbúðir hjá Guðs
fjalli, 6þá lét hann segja Móse: „Ég Jetró
mágur þinn er kominn til þín og þín
kvinna og báðir hennar synir með
henni.“ 7Þá gekk Móses út í mót honum
og laut honum og minntist við hann.
Og er þeir höfðu heilsast þá gengu þeir
inn í tjaldbúðina. 8Móses kunngjörði
sínum mági allt það sem DROTTINN
hafði gjört faraóne og þeim egypsku
fyrir Ísraels skuld og so allt það erfiði
sem þeir höfðu haft í ferðinni og hvern-
in DROTTINN hafði frelsað þá. 9Þá
gladdist Jetró fyrir alla þessa góða hluti
sem DROTTINN hafði gjört Ísrael og
frelsað þá af egypskra manna hendi.

10Og Jetró sagði: „Blessaður sé
DROTTINN sem að frelsaði yður af eg-
ypskra manna hendi og af hendi fara-
ónis, hann kann að frelsa sitt fólk að
egypskra manna hendi. 11Nú veit ég að
DROTTINN er meiri en allir aðrir guðir
þar fyrir að þeir frömdu drambsemi
mót þeim.“ 12Og Jetró, Móse mágur,
tók brennifórnir og offraði Guði. Þá
kom Aron og þeir allir öldungar Ísrael
að eta brauð með mági Mósi fyrir Guði.

13Og annars dags setti sig Móses til að
dæma fólkið. Og fólkið stóð fyrir hon-
um frá morgni til aftans. 14Þegar hans
mágur sá allt það hann gjörði við fólkið
þá sagði hann: „Hvað er það þú gjörir
við fólkið? Því situr þú alleina og allt
fólkið stendur fyrir þér frá morni til
kvölds?“ 15Móses svaraði honum: „Fólk-
ið kemur til mín og leitar Guðs atkvæð-
is. 16Því nær nokkur mál gjörast þeirra
á milli þá koma þeir til mín að ég dæmi
um þær sakir sem til falla á milli sér-
hvers manns og hans náunga og að ég
kenni þeim Guðs setninga og hans lög-
mál.“ 17Hans mágur mælti til hans: „Það
er ei gott sem þú gjörir, 18þetta erfiði
gjörir þig þreyttan og það fólk sem með
þér er, það er þér of þungt, þú mátt það
ekki eirnsaman bera. 19Þar fyrir hlýð
minni röddu og haf mín ráð og mun
Guð vera með þér: Annast þú fólkið í
því sem Guði tilkemur og ber fram
þeirra málefni fyrir Guð. 20Set þeim lög
og rétt, kenn þeim veginn sem þeir
skulu ganga og þau verk sem þeir skulu
gjöra. 21En sjá þig um á meðal fólksins
eftir nokkrum valinkunnum mönnum
sem óttast Guð og eru sannsýnir og
hata ágirnd og set þessa yfir þá, suma
yfir þúsund, suma yfir hundrað, suma
yfir fimmtygi og suma yfir tíu, 22að þeir
ætíð dæmi fólkið. En sé þar nokkur
stór mál, þá lát þau koma fyrir þig en
lát þá dæma öll önnur smærri mál. Svo
verður þér þetta léttbærara þegar þeir
bera með þér. 23Ef þú vilt nú þetta gjöra
þá kanntu að framkvæma það sem Guð
býður þér, so má og allt þetta fólk
koma með friði til sinna heimkynna.“

24Móses hlýddi orðum síns mágs og
gjörði allt það sem hann sagði 25og út-
valdi fróma menn af öllum Ísrael og
setti þá til höfðingja yfir fólkið, suma

yfir þúsund, suma yfir hundrað, suma yfir fimmtygi og suma yfir tíu, [26]að þeir skyldu alltíð sitja dóma yfir fólkinu. En öllum stórmálum skyldu þeir skjóta fyrir Mósen, en þeir sjálfir skyldu dæma öll smærri mál. [27]So lét Móses sinn mág ferðast heim aftur í sitt land.

19 Á þriðja mánaði eftir það sem Ísraelssynir voru útgengnir af Egyptalandi þá komu þeir á þeim degi í eyðimörku Sínaí. [2]Því þeir ferðuðust af Rafídím og vildu til eyðimerkur Sínaí og þeir settu sínar herbúðir í þeim sama stað í eyðimörkinni gegnt fjallinu. [3]En Móses gekk upp til Guðs. Og DROTTINN kallaði hann af fjallinu og sagði: „So skalt þú segja til Jakobs húss og kunngjöra Ísraelssonum: [4]Þér hafið séð hvað ég gjörða þeim egypsku og hvernin ég hefi borið yður á arnarvængjum og tekið yður til mín. [5]Ef þér viljið hlýða minni röddu og halda minn sáttmála þá skulu þér vera mín eigin eign af öllu fólki, því öll jörðin er mín, [6]og þér skuluð vera mér eitt kennimannlegt konungsríki og eitt heilagt fólk. Þessi eru þau orð sem þú skalt segja Ísraelssonum.“ [7]Móses kom og kallaði saman öldunga lýðsins og lagði fram fyrir þá öll þessi orð sem DROTTINN hafði boðið. [8]Þá svaraði allur lýðurinn undireins og sagði: „Allt það sem DROTTINN hefur sagt það viljum vér gjöra.“ Og Móses sagði DROTTNI aftur orð fólksins. [9]Þá sagði DROTTINN til Móse: „Sjá, ég vil koma til þín í einu þykku skýi uppá það að fólkið megi heyra mín orð þau sem ég tala við þig og trúi þér ævinlega síðan.“

Og Móses sagði DROTTNI frá orðum lýðsins. [10]Og DROTTINN mælti við Mósen: „Far til fólksins og helgaðu það í dag og á morgun, að þeir þvoi sín klæði [11]og sé búnir á þriðja degi. Því að á þeim þriðja degi mun DROTTINN ofanstíga yfir Sínaífjall fyrir öllu fólki. [12]Settu fólkinu eitt takmark umhverfis fjallið og seg þú til þeirra: Varið yður að þér gangið ekki uppá fjallið og komið ekki heldur við það neðsta á því, því hver sem kemur við fjallið hann skal dauða deyja. [13]Engin mannshönd skal snerta hann heldur skal hann með grjóti lemjast eða með skotum í hel skjótast, hvort það er heldur maður eður kvikindi þá skal það ekki lifa. En þegar blásið er í básúnið þá skulu þeir fara til fjallsins.“ [14]Og Móses gekk ofan af fjallinu til fólksins og helgaði það og þeir þvoðu sín klæði. [15]Hann sagði til þeirra: „Verið búnir á þeim þriðja degi og komið ekki í nánd yðrum kvinnum.“

[16]Og þegar sá þriðji dagur kom og ljóst var orðið þá tóku að heyrast reiðarþrumur og eldingar að sjást og eitt þykkt ský huldi fjallið og lúðursins hljóð varð ákaflega sterkt so að allt fólkið varð hrætt það sem var í herbúðunum. [17]Og Móses leiddi fólkið út af herbúðunum í móts við Guð og það stóð undir fjallinu. [18]En allt Sínaífjall rauk því að DROTTINN fór ofan yfir fjallið með eldi og eirn reykur gekk upp af því, so sem reykur af ofni, og allt fjallið skalf ógurlega. [19]Og lúðursins hljóð varð stærra og stærra. Móses talaði og Guð svaraði honum hátt. [20]Og sem DROTTINN var ofan kominn yfir fjallið Sínaí á efsta hvirfil fjallsins þá kallaði hann Mósen efst uppá fjallið. Og Móses gekk upp. [21]Þá sagði DROTTINN til hans: „Far þú ofan og vitna fyrir fólkinu að það brjótist ekki hingað til DROTTINS að sjá hann so að ei falli fjöldi af þeim. [22]En prestarnir sem ganga til DROTTINS, þeir skulu helga sig so að DROTTINN ljósti þá ekki.“ [23]Og Móses sagði til DROTTINS: „Fólkið má ekki stíga uppá Sínaífjallið því að þú vottaðir fyrir oss og sagðir: Settu eitt takmark umhverfis fjallið og helga það.“ [24]DROTTINN sagði til hans: „Far og stíg ofan, þú og Aron með þér skuluð stíga upp. En kennimennirnir og fólkið skulu ekki yfir takmarkið stíga til DROTTINS svo hann ekki slái þá í

hel.“ 25Og Móses gekk ofan til fólksins og boðaði því þetta.

20 Og DROTTINN talaði öll þessi orð: 2„Ég er DROTTINN þinn Guð sem útleiddi þig af Egyptalandi, út af því þrældóms húsi. 3Þú skalt ekki hafa annarlega guði fyrir mér. 4Þú skalt engin bílæti gjöra þér eður nokkra líking eftir því sem er á himnum uppi eða á jörðu niðri eða því sem er í vötnunum undir jörðunni. 5Þú skalt ekki tilbiðja þau og eigi þjóna þeim, því ég er DROTTINN þinn Guð, eirn vandlætandi Guð, vitjandi ranglætis feðranna á sonunum í þriðju og fjórðu ættkvísl þeirra sem mig hata, 6en gjörandi miskunnsemdir í þúsund liðu þeim sem mig elska og mín boðorð varðveita.

7Þú skalt ekki leggja DROTTINS þíns Guðs nafn við hégóma, því ekki mun DROTTINN óhegndan vera láta þann sem misbrúkar hans nafn.

8Minnst þú á sabbatsdaginn að þú helgir hann. 9Sex daga skaltu erfiða og vinna alla þína vinnu, 10en sá sjöundi dagur er DROTTINS þíns Guðs sabbatsdagur. Þá skalt þú ekkert verk vinna, hvorki þinn sonur, eigi heldur þín dóttir, eigi þinn þræll, eigi þín ambátt, eigi þitt kvikfé, eigi heldur nokkur útlenskur sem er innan þinna borgarhliða. 11Því að á sex dögum gjörði DROTTINN himin og jörð og sjóinn og allt það sem þar inni er og hann hvíldist þann sjöunda dag. Þar fyrir blessaði DROTTINN sabbatsdaginn og helgaði hann.

12Þú skalt heiðra þinn föður og þína móður svo að þú langlífur verðir í því landi sem DROTTINN Guð þinn gefur þér.

13Þú skalt ekki í hel slá.

14Þú skalt ekki hórdóm drýgja.

15Þú skalt ekki stela.

16Þú skalt ekki bera falskan vitnisburð móti þínum náunga.17Þú skalt ekki girnast þíns náunga hús. Þú skalt ekki girnast þíns náunga kvinnu, eigi hans þræl, eigi hans ambátt, eigi uxa eður asna eða nokkuð það sem hann á.“

18Og allt fólkið sá reiðarþrumur og eldingarnar og hljóð lúðursins og fjallið rjúkanda. Og sem þeir sáu þetta þá flýðu þeir og stóðu langt í burtu 19og sögðu til Mósen: „Tala þú við oss, vér viljum vera þér hlýðugir og lát Guð ekki tala við oss so að vér deyjum ekki.“ 20Móses sagði til fólksins: „Óttist ekki, því Guð er kominn til þess að hann vill reyna yður og að hans ótti sé fyrir yðrum augum so þér syndgist ekki.“

21Og fólkið stóð langt í burtu frá. En Móses gekk til þokunnar í hverri Guð var. 22Og DROTTINN sagði til hans: „So skaltu segja til Ísraelssona: Þér hafið séð að ég hefi talað við yður af himnum. 23Þar fyrir skulu þér öngva guði af silfri eður gulli gjöra yður fyrir mér. 24Þú skalt gjöra mér eitt altari af jörðu og þar uppá skaltu offra þinni brennifórn og þakklætisfórn af þínum nautum og sauðum. Því í hverjum stað ég skikka að vera skuli minning míns nafns, þangað vil ég koma til þín og blessa þig. 25Viljir þú gjöra mér altari af steini þá skaltu ekki byggja það af höggnum steini. Því látir þú kníf koma yfir það þá saurgar þú það. 26Þú skalt ekki ganga upp að tröppum til míns altaris so að þinn ljótleiki opinberist þar ekki.

21 Þetta er sá lagaréttur sem þú skalt leggja fyrir þá: 2Ef þú kaupir eirn ebreskan þræl þá skal hann þjóna þér sex ár. En á því sjöunda ári skal hann fara frjáls og laus frá þér. 3Komi hann ei kvongaður til þín þá skal hann og ókvæntur fara frá þér. En ef hann kemur kvongaður til þín þá skal hans kona fara burt með honum. 4En ef hans herra hefur gefið honum eina konu og hafi hún fætt sonu eða dætur þá skal kvinnan og börnin heyra hans herra til en hann skal fara í burt konu-

laus. [5]En ef þrællinn segir: Ég elska minn herra og so mína kvinnu og börn, ég vil ekki vera frjáls, [6]þá skal hans herra leiða hann inn fyrir guðina og halda honum við dyrnar eða við dyrastafinn og stinga í gegnum hans eyra með al, síðan skal hann vera hans þræll ævinlega. [7]Ef nokkur selur sína dóttur til ambáttar þá skal hún ekki fara í burt svo sem þrælar. [8]Þóknist hún ekki sínum herra og hann vill ekki hjálpa henni til eiginorðs þá skal hann láta hana lausa. En ekki skal hann hafa vald til að selja hana nokkrum útlenskum mönnum, því hann forsmáði hana. [9]En ef hann hefur fastnað hana syni sínum þá gjöri hann við hana svo sem sína dóttur. [10]En ef hann giftir honum aðra þá skal hann ekki korta nokkuð af hennar kosti, klæðnaði og tilgjöf. [11]En gjöri hann ekki þetta þrennt þá skal hún með frelsi fara í burt fyrir ekkert.

[12]Hver hann lýstur mann so hann deyr, sá skal og dauða deyja. [13]En hafi hann ekki setið um hans líf heldur hefur Guð látið hann annars óforvarandis falla í hans hendur þá vil ég setja þér eirn stað þangað sem hann skal flýja. [14]En ef nokkur misgjörir með drambsemi við sinn náunga og vegur hann sviksamlega þá skaltu taka hann frá mínu altari so hann deyi. [15]Sá sem lýstur sinn föður eða móður hann skal dauða deyja. [16]Sá sem stelur manni og selur hann so það verði uppvíst um hann hann skal dauða deyja. [17]Sá sem bölvar föður eða móður hann skal dauða deyja.

[18]Ef menn þráttast á og annarhvor lýstur annan með steini eða hnefa og hann deyr þó ekki heldur leggst í rekkju [19]ef hann rís upp og gengur með staf úti þá skal sá vera sýkn saka sem hann sló, þó skal hann betala honum verkafall og gefa læknislaun.

[20]Ef nokkur lýstur sinn þræl eða ambátt með staf so hann deyr undan hans höndum þá skal hann líða refsing þar fyrir. [21]En ef hann lifir eirn dag eða tvo þaðan af þá skal hann ekki refsingu mæta því (þræll og ambátt) það er hans peningur.

[22]Ef menn þráttast á og lýstur nokkur kviðuga konu so að hún skilst við hennar höfn en hún heldur lífi þá skal sá straffast með peningagjaldi eftir því sem þeirrar kvinnu maður leggur á hann og dómendur dæma. [23]En deyi hún þar af þá skal hann láta líf fyrir líf, [24]auga fyrir auga, tönn fyrir tönn, hönd fyrir hönd, fót fyrir fót, [25]bruna fyrir bruna, sár fyrir sár, blátt fyrir blátt.

[26]Ef maður lýstur í auga sínum þræl eða ambátt so það fordjarfast þá skal hann gefa honum frelsi fyrir hans auga. [27]So og líka ef hann brýtur tönn úr þræli sínum eða ambátt þá skal hann gefa honum frelsi fyrir sína tönn.

[28]Ef uxi stangar mann eður kvinnu til bana þá skal uxinn grýtast í hel og ekki skulu menn eta hann. Og þar með sé eignarmaður uxans saklaus. [29]En hafi hann fyrr vanur verið að stanga og eignarmanninum var það sagt og hann lét ekki þaðan í frá varðveita hann og hann stangar mann eður kvinnu til bana þá skal uxinn grýtast í hel og hans eignarmaður skal deyja. [30]En verði honum tilsagt að bæta með fé þá skal hann gefa so mikið fyrir sitt líf sem honum verður tilsagt. [31]Undir sama dómi skal hann liggja, hvort sem hann stangar son eða dóttur manns til bana. [32]En ef hann stangar nokkurs manns þræl eður ambátt þá skal sá er á gefa þeirra húsbónda þrjátygu siclos silfurs og uxinn skal grýtast í hel.

[33]Ef nokkur maður opnar gryfju eður grefur gröf og byrgir ei aftur og fellur þar í uxi eða asni [34]þá skal sá sem gryfjuna gjörði betala annað aftur með peningum þeim ið átti en hafi sjálfur hið dauða. [35]Ef nokkurs manns uxi stangar annars manns uxa til bana þá skulu þeir selja þann lifanda uxann og skipta með sér þeim peningum og líka þeim inum

dauða. [36]En hafi hann stangað fyrri og vissi hann það og eignarmaður lét ei varðveita hann þá skal hann gjalda uxa fyrir uxa en hafa sjálfur þann dauða.

22 Ef maður stelur nauti eður sauð og slátrar því eða selur það þá skal hann gjalda aftur fimm uxa fyrir eirn og fjóra sauði fyrir eirn sauð.

[2]Ef þjófur verður tekinn þá hann brýst í hús og verður hann þar lostinn so hann deyr þá skal enginn blóðdómur ganga yfir vegandann. [3]En ef hann gjörir það að upprunninni sólu þá skal blóðdómur yfir veganda ganga. Þjófurinn skal skila því aftur. Hafi hann ekkert þá skal hann seljast fyrir sinn stuld. [4]En ef menn finna það þjófstolna lifanda hjá honum, hvort heldur það er naut, asni eður sauður, þá skal hann gefa það tvefalt aftur.

[5]Ef nokkur spillir akri eður víngarði og lætur sinn fénað gjöra skaða á annars manns akri þá skal hann bæta skaða aftur af því bestu sem hann hefur á sínum akri eða á sínum víngarði.

[6]Ef eldur kviknar og kemur í þyrna og brennir bindini eða það korn sem enn stendur á akri þá skal sá skaða bæta sem eldinn kveikti.

[7]Ef nokkur selur sínum náunga fé eður ker til varðveislu og verður það stolið frá honum úr hans húsi – hittist þjófurinn þá skal hann tvígjalda það aftur, [8]en finnist þjófurinn ekki þá skal húsbóndinn innleiðast fyrir dómarana hvort hann hefur ekki lagt sína hönd á eign síns náunga.

[9]Ef nokkur gefur öðrum sök fyrir nokkurskonar órétt, sé það fyrir uxa eða asna eður sauð eða klæði eða fyrir nokkurn annan hlut þann ef horfið hefur, þá skal beggja þeirra málefni koma inn fyrir dómarana og hvorn sem dómararnir dæma sakaðan, sá skal tvígilda það aftur sínum náunga.

[10]Ef nokkur maður selur sínum náunga til varðveislu annaðhvort asna, uxa, sauð eður nokkuð annað kvikfé og það deyr fyrir honum eða lestist eða hverfur burt frá honum svo enginn sér það

[11]þá skal það koma til eins eiðs fyrir DROTTNI þeirra á millum að hann hafi ekki lagt sína hönd á eign náunga síns. Og þann eið skal eignarmaðurinn taka og sá annar skal ekki betala það. [12]En ef fé er stolið í burt þá skal hann betala eignarmanninum skaðann. [13]En ef dýr bítur í hel þá skal hann koma þar að vitnum og ekki betala.

[14]Ef maður hefur fé til láns af sínum náunga og það lemst eður deyr so eignarmaðurinn er ekki hjá, það skal hann betala. [15]En sé eignarmaðurinn þar hjá þá skal hann ekki betala það því hann leigði það fyrir sína peninga.

[16]Ef nokkur lokkar eina jungfrú, sem ekki er enn nokkrum manni handfest, og liggur hann hana, þá skal hann gefa henni hennar mund og taka hana sér til eiginkvinnu. [17]En vilji hennar faðir ekki gifta honum hana þá skal hann vega henni út so mikið fé sem meyjanna mundur plagar að vera.

[18]Ekki skaltu láta galdrakonu lifa.

[19]Hver sem samblandast fénaði hann skal vissilega deyja.

[20]Hver sem fórnir færir öðrum guðum en alleinasta DROTTNI hann skal deyðast.

[21]Þú skalt ekki fófletta né undirþrykkja þann útlenda því að þér hafið og verið útlendir í Egyptalandi. [22]Þér skuluð ekki mein gjöra ekkjum og föðurlausum börnum. [23]Ef þú gjörir þeim mein þá munu þau kalla til mín og ég vil bænheyra þeirra kall. [24]Þá mun grimmd mín reiðast so að ég mun ljósta yður í hel með sverði og mun ég láta yðar kvinnur verða ekkjur og yðar börn föðurlaus.

[25]Ef þú lánar mínu fólki peninga því sem fátækt er hjá þér þá skaltu ekki þrengja því til skaða eða leggja nokkurt okkur uppá það. [26]Ef þú tekur klæði í

veð af þínum náunga þá fá þú honum
það aftur fyrir sólarfall [27]því að hans
klæði er alleinasta hulning hans líkama
sem hann sefur í. Sé það so að hann
kallar til mín þá skal ég heyra hann því
að ég er miskunnsamur. [28]Þú skalt ekki
guðönum böls biðja og ekki lasta höfð-
ingjann á meðal þíns fólks.

[29]Þínar tíundir og fyrstu fórnir skaltu
ekki láta undan dragast. Þú skalt gefa
mér þinn frumgetinn son. [30]Það sama
skaltu og gjöra af þínum nautum og
sauðum. Sjö daga skal það vera hjá
sinni móður en þann áttunda dag
skaltu gefa mér það.

[31]Þér skuluð vera eitt heilagt fólk fyr-
ir mér. Þar fyrir skulu þér ekkert kjöt
eta sem slitið er af dýrum á akrinum
heldur kastið því fyrir hunda.

23 Þú skalt ekki trúa röngum
kærumálum og gjör ekki þeim
óguðlega nokkra hjástoð so að þú berir
falskt vitni. [2]Þú skalt ekki fylgja fólki til
illgjörða og svara þú ekki fyrir dómi að
þú fylgir þeim sem fleiri eru og gangir
so af réttum vegi. [3]Þú skalt ekki fegra
þann fátæka í hans málefni.

[4]Ef þú mætir þíns óvina uxa eður
asna sem villt fer, þá leið þú hann strax
aftur til hans. [5]Sjáir þú asna þíns óvinar
liggja undir byrði, vara þig og lát hann
ekki liggja heldur forsóma gjarna þitt
eigið fyrir það. [6]Þú skalt ekki halla
réttarfari hins fátæka í hans sök. [7]Vertu
langt lögnum sökum. Þú skalt ekki slá
þann meinlausa og réttláta í hel því ég
álít ekki þann óguðlega. [8]Eigi skaltu
gjafir þiggja því að gáfurnar blinda þá
sjáöndu og umsnúa málefnum réttferð-
ugra.

[9]Þrykkið ekki niður þeim framanda
því að þér vitið vel hjörtu hinna
útlensku því að þér hafið og verið
útlendingar á Egyptalandi.

[10]Sex ár skaltu erja jörðina og sá og
safna saman ávöxtum jarðar. [11]Það sjö-
unda árið skal hún liggja og hvíla sig
svo þeir fátæku á meðal þíns fólks megi
eta þar af og hvað þar eftir verður þá
lát villidýrin á mörkinni éta það. Svo
skaltu og gjöra við þinn víngarð og við-
smjörsviðargarð.

[12]Sex daga skaltu erfiða en þann sjö-
unda dag skaltu halda helgan svo að
þinn uxi og asni megi hvíla sig og að
þinn ambáttarsonur og sá framandi
megi endurnæra sig. [13]Allt það ég hefi
sagt yður, það skuluð þér halda. Og þér
skuluð ekki minnast á annarra guða
nöfn og þeir skulu ekki heyrast af yðar
munni.

[14]Þér skuluð halda mér þrjár hátíðir á
hverju ári sem er: [15]Þá sætubrauðshá-
tíð, so að þú etir ósýrt brauð á sjö dög-
um, á þeim mánaði abíb (sem ég bauð
þér), því þú fórst af Egyptalandi þá
sömu tíð. En enginn skal koma með
tómum höndum fyrir mitt auglit. [16]Og
þá hátíð hins fyrsta kornskurðarávaxt-
arins sem þú sáðir á akrinum og þá inn-
burðarhátíð nær árið er úti þá þú hefur
inn borið þitt erfiði af akrinum.
[17]Þrysvar um árið skal allt þitt kallkyn
birtast fyrir DROTTNANDA Guði.

[18]Þú skalt ekki fórnfæra mitt offus-
blóð með súrdeigi og það feita af minni
hátíð skal ekki bíða til morguns.

[19]Þann fyrsta ávöxt af þínum jarðar-
gróða skaltu bera í þíns DROTTINS Guðs
hús. Þú skalt ekki matgjöra kiðið með-
an það sýgur sína móður.

[20]Sjá, ég vil senda minn Engil fyrir þér
sem skal varðveita þig á þínum vegi og
leiða þig til þess staðar sem ég hefi til-
reitt þér. [21]Þar fyrir gakktu varlega fyrir
hans augliti og hlýð hans röddu og
styggðu hann ekki því að hann fyrirgef-
ur ekki yðar misgjörninga og mitt nafn
er í honum. [22]En sé það so að þú heyrir
hans rödd og gjörir allt það ég segi þér
þá vil ég vera óvinur þinna óvina og
mótstandari þinna mótstöðumanna.
[23]En nær að minn Engill gengur fyrir
þér og leiðir þig inn til þeirra þjóða sem
eru Amorei, Hetei, Peresei, Kananei,

Hevei, Jebúsei, og ég eyðilegg þá, [24]þá skaltu ekki tilbiðja þeirra guði né þjóna þeim og eigi heldur breyta eftir þeirra verkum, heldur skaltu niðurslá og í sundurbrjóta þeirra skúrgoð. [25]En DROTTNI yðrum Guði skulul þér þjóna, so mun hann blessa þitt brauð og þitt vatn. Og ég vil taka allan sjúkdóm frá þér. [26]Þar skal ekkert vera ávaxtarlaust né óbyrja í þínu landi og ég vil láta þig verða langlífan.

[27]Ég vil senda mínar ógnanir undan þér og gjöra allt fólk hrætt sem þú kemur til. Og ég vil láta alla þína óvini flýja fyrir þér. [28]Ég vil senda geitahami undan þér, þeir skulu útrýma fyrir þig þá Heveos, Kananeos, Heteos. [29]Eigi vil ég útreka þá á einu ári fyrir þér so að landið verði ekki í eyði og að villudýrin skulu ekki fjölgast í móti þér. [30]Ég vil útreka þá smámsaman frá þínu augliti, allt til þess þú vex og eignast landið. [31]Og ég vil setja þín landamerki frá því rauða Hafi og til Filisteis hafs og í frá eyðimerku og inn til vatsfallsins. Því að ég vil gefa landsins innbyggjara í þínar hendur so að þú skalt útreka þá frá þér. [32]Þú skalt ekki gjöra neina sátt við þá eða við þeirra guði [33]heldur lát þá ekki búa í þínu landi so að þeir komi þér ei til að syndgast í móti mér. Því ef þú þjónar þeirra guðum þá skal það verða þér til hneykslunar.“

24 Og hann sagði til Mósen: „Gakk upp til DROTTINS, þú og Aron, Nadab og Abíhú og þeir sjötygi öldungar í Ísrael, og fallið fram langt frá. [2]En Móses skal eirnsaman uppstíga til DROTTINS en þeir aðrir skulu ekki koma þar í náND. Fólkið skal og ekki heldur koma upp með honum.“

[3]Móses kom og sagði öll orð DROTTINS og allan lagaréttinn fyrir fólkinu. Þá svaraði allt fólkið með eirni röddu og sagði: „Vér viljum gjöra eftir öllum þeim orðum sem DROTTINN hefur sagt.“ [4]Þá skrifaði Móses öll DROTTINS orð og hann stóð snemma upp um morguninn og byggði eitt altari undir fjallinu með tólf stólpum eftir tölu tólf kynkvísla Ísraels [5]og sendi unga men þangað af Ísraelssonum að þeir skyldu fórnfæra DROTTNI brennifórnir og þakklætisfórnir af nautum. [6]Og Móses tók hálfpart af blóðinu og lét það í eina mundlaug og öðrum helmingnum hellti hann yfir altarið. [7]Hann tók og sáttmálans bók og las hana fyrir fólkinu. Og þá það svaraði: „Vér viljum gjöra allt það sem DROTTINN hefur boðið og vera honum hlýðugir“ [8]þá tók Móses blóðið og stökkti því á fólkið og sagði: „Sjáið, þetta er blóð sáttmálans hvern DROTTINN hefur gjört við yður yfir öllum þessum orðum.“

[9]Og Móses, Aron, Nadab, Abíhú og þeir sjötygi öldungar af Ísrael gengu upp [10]og sáu Guð Ísraels. Undir hans fótum var að sjá því líkast sem fagur safírus og so sem himinn þá hann er klár. [11]Og hann rétti ei sína hönd yfir öldunga af Ísrael. Og þá þeir höfðu skoðað Guð átu þeir og drukku.

[12]Og DROTTINN sagði til Móse: „Kom uppá fjallið til mín og vert þar og ég vil gefa þér steinspjöld og lögmálið og boðorðin sem ég hefi skrifað, þau sem þú skalt kenna þeim.“ [13]Þá stóð Móses upp og gekk uppá Guðs fjall og hans þénari Jósúa með honum [14]og sagði til öldunganna: „Verið hér þar til við komum aftur til yðar. Sjá, Aron og Húr er hjá yður. Falli nokkur mál til þá látið þau koma fyrir þá.“

[15]En sem að Móses kom uppá fjallið þá huldi skýið fjallið [16]og Guðs dýrð byggði upp á fjallinu Sínaí og huldi það í sex daga með skýinu og kallaði þann sjöunda dag af skýinu á Mósen. [17]Og dýrð DROTTINS var að sjá því líkast sem eirn brennandi eldur efst á fjallinu fyrir augliti Ísraelssona. [18]Og Móses gekk mitt inn í skýið og sté uppá fjallið og var á fjallinu fjörutygi daga og fjörutygi nátta.

25 Og Drottinn mælti við Mósen og sagði: 2„Seg þú Ísraelssonum að þeir gefi mér eitt upplyftingaroffur og taki það af sérhverjum manni sem það gefur viljuglega. 3Þetta er það upplyftingaroffur sem þér skuluð taka af þeim: Gull, silfur, kopar, 4gult silki, skarlat, purpura, hvítt silki, geitahár, 5rauðar hrútagærur, greifingjaskinn, þau tré setím, 6viðsmjör til lampanna, jurtir til smyrsla og til góðs ilms, 7ónyxsteina og aðra inngreyptasteina til lífkyrtilsins og til brjóstskjöldsins. 8Og þeir skulu gjöra mér eirn helgidóm so ég búi á meðal þeirra. 9Þann skulu þér gjöra eftir þeirri tjaldbúðarmynd með öllum sínum umbúnaði svo sem ég mun vísa þér. 10Gjörið eina örk af trjám setím. Hún skal vera hálf þriðju álnar á lengd, hálfrar annarrar á breidd og hálfrar annarrar álnar á hæð. 11Hana skuluð þér gylla með hreinu gulli, bæði utan og innan. Gjöra skaltu ofan um hana kórónu af gulli allt í kring. 12Þú skalt steypa fjóra gullhringa og setja í fjögur horn erkurinnar, tvo uppá hvora síðu. 13Þú skalt gjöra stengur af trjám setím og búa þær utan með gull 14og stinga þeim í hringana erkurinnar að bera hana með. 15Og þær skulu vera kyrrar í hringunum og ekki takast af þeim. 16Og þú skalt leggja í örkina þann vitnisburð sem ég vil gefa þér. 17Þú skalt og gjöra einn náðarstól af skíragulli, hálfrar þriðju álnar langan og hálfrar annarrar álnar breiðan. 18Tvo kerúbím skaltu gjöra af slegnu gulli yfir báðum endum náðarstólsins. 19Sá eini kerúbím skal vera á öðrum endanum en annar á hinum öðrum, so þar sé tveir kerúbím á báðum endum náðarstólsins. 20Og þessir kerúbím skulu útbreiða sína vængi ofan fyrir so að þeir hylji náðarstólinn með sínum vængjum og hvers þeirra andlit skal standa hvort í móti öðru og þeirra andlit skulu horfa á náðarstólinn. 21Og þú skalt setja náðarstólinn ofan á örkina og leggja þann vitnisburð í örkina sem ég vil gefa þér. 22Úr þeim stað vil ég votta fyrir þér og tala við þig, sem er af náðarstólnum milli þeirra tveggja kerúbím sem eru uppá vitnisburðarörkinni, allt það sem ég vil bjóða Ísraelissonum fyrir þér. 23Þú skalt gjöra eitt borð af trjám setím, tveggja álna langt og álnar breitt og hálfrar annarrar álnar hátt 24og búa það allt með hreinu gulli. 25Og þú skalt gjöra gullkórónu þar yfir ofan um kring og eina spöng um kring, eirnrar handar breiða og aðra gullkórónu ofan um kring spöngina. 26Þú skalt og gjöra fjóra gullhringa og setja þá í þau fjögur horn borðsins hjá hjá þeim fjórum fótum, 27hart nær upp undir spöngina skulu hringarnir vera, að stinga stöngunum þar í og að bera borðið með. 28Og þú skalt gjöra stengurnar af trjám setím og búa þær utan með gull, að bera borðið með. 29Þú skalt gjöra fötin, bikarana, könnurnar, skálirnar af kláru gulli, af hverjum drykkjaroffrið skal offrast. 30Og þú skalt alltíð leggja skoðunarbrauð á borðið fyrir mér. 31Þú skalt og gjöra eina kertistiku af slegnu gulli. Þar skal vera á stjaki, pípur, skálir, knappar og rósir. 32Sex pípur skulu ganga út af kertistikunni, þrjár á hvora síðu. 33Og hvör pípa skal hafa þrjú ker vaxin sem hnot, knappa og rósir. Þar skulu vera sex pípur á kertistikunni. 34En stjakinn skal hafa fjögur opin ker með knöppum og rósunum. 35Og eirn knapp undir hverjum tveimur pípum, hvörjar sex að ganga út af stjakanum. 36Og bæði knapparnir og pípurnar skulu ganga út af honum. Og allt saman þetta skal vera af kláru slegnu gulli. 37Þú skalt og gjöra sjö lampa þar ofan á, so að þeir lýsi hver í gegn öðrum, 38og ljósasöx og skaraklofa ljósin að slökkva, allt af kláru gulli. 39Og þú skalt gjöra það af einu centener klárs gulls með öllu því sem þar heyrir til. 40Og sjá til að þú gjörir það eftir þeirri mynd sem þú sást á fjallinu.

26 Þú skalt gjöra búðina af tíu sparlaksdúkum af hvítu tvinnuðu silki, af gulu silki, af skarlati og purpura. Og kerúbím skaltu gjöra kostulega þar uppá. 2Hvör dúkur skal vera átta og tuttugu álna langur og fjögra álna breiður og allir þeir skulu vera jafnir 3og skulu ætíð fimm festast til samans hver við annan. 4Og þú skalt gjöra nestur af gulu silki í hvört horn og jaðar dúkanna þar sem þeir skulu festast til samans, að ætíð sé festir tveir og tveir til samans í hornunum. 5Þar skulu vera fimmtygi nestur á hverjum dúk so að hvort megi festast við annað. 6Þú skalt og gjöra fimmtygi gullkróka að festa tjöldin saman með hvört við annað svo þar verði ein tjaldbúð af.

7Þú skalt og gjöra eitt hárklæði af geitahári yfir tjaldbúðina af ellefu dúkum. 8Og hver dúkur skal vera þrjátygi álna langur og fjögra álna breiður, og þessir ellefu dúkar skulu vera jafnstórir. 9Fimm skaltu tengja til samans og sex til samans, svo þú gjörir þann sjötta dúkinn tvefaldan á framanverðri tjaldbúðinni. 10Og þú skalt gjöra fimmtygi lykkjur á jöðrunum á hverjum dúk til að festa þá saman með á jöðrunum.

11Svo skaltu og gjöra fimmtygi messingarkróka og láta krókana í lykkjurnar so að tjaldið tengist saman með því og verði ein tjaldbúð. 12En þeir dúkar sem afgangs eru af tjaldinu, þá skaltu hengja hálfpart út yfir tjaldbúðina 13eirnrar álnar sítt á báðar síður, so að það sem afgengur skal vera við hlið tjaldbúðarinnar og þekja hana á báðar síður. 14Þú skalt og gjöra þak yfir allt þetta af rauðlituðum hrútskinnum og so enn eitt þak þar utan yfir af greifingsskinnum.

15Þú skalt og gjöra fjalir til tjaldbúðarinnar af trjám setím sem standa mega, 16tíu álna löng skal hvör fjöl vera og hálfrar annarrar álnar breidd. 17Og hver fjöl skal hafa tvo titta so að hvör fjöl megi föst verða við aðra. 18So skulu allar fjalir vera gjörðar til tjaldbúðarinnar. Tuttugu skulu standa fyrir sunnan fram 19og skulu hafa fjörutygi silfurfætur undir sér, og tveir fætur undir hvörri fjöl hjá hennar tveimur tittum. 20Svo skulu og tuttugu fjalir standa fyrir norðan fram á þeirri annarri síðu 21og fjörutygi silfurfætur og tveir fætur undir hverri fjöl. 22Síðan skaltu gjöra sex fjalir á bak við tjaldbúðina til vesturs. 23So skaltu og gjöra tvær fjalir þar til baka á þeim tveimur hornum tjaldbúðarinnar, 24að hvörjar hornfjalir sé samanfestar neðan og ofan til líka so festar til samans með einum sinkli. 25Og þær fjalir skulu vera átta með þeirra silfurfótum sem eru sextán, tveir fætur undir hverri fjöl.

26Þú skalt og gjöra stengur af trjám setím til fjalanna, fimm við þá eina síðu á tjaldbúðinni 27og fimm til fjalanna við þá aðra síðu á tjaldbúðinni og fimm til þeirra fjala á bak við tjaldbúðina í vestur. 28Og þú skalt stinga stöngunum mitt í fjalirnar og koma þeim öllum til samans, frá því einu horni og til þess annars. 29Og þú skalt búa fjalirnar með gulli og so gjöra hringana af gulli og stinga stöngunum í þá. 30Þú skalt og búa stengurnar með gull. So skaltu uppreisa tjaldbúðina eftir þeirri mynd sem þú sást á fjallinu.

31Þú skalt og gjöra eitt fortjald af gulu silki, guðvef, skarlati og purpura og hvítu tvinnuðu silki. Þar uppá skaltu með hagleik gjöra kerúbím 32og hengja það á fjóra stólpa af trjám setím sem eru búnir með gull, hafandi gullknappa og fjóra fætur af silfri. 33Og þú skalt festa fortjaldið til samans með krókum og setja vitnisburðarörkina fyrir innan fortjaldið, svo það sé yður eirn aðskilnaður á millum þess heilaga og þess allra heilagasta. 34Og þú skalt setja náðarstólinn uppá örk vitnisburðarins inn í það allraheilagasta. 35En borðið skaltu setja fyrir framan fortjaldið og kertistikuna þvert yfir frá borðinu, á þá

syðri síðu í tjaldbúðinni, en borðið standi fyrir norðan fram.

[36]Þú skalt og gjöra eitt klæði fyrir dyrnar á tjaldbúðinni ofið með gulu silki, purpura, skarlati og hvítu tvinnuðu silki. [37]Og gjör fimm gulllega stólpa til sama klæðis af trjám setím með gullknöppum. Og þú skalt steypa til þeirra fimm koparfætur.

27 Þú skalt og gjöra eitt altari af trjám setím, fimm álna langt og breitt, jafnt á fjóra vegu, og þriggja álna hátt. [2]Þú skalt og gjöra hörn upp af þeim öllum fjórum hyrningum altarisins og slá hornin með kopar utan. [3]Gjör og katla að láta í öskuna, sleifar, munlaugar, matkróka, eldpönnur, öll þessi verkfæri skalt þú gjöra af kopar. [4]Þú skalt og gjöra kopargrind þar fyrir so sem eitt net og gjör fjóra koparhringa í þau fjögur horn þar á. [5]Og þú skalt gjöra hana neðan um kring á altarinu að grindurnar taki mitt uppí altarið. [6]Og þú skalt gjöra stengur til altarisins af trjám setím og slá þær utan um með messing. [7]Og þú skalt stinga stöngunum í hringana so að stengurnar megi vera á báðar síður við altarið að bera það með. [8]Þú skalt og gjöra það af fjölum so það sé holt innan so sem þér var áður sagt á fjallinu. [9]Þú skalt og gjöra eirn garð um tjaldbúðina. Það skulu vera langtjöld af hvítu tvinnuðu silki, hundrað álna langt á þá syðri síðu, [10]og tuttugu stólpa skalt þú gjöra á tuttugu koparfótum og þeirra knappa með laufverk af silfri. [11]Þar skal og vera eitt langtjald á nyrðri síðu, hundrað álna langt, tuttugu sólpar á tuttugu koparfótum og þeirra hnappar með laufverki af silfri. [12]En á þeirri vestri síðu skal garðsins lengd vera fimmtygu álnir, með tíu stólpum og tíu fótum. [13]En á þá austursíðu skal garðurinn vera fimmtygir álna langur, [14]so að langtjöldin hafi fimmtyi álnir á þá eina síðu, þar til þrjá stólpa á þrimur fótum, [15]og líka fimmtán álna á þá aðra síðu, þar til þrjá stólpa á þrimur fótum. [16]Í inngöngu tjaldbúðargarðsins skal vera eirn dúkur tuttugu álna langur, saumaður með gulu silki, skarlati og purpura og hvítu tvinnuðu silki, og þar til fjórir stólpar á sínum fjórum fótum. [17]Allir stólparnir í kringum tjaldbúðargarðinn skulu hafa silfurhringa og silfurhnappa og koparfætur. [18]Og tjaldbúðargarðurinn skal vera hundrað álna langur og fimmtygu álna breiður og fimm álna hár, af hvítu tvinnuðu silki. Og fæturnir skulu vera af kopar. [19]Öll tjaldbúðarinnar verkfæri til allsháttaðar þjónustugjörðar og allir hennar naglar og allir tjdlabúðargarðsins hælar skulu vera af kopar.

[20]Bjóð Íraelissonum að þeir beri þér það allra skærasta og klárasta viðsmjör sem þeir fá kunna af viðsmjörviðartrjám sem er vel skekið til að láta í lampana á ljósa stikunni alltíð [21]í vitnisburðartjaldbúðinni, fyrir framan tjaldið það sem hangir fyrir vitnisburðinum. Og Aron og hans synir skulu tilreiða þá fyrir DROTTNI bæði morna og kvöld. Og það skal vera ein eilíf skikkan hjá yður og yðar eftirkomendum á meðal Ísraelssona.

28 Og þú skalt taka þinn bróðir Aron og hans sonu til þín af Ísraelssonum, að hann sé minn kennimaður, sem er Aron og hans synir Nadab, Abíhú, Eleasar og Ítamar. [2]Og þú skalt gjöra Aron þínum bróður helgan klæðnað sem vera skal vegsamlegur og prýðilegur. [3]Og tala þú við alla þá sem hafa eitt vísdóms hjarta, hverja ég hefi uppfyllt með vísdóms anda, að þeir gjöri Aroni klæði til sinnar vígslu, að hann sé kennimaður. [4]Þessi eru þau klæði sem þeir skulu gjöra: Brjóstskjöld, lífkyrtil, silkimöttul, þröngvan kyrtil, höfuðklæði og eitt belti. Þennan helgan klæðnað skulu þeir gjöra Aroni þínum bróður og hans sonum, so að

þeir séu mínir kennimenn. [5]Og þar til skulu þeir taka gull, gult silki, skarlat, purpura, hvítt silki. [6]Þeir skulu gjöra lífkyrtilinn af gulli, gulu silki, skarlati, purpura og hvítu tvinnuðu silki, fagurlega, [7]so að hann sé tengdur til samans á báðum öxlunum og so bindist til saman á síðunni. [8]Og beltið þar utan yfir skal vera gjört með þann sama hagleik og smíði, af gulli, gulu silki, skarlati, purpura og hvítu tvinnuðu silki. [9]Þú skalt og taka tvo ónyxsteina og grafa nöfn Ísraelissona á þeim, [10]sex nöfn á hvorum, eftir þeirra aldri, [11]og láta steinsníðara þá sem innsigli grafa gjöra það og greypa þá í gull allt um kring. [12]Og þú skalt festa þá uppá axlirnar á lífkyrtlinum, að þeir steinar sé til eirnrar minningar fyrir Ísraelssonum. Aron beri þeirra nöfn upp á báðum sínum öxlum fyrir DROTTNI til minningar. [13]Þú skalt og gjöra gullspengur [14]og tvær keðjur af kláru gulli so að hver hringur hangi í öðrum og þær skaltu festa í spangirnar.

[15]Þú skalt og gjöra embættisins brjóstskjöldinn kostulega so sem lífkyrtilinn, af gulli, gulu silki, skarlati, purpura og guðvef. [16]Hann skal vera ferskeyttur og tvefaldur, eirnrar þverhandar breiður á lengd og so líka á breidd. [17]Hann skaltu setja allansaman með fjórum röðum steina. Og í fyrstu röðinni skal vera sardus, tópaser og smaragðus. [18]Í annarri röðinni rúbín, safírus, demant. [19]Í þeirri þriðju lyncurer, akat, ametístus. [20]Í þeirri fjórðu eirn túrkis, ónyx, jaspis. Þeir skulu vera greyptir í gull í öllum röðunum. [21]Og þeir skulu standa eftir tólf Ísraelissona nöfnum, útgrafið af steinsníðaranum, hver eftir sínu nafni, eftir þeim tólf kynkvíslum. [22]Þú skalt og gjöra hlekkjarfesti til brjóstskjöldsins með tveimur endum og lykja hvern í annan, af kláru gulli. [23]Og tvo gullhringa á brjóststkjöldinn, so að þú festir þá saman, tvo hringa til þeirra tveggja horna á brjóstskildinum, [24]og set þar tvær keðjur í þá sömu tvo gullhringa á bæði hornin á brjóstskildinum. [25]En þá hina tvo enda af þeim tveimur keðjum skaltu setja í spengurnar og festa þær í axlirnar á lífkyrtlinum, sínumegin hvörn. [26]Og þú skalt gjöra tvo aðra gullhringa og festa þá í þau önnur tvö horn á brjóstskildinum, hvorn í sínum stað, neðan til móts við lífkyrtilinn. [27]So skaltu gjöra tvo gullhringa og festa þá á bæði hornin neðan til lífkyrtilsins, hvorn mót öðrum þar sem lífkyrtillinn kemur til samans, ofan á lífkyrtilinn með meistarahagleik, [28]so skal mann knýta brjóstskjöldinn með sínum hringum í hringana á lífkyrtilinn með eirni gulri snúru so það sé fest við lífkyrtilinn sem er kostulega gjörður, so að brjóstskjöldurinn sé ekki laus við lífkyrtilinn. [29]So skal Aron bera Ísraelssona nöfn í embættisins brjóstskildinum á sínu brjósti þegar hann gengur í helgidóminn, alltíð til eirnrar minningar fyrir DROTTNI. [30]Þú skalt og setja í embættisins brjóstskjöldinnljósið *(Urim)* og réttinn *(Thummin)* so það sé á Arons brjósti þegar hann kemur inn fyrir Drottin, að hann æ og alltíð beri Ísraelssona embætti á sínu brjósti fyrir DROTTNI.

[31]Þú skalt og gjöra silkikyrtil, allansaman af gulu silki, undir kyrtlinum. [32]Og skal vera eitt hálsmál á honum miðjum og faldað með einum borða, svo það rifni ekki ófaldað. [33]Og neðanvert á faldinum skaltu gjöra svo sem granataepli allt um kring, af gulu silki, skarlati, purpura, og gullbjöllur millum þeirra, so rétt um kring, [34]so að þar sé ein gullbjalla og eitt granataepli og aftur ein gullbjalla og granataepli allt í kring um faldinn á sama silkikyrtli. [35]Þessum kyrtli skal Aron skrýðast þá hann embættar svo að menn megi heyra hljóminn þar af þegar hann gengur út og inn í helgidóminn fyrir DROTTNI, að hann skuli ekki deyja.

[36]Þú skalt og gjöra eina ennisspöng af kláru gulli og útgrafinn „DROTTINS HELGIDÓMUR“ [37]þar á, sem menn útgrafa innsigli. Það skaltu festa framan á mítrið [38]með einum gulum silfurdregli yfir Arons enni, so skal Aron bera misgjörðir þess helgaða sem Ísraelssynir heilagt gjöra með ölum þeirra gáfum og það skal alltíð vera yfir hans enni til að forlíka þá fyrir DROTTNI.

[39]Þú skalt og gjöra eirn mjóan kyrtil af hvítu silki og eitt mítur af hvítu silki og eitt stangað belti.

[40]Þú skalt og gjöra Arons sonum kyrtla og belti og mítur, vegsamleg og fögur, [41]og færa Aron þinn bróður og hans syni þar í og smyrja þá og fylla þeirra hendur og vígja þá til að vera mínir kennimenn. [42]Þú skalt og gjöra þeim línbrækur af líni, frá lendunum og til hnésbótar, að hylja þeirra blygðanarhold með. [43]Þær skal Aron og hans synir hafa þá þeir ganga inn í tjaldbúð vitnisburðarins eður til altarisins að þjóna í helgidóminum so að þeir beri eigi sína misgjörninga og deyi. Þetta skal vera honum og hans sæði eftir hann ein eilíf skikkan.

29 Þetta er það sem þú skalt gjöra þeim so þeir séu vígðir mér til kennimanna. Tak eirn ungan uxa og tvo hrúta sem að eru vankalausir [2]og ósýrt brauð og ósýrðar kökur blandaðar með viðsmjör og ósýrða leifa smurða með viðsmjöri. Þetta allt saman skaltu gjöra af hveitimjöli [3]og leggja það í eina körf og bera það fram í körfinni, og uxann og þá tvo hrútana. [4]Svo skaltu leiða Aron og hans syni fyrir dyrnar vitnisburðar tjaldbúðarinnar og þvo þeim í vatni. [5]Og tak klæðnaðinn og fær Aron í þann mjóa kyrtil og í þann silkikyrtil og í lífkyrtilinn með brjóstaskildinum til lífkyrtilsins. [6]Og þú skalt gyrða hann utan á lífkyrtlinum og setja mítrið á hans höfuð og setja þá helgu krónu uppá mítrið. [7]Síðan skaltu taka það smurningar oleum og hella því á hans höfuð og smyrja hann. [8]So skaltu og leiða hans sonu hér til og færa þá í þá mjóu kyrtla [9]og gyrða þá og Aron með lindum og setja mítrin á þá, so þeir skulu hafa prestdæmið til eilífrar skikkunar. Þú skalt og fylla Arons hendur og hans sona.

[10]Og leiða þann unga uxann fyrir vitnisburðarbúðina. Og Aron og hans synir skulu leggja sínar hendur yfir höfuð uxans [11]og sæfa uxann fyrir DROTTNI fyrir dyrum vitnisburðarbúðarinnar. [12]So skalt þú taka af hans blóði og smyrja á hornin altarisins með þínum fingri, en allt annað blóð skaltu niður hella fyrir altarisins fót. [13]Og þú skalt taka alla þá feiti sem utan um innyflin er og lifrarnetjuna og bæði nýrun og nýrnamörinn og þú skalt upptendra það á altarinu. [14]En kjötið, húðina og óhreinindin uxans skalt þú uppbrenna með eldi fyrir utan herbúðirnar, því það er eitt syndaoffur.

[15]En annan hrútinn skaltu taka og Aron og hans synir skulu leggja sínar hendur yfir hans höfuð. [16]Síðan skalt þú slátra honum og taka hans blóð og stökkva því allt í kring á altarið. [17]En hrútinn skaltu höggva í stykki, svö skalt þú þvo hans innyfli og hans lær og leggja þau á stykkin og á hans höfuð [18]og brenna so hrútinn allan saman á altarinu, því það er ein brennifórn fyrir DROTTNI, eirn sætleiksilmur og DROTTINS eldur.

[19]En þann annan hrút skaltu taka og Aron og hans synir skulu leggja sínar hendur yfir hans höfuð [20]og þú skalt slátra honum og taka hans blóð og ríða því á hægra eyrnasnepil Arons og hans sona og á þeirra hægra þumalfingur og á þeirra hægri þumaltá. Og þú skalt stökkva blóðinu rétt um kring á altarinu. [21]Og þú skalt taka það blóðið á altarinu og það smurningaroleum og stökkva yfir Aron og hans klæði, hans syni og þeirra klæði. So verður hann og

hans klæði, hans synir og þeirra klæði, vígð.

22Síðan skaltu taka feitina af hrútunum og róuna, það feita um innyflin, lifrarnetjuna og bæði nýrun með nýrnamörnum þar um kring og hægra bóginn (því það er fyllingarhrútur) og eitt brauð og eina körfu smurða með viðsmjöri 23og einn leif úr þeirri körf sem stendur fyrir DROTTNI með ósýrðu brauði, 24og legg það allt á Aron og hans sona hendur og veifa því fyrir DROTTNI. 25Og tak það síðan af þeirra höndum og upptendra það á altarinu til eins brennioffurs, til eins sæts ilms fyrir DROTTNI, því það er eldur DROTTINS.

26Og þú skalt taka bringuna af Arons uppfyllingarhrút og þú skalt veifa því fyrir DROTTNI. Það skal vera þinn partur. 27Þú skalt og svo helga veifunarbrjóstið og upplyftingarbóginn sem er veifað og upplyft af Arons og hans sona fyllingshrút, 28og það skal Aron eignast og hans synir fyrir eina eilífa skikkan, af Ísraelsbörnum, því það er eitt upplyftingaroffur. En upplyftingaroffrið skal heyra DROTTNI til af Ísraelssonum, og þeirra þakklætisoffri og upplyftingaroffri.

29En þau helgu klæði sem Aron hefur, þau skulu hans synir hafa eftir hann, að þeir séu smurðir í þeim og þeirra hendur uppfylltar. 30Hvor af hans sonum sem verður prestur í hans stað, hann skal íklæðast þeim í sjö daga, að hann gangi inn í vitnisburðarbúðina til að þjóna í helgidóminum.

31Þú skalt og taka upplyftingarhrútinn og matgjöra hans kjöt á einum heilögum stað. 32Og Aron og hans synir skulu eta það sama hrútskjöt með því brauði sem er í körfinni fyrir vitnisburðarbúðardyrum. 33Því þar með er forlíkunin orðin að fylla þeirra hendur svo þeir séu vígðir. Enginn annar skal eta það því það er heilagt. 34En ef nokkuð leyfist af sömu uppfyllingarkjöti og af brauðinu inn til morguns, þá skal það brennast með eldi og ekki láta það etast því það er heilagt. 35Og þú skalt so gjöra við Aron og hans sonu í allan máta líka sem ég hefi bífalað þér. Þú skalt fylla þeirra hendur í sjö daga og slátra hvern dag einum uxa til syndaoffurs til forlíkunar. 36Þú skalt hreinsa altarið þá þú gjörir soddan forlíkan þar yfir og smyrja það að það verði vígt. 37Sjö daga skaltu gjöra þessa forlíkan yfir altarið og vígja það að það sé eitt altari þess allra heilagasta. Og hver sem vill snerta altarið hann skal vera vígður.

38Og þetta skaltu gjöra við altarið: Þú skalt ætíð hvern dag fórnfæra þar á tvö lömb veturgömul, 39eitt lamb að morni og það annað að kveldi. 40Og til eins lambs legg þú tíundapart af hveitissarla blandað við skekið oleum, fjórðapart af hín, og eirn fjórðapart hín víns til drykkjuoffurs. 41Þú skalt gjöra líka so með það annað lambið að kveldi so sem við matoffur og drykkjaroffur um morguninn, til eins sætleiksilms, einn eld fyrir DROTTNI.

42Þetta er það daglega brennioffur hjá yðar eftirkoendum, fyrir tjaldbúðarinnar vitnisburðardyrum, fyrir DROTTNI, þar sem ég vil vitna fyrir yður og tala við þig. 43Þar vil ég þekkjast af Ísraelissonum og helgast af minni dýrð. 44Og ég vil helga gjöra vitnisburðarbúðina og altarið og ég vil vígja Aron og hans sonu mér til kennimanna. 45Og ég vil búa á meðal Ísraelssona og vera þeirra Guð, 46svo þeir viti að ég er DROTTINN þeirra Guð sem útleiddi þá af Egyptalandi, að ég bý á meðal þeirra, ég DROTTINN þeirra Guð.

30 Þú skalt gjöra eitt reykelsisaltari til að brenna reykelsi uppá, af trjám setím, 2eirnrar álna langt og breitt, rétt ferskeytt, og tveggja álna hátt, með sínum hornum. 3Og það skaltu búa utan með klárt gull ofan til og á síðunum allt um kring og hornin

með. Þú skalt og gjöra eina kórónu af
gulli í kring um það [4]og tvo gullhringa á
báðar síður undir kórónunni svo menn
megi setja stengurnar þar í að bera það
með. [5]Þú skalt og gjöra stengurnar af
trjám setím og búa þær með gull. [6]Og
það skaltu setja fyrir framan fortjaldið
sem hangir fyrir vitnisburðarörkinni
og fyrir þeim náðarstól sem er á vitnis-
burðinum, hvaðan ég vil vitna fyrir þér.
[7]Og á þessu altari skal Aron hvörn
morgun tendra ilmandi reykelsi þá
hann tilreiðir lampana. [8]Sömuleiðis á
kveldin þá hann tendrar lampana. Þetta
skal vera daglegt reykelsi fyrir DROTTNI
hjá yðar eftirkomendum. [9]Þér skuluð
ekkert annarlegt reykelsi gjöra þar
uppá og ei heldur offra þar uppá
brennioffri, matoffri eða drykkjaroffri.
[10]Og Aron skal eitt sinn um árið gjöra
eina forlíkun á horni altarisins, með
syndaoffursblóði til forlíkunar. Þessi
forlíkun skal ske eitt sinn hvört ár hjá
yðar eftirkomendum. Því það er
DROTTNI það allra helgasta.“

[11]Og DROTTINN talaði til Mósen og
sagði: [12]„Þá þú telur Ísraelissona höfuð
þá skal hvör gefa DROTTNI sínar sálar
forlíkun so að þar skuli enginn plága
koma á þá þegar þeir eru taldir. [13]Og
hvör sem í tölunni er hann skal gefa
eirn hálfan sikil eftir eftir helgidómsins
sikli. Eirn sikill gildir tuttugu gera,
soddan hálfur sikil skal vera HERRANS
upplyftingaroffur. [14]En hvör sem er í
tölunni, tvítugur og þaðan af eldri,
hann skal gefa DROTTNI soddan upplyft-
ingaroffur. [15]Sá hinn ríki skal ekki gefa
meira og sá fátæki ekki minna en hálf-
an sikil sem hann gefur DROTTNI til
upplyftingar, fyrir þeirra sálna forlíkan.
[16]Og þú skalt taka soddan forlíkunar-
peninga af Ísraelissonum og leggja til
Guðs þjónustu í vitnisburðarbúðina, að
það sé Ísraelissonum ein minning fyrir
DROTTNI, að hann láti sig forlíka yfir
þeirra sálum.“ [17]Og DROTTINN talaði við
Mósen og sagði: [18]„Þú skalt og gjöra eitt
vatnker af kopar með einum koparfæti
til að þvo sig úr. Og það skaltu setja
millum vitnisburðartjaldbúðarinnar og
altarisins og láta vatn þar útí [19]so að
Aron og hans synir megi þvo sínar
hendur fætur [20]þar af þá þeir ganga inn
í vitnisburðarbúðina eða til altaris að
þjóna með reykelsi, sem er eldur fyrir
DROTTNI. [21]Þeir skulu þvo hendur og
fætur so að þeir deyi ekki. Það skal vera
ein eilíf skikkan honum og hans sæði
hjá þeirra eftirkomendum.“

[22]Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: [23]„Tak til þín þær bestu jurtir, þá
skæra myrru fimm hundruð siclos (að
vigt) og hálf part so mikið af sinna-
momum, tvö hundruð og fimmtygi
(siclos) og calmus, tvö hundruð og
fimmtygu, [24]og fimm hundruð casíen,
eftir vigt helgidómsins siclus, og eitt
hín viðsmjörs af viðsmjörstré [25]og gjör
eitt heilagt smurningaroleum, eftir
smyrslamakarans kunnáttu. [26]Þar með
skaltu smyrja vitnisburðarbúðina og
vitnisburðarörkina, [27]borðið og öll þess
ker, kertistikuna með því sem henni til-
heyrir, reykelsisaltarið, [28]brenni-
offursaltarið með öllum sínum umbún-
aði, og vatnkerið með sínum fæti. [29]Og
þú skalt vígja það so að það sé allra
helgasta. Því sá sem vill snerta þetta
hann skal vera vígður. [30]Þú skalt og
smyrja Aron og hans sonu og vígja mér
þá til kennimanna. [31]Og þú skalt tala
við Ísraelssonu og segja: Þetta oleum
skal mér vera eitt heilagt smyrsl hjá yð-
ar eftirkomendum. [32]Því skal ekki vera
úthellt á mannsins líkama. Eigi skulu
þér heldur gjöra soddan því það er heil-
agt. Þar fyrir skal það og vera yður heil-
agt. [33]Hver helst sem gjörir soddan eð-
ur gefur öðrum nokkuð þar af hann
skal verða afmáður frá sínu fólki.“

[34]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Tak
til þín jurtir, balsamum, stacten, calben
og klára myrru, jafnmikið af hverju,
[35]og gjör reykelsi þar af eftir
smyrslamakarans kunnáttu blandað, að

það blífi hreint og heilagt. 36Og þú skalt melja það í smátt og leggja það fyrir vitnisburðinn í vitnisburðarbúðinni, hvaðan ég mun vitna fyrir þér. Það skal vera yður það allra helgasta. 37Þér skuluð ekki gjöra yður soddan reykelsi, heldur skal þetta vera þér heilagt fyrir DROTTNI. 38Hvör sem gjörir soddan til að hafa hjá sér slíkan ilm hann skal afmást frá sínu fólki.“

31 DROTTINN mælti við Mósen og sagði: 2„Sjá, ég hefi kallað Besaleel, son Úrí, son Húr, af ætt Júda, með nafni 3og hef uppfyllt hann með Guðs anda, með vísdómi og skilningi og hagleik í allra handa smíði, 4meistarlega að erfiða í gulli, silfri, kopar, kostulega að útgrafa 5og innsetja steina og kostulega að smíða úr tré og að smíða allrahanda smíði. 6Og sjá, ég hefi fengið honum félaga, Ahalíab, son Ahísamak af ætt Dan. Og ég hefi gefið þeim allsháttaðan vísdóm í þeirra hjörtu að þeir skulu smíða allt það sem ég hefi boðið þér: 7Vitnisburðarbúðina, vitnisburðarörkina, náðarstólinn þar uppá og allan umbúnað tjaldbúðarinnar, 8borðið með þeim umbúnaði sem þar tilheyrir, þá fögru kertistiku með sínum öllum verkfærum, reykelsisaltarið, 9brennifórnaraltarið með öllum sínum útbúnaði, vatnkerið og þess fót, 10embættisklæðin og Arons kennimans helgu klæði og hans sona klæði til prestembættisins, 11smurningaroleum og reykelsi til helgidómsins. Allt það sem ég hefi bífalað þér það skulu þeir gjöra.“

12Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 13„Tala til Ísraelssona og segðu til þeirra: Haldið minn þvottdag því að það sama er eitt teikn millum mín og yðar og yðra eftirkomenda, so þér skuluð vita að ég er DROTTINN sem yður gjörir heilaga. 14Þar fyrir haldið minn sabbatsdag því hann skal vera yður helgur. Hver sem vanhelgar hann, sá skal vissulega deyja. Því hvör sem gjörir nokkuð erfiði á honum, hans sál skal afmást frá sínu fólki. 15Sex daga skulu menn erfiða en sjöundi dagur er sabbatsdagur, DROTTINS heilög hvíld. Hver sem gjörir nokkuð erfiði á sabbatsdegi hann skal vissulega deyja. 16Þar fyrir skulu Ísraelssynir halda sabbatsdaginn að þeir og þeirra eftirkomendur haldi hann til eins eilífs sáttmála. 17Hann er eitt eilíft teikn millum mín og Ísraelssona. Því DROTTINN skapaði himin og jörð á sex dögum en á þeim sjöunda degi hvíldist hann og endurnærði sig.“

18Og sem DROTTINN hafði endað þessar ræður við Mósen á Sínaífjalli gaf hann honum tvær vitnisburðartöflur. Þær voru af steini og skrifaðar með Guðs fingri.

32 En þegar fólkið sá að Móses dvaldi að koma að fjallinu söfnuðust þeir saman mót Aron og sögðu til hans: „Statt upp og gjör oss guði sem gangi fyrir oss því vér vitum ekki hvað af þeim manni Móse er orðið sem leiddi oss af Egyptalandi.“ 2Aron sagði til þeirra: „Takið eyrnagullið yðvarra kvenna, sona og dætra og berið það hingað til mín. 3So reif allt fólkið eyrnagullið af þeirra eyrum og báru það til Arons. 4Og hann meðtók það af þeirra höndum og uppkastaði með einum stíl og gjörði eirn steyptan kálf. Og þeir sögðu: „Ísrael, þessir eru þínir guðir sem færðu þig af Egyptalandi.“ 5Þá Aron sá það byggði hann eitt altari fyrir honum og lét úthrópa og segja: „Á morgin er DROTTINS hátíð.“ 6Og þeir stóðu snemma upp um morguninn og offruðu brennifórnir og lögðu til þakklætisfórnir. Eftir það setti fólkið sig niður að eta og drekka og stóð so upp að dansa.

7Þá sagði DROTTINN til Mósen: „Gakk og far ofan því þitt fólk það þú leiddir af Egyptalandi hefur misgjört. 8Þeir eru

snart viknir af þeim vegi sem ég bauð þeim. Þeir hafa gjört sér eirn steyptan kálf og hafa tilbeðið hann og offrað honum og sagt: „Ísrael, þessir eru þínir guðir sem leiddu þig af Egyptalandi.“ 9Og DROTTINN sagði til Mósen: „Ég sé að þetta fólk er harðsvírað fólk. 10Lát mig nú ráða so mín reiði megi gremjast þeim og svelgja þá. So vil ég gjöra þig til eins mikils fólks.“ 11So bað Móses fyrir DROTTNI sínum Guði og sagði: „DROTTINN, því vill þín grimmd reiðast þínu fólki sem þú útleiddir af Egyptalandi með miklum krafti og styrkri hendi? 12Hvar fyrir skulu Egyptarnir tala og segja: Hann hefur útleitt þá þeim til ólukku so að hann dræpi þá á fjöllum uppi og afmáði þá af jörðunni? Snú þér frá þinni grimmri reiði og vert náðugur yfir vondskap þíns fólks. 13Lát þér í hug koma þína þénara Abraham, Ísak og Ísrael, hverjum þú hefur svarið við þig sjálfan og fyrirheitið þeim: Ég vil so margfalda yðart sæði sem stjörnur á himninum og allt þetta land sem ég hefi lofað vil ég gefa yðru sæði og þeir skulu það eignast ævinlega.“ 14So iðraðist þá DROTTIN þess hins vonda sem hann hafði hótað að gjöra sínu fólki.

15Móses sneri sér og gekk ofan af fjallinu og hafði þær vitnisburðartöflur í sinni hendi. Þær voru skrifaðar á báðar síður 16og Guð sjálfur hafði gjört þær og sjálfur ritað skriftina á þeim. 17Sem nú að Jósúa heyrði fólksins heróp og þys þá sagði hann til Móse: „Það er eitt heróp í herbúðunum líka sem í bardaga.“ 18Hann svaraði: „Það er ekki óp so sem þeirra eð falla eður fá sigur, heldur heyri ég rödd kveðanda dans.“ 19Og er Móses nálgaðist til herbúðanna og sá kálfinn og dansinn þá reiddist hann ákaflega og kastaði töflunum af hendi og braut þær sundur undir fjallinu. 20Síðan tók hann kálfinn sem þeir höfðu gjört og brenndi hann í eldi, gjörði hann að ösku og kastaði henni í vatn og gaf Ísraelisþjónum að drekka af því vatni.

21Og hann sagði til Arons: „Hvað hefur þetta fólk gjört þér að þú leiddir svo stóra synd yfir það?“ 22Aron svaraði: „Minn herra, reiðst ekki. Þú veist að þetta fólk er illt. 23Þeir sögðu til mín: Gjör oss guði sem að gangi fyrir oss því vér vitum ekki hvað orðið er af þessum Móse sem oss útleiddi af Egyptalandi. 24Þá sagði ég til þeirra: Hver sem hefur gull hann rífi það af og fái mér það. Og ég kastaði því í eldinn, so varð þessi kálfur þar af.“

25Sem Móses sá nú að fólkið var orðið frí (því að Aron hafði gjört það frí, til hneykslunar á meðal óvinanna) 26þá gekk hann fram í herbúðarhliðið og sagði: „Ef nokkur er Guðs hann komi hingað til mín.“ Þá söfnðuðust allir Leví synir til hans. 27Og hann sagði til þeirra: „So segir DROTTINN Ísraels Guð: Hver eirn bindi sitt sverð við síðu og gangi í gegnum herbúðirnar fram og aftur, frá einu hliði til annars, og hver slái sinn bróðir, vin og náunga í hel.“ 28Leví synir gjörðu sem Móses hafði sagt þeim. Og þar féllu á þeim degi þrjár þúsundir manns af fólkinu. 29Þá sagði Móses: „Þér hafið fyllt yðar hendur í dag fyrir DROTTNI, hvör eirn á sínum syni og bróður, so þar gefist blessan yfir yður í dag.“ 30Annars dags þar eftir sagði Móses til fólksins: „Þér hafið gjört eina mestu synd. Ég vil nú uppfara til DROTTINS ef ske mætti ég gæti forlíkt yðar synd.“ 31Og sem Móses kom aftur til DROTTINS sagði hann: „Þetta fólk hefur framið eina stóra synd og gjört sér guði af gulli. 32Fyrirgef þeim nú þeirra synd – en viljir þú það ekki, þá afmáðu mig af þinni bók sem þú hefur skrifað.“ 33DROTTINN sagði til Mósen: „Hvað? Ég vil afmá þann af minni bók sem syndgast á móti mér. 34Far þú nú og leið fólkið þangað sem ég sagði þér. Sjá, minn engill skal fara fyrir þér. Ég vil vel vitja þeirra synda þá minn vitjunartími kem-

ur.“ [35]So sló DROTTINN fólkið vegna kálfsins hvörn Aron hafði gjört.

33 Og DROTTINN sagði til Mósen: Far og ferðast héðan, þú og fólkið það þú leiddir af Egyptalandi, til þess lands sem ég sór Abraham, Ísak og Jakob, segjandi: Ég vil gefa þínu sæði það. [2]Ég vil senda eirn engil fyrir þér og útrýma þá Kananeos, Amoreos, Heteos, Pereos, Heveos og Jebúseos, [3]í það land sem flýtur í mjólk og hunangi. Ég vil ekki fara upp þangað með þér því þú ert harðsvíraður lýður, so að ég ekki fyrirkomi þér á veginum.“

[4]Þá fólkið heyrði þessi vondu orð grét það og enginn bar sína prýði á sér. [5]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Segðu Ísraelssonum: Þér eruð eitt harðhnakkað fólk. Ég kem einu sinni bráðlega yfir þig og eyðilegg þig. Legg nú þitt skart af þér so ég megi vita hvað ég skal gjöra þér.“ [6]So lögðu Ísraelssynir þeirra skart af sér hjá því fjallinu Hóreb.

[7]En Móses tók tjaldbúðina og reisti hana upp langt út frá herbúðunum og kallaði hana vitnisburðarbúð. Og hver sá maður sem vildi aðspyrja DROTTINN hann hlaut að fara út til vitnisburðarbúðarinnar út fyrir herbúðirnar. [8]Og þá Móses gekk út til búðarinnar þá stóð allt fólkið upp og hver gekk út í sínar tjalddyr og þeir litu á bak honum þar til hann kom inn í tjaldbúðina. [9]Og þá Móses kom í tjaldbúðina þá kom skýstólpinn niður og stóð í tjaldbúðardyrunum og DROTTINN talaði við Mósen. [10]Og allt fólkið sá að skýstólpinn stóð í tjaldbúðarinnar dyrum og hvör í sínum tjalddyrum hneigði sig. [11]En DROTTINN talaði við Mósen andliti til andlitis líka sem eirn maður talar við sinn vin. Og þá hann gekk aftur til herbúðanna þá veik hans þénari Jósúa, sonur Núns, hvörgi af tjaldbúðinni.

[12]Og Móses sagði til DROTTINS: „Sjá, þú segir til mín: Leið þú fólkið upp þangað og þú lætur mig ekki vita hvörn þú vilt senda með mér. Þar þú hefur þó sagt til mín: Ég þekki þig með nafni og þú hefur fundið náð fyrir mínum augum. [13]Hafi ég nú fundið náð fyrir þínum augum þá vísa mér þinn veg hvar með ég kunni að þekkja þig og finna náð fyrir þínum augum. Og sjá þú, þetta fólk er þinn lýður. [14]Hann sagði: „Mitt andlit skal fara (fyrir yður), þar með vil ég vísa þér veg.“ [15]En hann sagði til hans: „Ef þitt andlit fer ei þá leið oss ei úr þessum stað. [16]Því hvernin eigum vér ella vita að ég og þitt fólk hafi fundið náð fyrir þínum augum, utan það þú farir með oss? So að ég og þitt fólk megum prísast fyrir öllu fólki á jörðunni.“

[17]Þá sagði DROTTINN til Mósen: „Ég vil gjöra það sem þú nú mæltir því þú hefur fundið náð fyrir mínum augum og ég þekki þig með nafni.“ [18]En hann sagði: „Þá lát mig sjá þína dýrð.“ [19]Og hann sagði: „Ég vil láta allan minn góða fara fyrir þínu andliti og ég vil láta prédika DROTTINS nafn fyrir þér. En hverjum sem ég er náðugur, þeim er ég náðugur, og hverjum ég er miskunnsamur, þeim er ég miskunnsamur.“ [20]Og hann sagði framarmeir: „Ekki máttu sjá mitt andlit því að enginn manneskja mun lifa sem mig sér.“ [21]Og DROTTINN sagði enn framar: „Sjá, hér er eitt rúm hjá mér, þar skaltu standa yfir steininum. [22]Þá mín dýrð gengur nú framhjá þá vil ég láta þig standa í bjargskorunni og mín hönd skal hlífa þér á meðan ég geng framhjá. [23]Og þá ég tek mína hönd frá þér þá skaltu sjá á bak eftir mér. En mitt andlit fær enginn maður séð.“

34 Og DROTTINN sagði til Mósen: „Högg þér tvær steintöflur sem þær inu fyrri voru so að ég skrifi þau orð á þær sem voru á þeim fyrru töflunum hvörjar þú braust í sundur. [2]Og vert búinn á morgun so þú stígir árla uppá Sínaífjall og gakk til mín efst uppá fjallið. [3]Og lát öngvan fara upp með þér

og að enginn verði sén hér í nánd fjallinu og að hvörki naut né sauðir fæðist gegnt þessu fjalli.“ 4Og Móses hjó tvær steintöflur so sem hinar fyrri voru og stóð snemma upp um morguninn og gekk uppá Sínaífjall sem DROTTINN hafði boðið honum og tók þær steintöflur í sína hönd. 5Þá kom DROTTINN niður í einu skýi og stóð hjá honum og prédikaði út af DROTTINS nafni. 6Og þá DROTTINN gekk fram fyrir hans andlit kallaði hann: „DROTTINN, DROTTINN Guð, miskunnsamur og náðugur og þolinmóður og mjög líknsamur og trúr, 7þú sem auðsýnir miskunn í þúsund liðu og fyrirgefur misgjörðir, ranglætið og syndirnar og fyrir hverjum enginn er saklaus, þú sem vitjar ranglætis feðranna á börnunum og barnabörnunum, inn til þriðju og fjórðu ættar.“ 8Og Móses féll strax niður til jarðar og tilbað hann 9og sagði: „DROTTINN, hafi ég fundið náð fyrir þínum augum þá fari DROTTIN með oss því það er eitt harðsvírað fólk og vert líknsamur yfir vorum syndum og misgjörðum og lát oss vera þinn arf.“ 10Og hann sagði: „Sjá, ég vil gjöra eirn sáttmála í augliti alls þíns fólks og ég vil gjöra dásamlegan hlut hvers líki aldrei var fyrr gjörður í nokkru landi eða hjá nokkru fólki. Og allt það fólk sem þú ert á meðal skal sjá Guðs gjörning því það skal vera dásamlegt sem ég skal gjöra við þig. 11Halt það sem ég býð þér í dag. Sjá, ég vil útreka þá Amoreos, Kananeos, Heteos, Pereseos, Heveos og Jebúseos fyrir þér. 12Varastu að þú gjörir nokkurn sáttmála við innbyggjara þess lands sem þú innkemur, að þeir verði þér ekki til eirnrar hneykslunar á meðal yðar, 13heldur skaltu niðurbrjóta þeirra altari og sundurmerja þeirra afguði og höggva þeirra lunda niður. 14Þú skalt ekki tilbiðja nokkurn annan guð því DROTTINN kallast vandlætari því að hann er eirn vandlátur Guð. 15Uppá það ef þú gjörir nokkuð samband með landsins innbyggjara og þá þeir fremja hór eftir þeirra guðum og offra til sinna guða að þeir ekki bjóði þér og þú etir þeirra fórnir 16og takir þeirra dætur til handa sonum yðar og þær inar sömu gjöri hór eftir sínum afguðum og komi þínum syni til að fremja hór eftir sínum afguðum.

17Þú skalt engin steypt skúrgoð gjöra þér.

18Þú skalt halda ósýrðra brauða hátíð og eta ósýrt brauð í sjö daga sem ég hefi boðið þér, í abíbsmánaðar tíma, fyrir því að þú fórst af Egyptalandi í þeim mánaði abíb.

19Allt það sem fyrst opnar sinnar móðurkvið, það er mitt, hvað sem það er, allt kallkyns á meðal fénaðarins sem opnar sinnar móðurkvið, hvort heldur það er naut eða sauðir. 20En frumburð asnans skaltu leysa með einum sauð. En ef þú vilt ekki leysa hann þá brjót hann úr hálsliðunum. Allan frumburð af þínum sonum skaltu leysa. Og þar skal enginn birtast með tómum höndum fyrir mér.

21Sex daga skaltu erfiða, þann sjöunda dag skaltu hvílast, bæði með plóg og kornskurð. 22Þú skalt halda viku hátíðina þíns fyrsta hveitikornskurðar og þá innburðarhátíð þegar árið er úti. 23Þrisvar sinnum um árið skal allt kallkyn opinberast fyrir drottnanda DROTTNI og Guði Ísraels. 24Og þá ég hef útrekið heiðingjana frá þér og þín landamerki verða víðari skal engin girnast þitt land þegar þú so upp fer til að birtast fyrir DROTTNI þínum Guði þrjár reisur um árið.

25Þú skalt ekki offra mitt offursblóð uppá súrt brauð og þú skalt ekkert láta afganga inn til morguns af páskahátíðarinnar offri. 26Þú skalt bera til DROTTINS þíns Guðs hús þann fyrsta ávöxt af þínum jarðargróða. Þú skalt ekki matgjöra kiðið meðan það er á sinnar móður mjólk.“ 27Og DROTTINN sagði til Móse: „Skrifa þú þessi orð því

eftir þessum orðum hef ég gjört eirn sáttmála við þig og við Ísrael.“ 28Og Móses var þar hjá DROTTNI í fjörutygi daga og fjörutygi nætur og át ekki brauð og drakk ekki vatn. Og hann skrifaði á töflurnar soddan eirn sáttmála, þau tíu orðin.

29En sem Móses gekk nú ofan af fjallinu Sínaí hafði hann tvær vitnisburðartabúlur í sinni hendi og hann vissi ekki að geislar stóðu af hans andliti, þar af að hann hafði talað við hann. 30Og sem Aron og allir Ísraelssynir sáu að geislar stóðu af hans andliti þá þorðu þeir ekki að nálgast til hans. 31Þá kallaði Móses á þá og þeir sneru sér til hans, bæði Aron og þeir allir yppurstu af almúganum, og hann talaði við þá. 32Eftir það gengu allir Ísraelssynir til hans. En hann bauð þeim að halda allt það sem DROTTINN hafði talað við hann á fjallinu Sínaí. 33Og þá hann talaði allt þetta fyrir þeim þá lét hann fortjald fyrir sitt andlit. 34En þá hann gekk inn fyrir DROTTIN að tala við hann þá tók hann fortjaldið frá þar til hann gekk út aftur. Og þá hann kom út og talaði við Ísraelssonu það honum var boðið 35þá sáu Ísraelssynir á hans andlit, hvörnin geislar stóðu af hans andliti. Þá lét hann fortjald fyrir sitt andlit að nýju þar til að hann gekk inn aftur að tala við hann.

35 Og Móses samansafnaði almúganum Ísraelssona og sagði til þeirra: „Þetta er það sem DROTTINN hefur boðið að þér skylduð gjöra. 2Sex daga skulu þér erfiða en þann sjöunda dag skulu þér helgan halda, eirn sabbatsdag, sem er hvíld DROTTINS. Hvör sem gjörir nokkuð erfiði á þann dag hann skal deyja. 3Þér skuluð öngvan eld gjöra í öllum yðar hýbýlum um sabbatsdaginn.“ 4Og Móses sagði til alls almúgans Ísraelssona: „Þetta er það sem DROTTINN hefur bífalað. 5Gefið DROTTNI upplyftingaroffur á meðal yðar so að hvör beri DROTTNI eitt upplyft offur viljuglega: Gull, silfur, kopar, 6gult silki, skarlat, purpura, hvítt silki, og geitahár, 7rauðlitað hrútaskinn, greifingjaskinn, og tré setím, 8oleum til lampanna og jurtir til smyrsla og til ilmanda reykelsis, 9og ónyx og innsetta steina til lífkyrtilsins og til brjóstskjöldsins.

10Hver af yður sem er forstandigur hann komi og gjöri hvað sem DROTTINN hefur boðið, 11sem er búðin með hennar tjöldum og þaki, hringarnir, fjalirnar, stengurnar, stólparnir og fæturnir, 12aurkin með sínum stöngum, náðarstóllinn og fortjaldið, 13borðið með sínum stöngum og öllum sínum verkfærum, skoðunarbrauðin, 14kertistikan til að lýsa og hennar verkfæri, lamparnir þar til og oleum til ljósanna, 15reykelsisaltarið með sínum stöngum, smyrslin og jurtirnar til eins sætleiks ilms, klæðið fyrir tjaldbúðarinnar dyrunum, 16brennifórnaaltarið með sinni kopargrind, stengum og öllum sínum umbúnaði, vatnkerið með sínum fæti, 17langtjöldin tjaldbúðargarðsins með sínum stólpum og fótum, klæðið í hliði tjaldbúðargarðsins, 18hælarnir til tjaldbúðargarðsins með þeirra stögum, 19klæðin sem heyra til þjónustugjörðarinnar að þjóna með í helgidóminum, Arons prestsklæði og hans sona klæði, til prestaembættisins.“

20Þá gekk allur almúgi af Ísraelssonum út frá Móse. 21Og allir þeir sem gáfu gjarna og velviljuglega komu og báru upplyft offur til DROTTINS að gjöra það sem tilheyrði vitnisburðarbúðinni og til allrar þeirrar þjónustu og til þeirra helgra klæða. 22So báru bæði menn og kvinnur sem gjörðu það velviljuglega armspangir, eyrnahringa, hringa og spengur og allrahanda gullker. Þar til bar hvör maður gull tilupplyftingar fyrir DROTTNI. 23Og hvör maður sem hafði gult silki, skarlat, purpura, hvítt silki, geitahár, rauðar hrútagærur, og

greifingjaskinn, það bar sá fram. 24Og hver sem upplyfti silfri eða kopar hann bar það fram til upplyftingar fyrir DROTTNI. Og hver sem fann tré setím hjá sér þá bar hann það fram til allsháttaðs smíðis Guðsþjónustu gjörðar. 25Og þær konur sem voru forstandigar þær spunnu með sínum höndum og frambáru sinn verknað af gulu silki, skarlati, purpura, hvítu silki, 26og hverjar kvinnur soddan erfiði kunnu og voru viljugar þar til þær spunnu geitahár. 27En höfðingjarnir báru ónyx og greypta steina fram til lífkyrtilsins og brjóstskjöldsins 28og jurtir og oleum til kertastikunnar og til smyrslanna og til ilmanda reyks. 29So báru Ísraelssynir velviljuglega fram, bæði menn og kvinnur, til allsháttaðs gjörnings sem DROTTINN hafði boðið fyrir Mósen að gjöra skyldi.

30Og Móses sagði til Ísraelssona: „Sjáið, DROTTINN hefur kallað með nafni Besaleel Úríson, sonar Húr, af Júda ætt, 31og hefur uppfyllt hann með Guðs Anda svo að hann er vís, hygginn og skikkanlegur til allrahanda gjörnings. 32Hann hefur hagleik að erfiða í gulli, silfri og kopar 33og að útgrafa gimsteina og innsetja þá, að smíða tré og gjöra allrahanda hagleiks gjörning, 34og hefur gefið honum í hans hjarta hyggindi; líka so Ahalíab syni Ahísamaks af ætt Dan. 35Hann hefur uppfyllt þeirra hjörtu með vísdóm til að gjöra allrahanda gjörning: Að útskera, verka og sauma með gulu silki, skarlati, purpura og hvítu silki, og að vefa og að gjöra allrahanda gjörning og að upphugsa kostulegt erfiði.“

36 Svo erfiðaði Besaleel og Ahalíab og allir hyggnustu menn sem DROTTINN hafði gefið vísdóm og skilning að vita hvörnin þeir skyldu smíða allrahanda smíði til helgidómsins þjónustu eftir því öllu sem DROTTINN hafði boðið. 2Og Móses kallaði Besaleel og Ahalíab og alla vísa menn sem DROTTINN hafði gefið vísdóm í þeirra hjörtu, sem voru allir þeir sem með eirn frían vilja buðu sig sjálfa til og gengu fram að erfiða á þeim verknaði. 3Og þeir meðtóku til sín af Móse alla þá lyfting sem Ísraelssynir frambáru til að gjöra þann gjörning með sem heyrði til helgidómsins þjónustu svo hún skyldi verða gjörð, því þeir baru hvörn morgun sínar velviljuglegar gáfur til hans. 4Þá komu allir þeir vísustu sem erfiðuðu uppá helgidómsins gjörning, hvör í sinni iðju sem þeir gjörðu, 5og sögðu til Mósen: „Fólkið ber of mikið fram, meir en þar gjörist þaurf til gjörnings þessarar þénustu sem DROTTINN hefur boðið að gjöra.“ 6Síðan bauð Móse að hrópa skyldi út um herbúðirnar að enginn skyldi bera meira fram til helgidómsins lyftingar. 7Og þá lét fólkið af að bera fram því það var nóg til allsháttaðs gjörnings sem þar var að gjöra og það gekk þó af.

8So gjörðu allir þeir vísu menn sem voru á meðal erfiðaranna að gjörningi tjaldbúðarinnar tíu sparlök af hvíttvinnuðu silki, gulu silki, skarlati, purpura, kerúbím forkostulega gjört. 9Hvört sparlak var átta og tuttugu álna langt og fjögra álna breitt og þau voru öll við eirn máta. 10Og menn bundu fimm sparlök til samans, hvört við annað, 11og gjörðu gular lykkjur í hvörn jaðar á sparlökunum so þau mættu bindast til samans, 12já fimmtyi lykkjur á hverju sparlaki að festa þau saman með. 13Og þeir gjörðu fimmtygi hringa af gulli og bundu það eina sparlak til þess annars með þeim so að þar yrði ein tjaldbúð.

14Svo gjörði hann ellefu hárklæði af geitahári til þaks yfir tjaldbúðina. 15Þrjátygu álna löng og fjögra álna breið, aull voru þau jafnlöng. 16Fimm festi hann til samans sér í lagi og sex til samans í auðru lagi. 17Og hann gjörði vel fimmtygu lykkjur í jaðrana á hverri hæru, að þau þar með mætti saman

bindast, [18]og gjörði fimmtygu koparkróka að binda hærurnar til samans með í eitt. [19]Og hann gjörði eitt þak yfir búðina af rauðu hrútaskinni og so enn nú eitt þak utan yfir það af greifingjaskinni.

[20]Og hann gjörði fjalir til tjaldbúðarinnar af trjám setím sem standa skyldu. [21]Hvör var tíu álna löng og hálfrar annarrar álnar breið [22]og tveir tittar á sérhvörri so hver mætti setjast til annarrar þar með. [23]So gjörði hann allar fjalirnar til tjaldbúðarinnar so að tuttugu af þeim sömum fjölum stóðu uppá þá syðri síðu. [24]Og hann gjörði fjörutygu silfurfætur undir þær, tvo fætur undir hverja fjöl við hennar tvo titta. [25]Hann gjörði líka tuttugu fjalir á þá nyrðri síðu í tjaldbúðinni [26]með fjörutygu silfurfótum, tvo fætur undir hverja fjöl. [27]En til baka á tjaldbúðinni í vestur gjörði hann sex fjalir [28]og tvær aðrar hornfjalir á tjaldbúðinni, so að hvör af þeim báðum með sinni hornfjöl [29]gaf sig til samans frá neðanverðu og sömuleiðis ofan til með einum oka [30]so að sömu fjalir voru átta og sextán fætur, undir hverri tveir fætur. [31]So gjörði hann stengur af trjám setím, fimm til þeirra fjala sem stóðu á þá eina síðu tjaldbúðarinnar [32]og fimm á þá aðra síðu og fimm á bak til mót vestri, [33]og gjörði stengurnar að þær mætti stingast mitt í gegnum fjalirnar, frá einu horninu til annars. [34]Og hann bjó fjalirnar með gull og þeirra hringa gjörði hann af gulli til stanganna og bjó stengurnar með gull.

[35]Hann gjörði og eitt fortjald með kerúbím þar uppá forkostulega, af gulu silki, skarlati, purpura og hvíttvinnuðu silki, [36]og gjörði fjóra stólpa þar til af trjám setím og sló þá með gulli og þeirra hnappa af gulli, og steypti fjórar fætur þar til af silfri [37]og gjörði eitt fortjald fyrir tjaldbúðardyrnar af gulu silki, skarlati, purpura, stangað með hvíttvinnuðu silki, [38]og fimm stólpa með þeirra hnöppum og sló þeirra hnappa og laufverk með gull, og fimm koparfætur þar við.

37 Svo gjörði Besaleel örkina af trjám setím, hálfrar þriðju álnar langa og hálfrar annarrar álnar að hæð og breidd, [2]og bjó hana með klárt gull bæði utan og innan, og gjörði eina gullkórónu ofan um hana, [3]og steypti fjóra gullhringa í hennar fjögur horn, tvo á hvora síðu, [4]og gjörði stengur af setímtrjám og sló þær með gulli [5]og stakk þeim í hringana við síðurnar á aurkinni að bera hana með. [6]Og hann gjörði náðarstól af kláru gulli, hálfrar þriðju álnar langan og hálfrar annarrar álnar breiðan [7]og gjörði tvo kerúbím af smeltu gulli á þeim tveimur endum náðarstólsins, [8]einn kerúbím á þessum enda en annan á öðrum. [9]Og kerúbím breiddi sína vængi út ofan yfir og huldu þar með náðarstólinn. Og þeir horfðu hvor í móti öðrum og litu á náðarstólinn.

[10]Hann gjörði borðið af trjám setím, tveggja álna langt, eirnrar álna breitt og hálfrar annarrar álnar hátt, [11]og lagði það með klárt gull. Hann gjörði og eirn krans af gulli þar um kring [12]og gjörði eina listu þar umhverfis, einnar handbreiddar að hæð, og gjörði eirn gullkrans í kringum listuna, [13]og steypti fjóra gullhringa þar til og setti þá í þau fjögur hörn á þes fjórar fætur, [14]hartnærri listunum, að stengurnar mætti vera þar í að bera borðið með, [15]og gjörði stengurnar af trjám setím og bjó þær með gull að bera borðið með. [16]Og hann gjörði öll kerin sem skyldu til borðsins af kláru gulli, diska, bikara, könnur og skálir til að skenkja af og á.

[17]So gjörði hann og kertistikuna af kláru og smeltu gulli. Þar uppá var stjakinn með pípunum, skálunum, hnöppunum og liljunum. [18]Sex pípur gengu út af hennar síðu, þrjár á hvora síðu. [19]Þrjár skálir voru á hvörri pípu

með hnöppum og liljum. [20]En á kertastikunni voru fjórar skálir með hnöppum og liljum, [21]já eirn hnappur undir hverjum tveimur pípum, so að þar gengu sex pípur út af henni [22]og þeirra hnappar og pípur þar uppá. Það var allt af smeltu gulli. [23]Og hann gjörði sjö lampa með þeirra ljósasöxum og skaraklofum ljós að slökkva, af kláru gulli. [24]Og hann gjörði hana með öllum sínum búningi af einu centener gulls.

[25]Hann gjörði og reykelsisaltarið af trjám setím, eirnrar álnar á lengd og breidd, rétt ferskeytt, og tveggja álna hátt, með sínum hornum. [26]Hann bjó það ofan og á allar síður umhverfis með klára gull, og so hornin með. [27]Og hann gjörði eirn gullkrans í kring um það og tvo gullhringa undir kransinn á báðar síður að stinga stengunum í þá að bera það með. [28]En stengurnar gjörði hann af trjám setím og bjó þær með gull. [29]Og hann gjörði þau helgu smyrsl og reykelsið af hreinum jurtum, eftir smyrslamakarans kunnáttu.

38 Hann gjörði og brennifórnaaltari af trjám setím, fimm álna langt og breitt, rétt ferskeytt, og þriggja álna hátt. [2]Og hann gjörði fjögur horn. Þau stóðu upp úr fjórum hyrningum altarisins, og yfirsló það utan með kopar, [3]og gjörði allt það sem heyrði til altarisins: Öskupönnur, sleifar, mundlaugar, matkróka, eldpönnur, allt þetta af kopar. [4]Og gjörði eina grind í kringum altarið sem eitt net af kopar, frá neðanverðu og upp til miðs á altarið. [5]Og steypti fjóra hringa á þeim fjórum hornum á kopargrindinni að stinga stöngunum þar í [6]sem hann hafði gjört af trjám setím og sló þær með kopar [7]og stakk þeim í hringana á síðuna við altarið til að bera það með. Og gjörði það holt að innan.

[8]Hann gjörði og vatnkerið af kopar og þess stétt af kopar, þvert yfir frákonunum sem þjónuðu fyrir vitnisburðardyrunum. [9]Hann gjörði og eirn garð í mót suðri með einu langtjaldi af hvíttvinnuðu silki, hundrað álna langt, [10]með sínum tuttugu stólpum og tuttugu fótum af kopar, en þeirra hnappar og laufverk af silfri. [11]Líka svo á þá nyrðri síðu hundrað álna með tuttugu stólpum og tuttugu fótum af kopar, en þeirra hnappar og laufverk af silfri. [12]En á þá vestri síðu fimmtygi álna, með tíu stólpum og tíu fótum, með þeirra hnöppum og laufverki af silfri. [13]En á þá eystri síðu fimmtygu álna, [14]á hvora síðu portsins fimmtán álnir, já með þrimur stólpum og þrimur fótum. [16]Og allt tjaldið tjaldbúðargarðsins var af hvíttvinnuðu silki [17]og fæturnir til stólpanna af kopar og þeirra hnappar og laufverk af silfri, svo að þeirra höfuð voru slegin með silfri, en þeirra laufverk af silfri, á öllum garðsins stólpum. [18]Og fortjaldið í inngöngu garðsins lét hann saumast með gulu silki, skarlati, purpura og hvíttvinnuðu silki, tuttugu álna langt og fimm álna hátt, eftir þeim mælir sem tjöldin tjaldbúðargarðsins voru. [19]Þar til fjóra stólpa og fjóra fætur af kopar og þeirra hnappa af silfri og þeirra höfuð slegin og þeirra kransar af silfri. [20]Og allir hælar til tjaldbúðarinnar og til garðsins rétt um kring voru af kopar.

[21]Þetta er verkfæri vitnisburðarbúðarinnar sem nú eru upp talin sem Móses hafði sagt til Guðs þénustugjörðar sem Levítarnir skyldu halda undir Ítamars, Arons prests sonar hendi. [22]Og þetta tilreiddi Besaleel, son Úrí, son Húr, af ætt Júda, allt sama, líka sem DROTTINN bauð Móse, [23]og Ahalíab Ahísamaksson af ætt Dans með honum. Því hann var meistara hagleiksmaður til að skera út og að stanga með gulu silki, skarlati, purpura og hvítu silki.

[24]Allt það gull sem smíðað var til þessa alls helgidómsbúnings það sem gefið var til upplyftingaroffurs er níu og tuttugu centener sjö hundruð og

þrjátygi siklar, eftir helgidómsins sikli.
25En silfrið sem frá almúganum kom
var hundrað centener, þúsund fimm
hundruð sjötygu og fimm siklar, eftir
helgidómsins sekel, 26af öllum þeim
sem taldir voru frá tuttugu árum og þar
yfir, sex sinnum hundrað þúsund þrjú
þúsund fimm hundruð og fimmtygi.
27Af því hundraði centener silfurs
steyptu menn fæturnar til helgidóms-
ins og fæturnar til fortjaldsins, hund-
rað fætur af hundrað centener, já eitt
centener í hvörn fót. 28En af því þúsund
sjö hundruð sjötygu og fimm sekel
gjörðu menn hnappa ofan á stólpana
og þeirra höfuð og þeirra laufverk. 29En
koparinn sem gefinn var til upplyft-
ingaroffurs var sjötygi centener tvö
þúsund og fjögur hundruð sekel. 30Þar
af gjörðu menn fæturnar til dyranna
fyrir vitnisburðartjaldbúðina og kop-
araltarið og kopargrindirnar þar í og
allt það sem heyrði til altarinu, 31þar til
fæturnar til garðsins allt um kring og
fæturnar til portsins á garðinum, allan
saum til tjaldbúðarinnar og alla hæla til
tjaldbúðargarðsins allt um kring.

39 En af gulu silki, skarlati og
purpura gjörðu þeir skrúðann
handa Aroni til Guðs þénustu í helgi-
dóminum sem DROTTINN hafði boðið
Móse. 2Og þeir gjörðu lífkyrtilinn af
gulli, gulu silki, skarlati, purpura og
hvítu tvinnuðu silki. 3Og slóu gullið í
teina og gjörðu úr því þræði svo mann
mátti kostulega vefa því á millum guls
silkis, skarlats, purpura og hvíts silkis,
4so lífkyrtillinn mátti festast saman á
báðum öxlunum og bindast til samans
á báðum hliðunum. 5Og hans lindi var
eftir sömum hagleik og gjörningi af
gulli, gulu silki, skarlati og purpura og
hvíttvinnuðu silki, sem DROTTINN hafði
bífalað Móse.

6Og þeir settu tvo ónyxsteina greypta
í gull um kring, útgrafna af steinsníðar-
anum, með Ísraelssona nöfnum, 7og
festu þá á axlirnar á lífkyrtilinn, að þeir
steinar skyldu vera Ísraelssonum til
eirnrar minningar sem DROTTINN hafði
bífalað Móse.

8Og þeir gjörðu brjóstskjöldinn eftir
þeim sama hagleik og gjörningi sem líf-
kyrtilinn var gjörður, af gulli, gulu silki,
skarlati, purpura og hvíttvinnuðu silki,
9so að hann var ferskeyttur og tvefald-
ur, þverarhandar víður og breiður. 10Og
fylltu hann með fjórar skipanir steina: Í
fyrstu línu var sardis, tópaser og smar-
agðus, 11í annarri línu rúbín, safír, dem-
ant, 12í þriðju línu lyncurer, akat og
ametíst, 13í fjórðu túrkis, ónyx og jaspis,
og greyptir í gull í öllum línunum. 14Og
steinarnir stóðu eftir nöfnum tólf
Ísraelssona, útgrafnir af steinsníðaran-
um, hvör við sitt nafn, eftir þeim tólf
kynkvíslum. 15Þeir gjörðu og á brjóst-
skildinum keðjur með tveimur endum
af kláru gulli 16og tvær gullspengur og
tvo gullhringa og festu þá tvo hringa í
tvö horn á brjóstskildinum 17og stungu
so þeim tveimur gullfestum í þá tvo hr-
inga sem voru í hornum brjóstskjölds-
ins. 18En þá tvo enda á samri festi settu
þeir við þær tvær spengur og festu þar
við jaðarinn á lífkyrtlinum, hvora þvert
yfir frá annarri. 19Svo gjörðu þeir aðra
tvo gullhringa og festu þá í þau önnur
tvö hornin á brjóstskildinum í sínum
stað, svo það lá skrautlegt á lífkyrtlin-
um. 20Og þeir gjörðu aðra tvo gull-
hringa, þá settu þeir til tveggja randa
neðan á lífkyrtlinum, hvern þvert yfir
frá öðrum, þar sem lífkyrtillinn gekk
neðan til samans, 21so að brjóst-
skjöldurinn festist með sínum hringum
við þá hringa á lífkyrtlinum með eirni
gulri snúru, svo að hann var festur við
lífkyrtilinn og ekki laus frá lífkyrtlin-
um, sem DROTTINN bífalaði Móse.

22Hann gjörði og eirn silkimöttul auk
lífkyrtilsins, allan verkaðan af gulu silki
23og hálsmál mitt uppá með einum
borða faldað kring um hálsmálið, að
það skyldi ekki rifna. 24Og þeir gjörðu

granataepli neðan á hans faldi af gulu silki, skarlati, purpura og hvíttvinnuðu silki. [25]Og gjörðu bjöllur af kláru gulli og settu þær á millum granataeplanna neðan í faldinn allt um kring á silkimöttulinn, [26]so að þar var eitt granataepli í öðrum stað og ein bjalla í öðrum allt um kring á faldinum til þjónustugjörðar, so sem DROTTINN hafði bífalað Móse.

[27]Þeir gjörðu og mjóa kyrtla af hvítu tvinnuðu silki til Arons og hans sona [28]og eitt höfuðklæði af hvítu silki og þær fögru húfur af hvítu silki og niðurklæði af hvíttvinnuðu lérefti. [29]Og þeir stönguðu lindann með hvíttvinnuðu silki, gulu silki, skarlati, purpura, sem DROTTINN hafði bífalað Móse. [30]Þeir gjörðu og ennisspöngina, sem var sú helga kóróna, af kláru gulli og grófu skrift þar í: „DROTTINS HELGIDÓM“ [31]og bundu einn gulan dregil þar við að hann skyldi festast ofan til á höfuðklæðið, sem DROTTINN hafði boðið Móse.

[32]Svo var nú allur sá umbúnaður vitnisburðarbúðarinnar fullgjörður. Og Ísraelssynir gjörðu allt það sem DROTTINN hafði bífalað Móse. [33]Og þeir báru tjaldbúðina til Móse, búðina og allan hennar umbúnað, hringana, fjalirnar, stengurnar, stólpana, fæturnar, [34]þakið af rauðlituðu hrútskinni, þakið af greyfingjaskinni, [35]og fortjaldið, vitnisburðarörkina með sínum stöngum, náðarstólinn, [36]borðið með öllum sínum búningi og skoðunarbrauðin, [37]þá fögru kertistiku með lömpunum tilreidda og öllu því sem þar heyrði til, oleum til ljósanna, [38]gullaltarið og smyrslin og það kostulega reykelsi, og fortjald í inngangi búðarinnar, [39]koparaltarið með sínum kopargrindum, með sínum stöngum og öllum umbúnaði, [40]vatnkerið með sínum fæti, langtjöldin til garðsins með þeirra stólpum og fótum, fortjaldið í inngöngu garðsins með sínum stögum og nöglum, [41]og allt það sem heyrir til þjónustugjörðinni í vitnisburðarins búðinni, Arons prestsembættisklæði til að þjóna í helgidóminum og hans sona klæði sem þeir skyldu hafa þá þeir fremdi kennimallegt embætti. [42]Og Ísraelssynir gjörðu allt það sem DROTTINN hafði bífalað Móse til allrar þessarar þjónustu. [43]Og Móses skoðaði allan þennan gjörning, að þeir höfðu gjört það í allan máta sem DROTTINN hafði bífalað og hann blessaði þá.

40 Og DROTTINN mælti við Mósen og sagði: [2]„Þú skalt uppreisa vitnisburðarbúðina þann inn fyrsta dag i þeim fyrsta mánuði. [3]Og þú skalt setja sáttmálans örk þar og hengja fortjaldið fyrir örkina. [4]Þú skalt og bera borðið þangað og tilbúa það. Þú skalt og setja kertistikuna þangað og lampana á henni. [5]Þú skalt og setja það gyllini reykaltari fyrir sáttmálans örkina og hengja so eitt fortjald fyrir tjaldbúðarinnar dyr. [6]En þú skalt setja brennioffursins altari utan fyrir vitnisburðarbúðardyrnar, [7]og vatnkerið millum vitnisburðarins tjaldbúðar og altarisins og láta vatn þar í, [8]og setja tjaldbúðargarðinn þar rétt um kring og hengja fortjaldið fyrir portið á tjaldbúðargarðinum. [9]Og þú skalt taka smyrslin og smyrja tjaldbúðina og allt það sem þar er inni og vígja hana með öllum hennar umbúnaði svo hún sé heilög. [10]So skaltu og smyrja brennioffursins altari með öllum sínum verkfærum og vígja það so það sé það allra heilagasta. [11]Þú skalt og smyrja vatnkerið og þess fót og vígja það. [12]Þú skalt leiða Aron og hans sonu til vitnisburðartjaldbúðardyra og þvo þá með vatni [13]og færa Aron í þau heilögu klæði og smyrja og vígja hann, að hann sé minn kennimaður. [14]Þú skalt og leiða hans sonu fram og færa þá í þá mjóu kyrtla [15]og smyrja þá líka sem þú smurðir þeirra föður, að þeir skulu vera mínir kennimenn. Þessi

smurning skal vera þeim til eins eilífs kennimannsskapar hjá þeirra eftirkomendum.“

[16]Og Móses gjörði alla hluti so sem DROTTINN hafði boðið honum. [17]So var nú tjaldbúðin uppreist þann fyrsta dag í þeim fyrsta mánaði á því öðru ári. [18]Og þá Móses hafði uppreist hana setti hann fæturnar og fjalirnar og stengurnar og reisti stólpana upp [19]og útbreiddi tjöldin til búðarinnar og lagði tjaldþökin þar uppá, sem DROTTINN hafði bífalað honum. [20]So og tók hann vitnisburðinn og lagði hann í örkina og setti stengurnar í örkina og setti náðarstólinn ofan á örkina [21]og bar örkina inn í tjaldbúðina og hengdi fortjaldið framan fyrir vitnisburðarinnar örk, sem DROTTINN hafði bífalað honum. [22]Og hann setti borðið í sáttmálans tjaldbúð í horni búðarinnar í mót norðri, fyrir framan fotjaldið, [23]og tilreiddi brauð þar uppá fyrir DROTTNI, sem DROTTINN hafði bífalað honum. [24]So setti hann kertistikuna þvert yfir frá borðinu í það horn í tjaldbúðinni mót suðri [25]og setti lampana þar uppá fyrir DROTTNI, sem DROTTINN hafði bífalað honum. [26]Hann setti og gullaltarið þar innfyrir fortjaldið [27]og gjörði sætan reykelsisilm þar uppá, sem DROTTINN hafði bífalað honum. [28]Og hann hengdi eitt fortjald fyrir tjaldbúðardyrnar. [29]En brennifórnaaltari setti hann fyrir tjaldbúðardyrunum og offraði þar á brennifórnum og mataroffri, so sem DROTTINN hafði bífalað honum. [30]Og hann setti vatnkerið í millum vitnisburðarbúðarinnar og altarisins og lét þar vatn í að þvo af. [31]Og Móses og Aron og hans synir þvoðu sínar hendur og fætur þar af því þeir skyldu þvo sér [32]þá þeir gengu inn í vitnisburðarins tjaldbúð eða þá þeir gengu fram til altarisins, so sem DROTTINN hafði bífalað honum. [33]So reisti hann búðargarðinn upp í kring um tjaldbúðina og altarið og hengdi fortjaldið í forgarðsins port. So fullkomnaði Móses þann allan gjörning. [34]Þá huldi eittský vitnisburðarbúðina og dýrð DROTTINS uppfyllti hana. [35]Og Móses gat ekki gengið inn í vitnisburðarbúðina þá stund sem skýið stóð þar yfir og á meðan Guðs dýrð uppfyllti tjaldbúðina. [36]Og þá skýið tók sig upp frá tjaldbúðinni þá ferðuðust Ísraelssynir þeirra leið. [37]En þá skýið tók sig ekki upp þá voru þeir kyrrir og ferðuðust ekki á þeim degi, fyrr en þann dag það tók sig upp.

[38]Því að DROTTINSský var um daga yfir tjaldbúðinni og um nætur var það glóandi eldur fyrir augum alls Ísraels húss, svo lengi sem þeir voru á leiðinni.

Endir á annarri bók Móse.

HIN ÞRIÐJA BÓK MÓSE
LEVITICUS

1 Og DROTTINN kallaði Mósen og talaði við hann úr vitnisburðarbúðinni og sagði: [2]Tala þú við Ísraelssonu og seg þú til þeirra: Hver af yður sem fórn vill færa DROTTNI, hann færi hana af kvikfé, nautum og sauðum.

[3]Vilji nokkur offra brennifórn af nautum þá skal hann offra því sem kallkyns er og vankalaust fyrir tjaldbúðarinnar vitnisburðardyrum, so það verði DROTTNI þakknæmt af hans hendi. [4]Og hann skal leggja sína hönd yfir höfuð brennifórnarinnar, þá mun það verða þakknæmt og forlíka hann. [5]Hann skal sæfa það unga naut fyrir DROTTNI og prestarnir, Arons synir, skulu bera blóðið fram og stökkva því í kringum altarið, það sem stendur fyrir dyrum vitnisburðarbúðarinnar. [6]Og húðina skulu þeir flá af brennifórninni, so skal fórnin og höggvast í stykki. [7]En Arons prests synir skulu gjöra eirn eld á altarið og leggja þar yfir við, [8]síðan skulu þeir leggja stykkin á viðinn, sem er höfuðið og mörinn. [9]En innyflin og lærin skulu þeir þvo í vatni. Og presturinn skal brenna það alltsaman á altarinu til brennioffurs. Það er eirn eldur til sætleiks ilms fyrir DROTTNI.

[10]En vilji hann gjöra eitt brennioffur af sauðum eða geitum þá skal hann offra því sem er kallkyns og lýtalaust [11]og skal slátra því hjá síðu altarisins í norður, fyrir DROTTNI. Og prestarnir, Arons synir, skulu stökkva blóðinu kringum altarið. [12]Og það skal höggvast í stykki og presturinn skal leggja höfuðið og mörinn uppá viðinn og eldinn þann sem er á altarinu. [13]En innyflin og fæturna skal hann þvo í vatni. Og presturinn skal offra því og brenna það alltsaman á altarinu til brennioffurs. Það er eirn eldur til sætleiks ilms fyrir DROTTNI. [14]En vilji hann offra DROTTNI brennioffri af fuglum þá láti hann það vera af turtildúfu eða af dúfuunga. [15]Og presturinn skal bera það til altarisins og klyppa höfuðið þar af so það sé brennt á altarinu og láta blóðið renna niður utan hjá altarinu [16]en kasta sarpinum og hans fjöðrum í þá öskuhrúgu fyrir austan til hjá altarinu. [17]Og hann skal kljúfa vængina og brjóta þá ekki af. Og so skal presturinn kveikja í viðnum á altarinu til brennioffurs. Það er eldur til eins sætleiks ilms fyrir DROTTNI.

2 Þegar ein sál vill gjöra DROTTNI matoffur þá skal það gjörast af hveitisarla og hann skal hella oleum þar yfir og so leggja reykelsið þar á [2]og bera það so til prestanna, Arons sona. Þá skal presturinn taka sína hönd fulla af þeim sama hveitisarla og oleum, með öllusaman reykelsinu, og brenna það á altarinu til eirnrar miningar. Það er eldur eins sætleiks ilms fyrir DROTTNI. [3]En það sem gengur af matoffrinu það skal heyra til Aroni og hans sonum. Það skal vera það allra helgasta af eldi DROTTINS.

[4]En ef hann vill gjöra mataroffur af því sem bakað er í ofni þá skal hann taka ósýrðar hveitisarlakökur, mengaðar með viðsmjöri, og ósýrða þunna leifa, smurða með viðsmjöri. [5]En sé þitt matoffur nokkuð af því sem bakað er í pönnu þá skal það vera af ósýrðum hveitisarla, mengöðum með viðsmjöri. [6]Og þú skalt skipta því í stykki og hella oleum þar yfir, þá er það eitt matoffur. [7]En sé þitt matoffur nokkuð sem steikt er á rist þá skalt þú gjöra það af hveitisarla og viðsmjöri. [8]Og það matoffur sem so gjörist til DROTTINS skaltu bera til prestsins. Hann skal bera það til altarisins [9]og upphefja það sama matoffur til eirnrar minningar og uppbrenna það á altarinu. Það er eldur eins

sætleiks ilms fyrir DROTTNI. 10En það
sem afgengur skal heyra Aron og hans
sonum til. Og það skal vera það allra
helgasta af eldi DROTTINS. 11Allt það
matoffur sem þér viljið fórnfæra
DROTTNI það látið vera án súrdeigs því
ekkert súrdeig eður hunang skal vera
við það sem þér viljið brenna til elds
fyrir DROTTNI. 12En í fórn fyrsta jarðará-
vaxtar skulu þér bera það fyrir
DROTTNI. En ekki skal það koma á nokk-
uð altari til eins sæts ilms. 13Þú skalt
salta allt þitt matoffur og þitt matoffur
skal aldrei vera utan þíns Guðs sátt-
málasalts því þú skalt offra salti í öllum
þínum fórnum. 14En viljir þú gjöra
DROTTNI mataroffur af þínum fyrsta
ávexti þá skaltu þurrka það græna axið
við eld og melja það smátt og offra so
matoffri af þínum fyrsta ávexti. 15Og þú
skalt láta viðsmjör þar uppá og leggja
reykelsi þar yfir, þá er það eitt matoff-
ur. 16Og presturinn skal brenna nokkuð
af því inu malda og af viðsmjörinu, með
öllu reykelsinu, til eirnrar minningar.
Það er eirn eldur fyrir DROTTNI.

3 En sé hans offur eitt þakklætisoff-
ur af nautum, hvort það er uxi eð-
ur kýr, þá skal hann það offra fyrir
DROTTNI sem er lýtalaust. 2Og hann skal
leggja sína hönd á höfuðið á fórninni
og sæfa hana fyrir vitnisburðarbúðar-
dyrunum. Og prestarnir, Arons synir,
skulu stökkva blóðinu kringum altarið.
3Og skal so offra DROTTNI af sama þakk-
lætisoffri, sem er allan innyflamörinn,
4þau tvö nýrun með nýrnamörnum
sem þar er við malirnar, og lifrarnetj-
una með nýrunum. 5Og Arons synir
skulu brenna það á altarinu til brenni-
offurs á viðnum þeim sem liggur á
eldinum. Það er eldur til sætleiks ilms
fyrir DROTTNI. 6En vilji hann gjöra
DROTTNI eitt þakklætisoffur af smáfén-
aði, hvort það er graðfé eða berfé, þá
skal það vera án flekks. 7Sé það eitt
lamb þá skal bera það fram fyrir
DROTTIN 8og leggja sína hönd á höfuðið
á því og slátra því fyrir utan vitnis-
burðarbúðina. Og Arons synir skulu
stökkva blóðinu um kring altarið 9og
offra svo DROTTNI af því þakklætisoffri
til eldsins, sem er mörinn og alla róuna
slitna frá hryggnum og allan garnmör-
inn, 10nýrun bæði með nýrnamörnum
við malirnar og lifrarnetjuna með nýr-
unum. 11Og presturinn skal brenna það
á altarinu til eldsmatar fyrir DROTTNI.

12En sé hans offur ein geit og leiðir
hann hana fyrir DROTTIN 13þá skal hann
leggja sína hönd yfir hennar höfuð og
slátra henni fyrir utan vitnisburðarbúð-
ina. Og Arons synir skulu stökkva blóð-
inu rétt um kring á altarið 14og skulu
offra DROTTNI eitt offur þar af, sem er
innyflamörinn 15og tvö nýrun með
þeim mör sem þar er við lendarnar og
lifrarnetjuna með nýrunum. 16Og
presturinn skal upptendra það á altar-
inu til eldsmatar og til eins sæts ilms.
Allt það feita heyrir DROTTNI til. 17Það
skal vera eirn eilífur plagsiður hjá yðr-
um eftirkomendum í öllum yðar hýbýl-
um, að þér skuluð hvorki eta mörinn ei
heldur blóðið.“

4 Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 2„Tala þú við Ísraelssonu,
segjandi: Þegar nokkur sál misgjörir
óvitandi í móti nokkru boðorði
DROTTINS og gjörir það hún ekki skyldi
gjöra, 3sem er ef einn prestur sá sem
smurður er syndgar so hann hneykslar
fólkið þá skal hann leiða fram fyrir sín-
ar syndir þær hann hefur gjört eirn
ungan uxa sem er án lýta, til synda-
offurs fyrir DROTTIN. 4Og hann skal
leiða þann uxa fyrir vitnisburðarbúðar-
dyrnar og leggja sína hönd yfir hans
höfuð og sæfa hann fyrir DROTTNI. 5Og
presturinn sá sem er smurður skal taka
af uxans blóði og bera það inn í vitnis-
burðarbúðina. 6Og hann skal drepa sín-
um fingri í blóðið og stökkva sjö sinn-
um þar af fyrir DROTTNI, fram fyrir for-

tjaldi helgidómsins. 7Hann skal og láta af sama blóði uppá reykaltarisins horn, sem stendur fyrir DROTTNI í vitnisburðarbúðinni, og öllu blóðinu skal hann úthella hjá brennifórnaaltarisins fæti, sem stendur fyrir vitnisburðardyrunum. 8En aullu því inu feita af syndaoffrinu skal hann upplyfta, sem er innyflamörinn, 9tvö nýrun með þeirra feiti sem þar fylgir við lendarnar, og lifranetjan með nýrunum, 10svo sem siður er að upplyfta því af uxanum þakklætisins offurs, og skal uppkveikja það á brennifórnaaltarinu. 11En skinnið af uxanum með öllu kjötinu og höfðinu, beinunum, innyflunum og mykinni, 12það skal hann alltsaman bera í burt, út fyrir herbúðirnar á eirn hreinan stað, þangað sem menn plaga að kasta öskunni, og skal uppbrenna það á viðnum með eldi.

13En þá allur almúginn í Ísrael misgjörir en gjörningurinn er hulinn fyrir þeirra augum það þeir hafa nokkuð vont gjört á móti boði DROTTINS það þeir áttu ekki að gjöra og eru so orðnir sakaðir, 14en kannast við síðan að þeir hafa syndgast, þá skulu þeir framleiða eirn ungan uxa til syndaoffurs og leiða hann fyrir vitnisburðarbúðardyr. 15Og þeir elstu af almúganum skulu leggja sínar hendur yfir hans höfuð fyrir DROTTNI og slátra uxanum fyrir DROTTNI. 16Og presturinn sá sem er smurður skal bera af blóðinu uxans inn í vitnisburðarbúðina 17og drepa sínum fingri þar í og stökkva því sjö reisur fyrir DROTTNI, fyrir framan fortjaldið. 18Og hann skal láta blóðið á altarishornin sem stendur fyrir DROTTNI í vitnisburðarbúðinni, en steypa öllu öðru blóðinu hjá fæti brennioffursins altaris, sem stendur fyrir tjaldbúðarvitnisburðardyrunum. 19En hans feiti skal hann upplyfta og upptendra hana á altarið 20og skal með uxann fara so sem hann fór með syndaoffursins uxa. Og so skal kennimaðurinn forlíka þá og so verður þeim það fyrirgefið. 21Og þeir skulu færa uxann út fyrir herbúðirnar og uppbrenna hann so sem hann uppbrenndi þann annan uxann fyrri. Það skal vera almúgans syndaoffur.

22En þá eirn höfðingi syndgast og gjörir nokkuð í móti DROTTINS síns Guðs boðorði sem hann skyldi ekki gjöra og gjörir það óforsynju so að hann er sekur orðinn 23og viðkannast sína synd sem hann hefur gjört, hann skal leiða fram eirn kjarnhafur til fórnar sem er án lýta 24og leggja sína hönd á hafursins höfuð og slátra honum í þeim stað sem menn plaga að slátra brennifórnum fyrir DROTTNI. 25Það skal vera hans syndaoffur. Þá skal presturinn taka af því syndaoffursblóði með sínum fingri og strjúka því á hornin á brennioffursins altari og hella því öðru niður hjá fæti brennifórnaraltaris. 26En allan hans mör skal hann upptendra á altarinu, líka sem mörinn af þakklætisoffrinu. Og so skal presturinn biðja fyrir honum og þá er hans synd fyrirgefin.

27En þá nokkur sál af almúgafólkinu misgáir sig og syndgast svo hún brýtur nokkuð í móti einu Guðs boðorði sem hún skyldi ekki gjöra og verður so sek 28og viðkennist so sína synd sem hún hefur gjört, hún skal fram bera til fórnar eina geit lastalausa, fyrir þá synd sem hún hefur gjört. 29Og hún skal leggja sína hönd á syndaoffursins höfuð og slátra því á brennioffursins stað. 30Og prestarnir skulu taka af blóðinu með sínum fingri og strjúka því á brennifórnaaltaris horn en helli blóðinu niður hjá altarisins fæti. 31En allan mör skal hann taka þar af, líka sem hann tók mörinn af þakkarfórninni og hann skal uppkveikja hann á altarinu til eins sæts ilms fyrir DROTTNI. Og skal presturinn biðja fyrir henni og svo er það henni tilgefið. 32En ef hann ber eitt lamb fram til syndaoffurs þá skal hann bera fram eitt gimbrarlamb án lýta 33og leggja sína hönd yfir syndoffursins höf-

uð og slátra því til syndaoffurs, í þeim stað sem menn plaga að slátra brennioffri. 34Og presturinn skal taka af blóðinu með sínum fingri og strjúka því á hornin brennifórnaraltaris og steypi öllu blóðinu niður hjá altarisins fæti. 35En alla hennar feiti skal hann taka þar af, líka sem hann tók feitina af þakkoffursins lambi, og skal upptendra hana á altarinu til eins elds fyrir DROTTNI. Og so skal presturinn biðja fyrir honum og hans synd sem hann gjörði og so er honum það fyrirgefið.

5 Þegar nokkur sál syndgast í því að hún heyrir nokkurn bölva og hún er vitni þar til og hefur það séð eða fornumið og segir ekki til, hún er sökuð fyrir sitt brot. 2Eða nær ein sál kemur við nokkuð óhreint, hvort það er heldur eitt hræ af óhreinu dýri eða af fénaði eða af skriðkvikindi, og veit það ekki, hún er saurguð og hefur syndgað. 3Eða ef hún hrærir við einn óhreinan mann, hvað helst óhreinleika sem eirn mann kann óhreinn af að verða, og vissi það ekki og fornemur það, hún er orðin sökuð. 4Eða nær ein sál sver og það hrýtur af hans munni að gjöra illa eða vel og allt það maður leggur eið við, fyrr en han þenkir og viðurkennist það, hann er orðinn sekur í einu af þessum. 5En nær það skeður so að nokkur missér sig um eitt af þessu og viðurkennist að hann hafi syndgast þar í 6þá skal hann fram bera eirn sauð eða eina geit af sinni hjörð fyrir DROTTIN til syndaoffurs fyrir þá synd sem hann hefur gjört. So skal presturinn biðja fyrir honum og hans synd.

7En hafi hann ekki sauðinn til, so beri hann tvær turtildúfur eður tvo dúfunga, fram fyrir DROTTIN fyrir sína synd sem hann gjörði, þann fyrsta til offurs, þann annan til brennioffurs, 8og beri þá til prestsins. Hann skal fórnfæra þann fyrsta til syndoffurs og klyppa hálsinn í sundur fyrir aftan hnakkann og brjóta þó ekki frá 9og stökkva með syndoffursins blóði uppá altarisins síðu en hella öðru niður hjá altarisins fæti. Það er syndoffur. 10En þann annan skal hann fórnfæra til brennifórnar so sem tilheyrir. Og so skal presturinn biðja fyrir honum og hans synd sem hann gjörði og svo er honum hún fyrirgefin. 11En hafi hann ekki til tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga þá skal hann bera fram fyrir sína synd sitt offur sem er hveitisarla, tíundapart af efa, til syndaoffurs. En ekkert oleum skal hann leggja þar uppá, eigi heldur reykelsi, því að það er eitt syndoffur. 12Og hann skal bera það til prestsins en presturinn skal taka eirn hremming þar af til minningar og upptendri það á altarinu til eins elds fyrir DROTTNI. Það er eitt syndoffur. 13Og svo skal presturinn biðja fyrir honum og hans synd sem hann gjörði, þá er honum hún fyrirgefin. Og það skal heyra prestinum til, líka sem eitt matoffur.“ 14Og DROTTINN mælti við Mósen og sagði: 15„Nær ein sál misgjörir að hún forsér sig og syndgast á þeim hlutum sem DROTTNI eru vígðir þá skal hún bera sitt skuldoffur til DROTTINS, eirn hrút án lýta af hjörðinni sem að vera skal að verðaurum tveir sicli silfurs, eftir helgidómsins sikli, til skuldoffurs. 16Þar til skal hann gefa aftur so mikið sem hann syndgaðist á því vígða og gefa inn fimmta part að auk, og það skal hann gefa prestinum. Hann skal biðja fyrir honum og offra skuldoffursins hrút og so fyrirgefist honum það. 17Nær ein sál syndgast og gjörir nokkuð í móti boðorði DROTTINS það hún skyldi ekki gjöra og vissi það ekki, hún er sek og er skyldug í sínum misgjörning. 18Hún skal fram bera eirn hrút af hjörðinni, lýtalausan, fyrir prestinn, þann að virðist að fórnfæra megi, í eitt skuldoffur. Hann skal biðja fyrir honum því að hann gjörði af óvisku og fáfræði og mun honum það fyrirgefast. 19Það er

skuldoffur það sem hann er fallinn í fyrir DROTTNI.

6 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Nær ein sál syndgar og misgjörir í móti DROTTNI, að hún segir sínum náunga nei fyrir það sem honum var bífalað, eða hafi henni verið tiltrúað það að geyma, eða ef hún tekur það með ofríki eða dregur undir sig með órétti, [3]eða hafi hún fundið það nokkuð sem týnt var og segir nei þar við með röngum eiði, eða gjörir nokkuð annað hvar með eirn maður misgjörir í mót sínum náunga, [4]nær það skeður að hann so syndgar og verður sakaður þá skal hann gefa aftur það hann tók með ofríki eður dró undir sig með órétti [5]eða það hann sór sér ranglega eða hvað sem honum var til geymslu fengið eða hvað sem hann hefur fundið, það skal hann alltsaman afturgjalda. Þar með skal hann gefa fimmtungi meira þeim sem átti, samdægris þá hann gefur sitt skuldoffur. [6]En fyrir sína skuld skal hann bera fyrir DROTTIN til prestsins eirn hrút af hjörðinni án lýta, þann að dugir til skuldoffurs. [7]So skal presturinn biðja fyrir honum fyrir DROTTNI, þá mun honum fyrirgefast allt það sem hann hefur misgjört og það hann er sekur.“

[8]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [9]„Bjóð þú Aroni og hans sonum, segjandi: Þetta er brennioffursins lögmál. Brennifórnin skal brennast á altarinu alla nóttina allt til morguns. En altarisins eldur skal alleinasta brenna þar uppá. [10]Og presturinn skal færa sig í sinn línkyrtil og draga sínar línhosur á sinn líkama og hann skal burt taka öskuna sem brennioffursins eldur hefur gjört á altarinu og steypa henni niður hjá altarinu. [11]Síðan skal hann færa sig af sínum klæðum og fara í aunnur klæði og bera öskuna út utan fyrir herbúðirnar á eirn hreinan stað. [12]Eldurinn skal brenna á altarinu og aldrei slokkna. Presturinn skal hvern morgun ala eldinn á því og leggja brennifórnina þar uppá og upptendra þakkoffursins feiti þar uppá. [13]Eldur sá skal eilíflega brenna á altarinu og aldrei slokkna.

[14]Og þetta er matoffursins lögmál sem Arons synir skulu offra yfir altarinu fyrir DROTTNI. [15]Kennimaðurinn skal upplyfta hremmingi sínum fullum með sarla af matoffrinu og af viðsmjöri og öllu saman reykelsinu sem liggur uppá matoffrinu og skal uppkveikja það á altarinu til eins sæts ilms, DROTTNI til eirnrar minningar. [16]En Aron og hans synir skulu eta það sem afgeingur og þeir skulu eta það ósýrt í helgum stað í tjaldbúðargarðinum. [17]Þeir skulu ekki baka það með súrdeigi því það er þeirra partur sem ég hefi gefið þeim af mínu offri. Það skal vera þeim það allra helgasta, so sem syndoffur og skuldoffur. [18]Allt kallkyns meðal Arons sona skal eta það. Það skal vera eitt eilíft lögmál yðrum eftirkomendum um fórnfæringar DROTTINS. Enginn skal snerta það utan hann sé vígður.“

[19]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [20]„Þetta skal vera það offur sem Aron og hans synir skulu offra DROTTNI á þeim degi sem hann er smurður. Hveitimjölssarla, tíundi partur af einu efa, sem er eitt daglegt matoffur, hálfpart um morguninn og annan helming um aftaninn. [21]Það skaltu tilreiða með viðsmjöri í eirnri pönnu og bera það svo steikt fram. Og soddan skaltu offra bakað í stykkjum DROTTNI til eins sæts ilms. [22]Og presturinn sá sem smurður er á meðal hans sona í hans stað skal það gjöra. Það er ein eilíf skikkan fyrir DROTTNI. Það skal brennast alltsaman. [23]Því að allt kennimanna matoffur skal með öllu uppbrennast og ekkert etast þar af.“

[24]Og DROTTINN mælti við Mósen og sagði: [25]„Tala þú við Aron og hans sonu, segjandi: Þetta er syndaoffursins lög-

mál. Þú skalt og slátra syndafórninni í
þeim sama stað sem þú sæfir brenni-
fórnina, fyrir DROTTNI. Það er það helg-
asta. [26]En presturinn sem syndafórnina
offrar skal eta það í helgum stað í tjald-
búðargarðinum. [27]Enginn skal koma
við það kjöt nema sá sem vígður er. Ef
það blóð slettist uppá nokkuð fat þá
skal það sem uppáslettist þvost í helg-
um stað. [28]Og sá leirpottur sem það er
soðið í skal í sundur slást. En sé það
soðið í einum koparpotti þá skal fægja
hann og þvo með vatni. [30]En allt það
syndoffur hvörs blóð sem inn verður
borið í vitnisburðartjaldbúð til eirnrar
forlíkunar í helgidóminum það skal
ekki etast heldur uppbrennast með
eldi.

7 Og þetta er skuldoffursins lögmál
og það er það allra heilagasta. [2]Það
skal slátra skuldoffursfórninni í þeim
stað sem slátrað er brennifórninni og
dreyfa blóðinu þar af kringum altarið.
[3]Og allri feitinni þar af skal offra, ró-
unni og því feita af innyflunum, [4]báð-
um nýrunum með þeirri feiti sem þar
er við lendarnar og lifrarnetjunni með
nýrunum. [5]Og presturinn skal upp-
tendra það á altari DROTTINS til eins
elds. Það er eitt skuldoffur. [6]Allt kall-
kyns á meðal prestanna skal eta það í
helgum stað því það er það allra helg-
asta. [7]Líka sem syndoffrið er, so skal og
skuldoffrið vera, þar skal vera eitt lög-
mál um þau bæði. Og það skal heyra
prestunum til, þeim sem hann forlíkar
þar með. [8]Hvör sá prestur sem fórnar
nokkurs manns brennioffri hann skal
halda skinninu af því brennioffri sem
hann hefur offrað. [9]Og so allt mataroff-
ur sem bakað er í ofni eða á rist eða í
pönnu, það skal heyra prestinum til,
þeim sem það offrar. [10]Og allt matoffur
sem mengað er með oleo ,eða sé það
þurrt, skal alltsaman heyra Arons son-
um til, so einum sem öðrum. [11]Og þetta
er lögmál þakklætisfórnarinnar sem
menn færa DROTTNI. [12]Vilji þeir færa
lofgjörðarfórn þá skulu þeir offra
ósýrðum kökum, mengöðum með oleo
og ósýrðum leifum, yfirdreifðum með
oleo, og bökuðum hveitisarlakökkum,
blandað með oleo. [13]En þeir skulu gjöra
þetta offur uppá eina köku af sýrðu
brauði, til þeirrar þakklætis lof-
gjörðaroffurs. [14]Og skal offra DROTTNI
eitt af þeim öllum til eins upplyft-
ingaroffurs og það skal heyra prestin-
um til sem stökkvir þakklætisfórnar-
blóðinu. [15]Og kjötið af lofgjörðaroffrinu
í hans þakklætisoffri skal upp etast
sama dag sem það offrast og ekki neitt
skal leyfast þar af til morguns. [16]Og
hvort heldur það er eitt heit eða eitt
sjálfviljugt offur þá skal það etast þann
sama dag sem það offrast. En ef af er
leyft og þar gengur af til annars dags þá
skal það og etast. [17]En hvað sem leyfist
af kjötinu því sem offrað er til hins
þriðja dags það skal uppbrennast í eldi.
[18]Og ef nokkur etur á þeim þriðja degi
af því fórnfærðu kjöti hans þakklætis-
offurs þá verður sá ekki þakknæmileg-
ur sem það offraði. Og það skal ekki til-
reiknast honum heldur skal það vera
ein svívirðing og hvör sú sál sem þar
etur af hún er sökuð í einum misgjörn-
ing.

[19]Og það kjöt sem snertir nokkuð
óhreint skal ekki etast heldur upp-
brennast í eldi. Hver sem er hreinn á
sínum líkama hann skal eta það kjöt
[20]og hver sál sem etur kjötið af þakk-
lætisoffrinu sem heyrir til DROTTNI þá
skal hennar óhreinleiki vera yfir henni
og hún skal fyrirfarast frá sínu fólki.
[21]Og ef nokkur sál kemur við nokkuð
óhreint, sé það óhreinn maður, fénaður
eða hvað annað sem að er svívirðulegt,
og etur hann af þakklætisfórnarkjötinu
sem að tilheyrir DROTTNI, hann skal
upprætast frá sínu fólki.“ [22]Og
DROTTINN mælti við Mósen og sagði:
[23]„Tala þú við Ísraelissonu og seg þú
þeim: Þér skuluð ekkert það feita eta af

uxunum, lömbum og geitum. [24]En það feita af hræinu og hvað sem rifið er af villudýrum það megi þér hafa yður til allsháttaðrar nytsemdar, en eigi skulu þér eta það. [25]Því hvör sem etur það feita af fénaðinum þeim sem DROTTNI er gefinn til offurs sú sála skal upprætast frá sínu fólki. [26]Eigi skulu þér heldur eta blóðið, hvorki af fé né fuglum, hvar helst sem þér búið. [27]Hver sú sál sem nokkurntíma etur blóð hún skal upprætast frá sínu fólki.“

[28]DROTTINN mælti við Mósen og sagði: [29]„Tala þú við Ísraelissonu og seg so: Hvör sem vill færa þakklætisfórn DROTTNI þá skal hann bera með sér hvað sem heyrir til þakklætisoffrinu fyrir DROTTNI. [30]En hann skal bera það fram með sinni hendi til offurs DROTTINS , sem er það feita á bringunni skal hann bera fram og bringuna, so það sé ein upplyfting fyrir DROTTNI. [31]Og presturinn skal upptendra það feita á altarinu en bringan skal heyra Aroni og hans sonum til. [32]Og þeir skulu gefa prestinum þann hægra bóg til upplyftingar af þeirrar þakkaroffri. [33]En hver af Arons sonum sem offrar blóðinu af þakklætisfórninni og því inu feita hann skal hafa þann hægra bóg til síns hlutar, [34]því ég hefi tekið veifunarbringuna og upplyftingarbóginn frá Ísraelissonum af þeirra þakkaroffri og hefi gefið prestinum Aron og hans sonum það, til eirnrar eilífrar skikkunar.“

[35]Þetta er Arons og hans sona smurning af DROTTINS fórnfæringum, á þeim degi sem þeir voru skikkaðir til kennimannsskapar DROTTINS, [36]þá er DROTTINN bauð á þeim degi þá hann smurði þá, það honum skyldi gefast af Ísraelissonum til eins eilífs réttar hjá öllum þeirra eftirkomendum.

[37]Og þetta er lögmál um brennifórnirnar, matfórnirnar, syndafórnirnar, skuldafórnirnar, fyllingarfórnir og þakklætisfórnir, [38]sem DROTTINN bauð Móse uppá Sínaífjalli þann dag sem hann gaf honum bífalning til Ísraelissona, að þeir skyldu færa DROTTNI þeirra fórnir í eyðimörku Sínaí.

8 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Tak Aron og hans sonu með honum og þeirra klæði og smurningaroleum og eirn uxa til syndoffurs, tvo hrúta og eina körf með ósýrt brauð, [3]og samansafna öllum almúganum utan fyrir vitnisburðarbúðardyrum.“ [4]Og Móses gjörði sem DROTTINN bauð honum og samansafnaði öllum almúganum fyrir vitnisburðarbúðardyrunum.

[5]Og sagði til þeirra: „Þetta er sem DROTTINN hefur boðið að gjöra.“ [6]Og hann tók Aron og hans sonu og þvoði þá í vatni [7]og færði hann í lífkyrtilinn og umgyrti hann með einu belti og færði hann í silkimöttulinn og lét yfir hann lífkyrtilinn og gyrti hann utan yfir lífkyrtilinn. [8]Og hann hengdi brjóstskjöldinn uppá hann og í brjóstskjöldinn ljósið *(Urim)* og réttinn *(Thummin)*. [9]Og hann setti mítrið uppá hans höfuð og setti þá gullspöng af þeirri helgu kórónu framan á mítrið á hans enni, sem DROTTINN hafði boðið Móse.

[10]Og Móses tók smurningaroleum og smurði tjaldbúðina og allt það sem var þar inni og vígði það. [11]Og hann stökkti sjö reisur á altarið þar af og smurði altarið og allt það sem þar tilheyrði, laugarkerið með sínum fæti, að það væri vígt. [12]Og hann hellti smurningaroleo yfir Arons höfuð og smurði hann so að hann væri vígður [13]og leiddi Arons syni þar að og færði þá í lífkyrtla og gyrti þá með belti og setti húfurnar uppá þá, sem DROTTINN hafði boðið honum.

[14]Og hann lét leiða eirn uxa fram til syndaoffurs. Og Aron og hans synir lögðu sínar hendur yfir hans höfuð [15]og so var honum slátrað. Og Móses tók af blóðinu og strauk því um altarishornin rétt um kring með sínum fingri og

hreinsaði altarið. Og hann hellti blóðinu niður hjá altarinu, hjá þess fæti, og vígði það til forlíkunar. 16Og hann tók allt það sem feitt var innyflunum, lifrarnetjuna og þau tvö nýrun með nýrnamörnum og upptendraði það á altarinu. 17En uxann með hans húð, kjöt og myki brenndi hann með eldi fyrir utan herbúðirnar, so sem DROTTINN hafði boðið honum. 18Og hann leiddi eirn hrút fram til brennioffurs og Aron og hans synir lögðu sínar hendur yfir hans höfuð 19og so var honum slátrað. Og Móses stökkti blóðinu kringum altarið 20og hjó hrútinn í stykki og upptendraði höfuðið, stykkinn og kroppinn. 21En hann þvoði innyflin og beinin í vatni og upptendraði so allan hrútinn á altarið. Það var eitt brennioffur, eirn sætleiks ilmur og eirn eldur fyrir DROTTNI, sem DROTTINN hafði boðið honum.

22Hann leiddi og þann fyllingaroffurs hrútinn fram og Aron með sínum sonum lögðu hendur yfir hans höfuð 23og so var honum slátrað. Og Móses tók af hans blóði og smurði á Arons hægra eyrnasnepil og á hans hægri þumalfingur og á hans hægri þumaltá. 24Og hann leiddi Arons syni fram og smurði af blóðinu á þeirra hægra eyrnasnepil og á þeirra hægra þumalfingur og á þeirra hægri þumaltá og dreyfði blóðinu rétt um kring á altarinu. 25So tók hann það feita og róuna og allan mörinn og lifrarnetjuna og bæði nýrun og það feita þar með fylgdi og þann hægra bóginn. 26Þar til tók hann og af körfinni þess ósýrða brauðs fyrir DROTTNI, ósýrða köku eina og eina köku af því brauði sem mengað var með oleo og eirn leif og lagði þetta ofan á það feita og ofan á þann hægra bóginn 27og fékk Aroni og hans sonum það alltsaman aftur í hendur og veifaði því til veifunar fyrir DROTTNI. 28So tók hann það alltsaman aftur af þeirra höndum og uppkveikti það á altarinu ofan uppá brennifórninni því það er eitt fyllingaroffur, til eins sæts ilms, eirn eldur fyrir DROTTNI. 29Og Móses tók bringuna og veifaði með veifingu fyrir DROTTNI af fyllingaroffurs hrúti og það fékk Móses í sinn part, sem DROTTINN hafði boðið honum.

30Og Móses tók af smurningaroleo og af blóðinu af altarinu og staukkti á Aron og á hans klæði, á hans sonu og á þeirra klæði, og vígði so Aron og hans klæði, hans syni og þeirra klæði með honum.

31Og sagði til Arons og hans sona: „Matgjörið kjötið fyrir utan vitnisburðarbúðardyrnar og etið það í sama stað með því brauði sem er í fyllioffursins körf, sem mér er bífalað og sagt, að Aron og hans synir skulu eta það. 32En hvað sem leyfist af kjötinu og brauðinu það skulu þér uppbrenna með eldi. 33Og í sjö daga skulu þér ekki ganga út um vitnisburðarbúðardyrnar, fyrr en yðar fylloffurdagar eru fullkomnir, því að yðar hendur eru fylltar í sjö daga sem nú er skeð uppá þennan dag. 34DROTTINN bífalaði so að gjöra uppá það að þér skuluð vera forlíktir. 35Og þér skuluð vera sjö daga fyrir vitnisburðarbúðardyrunum, dag og nótt, og skuluð DROTTINS varðhalds gæta, so þér deyið ekki, því so er það mér boðið.“ 36Og Aron og hans synir gjörðu allt það sem DROTTINN hafði boðið fyrir Mósen.

9 Og á þeim áttunda degi kallaði Móses Aron og hans syni og þá elstu af Ísrael 2og sagði til Arons: „Tak þér eirn ungan kálf til syndaoffurs og eirn hrút til brennioffurs, hvorttveggja án lýta, og leið þá fyrir DROTTIN. 3Og tala við Ísraelssonu, segjandi: Takið eirn kjarnhafur til syndoffurs og eirn kálf og einn sauð, hvorttveggja veturgamalt, lýtalaust, til brennioffurs, 4og eirn uxa og eirn hrút til þakkaroffurs, svo vér kunnum að fórnfæra DROTTNI,

og eitt matoffur blandað með oleo, því
að DROTTINN mun í dag birtast fyrir yð-
ur.“ 5Og þeir tóku það sem Móses hafði
boðið utan fyrir vitnisburðar tjald-
búðardyrum. Og allur söfnuðurinn
gekk fram og stóð fyrir DROTTNI. 6Þá
sagði Móses: „Þetta er það sem
DROTTINN hefur boðið að gjöra og so
skal dýrð DROTTINS birtast yður.“ 7Og
Móses sagði til Arons: „Gakk fram til
altarisins og fær þína syndafórn og so
þína brennifórn og gjör eina forlíkun
fyrir þig og fyrir fólkið og fær síðan
fólksins fórnir og bið fyrir þeim, so sem
DROTTINN hefur boðið.“

8Og Aron gekk til altarisins og sæfði
kálfinn til síns syndaoffurs. 9Og hans
synir báru blóðið til hans og hann drap
sínum fingri í blóðið og reið því á horn
altarisins og hellti blóðinu niður hjá alt-
arisins fæti. 10En feitina og nýrun og
lifrarnetjuna til syndaoffurs upp-
tendraði hann á altarinu, sem DROTTINN
bauð Móse. 11En kjötið og skinnið
brenndi hann með eldi fyrir utan her-
búðirnar.

12Síðan slátraði hann brennifórninni.
Og Arons synir báru blóðið til hans og
hann stökkti því rétt um kring altarið.
13Og þeir báru brennifórnina til hans,
höggna í stykki, og höfuðið. Og han
upptendraði það á altarinu 14og hann
þvoði innyflin og beinin og brenndi það
ofan á brennioffrið á altarinu.

15Síðan bar hann fólksins fórn fram
og tók kjarnhafurinn, sem var fólksins
syndoffur, og slátraði honum og gjörði
eitt syndoffur þar af so sem áður. 16Og
hann bar brennioffrið fram og gjörði
við það sem skikkað var. 17Og hann bar
matoffrið fram og tók sína hönd fulla
og upptendraði það á altarinu, að auk
morgunsins brennoffurs. 18Síðan slátr-
aði hann uxanum og hrútunum til
fólksins þakklætisoffurs. Og hans synir
báru blóðið til hans. Því stökkti hann
rétt um kring á altarið. 19En það feita af
uxanum og hrútnum, róuna og það
feita á innyflunum og nýrunum og
lifrarnetjuna, 20allt það feita lagði hann
á bringuna og uppkveikti það feita á
altarinu. 21En bringunni og þeim hægra
bógi veifaði Aron til veifunar fyrir
DROTTNI, líka sem DROTTINN hafði boðið
Móse.

22Og Aron upplyfti sinni hendi til
fólksins og blessaði það og gekk so
ofan þá hann hafði gjört syndoffrið,
brennioffrið og matoffrið. 23Og Móses
og Aron gengu inn í vitnisburðarins
tjaldbúð. Og þá þeir gengu út aftur
blessuðu þeir fólkið. Þá opinberaði sig
dýrð DROTTINS fyrir öllu fólki 24því
eldurinn kom frá DROTTNI og upp-
brenndi brennifórnina og það feita á
altarinu. En sem allur lýðurinn sá það
varð hann mjög glaður og féll fram á
sínar ásjónur.

10 En Arons synir, Nadab og Abí-
hú, tóku hvor sitt glóðarker og
lögðu eld þar í og lögðu reykelsi þar á
og báru annarlegan eld fyrir DROTTIN,
hvað hann hafði ekki boðið þeim. 2Þá
kom þar eirn eldur frá DROTTNI og
brenndi þá so þeir dóu fyrir DROTTNI.
3Þá sagði Móses til Aron: „Þetta er nú
það sem DROTTINN hefur sagt: Ég mun
heilagur verða á þeim sem nálgast til
mín og ég vil vera dýrðarlegur fyrir öllu
fólki.“ Og Aron þagði.

4En Móses kallaði Mísael og Elsafan,
sem voru synir Úsíel, Arons föðurbróð-
urs, og hann sagði til þeirra: „Gangið
fram og berið yðar bræður burt af
helgidóminum, út fyrir herbúðirnar.“
5Og þeir fóru til og báru þá út fyrir her-
búðirnar, íklædda þeirra línkyrtlum,
sem Móses hafði sagt. 6Þá sagði Móses
til Arons og hans sona, Eleasar og Ítam-
ar: „Þið skuluð ekki ber gjöra yðar höf-
uð, eigi heldur í sundur rífa ykkar
klæði, so þið deyið ekki og að það komi
ekki reiði yfir allan söfnuðinn. Látið
ykkar bræður af öllu Ísraelis húsi gráta
yfir þessum bruna sem DROTTINN hefur

gjört. 7En þið skuluð ekki ganga út af
vitnisburðarbúðardyrum, so þið skuluð
ekki deyja, því að DROTTINS smurn-
ingaroleum er á yður.“ Og þeir gjörðu
sem Móses bauð.
8En DROTTINN talaði við Aron og sagði:
9„Þú og þínir synir með þér skulu ekki
drekka vín eða nokkurn annan áfengan
drykk þá þér gangið í vitnisburðarbúð-
ina, so þér skuluð ekki deyja. Það skal
vera eirn eilífur réttur hjá öllum yðar
eftirkomendum. 10So þér megið gjöra
grein á millum þess sem er heilagt eða
óheilagt og í millum þess hreina og
óhreina, 11og að þér megið læra Ísrael-
issonu alla þá dóma sem DROTTINN hef-
ur boðið yður fyrir Mósen.“ 12Og Móses
talaði við Aron og við hans sonu, Eleas-
ar og Ítamar, sem eftir voru: „Takið það
matoffur sem að leyfðist af Herrans of-
fri og etið það ósýrt við altarið því það
er allra helgasta. 13En þér skuluð eta
það í einum helgum stað því það er
þinn réttur og þinna sona réttur af
Herrans offri því so er mér boðið. 14En
veifunarbringuna og upplyftingarbóg-
inn skaltu og þínir synir og þínar dætur
með þér eta í einum hreinum stað því
að þér og þínum sonum er soddan
réttur gefinn af Ísraelsbarna þakklætis-
offri. 15Því upplyftingarbóginn og veif-
unarbringuna og mörinn bera þeir
fram svo því sé veifað til eirnrar veifun-
ar fyrir DROTTNI. Því heyrir það þér og
þínum sonum til með eilífum réttind-
um, svo sem DROTTINN hefur boðið.“
16Og Móses leitaði eftir hafrinum sem
fórnfærður hafði verið til syndaoffurs
og fann hann uppbrendan. Og hann
varð reiður uppá Arons syni, Eleasar og
Ítamar, þeir sem þá eftirlifðu, og sagði:
17„Því hafi þið ekki etið syndaoffrið á
einum helgum stað því það er það allra
helgasta? Og hann hefur gefið yður það
að þér skuluð bera almúgans syndir so
þér biðjið fyrir þeim fyrir DROTTNI.
18Sjáið, hans blóð er ekki komið inn í
helgidóminn. Þér skylduð hafa etið
hann í helgidóminum, svo sem mér er
bífalað.“ 19En Aron sagði til Mósen: „Sjá,
í dag hafa þeir offrað sínu syndaoffri og
sínu brennioffri fyrir DROTTNI, en mig
hefur hent sem þú sér. Og hefða ég etið
af syndaoffrinu, mundi það hafa þókn-
ast fyrri DROTTNI?“ 20En þá Móses það
heyrði þá lét hann það so vera.

11 Og DROTTINN mælti við Mósen
og Aron og sagði til þeirra:
2„Talið við Ísraelssonu og segið: Þessi
eru þau kvikindi sem þér skuluð eta á
meðal allra dýra á jörðunni. 3Allt það
sem hefur klaufir og jórtrar á meðal
dýranna, það skuluð þér eta. 4En hvað
sem jórtrar og hefur ekki klaufir, sem
er úlfaldinn, það er yður óhreint. Og
ekki skulu þér eta það. 5Kúnísinn tygg-
ur jórtur en hefur þó ekki klaufirnar,
þar fyrir er hann óhreinn. 6Hérinn
jórtrar en hann hefur þó ekki klaufir og
því er hann yður óhreinn. 7Svínið hefur
klaufirnar en það jórtrar ekki og því
skal það vera yður óhreint. 8Þér skuluð
ekki eta af þeirra kjöti og ei heldur
snerta við þeirra hræ, því þau eru yður
óhrein.
9En þetta skulu þér eta af því sem er í
vatninu: Allt það sem hefur sundugga
og hreistur í vatninu, í sjónum og vötn-
um, það skulu þér eta. 10En allt það sem
ekki hefur sundugga og hreistur í sjón-
um og vötnunum, á meðal alls sem sig
hrærir í vatninu og það sem lifir í vatn-
inu, 11það skal vera yður svívirðilegt, so
þér skuluð ekki eta af þeirra kjöti og
þér skuluð forðast þeirra hræ. 12Því allt
það sem ekki hefur ugga og hreistur í
vatninu, það skulu þér forðast.
13En á meðal fuglanna skulu þér þessa
forðast so þér þá ekki etið: Aurnina,
haukinn, haliæetum, 14gjóðinn og allt
hans kyn, gamminn, 15og alla hrafna
með sinni tegund, 16strútsfuglinn,
náttugluna, gaukinn, valinn og allt
valakyn, 17steinuglan, álftin, hornuglan,
18flæðarmúsin, músarbróðurinn, tran-

an, [19]orrinn, hegrinn með sinni tegund, upupa og svalan. [20]Og allt það sem hrærist á meðal fuglanna og skríður á fjórum fótum það skal vera svívirðulegt fyrir yður. [21]Þó skulu þér eta af þeim fuglum sem hræra sig og ganga á fjórum fótum og hoppa ekki á jörðunni með tveimur beinum, [22]af þeim sömum megi þér eta, sem er arben með sinni tegund og selaam með sinni tegund og hargel með sinni tegund og hagab með hennar tegund. [23]En allt annað það sem hefur fjórar fætur á meðal fuglanna, það skal vera yður svívirðilegt og þér skuluð halda það óhreint. [24]Og hver sem snertur við soddan eitt hræ, hann skal vera óhreinn til kvelds. [25]Og ef einhver ber nokkuð af þeirra hræ, hann skal þvo sín klæði og vera óhreinn til kvelds. [26]Þar fyrir skulu öll dýr sem hafa klaufir og ekki jórtra vera óhrein fyrir yður. Og hver sem snertir þau hann skal vera óhreinn. [27]Og allt það sem gengur á sínum hrömmum á meðal þeirra dýra sem ganga á fjórum fótum skal vera yður óhreint. Og hvör sem snertir nokkuð hræ hann skal vera óhreinn til kvölds. [28]Og hvör hann ber þeirra hræ hann skal þvo sín klæði og vera óhreinn til kvelds, því soddan er yður óhreint.

[29]Þessi skulu og vera yður óhrein á meðal dýranna sem skríða á jörðunni, sem er hreysiköttur inn, músin, paddan, hvört með sinni tegund, [30]pindusvín, camelion, stellio, lacerta og moldvarpan. [31]Þetta er yður óhreint á meðal alls þess sem skríður. Hver sem snertir við þeirra hræ hann skal vera óhreinn til kvelds [32]og allt það sem eitt svoddan dautt hræ fellur yfir, þá er það óhreint, hvort heldur það er tréker, klæði, skinn eða sekkir, og öll aunnur ker sem til nokkurs gagns eru höfð skulu leggjast í vatn og er saurugt til kvelds. Þar eftir er það hreint. [33]Ef soddan eitt hræ fellur í nokkursháttar leirker þá er það allt óhreint sem í því er og skal í sundurslást. [34]Komi soddan vatn í nokkurn mat þann etinn verður þá er hann óhreinn. Og allur sá drykkur sem drukkinn verður af svoddan keri er óhreinn. [35]Og allt það sem soddan hræ fellur yfir verður óhreint og skal vera yður óhreint. Sé það ofn eða ketill, þá skal það í sundur brjóta, því það er óhreint og skal vera yður óhreint. [36]En þó eru brunnar, uppsprettur og lækir hreinir. En hver sem snertir þeirra hræ hann er óhreinn. [37]Og ef nokkur svoddan hræ fellur á nokkuð kornsæði sem sáð er þá er það þó hreint. [38]En ef menn ausa vatni yfir sáðið og falli síðan nokkuð svoddan hræ þar yfir þá er það yður óhreint.

[39]Þá nokkursháttar kvikindi deyr það þér megið eta og hver sem kemur við þess hræ hann er óhreinn til kvelds. [40]En hver sem etur af soddan hræi hann skal þvo sín klæði og vera óhreinn til kvelds. Líka og so hver sem snertir svoddan hræ, hann skal þvo sín klæði og vera óhreinn til kvelds. [41]Öll skriðkvikindi á jörðunni þau skulu vera yður svívirðuleg og menn skulu ekki eta þau [42]og allt það sem skríður á kviðnum og allt það sem gengur á fjórum eða fleirum fótum á meðal allra þeirra dýra sem skríða fram á jörðunni skulu þér ekki eta því það skal vera yður svívirðilegt. [43]Gjörið ekki yðar sálir sauruglegar og gjörið yður ekki óhreina á þeim svo að þér saurgið yður. [44]Því ég er DROTTINN yðar Guð. Þar fyrir skulu þér helga yður so þér séuð heilagir, því að ég er heilagur. Og þér skuluð ekki gjöra yðar sálir óhreinar á nokkru skríðanda kvikindi sem skríður á jörðunni, [45]því ég er DROTTINN sem útleiddi yður af Egyptalandi til þess að ég sé yðar Guð. Þar fyrir skulu þér vera heilagir, því að ég em heilagur.

[46]Þessi eru lögin um dýr og fugla og allsháttuð kvikindi í vatninu, og so um allrahanda kvikindi sem skríða á jörðunni, [47]so þér kunnið að gjöra grein

á millum þess sem er hreint og óhreint
og hvör kvikindi æt eru og hvor að sé
óæt.“

12 Og DROTTINN talaði við Mósen
og sagði: 2„Tala við Ísraelssonu,
segjandi: Nær ein kvinna fær getnað og
fæðir sveinbarn þá skal hún vera sjö
daga óhrein, so lengi sem hún er í sín-
um sjúkdómi. 3Og á áttunda degi skal
umskera yfirhúð á þess holdi. 4Og hún
skal vera heima í þrjá og þrjátygi daga í
blóði sinnar hreinsunar. Hún skal ekki
koma við nokkuð það sem heilagt er og
ekki skal hún koma til helgidómsins fyr
en hennar hreinsunardagar eru endað-
ir. 5En ef hún fæðir eitt meybarn þá
skal hún vera óhrein tvær vikur, so
lengi sem hún er í sínum sjúkdómi. Og
hún skal vera heima í sínu húsi sex og
sextygu daga í blóði hennar hreinsun-
ar.
6Og þá hennar hreinsunardagar eru úti
fyrir son eða fyrir dóttur þá skal hún
bera fram eitt veturgamalt lamb til
brennifórnar og eina unga dúfu eða
eina turtildúfu til syndaoffurs til prests-
ins fyrir vitnisburðarins tjaldbúðadyr-
um. 7Hann skal offra því fyrir DROTTNI
og forlíka hana. Og svo er hún hrein af
sínum blóðlátsbrunni. Þetta er lögmál
um þá konu sem fæðir son eða dóttir.
8En hafi hún ekki til lambið þá taki hún
sér tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga,
þann eina til brennioffurs og þann ann-
an til forlíkunaroffurs. So skal prestur-
inn forlíka hana so að hún verði hrein.“

13 Og DROTTINN talaði við Mósen
og Aron og sagði: 2„Þá nokkur
maður fær bólgu í sitt hold eða kláða
eða hvítnar hans hold, so sem það vildi
verða spitelska í hans holdi, þá skal
leiða þann mann fyrir prestinn Aron
eða fyrir eirn af hans sonum á meðal
prestanna. 3Og þá presturinn sér flekk-
inn á hans hörundi, að hárið hvítnar og
að það er djúpara til að sjá á þeim stað
en annarsstaðar á hans holdi, þá er það
vissilega líkþrá. Þar fyrir skal prestur-
inn skoða hann og dæma hann óhrein-
an. 4En sé þar nokkur hvítur flekkur á
hans hörundi og er þó ekki djúpara til
að sjá en hans annað skinn á holdinu og
hárið hvítnar ekki, þá skal presturinn
byrgja hann inni í sjö daga og skoða
hann á þeim sjöunda degi. 5Sé það so að
flekkurinn blífur samt sem fyrri sýndist
hann og hefur ekki innétið sig á
holdinu, þá skal presturinn byrgja hann
inni í aðra sjö daga. 6Og þá hann skoðar
hann í enn annan tíma á þeim sjöunda
degi og formerkir hann að flekkurinn
er í burt horfinn og hefur ekki víðar
innétið sig á holdinu, þá skal hann
dæma hann hreinan, vegna því það er
kláði. Og hann skal þvo sín klæði og þá
er hann hreinn. 7Og ef sá kláði étur sig
víðara út á holdinu síðan hann var
skoðaður af prestinum og dæmdur
hreinn, en er nú í annan tíma skoðaður
af prestinum, 8og ef presturinn sér það
að kláðinn hefur étið sig víðara inn í
holdið, þá skal hann dæma hann
óhreinan, því það er vissulega
spitelska. 9Ef nokkur spitelsk ákoma er
á manninum þá skal leiða hann til
prestsins. 10Og nær hann sér og for-
merkir að þar er hvítt upphlaupið á
skinninu og að hárið hvítnar og hör-
undið er rauðbólgið þá er það vissulega
ein gömul líkþrá í hans holdi. 11Þar fyrir
skal presturinn dæma hann óhreinan
og ekki byrgja hann inni, því hann er
allareiðu óhreinn. 12En þegar spitelskan
brýst út í holdinu og hylur allan lík-
amann, frá höfðinu allt til fótanna, allt
það sem presturinn má sjá með augun-
um, 13sér þá presturinn og finnur að
spitelskan hefur hulið allt hans hold, þá
skal hann dæma hann hreinan, því að
það er orðið alltsaman hvítt á honum.
Því er hann hreinn. 14En er það rautt
hörund bólgið á þeim degi sem hann er
skoðaður, þá er hann óhreinn. 15Og þá
presturinn sér það rauðbólgið hörund

þá skal hann dæma hann óhreinan, það hann er óhreinn og það er víst spitelska. [16]En ef það rauðbólgna hörundið umbreytist og verður hvítt, þá skal hann koma til prestsins. [17]Og þá presturinn skoðar og formerkir að ákoman er orðin hvít, þá skal hann dæma hann hreinan, því hann er hreinn.

[18]Vaxi þar kýli á nokkurs manns húðar holdi og læknast aftur [19]og þar kemur upp síðan nokkuð hvítt í þeim sama stað eða verði þar hvítrauður flekkur, hann skal skoðast af prestinum. [20]Sjái það presturinn að það er djúpara að sjá en hanns annað hold og að hárið er orðið hvítt þá skal hann dæma hann óhreinan, því að þar er víst ein spitelsk ákoma orðin af því kýli. [21]En sjái presturinn og finni að hárið er ekki hvítt og að það er ekki djúpara að sjá en annað hans hold og er horfið, þá skal hann byrgja hann inni í sjö daga. [22]Og ef það étur sig þá víðara út í hans holdi þá skal hann dæma hann óhreinan, því það er vissulega spitelsk ákoma. [23]En blífi hvíti flekkur so samt og étur ekki víðara um sig þá er það örið af kýlinu og presturinn skal dæma hann hreinan.

[24]Þegar nokkur brennir sig á eldi á skinninu og það hold er brann hefur rautt eður hvítt ör [25]og presturinn skoðar hann og formerkir að hárið er orðið hvítt á þeim stað sem brann og er djúpara til að sjá heldur en annað hold, þá er þar sannlega orðin ein spitelska af þeim bruna. Þar fyrir skal presturinn dæma hann óhreinan, því það er spitelskt teikn. [26]En sjái presturinn og finni að hárið á þeim stað hefur ekki umskiptst í hvítt og er ekki djúpara en annað hold og er þar með í burt horfið, þá skal hann byrgja hann inni í sjö daga [27]og þann sjöunda dag skal hann skoða hann. Hafi það þá víðara útétið sig á hans holdi, þá skal hann úrskurða hann óhreinan, því það er spitelska. [28]En hafi það verið kyrrt á þeim brunastað og ekki víðara étið sig í holdið og er þar með horfið, þá er það ör af brunanum. Og presturinn skal dæma hann hreinan, því það er eitt ör af þeim bruna.

[29]Verði nokkur maður eða kvinna skurfóttur á höfðinu eða í skegginu [30]og presturinn skoðar teiknið og finnur að sá blettur er lægri heldur en annað hold til að sjá og hárið á sama stað er gult og þunnt, þá skal hann dæma hann óhreinan, því það er spitelsk skurfa á höfðinu eða í skegginu. [31]En sjái presturinn að skurfan er ekki lægri til að sjá heldur en holdið og hárið er ekki svart, þá skal han byrgja þann inni í sjö daga. [32]Og þá hann skoðar það á inum sjöunda degi og formerkir að sama skurfa hefur ekki víðar innétið sig og þar eru engin gul hár og skurfan er ekki djúpari til að sjá en annað hold, [33]þá skal hann raka sér, þó hann raki ekki skurfuna. Og presturinn skal lykja hann inni aftur í aðra sjö daga. [34]Og þá hann skoðar hann á þann sjöunda dag og formerkir að skurfan hefur ekki víðar útétið sig á holdinu og að það er ekki djúpara til að sjá en annarsstaðar á holdinu, þá skal presturinn segja hann hreinan og hann skal þvo sín klæði, því hann er hreinn. [35]En sé það so að skurfan éti sig víðara út á holdinu síðan hann er dæmdur hreinn [36]og presturinn sér það og formerkir að skurfan hefur so víðara inn étið sig á holdinu, þá skal hann ekki meir leita þar eftir ef hárið er gult, því hann er óhreinn. [37]En sé skurfan kyrr fyrir hans augum og þar er svart hár upp á vaxið, þá er skurfan læknuð og hann er hreinn. Og þar fyrir skal presturinn segja hann hreinan.

[38]Nær eirn maður eða kvinna hefur nokkurn hvítan flekk á húð síns holds [39]og presturinn skoðar það sama og sá hvíti flekkur í burt hverfur, þá er ein hvít skurfa uppvaxin í skinninu og hann er hreinn. [40]En nær hárið fellur af nokkurs manns höfði so hann verður

sköllóttur, hann er hreinn. 41Falli það honum framan af höfðinu og það verður glærotið, þá er hann hreinn. 42En vaxi þar á þeim bersköllótta eða hvar hann er rotinn eirn hvítur eða rauður flekkur, þá er þar spitelska upprunnin á þeim hárlausa eða á því sköllótta höfði. 43Þar fyrir skal presturinn skoða hann og þá hann formerkir að hvítur eða rauður flekkur er kominn á því glærotna eða sköllótta höfði og það er að sjá so sem líkþrá á skinnin, 44þá er hann spitelskur og óhreinn. Og presturinn skal segja hann óhreinan fyrir sakir þvílíks merkis sem er á hans höfði.

45En hver sem þar er nú líkþrár, hans klæði skulu vera sundurrifin og hans höfuð bert en munnurinn huldur og skal kallast með öllu óhreinn. 46Og so lengi sem það teikn er á honum skal hann vera óhreinn. Hann skal búa alleina og hans heimili skal vera fyrir utan herbúðirnar.

47Sé þar nokkuð spitelskt teikn á nokkru klæði, hvort heldur það er á ullu eða líni, 48á uppistöðunni eða fyrirvafinu, hvort heldur það er af líni eða af ullu, eða á skinni, eða á sérhverju því sem gjört er af skinni, 49og þá það teikn er bleikt eða rautt á klæðinu eða skinninu eða á uppistöðunni eða á fyrirvafinu eða á nokkrum hlut sem gjörður er af skinni, það er víst eitt spitelskt teikn. Þar fyrir skal presturinn skoða það. 50Og þá hann sér teiknið þá skal hann loka það inni í sjö daga. 51Sjái hann það á hinum sjöunda degi að teiknið hefur víðara étið sig inn á klæðinu, á þræðinum, eða á fyrirvafinu, á skinninu eða á nokkru því sem gjört er af skinni, þá er það eitt étandi spitelskt teikn og er óhreint. 52Og það skal brenna það sama klæði eða þráðinn eða fyrirvafið, hvort það er heldur af ullu eða af líni, eða hvaða skinnavöru það er, á hvörju að soddan teikn er, því það er spitelskt teikn og skal uppbrennast í eldi. 53En sjái presturinn að teiknið hefur ekki étið sig víðara inn á klæðinu eða á þræðinum eða á fyrirvafinu eða á hvaða skinnavöru það er, 54þá skal hann skipa að þvo það sem teiknið er á og lykja það inn í aðra sjö daga. 55Sjái þá presturinn eftir á þá teiknið er þvegið að það hefur eigi umbreyst fyrir hans augum, hefur og ekki víðara innétið sig, þá er það óhreint og skal brennast í eldi, því það hefur djúpt innétið sig og gjört það kláðugt. 56En nær presturinn sér að teiknið er horfið eftir það það er þvegið þá skal hann rífa það af klæðinu, af skinninu, af þræðinum eða af fyrirvafinu. 57Vill það enn brjótast út aftur á klæðinu, á þræðinum, á fyrirvafinu og á allsháttuðu skinnverki, þá er það flekkur og skal brennast í eldi, þar soddan teikn er. 58En sé það teikn gengið af klæðinu, af þræðinum eða af fyrirvafinu eða af öllu því sem gjört er af skinni síðan það var þvegið, þá skal það þvost aftur og so er það hreint."

59Þetta er lögmálið um spitelskt teikn á klæðunum, hvort heldur þau eru af ullu eða líni, á þræðinum, á fyrirvafinu og á öllu því sem gjört er af skinni, til að segja það hreint eða óhreint.

14 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 2„Þetta er lögmálið yfir þeim líkþrá þá hann skal hreinsast. Hann skal koma til prestsins 3og presturinn skal ganga út af herbúðunum og skoða hvörnin það spitelskuteikn er læknað á þeim líkþrá. 4Og hann skal bjóða þeim sem hreinsast skal að taka upp tvo lifandi fugla sem hreinir eru og sedrustré og purpuraull og ísóp. 5Og hann skal bjóða að slátra öðrum fuglinum í einu leirkeri hjá einu rennanda vatni. 6Og hann skal taka þann lifanda fugl með sedrustrénu, purpuraullu og ísópó og drepa því í blóð þess sæfða fugls hjá því rennanda vatni 7og stökkva sjö sinnum yfir þann sem hreinsast skal af líkþránni og hreinsa hann so og láta þann lifanda

fugl fljúga lausan í burt. [8]En sá sem hreinsaður er skal þvo sín klæði og raka allt sitt hár af og lauga sig í vatni, so er hann hreinn. Síðan gangi hann í herbúðirnar. Þó skal hann vera fyrir utan sitt tjald í sjö daga. [9]Og þann sjöunda dag skal hann raka allt sitt hár af sínu höfði, skeggi og augnabrám, so að allt hans hár sé afrakað. Og hann skal þvo sín klæði og lauga sinn líkama í vatni, svo er hann hreinn.

[10]Og á þeim áttunda degi skal hann taka tvö lömb án lýta og veturgamlan sauð vankalausan og þrjá tíunda parta hveitissarla til matoffurs, blandað með oleo, og einn lóg oleum. [11]Síðan skal presturinn skikka þann sem hreinn er gjörður og þessa hluti fram fyrir DROTTIN, utan fyrir vitnisburðarbúðardyrunum. [12]Og hann skal taka annað lamb og offra því til skuldoffurs með þeim lóg af viðsmjöri og skal veifa því fyrir DROTTNI [13]og slátra síðan hinu lambinu þar sem vant er að slátra syndaoffrinu og brennifórninni, sem er á þeim helgum stað. Því að líka sem syndaoffrið heyrir prestinum til svo líka og skuldoffrið, því það er það allra helgasta. [14]Og presturinn skal taka af skuldoffursins blóði og strjúka því á þann hægra eyrnasnepil á þeim sem hreinn er orðinn og á hans hægra þumalfingur og á hans hægri þumaltá. [15]Þar eftir skal hann taka viðsmjörið af sama lóg og láta það í sína (það er prestsins) vinstri hönd [16]og drepa sínum fingri af sinni hægri hendi í oleum sem hann hefur í sinni vinstri hönd og stökkva með sínum fingri sjö sinnum af því viðsmjöri fyrir DROTTNI. [17]En af því viðsmjöri sem hann hefur í sinni hendi eftir skal hann strjúka á hans hægra eyrnasnepil sem er orðinn hreinn og á hans hægra þumalfingur og á hans hægri þumaltá, ofan á skuldoffursins blóð. [18]En það sem afgengur af því viðsmjöri í hans hendi, það skal hann láta uppá hans höfuð sm hreinn er orðinn og forlíka hann sem hreinn er orðinn fyrir DROTTNI. [19]Og hann skal gjöra syndoffrið og forlíka hann sem hreinn er orðinn vegna hans óhreinleika. Og síðan skal hann slátra brennifórninni [20]og skal offra henni á altarið með matoffrinu og forlíka hann og so er hann hreinn.

[21]En sé hann fátækur og geti ekki útvegað so mikið með sinni hendi þá skal hann taka eitt lamb til eins skuldoffurs, til veifunar, og forlíka hann, og einn tíunda part hveitissarla, blandað með viðsmjöri, til matoffurs, og eirn lóg oleum [22]og tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga sem hann kann að útvega með sinni hendi, að eirn sé til syndaoffurs en annar til brennifórnar. [23]Þetta skal hann bera til prestsins fyrir DROTTIN utan fyrir vitnisburðar búðardyrunum, þann áttunda dag eftir sem hann er orðinn hreinn. [24]Þá skal presturinn taka lambið til skuldoffursins og þann lóg oleum og skal veifa því öllu fyrir DROTTNI, [25]og skal slátra lambinu til skuldoffursins og taka af sama skuldoffursins blóði og smyrja á hans hægra eyrnasnepil sem er orðinn hreinn og á hans hægra þumalfingur og á hans hægri þumaltá. [26]Og hann skal láta af viðsmjöri í sína (það er prestsins) vinstri hönd [27]og stökkva með sínum hægri handar fingri af því oleo sem er íhans vinstri hendi sjö sinnum fyrir DROTTNI. [28]En hann skal stökkva af því sem hann hefur eftir í sinni hendi á hans hægra eyrnasnepil sem hreinn er orðinn og á hans hægra þumalfingur og á hans hægri þumaltá, ofan á skuldoffursins blóð. [29]En hvað sem þá eftir er af oleo í hans hendi, það skal hann láta uppá hans höfuð sem hreinn er orðinn til að forlíka hann fyrir DROTTNI. [30]Síðan skal hann gjöra eitt syndaoffur af annarri turtildúfunni eða dúfuunganum so sem hans hönd kunni að útvega [31]og eitt brennioffur af þeim öðrum með matoffrinu. Og presturinn

skal so forlíka hann fyrir DROTTNI sem hreinn er orðinn. 32Þetta skal vera lögmálið um þann líkþrá sem ekki kann að útvega með sinni hendi það sem heyrir til hans hreinsunar.“

33Og DROTTINN talaði við Mósen og Aron og sagði: 34„Þá þér komið inn í Kanaansland það sem ég vil gefa yður til eignar og ég sendi spitelskt teikn í nokkurt hús út í yðar eiginlegu landi, 35þá skal sá koma sem húsið á og ávísa prestinum og segja: Mér sýnist að þar sé komið spitelskt teikn inn í mitt hús. 36Síðan skal presturinn bjóða að þeir ryðji húsið áður en presturinn kemur þar inn að skoða teiknið so það verði ekki alltsaman óhreint sem í húsinu er. Því næst skal presturinn fara þar með og skoða húsið. 37Og þá hann skoðar teiknið og formerkir að þar eru gular eða rauðar holur á veggnum í húsinu svo að það er djúpara til að sjá en veggurinn sjálfur, 38þá skal hann ganga út af dyrum hússins og byrgja húsið aftur í sjö daga. 39Og þá hann kemur aftur á þeim sjöunda degi og sér að teiknið hefur víðara inn étið sig á veggjunum í húsinu, 40þá skal hann skipa að brjóta þá steina út sem teiknið er á og kasta þeim út úr staðnum í einn óhreinan stað. 41Síðan skulu menn skafa húsið allt um kring innan til og kasta því kalki sem af er skafið út úr staðnum í eirn óhreinan stað 42og taka aðra steina og setja aftur í staðinn og so límkasta húsið aftur með öðru kalki.

43En ef sama teikn kemur aftur og útbrýst í húsinu eftir það sem mann hefur niðurbrotið steinana og so límkastað húsið að nýju, 44þá skal presturinn fara þar inn. Og þá hann sér að það teiknið hefur víðara innétið sig, þá er þar sannlega ein fortærandi spitelska í húsinu og það er óhreint. 45Þar fyrir skal niðurbrjóta húsið, steina og tré og allt það kalk sem er í húsinu, og bera það út úr staðnum á eirn óhreinan stað. 46Og hvör sem gengur inn í það hús so lengi sem það er til lukt, sá sami er óhreinn til kvelds. 47En hver sem liggur eða etur þar inni, hann skal þvo sín klæði.

48En ef presturinn, þá hann gengur þar inn, sér að teiknið hefur ekki étið sig út víðara í húsinu eftir það sem húsið var límkastað, þá skal hann dæma það hreint, því teiknið er læknað. 49So skal hann taka til syndoffurs fyrir húsið tvo fugla, sedrustré og purpuraull og ýsóp 50og skal slátra öðrum fuglinum í einu leirkeri hjá rennanda vatni 51og skal taka sedrustréð, purpuraullina og ýsópinn og þann lifanda fuglinn og drepa þessu í blóð hins sæfða fuglsins hjá því rennanda vatni og stökkva yfir húsið sjö sinnum. 52Og svo skal hann afleysa húsið með fuglsins blóði og með rennanda vatni, meður þeim lifanda fugli ,með sedrustrénu, með ýsópó og með þeirri purpuraullu. 53Svo skal hann láta þann lifanda fugl út af staðnum fljúga frjálslega hvert hann vill í mörkina og forlíka húsið og so er það hreint.“

54Þetta eru lögin um allsháttaða líkþrá og hennar teikn og um skurfu 55og um spitelsku á klæðunum og húsunum 56og um bólgur og vos og margháttaða litu, 57so menn megi vita nær nokkuð er hreint eður óhreint. Og þetta eru lögin um spitelskuna.

15 Og DROTTINN talaði við Mósen og Aron og sagði: 2„Segið Ísraelssonum og talið so til þeirra: Nær þar rennur blóð af nokkurs manns holdi, hann er óhreinn. 3En þá er hann óhreinn af þeirri afrás nær hans hold vægir eða svellur þar af. 4Allt það sem hann liggur á og allt það hann situr á verður óhreint. 5Og hver sem snertur hans sæng, hann skal þvo sín föt og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. 6Og hver sem setur sig niður þar sem hann hefur áður setið hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. 7Hver sem

snertur hans hold hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [8]Ef hann spýtir uppá nokkurn þann sem er hreinn þá skal sá þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [9]Og sá söðull sem hann ríður í verður óhreinn. [10]Og hver sem snertur nokkuð af því sem hann hefur haft undir sér sá er óhreinn til kvelds. Og hver sem ber nokkuð svodan hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [11]Og hvern hann snertur áður en hann þvær sér hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [12]Nær hann kemur við nokkuð leirker þá skal það brjótast í sundur. En tréker skulu menn þvo í vatni. [13]En þá hann verður hreinn af sinni blóðrás þá skal hann telja sjö daga frá því hann er orðinn hreinn og þvo sín klæði og lauga sitt hold í rennanda vatni, so er hann hreinn. [14]Og á þeim áttunda degi skal hann taka tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga og bera þá fram fyrir DROTTIN fyrir vitnisburðarbúðardyrnar og gefa þá prestinum. [15]Og presturinn skal gjöra eitt syndaoffur af öðrum þeirra en brennioffur af öðrum og forlíka hann fyrir DROTTNI vegna hans blóðrásar.

[16]Ef nokkurs manns sæði flýtur frá honum í svefni hann skal baða allan sinn líkama í vatni og vera óhreinn til kvelds. [17]Og öll þau klæði og allt það skinn sem með þvílíku sæði er saurgað skal hann þvo í vatni og það skal vera óhreinn til kvelds. [18]Ein kvinna hjá hvörri þvílíkur maður liggur þau skulu baða sig í vatni og vera óhrein til kvelds.

[19]Nær ein kvinna hefur blóðlát á sínum líkama hún skal vera fyrir sjálfa sig í sjö daga. Hver hana snertur hann er óhreinn til kvelds. [20]Og allt það hún liggur á svo lengi hún hefur sinn tíma það er óhreint og það sem hún situr á verður óhreint. [21]Og hver sem snertur hennar sæng hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [22]Og hver sem snertur nokkuð af því sem hún hefur setið á hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [24]Og þegar nokkur samrekkir henni og hún fær sinn tíma hjá honum þá verður hann óhreinn í sjö daga og sú sæng sem hann lá uppá skal vera óhrein.

[25]Þegar nokkur kvinna hefur lengi sitt blóðlát, ekki alleinasta eftir venjulegum tíma heldur og so yfir vanalegan tíma, þá skal hún vera óhrein so lengi sem hún hefur svoddan blóðrás. Líka sem hún er þá hún er yfir sig sjálfa, so skal hún og hér vera óhrein. [26]Hver sú sæng sem hún liggur uppá alla þá stund sem hún hefur það blóðlát skal vera líka sem sú sæng þá hún er fyrir sig sjálfa. Og allt það hún situr á verður óhreint, líka sem sá óhreinleiki er nær hún er fyrir sig sjálfa. [27]Hver sem snertur nokkuð þar af hann verður óhreinn og skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni og vera óhreinn til kvelds. [28]En verði hún heil af sínu blóðfalli þá skal hún telja sjö daga, síðan skal hún vera hrein. [29]Og á þeim áttunda degi skal hún taka tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga og bera til prestsins fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyr. [30]Og presturinn skal gjöra eitt syndaoffur af öðrum þeirra en eitt brennioffur af öðrum og skal forlíka hana fyrir DROTTNI vegna henna óhreinindarásar.

[31]So skulu þér viðvara Ísraelssonu við þeirra óhreinleika að þeir deyi ekki í sínum saurindum nær þeir saurga mína tjaldbúð sem er á meðal þeirra.“

[32]Þetta er lögmálið um þann sem hefur nokkra afrás af sínum líkama og um þann sem sitt sáð lætur frá sér í svefni so hann verður óhreinn þar af [33]og um hana sem hefur sitt blóðfall, og hver sem hefur blóðlát, hvert það er heldur kallmaður eða kvinna, og þá nokkur samrekkir þeirri sem að er óhrein.

16 Og DROTTINN talaði við Mósen
(eftir það þeir tveir Arons synir
voru dauðir, þá þeir höfðu offrað
annarlegan eld fyrir DROTTNI) 2og sagði:
„Segðu Aron, þínum bróður, að hann
gangi ekki jafnlega inn í þann innsta
helgidóm fyrir innan fortjaldið fyrir
náðarstólinn sem er á aurkinni so hann
ekki deyi. Því ég vil birtast í einu skýi
yfir náðarstólnum. 3En með þessu skal
hann ganga þar inn: Með eirn ungan
uxa til syndaoffurs og með eirn hrút til
brennifórnar, 4og skal færa sig í þann
helga línkyrtil og hafa eitt niðurklæði
af líni um sinn líkama og gyrða sig með
einu línbelti og hafa eitt höfuðklæði af
líni, því það eru þau helgu klæði, og
skal lauga sinn líkama í vatni og færa
sig so í þau. 5Og so skal hann taka af al-
múga Ísraelssona tvo kjarnhafra til
syndaoffurs og eirn hrút til brenni-
offurs. 6Og Aron skal leiða uxann fram
til síns syndaoffurs og gjöra eina forlík-
an fyrir sig og fyrir sitt hús. 7Síðan skal
hann taka þá tvo hafra og leiða þá fram
fyrir DROTTIN fyrir vitnisburðar tjald-
búðardyrnar, 8og skal leggja hluti á þá
tvo hafra, einn hlut fyrir DROTTIN og
þann annan fyrir þann hafur sem skal
laus látast. 9Og hann skal fórnfæra
þann hafur sem DROTTINS hlutur féll
yfir til syndaoffurs. 10En sá hafurinn
sem hluturinn féll yfir að hann skyldi
laus látast þann skal hann skikka lif-
anda fyrir DROTTIN, að hann gjöri eina
forlíkan fyrir hann og sleppa so þeim
lausa hafri út á eyðimörk. 11Og so skal
hann síðan leiða þann uxa fram til síns
syndaoffurs og forlíka sig og sitt hús og
sæfa hann. 12So skal hann taka eitt
glóðarker fullt af glæðum af altarinu
því sem stendur fyrir DROTTNI og einn
hremming fullan af möldu reykelsi og
bera það innyfir fortjaldið 13og kasta so
reykelsinu á eldinn fyrir DROTTNI so að
reykurinn af reykelsinu hylji náðar-
stólinn sem er uppá vitnisburðinum að
hann ekki deyi. 14So skal hann taka
blóðið af uxanum og stökkva því með
sínum fingri framanvert á náðar-
stólinn. Sjö sinnum skal hann so
stökkva með sínum fingri af blóðinu
fyrir náðarstólnum. 15Síðan skal hann
slátra hafrinum sem er fólksins synda-
fórn og bera hans blóð innyfir for-
tjaldið og skal gjöra með hans blóð líka
sem hann gjörði við uxans blóð og
dreifa því framanvert að náðarstólnum,
16og skal so forlíka helgidóminn af
Ísraelissona óhreinleika og af þeirra yf-
irtroðslu í öllum þeirra syndum. So skal
hann og gjöra með vitnisburðarins
tjaldbúð, því þeir eru óhreinir þeir sem
þar liggja um kring. 17Þar skal enginn
maður vera í vitnisburðarbúðinni á
meðan hann gengur þar inn að gjöra
forlíkun í helgidóminum, þar til hann
kemur út aftur. Og so skal hann gjöra
eina forlíkun fyrir sig og sitt hús og fyr-
ir allan almúgann í Ísrael. 18Og nær
hann gengur út til altarisins sem stend-
ur fyrir DROTTNI, þá skal hann gjöra
eina forlíkun þar fyrir og skal taka ux-
ans blóð og hafursins blóð og ríða því á
altarisins horn umhverfis, 19og skal
stökkva blóðinu sjö sinnum með sínum
fingri þar á og hreinsa það og helga það
af Ísraelssona óhreinleika.

20Og sem hann hefur fullkomnað
helgidómsins forlíkun og vitnisburðar-
búðarinnar og altarisins, þá skal hann
framleiða þann lifandi hafurinn. 21Þá
skal Aron leggja sínar báðar hendur yfir
hans höfuð og meðkenna allar Ísraels-
sona syndir yfir honum og allar þeirra
yfirtroðslur og allar þeirra syndir og
skal leggja þær uppá hafursins höfuð
og senda burt í auðn með einum manni
sem þar er viðstaddur, 22að hafurinn
beri so alla þeirra misgjörninga á sér í
eina villiauðn, og láti hann þar eftir í
eyðimörkinni. 23So skal Aron ganga inn
í vitnisburðarbúðina og færa sig af lín-
klæðum sem hann fór í þá hann gekk
inn í helgidóminn og láta þau þar eftir.
24Og hann skal lauga líkama sinn í vatni

í þeim helga stað og færa sig í sín eiginklæði og ganga so út og gjöra so bæði sitt eigið brennioffur og fólksins brennioffur og gjöra forlíkun bæði fyrir sig og fyrir fólkið, [25]og skal upptendra það feita af syndafórninni á altarinu. [26]En sá sem færði þann lausa hafur í burt skal þvo sín klæði og þvo sinn líkama í vatni og gangi síðan í herbúðirnar. [27]En syndafórnaruxann og hafurinn, hverra blóð inn er borið í helgidóminn til forlíkunar, skulu menn bera út fyrir herbúðirnar og brenna með eldi þeirra húð, hold og myki. [28]Og sá sem þá brennir skal þvo sín klæði í vatni og sinn líkama og koma þar eftir í herbúðirnar.

[29]Og þetta skal vera yður ein eilíf skikkan. Þér skuluð þjá yðra líkami þann tíunda dag í þeim sjöunda mánaði og ekkert verk fremja, hvorki innbyggjarar né framandi á meðal yðar. [30]Fyrir því að yðar forlíkun sker á þeim degi, að þér skuluð vera hreinir gjörðir, af öllum yðar syndum eru þér hreinsaðir fyrir DROTTNI. [31]Þar fyrir skal það yðar vera inn stærsti sabbat og þér skuluð þjá yðar líkami. Og þetta skal vera yður ein eilíf skikkan. [32]En þessa forlíkun skal eirn prestur gjöra, sá sem vígður hefur verið og hvers hönd að mann hefur uppfyllt til prestsembættis í hans föðurs stað. Og hann skal færa sig í þau línklæði, sem er þau heilög klæði, [33]og forlíka so helgidóminn og vitnisburðarins tjaldbúðina og altarið og prestana og allt fólkið safnaðarins. [34]Það skal vera yður ein eilíf skikkan að þér forlíkið Ísraelssonu af öllum þeirra syndum eirn tíma um árið.“ Og Móses gjörði sem DROTTINN hafði bífalað honum.

17 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Tala þú til Arons og hans sona og allra Ísraelsbarna og seg þú til þeirra: Þetta er það sem DROTTINN hefur boðið. [3]Hver af Ísraels húsi sem slátrar einum uxa eða lambi eða geitsauð í herbúðunum eða fyrir utan herbúðirnar [4]og ber það ekki fram fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyr að það sé borið DROTTNI til offurs fyrir tjaldbúð DROTTINS , hann skal vera blóðsekur, svo sem sá að úthellt hefur blóði, og slíkur maður skal afmáður verða frá sínu fólki. [5]Þar fyrir skulu Ísraelssynir færa sínar fórnir þær sem þeir vilja færa úti á víðum völlum fram fyrir DROTTIN fyrir vitnisburðar búðardyrnar til prestsins og þar skulu þeir offra DROTTNI þakkoffur. [6]Og presturinn skal stökkva blóðinu á altari DROTTINS fyrir utan vitnisburðar tjaldbúðarinnar dyr og upptendra það feita DROTTNI til eins sæts ilms. [7]Og þeir skulu í öngvan máta héðan af færa djöflinum þeirra fórnir, með hverjum þeir hafa framið sínar hóranir. Þetta skal vera þeim ein eilíf skikkan hjá þeirra eftirkomendum.

[8]Þar fyrir skaltu segja til þeirra: Hver maður af Ísraels húsi eða útlendingur á meðal yðar sem færir fórn eða brennioffur [9]og ber það ekki fram fyrir vitnisburðartjaldbúðina til að gjöra það DROTTNI, hann skal upprætast frá sínu fólki.

[10]Og hver maður sem nokkuð blóð etur, hvort heldur hann er af Ísraels húsi eða er eirn framandi á meðal yðar, í gegn honum vil ég setja mitt andlit og fyrirkoma honum frá sínu fólki. [11]Því að lífið líkamans er í blóðinu og ég hef gefið yður það til altaris, að yðar sálir skulu þar með forlíkast. Því að blóðið er forlíkunin fyrir lífið. [12]Þar fyrir hefi ég sagt til Ísraelssona: Engin sál skal eta blóð á meðal yðar og eigi heldur nokkur framandi maður sem býr á meðal yðar. [13]Og hver sá maður sem veiðir eitt dýr eða eirn fugl sem mann má eta, hvort heldur hann er af Ísraels húsi eða framandi á meðal yðar, þá skal hann úthella blóðinu af því og hylja það með jörðu. [14]Því líf líkamans er blóðið so lengi sem hann lifir. Og ég hefi sagt til

Ísraelssona: Þér skuluð ekki eta blóðið af því sem hefur líf, það lífið líkamans er í hans blóði. Hver það etur, hann skal upprykkjast. 15Og hver sál sem etur nokkuð hræ eða það sem slitið er af dýrum, hvort hann er heldur innbyggjari eða framandi, hann skal þvo sín klæði og baða sig í vatni og vera óhreinn til kvelds, þá verður hann hreinn.

16Þvoi hann ekki sín klæði og baðar sig ekki þá skal hann vera sakaður í sínum misgjörningi.“

18 Og Drottinn talaði við Mósen og sagði: 2„Tala þú við Ísraelssonu og seg þú til þeirra: Ég er Drottinn yðar Guð. 3Þér skuluð ekkert gjöra eftir Egyptalands gjörningum þar sem þér bjugguð, ekki heldur eftir Kanaanslands gjörningum þar sem ég vil innleiða yður. Þér skuluð og ekki halda yður eftir þeirra setningum, 4heldur skuluð þér halda yður eftir mínum dómum, og mína setninga skulu þér halda, að þér gangið í þeim. Því að ég er Drottinn yðar Guð. 5Þar fyrir skulu þér og halda mína skikkan og mína dóma. Því hver manna sem það gjörir, hann skal lifa þar af. Því að ég er Drottinn.

6Enginn maður skal ganga til sinnar nánustu ættar að opinbera hennar ljótleik. Því ég er Drottinn. 7Þú skalt ekki opinbera þíns föðurs eða þinnar móður ljótleik. Hún er þín móðir, þar fyrir skaltu ekki opinbera hennar ljótleik. 8Þú skalt ekki opinbera ljótleik þinnar föður kvinnu, því það er ljótleiki þíns föðurs. 9Þú skalt ekki opinbera ljótleik þinnar systur, sem er þíns föðurs eða þinnar móður dóttir, hvor heldur hún er fædd heima eða annarsstaðar. 10Þú skalt ekki opinbera ljótleik þinnar sonardóttur eður þinnar dótturdóttir, því það er þinn ljótleiki. 11Þú skalt ekki opinbera nekt þinnar stjúpmóðurdóttur sem er fædd af þínum föður og er þín systir. 12Þú skalt ekki opinbera nekt þinnar föðursystur, því hún er nánust þínum föður. 13Þú skalt ekki opinbera þinnar móðursystir nekt, því hún er skyldust þinni móður. 14Þú skalt ekki opinbera nekt þíns föðurbróðurs so þú takir hans kvinnu, því hún er þín sifkona. 15Þú skalt ekki opinbera nekt þinnar sonarkonu, því hún er þíns sonar kvinna, þar fyrir skalt ekki opinbera hennar nekt. 16Þú skalt ekki opinbera nekt þinnar bróðurs kvinnu, því það er þíns bróðurs ljótleiki. 17Þú skalt ekki opinbera hans kvinnu, eigi heldur hennar dóttur nekt, ekki heldur hennar sonardóttur eður dótturdóttur nekt, því það er hennar næsta ætt og er skammarlegt. 18Þú skalt ekki taka þinnar kvinnu systir með henni og opinbera hennar nekt henni í móti þá stund sem hún enn lifir.

19Þú skalt ekki ganga til nokkrar kvinnu nær hún hefur sinn sjúkdóm að opinbera hennar ljótleik í hennar óhreinleika. 20Þú skalt og ekki liggja hjá kvinnu þíns náunga að hafa samræði með henni þér til saurgunar. 21Þú skalt ekki gefa af þínu sæði til að brenna það fyrir Mólek so þú vanhelgir ekki þíns Guðs nafn. Því ég er Drottinn. 22Þú skalt ekki liggja hjá einum kallmanni sem hjá eirni kvinnu, því það er svívirðilegt. 23Þú skalt og ekki samlagast nokkru kvikindi svo að þú saurgist af því. Og enginn kvinna skal samlaga sig nokkru dýri, því það er ein svívirðing.

24Þér skuluð ekki saurga yður af nokkru þessu, því að heiðingjarnir hafa saurgað sig með þessu öllusaman, hverja að ég vil í burt reka fyrir yður, 25og landið er saurgað þar af. Og ég vil vitja þeirra synda yfir þá so að landið skal útskyrpa sínum innbyggjurum. 26Haldið þar fyrir minn setning og mína dóma og gjörið ekki neitt af þessum svívirðingum, hvort hann er heldur innbyggjari eður framandi hjá yður.

[27]Því þetta landsfólk sem var fyrir yður
gjörði allar soddan svívirðingar og hafa
þar með saurgað landið, [28]so að landið
ekki útskyrpi yður ef þér saurgið það,
líka sem það útskyrpti heiðingjum sem
þar voru fyrir yður. [29]Því að hverjir sem
gjöra nokkuð af þessum svívirðingum,
þeirra sálir skulu afmást frá þeirra
fólki. [30]Haldið þar fyrir mínar skikkanir
og gjörið ekki nokkuð af þessum and-
styggilegum siðvenjum þeirra eð þar
voru fyrir yður, að þér saurgið yður
ekki þar með. Því ég er DROTTINN yðar
Guð.“

19 Og DROTTINN talaði við Mósen
og sagði: [2]„Tala þú við allan al-
múgann af Ísraelissonum og seg til
þeirra: Þér skuluð vera heilagir, því ég
er heilagur, DROTTINN yðar Guð. [3]Hver
skal óttast sinn föður og sína móður.
Haldið mínar hátíðir. Því ég er
DROTTINN yðar Guð. [4]Þér skuluð ekki
snúa yður til afguða og eigi skulu þér
gjöra yður steypta afguði. Því ég er
DROTTINN yðar Guð.

[5]Og nær þér viljið færa DROTTNI þakk-
lætisfórnir þá skulu þér offra því sem
honum má þóknast. [6]En þér skuluð eta
það þann sama dag sem þér offrið og
næsta dag þar eftir. En hvað sem leyfist
til þess þriðja dags, það skal brennast
með eldi. [7]En ef nokkur etur af því á
þeim þriðja degi, þá er hann ein
svívirðing og er ekki þakknæmur. [8]Og
sá sem það etur, hann skal bera sinn
misgjörning, því hann saurgaði Herr-
ans helgidóm og soddan sálir skulu
upprætast frá sínu fólki.

[9]Nær þú uppsker þitt korn á þínum
akri þá skaltu ekki alltsaman uppskera
af enda þíns akurs og ei so naumlega
safna öllu saman þínu korni. [10]So og
skaltu eigi heldur grandvarlega saman-
lesa þín vínber af þínum víngarði og
eigi skaltu safna upp þeim vínberjum
sem niður eru fallin, heldur skaltu
unna þess fátækum og framandi mönn-
um. Því ég er DROTTINN yðar Guð. [11]Þér
skuluð ekki stela, ekki heldur ljúga og
eigi heldur svíkja hver annan. [12]Þér
skuluð ekki falsklega sverja við mitt
nafn og vanhelgið ekki yðar Guðs nafn.
Því ég er DROTTINN.

[13]Þú skalt ekki gjöra órétt þínum náu-
nga, eigi heldur ræna hann. Lát þú
ekki daglaunamannsins verkkaup vera
hjá þér allt til morguns. [14]Þú skalt ekki
bölva þeim daufa. Þú skalt ekkert leggja
í veginn fyrir þann hinn blinda so hann
megi detta um. Þú skalt óttast þinn
Guð. Því ég er DROTTINN.

[15]Þér skuluð ekki höndla óréttilega í
dómum og þú skalt ekki álíta þann lítil-
magna og eigi heldur heiðra þann vold-
uga, heldur skaltu réttilega dæma yfir
þínum náunga.

[16]Vertu enginn baktalari á meðal þíns
fólks. Þú skalt eigi heldur sækja eftir
þíns náungs blóði. Því ég er DROTTINN.

[17]Þú skalt ekki hata þinn bróðir í þínu
hjarta en þó skaltu straffa þinn náunga
so þú berir ei skuld hans vegna. [18]Vert
þú ekki hefnigjarn og eigi heldur lang-
rækinn við börn þíns fólks. Þú skalt og
elska þinn náunga so sem þig sjálfan.
Því ég er DROTTINN.

[19]Þér skuluð halda mína setninga svo
að þér látið ekki yðarn fénað sam-
blanda sig við nokkur annarleg kvik-
indi. Og sá þú ekki þinn akur með
blenduðu korni. Og ber ei þau klæði á
þér sem ofin eru bæði með ullu og líni.

[20]Ef nokkur maður liggur hjá eirni
kvinnu og samræðist henni sem er ein
ambátt og er krenkt af manni, þó eigi
gefin frí eða frjáls látin, það skal vera
straffað, en þó skulu þau ekki deyja, því
hún var ekki frí. [21]En hann skal bera
fram fyrir DROTTIN fyrir sína synd eirn
hrút til skuldoffurs fyrir vitnisburðar-
ins tjaldbúðardyr. [22]Og presturinn skal
gjöra eina forlíkun fyrir DROTTNI með
sama skuldoffri fyrir þá synd sem hann
hefur gjört. So skal Guð vera honum
náðugur yfir hans syndum sem hann

hefur gjört. [23]Nær þér komið inn í landið og þér plantið allrahanda tré til að eta af, þá skulu þér umskera þeirra yfirhúð og þeirra ávaxta. Í þrjú ár skulu þér halda þau fyrir óumskorin að þér etið ekki af þeim. [24]En á fjórða árinu skal allur þeirra ávöxtur vera DROTTNI helgaður og loflegur. [25]En á því fimmta ári skulu þér eta af ávextinum og safna honum til samans. Því ég er DROTTINN yðar Guð.

[26]Þér skuluð ekkert með blóði eta. Þér skuluð öngvan gaum gefa að fuglamáli, eigi heldur útvelja yður daga. [27]Þér skuluð ekki kringum skera yðart hár og ekki með öllu afraka yðart skegg. [28]Þér skuluð ekki skera nokkuð teikn fyrir skuld þess dauða á yðarn líkama, eða skera nokkra bókstafi á yður. Því ég er DROTTINN.

[29]Þú skalt ekki halda þinni dóttur til saurlifnaðar so að landið fremji ekki hóranir og verði glæpafullt. [30]Haldið mína hvíldardaga og hræðist fyrir mínum helgidómi. Því ég er DROTTINN. [31]Snúið yður ekki til spásagnarmanna og þér skuluð einskis spyrja af þeim sem fara með teiknaþýðingar, so að þér saurgist ekki af þeim. Því ég er DROTTINN yðar Guð.

[32]Þú skalt standa upp fyrir þeim grárhærða og heiðra hinn gamla. Því að þú skalt óttast þinn Guð. Því ég er DROTTINN. [33]Ef að einhver útlenskur býr hjá þér í yðar landi, þá skuluð þér ekki fétletta hann, [34]heldur skal hann búa hjá yður sem annar innlenskur. Og þú skalt elska hann sem sjálfan þig, því þér hafið og verið útlenskir í Egyptalandi. Ég er DROTTINN yðar Guð. [35]Þér skuluð ekki ójafnt höndla í lagadómum með alin, með vigt og með mælir. [36]Réttar vogir, rétt pund og rétt mælikeröld og réttir askar skulu vera hjá yður. Því að ég er DROTTINN yðar Guð sem leiddi yður af Egyptalandi, [37]að þér haldið og gjörið alla mína lagasetninga og alla mína dóma. Því ég er DROTTINN.“

20 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Seg þú Ísraelssonum: Hver á meðal Ísraelssona eða einn framandi sem býr í bland Ísrael og gefur Mólek af sínu sæði, hann skal vissilega deyja. Fólkið í landinu skal grýta hann í hel. [3]Og ég vil setja mitt auglit í mót soddan manni og uppræta hann frá sínu fólki, þar fyrir að hann gaf Mólek af sínu sæði og gjörði óhreinan minn helgidóm og vanhelgaði mitt heilaga nafn. [4]En ef fólkið í landinu sér í gegnum fingurnar með svoddan manni sem Mólek gefur af sínu sæði og vill ekki slá hann í hel, [5]þá vil ég þó setja mitt auglit í móti þeim sama manni og í gegn hans ætt og ég vil afmá hann frá hans fólki og so þá alla sem framið hafa hórdóm eftir honum með Mólek.

[6]Nær ein sál snýr sér til spásagnara eða þeirra sem teikn útleggja og hún hórast eftir þeim, þá vil ég setja mitt auglit í gegn þeirri sömu sál og afmá hana frá sínu fólki.

[7]Þar fyrir gjörið yður heilaga og veirð heilagir, því að ég er DROTTINN yðar Guð.

[8]Og haldið mína setninga og gjörið þá, því ég er DROTTINN sem yður gjörir heilaga.

[9]Hver sem bölvar sínum föður eða sinni móður, hann skal dauða deyja, hans blóð sé yfir honum, því hann bölvaði sínum föður eður móður.

[10]Hver sem hórast með annars manns kvinnu, hann skal dauða deyja, bæði hórkarlinn og so hórkonan, þar fyrir að hann drýgði hór með síns náungs kvinnu. [11]Ef nokkur liggur með eiginkonu síns föðurs og hefur so opinberað síns föður nekt, þá skulu þau bæði dauða deyja, þeirra blóð sé yfir þeim. [12]Ef nokkur liggur með sinni sonarkvinnu, þá skulu þau bæði deyja, því þau hafa framið eina skömm, þeirra blóð sé yfir þeim.

13Ef nokkur liggur hjá einum kall-
manni so sem hjá eirni konu, þeir hafa
gjört eina svívirðilega skömm og skulu
báðir dauða deyja, þeirra blóð sé yfir
þeim.
14Ef nokkur liggur með einni kvinnu
og so með hennar móðir, hann hefur
framið eina skömm og hann skal
brennast í eldi og þau bauði, svo þar
verði ei slíkur glæpur á meðal yðar.
15Ef einhver samblandast fénaði þá
skal hann vissilega deyja og gripurinn
skal drepast. 16Ef kvinna samlagar sig
nokkru kvikindi svo að hún hefur sam-
ræði með því, hana skalt þú deyða og
svo kvikindið með, þau skulu dauða
deyja og þeirra blóð sé yfir þeim.
17Ef nokkur tekur sína systir, síns föð-
urs dóttir, eða sinnar móður dóttir, og
sér hennar lýti og so hún hans lýti, það
er ein blóðskömm. Þau skulu líflátast
fyrir fólkinu, því hann opinberaði sinn-
ar systur nekt. Hann skal bera sinn
misgjörning.
18Ef nokkur maður liggur hjá eirni
kvinnu, þá hún hefur sinn kvenlegan
krankleika, og opinberar hennar nekt
og opnar hennar brunn og hún lætur
upp sinn blóðfalls brunn, þau skulu
bæði afmást frá sínu fólki.
19Þú skalt ekki opinbera nekt þinnar
móðursystir eða þinnar föðursystur því
slíkur maður hefur opinbert gjört lýti
sinnar nánustu frændkonu og þau
skulu bera sinn misgjörning. 20Ef nokk-
ur leggst með síns föðurs bróðurs eig-
inkonu, hann hefur opinberað lýti síns
föðurs bróður. Þau skulu bera sína
synd og deyja barnlaus. 21Ef nokkur
tekur síns bróðurs kvinnu, það er eitt
skemmdarverk. Þau skulu vera án
barna, því hann opinberaði síns bróð-
urs lýti. 22So haldið nú alla mína setn-
inga og mína dóma og gjörið þar eftir,
uppá það að landið skuli ekki útskyrpa
yður, í hvert ég vil innleiða yður, svo að
þér búið þar inni. 23Og gangið ekki í
setningum heiðingjanna hverja ég vil
útreka fyrir yður, því að allt soddan
hafa þeir gjört og mér er andstyggð á
þeim. 24En ég segi yður: Þér skuluð
eignast þeirra land, því ég vil gefa yður
eitt land til erfðar, hvert að flýtur í
mjólk og hunangi. Ég er DROTTINN yðar
Guð, sem yður hefur skilið frá öðrum
þjóðum 25so þér skuluð og skilja það
hreina kvikindi frá því óhreina og
óhreina fugla frá þeim hreinu og þér
saurgið ekki yðar sálir á kvikindum, á
fuglum og á því nökkru sem skríður á
jörðunni, hvert að ég hefi skilið frá yð-
ur að það skuli vera óhreint. 26Þar fyrir
skulu þér vera mér heilagir, því ég,
DROTTINN, em heilagur, sem yður hefur
skilið frá öðrum þjóðum að þér skuluð
vera mínir.
27Þá nokkur maður eður kvinna frem-
ur spásagnir eða teiknaútleggingar,
þau skulu dauða deyja og skulu grýtast
í hel, þeirra blóð sé yfir þeim.“

21 Og DROTTINN sagði til Mósen:
„Tala þú til prestanna Arons
sona og seg þú til þeirra: Enginn
prestur skal gjöra sig óhreinan á
nokkrum framliðnum af sínu fólki, 2ut-
an á sínum skyldum sem honum nán-
astur er, sem að er hans móðir, hans
faðir, hans son, hans dóttir, hans bróðir
3og hans systir sem enn er jungfrú og
er nú enn hjá honum og hefur ekki átt
mann. Við þessa má hann saurga sig.
4Annars skal hann ekki gjöra sig saur-
ugan við nokkurn annan honum skyld-
an á meðal hans fólks so að hann van-
helgi sig ekki. 5Hann skal og ekki raka
nokkra krúnu á sitt höfuð og eigi held-
ur raka sitt skegg af og eigi heldur
skera nokkurt teikn á sinn líkama. 6Þeir
skulu vera heilagir fyrir sínum Guði og
eigi vanhelga þeirra Guðs nafn, því þeir
offra DROTTINS offri, þeirra Guðs
brauði. Þar fyrir skulu þeir vera
heilagir. 7Þeir skulu ekki ganga að eiga
nokkra portkonu eða þá sem er legin
eða þá sem er skilin frá sínum manni,

því hann er heilagur sínum Guði. [8]Þar fyrir skalt þú halda hann helgan, því hann offrar síns Guðs brauði. Hann skal vera þér heilagur, því ég DROTTINN er heilagur sem yður gjörir heilaga. [9]Nær ein kennimanns dóttir tekur að fremja saurlifnaða, hana skal brenna í eldi, því hún hefur skammað sinn föður.

[10]Sá sem inn yppsti prestur er á meðal sinna bræðra, yfir hvers höfuð að hellt er því smurningaroleo, og hans hönd er uppfylld, svo hann er klæddur heilögum klæðum, hann skal ekki vera beru höfði og ekki skera sín klæði. [11]Og hann skal ekki koma nær nokkurs dauðs manns líkama og hann skal ekki saurga sig, hvorki á föður né móður. [12]Hann skal og ekki ganga af helgidóminum so hann vanhelgi ekki síns Guðs helgidóm. Því sú hin helga kóróna og hans Guðs smurningaroleum er á honum. Ég er DROTTINN. [13]Hann skal taka sér eina jungfrú til eiginkonu [14]en öngva ekkju eða manni fráskilda eða legna eða lausakonu, heldur skal hann taka sér eina jómfrú af sínu fólki sér til eiginkonu [15]so hann vanhelgi ekki sitt sæði á millum síns fólks. Því ég er DROTTINN sem hann gjörir helgan.“

[16]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: „ [17]Tala þú við Aron og seg þú: Nær þar er nokkur vansköpun á nokkrum manni af þínu sæði í yðar ætt, þá skal hann ekki ganga fram að offra síns Guðs brauði. [18]Því að enginn sá sem hefur nokkurn brest skal ganga fram, sé hann blindur, haltur, nefljótur, eða sá sem hefur nokkra hindran [19]með vansköpuðum limum eður fótbrotinn eða handlama [20]eða hryggbrotinn eða hafi hann vagl á auga eða sé hann skakkeygður eða skurfóttur eða kláðugur eða kviðslitinn. [21]Enginn prestur af Arons sæði sem hefur nokkuð soddan fyrirgreint lýti á sér skal ganga fram að offra DROTTINS offri, því hann hefur soddan lýti. Þar fyrir skal hann ekki ganga fram að offra síns Guðs brauði. [22]En þó má hann eta af brauði DROTTINS ,bæði af því heilaga og so af því allra heilagasta, [23]en þó skal hann ekki ganga til fortjaldsins og eigi heldur framan til altarisins, fyrst hann hefur soddan lýti, svo hann ekki vanhelgi minn helgidóm. Því ég er DROTTINN sem að gjörir þá heilaga.“ [24]Þetta mælti Móses við Aron og hans sonu og við öll Ísraelisbörn.

22 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Seg til Arons og hans sona að þeir haldi sig frá því helguðu Ísraelissona, það þeir helga mér, og vanhelgi ekki mitt heilaga nafn. Því ég er DROTTINN. [3]So segðu þeim nú þetta og þeirra niðjum: Hver af yðar ætt sem framgengur til þess sem heilagt er og Ísraelissynir hafa fórnfært DROTTNI og saurgar sig so af því sama, hans sál skal afmást frá mínu andliti. Því ég er DROTTINN. [4]Hver sem er líkþrár af Arons kyni eða hefur nokkra afrás af sínu holdi, hann skal ekki eta af því heilaga fyrr en hann er orðinn hreinn. Hver sem snertir nokkurn óhreinan líkama eða lætur sitt sáð frá sér í svefni, [5]og hver þar snertir við nokkurn orm sem honum er óhreinn, eður eirn maður sem fyrir honum er saurugur, og allt það sem hann að gjöra óhreinan, [6]hver sál sem snertir við nokkru af þessu, hún er óhrein til kvelds og skal ekki eta af því heilaga, heldur hann skal fyrst lauga sinn líkama í vatni [7]og þá sólin er undirgengin og hann er orðinn hreinn þá má hann eta þar af, því það er hans atvinna. [8]Hann skal ekki eta af nokkru hræi eða af því sem slitið er af villudýrum so hann verði ekki óhreinn af því. Því ég er DROTTINN. [9]Þar fyrir skulu þér halda mínar skikkanir, so þeir hlaði sig ekki syndunum og deyi af því þá þeir saurga sig. Því ég er DROTTINN sem helgar þá. [10]Og þar skal enginn annarlega eta af því heilaga, hvorki prestsins

hjú né hans daglaunamenn. 11En ef presturinn hefur keypt nokkra sál fyrir sína peninga, hún má eta þar af, og það sem fæðist í hans húsi, það má og eta af hans brauði. 12En verði nokkur prestsdóttir eiginkona nokkurs framandi manns þá skal hún ekki eta af heilögu upplyftingaroffri. 13En sé hún ekkja eða útrekin frá manni og hefur ekkert sæði og kemur þó aftur til síns föðurs húss, þá skal hún eta af síns föðurs brauði so sem þá hún var jómfrú. En enginn framandi skal eta þar af. 14En ef nokkur etur óvitandi af því heilaga, hann skal leggja þann fimmta part þar til og gefa prestinum það með því heilaga, 15so þeir vanhelgi ekki það heilaga Ísraelssona, það þeir upplyfta fyrir DROTTNI, 16so þeir þyngi sig ekki sjálfa með sökum og misgjörningum þá þeir eta þeirra ið heilaga. Því ég er DROTTINN sem þá helgar.“

17Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 18„Seg þú Aron og hans sonum og öllu Ísraelisfólki, að hver Ísraelíti eða framandi í bland Ísrael sem gjöra vill sitt offur, hvert heldur það er heit eða af lostugum vilja, og vill hann gjöra DROTTNI eitt brennioffur að þóknast honum þar með, 19þá skal það vera kallkyns, lastalaust, af nautum, sauðum eða geitum. 20Þér skuluð öngvu offra því sem nokkurn laust eða lýti hefur á sér, því það verður ekki þakknæmt af yður. 21Og hver hann vill færa DROTTNI þakklætisoffur, eitt sérlegt heit eður af sínum lostugum vilja, af nautum eður sauðum, það skal vera lastalaust so það verði þakknæmilegt, það skal öngvan löst hafa. 22Sé það blint eða beinbrotið eða magurt eða bólgið eða kláðugt, þá skulu þér ekki offra það DROTTNI og eigi heldur gefa neitt offur af soddan á altari DROTTINS. 23Þann uxa eður sauð sem hefur nokkurn ofskapaðan eða vanskapaðan lim máttu offra af lostugum vilja. En í heit er það ekki þakknæmilegt. 24Þú skalt og ekki heldur offra DROTTNI því sem er marið eða í sundurrifið eða í sundurslitið eða sárt gjört. Þér skuluð ekki gjöra svoddan í yðar landi. 25Þú skalt og ekki taka soddan af hendi þess framanda hjá yður að offra því með Guðs yðars brauði, því það dugir ekki og hefur lýti. Þar fyrir er það ekki þakknæmt fyrir yður.“

26Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 27„Þá eitt naut, lamb eða kið fæðist, þá skal það vera í sjö daga hjá sinni móður og á þeim áttunda degi og þar eftir má það offrast DROTTNI og so er það þakknæmt. 28Hvort það er heldur naut eður sauður þá skal ekki slátra því á einum sama degi og með sínu afkvæmi. 29En þá þér offrið DROTTNI einu lofgjörðaroffri sem þakknæmt skal vera fyrir honum, 30þá skulu þér eta það þann sama dag og leyfa ekkert til morguns. Því ég er DROTTINN.

31Þar fyrir haldið mín boðorð og gjörið þar eftir þeim, því ég er DROTTINN, 32og vanhelgið ekki mitt nafn so ég megi vera helgaður á millum Ísraelssona, því ég er DROTTINN sá yður helgar, 33sem útleiddi yður af Egyptalandi að ég vildi vera yðar Guð. Ég er DROTTINN.“

23 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 2„Tala til Ísraelssona og seg þú til þeirra: Þessar eru hátíðir DROTTINS sem þér skuluð heilagar og mínar hátíðir kalla nær þér til samans komið.

3Sex daga skalt þú erfiða en sá sjöundi dagur er sá mikli heilagi sabbatsdagur á hverjum þér skuluð koma til samans. Þér skuluð ekkert erfiða á þeim degi því það er sabbatsdagur DROTTINS í öllum yðar hýbýlum.

4Þessar eru hátíðir DROTTINS sem þér skuluð kalla helgar hátíðir á hverjum þér komið saman. 5Þann fjórtánda dag í þeim fyrsta mánuði að aftni er páskar DROTTINS, 6og sá fimmtándi dagur í sama mánaði er ósýrðra brauða hátíð

DROTTINS . Þá sklulu þér eta ósýrt brauð
í sjö daga. 7Sá fyrsti dagur kallast heil-
agur á meðal yðar, þar sem þér komið
til samans. Þá skulu þér öngva vinnu
þjóna 8og þér skuluð færa fórnir
DROTTNI í sjö daga. Sjá sjöundi dagur
skal og kallast heilagur á hverjum þér
komið saman, þá skulu þér eigi heldur
vinna nokkra erfiðisþjónustu.“
9Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 10„Tala þú til Ísraelissona og seg
þú til þeirra: Nær þér komið í það land
sem ég mun gefa yður og þér skerið
yðart korn, þá skulu þér bera eitt
bindini til kennimannsins af frumburði
yðar kornskurðar. 11Það bindini skal
veifast fyrir DROTTNI so það sé þakk-
næmt af yður. En þetta skal presturinn
gjöra annan daginn eftir sabbatinn.
12Þér skuluð og færa DROTTNI eitt
brennioffur þann sama dag sem yðart
bindini svo veifast: Eitt lamb sem er án
lýta og skal vera ársgamalt, 13með
matoffri, tveimur tíundapörtum
hveitisarla, mengað með oleo, DROTTNI
til offurs eins sætleiks ilms, þar til
drykkjaroffur eirn fjórða part af einu
hín víns. 14Og þér skuluð ekki eta nýtt
brauð, eigi malt, eigi korn, fyrr en þann
fyrsta dag þér berið Guði yðart offur.
Þetta skal vera ein skikkan fyrir yðar
eftirkomendur hvar sem helst þér búið.
15En þar eftir skulu þér telja frá þeim
öðrum degi frá þeim öðrum degi eftir
sabbatinn á hverjum þér berið yðar
veifunarbindini fram sjö heila sabbats-
daga, 16allt til annars dags eftir sjöunda
sabbat, sem er fimmtygu daga skulu
þér telja og færa DROTTNI nýtt matar-
offur. 17Og þér skuluð offra það í öllum
yðar heimilum, sem er tvö veifunar-
brauð af tveimur tíundapörtum
hveitisarla, sýrt og bakað, DROTTNI til
ins fyrsta ávaxtaroffurs. 18Og þér skul-
uð frambera með yðar brauði sjö lömb
ársgömul, lýtalaus, og eirn ungan uxa
og tvo hrúta. Það skal vera DROTTINS
brennioffur, matoffur og drykkjaroff-
ur, það er offur sætleiks ilms fyrir
DROTTNI. 19Síðan skulu þér færa eirn
kjarnhafur til syndaoffurs og tvö lömb
ársgömul til þakkaroffurs. 20Þeim skal
presturinn veifa með því frumfórnar-
brauði fyrir DROTTNI og með þeim
tveimur lömbum. Og það skal vera
DROTTNI helgað og heyra til prestinum.
21Og þér skuluð bjóða þennan dag, því
hann skal kallast heilagur meðal yðar, á
hverjum þér komið til samans. Þér
skuluð öngva erfiðisvinnu gjöra. Það
skal vera eirn eilífur setningur hjá yður
og yðar eftirkomendum á öllum yðar
heimilum.
22En þegar þér uppvinnið yðart land
þá skulu þér ekki með öllu allt korn
uppskera af yðrum akri og eigi smás-
muglega samansafna, heldur skulu þér
láta nokkuð eftir verða handa þeim fá-
tæka og útlenda. Ég er DROTTINN yðar
Guð.“
23Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 24„Tala þú við Ísraelissonu og seg:
þann fyrsta dag í þeim sjöunda mánaði
þá skulu þér halda þess heilaga sabbats
minningarblástur þá þér komið til sam-
ans. 25Þá skulu þér ekkert erfiði vinna
og þér skuluð færa DROTTNI fórnir.“
26Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 27„Þann tíunda dag í þeim sjö-
unda mánaði er sá forlíkunardagur,
hann skal kallast helgur hjá yður so þér
komið til samans, þá skulu þér þjá yðra
líkami og færa DROTTNI fórnir. 28Og þér
skuluð ekki neitt vinna á þeim degi, því
það er forlíkunardagur, að þér megið
verða forlíktir við DROTTIN yðar Guð.
29Því að hver sem ekki þjáir sinn líkama
á þeim sama degi, hann skal afmáður
verða frá sínu fólki. 30Og hver sem gjör-
ir nokkurt erfiði á þeim degi, þann vil
ég afmá frá sínu fólki. 31Þar fyrir skulu
þér ekkert erfiði gjöra. Það skal vera
eirn ævinlegur setningur hjá yður og
yðar eftirkomendum í öllum yðar hý-
býlum. 32Það er yðar inn mikli sabbats-
dagur að þér skuluð þjá yðar líkami. En

þann níunda dag í mánaðinum að kveldi skulu þér halda þennan sabbat, frá kveldi og allt til annars kvelds.“

33Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 34„Tala þú við Ísraelissonu og seg: Þann fimmtánda dag í þeim sama sjöunda mánaði er laufskálahátíð í sjö daga fyrir DROTTNI. 35Sá fyrsti dagur skal kallast heilagur að þér komið til samans og þér skuluð öngva erfiðisvinnu þjóna. 36Þér skuluð færa fórnir DROTTNI í sjö daga. Sá áttundi dagur skal og kallast heilagur svo þér komið til samans og þér skuluð færa DROTTNI yðar fórnir, því það er yðar samkomudagur. Þér skuluð ekkert erfiði vinna.

37Og þessar eru nú DROTTINS hátíðir sem þér skuluð halda heilagt og að þér komið til samans að færa DROTTNI offur, brennifórnir, matoffur, drykkjaroffur og so önnur offur, hvert á sínum degi, 38að auk þess sem er DROTTINS sabbat, og yðar gáfur og lofanir og lostugar gáfur sem þér gefið DROTTNI.

39So skulu þér halda DROTTINS hátíð þann fimmtánda dag í þeim sjöunda mánaði sjö daga samfleytt þá þér hafið innsafnað yðars árs ávexti af akrinum. Sá fyrsti dagur er sabbat og sá áttundi dagur er og sabbat. 40Og á þeim fyrsta degi skulu þér taka ávöxtinn af þeim fögru aldintrjám, af pálmviðarkvíslum og aldinið af þykkvöxnum eikum og víðir, og verið glaðir fyrir DROTTNI yðrum Guði í sjö daga. 41Og þér skuluð halda DROTTNI þá sömu hátíð sjö daga á árinu. Það skal vera ein eilíf skikkan hjá yðrum eftirkomendum að þeir haldi so þessa hátíð í þeim sjöunda mánaði. 42Sjö daga skulu þér í laufskálum búa, hver eirn og einn innbyggjari í Ísrael, hann skal búa í laufskálum, 43so yðar eftirkomendur megi vita hvernin ég lét Ísraelssonu búa í landtjöldum þá ég leiddi þá af Egyptalandi. Ég er DROTTINN yðar Guð.“ 44Og Móses sagði Ísraelissonum svoddan DROTTINS hátíðir.

24 Og DROTTINN talaði til Mósen og sagði: 2„Bjóð þú Ísraelissonum að þeir beri þér eitt hreint og skekið viðsmjör til ljósa sem að daglega megi láta ofan í lampana fyrir framan vitnisburðarins fortjald í vitnisburðarbúðinni. 3Og Aron skal tilbúa þá daglega fyrir DROTTNI, um kvöld og morna. Þetta skal vera ein eilíf skikkan hjá yðrum eftirkomendum. 4En hann skal tilreiða lampana á þeirri fögru ljósastiku daglega fyrir DROTTNI.

5Og þú skalt taka hveitisarla og baka þar af tólf kökur. Í hverri köku skulu vera tveir tíundapartar. 6Síðan skaltu leggja sex til samans yfir það fagra borð fyrir DROTTNI. 7Og þú skalt leggja hreint reykelsi ofan á þær svo að þær sé minningarbrauð til eins elds fyrir DROTTNI. 8Alla sabbatsdaga ævinlega skal hann tilreiða þau fyrir DROTTNI af Ísraelissonum til eilífs sáttmála. 9Og þau skulu heyra Aroni og hans sonum til, þeir skulu eta þau í heilögum stað, því það er það allra helgasta af DROTTINS offri, til eins eilífs sáttmála.“

10En þar gekk út einn ísraelítískrar kvinnu son sem að var sonur eins egypsks manns á meðal Ísraelssona og þráttaði við eirn mann af Ísrael í herbúðunum 11og lastaði nafnið DROTTINS og bölvaði. Þá leiddu þeir hann til Mósen hans móðir hét Selómít Díbrídóttir, af ætt Dan 12og settu hann í fangelsi þar til að þeir fengi að vita atkvæði DROTTINS.

13Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 14„Hafið hann út fyrir herbúðirnar sem svo hefur bölvað og lát þá alla sem það heyrðu leggja hendur yfir hans höfuð og lát allan almúgann lemja hann grjóti. 15Og seg Ísraelissonum: Hver sem bölvar sínum Guði, hann skal bera sína synd. 16Hver sem lastar nafn DROTTINS, sá skal dauða deyja, allur almúginn skal grýta hann. Líka sem sá framandi so skal og innbyggjarinn vera nær hann guðlastar, þá skal hann deyja.

17Ef nokkur slær annan mann í hel þá
skal hann vissilega deyja. 18En ef hann
slær nokkuð kvikfé í hel, þá skal hann
betala líf fyrir líf. 19En hver sem veitir
lemstur sínum náunga, þá skal gjöra
við hann so sem hann hefur gjört:
20Skaða fyrir skaða, auga fyrir auga,
tönn fyrir tönn. Svo sem hann hefur
lemstrað annan, so skal hann og
lemstraður verða. 21Hver sem slær eitt
kvikindi til dauðs hann skal betala það.
En hver sem slær eirn mann í hel hann
skal deyja. 22Einn réttur skal vera fyrir
alla, so vel fyrir þann útlenda sem þann
innlenda. Því ég er DROTTINN yðar
Guð.“ 23Þetta sagði Móses til Ísraels-
sona. Og þeir leiddu þann blótmann út
fyrir herbúðirnar og grýttu hann í hel.
Og Ísraelssynir gjörðu so sem DROTTINN
hafði boðið Móse.

25 Og DROTTINN talaði við Mósen á
fjallinu Sínaí og sagði: 2„Tala þú
við Ísraelssonu og seg þú til þeirra:
Þegar þér komið inn í það land sem ég
vil gefa yður, þá skal landið halda
DROTTINS hvíldardaga, 3so að þú sáir í
sex ár þinn akur og í sex ár skerir þinn
víngarð og safnir saman þínum ávexti.
4En á því sjöunda ári skal landið halda
DROTTNI sinn stóra hvíldardag, á hverj-
um þú skalt ekki sá þinn akur og eigi
heldur uppskera þinn víngarð. 5En
hvað sem uppvext eftir þína haustyrkju
af sér sjálfu, það skalt þú ekki uppskera
og þú skalt ekki safna þeim vínþrúgum
saman sem vaxa fyrir utan þitt erfiði,
því að það er landsins hvíldarár. 6En þér
skuluð halda landsins hvíldarár þar fyr-
ir að þú megir eta þar af, þinn þénari,
þín ambátt, þinn daglaunamaður, þitt
heimafólk, sá útlenski hjá þér, 7þinn
fénaður og dýrin í þínu landi. Allur
ávöxtur skal vera til fæðslu. 8Og þú
skalt telja svoddan sjö hvíldarár, að sjö
ár sé talin sjö sinnum, og sá tími þeirra
sjö hvíldarára gjöra níu ár og fjörutygu.
9Þá skaltu láta blása í lúðra um allt
yðart land á þeim tíunda degi þess sjö-
unda mánaðar, rétt á þeim forlíkunar-
degi. 10Og þér skuluð halda það fimm-
tugasta ár heilagt og kalla það eitt frels-
isár í landinu, öllum þeim sem þar búa,
því það er yðart fagnaðarár. Þá skal
hver yðar koma aftur til sinna óðala og
til sinnar ættar, 11því það fimmtugasta
ár er yðart fagnaðarár. Þér skuluð ekki
sá og ekki uppskera það sem vex af sér
sjálfu og ekki samansafna í víngarðin-
um það sem uppvex án erfiðis. 12Því að
fagnaðarárið skal vera heilagt á meðal
yðar, en þér skuluð eta hvað sem ak-
urinn ber.

13Þetta er fagnaðarárið að hver mað-
ur skal koma aftur til sinnar eignar.
14Nær þú felur þínum náunga nokkuð,
eða ef þú kaupir nokkuð af honum, þá
skaltu ekki svíkja þinn bróður heldur
skalt þú kaupa það af honum 15eftir
þeirri tölu frá fagnaðarárinu og eftir
ávexti eftirfylgjandi ára, so dýrt skal
hann selja þér það. 16Eftir árafjöldanum
skaltu láta kaupið uppstíga og eftir því
sem árin eru fá til skaltu láta það
ódýrra, því hann skal selja þér það eftir
því sem akurinn kann bera. 17So svíki
enginn sinn náunga, heldur óttast þú
þinn Guð. Því ég er DROTTINN yðar Guð.

18Þar fyrir gjörið eftir mínum setn-
ingum og haldið mína dóma og gjörið
þar eftir, so þér megið óhræddir búa í
landinu. 19Því landið skal gefa yður sinn
ávöxt so þér skuluð hafa nóg að eta og
ugglausir búa þar inni. 20Og ef þú vilt
segja: Hvað skulum vér eta á því sjö-
unda ári, því að vér sáum ekki og söfn-
um ekki heldur saman nokkru korni?
21Ég vil þá bjóða minni blessan yfir yður
á því sjötta árinu so það skal bera þre-
faldan ávöxt 22so þér megið sá á því átt-
unda ári og eta af þeim gamla ávexti
allt til þess níunda árs, so þér etið af
þeim gamla ávexti þar til að nýtt korn
kemur. 23Þar fyrir skulu þér ekki selja
landið ævinlega, því að landið heyrir
mér til og þér eruð gestir og framandi

fyrir mér. [24]Og þér skuluð í öllu yðar
landi láta landið vera falt til lausnar.
[25]Nær eð þinn bróðir verður svo fá-
tækur að hann selur þér sína eign og
komi þá hans nánasti frændi til hans og
vill leysa það, þá má hann leysa hvað
hans bróðir hefur selt. [26]En hafi hann
öngvan sem það kann að leysa og geti
hann með sinni hendi orkað so mikils
að hann megi leysa nokkuð þar af, [27]þá
skulu menn reikna frá því ári sem hann
seldi og gefa hinum sem keypti so mik-
ið sem vantar, so hann megi fá sína
eign aftur. [28]En geti hann ekki orkað so
miklu að hann fái nökkuð aftur, þá skal
það sem hann hefur selt vera í þess
hendi eð keypti allt til þess fagnaðar-
ársins. Á því sama skal það frá honum
fara og hinn skal koma til sinnar eignar
aftur.
[29]Hver sem selur eitt hús innan borg-
armúrveggja, hann skal hafa eins heils
árs frest til að leysa það aftur. [30]Það skal
vera tíminn innan hvers hann má leysa
það aftur. En leysi hann það ekki aftur
fyrr en allt árið er úti þá skal sá sem
það keypti eður hans eftirkomendur
halda því húsi ævinlega og það skal
ekki ganga til lausnar á því fagnaðarári.
[31]En sé það eitt hús þar í þorpum sem
enginn múr er um kring, þá skulu
menn reikna það so sem annað akur-
land og það skal vera falt til lausnar á
því fagnaðarári og koma so leyst aftur.
[32]Levítanna staðir og þau hús í stöðun-
um sem þeirra eignir eru úti mega all-
tíð leysast. [33]En hver að nokuð leysir af
Levítönum, hvort sem það eru hús eður
staðir sem hann hefur eignast, þá skal
hann láta það til lausnar á því fagnaðar-
ári, því að húsin í Levítanna stöðum er
þeirra eign á meðal Ísraelssona. [34]En
akrana utan fyrir þeirra stöðum skulu
ekki seljast, því að það er þeirra ævin-
leg eign. [35]Nær þinn bróðir útarmast og
verður fátækur hjá þér þá skaltu taka
hann til þín svo sem eirn gest eður
framanda að hann lifi hjá þér. [36]Og þú
skalt ekkert okur af honum taka og eigi
ofmikils af honum krefja, heldur skaltu
óttast Guð þinn so að þinn bróðir megi
lifa hjá þér. [37]Því þú skalt ekki fá honum
ína peninga uppá okur, eigi heldur
reikna honum þinn kost ofdýran. [38]Því
ég er DROTTINN yðar Guð sem leiddi yð-
ur af Egyptalandi að ég gæfa yður
Kanaansland og væra yðar Guð. [39]Ef
þinn bróðir útarmast hjá þér so að
hann selur sig sjálfan þér þá skaltu ekki
láta hann þjóna so sem eirn annan þræl
[40]heldur skal hann vera hjá þér sem
eirn gestur eða daglaunamaður og
hann skal þjóna hjá þér til fagnaðar-
ársins. [41]Þá skal hann laus frá þér fara
og hans börn með honum og skal svo
koma aftur til sinnar ættar og til sinna
forfeðra eignar. [42]Því þeir eru mínir
þjónar sem ég útfærða af Egyptalandi.
Þar fyrir skulu þeir ekki seljast sem ei-
lífir þrælar. [43]Og þú skalt ekki harðlega
drottna yfir þeim heldur skaltu hræðast
þinn Guð. [44]En ef þú vilt fá þér þræla
eður ambáttir þá skaltu kaupa þau af
heiðingjum þeim sem eru í kring yðu,
[45]af þeim framandi sem á meðal yðar
eru og af þeirra eftirkomendum sem
þeir hafa getið í yðar landi. Þá sömu
skulu þér hafa til eigindómsþræla og
þér skuluð eignast þá [46]og yðar börn
eftir yður til eignar ævinlega, þá skulu
þér láta vera þræla. En yfir yðar bræð-
ur, Ísraelssonu, skal enginn harðlega
drottna yfir öðrum.
[47]Þá nokkur gestur eður framandi
verður ríkur hjá yður og þinn bróðir út-
armast hjá honum so að hann selur sig
þeim framanda eða útlenda hjá þér eða
nokkrum af hans ætt, [48]þá skal hann
eftir hans kaup hafa rétt til að verða
laus aftur. [49]Hver eð vill hans bræðra
má leysa hann eða hans föðurbróðir
eða hans bræðrungur eða einhver ann-
ar af hans nánustum frændum. Eða geti
hann so mikið forþénað með sinni
sjálfs hendi þá skal hann leysa sig. [50]Og
hann skal reikna með þann sem hann

keypti frá því ári sem hann seldi sig á allt til fagnaðarársins. Og þeir peningar skulu reiknast sem hann var seldur fyrir eftir áratölunni og hann skal reikna sín dagleg laun þar með um þann allan tíma. 51Standi þá enn mörg ár eftir inn til frelsunarársins og peningarnir skulu eftir því áratali reiknast sem hann seldi sig á, þá skal hann þar eftir gefa þess meira fyrir sína lausn, eftir því sem hann er keyptur. 52En séu þar fá ár eftir til frelsunarársins, þá skal hann þar eftir aftur gefa sér til frelsis og hann skal reikna sín dagleg laun þar með ár frá ári. 53Og þú skalt ekki strengilega láta drottna yfir hann fyrir þínum augum. 54En geti hann ekki leyst sig með þessum hætti þá skal hann ganga frjáls út á því frelsunarári og hans börn með honum. 55Því að Ísraelissynir eru mínir þénarar sem ég leiddi út af Egyptalandi. Ég er DROTTINN yðar Guð.

26 Þér skuluð ekki gjöra yður afguði, eigi heldur bílæti. Þér skuluð ekki heldur uppreisa yður nokkrar myndir eða setja merkisteina í yðru landi og að tilbiðja þá. Því ég er DROTTINN yðar Guð.

2Haldið mína hvíldardaga. Hræðist minn helgidóm. Ég er DROTTINN.

3Ef þér gangið nú eftir mínum setningum og haldið mín boðorð og gjörið þar eftir 4þá vil ég gefa yður regn í hæfilegan tíma. Jörðin skal og gefa sinn gróða og trén á mörkinni skulu bera sinn ávöxt 5og þreskjunartíminn skal vara allt til vínyrkjunnar og vínyrkja skal ná til kornsæðistímans. Og þér skuluð hafa gnótt brauðs og búa tryggilega í yðru landi.

6Ég vil gefa frið í yðru landi og þér skuluð mega sofa og enginn skal fæla yður. Og ég vil í burtu taka þau skaðsömu dýr af yðar landi og þar skal ekkert sverð ganga í gegnum yðart land. 7Þér skuluð elta yðar óvini og þeir skulu falla fyrir yðrum sverðum. 8Fimm af yður skulu elta hundrað og hundrað af yður skulu elta tíu þúsundir. Því að yðar óvinir skulu falla undir sverð fyrir yður.

9Og ég vil snúa mér til yðar og láta yður aukast og ávaxtast og ég vil staðfesta minn sáttmála við yður. 10Og þér skuluð eta af því inu gamla og burt taka það gamla þegar það nýja kemur.

11Ég vil búa á meðal yðar og mín sála skal ekki burt kasta yður. 12Ég vil ganga á millum yðar og ég vil vera yðar Guð, svo skulu þér vera mitt fólk.

13Því ég er DROTTINN yðar Guð, sem leiddi yður af Egyptalandi, að þér skuluð ekki vera þeirra þrælar. Og ég hefi í sundurbrotið yðart ok og látið yður ganga rétta.

14En vilji þér ekki hlýða mér og ekki gjöra öll þessi boðorð 15og viljið fyrirlíta mína setninga og yðar sálir útskúfa mínum réttindum so þér haldið ekki öll mín boðorð og gjörið ónýtan minn sáttmála, 16þá vil ég og gjöra yður þetta: Ég vil vitja yðar með hræðslu, kaunum og köldusýki að yðart andlit skal visna og yðar líf vanmegnast. Þér skuluð forgefins sá yðra akra og yðrir óvinir skulu uppeta þá.

17Og ég vil setja mitt auglit í gegn yður og þér skuluð verða slegnir af yðrum óvinum og þeir sem yður hata skulu drottna yfir yður og þér skuluð flýja þó enginn elti yður.

18En ef þér viljið þá enn ekki hlýða mér þá vil ég sjöfalt meira refsa yður fyrir yðar synda sakir, 19so ég fái sundurbrotið yðar harðúðlega drambsemi. Og ég vil láta himininn verða yður sem járn og yðar jörð so sem kopar 20og allt yðar ómak og erfiði skal vera til einskis. Og yðar jörð skal ei gefa sinn gróður og trén í landinu skulu ekki bera sinn ávöxt.

21Og ef þér þá enn gangið í gegn mér og viljið ekki hlýða mér þá vil ég enn gjöra það sjöfalt meira, að slá uppá yður fyrir yðvarar synda sakir. 22Og ég vil

senda villidýr á meðal yðar, þau skulu uppsvelgja yðar börn og í hel rífa yðart fé og fækka yður og yðar vegir skulu verða í eyði.

[23]Vilji þér þá enn ekki láta tyfta yður af mér, heldur gangið í gegn mér, [24]þá vil ég ganga í gegn yður og slá yður þá enn sjöfaldlega fyrir yðar syndaskuld [25]og leiða eitt hefndarsverð yfir yður sem að hefna skal míns sáttmála. Og ef þér safnið yður saman í yðrum stöðum þá vil ég líka vel senda drepsótt á meðal yðar og gefa yður í yðra óvina hendur. [26]Þá vil ég fordjarfa yðar brauðs nægð so að tíu kvinnur skulu baka yðvart brauð í einum ofni og yðart brauð skal vegast út með vigt og nær þér etið skulu þér ekki verða mettir.

[27]Vilji þér þá enn ekki með þessu hlýða mér heldur ganga í gegn mér [28]þá vil ég og ganga í gegn yður í minni reiði og ég vil refsa yður sjö sinnum harðara fyrir yðar syndir, [29]svo þér skuluð eta yðra sona og yðra dætra kjöt. [30]Og ég vil afmá yðar hæðir og upprykkja yðrum bílætum og ég vil kasta yðar líkömum ofan á yðar afguði og mín sál skal hafa viðbjóð við yður.

[31]Og ég vil eyðileggja yðar staði og niðurbrjóta yðar helgidómskirkjur og ég vil ekki lykta yðarn sætan ilm. [32]So vil ég eyða landið að yðar óvinir sem búa í því skulu undrast þar uppá. [33]En yður vil ég burt dreyfa á meðal heiðingja og útdraga sverðið eftir yður og yðart land skal verða eyði og yðar borgir skulu niðurbrjótast. [34]Þá skal landinu þóknast og sínir sabbatsdagar, so lengi sem það liggur í eyði og þér eruð í yðra óvina landi. Já, þá skal landið halda heilagt og vel bíhaga sínir helgir dagar, [35]alla þá stund það liggur eyði, þar fyrir að þér kunnið ekki að halda heilagt þá þér áttuð að halda heilagt þá þér bjugguð þar inni. [36]Og þeir sem lifa eftir af yður þá vil ég gjöra so deighjartaða í þeirra óvina landi að eitt þjótandi lauf skal elta þá og þeir skulu flýja þar fyrir, líka sem eitt sverð elti þá og falla þó enginn þá. [37]Og hver skal falla yfir þveran annan, líka sem fyrir sverði, en þó að enginn elti þá. Og þér skuluð ekki þora að reisa yður í móti yðar óvinum [38]og þér skuluð eyðileggjast meðal heiðingjanna og land yðra óvina skal uppsvelgja yður. [39]En hverjir sem þá lifa eftir af yður þeir skulu vanmegnast í þeirra misgjörningum í þeirra óvina landi og þeir skulu vanmegnast í þeirra forfeðra misgjörningum. [40]Þá skulu þeir kannast við sína misgjörninga og sinna forfeðra misgjörninga með hverjum þeir hafa syndgast í móti mér og móthverfst mér. [41]Þar fyrir vil ég ganga í gegn þeim og í burt reka þá í sinna óvina land. Og þar skal þá þeirra óumskorna hjarta auðmýkja sig og þá skal þeim vel þóknast þeirra misgjörninga refsing.

[42]Og ég vil minnast á minn sáttmála við Jakob og á minn sáttmála við Ísak og á minn sáttmála við Abraham og ég vil þenkja á það landið [43]sem af þeim er yfirgefið og hefur þóknan á sínum hvíldardögum þá stund að það liggur eyði fyrir þeim og þeim skal bíhaga refsing sinna misgjörninga. Því þeir forsmáðu mín réttindi fyrir þeim og þeirra sálir höfðu viðbjóð á mínum setningum.

[44]Og þó þeir sé í þeirra óvina löndum þá hefi ég ekki heldur útskúfað þeim og hefi ekki heldur svoddan viðbjóð við þeim svo sem það væri útgjört með þeim og minn sáttmáli með þeim skyldi ekki meir gilda. Því ég er DROTTINN þeirra Guð.

[45]Ég vil minnast á minn fyrsta sáttmála við þá þá ég færða þá af Egyptalandi fyrir heiðingjanna augum svo að ég væri þeirra Guð. Ég er DROTTINN.“ [46]Þessir eru þeir setningar, dómar og lögmál sem DROTTINN gjörði í millum sín og Ísraelissona á fjallinu Sínaí fyrir hönd Móses.

27 Og DROTTINN talaði við Mósen
og sagði: 2„Tala þú við Ísraelis-
sonu og seg þú til þeirra: Þá nokkur
gjörir DROTTNI eitt sérlegt heit og pant-
ar sitt líf, 3þá skal þetta vera lausnin:
Eins manns persónu sem er tuttugu ára
allt þar til hann er sextugur skalt þú
virða fyrir fimmtygu silfurpeninga eftir
helgidómsins sikli. 4Kvenmanns
persónu fyrir þrjátygu siclos. 5Frá fimm
árum og til tuttugu ára þá skaltu virða
eins manns persónu fyrir tuttugu siclos
en einnrar kvinnu persónu fyrir tíu
siclos. 6Sé nokkur mánaðar gamall og
inn til fimm ára þá skaltu virða eins
manns persónu fyrir fimm silfur siclos
og einnar kvinnu persónu fyrir þrjá
silfur siclos. 7En sé nokkur sextygu ára
gamall og þaðan af eldri þá skalt þú
virða eins manns persónu fyrir fimmt-
án siclos, en einnrar kvinnu persónu
fyrir tíu siclos. 8En sé hann of fátækur
til svoddan virðingar þá skal hann færa
sig fyrir prestinn og so skal presturinn
virða hann. En hann skal virða þann
eftir því sem hann kann að forþéna
með sinni hendi sem heitinu lofað hef-
ur.

9En sé það nokkuð fé sem menn
kunna að offra DROTTNI þá er það allt
heilagt sem DROTTNI er gefið. 10Ekki
skal býta því í burt eða skipta því inu
góða fyrir annað vont eða vont fyrir
gott. En ef nokkur býtir sínu fé í burt
fyrir annað þá skal það hvorttveggja
helgast DROTTNI. 11En sé það óhreint
dýr það sem menn þora ei að offra
DROTTNI þá skal færa það fyrir prestinn
12og presturinn skal virða það, hvort
það er gott eða létt. Og líka sem
presturinn virðir það þá skal það svo
vera. 13En vilji nokkur leysa það þá skal
hann gefa þann fimmta part meira en
það var virt.

14Ef nokkur helgar sitt hús að það
skuli vera DROTTNI heilagt þá skal
presturinn virða það hvort það sé gott
eða illt. Og líka sem presturinn virðir
það þá skal það svo vera. 15En vilji sá
leysa það aftur sem það hefur helgað þá
skal hann leggja þann fimmta part þar
til af þeim peningum sem það var virt
fyrir, svo má það verða hans aftur.

16Ef nokkur helgar DROTTNI eirn akur
af sínu erfðagóssi þá skal hann virðast
þar eftir sem hann ber ávöxt til. Beri
hann eirn gómor byggs þá skal hann
gilda fimmtygi silfur siclos. 17En ef
hann helgar sinn akur frá frelsunarári
þá skal presturinn reikna eftir þeim ár-
um sem eftirstanda 18til frelsunar
ársins og virði hann þess mun minna.
19Vilji sá leysa akurinn aftur sem hann
hefur helgað þá skal hann leggja þann
fimmta part yfir af peningum fram yfir
það sem hann var virtur fyrir, so má
hann bíhalda honum. 20En vilji hann
ekki leysa hann en selur hann nokkrum
öðrum þá skal hann ekki meir standa
honum til lausnar, 21heldur sá sami
akur skal vera DROTTNI helgaður nær
hann blífur frjáls á því fagnaðarári, líka
sem eirn bölvaður akur og skal verða
prestsins erfðagóss. 22En ef nokkur
helgar DROTTNI eirn akur þann hann
hefur keypt og er ekki hans erfðagóss
23þá skal presturinn reikna hvað hann
gildir allt til fagnaðarársins, so skal
hann á sama degi gefa þá virðing svo
hann sé DROTTNI helgaður. 24En á frels-
unarári skal hann koma aftur til þess
sem hann seldi og vera hans erfðagóss í
landinu. 25Öll virðing skal ske eftir
helgidómsins sikli, en eirn siclus gjörir
tuttugu gera.

26Fyrsta burð yðars fénaðar sem
DROTTNI tilheyrir áður með réttu, það
skal enginn DROTTNI helga, 27hvert það
er heldur naut eður sauður, því það
heyrir DROTTNI til. En sé nokkuð
óhreint á fénaðinum þá skal mann
leysa það eftir sínu verði og leggja þann
fimmta part þar yfir. Vilji hann ekki
leysa það þá má það seljast fyrir sitt
verð.

[28]Menn skulu ekkert bannfært selja eður leysa það nokkur hefur helgað DROTTNI af öllu því sem hann á, hvort það er heldur maður, fénaður eða erfðaakur. Því allt svoddan bannfært er það allra helgasta fyrir DROTTNI. [29]Menn skulu og öngvan bannfærðan mann leysa heldur skal hann vissulega deyja.

[30]Allur tíundi partur í landinu, bæði af jarðarinnar gróða og so af trjánna ávexti, heyrir DROTTNI til og skal vera DROTTNI helgað. [31]En vilji nokkur leysa sína tíund þá skal hann gefa fimmta part þar yfir. [32]Og alla tíund af nautum og sauðum og það sem gengur undir féhirðis staf það skal vera ein heilög tíund DROTTINS. [33]Eigi skal spyrja að því hvort það er gott eða vont og eigi heldur skipta því, en sé því býtt þá skal hvorttveggja vera heilagt og ekki leysast.“

[34]Þessi eru þau boð sem DROTTINN bauð Móse til Ísraelissona á fjallinu Sínaí.

Endir þeirrar þriðju bókar Móses

HIN FJÓRÐA BÓK MÓSES
NUMERI

1 Og DROTTINN talaði við Mósen í eyðimörku Sínaí í vitnisburðarbúðinni, á þeim fyrsta degi í öðrum mánaði og á öðru ári eftir það sem þeir voru útgengnir af Egyptalandi, og sagði:
2„Reiknið manntal alls almúgans Ísraelssona eftir þeirra kynkvíslum og þeira feðra húsum og nöfnum, allt kallkyns, höfuð fyrir höfuð, 3þeir sem eru tuttugu ára og þaðan af eldri, alla þá sem vopnfærir eru til bardaga af Ísrael. Og þú og Aron skuluð telja þá eftir sínum fjölda 4og þið skuluð taka til ykkar einn af hvörri kynkvísl og setja hann til eins höfðingja yfir síns föðurs hús. 5Þessi eru nöfn höfðingjanna sem standa skulu hjá yður: Af Rúben skal vera Elí-Súr son Sedeúr. 6Af Símeon skal vera Selúmíel son Súrí-Sadaí. 7Af Júda skal vera Nahesson son Ammínadab. 8Af Ísaskar skal vera Netaneel son Súar. 9Af Sebúlon skal vera Elíab son Helón. 10Af Jósefs sonum af Efraím skal vera Elísama son Amíhúd. Af Manasse skal vera Gamlíel son Pedasúr 11Af Benjamín skal vera Abídan son Gíedónis 12Af Dan skal vera Ahíeser son Ammí-Sadaí. 13Af Asser skal vera Pagíel son Okran. 14Af Gað skal vera Elíasaf son Degúel. 15Af Neftalí skal vera Ahíra son Enan.“ 16Þessir eru þeir yppurstu af almúganum, höfuðsmenn af kyni þeirra feðra, sem voru inu yppustu höfuð og höfðíngjar í Ísrael.

17Og Móses og Aron tóku þá til sín svo sem þeir voru nú nöfnum nefndir. 18Þeir söfnuðu öllum almúganum til samans á þeim fyrsta degi í öðrum mánuði og reiknuðu þá eftir þeirra fæðingu, kyni, nöfnum og heimkynni, tvítuga og þaðan af eldri, höfuð fyrir höfuð, 19sem DROTTINN hafði boðið Móse. Og þeir töldu þá í eyðimörku Sínaí. 20Synir Rúben, Ísraelis frumgetna sonar, eftir þeirra fæðingu, kynslóð, þeirra feðra húsi og nöfnum, höfuð fyrir höfuð, allir kallmenn tvítugir og þaðan af eldri, 21þeir sem vopnfærir voru, voru reiknaðir af ætt Rúben sex og fjörutygi þúsundir og fimm hundruð.

22Synir Símeon eftir þeirra fæðingu, kyni og heimkynni, nafni og tölu, höfuð fyrir höfuð, allir kallmenn tvítugir og þaðan af eldri sem vopnfærir voru, 23voru reiknaðir af kyni Símeon níu og fimmtygu þúsundir og þrjú hundruð.

24Synir Gað eftir þeirra fæðingu, kyni, feðra húsi og nafni, frá tuttugu árum og þaðan af, sem færir voru að fara í bardaga, 25voru reiknaðir af kyni Gað fimm og fjörutygi þúsundir sex hundruð og fimmtygi.

26Synir Júda eftir þeirra fæðingu, kyni, þeirra feðra húsi og nafni, tvítugir og þaðan af eldri, þeir sem færir voru til bardaga, 27voru reiknaðir af ætt Júda fjórar og sjötygi þúsundir og sex hundruð.

28Synir Ísaskar eftir þeirra fæðingu, kyni, þeirra feðra húsi og nöfnum, tuttugu vetra og þaðan af eldri, vopnfærir til bardaga, 29voru taldir af kyni Ísaskar fjórar og fimmtygi þúsundir og fjögur hundruð.

30Synir Sebúlon eftir þeirra fæðingu, kyni, þeirra feðra húsi og nöfnum, tvítugir og þaðan af eldri, sem vopnfærir voru, 31voru reiknaðir af kyni Sebúlon sjö og fimmtygi þúsundir og fjögur hundruð.

32Synir Jósef af Efraím eftir þeirra fæðingu, kyni, þeirra föðurs húsi og nöfnum, tvítugir og þaðan af eldri, sem vopnfærir voru til bardaga, 33reiknaðir af kyni Efraíms, fjörutygi þúsundir og fimm hundruð.

34Synir Manasses eftir þeirra fæðingu, kyni, þeirra feðra húsi og

nafni, tuttugu vetra og þaðan af eldri,
sem duglegir voru að draga í stríð,
35voru taldir til Manasses ættar tólf og
tuttugu þúsundir og tvö hundruð.
36Synir Ben-Jamín eftir þeirra fæðingu,
kyni, þeirra feðra húsum og nöfnum,
tuttugu vetra og þaðan af eldri, þeir
sem duganlegir voru að dragast í stríð,
37voru reiknaðir af kyni Ben-Jamín
fimm og þrjátygu þúsundir og fjögur
hundruð.
38Synir Dan eftir þeirra fæðingu,
kyni, þeirra feðra húsi og nöfnum,
tvítugir og þar yfir, þeir sem hraustir
voru að draga í stríð, 39voru taldir af
kyni Dan tvær og sextygi þúsundir og
sjö hundruð.
40Synir Asser eftir þeirra fæðingu,
kyni, þeirra feðra húsi og nöfnum,
tvítugir og þaðan af eldri, sem duglegir
voru að draga í stríð, 41voru taldir af
kyni Asser ein og fjörutygi þúsund og
fimm hundruð.
42Synir Neftalí eftir þeirra fæðingu,
kyni, þeirra feðra húsi og nöfnum,
tvítugir menn og þaðan af eldri, sem
duganlegir voru að draga í stríð, 43voru
taldir af kyni Neftalí þrjár og fimmtygu
þúsundir og fjögur hundruð.
44Þessir eru þeir hverja Móses og
Aron reiknuðu og þeir tólf Ísraelis
höfðingjar, sérhvör þessara var yfir
sinna feðra húsi. 45Og manntal allra
Ísraelissona, eftir þeirra feðra húsi, þeir
sem tvítugir voru og þaðan af eldri,
sem vopnfærir voru til bardaga meðal
Ísrael, 46var sex sinnum hundrað þús-
undir manna, þrjár þúsundir fimm
hundruð og fimmtygu.
47En Levítarnir eftir þeirra feðra ætt
voru ekki taldir hér með. 48Og
DROTTINN talaði við Mósen og sagði:
49„Þú skalt ekki telja Leví ætt og eigi
reikna þeirra manntal á meðal Ísraels-
sona, 50heldur skalt þú skikka þá til
vitnisburðarbúðarinnar og til allra
hennar kera og til alls hennar umbún-
aðar. Og þeir skulu bera tjaldbúðina og
allan þann umbúnað sem henni fylgir.
Og þeir skulu vakta þar uppá og skulu
setja sín tjöld kringum tjaldbúðina. 51Og
þegar menn eiga að ferðast þá skulu
Levítarnir taka tjaldbúðina ofan. En
sem herinn setur sínar tjaldbúðir þá
skulu þeir reisa tjaldbúðina upp. Og ef
nokkur framandi kemur þar við þá skal
hann deyja. 52Ísraelissynir skulu leggja
sig, sérhvör í sínum herbúðum, og hjá
merki síns liðs. 53En Levítarnir skulu
tjalda í kringum vitnisburðarins tjald-
búð so að þar komi ekki nokkur reiði
yfir almúgann Ísraelissona. Því skulu
Levítarnir halda varðhald hjá vitnis-
burðarins tjaldbúð.“ 54Og Ísraelssynir
gjörðu allt so sem DROTTINN hafði boðið
Móse.

2 Og DROTTINN talaði við Mósen og
Aron og sagði: 2„Ísraelissynir skulu
reisa þeirra herbúðir utan um kring
vitnisburðarbúðina, hver undir sínu
merki og teikni, eftir þeirra feðra hús-
um. 3Júda skal setja sínar herbúðir fyrir
austan fram með sínu merki og öllum
her, þeirra höfðingi Nahesson son
Ammínadab og hans her, 4sem er að
manntali fjórar og sjötygu þúsundir og
sex hundruð. 5Næst honum skal
Ísaskar kynkvísl sínar herbúðir reisa,
þeirra höfuðsmaður Netaneel son Súar
6og hans reiknaður her, fjórar og
fimmtygi þúsundir og fjögur hundruð.
7Þar næst Sebúlons ætt, þeirra höfðingi
Elíab son Helon 8og hans reiknaður
her, sjö og fimmtygir þúsundir og fjög-
ur hundruð. 9So að allir þeir sem heyra
til Júda herbúðum eru í einni summa
hundrað þúsundir og sex og áttatygir
þúsundir og fjögur hundruð, sem heyr-
ir til þeirra her, og skulu reisa fremstir.
10Í suður skal vera merki Rúben og
tjaldbúð með sínum her, þeirra höfð-
ingi Elísúr son Sedeúr 11og hans reikn-
aður her, sex og fjörutygir þúsundir og
fimm hundruð. 12Næst honum skal Sí-
meons kynþáttur setja sínar herbúðir,

þeirra höfðingi Selúmíel son Súrí-Sadaí
13og hans reiknaður her, níu og fimmtyi
þúsundir og þrjú hundruð. 14Þar næst
kyn Gað, þeirra höfðingi Eleasar son
Regúels 15og hans reiknaður her, sem
er fimm og fjórutygir þúsundir sex
hundruð og fimmtygu. 16So að allir þeir
sem heyra til Rúbens herbúðum eru að
manntali reiknaðir hundrað þúsund og
eitt og fimmtygu þúsund og fjögur
hundruð og fimmtygi, sem heyrir til
þeirra her. Og þeir skulu reisa næst
þeim fyrstu.

17Þar næst skal vitnisburðarins tjald-
búð fara með Levítanna herbúðunum
rétt á meðal herbúðanna og allt eftir
því sem þeir leggja sig niður so skulu
þeir og ferðast, hver í sínum stað, undir
sínu merki.

18Í vestur skulu Efraíms herbúðir og
merki liggja með sínum her. Þeirra
höfðingi skal vera Elísama son Amíhúd
19og hans reiknaður her er að manntali
fjörutíu þúsundir og fimm hundruð.
20En hjá þeim skal Manasse ætt leggja
sig, þeirra höfðingi Gamlíel son Peda-
súr 21og hans reiknaður her, tvær og
þrjátyi þúsundir og tvö hundruð. 22Þar
næst Ben-Jamíns kynþáttur, þeirra
höfðingi Albídan son Gedeóní, 23hans
reiknaður her að manntali fimm og
þrjátygi þúsundir og fjögur hundruð.
24So að allir þeir sem heyra til Efraíms
herbúðum þeir eru samanreiknaðir eft-
ir manntali hundrað þúsund og átta
þúsund og eitt hundrað, þeir sem heyra
til hans her. Og þeir skulu vera í þriðju
fylkingu þá þeir reisa.

25Herbúðir Dan og merki skal vera í
norður með sínum her, þeirra höfðingi
Ahíeser son Ammí-Sadaí, 26hans reikn-
aður her tvö og sextygu þúsundruð og
sjö hundruð. 27Hjá honum skal Asser
kynþáttur leggja sig, þeirra höfðingi
Pagíel son Okran, 28hans reiknaður her
eitt og fjórutygi þúsund og fimm hund-
ruð. 29Þar næst Neftalí ætt, þeirra höfð-
ingi Ahíra son Enan, 30hans reiknaður
her þrjár og fimmtygi þúsundir og fjög-
ur hundruð. 31So að allir þeir sem heyra
til herbúðum Dan eru reiknaðir hund-
rað þúsund sjö og fimmtygi þúsundir
og sex hundruð. Og þeir skulu vera þeir
inir seinustu sem að reisa út með þeirra
merkjum.“

32Þetta er manntalið allra Ísraelissona
eftir þeirra feðra húsi og herbúðum,
með þeirra her, sex sinnum hundrað
þúsunda þrjár þúsundir fimm hundruð
og fimmtygi. 33En Levítarnir voru ekki
taldir í þessu manntali á meðal Ísraels-
sona, sem DROTTINN hafði bífalað Móse.

34Og Ísraelissynir gjörðu allt saman
so sem DROTTINN hafði boðið Móse og
settu herbúðirnar undir þeirra merki
og drógu út hver með sínum kynþætti,
eftir þeirra feðra húsi.

3 Þessi er kynþáttur Arons og Móses
á þeim tíma er DROTTINN talaði við
Mósen á Sínaífjalli 2og þessi eru nöfn
Arons sona: Sá fyrsti var Nadab, hans
frumgetinn son, þar næst Abíhú, Eleas-
ar og Ítamar. 3Þessi eru Arons sona
nöfn sem smurðir voru til kennimanna
og þeirra hendur voru fylldar til presta-
embættis. 4En Nadab og Abíhú dóu fyr-
ir DROTTNI þá þeir offruðu annarlegum
eldi fyrir DROTTNI í eyðimörku Sínaí, og
þeir höfðu öngva syni. En Eleasar og
Ítamar frömdu prestembættið með
þeirra föður Aron.

5Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 6„Láttu Leví ætt koma fram og
skikka þú hana til prestsins Arons að
þeir þjóni honum 7og taki vara uppá
hans og alls almúgans þjónustu fyrir
tjaldbúð vitnisburðarins og að þeir taki
vara á þjónustunni í tjaldbúðinni 8og að
gæta alls umbúnaðar í vitnisburðarins
tjaldbúð og hafi vakt á Ísraelissonum til
að þjóna í tjaldbúðarinnar þjónustu.
9Og þú skalt gefa Levítana Aroni og
sonum hans af Ísraelissonum. 10En
Aron og hans sonu skalt þú skikka til að
þeir vakti sitt kennimannlegt embætti.

Ef þar gengur framandi til, hann skal deyja.“ [11]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [12]„Sjá, ég hefi tekið Levítana meðal Ísraelissona í staðinn allra frumgetninga sem að opna sitt móðurlíf á meðal Ísraelssona, svo að Levítarnir skulu heyra mér til. [13]Því að þeir fyrstu frumburðir eru mínir síðan ég í hel sló alla frumburði í Egyptalandi, þá helgaði ég mér allan frumburð í Ísrael, að þeir skyldu heyra mér til, bæði af mönnum og fénaði. Ég er DROTTINN.“

[14]Og DROTTINN talaði við Mósen í eyðimörku Sínaí og sagði: [15]Tel þú Leví sonu eftir þeirra feðra húsi og kynþáttum, alla þá sem eru kallkyns, eins mánaðar gamlir og þaðan af.“ [16]Og so taldi Móses þá eftir orðum DROTTINS, so sem hann hafði bífalað. [17]Og þessi voru nöfn Leví sona: Gerson, Kahat, Merarí. [18]En Gersons sona nöfn í þeirra kynþáttum voru Lipní og Símeí. [19]Synir Kahat í þeirra kynþáttum voru Amram, Jesear, Hebrom og Úsíel. [20]Synir Merarí í sínum kynþáttum voru Mahel og Músí. Þetta eru Levítanna kynþættir eftir þeirra feðra heimkynni.

[21]Þessir eru kynþættir Gerson: Líbnítar og Símeítar. [22]Þeirra manntal sem taldir voru var sjö þúsundruð og fimm hundruð, allir þeir sem voru af kallkyni, eins mánaðar gamlir og þaðan af eldri. [23]Og sú sama Gersoníta ætt skal setja sínar herbúðir bak við tjaldbúðina í vestur. [24]Elíasaf son Lael skal vera þeirra höfðingi. [25]Þeir skulu taka vara uppá vitnisburðarins tjaldbúð sem er á tjaldinu og tjaldbúðnni, hennar þaki og á dyrunum fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum [26]og á sparlökunum til forgarðsins og á dúknum í forgarðsins dyrum sem gengur í kringum tjaldbúðina og í kringum altarið, á stögunum og á öllu því sem heyrir til þeirri þjónustugjörð. [27]Þessir eru kynþættir Kahat: Amramítar, Jeseharítar, Hebronítar og Úsíelítar, [28]allir kallkyns mánaðar gamlir og þaðan af eldri, þeir sem voru að tölu átta þúsund og sex hundruð, sem vara tóku á helgidóminum. [29]Og þeir skulu leggja sig á þeirri syðri síðu hjá tjaldbúðinni. [30]Elísafan son Úsíel skal vera þeirra höfðingi. [31]Og þeir skulu varðveita örkina, borðið, kertistikuna, altarið, og þau verkfæri sem heyra til helgidóminum að gjöra þjónustu með, og dúkana og það sem heyrir til þeirri þjónustu. [32]En Eleasar son Arons prests skal vera höfðinginn og allra æðstur af Levítunum, yfir þeim sem eru skikkaðir til að varðveita helgidóminn.

[33]Þetta eru Merarí kynþættir: Maheltar og Músítar, [34]sem voru reiknaðir að tölu sex þúsundir og tvö hundruð, allt það kallkyns var, mánaðargamlir og þaðan af eldri. [35]Súríel son Abíhaíl skal vera þeirra höfðingi. Og þeir skulu leggja sig á nyrðri síðu við tjaldbúðina. [36]Og þeirra embætti skal vera að taka vara á fjölunum og á stöngunum, á stólpunum og á fótunum til tjaldbúðarinnar og á umbúnaðinum sem heyrir til þeirri þjónustu, [37]svo og á stólpunum í kringum tjaldbúðargarðinn og á fótunum og á hælunum og so líka á stögunum.

[38]En Móses og Aron og hans synir skulu setja þeirra landtjöld fyrir austan vitnisburðarinnar tjaldbúð so þeir megi taka vara uppá helgidóminum og á Ísraelissonum. En ef nokkur framandi kemur þar nær þá skal hann deyja. [39]Allir Levítarnir þeir sem Móses og Aron höfðu talið eftir orði DROTTINS, allir þeir sem kallkyns voru, mánaðargamlir og þaðan af eldri, í þeirra kynþáttum, voru tvær og tuttugu þúsundir. [40]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Tel alla frumgetninga þá sem eru kallkyns meðal Ísraelissona, mánaðargamla og þaðan af eldri, og tak töluna og þeirra nöfn. [41]Og þú skalt fráskilja mér til handa, sem er DROTTINN, Levítana í staðinn allra frumburða á meðal Ísraelssona, og Levítanna fé í staðinn fyrir alls fyrsta frumburðar meðal

Ísraelissona fénaðar.“ 42Og Móses taldi
sem DROTTINN bauð honum alla frum-
burði á meðal Ísraelissona, 43mánað-
argamla og þaðan af eldri, þeir voru
tvær og tuttugu þúsundir og tvö hund-
ruð og þrír og fjörutygu.
44Og DROTTINN talaði til Mósen og
sagði: 45„Tak þú Levítana í staðinn allra
frumgetinna meðal Ísraelssona og
Levítanna fénað fyrir þeirra fénað, so
að Levítarnir heyri mér til. Ég em
DROTTINN. 46En þú skalt taka lausnar-
peninga fyrir þau tvö hundruð þrjá og
sjötygi sem frumgetnir eru á meðal
Ísraelssona og voru yfir Levítanna tölu,
47fimm siclos fyrir hvört höfuð til lausn-
ar, eftir helgidómsins sikli (en tuttugu
gera gilda eirn sikil) 48og þú skalt af-
henda Aroni og hans sonum þessa pen-
inga sem so er yfir töluna.“ 49So tók
Móses lausnarpeninga þeirra sem af-
hlaups voru fram yfir Levítanna tölu,
50af þeim frumgetnu Ísraelissonum,
þúsund þrjú hundruð og fimm og
sextygu siclos, eftir helgidómsins sikli.
51Og hann gaf Aroni og hans sonum þá
peninga, eftir DROTTINS orði sem
DROTTINN hafði boðið Móse.

4 Og DROTTINN talaði við Mósen og
Aron og sagði: 2„Tel þú alla sonu
Kahat sér í lagi frá sonum Leví, eftir
þeirra kynkvíslum og feðra húsum, 3þá
sem eru þrjátygi ára og þaðan af eldri
til fimmtugs aldurs, alla þá sem dugan-
legir eru að draga í stríð, að þeir þjóni í
vitnisburðarins tjaldbúð. 4Þetta skal
vera embætti sona Kahat í vitnis-
burðarbúðinni, sem er það allra helg-
asta. 5Þá herinn sviptir herbúðunum þá
skal Aron og hans synir ganga inn og
ofan taka fortjaldið og vefja í því örkina
vitnisburðarins 6og leggja þar yfir feld
af greifingsskinnum og breiða eitt gult
klæði þar ofan á og leggja stengurnar
þar til. 7Og þeir skulu og so breiða eitt
gult klæði yfir skoðunarborðið og
leggja þar til fötin, skeiðirnar, skálirnar
og könnurnar til að skenkja af og á og
það hvörsdaglega brauð skal liggja þar
á. 8Og þeir skulu breiða þar yfir eitt
dreyrrautt klæði og þekja það sama
með einu þaki af greifingjaskinni og
setja stengurnar þar til. 9So skulu þeir
taka eitt gult klæði og sveipa þar í kert-
istikuna og lampana, ljósasöxin, skara-
klofana til að slökkva ljósin og öll við-
smjörskerin sem heyra til þjónustu-
gjörðinni, 10og sveipa þar í kringum allt
saman greifingjaskinni og leggja það
uppá börurnar. 11So skulu þeir og
breiða eitt gult klæði yfir gullaltarið og
hylja það með einu þaki af
greifingjaskinni og setja stengurnar þar
til. 12Þeir skulu og sveipa öll þau ker
sem þeir hafa til þjónustunnar í helgi-
dóminum í einu gulu klæði og hylja þar
yfir með greifingjaskinni og leggja það
á börurnar. 13Þeir skulu svo klára ösk-
una af altarinu og breiða eitt skarlats-
klæði þar yfir 14og láta kerin þar til sem
að heyra til þeirri þjónustunni, eld-
pönnur, matkróka, ausur, munnlögar,
með öllum altarisins kerum. Og þeir
skulu breiða eitt þak þar yfir af
greifingjaskinni og setja stengurnar þar
til. 15Sem Arons og hans synir hafa
þetta fullgjört og þakið helgidóminn og
allan hans umbúnað þegar herinn svift-
ir herbúðum, eftir það skulu synir
Kahat ganga inn og bera það. Og þeir
skulu ekki snerta helgidóminn so þeir
deyi ekki. Þessar eru byrðir sona Kahat
í vitnisburðarins tjaldbúð.
16Og Eleasar son Arons prests skal
hafa það embætti að skikka oleum til
ljósanna og jurtir til reykelsis og það
daglega matoffur og smurningaroleum,
að hann sjái fyrir allri tjaldbúðinni og
öllu því sem þar er inni í helgidóminum
og fyrir helgidómsins kerum.“ 17Og
DROTTINN talaði við Mósen og Aron og
sagði: 18„Þér skuluð ekki láta kynþátt
Kahatítanna ættar fordjarfa sig á meðal
Levítanna. 19En þetta skulu þér gjöra
þeim so þeir megi lifa en ekki deyja, ef

þeir annars snerta það allra helgasta. Aron og hans synir skulu ganga inn og setja hvörn til síns embættis og byrðar. [20]En þeir skulu ekki ganga inn að skoða helgidóminn þá þeir þekja hann so þeir deyi ekki.“

[21]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [22]„Tak þú manntal sona Gerson, eftir þeirra feðra húsi og kynþáttum, [23]þá sem eru þrjátygi ára og þaðan af eldri allt til fimmtugasta árs, og skikka þeim öllum sem duganlegir eru að draga í stríð að þeir þjóni í vitnisburðarins tjaldbúð. [24]En þetta skal vera embætti þeirra Gersonítis ættar að þjóna og bera: [25]Þeir skulu bera tjöldin tjaldbúðarinnar og vitnisburðarbúðarinnar og hennar þak og þökin af greifingjaskinnunum sem þar er utan um og fortjaldið í vitnisburðarins tjaldbúðardyrum [26]og langtjöldin tjaldbúðargarðsins og fortjaldið í inngöngu tjaldbúðargarðsins, þess sem er í kringum tjaldbúðina og altarið og þeirra stög og öll þeirra embættisverkfæri og allt það sem heyrir til þeirra embætti. [27]Synir Gerson skulu gjöra sín embætti eftir Arons og hans sona orðum, með öllu því sem þeir skulu bera og gjöra. Og þér skuluð sjá til að þeir taki vara á öllum sínum byrðum. [28]Og þetta skal vera sona Gersonis og kynþáttar embætti í vitnisburðarins tjaldbúð. Og þeirra varðhald skal vera undir hendi Ítamar sonar Arons prests.

[29]Þú skalt og skikka Merarí sonum, eftir þeirra kynþáttum og feðra húsi, [30]frá þrjátygi árum og þaðan af til fimmtygi ára, öllum þeim sem duganlegir eru að draga í stríð, að þeir hafi eitt embætti í vitnisburðarins tjaldbúð. [31]En þetta eru þeirra byrðar eftir öllu þeirra embætti í sáttmálans tjaldbúð: Þeir skulu bera fjalirnar, stengurnar og stólpana og fæturnar til tjaldbúðarinnar, so og stólpana til tjaldbúðargarðsins allt um kring og so fæturnar og hælana [32]og stögin með öllum sínum umbúnaði eftir öllu þeirra embætti. Þér skuluð skipa til hvörjum sinn part af byrðunum til að taka vara uppá. [33]Þetta skal vera embætti Merarí sona ættar, allt það sem þeir skulu gjöra í vitnisburðarins tjaldbúð undir hendi Ítamar sonar Arons prests.“

[34]Og Móses og Aron og höfðingjar almúgans töldu þá sonu Kahatítanna eftir þeirra kynþáttum og feðra húsi, [35]þrítuga og þaðan af eldri inn til fimmtygi ára, allir þeir sem duganlegir voru að draga í stríð, að þeir skyldu þjóna í sáttmálans tjaldbúð [36]og þeir voru að tölu tvær þúsundir sjö hundruð og fimmtygi. [37]Þetta er manntal Kahatítanna ættar sem höfðu allir nokkuð að þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð, hvörja Móses og Aron töldu eftir DROTTINS orði fyrir Mósen.

[38]Synir Gerson voru og so taldir eftir þeirra kynkvíslum og feðra húsi, [39]frá þrjátygu ára gömlum og þar eftir til fimmtugs aldurs, allir þeir sem duganlegir voru í stríð, að þeir skyldu þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð, [40]og þeirra manntal var tvær þúsundir sex hundruð og þrjátygi. [41]Það er talan á ætt sona Gerson, hvörjir allir nokkuð höfðu að þjóna í vitnisburðarins tjaldbúðinni, hvörja Móses og Aron töldu eftir orði DROTTINS.

[42]Synir Merarí voru og so taldir eftir þeirra kynkvíslum og feðra húsi, [43]frá þrítugum og þaðan af til fimmtugs aldurs, allir þeir sem duganlegir voru til stríðs, að þeir skyldu þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð, [44]og þeir voru að tölu þrjár þúsundir og tvö hundruð. [45]Þetta er talan á Merarí sona ættkvísl sem Móses og Aron töldu eftir orðum DROTTINS fyrir Mósen.

[46]Manntal allra Levítanna sem Móses og Aron og Ísraels höfðingjar töldu, eftir þeirra kynþáttum og feðra húsi, [47]þeir sem voru þrjátygi ára og þaðan af eldri inn til fimmtugs aldurs, sem allir gengu inn að þjóna hvör sína þjónustu

og bera byrðar í vitnisburðarins tjaldbúð, [48]voru átta þúsundir fimm hundruð og áttatygi, [49]hvörjir taldir voru eftir DROTTINS orðum fyrir Mósen, hvör til síns embættis og byrðar, sem DROTTINN hafði boðið Móse.

5 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Bjóð þú Ísraelissonum að þeir láti út af herbúðunum alla spitelska menn og alla þá sem hafa rauðlitaða afrás og þá sem eru óhreinir orðnir af nokkru dauðu líki, [3]bæði menn og kvinnur, þá skulu þér reka út fyrir herbúðirnar so þeir saurgi ekki þeirra herbúðir, í hvörjum ég bý á meðal þeirra.“ [4]Og Ísraelissynir gjörðu so og létu þá út fyrir herbúðirnar, sem DROTTINN hafði boðið Móse.

[5]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [6]„Tala þú til Ísraelissona og seg þú til þeirra: Þegar nokkur maður eða kvinna brýtur nokkuð í móti öðrum og syndgast þar með í móti DROTTNI þá er sú sál sökuð. [7]Og þeir skulu játa sína synd þá sem þeir hafa gjört og þeir skulu forlíka sína skuld með höfuðsummunni og skal yfir leggja þann fimmta part þar til og gefa honum sem þeir hafa á móti gjört. [8]En sé þar enginn sem þann betaling meðtekur þá skal það gefast DROTTNI og er prestsins, að undanteknum þeim forlíkunarhrút með hvörjum hann blífur forlíktur. [9]So skal og hvört upplyftingaroffur af öllu því sem Ísraelissynir helga og offra prestinum heyra honum til. [10]Og ef einhvör gefur prestinum nokkuð þá skal það og heyra honum til.“

[11]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [12]„Tala þú við Ísraelissonu og seg til þeirra: Ef nokkurs manns eiginkvinna víkur frá sínum manni og misgjörir við hann [13]og einhvör liggur með henni, en er þó hulið fyrir mannsins augum og er dulið fyrir honum að hún sé saurguð og hann getur ekki sannað það uppá hana, því að hún er ekki gripin í þeim gjörningi, [14]og vandlætingarandi uppæsir manninn so að hann er vandlátur um sína kvinnu, hvort sem hún er saurug eða ósaurug, [15]þá skal hann leiða hana til prestsins og færa eitt offur fyrir henni, eirn tíunda part af efa byggmjöl, og ríði þar öngvu oleo á, eigi heldur leggi reykelsi þar uppá, því það er eitt vandlætisoffur og skýrsluoffur rannsakandi misgjörninginn.

[16]Síðan skal presturinn hafa hana fram og leiða hana fyrir DROTTIN [17]og hann skal taka af því helgu vatni í einu leirkeri og duft af gólfi tjaldbúðarinnar og kasta í vatnið. [18]Og hann skal leiða kvinnuna fyrir DROTTIN og láta hana vera berhöfðaða og leggja skýrsluoffrið, sem er eitt vandlætisoffur, uppá hennar hönd. Og presturinn skal hafa beiskt, bölvað vatn í sinni hendi [19]og særa kvinnuna og segja til hennar: Hafi enginn maður legið með þér og ert þú ekki hlaupin frá þínum manni að þú hefur so saurgað þig þá skal þetta beiska, bölvaða vatn ekki skaða þig. [20]En sértu hlaupin frá þínum manni og þú ert saurguð og hafi nokkur maður legið með þér annar en þinn maður, [21]þá skal presturinn færa kvinnuna með eirnri þvílíkri særingu og segja til hennar: DROTTINN gefi þig til bölvanar og til eins eiðs á meðal þíns fólks so að DROTTINN láti þínar lendar fúna og þinn kvið uppbólgna. [22]So gangi nú þetta bölvaða vatn í þinn kvið so að inn kviður bólgni og þínar lendar fúni. Og konan skal segja: Amen, amen.

[23]Síðan skal presturinn skrifa þetta bölvan uppá eitt blað og þvo það af með því beiska vatni [24]og skal gefa konunni af því beiska og bölvaða vatni að drekka. Og sem það beiska og bölvaða vatn er komið í hana [25]þá skal presturinn taka það vandlætisoffur af hennar hendi og veifa því fyrir DROTTNI til eins matoffurs og offra því yfir altarið, [26]sem er hann skal taka eina hönd fulla af matoffri til hennar skýrsluoffurs og

upptendra það á altarinu og eftir það gefi hann konunni vatnið að drekka. [27]Og sem hún hefur drukkið vatnið, sé hún þá óhrein og hafi misgjört í móti sínum manni þá skal það bölvaða vatn fara í hana og vera henni beiskt svo hennar kviður skal uppbólna og hennar lendar fúna. Og sú kona skal vera bölvuð á meðal síns fólks. [28]En sé sú kvinna ekki óhrein heldur hrein þá skal það ekki skaða hana og mun hún ekki vera óbyrja.“

[29]Þetta er vandlætislögmál nær ein kvinna víkur frá sínum manni og verður óhrein, [30]eða ef eirn vandlætingarnadi uppkveikir manninn að hann vandlætir um sína kvinnu so hann leiðir hana fyrir DROTTIN og presturinn gjörir henni allt þetta eftir þessum lögum. [31]So skal maðurinn vera saklaus í þessum misgjörningi en konan beri sinn misgjörning.

6 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Tala þú til Ísraelissona og seg þú til þeirra: Nær að nokkur maður eður kvinna semur DROTTNI nokkuð heit að hafa nokkurt bindindi sá skal halda sig frá víni og sterkum drykk. [3]Hann skal ekki drekka vínedik eða edik af öðrum sterkum drykk og ekki neitt það sem þrykkt er af vínberjum. Hann skal hvorki eta fersk né þurr vínber so lengi sem soddan hans heit stendur yfir. [4]Hann skal og ekki eta það sem er af vínviði, hvorki kjarnann né börkinn.

[5]Allan þann tíma sem hans heit varir þá skal enginn hárknífur koma á hans höfuð fyrr en tíminn er úti sá hann lofaði DROTTNI. Því hann er heilagur og skal láta sitt hár með frelsi vaxa á sínu höfði. [6]Allan þann tíma sem hann hét DROTTNI þessu bindindi þá skal hann ekki innganga til nokkurs framliðins. [7]Hann skal og ekki heldur saurga sig á líki síns föður, móður, bróður eða sinnar systur. Því heitstrenging hans Guðs er yfir hans höfði [8]og allan þann tíma sem hans heitstrenging varir skal hann vera DROTTNI helgaður. [9]Og ef nokkur deyr fyrir honum óforvarandis bráðlega þá verður hans höfuð saurugt í hans heiti. Þar fyrir skal hann raka sitt höfuð á þeim degi sem hann hreinsast, það er sá sjöundi dagur. [10]Og á þeim áttunda degi skal hann bera tvær turtildúfur eða tvo dúfuunga til prestsins fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyr. [11]Og presturinn skal færa þann eina til eirnrar syndafórnar en annan til brennifórnar og forlíka hann fyrir það að hann gjörði sig óhreinan á því dauða líki og helgi so sitt höfuð þann sama dag [12]so hann haldi DROTTNI út sinn heitstrengingartíma. Og hann skal leiða eitt ársgamalt lamb fram til eins skuldoffurs. Og þeir umliðnu dagar skulu vera forgefins sökum þess að hans heit saurgaðist.

[13]Þetta er lögmál hans sem nokkuð heit hefur samið. Þegar hans heitlofunartími er úti þá skal hann leiðast fyrir tjaldbúðarinnar vitnisburðardyr. [14]Og hann skal bera sitt offur fram fyrir DROTTIN, eins árs gamalt lamb til brennioffurs, lastalaust, og einn veturgamlan sauð án lýta til eins syndaoffurs, og eirn hrút án lýta til eins þakkaroffurs [15]og eina körf með ósýrðar kökur af hveitisarla, mengað með oleo, og ósýrða leifa yfirdreyfða með oleo, og þeirra matoffur og drykkjaroffur. [16]Og presturinn skal bera það fram fyrir DROTTIN og færa hans syndafórn og hans brennifórn. [17]Og hrútinn skal hann færa til eirnrar þakklætisfórnar fyrir DROTTNI og körfina með því ósýrða brauði. Og hann skal og so færa hans matoffur og drykkjaroffur. [18]Og hann skal raka hans höfuð sem heitinu hét fyrir tjaldbúðarinnar vitnisburðardyrum þá heitið er úti. Og hann skal raka af honum sem heitið gjörði hans heitishöfuðhár og kasta þeim á eldinn sem er undir þakkaroffrinu. [19]Og hann

skal taka þann soðna bóg af hrútnum og eina ósýrða köku af körfinni og eirn ósýrðan leif og leggja það á hans hendur sem heitinu hét þegar hann hefur rakað sitt höfuð [20]og hann skal veifa því fyrir DROTTNI. Það er prestinum helgað með veifunarbringunni og upplyftingarbógnum. Þar eftir á má sá sem heitið gjörði drekka vín.

[21]Þetta er lögmálið um þann sem gjörði eitt heit og lofaði DROTTNI sínu offri vegna síns heits fyrir utan það hann annars getur af stað komið. Svo sem hann hefur heitið skal hann gjöra eftir lögmáli síns heitis.“

[22]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [23]„Tala þú til Arons og hans sona og seg þú: So skulu þér segja til Ísraelssona þá þér blessið þá:

[24]DROTTINN blessi þig og varðveiti þig.

[25]DROTTINN láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sé þér miskunnsamur.

[26]DROTTINN snú sínu andliti til þín og gefi þér frið. [27]Því þér skuluð leggja nafn mitt yfir Ísraelissonu og ég mun blessa þá.“

7 Þá Móses hafði uppreist tjaldbúðina, smurt hana og helgað öll hennar ker og so smurt og helgað altarið með öllum sínum umbúnaði, [2]þá offruðu Ísraelis höfðingjar, þeir sem helstir voru í þeirra feðra húsi. Því þeir voru þeir inu yppurstu á meðal kynþáttanna og stóðu fyrst á meðal þeirra sem taldir voru. [3]Og þeir báru sitt offur fram fyrir DROTTIN: Sex hlaðna vagna og tólf uxa, já eirn vagn fyrir tvo höfðingja, og eirn uxa fyrir hvörn af þeim, og þeir færðu þetta fyrir tjaldbúðina. [4]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [5]„Meðtak þú það af þeim so það megi vera til þjónustugjörðar í vitnisburðarins tjaldbúð og gef það Levítunum, sérhvörjum eftir sínu embætti.“ [6]Þá tók Móses vagnana og uxana og gaf Levítunum þá. [7]Og hann gaf sonum Gersons tvo vagna og fjóra uxa eftir þeirra embætti. [8]Og hann gaf sonum Merarí fjóra vagna og átta uxa eftir þeirra embætti undir Ítamar Arons prests sona hendi. [9]En hann gaf sonum Kahat ekkert fyrir því að þeir höfðu eitt heilagt embætti á sér og urðu að bera á sínum öxlum. [10]Og höfðingjarnir offruðu til altarisins vígslu á þeim degi sem það var vígt og offruðu þeirra gáfum fyrir altarið. [11]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Láttu sérhvörn höfðingjanna færa sitt offur fram á sínum degi til altarisins vígslu.“

[12]Á fyrsta degi offraði Nahasson son Ammínadab af ætt Júda sínum gáfum. [13]Og hans gáfa var eitt silfurfat hundrað og þrjátygi sikla vert, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla, mengað með oleo, til eins matoffurs. [14]Þar til ein gullskeið tíu sikla gulls verð, full af reykelsi, [15]eirn uxi af nautunum, eirn hrútur, eitt lamb ársgamalt til brennioffurs, [16]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [17]og tveir uxar til eins þakkaroffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar og fimm lömb ársgömul. Þetta eru gáfur Nahasson sonar Ammínadab.

[18]Á öðrum degi offraði Netaneel son Súar höfðingi Ísaskar. [19]Hans gáfa var eitt silfurfat hundrað og þrjátygi sikla virði, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla, mengað með oleo, til eins matoffurs. [20]Þar til ein gullskeið tíu sikla gulls verð, full af reykelsi, [21]einn uxi af nautunum, eirn hrútur, eitt lamb ársgamalt til brennioffurs, [22]einn kjarnhafur til syndaoffurs [23]og tvö yxn til þakkoffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar og fimm lömb ársgömul. Þetta eru gáfur Netaneel sonar Súar.

[24]Á þriðja degi offraði Elíab son Helon höfðingi yfir sonum Sebúlon. [25]Hans gáfa var einn silfurdiskur hundrað og þrjátygi siclos verður, ein silfurskál sjötygi sicel verð eftir helgidómsins

sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla, blandað með oleo, til eins matoffurs, [26]ein gullskeið tíu sikla gulls verð full af reykelsi, [27]einn uxi af nautunum, einn hrútur og eitt lamb ársgamalt til brennifórnar, [28]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [29]og tveir uxar til þakkoffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar og fimm lömb ársgömul. Þessar eru gáfur Elíab sonar Helon.

[30]En fjórða daginn offraði Elísúr son Sedeúr höfðinginn fyrir sonum Rúben. [31]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi sikla verður, ein silfurskál sjötygu sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [32]ein gullskeið tíu sikla gulls verð full af reykelsi, [33]einn uxi af nautunum, eirn hrútur, eitt ársgamalt lamb til eins brennioffurs, [34]eirn kjarnhafur til eins syndaoffurs, [35]og tveir uxar til eins þakkaroffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, og fimm lömb ársgömul. Þetta er gáfa Elísúr sonar Sedeúr.

[36]En fimmta dag offraði Selúmíel son Súrí Sadaí höfðinginn af sonum Símeonis. [37]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi sikla verður, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt með hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [38]ein gullskeið tíu sikla gulls verð full af reykelsi, [39]eirn uxi af nautunum, einn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennifórnar, [40]eirn geithafur til eins syndaoffurs, [41]og tveir uxar til þakkaroffurs, fimm hrútar, geithafrar fimm og fimm lömb ársgömul. Og þessar eru gáfur Selúmíel sonar Súrí.

[42]Á sjötta degi offraði Elísaf son Degúels höfðingi yfir sonum Gað. [43]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygu sikla verður, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt með hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [44]ein gullskeið tíu sikla gulls verð full af reykelsi, [45]eirn uxi af nautunum, einn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennifórnar, [46]eirn geithafur til syndaoffurs, og tveir uxar til þakkaroffurs, [47]fimm hrútar, fimm geithafrar og fimm lömb ársgömul. Og þessar eru gáfur Elísaf son Degúel.

[48]En sjöunda dag offraði Elísama son Amíhúd höfðinginn yfir Efraíms sonum. [49]Hans gáfa var ein silfurdiskur hundrað og þrjátygi sikla verður, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til eins matoffurs, [50]ein gullskeið tíu sikla gulls verð full af reykelsi, [51]eirn uxi af fénaðinum, einn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennioffurs, [52]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [53]og tvö yxn til þakkoffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, fimm lömb ársgömul. Þetta eru gáfur Elísama son Amíhúd.

[54]Á áttunda degi offraði Gamlíel son Pedasúr höfðingi yfir Manasse sonum. [55]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi sikla verður, ein silfurskál sjötygi sikla verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [56]ein gullskeið tíu siclos gulls verð full af reykelsi, [57]eirn uxi af nautunum, eirn hrútur, ársgamalt lamb til brennifórnar, [58]einn kjarnhafur til eins sydaoffurs, [59]og tveir uxar til þakkaroffurs, fimm hrútar, kjarnhafrar fimm, og fimm lömb ársgömul. Þetta eru gáfur Gamlíel sonar Pedasúr.

[60]Þann níunda dag offraði Abídan son Gedeon höfðinginn fyrir sonum Benjamíns. [61]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi siclos verður, ein silfurskál sjötygi siclos verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [62]ein gullskeið tíu siclos verð full af reykelsi, [63]einn uxa af nautunum, einn hrútur, eitt ársgamalt

lamb til brennioffurs, [64]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [65]og tveir uxar til þakkaroffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, fimm lömb ársgömul. Og þetta eru nú gáfur Abídans sonar Gídeoní.

[66]Tíunda dag offraði Ahíeser son Ammí-Sadaí höfðingi fyrir sonum Dan. [67]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi siclos verður,ein silfurskál sjötygi siclos verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [68]ein gullskeið tíu siclos gulls verð full af reykelsi, [69]eirn uxi af nautunum, einn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennioffurs, [70]eirn kjarnhafur til syndaoffurs, [71]og tveir uxar til þakkaroffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, fimm lömb ársgömul. Og þetta eru nú gáfur Ahíeser sonar Ammí-Sadaí.

[72]Þann ellefta dag offraði Pagíel son Okran höfðinginn fyrir sonum Assers. [73]Hans gáfa var eirn silfurdiskur hundrað og þrjátygi siclos verður, ein silfurskál sjötygi siclos verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til matoffurs, [74]ein gullskeið tíu siclos gulls verð full af reykelsi, [75]einn uxi af nautunum, einn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennioffurs, [76]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [77]og tveir uxar til þakkaroffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, fimm lömb ársgömul. Og þetta eru nú gáfur Pagíel sonar Okran.

[78]En þann tólfta dag offraði Ahíra son Enan höfðingi fyrir sonum Neftalí. [79]Hans gáfa var einn silfurdiskur hundrað og þrjátygi siclos verður, ein silfurskál sjötygi siclos verð eftir helgidómsins sikli, hvorttveggja fullt af hveitimjölssarla blandað með oleo til eins matoffurs, [80]ein gullskeið tíu siclos gulls verð full af reykelsi, [81]eirn uxi af nautunum, eirn hrútur, eitt ársgamalt lamb til brennioffurs, [82]einn kjarnhafur til syndaoffurs, [83]og tveir hrútar til þakkoffurs, fimm hrútar, fimm kjarnhafrar, fimm lömb ársgömul. Og þetta eru gáfur Ahíra sonar Enan.

[84]Þetta er altarisins vígsla þann tíma þá það var vígt, til hvörs að Ísraels höfðingjar offruðu þessa tólf silfurdiska, tólf silfurskálir, tólf gullskeiðir. [85]So að hver diskur vóg hundrað og þrjátygi siclos silfurs og hvör ein skál þrjátygi siclos, svo að summan alls silfursins af þessum kerum var að vigt tvö þúsund og fjögur hundruð siklar eftir helgidómsins sikli, [86]og þær tólf gullskeiðir fullar af reykelsi, og hélt sérhvör tíu siclos eftir helgidómsins sikli, so að summan gullsins í skeiðunum var að vigt hundrað og tuttugu sicli. [87]Talan á uxunum til brennioffursins voru tólf uxar, tólf hrútar, tólf lömb ársgömul með þeirra matoffri, og tólf kjarnhafrar til syndaoffurs. [88]Og summan af uxunum til þakkoffursins voru fjórir og tuttugu uxar, sextygi hrútar, sextygi kjarnhafrar, sextygi lömb ársgömul. Þetta var altarisins vigslan þá það var vígt.

[89]Og þá Móses gekk inn í vitnisburðarins tjaldbúð að leita atkvæðis þá heyrði hann röddina tala við sig af náðarstólnum sem var ofan á vitnisburðarins örk, í millum þeirra tveggja kerúbím, þaðan var talað við hann.

8 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Tala þú við Aron og segðu til hans: Þá þú setur lampana upp þá skaltu so setja þá að þeir lýsi allir sjö til líka framanvert fyrir ljósastikuna.“ [3]Og Aron gjörði so og setti lampana að lýsa framanvert fyrir ljósastikunni, sem DROTTINN hafði bífalað Móse. [4]Kertistikan var af slegnu gulli, bæði stjakinn sjálfur og liljurnar. Eftir þeirra líking sem DROTTINN hafði sýnt Móse, so gjörði hann ljósastikuna.

[5]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [6]„Tak þú Levítana burt frá Ísraelissonum og hreinsa þá. [7]En so skaltu fara að hreinsa þá: Þú skalt stökkva

syndavatninu á þá og þeir skulu raka allir sitt hár af og þvo sín klæði, so eru þeir með öllu hreinir. 8Þá skulu þeir taka eirn ungan uxa og hans matoffur, hveitisarla blandað með oleo. Og þú salt taka eirn annan ungan uxa til syndaoffurs. 9Og þú skalt leiða Levítana fyrir vitnisburðarins tjaldbúð og samansafna öllum Ísraelssonum og leiða Levítana fyrir DROTTIN. 10Og Ísraelssynir skulu leggja sínar hendur yfir Levítana. 11Og Aron skal veifa Levítunum af Ísraelssonum til veifunaroffurs fyrir DROTTNI so þeir megi þjóna í embættinu fyrir DROTTNI. 12Þá skulu Levítarnir leggja sínar hendur uppá uxanna höfuð og þann eina skaltu færa til syndaoffurs en annan til brennifórnar fyrir DROTTNI til eirnrar forlíkunar fyrir Levítunum. 13Og þú skalt skikka Levítana fram fyrir Aron og hans syni og veifa þeim til veifunaroffurs fyrir DROTTNI 14og skilja þá so frá Ísarelissonum, að þeir sé mínir. 15Því næst skulu þeir ganga og þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð. Svo skalt þú hreinsa þá og veifa þeim, 16því þeir eru mér gefnir af Ísraelssonum og ég hefi þá til mín tekið fyrir allt það sem opnar sinnar móður kvið, sem er fyrir þá frumgetnu af öllum Ísraelssonum. 17Því allir frumburðir á meðal Ísraelssona heyra mér til, bæði af mönnum og fénaði, síðan það ég í hel sló alla frumburði á Egyptalandi og helgaði þá mér 18og tók Levítana af Ísraelssonum 19so þeir skyldu þjóna í Ísraelssona embætti í vitnisburðarins tjaldbúð, til að gjöra forlíkun fyrir Ísraelssyni, so að þar sé engin plága á meðal Ísraelissona, ef þeir vilja koma nær helgidóminum.“

20Og Móses og Aron og allur almúginn af Ísraelssonum breytti í öllum hlutum við Levítana svo sem DROTTINN hafði boðið Móse. 21Og Levítarnir hreinsuðu sig og þvoðu sín klæði og Aron upplyfti þeim fyrir DROTTNI og forlíkti þá, so þeir urðu hreinir. 22Og eftir það gengu þeir inn og frömdu sitt embætti í vitnisburðarins tjaldbúð fyrir Aroni og hans sonum, sem DROTTINN hafði bífalað Móse yfir Levítunum, so gjörðu þeir við þá.

23Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 24„Þetta er það sem Levítarnir skulu gjöra: Frá því þeir eru fimm og tuttugu ára og þaðan af eru þeir duganlegir að draga í stríð og þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð. 25En frá fimmtuganda ári skulu þeir vera frjálsir frá sínu embætti og þjónustu og skulu ekki meir þjóna, 26heldur taka vara á þeirra bræðra þjónustu í vitnisburðarins tjaldbúð. En þeir skulu ekki annast embættið. So skaltu breyta við Levítana svo að hver vakti sitt varðhald.“

9 Og DROTTINN talaði við Mósen í eyðimörku Sínaí á öðru ári eftir það þeir voru útfarnir af Egyptalandi, á þeim fyrsta mánaði og sagði: 2„Lát Ísraelssonu halda páska á sínum tíma eftir allri sinni skikkan og öllum sínum rétti 3þann fjórtánda dag í þessum mánaði að aftni.“ 4Og Móses talaði við Ísraelssonu að þeir skyldu halda páska. 5Og þeir héldu páska þann fjórtánda dag í þeim fyrsta mánaði móti kvöldi í eyðimörku Sínaí. Og Ísraelssynir gjörðu allt það sem DROTTINN hafði boðið Móse. 6Þá voru þar nokkrir menn sem saurgast höfðu af framliðnum manni so þeir gátu ekki haldið páskana á þeim degi. Þeir gengu fyrir Mósen og Aron þann sama dag 7og sögðu: „Vér erum óhreinir af framliðnum manni. Því skulum vér þar fyrir vera minniháttar að vér megum eigi bera vorar gáfur inn fyrir DROTTIN á sínum tíma á meðal Ísraelssona?“ 8En Móses sagði til þeirra: „Hafið biðlund, ég vil heyra hvað DROTTINN býður yður.“

9Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 10„Tala þú til Ísraelssona og segðu: Þegar að nokkur saurgast af einum framliðnum eða er í fjarska við yð-

ur á sinni reisu eða á meðal yðar ættmanna, sá sami skal líka vel halda HERRANS páska, [11]en þó á þann fjórtánda dag í þeim öðrum mánaði á móti kvöldi, og skal eta það með ósýrðu brauði og beisku salti [12]og láta þar ekki neitt afleyfast til annars morguns og ekkert bein skulu þeir brjóta í því og þeir skulu halda það í allan máta so sem menn plaga páska að halda. [13]En hver hann er hreinn og er ei í fjarlægð á sinni reisu og hélt þó ekki páskana, hans sál skal afmást frá hans fólki, sökum þess að hann hefur ekki fært DROTTNI sína gáfu á sínum tíma, hann skal bera sína synd. [14]Og þá þar býr nokkur framandi hjá yður, hann skal og halda DROTTINS páska og hann skal halda þá eftir páskanna skikkan og rétti. Þessi skikkan skal vera eins fyrir alla, so þann framanda so sem þann óðalborna.“

[15]Og á þeim degi sem tjaldbúðin var uppreist þá kom eitt ský og huldi tjaldbúðina vitnisburðarins og það var að sjá yfir tjaldbúðinni frá kvöldi og til morguns þvílíkast sem eirn eldur. [16]So skeði jafnan að skýið huldi hana og um nætur var það að sjá sem eirn eldur. [17]Og þá skýið tók sig upp frá tjaldbúðinni þá ferðuðust Ísraelssynir sína leið. Og hvar sem skýið staðnæmdist þar settu Ísraelssynir sínar tjaldbúðir. [18]Ísraelssynir ferðuðust eftir orði DROTTINS og eftir hans orði lögðu þeir sig. Og so lengi sem skýið var yfir tjaldbúðinni, so lengi láu þeir kyrrir. [19]Og þá skýið var marga daga yfir tjaldbúðinni þá gættu Ísraelssynir varðhalds DROTTINS og ferðuðust hvergi. [20]Og þegar so bar að að skýið var nokkra daga samfleytt yfir tjaldbúðinni þá settu þeir sínar herbúðir eftir orði DROTTINS, so og ferðuðust þeir áleiðis eftir orði DROTTINS. [21]Þá skýið var þar frá kvöldi til morguns og tók sig þá upp þá ferðuðust þeir framvegis. Eða þá það tók sig upp um daga eða um nætur þá ferðuðust þeir sína leið. [22]En þá það var tvo daga eða eirn mánuð eða nokkuð lengur yfir tjaldbúðinni þá voru Ísraelssynir kyrrir og ferðuðust hvörgi. Og þá það tók sig upp þá ferðuðust þeir. [23]Því eftir DROTTINS munni reistu þeir sínar herbúðir og eftir DROTTINS munni ferðuðust þeir. Og þeir gættu að DROTTINS varðhaldi eftir orðum DROTTINS fyrir Mósen.

10 DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Gjör þér tvo lúðra af kláru silfri so þú megir hafa þá þar til að kalla almúgann saman og þegar yðar her skal herbúðum svipta. [3]Þegar blásið er í þá báða einfaldlega þá skal allur almúginn samansafnast til þín utan fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum. [4]Og þá blásið er í annan einfaldlega þá skulu höfðingjarnir safnast til þín og þeir inu yppustu yfir þúsund í Ísrael. [5]En þá lúðurinn gellur lengi og hvellt þá skal sá flokkur herbúðum svipta sem er í austri. [6]Og þá þeir blása í annan tíma og blása hvellt þá skal sá flokkur tjöldum svipta sem liggur í mót suðri. Því þá þeir skulu ferðast þá skulu þeir blása hvellt. [7]En þá almúginn skal samankoma þá skulu þér einfaldlega blása og ekki blása hvellt. [8]Prestarnir Arons skulu blása í lúðrana og það skal vera ein lögtekin skikkan hjá yðrum eftirkomendum. [9]Þá er þér dragið í stríð í yðar landi í móti yðrum óvinum sem gjöra yður skaða þá skulu þér blása hvellt með lúðrunum so yðar megi minnst verða fyrir DROTTNI yðrum Guði og að þér verðið frelstir frá yðrum óvinum. [10]Sömuleiðis þá þér hafið fagnað á yðar hátíðum og á yðrum nýjum mánuðum þá skulu þér blása í trameturnar yfir yðar brennifórnum og þakkaroffri so að yðar verði minnst fyrir yðrum Guði. Ég er DROTTINN yðar Guð.“

[11]Á þeim tuttugasta degi í þeim öðrum mánaði og á því öðru ári hófst skýið upp frá vitnisburðarins tjaldbúðinni.

[12]Og Ísraelssynir tóku sig upp og drógu af eyðimörkinni Sínaí og skýið nam staðar í þeirri eyðimörku Paran. [13]En þessir sviptu fyrst herbúðum eftir orðum DROTTINS við Mósen, [14]sem er fyrst voru merki herbúðanna Júda sona og þeirra flokkur og höfðingi fyrir þeirra liði var Nahasson son Ammínadab. [15]Og Netaneel son Súar var höfðingi yfir liði Ísaskars sona ættar. [16]Og Elíab son Helon var höfðingi yfir liði Sebúlonsona ættar.

[17]Þar með tóku þeir og tjaldbúðina niður og synir Gerson og Merarí fóru og báru tjaldbúðina. [18]Því næst fór merki herbúða Rúben og þeirra lið og Elísúr son Sedeúr var höfðingi yfir þeirra liði. [19]Selúmíel son Súrí Sadaí var höfðingi fyrir liði Símeonissona ættar. [20]Og Elíasaf son Degúels var höfðingi yfir liði Gað sona ættar.

[21]Þá fóru og so Kahatíterne og báru helgidóminn. Og hinir aðrir reistu tjaldbúðina upp (á meðan) þar til að þessir komu eftir þeim. [22]Þar næst fór merki Efraíms sona herbúða og þeirra lið og Elísama son Amíhúd var þeirra höfðingi. [23]Og Gamlíel son Pedasúr var höfðingi yfir liði Manasse sona ættar. [24]Og Abídan son Gídeóní var höfðingi yfir liði Benjamíns ættar.

[25]Hér næst fór merki sona Dans herbúða og þeirra lið og þá var öllum herbúðum svipt. Og Ahíeser son Ammí-Sadaí var höfðingi yfir þeirra liði. [26]Og Pagíel son Okran var höfðingi yfir liði Asser sona ættar. [27]Og Ahíar son Enan var höfðingi fyrir liði Neftalí sona ættar. [28]Með þessari skipan fóru Ísraelssynir og þeirra herlið.

[29]Og Móses sagði til síns mágs Hóbab, sonar Regúel, af Madían: „Vér förum til þess staðar um hvern DROTTINN hefur sagt: Ég vil gefa yður hann. Því far nú með oss, þá viljum vér gjöra vel til þín, það DROTTINN hefur lofað Ísrael góðu.“ [30]En hann svaraði: „Eigi vil ég fara með yður, heldur mun ég fara til minnar ættjarðar.“ [31]En hann sagði: „Kæri, forlát oss ekki, því þú veist hvar vér skulum setja vorar herbúðir í eyðimörkinni og þú skalt vera vort auga. [32]Og ef þú fer með oss þá viljum vér gjöra vel til þín af því góða sem DROTTINN gefur oss.“

[33]So ferðuðust þeir frá fjalli DROTTINS þriggja daga leið og sáttmálsaurk DROTTINS fór fyrir þeim þá sömu þriggja daga leið til að vísa þeim veginn hvar þeir skyldu hvíla. [34]Og ský DROTTINS var yfir þeim um daga þá þeir fóru af herbúðunum.

[35]Og þá örkin fór þá sagði Móses:

„Rís upp, þú DROTTINN, lát þína óvini tvístrast og flýi allir fyrir þér þeir sem þig hata.“

[36]Og þá örkin var niðursett þá sagði hann:

„Kom aftur, þú DROTTINN, til fjöldans þúsundanna Ísrael.“

11 Og þá lýðurinn varð óþolinmóður, það mislíkaði fyrir eyrum DROTTINS. Og þegar DROTTINN heyrði það varð hann reiður og eldur DROTTINS kom upp á meðal þeirra og uppbrenndi þær ystu herbúðir. [2]Þá kallaði fólkið til Mósen og Móses bað til DROTTINS og so hvarf eldurinn. [3]Og menn kölluðu þann stað Tabera, sökum þess að eldur DROTTINS uppkveiktist á meðal þeirra. [4]Því almúgafólkið á meðal þeirra það fékk lysting og sat og grét með Ísraelssonum og sagði: „Hver vill gefa oss kjöt að eta? [5]Vér endurminnunst þeirra fiska sem vér átum fyrir ekkert í Egyptalandi, gúrkur, melónur, lauk og rauðlauk og hvítlauk. [6]En nú eru andir vorar þreyttar, því vor augu sjá ekkert annað utan þetta man.“ [7]En man var líka sem kóríanderfræ og þvílíkast að sjá sem bedellíon. [8]Og fólkið fór hingað og þangað og tíndi það upp og möluðu það undir kvern og steyttu það í mortéli og suðu það í pottum og gjörðu þar af kökur og þær

smökkuðu sem væri þær mengaðar með oleo. 9Og þegar náttdögg féll yfir herbúðirnar þá féll og man þar ofan með.

10Þá Móses heyrði nú að fólkið grét með sínum kynkvíslum, hvör í sínum tjalddyrum, þá gramdist reiði DROTTINS mjög þunglega og Móses varð og hryggur. 11Þá sagði Móses til DROTTINS: „Hvar fyrir hrellir þú þinn þénara og því finn ég ekki náð fyrir þínum augum, að þú leggur uppá mig byrði alls þessa fólks? 12Hefi ég nú getið eða fætt allt þetta fólk, so þú megir segja til mín: Ber þá í þínum faðmi (líka sem ein fóstra ber eitt barn) inn í það land sem þú lofað þeirra feðrum? 13Hvar skal ég taka kjöt að gefa öllu þessu fólki? Það æpir fyrir mér og segir: Gef oss kjöt að eta. 14Ég einnsaman get ekki borið allt þetta fólk, því það er mér of þungt. 15Og viltu so gjöra við mig, þá líflát mig heldur, hafi ég annars fundið náð fyrir þínum augum, að ég sjái ekki svo mína ólukku.“

16Og DROTTINN sagði til Mósen: „Samansafna mér sjötygi mönnum af öldungum Ísraels, sem þú veist að þeir séu elstir á meðal fólksins og þeirra bífalningsmenn eru, og leið þá fyrir vitnisburðarins tjaldbúð og skikka þá þar fram fyrir mig. 17So vil ég koma ofan og tala þar við þig og taka af þeim anda sem er með þér og leggja á þá so að þeir beri fólksins þunga með þér so þú skulir ekki einn bera hann. 18Og þú skalt segja til fólksins: Helgið yður til morguns og munu þér eta kjöt, því yðar grátur er kominn fyrir eyru DROTTINS, þér sem segið: Hver gefur oss kjöt að eta? Því það gekk oss vel í Egyptalandi. Þar fyrir mun DROTTINN gefa yður kjöt að eta, 19 ekki einn dag, ekki tvo, ekki fimm, ekki tíu, eða tuttugu um kring, 20heldur einn mánuð, þangað til það gengur út um yðar nasir so yður velgi við því, fyrir því þér hafið í burtkastað DROTTNI sem á meðal yðar er og hafið grátið fyrir honum og sagt: Hvar fyrir erum vér útgengnir af Egyptalandi?“ 21Og Móses sagði: „Þetta fólk er sex sinnum hundrað þúsund fótgönguliðar, meðal hverra ég em, og þú segir: Ég vil gefa yður kjöt að eta allan mánuð í gegnum. 22Skal nokkuð slá niður naut og sauði so að þeim megi nægjast? Eða skulu allir fiskar sjóarins safnast hingað so þeir seðjist af?“ 23DROTTINN sagði til Mósen: „Er þá hönd DROTTINS stutt orðin? Nú skaltu sjá hvert mín orð fyllast með verki eður ei.“

24Og Móses gekk út og sagði orð DROTTINS fyrir fólkinu. Og hann heimti saman þá sjötygi menn af öldungum fólksins og lét þá standa kringum tjaldbúðina. 25Þá kom DROTTINN niður í skýinu og talaði við hann. Og hann tók af þeim Anda sem var með honum og gaf hann þeim sjötygi öldungum. Og þegar andinn hvíldist yfir þeim þá spáðu þeir og létu ekki af.

26En þar voru tveir menn eftir í herbúðunum, einn hét Eldad en annar Medad, og Andinn hvíldist yfir þeim, því þeir voru og so uppskrifaðir en voru þó ekki útgengnir til tjaldbúðarinnar, og þeir spáðu í herbúðunum. 27Þá hljóp eitt ungmenni burt og undirvísaði það Móse og sagði: „Eldad og Medad spá í herbúðunum.“ 28Þá svaraði Jósúa son Núns, Móses þénari, sem hann hafði útvalið, og sagði: „Móses, minn herra, fyrirbjóð þú þeim það.“ 29En Móses sagði til hans: „Vandlætir þú minna vegna? Gæfi Guð að allt fólk DROTTINS spái og að DROTTINN vildi gefa sinn anda yfir þá.“ 30Og Móses og öldungarnir af Ísrael komu aftur í herbúðirnar.

31Þá gekk út vindur frá DROTTNI og lét lynghænur koma af sjónum og dreifði þeim yfir herbúðirnar umhverfis, svo vítt sem dagleið væri. Þeir flugu tveggja álna hátt yfir jörðunni. 32Þá stóð fólkið upp og safnaði vakteler allan þann sama dag og alla þá nótt og allan annan

daginn og sá sem minnstu safnaði hann fékk tíu hómor og þeir festu þá upp kringum allar herbúðirnar. [33]Þá kjötið var enn nú í millum þeirra tanna og áður en því var lokið þá gramdist reiði DROTTINS fólkinu og sló það með eirni mjög stórri plágu. [34]Þar af kallast sá staður Girndargrafir, sökum þess að það fólk sem kjöt girntist var jarðað í þeim sama stað. [35]Fólkið fór frá Girndargröfunum til Haserót og voru í Haserót.

12 Og María og Aron átöldu Mósen fyrir hans kvinnu skuld, sem var af Blálandi, þar fyrir að hann hafði tekið eina blálenska konu sér til eiginkvinnu, [2]og sögðu: „Talar þá DROTTINN alleinasta fyrir Mósen?Talar hann ekki og so fyrir oss?“ Og DROTTINN heyrði það. [3]En Móses var eirn mjög hógvær maður, framar en allir menn á jörðunni. [4]Og DROTTINN sagði hastarlega til Mósen og til Arons og til Maríu: „Farið út þér þrjú saman til vitnisburðarins tjaldbúðar.“ Og þau öll þrjú gengu þangað. [5]Þá kom DROTTINN niður í skýstólpanum og fór í tjaldbúðardyrnar og kallaði á Aron og Maríam og þau gengu bæði fram. [6]Og hann sagði: „Heyrið mín orð. Er þar nokkur spámaður DROTTINS á meðal yðar, þeim vil ég opinbera mig í einni sýn eða ég vil tala við hann í einum draumi. [7]En ekki er so minn þénari Móses, sem er trúlyndur í öllu mínu húsi. [8]Ég tala munnlega við hann og hann sér DROTTINN í sinni mynd, ekki fyri ráðgátu né líkingar. Því óttuðust þið þá ekki að hallmæla mínum þénara Móses?“

[9]Og reiði DROTTINS gramdist þeim og hann fór í burt. [10]Þar með hvarf og skýið í burt frá tjaldbúðinni. Og sjá, María varð líkþrá sem snjór. Og Aron sneri sér til Maríam og varð var við að hún var orðin líkþrá [11]og hann sagði til Mósen: „Minn herra, lát ekki þessa synd blífa yfir okkur með hverri við höfum dárlega gjört og syngast, [12]að þessi sé ekki so sem sá er dauður kemur af sinnar móður lífi, hún hefur allareiðu uppétið hálft hennar hold.“ [13]Þá kallaði Móses til DROTTINS og sagði: „DROTTINN, græð þú hana.“ [14]DROTTINN sagði til Mósen: „Ef hennar faðir hefði hrækt í hennar andlit, skyldi hún þá ekki hafa kinnroða í sjö daga? Lát hana vera útilukta í sjö daga utan herbúðanna, eftir það má hún takast aftur til yðar.“ [15]So var María útilukt af herbúðunum í sjö daga. Og fólkið ferðaðist hvörgi fyrr en María var meðtekin aftur. [16]Eftir það dró fólkið frá Haserót og setti herbúðir sínar í þeirri eyðimörku Paran.

13 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Send þú menn út að skoða landið Kanaan hvört ég vil gefa Ísraelssonum, af sérhverri kynkvísl eirn sérlegan mann.“ [3]Móses sendi þá af þeirri eyðimörku Paran eftir orðum DROTTINS, þeir eð allir voru sérlegir (yppustu menn) á millum Ísraelssona. [4]Og þeir heita svo: Samnúa son Sakúr af ætt Rúben, [5]Safat son Hórí af ætt Símeon, [6]Kaleb son Jefúnne af ætt Júda, [7]Ígeal son Jósef af ætt Ísaskar, [8]Hósea son Nún af ætt Efraím, [9]Paltí son Rafú af ætt Benjamín, [10]Gadíel son Sódí af ætt Sebúlon, [11]Gaddí son Súsí af ætt Jósef og Manasse, [12]Ammíel son Gemallí af ætt Dan, [13]Setúr son Míkael af ætt Asser, [14]Nahabí son Vapsí af ætt Neftalí, [15]Gúel son Makí af ætt Gað. [16]Þessi eru nöfn þeirra manna sem Móses útsendi að skoða landið. En Móses kallaði Hósea Nún son Jósúa.

[17]Og sem Móses sendi þá nú út til að skoða Kanaansland sagði hann til þeirra: „Reisið upp í móti suðri og gangið á fjöllum uppi [18]og lítið þaðan á landið, hvernin það er og það fólk sem landið byggir, hvort það er sterkt eður veykt, fátt eða margt, [19]og hvað það er fyrir eitt land sem þeir byggja, hvort

það er gott eða vont, og hvað fyrir borgir það eru sem þeir búa úti, hvort þeir búa í tjaldbúðum eða föstum stöðum, [20]og hvað það er fyrir land, hvort það er feitt eða magurt, og hvort það er skógótt eða ekki. Verið hraustir og takið af ávexti landsins.“ Og þetta var á þeim tíma sem vínþrúgurnar voru fyrst fullvaxnar.

[21]Þeir fóru af stað og rannsökuðu landið frá eyðimörku Sín og allt til Rehób, þá farið er til Hamat. [22]Þeir gengu og upp í mót suðri og komu til Hebron. Þar voru þeir Ahíman, Sesaí og Talmaí, synir Enak. En Hebron var byggð sjö árum fyrr en Sóan í Egyptalandi. [23]Og þeir komu til þess lækjar sem kallast Eskól og skáru þar upp einn vínvið með sínum vínberjum og létu tvo menn bera hann á eirni stöng þar til og so grantaepli og fíkjur. [24]Sá staður kallast Eskólslækur sökum þeirrar vínþrúgu sem Ísraelssynir skáru þar af.

[25]Og þeir komu aftur þá þeir höfðu rannsakað landið eftir fjörutygu daga, [26]gengu þaðan og komu til Móse og Aron og alls almúgans Ísraelssona í eyðimörku Paran í Kades og sögðu þeim og öllum almúganum frá þeim tíðindum sem þeir séð höfðu. Og þeir sýndu þeim landsins ávöxtu [27]og kunngjörðu þeim frá og sögðu: „Vér komum í landið það þér senduð oss til, hvert að flýtur í mjólk og hunangi, og þetta er landsins ávöxtur, [28]utan það að það land byggir eitt sterkt fólk og það eru mjög stórar og sterkar borgir og vér sáum þar syni Enak. [29]Amalek byggir landið að sunnanverðu, Hetei og Jebúsei og Amorei búa á fjallbyggðum, Kananei búa út með hafinu og hjá Jórdan.“

[30]En Kaleb stöðvaði fólksins mögl í gegn Móse og sagði: „Látum oss fara upp þangað að eignast landið, því að vér fáum það vel unnið.“ [31]En förunautar hans sögðu: „Eigi kunnum vér að fara mót því fólki, því það er sterkara en vér.“ [32]Og þeir hallmæltu landinu fyrir Ísraelssonum sem það höfðu skoðað og sögðu: „Það land sem vér gengum í gegnum að skoða upp étur sína innbyggjara og allur sá lýður sem vér sáum þar inni er með risavexti. [33]Vér sáum þar og risa, sonu Enak af risa ættum, og vér þóttunst vera líka sem locustae hjá þeim að sjá og so vorum vér fyrir þeirra augum.“

14 Þá hóf allur almúginn upp að kalla og fólkið grét alla þá nótt. [2]Og þá Ísraelssynir mögluðu mót Móse og Aron og almúginn sagði til þeirra: „Guð gæfi það vér hefðum dáið í Egyptalandi eða dæum vér enn nú hér í eyðimörku. [3]Því leiðir Drottinn oss í það land, svo að vorar konur falli fyrir sverði og vor börn verði að herfangi? Er ekki betra að vér snúum aftur til Egyptalands?“

[4]Og hver sagði til annars: „Fáum oss einn höfðingja og förum í Egyptaland aftur.“ [5]En Móses og Aron féllu fram til jarðar á þeirra ásjánir fyrir öllum almúgans söfnuði af Ísraelssonum. [6]Og Jósúa son Nún og Kaleb son Jefúnne sem og so höfðu skoðað landið rifu sín klæði [7]og sögðu til alls almúgans Ísraelissona: „Það land sem vér fórum að skoða er harla gott. [8]Sé Drottinn oss náðigur þá leiðir hann oss vel inn í það sama land og gefur oss það, það er það land sem flýtur í mjólk og hunangi. [9]Fallið ekki frá Drottni og hræðist ekki lýð þess lands, því vér viljum eta þá upp líka sem brauð. Allt þeirra fullting er frá þeim horfið en Drottinn er með oss. Hræðist þá ekki.“ [10]Þá svaraði allur almúginn og sagði að menn skyldu berja þá grjóti.

Þá opinberaðist dýrð Drottins í vitnisburðarins tjaldbúðinni fyrir öllum Ísraelissonum. [11]Og Drottinn sagði til Mósen: „Hversu lengi skal þetta fólk hallmæla mér? Og hversu lengi vilja þeir ekki trúa mér fyrir allrahanda

teikn sem ég hefi gjört á meðal þeirra?
12Ég vil ljósta þá með drepsótt og afmá
þá og gjöra þig að meiri og styrkvari
þjóð en þessi er.“ 13Þá sagði Móses til
DROTTINS: „Það spyrja egypskir menn,
því þú hefur fært þetta fólk mitt út frá
þeim með þínum krafti, 14og þeir munu
segja til þessa lands innbyggjara sem
hafa heyrt að þú DROTTINN ert á meðal
þessa fólks og opinberlega auðsýnir þig
og þitt ský stendur yfir þeim og þú
DROTTINN gengur fyrir þeim um daga í
skýstólpa en um nætur í eldstólpa; 15og
ef þú slær nú þetta fólk í hel líka sem
eirn mann þá munu heiðingjar þeir sem
þetta spyrja mæla og segja: 16DROTTINN
gat í öngvan máta leitt þetta fólk í það
land sem hann hafði heitið því og því
hefur hann drepið það í eyðimörku.
17So miklist nú kraftur þinn, DROTTINN,
svo sem þú hefur talað og sagt:

18DROTTINN er þolinmóður og mjög
miskunnsamur og fyrirgefur syndir og
misgjörðir og lætur öngvan óhegndan,
heldur vitjar hann feðranna misgjörn-
inga á sonunum, til þriðja og fjórða liðs.

19So vertu nú líknsamur misgjörning-
um þessa fólks eftir þinni miklu mis-
kunnsemi, so sem þú hefur og fyrirgef-
ið þessu fólki síðan þú leiddir það út af
Egyptalandi allt til þessa.“ 20DROTTINN
svaraði: „Ég hefi fyrirgefið eftir því sem
þú mæltir. 21En svo sannarlega sem ég
lifi skal öll veröldin uppfyllast af dýrð
DROTTINS. 22Því að allir þeir menn sem
séð hafa mína dýrð og mínar jarteiknir
sem ég gjörða í Egyptalandi og í eyði-
mörkinni og hafa nú freistað mín tíu
sinnum og ekki hlýtt minni rödd,
23enginn þeirra skal sjá þetta land sem
ég sór þeirra feðrum, so og skal enginn
af þeim sjá það land sem mig hafa
lastað. 24En minn þénara Kaleb vil ég
leiða í það land sem hann var fyrri í, því
að annar andi er með honum og hann
hefur trúlega eftirfylgt mér og hans
sæði skal eignast það. 25Af því að
Amalekíte og Kananei búa í dölunum,
þá snúið aftur á morgun og farið í þá
eyðimörk á þann veg sem liggur til
Rauðahafs.“

26Og DROTTINN talaði við Mósen og
Aron og sagði: 27„Hversu lengi vill þessi
hinn versti lýður mögla í móti mér? Því
heyrt hefi ég það mögl sem Ísraelssynir
hafa möglað í móti mér. 28Þar fyrir seg
þú til þeirra: So sannarlega sem ég lifi,
segir DROTTINN, ég skal gjöra við yður
svo sem þér hafið sagt mér áheyranda:
29Yðar hræ skulu falla í þessari eyði-
mörku og allir þér sem taldir eruð
tvítugir og þaðan af eldri, þér sem
möglað hafið í móti mér, 30skuluð ekki
koma í það land sem ég hefi upplyft
minni hendi yfir, að ég vildi láta yður
búa þar, utan Kaleb son Jefúnne og Jós-
úa son Nún. 31Yðrir synir um hverja þér
sögðuð: Þeir munu verða að herfangi,
þá vil ég leiða þangað að þeir sjái það
land hvört þér forsmáðuð. 32En þér og
yðar hræ skulu falla í þessari auðn. 33Og
yðrir synir skulu vera hirðarar í þessari
eyðimörku í fjörutygi ár og bera yðarn
saurlifnað, þar til að yðar hræ eru fallin
í eyðimörkinni. 34Eftir tölu þeirra
fjörutygi daga á hvörjum þér rannsök-
uðuð landið, já, hver dagur skal gilda
ár, svo að þér skuluð bera yðra mis-
gjörninga í fjörutygi ár, svo þér vitið
hvað það er þá ég tek af höndina. 35Ég
DROTTINN hefi sagt þetta, þetta vil ég og
gjöra þessum vonda almúga sem sig
hefur uppsett í mót mér. Þeir skulu allir
hrynja niður í þessari eyðimörku og
deyja í þessum stað.“

36So dóu allir þeir menn í eirni plágu
fyrir DROTTNI sem Móses hafði útsent
að rannsaka landið og voru komnir aft-
ur og komu aullum almúganum til að
mögla í móti honum, 37þar með að þeir
niðruðu landinu, að það væri illt. 38Jós-
úa son Nún og Kaleb son Jefúnne lifðu
eftir af þeim mönnum sem farið höfðu
að skoða landið.

39Og Móses talaði þessi orð fyrir öll-
um Ísraelssonum. Þá grét fólkið mjög.

40Og um morguninn stóðu þeir mjög
snemma upp og gengu uppá fjallið og
sögðu: „Vér erum til reiðu að fara í
þann stað sem DROTTINN hefur talað
um, því vér höfum syndgast.“ 41En
Móses sagði: „Því yfirtroði þér so orð
DROTTINS? Það mun ekki lukkast yður.
42Farið ekki upp þangað, því DROTTINN
er ekki meðal yðar, að þér fallið ekki
fyrir yðrum óvinum. 43Því Amalek og
Kananei eru þar fyrir yður og þér
munuð falla fyrir sverði, fyrir því að þér
sneruð yður frá DROTTNI, og DROTTINN
mun ekki vera með yður.“

44En þeir vildu ekki heldur fóru þeir
uppá hæð fjallsins. En sáttmálsörk
DROTTINS og Móses komu hvörgi úr
herbúðunum. 45Þá komu þeir Amalek
og Kananei ofan sem bjuggu á fjall-
byggðönum og veittu þeim slag og
felldu þá allt til Horma.

15 Og DROTTINN talaði við Mósen
og sagði: 2„Tala við Ísraelssonu
og segðu til þeirra: Þá þér komið í það
land sem þér skuluð byggja, hvert að ég
vil gefa yður, 3og þér viljið gjöra
DROTTNI offur, hvert heldur það er eitt
brennioffur eða eitt offur fyrir nokkra
sérlega heitstrenging eða er það eitt
sjálfviljugt offur eða yðart hátíðaoffur,
so að þér megið færa DROTTNI eirn sæt-
an ilm, af nautum eða sauðum, 4hver
sem nú vill offra DROTTNI sína gáfu
hann skal færa matoffur þann tíunda
part hveitimjölssarla blandað við fjórð-
ung af hín viðsmjörs 5og inn fjórða part
af hín víns til drykkjaroffurs, til eirnrar
brennifórnar, eður nokkurs annars
offurs, þegar eitt lamb er haft til fórnar.
6En þá einn hrútur er fórnfærður þá
skalt þú gjöra matoffur tvo tíunda
parta hveitissarla blandað með oleo,
þriðja part af hín 7og inn þriðja part af
hín víns til drykjaroffurs, það skaltu
offra DROTTNI til eins sæts ilms. 8Viljir
þú offra DROTTNI einum uxa til einnrar
brennifórnar eða til eirnrar sérlegrar
lofunarfórnar eða til eins þakklætis-
offurs DROTTNI, 9þá skalt þú offra með
sama uxa til matoffurs þremur tíund-
um hveitisarla blandað með hálfri hín
viðsmjörs 10og eina hálfa hín víns til
drykkjaroffurs, það er offur DROTTNI til
eins sætleiks ilms.

11So skaltu gjöra við sérhvörn uxa,
hrúta, sauði, lömb og geitur. 12Eftir tölu
þessara fórna þá skal og talan vera á
matoffrinu og so drykkjaroffrinu. 13Sá
sem þar er heima alinn hjá yður hann
skal soddan gjöra, að hann færi
DROTTNI offur til eins sæts ilms. 14En ef
þar er nokkur framandi meðal yðar eða
á meðal yðar ættar og vill gjöra DROTTNI
eitt offur til eins sæts ilms, hann skal
gjöra líka so sem þér gjörið. 15Ein skikk-
an skal vera öllum söfnuði, bæði hjá yð-
ur og so hjá þeim frömundum. Það skal
vera ein ævinleg skikkan hjá yðrum eft-
irkomendum og sá inn framandi skal
vera fyrir DROTTNI líka sem þér. 16Eitt
lögmál, eirn réttur skal vera, bæði fyrir
yður og so fyrir þá framandi sem búa
hjá yður.“

17Og DROTTINN talaði við Mósen og
sagði: 18„Tala þú við Ísraelissonu og seg
þú til þeirra: Þá þér komið í það land
sem ég vil leiða yður útí, 19þá þér etið af
brauðinu þess lands þá skulu þér gefa
DROTTNI eitt upplyftingaroffur, 20sem er
eina köku af yðar fyrsta degi skulu þér
gefa til upplyftingar. Líka sem þér
færðuð upplyftingarfórn af yðar korn-
hlöðu, 21so skulu þér og hjá yðar eftir-
komendum gefa DROTTNI það fyrsta af
yðar deigi til upplyftingar. 22Og þegar
þér sökum óvisku gjörið ekki nokkuð
af þessum boðorðum sem DROTTINN
hefur talað til Mósen 23og allt það sem
HERRANN hefur boðið yður fyrir Mósen,
frá þeim degi sem hann tók fyrst til að
skipa yðrum eftirkomendum: 24Ef al-
múginn gjörir nú nokkuð með óviljа-
verki þá skal allur almúginn taka eirn
ungan uxa af fénaðinum til brennifórn-
ar, til eins sæts ilms fyrir DROTTNI, með

sínu matoffri og drykkjaroffri, so sem tilheyrir, og eirn kjarnhafur til syndaoffurs. [25]Þá skal presturinn gjöra eina forlíkan fyrir allan almúga Ísraelissona. So er þeim það fyrirgefið því það er óviljaverk. Og þeir skulu bera DROTTNI þessar sínar gáfur til eins offurs og þeirra syndaoffur fyrir DROTTNI fyrir þeirra gleymsku, [26]svo verður það öllum almúganum Ísraelissona fyrirgefið, so og líka þeim frömundum sem að búa á meðal yðar með því að allt fólkið er í svoddan óvisku.

[27]En þegar ein sál syndgar af fávisku, hún skal færa eina geit ársgamla fram til eins syndaoffurs. [28]Og presturinn skal forlíka slíka óvitandi sál með syndoffri fyrir þá óvisku fyrir DROTTNI, að hann forlíki hana, so er það henni fyrirgefið. [29]Og þetta skal vera eitt lögmál að þér skuluð gjöra fyrir fáviskunni, bæði fyrir þeim innlenda á meðal Ísraelissona og þeim framanda sem býr á meðal yðar. [30]En þá ein sál gjörir nokkuð af sínum metnaði, hvert sem hún er innlensk eða framandi, sú hefur foraktað DROTTIN. Soddan ein sál skal afmáð verða frá sínu fólki [31]fyrir því hún fyrirleit DROTTINS orð og forlét hans boð. Hún skal með öllu afmást, hún skal bera sitt ranglæti.“

[32]Og það skeði þá Ísraelssynir voru í eyðimörkunni fundu þeir einn mann hver ed saman safnaði trjám á einum sabbatsdegi. [33]En þeir sem fundu hann að þessu verki trjánum að safna leiddu hann fyrir Mósen og Aron og fyrir allan söfnuðinn. [34]Og þeir settu hann í fangelsi. Því það var enn ekki ljóst orðið hvað þeir skyldu gjöra við hann. [35]En DROTTINN sagði til Mósen: „Sá maður skal vissilega deyja, allur almúginn skal berja hann grjóti til bana utan herbúðanna. [36]Þá færði allur almúginn hann út yfir herbúðirnar og grýttu hann í hel, eftir því sem DROTTINN hafði boðið Móse. [37]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [38]Tala við Ísraelissonu og seg til þeirra að þeir skulu gjöra sér fald á löfum þeirra kyrtla, á meðal allra yðar eftirkomenda, og setja gula dregla yfir sömu falda á löfunum. [39]Og sömu dreglar skulu þéna yður þar til að þér skuluð horfa á þá og minnast á öll boðorð DROTTINS og gjöra þau og ekki rétta yður eftir hugboði yðars hjarta og eigi heldur fremja hórdóm eftir yðrum augum. [40]Þar fyrir skulu þér minnast á og gjöra öll mín boð og vera heilagir fyrir yðrum Guði. [41]Ég DROTTINN yðar Guð sem hefur útleitt yður af Egyptalandi, svo að ég sé yðar Guð. Ég DROTTINN yðar Guð.“

16 Og Kóra son Jesehar, sonar Kahat, sonar Leví, og Datan og Abíram synir Elíab, og Ón son Pelet sem var af sonum Rúben, [2]þessir settu sig upp í mót Móse með nokkrum öðrum mönnum af Ísraelissonum, tvö hundruð og fimmtygi betur af þeim yppöstum meðal almúgans, ráðmenn og nafnkunnugir menn. [3]Og þeir tóku sig saman í mót Móse og Aron og sögðu til þeirra: „Þið hafið of mikið við, því sá almúgi er allur saman heilagur og DROTTINN er á meðal þeirra. Því upphefi þér yður yfir Guðs almúga?“ [4]Og þá Móses heyrði það féll hann fram á sitt andlit [5]og sagði til Kóra og alls hans selskapar: „Á morgun skal DROTTINN sýna hver hans er, hver heilagur er og hver honum skal offur færa. Hvern hann útvelur, sá skal færa honum offur. [6]Gjörið so: Takið yðar glóðarker, Kóra og allur hans selskapur, [7]og leggið eld þar útí og leggið reykelsi þar á, á morgun fyrir DROTTNI, og hvern DROTTINN útvelur sá veri heilagur. Þér hafið ofmikið við, þér synir Leví.“ [8]Og Móses sagði til Kóra: „Heyrið þó þér synir Leví: [9]Þykir yður það svo lítils vert að Ísraels Guð hefur skilið yður frá Ísraels almúga að þér skuluð offra honum og að þér þjónið útí DROTTINS tjaldbúðar embætti og gangið fram fyrir almúganum og þjónið

honum? [10]Hann hefur meðtekið þig og alla þína bræður sonu Leví til sín. Og þér girnist nú og svo prestanna embættið. [11]En þú og allur þinn selskapur gjörir einn mótblástur í móti DROTTNI. Hvað er Aron að þér möglið í móti honum?“

[12]Og Móses sendi boð þangað og lét kalla Datan og Abíram sonu Elíab. En þeir svöruðu: „Eigi viljum við koma upp þangað. [13]Er það svo lítið að þú hefur fært oss af því landi sem mjólk og hunang flýtur útí, til að slá oss í hel hér í eyðimörkunni? Þú vilt enn og svo drottna yfir oss. [14]Hversu sýnlega þá hefur þú færst oss inn í það land sem flýtur í mjólk og hunangi? Og gefið oss akra og víngarða til eignar? Viltu og slíta augun út á fólkinu. Ekki komum vér upp þangað.“

[15]Þá varð Móses afar reiður og sagði til DROTTINS: „Snú þér ekki til þeirra matoffurs. Ég hefi ekki tekið einn asna frá þeim og öngvum hefi ég vont gjört á meðal þeirra.“ [16]Og hann sagði til Kóra: „Þú og allur þinn selskapur skuluð vera á morgun fyrir DROTTNI, þú, þeir og so og Aron. [17]So skal hver af yður taka sitt glóðarker, það eru tvö hundruð og fimmtygu glóðarker.“ [18]Og hver tók sitt glóðarker og lögðu eld þar útí og reykelsi þar yfir og gengu fram fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyr og Móses svo og Aron. [19]Og Kóra samansafnaði öllum almúganum í gegn þeim utan fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum. Og DROTTINS dýrð opinberaðist fyrir öllum almúganum. [20]Og DROTTINN talaði við Mósen og Aron og sagði: [21]„Skiljið yður frá þeim almúga so ég megi skyndilega eyðileggja hann.“ [22]En þeir féllu fram á sínar ásjónur og sögðu: „Ó Guð, þú sem er eirn Guð andanna alls holds, þó að einn maður hafi syndgast viltu þar fyrir láta grimmd þína ganga yfir allan almúgann?“ [23]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [24]„Tala til almúgans og segðu: Víkið frá tjöldum þeirra Kóra, Datan og Abíram, allt um kring.“

[25]Og Móses stóð upp og gekk til Datan og Abíram og þeir inu elstu af Ísrael fylgdu honum eftir. [26]Og hann talaði við söfnuðinn og sagði: „Víkið frá þessum óguðlegra manna tjöldum og snertið ekki neitt af því sem þeim heyrir til, svo þér skuluð ekki (ef ske mætti) fyrirfarast í þeirra syndum.“ [27]Og þeir viku frá tjöldum Kóra, Datan og Abíram. En Datan og Abíram gengu út og stóðu í sínum tjalddyrum með sínum kvinnum, sonum og dætrum. [28]Og Móses sagði: „Þar af skulu þér merkja að DROTTINN hefur sent mig, að ég skyldi gjöra öll þessi verk, en ekki af mínu hjarta. [29]Sé það so að þessir deyi svo sem allir menn deyja eða sé þeirra heim vitjað so sem allra annarra manna verður vitjað, þá hefur ekki DROTTINN útsent mig. [30]En gjöri DROTTINN nokkuð nýtt, so að jörðin uppláti sinn munn og uppsvelgi þá með öllu því sem þeir hafa, so að þeir fari lifandi ofan í helvíti, þá skulu þér vita að þessir menn hafa lastað DROTTINN.“ [31]Og þá hann hafði út talað öll þessi orð sprakk jörðin undir þeim [32]og upplét sinn munn og uppsvelgdi þá með þeirra húsum og með öllum þeim mönnum sem voru með Kóra, með öllum þeirra fjárhlutum, [33]og þeir fóru lifandi ofan í helvíti með öllu því sem þeim kom til og jörðin huldi þá og þeir fyrirfórust so frá almúganum. [34]Og allt Ísraels fólk sem var í kringum þá flýðu fyrir þeirra háreysti, því þeir sögðu: „Látið Guð jörðina og ekki eirnin svelgja oss upp.“ [35]Þar að auk fór og eirn eldur út frá DROTTNI og uppbrenndi þau tvö hundruð og fimmtygi manna sem offruðu reykelsi.

[36]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [37]„Seg Eleasar syni Arons prests að hann taki glóðarkerin upp úr eldinum og dreifi eldinum hingað og þangað, því að glóðarker þessara syndugra

eru helguð fyrir þeirra sálir, [38]og þau skulu slást í breiðar skífur og hengjast í kringum altarið. Því þau eru offruð fyrir DROTTNI og heilög gjörð. Og þau skulu vera Ísraelssonum til eins teikns. [39]So tók presturinn Eleasar þau glóðarker af kopar sem þeir höfðu offrað með sem brunnu og sló þau út í skífur að hengja um altarið, [40]Ísraelssonum til eirnrar minningar, að enginn framandi sem ekki er af Arons sæði skyldi ganga til að offra reykelsi fyrir DROTTNI, so að það gangi ekki þeim hinum sama so sem að gekk til með Kóra og hans selskap, sem DROTTINN hafði sagt honum fyrir Mósen.[41]Annars dags eftir möglaði allur almúginn Ísraelssona í gegn Móse og Aron og sögðu: „Þér hafið slegið DROTTINS fólk í hel.“ [42]Og þá almúginn samansafnaðist í móti Móse og Aron sneru þeir sér til vitnisburðarins tjaldbúðar og sjá, að skýið huldi hana og dýrð DROTTINS opinberaðist. [43]En Móses og Aron gengu inn í vitnisburðarins tjaldbúð. [44]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [45]„Víkið frá þessum almúga. Ég vil hastarlega eyðileggja þá.“ Og þeir féllu fram á þeirra andlit.

[46]Og Móses sagði til Arons: „Tak glóðarkerið og legg eld þar í af altarinu og legg reykelsi þar uppá og gakk þú fljótlega þangað til almúgans og bið fyrir þeim, því að þar er bræðin útgengin af DROTTNI og plágan er upphafin.“ [47]Og Aron tók sem Móses hafði bífalað honum og hljóp mitt í millum almúgans (og sjá, þá var plágan uppkomin á meðal fólksins) og veifaði reykelsi og gjörði eina forlíkun fyrir fólkið [48]og stóð í millum þeirra dauðu og hinna lifundu og so stilltist plágan.

[49]En þeir sem dóu í þeirri plágu voru fjórtán þúsundir og sjö hundruð, fyrir utan þá sem dóu með Kóra. [50]Og Aron kom til Mósen aftur utan fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum og plágan stilltist.

17 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Tala þú við Ísraelssonu og tak tól vöndu af þeim, eirn af hvörjum höfðingja síns föðurs húss, og skrifa sérhvörs nafn á hans vendi. [3]En Arons nafn skaltu skrifa á vönd Leví. Því að sinn vöndur skal vera fyrir hvert höfuð af þeirra feðra húsi. [4]Og legg þá í vitnisburðarins tjaldbúð fyrir vitnisburðinn þar sem ég vitna fyrir yður. [5]Og þann ég útvel, þess vöndur skal blómgast, að ég megi so stilla mögl Ísraelissona það þeir mögla í móti yður.“ [6]Móses talaði við Ísraelssonu og allir þeirra höfðingjar fengu honum tólf vöndu, hver höfðingi sinn vönd, eftir þeirra feðra húsi, og Arons vöndur var á meðal þeirra vanda. [7]Og Móses lagði vönduna fyrir DROTTIN í vitnisburðarins tjaldbúð.

[8]En um morguninn sem Móses gekk inn í vitnisburðarins tjaldbúð fann han Arons vönd af Leví húsi, að hann var blómgaður orðinn og blómstrið var útsprungið og bar mandelkorn. [9]Og Móses bar alla vönduna út frá DROTTNI til allra Ísraelssona so þeir sáu þá og hvör tók við sínum vendi. [10]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Ber Arons vönd inn aftur fyrir vitnisburðinn so hann sé geymdur til eins merkis þeim óhlýðnu sonum so að þeirra möglan afleggist fyrir mér, so þeir skulu ekki deyja.“ [11]Móses gjörði sem DROTTINN bauð honum. [12]Og Ísraelssynir sögðu til Mósen: „Sjá þú, vér fordjörfumst og deyjum, vér verðum allir afmáðir og fyrirförumst. [13]Hver sem kemur nær tjaldbúð DROTTINS hann deyr. Skulum vér þá með öllu eyðileggjast?“

18 Og DROTTINN sagði til Aron: „Þú og þínir synir og þíns föðurs hús með þér skuluð bera misgjörning helgidómsins og þú og þínir synir með þér skuluð bera misgjörning yðars prestaembættis. [2]En þú skalt taka þína bræður af þíns föðurs Leví slekti til þín

so að þeir skulu vera hjá þér og þjóna þér. En þú og þínir synir með þér skuluð þjóna í vitnisburðarins tjaldbúð. [3]Og þeir skulu taka vara uppá sinni þjónustu og á þeirri allri tjaldbúðarinnar þjónustu. Þó skulu þeir ekki koma við helgidómsins ker eða við altarið so að bæði þeir og þú megið ekki deyja. [4]En þeir skulu vera hjá þér og taka vara á þjónustunni í vitnisburðarins tjaldbúð og á öllu embætti tjaldbúðarinnar og enginn framandi skal nálægjast yður. [5]So takið nú vara á helgidómsins þjónustu og svo á altarisins þjónustu svo að héðan í frá komi ekki meir höstug reiði yfir Ísraelssonu. [6]Því sjá þú, ég hefi tekið yðar bræður Levítana af Ísraelssonum og skenkt yður þá, DROTTNI til einnrar gáfu, að þeir skyldu annast embætti í tjaldbúð vitnisburðarins. [7]En þú og þínir synir skuluð taka vara á yðru prestaembætti svo þér þjónið í öllu því sem heyrir til altarinu og fyrir innan fortjaldið. Því ég gef yður yðart prestaembætti fyrir einn skenk. En komi nokkur framandi þar til þá skal hann deyja.“

[8]Og DROTTINN sagði til Aron: „Sjá, ég hefi gefið þér mínar upplyftingarfórnir af öllu því sem Ísraelssynir helga fyrir þitt og þinna sona prestaembætti, til einnrar eilífrar skikkunar. [9]Það skaltu hafa af öllu því helgasta sem þeir offra, allar þeirra gáfur með öllu þeirra matoffri og með öllu þeirra syndoffri og með öllu þeirra skuldoffri sem þeir gefa mér, það skal vera þér og þínum sonum það allra helgasta. [10]Og þú skalt eta það í þeim allra helgasta stað. Hvað kallkyns er skal eta þar af. [11]Og ég hefi gefið þér það sama upplyftingaroffur af þeirra gáfum með öllu Ísraelissona veifunaroffri, að þú og þínir synir, þínar dætur, skulu hafa þau fyrir eilífa skikkan. Og hver sá sem hreinn er í þínu húsi skal eta þar af. [12]Allt það besta af viðsmjörinu og allt það besta af víninu og allt það fyrsta af kornsins sáði sem þeir gefa DROTTNI það hefi ég gefið þér. [13]Þann fyrsta ávöxt af öllu því sem er í þeirra landi sem þeir gefa DROTTNI það skal vera þitt. Hver sem er hreinn í þínu húsi hann skal eta þar af. [14]Allt það sem bannfært er í Ísrael það skal vera þitt. [15]Allt það sem fyrst opnar sinnar móður kvið af öllu holdi sem eir bera til DROTTINS, hvert það er af mönnum eða af fénaðinum, það skal vera þitt. Þó so að þú látir mannsins frumburð leysast aftur, sá frumburður af óhreinu fé skal og leysast. [16]En þeir skulu leysa það þá það er eins mánaðar gamalt og það skal gefast laust fyrir peninga, fyrir fimm siclos eftir helgidómsins sikli, sem gildir tuttugu gera. [17]En þá frumburði af nautum og sauðum eða geitum skaltu ekki láta til lausnar, því það er heilagt. Þeirra blóði skaltu stökkva á altarið og upptendra þeirra feiti til eins offurs og til eins sæts ilms fyrir DROTTNI. [18]Þeirra kjöt skal heyra þér til líka sem veifunarbringan og sá hægri bógurinn heyrir þér til. [19]Öll upplyftingaroffur sem Ísraelssynir helga DROTTNI hefi ég gefið þér og þínum sonum og þínum dætrum með þér, til einnrar eilífrar skikkunar. Það skal vera þér og þínu sæði með þér einn óforgengilegur sáttmáli fyrir DROTTNI ævinlega.“

[20]Og DROTTINN sagði til Arons: „Þú skalt ekkert eignast í þeirra landi og ekkert hlutskipti á meðal þeirra taka. Því ég er þitt hlutskipti og þinn arfur á meðal Ísraelssona. [21]En ég hefi gefið leví sonu allar tíundir í Ísrael til eins arfs fyrir þeirra þjónustu sem þeir gjöra mér í vitnisburðarins tjaldbúð, [22]að Ísraelssynir skulu ekki meir hér eftir fara til vitnisburðarins tjaldbúðar so að þeir hlaði ekki á sig nokkri synd og deyi. [23]En Levítarnir skulu taka vara á þjónustunni í vitnisburðarins tjaldbúð og þeir skulu bera þeirra annarra misgjörninga til eins eilífs réttar hjá yðar eftirkomendum. Og þeir skulu ekkert arfagóss eignast meðal Ísraelssona,

[24]því ég hefi gefið Levítunum til eins arfs tíundir Ísraelssona sem þeir upplyfta fyrir DROTTNI. Því hefi ég sagt til þeirra að þeir skulu öngvan arf eignast á meðal Ísraelssona.“

[25]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [26]„Tala þú við Levítana og seg þú til þeirra: Þá þér takið þá tíund af Ísraelssonum sem ég hefi gefið yður af þeim til yðars erfðagóss, þá skulu þér gjöra DROTTNI eitt upplyftingaroffur þar af, já þann tíunda part af tíundinni, [27]og það yðart upplyftingaroffur skal reiknast yður, líka sem þér gæfuð kornið af hlöðunni og fyllinguna af vínþrúgunni. [28]So skulu þér og gefa DROTTNI upplyftingaroffur af öllum yðar tíundum sem þér takið af Ísraelssonum, að þér gefið prestinum Aron það sama DROTTINS upplyft offur. [29]Þér skuluð gefa DROTTNI upplyftingaroffur af öllu því sem yður gefst, af öllu því inu besta sem helgað verður þar af. [30]Og segðu til þeirra: Þá þér so upplyftið því besta þar af þá skal það reiknast Levítunum til, líka sem ein inntekt af kornhlöðunni og líka sem ein inntekt af vínpressunni. [31]Og þetta megi þér eta á öllum stöðum, þér og yðar börn, því það eru yðar laun fyrir yðar þjónustu í vitnisburðarins tjaldbúð. [32]Svo hlaðið ekki á yður syndum með því þá þér upplyftið því besta þar af og vanhelgið ekki Ísraelssona helgi, so skulu þér ekki deyja.“

19 Og DROTTINN talaði við Mósen og Aron og sagði: [2]„Þessi skikkan skal vera eitt lögmál sem DROTTINN hefur boðið og sagt: Seg til Ísraelssona að þeir leiði eina rauða kú til þín án lýta, sem öngvan vanka hefur á sér og sú sem enn hefur ekkert ok borið. [3]Og fáið prestinum Eleasar hana í hendur, hann skal færa hana út fyrir herbúðirnar og láti slátra henni þar fyrir sér. [4]Og presturinn Eleasar skal taka af hennar blóði með sínum fingri og stökkva því strax sjö sinnum mót vitnisburðarins tjaldbúð [5]og láta uppbrenna kúna fyrir sér, bæði hennar húð og hold og so hennar blóð og myki. [6]Og presturinn skal taka sedrustré og ísóp og purpuraull og kasta því í logann þá kýrin brennur. [7]Og hann skal þvo sín klæði og baða sinn líkama í vatni og fara so inn í herbúðirnar og vera óhreinn til kvelds. [8]Og sá sem hana brenndi skal og þvo sín föt í vatni og baða sinn líkama í vatni og vera óhrein til kvelds. [9]Og einn maður sá sem hann er hreinn skal samansafna öskunni af kúnni og hella henni út fyrir herbúðirnar á hreinan stað svo hún megi vera þar geymd fyrir almúgann af Ísraelissonum til eins áðreifingarvats, því það er eitt syndaoffur. [10]Og sá sami sem öskunni safnaði af kúnni skal þvo sín klæði og vera óhreinn til kvelds. Þetta skal vera ein eilíf skikkan fyrir Ísraelssonu og fyrir þá útlendu sem búa á millum yðar.

[11]Hver sem kemur við nokkurn dauðan mann sá skal vera óhreinn í sjö daga. [12]Hann skal með þessu (vatni) yfirstökkvast þann þriðja dag og þann sjöunda dag, so er hann hreinn. En ef hann verður ekki yfirstökktur þann þriðja dag og þann sjöunda dag þá blífur hann ekki hreinn. [13]En ef nokkur snertir dauðan mann og vill ekki láta yfirstökkva sig, sá gjörir DROTTINS tjaldbúð óhreina og svoddan sál skal afmást af Ísrael, því að dreifingarvatni er ekki stökkt á hann. So er hann óhreinn svo lengi sem hann lætur sig ekki hreinsa þar af.

[14]Þetta er lögmál þá nokkur maður deyr í tjaldbúðum. Hver sem gengur inn í sama tjald og allt það sem er í tjaldinu skal vera óhreint í sjö daga. [15]Og hvert opið ker sem ekki er lok yfir eða bundið yfir, það er óhreint. [16]Og hver sem hrærir við nokkurn sem sleginn er til dauðs út á mörkinni með sverði eða við nokkurn annan sem öðruvís liggur dauður eða við manns bein eða gröf, hann er óhreinn í sjö

daga. [17]Svo skulu þeir nú taka fyrir þann inn óhreina af þeirri brenndu syndaoffurs ösku og láta rennandi vatn þar útyfir í eitt ker. [18]Og einn hreinn maður skal taka ísóp og drepa í vatnið og stökkva á tjaldbúðina og öll ker og allar sálir sem þar inni eru og líka þann sem komið hefur við þess dauða manns bein eða í hel slegna eða við framliðins gröf, [19]þá skal sá hreini stökkva á þann óhreina á þriðja degi og á sjöunda degi. Og á sjöunda degi skal hann leysa hann og hann skal þvo sín klæði og lauga sig í vatni, þá verður hann hreinn um kveldið.

[20]Hver sem verður óhreinn og vill ekki láta sig afleysa, þess sál skal afmáð verða frá almúganum. Því hann hefur gjört DROTTINS helgidóm óhreinan og er ekki ádreifður með dreifingarvatninu, þar fyrir er hann óhreinn. [21]Og þetta skal vera þeim ein eilíf skikkan. Og sá sem stökkvir dreifingarvatninu hann skal og þvo sín klæði og hver sem snertur dreifingarvatnið sá skal vera óhreinn til kvelds [22]og allt það hann kemur við verður óhreint. Og hver sál sem snertir hann sú skal vera óhrein til kvelds.“

20 Og Ísraelssynir komu og allur almúginn í þá eyðimörku Sín á þeim fyrsta mánuði og fólkið lá í Kades. Og þar andaðist María og var þar jörðuð.

[2]Og almúgann brast vatn og safnaðist saman í mót Móse og Aron. [3]Og almúginn þráttaði í gegn Móse og sagði: „Guð gæfi að vær hefðum dáið þar sem vorir bræður dóu fyrir DROTTNI. [4]Því leiddu þið Guðs fólk hingað í þessa eyðimörk að vér skyldum so hér deyja með voru kvikfé? [5]Og því færðir þú oss af Egyptalandi hingað í þennan vonda stað þar menn kunna ekki að sá, þar hvorki vaxa fíkjur né víntré og eigi granataepli og að auk þessa er hér ekki vatn að drekka.“ [6]En Móses og Aron gengu frá almúganum í vitnisburðarins tjaldbúðardyr og féllu fram á sínar ásjónur. Og dýrðin DROTTINS birtist þeim.

[7]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [8]„Tak þinn vönd og samansafna almúganum, þú og þinn bróðir Aron, og tala þú við steininn fyrir þeirra augum so þeir og heyri, þá mun hann gefa vatn af sér. So skaltu leiða þeim vatn af þeim steini og gef almúganum að drekka og hans fénaði. [9]Þá tók Móses vöndinn fyrir DROTTNI sem hann hafði bífalað honum.

[10]Og Móses og Aron samansöfnuðu almúganum til steinsins og sagði til þeirra: „Heyri þér óhlýðugir. Munu vér og geta leitt yður vatn af þessum steini?“ [11]Og Móses upplyfti sinni hendi og sló tvisvar á steininn með vendinum. Þá kom mikið vatn út so að almúginn drakk og þeirra allur fénaður. [12]Og DROTTINN sagði til Mósen og Aron: „Sökum þess að þið trúðuð mér ekki og helguðuð mig ekki fyrir Ísraelssonum þá skulu þið ekki innleiða þennan almúga í það land sem ég vil gefa þeim.“ [13]Þetta er Mótmælisvatn, þar sem Ísraelssynir þráttuðu í gegn DROTTNI og hann helgaðist á þeim.

[14]Og Móses sendi boð af Kades til kóngs þeirra Edómítarum, segandi: „Ísrael þinn bróðir lætur þér so segja: Þú veist allt það erfiði sem oss hefur skeð, [15]að vorir forfeður ferðuðust ofan í Egyptaland og vér bjuggum langa ævi í Egyptalandi og að Egyptarnir þjáðu oss og vora forfeður. [16]Og vér kölluðum til DROTTINS, hann heyrði vora raust og sendi oss einn engil og leiddi oss af Egyptalandi. Og sjá nú, að vér erum nú í Kades stað hjá þínum landamerkjum: [17]Leyf oss að fara í gegnum þitt land. Vér viljum hverki ganga yfir akra né víngarða og eigi heldur drekka vatnið af brunnunum, vér viljum fara þjóðgötur og víkja hverki til vinstri né hægri handar fyrr en vér erum komnir yfir þín landamerki.“ [18]Og Edómítar

sögðu til þeirra: „Þú skalt ekki reisa í gegnum mitt land, ella vil ég draga í móti þér með sverði.“ [19]Ísraelssynir sögðu til hans: „Vér viljum fara þann beinsta veg og ef vér drekkum af þínu vatni, vér og vor fénaður, þá viljum vér það betala. Vér viljum ekki annars en ganga á fæti hér í gegnum. [20]En hann sagði: „Þú skalt ekki ferðast hér í gegnum.“ Og Edómítarnir drógu út í móti þeim með miklu liði og með einni megtugri hönd. [21]So vörnuðu Edómítar Ísrael að draga í gegnum þeirra landamerki. Og Ísrael veik frá þeim.

[22]Og Ísraelssynir ferðuðust frá Kades og komu með allan almúgann til þess fjalls Hóreb. [23]Og DROTTINN talaði við Mósen og Aron á fjallinu Hór hjá Edómítis landamerkjum og sagði: [24]„Safnist Aron til síns fólks, það hann skal ekki koma í það land sem ég hefi gefið Ísraelssonum. Því að þið voruð mínum munni óhlýðugir hjá Mótmælisvatni. [25]Tak Aron og hans son Eleasar og leið þá báða uppá fjallið Hór [26]og fær þú Aron af hans klæðum og fær þú hans son Eleasar í þau og Aron skal fara og deyja þar.“ [27]Þá gjörði Móses sem DROTTINN hafði bífalað honum og þeir gengu uppá fjallið Hór fyrir öllum almúganum. [28]Og Móses færði Aron af sínum klæðum og færði hans son Eleasar í þau. Og Aron andaðist þar á því fjalli. En Móses og Eleasar gengu ofan af fjallinu. [29]Og þá allur almúginn sá að Aron var í burt grétu þeir hann í þrjátygu daga, já, allt Ísraels hús.

21 Þá Arad kóngur Kananeorum sem bjó í suður heyrði að Ísrael var kominn að vegi njósnarmanna þá barðist hann á móti Ísrael og tók nokkra til fanga af þeim. [2]Þá hét Ísraelslýður DROTTNI einu heiti og sagði: „Þegar þú gefur þetta fólk undir mína hönd þá vil ég og bannfæra þeirra borgir.“ [3]Og DROTTINN heyrði Ísraelis raust og gaf þeim Kananítana og þeir bannfærðu þá og þeirra borgir og kölluðu þann stað Harma.

[4]Síðan reistu þeir frá því fjalli Hór á veginum sem liggur til þess rauða Hafs, að þeir færi um kring landið þeirra Edómítis. Og fólkinu leiddist vegalengdin [5]og talaði í móti Guði og í mót Móse: „Því færðir þú oss af Egyptalandi svo að vér dæjum í þessari eyðimörku? Því hér er hverki brauð né vatn og vorar sálir velgir við þessari léttri fæðu.“ [6]Þá sendi DROTTINN brennandi höggorma á meðal fólksins. Þeir bitu fólkið so að margir dóu af Ísrael. [7]Þá komu þeir til Mósen og sögðu: „Vér höfum syndgast í því að vér höfum talað í móti DROTTNI og í móti þér. Bið þú DROTTINN að hann vilji taka þessa höggorma frá oss.“ Og Móses bað fyrir fólkinu. [8]Þá sagði DROTTINN til Mósen: „Gjör þér einn eirorm og reis hann upp til eins merkis. Hver sem er bitinn og lítur á hann sá skal lifa.“ [9]Þá gjörði Móses einn eirorm og reisti hann upp til eins merkis. Og þegar eirn höggormur beit nokkurn þá leit sá til eirormsins og hélt lífi.

[10]Og Ísraelssynir voru í Óbót. [11]Þeir fóru frá Óbót og lögðu sig í Jim hjá Abarímfjalli í eyðimörkunni, þvert yfir frá Móab í mót sólarinnar uppgangi. [12]Þeir ferðuðust þaðan og lögðu sig hjá þeim læk Sared. [13]Þá drógu þeir þar frá og lögðu sig þessumegin Arnon sem liggur í eyðimörku og strekkir sig þaðan út til Móabítanna landamerkja. Því að Arnon er Móabs landamerki millum Móab og þeirra Amoríta. [14]Þar fyrir segist í Bardagabók DROTTINS að Vaheb í Súfa og Arnonlækur [15]og lækjanna uppsprettur taka til borgar Ár og beygir sig og er Móabítanna landamerki.

[16]Og þeir ferðuðust þaðan og komu að einum brunni, það er sá brunnur sem DROTTINN talaði um við Mósen: „Samansafna fólkinu, ég vil gefa þeim vatn.“ [17]Þar söng Ísrael þessa vísu og eirn söng til annars yfir brunninum:

18„Þessi er sá brunnur sem höfðingarnir hafa grafið, þeir göfugu á meðal fólksins hafa grafið hann, fyrir lærimeistarann og þeirra stafi.“

Þeir fóru frá þessari auðn til Matana 19og frá Matana til Nahalíel og frá Nahalíel til Bamót 20og frá Bamót til þess dals sem liggur í Móabíta landi, til þess háa fjallsins Pisga sem breiðist við eyðimörkinni.

21Og Ísrael sendi boð til Síhon Amorítakóngs og lét segja honum: 22„Leyf mér að fara í gegnum þitt land. Vér viljum ekki víkja út á akrana og ekki í víngarðana, vér viljum og ekki drekka vatnið af brunnunum, vér viljum fara þjóðbrautir þar til að vér komum í gegnum þín landamerki.“ 23En Síhon vildi ekki gefa Ísrael fararleyfi í gegnum sín landamerki heldur safnaði hann að sér öllu sínu fólki og dró út í mót Ísrael í eyðimörkina. Og þá hann kom til Jaksa barðist hann við Ísrael. 24En Ísrael sló hann með sverðseggjum og eignaðist hans land frá Amón og allt til Jabob og allt til Arnonsona, því Ammónssona landamerki voru rambyggð. 25So tók Ísrael alla þessa staði og bjó í öllum Amorítanna stöðum í (borg) Hesbon og öllum hennar dætrum. 26Því að borgin Hesbon heyrði Síhon Amorítanna kóngi til og hann hafði áður strítt í móti kónginum þeirra Móabítarum og tekið hans land frá honum allt til Arnon. 27Hér af segja menn í sínum orðskviðum:

„Komið til Hesbon að byggja og uppreisa Síhon stað. 28Því þar er kominn eldur af Hesbon, einn logi af Síhonstað, sem hefur uppétið ár þeirra Móabítanna og borgarana þeirrar hávu Arnon.

29Vei þér Móab, þú Kamosfólk ert fortapað, hans synir eru slegnir á flótta og hans dætur eru herteknar, hafðar í burt til Síhon kóngsins Amorítarum. 30Þeirra prýði er orðin að öngvu frá Hesbon og inn til Díbon. Hún er eyðilögð allt til Nófa sem tekur til Medba.“ 31Svo bjó Ísrael í Amorítanna landi. 32Og Móses sendi njósnarmenn út til Jaeser og þeir unnu hans undirborgir og tóku þá Amoríta sem þar bjuggu. 33Og þeir sneru sér og drógu upp að veginum til Basan. Þá dró Óg kóngurinn af Basan út í móti þeim með allt sitt fólk til að berjast í Edrei. 34Og DROTTINN sagði til Mósen: „Óttast hann ekki því ég hef gefið hann í þínar hendur með landi og lýðum. Og þú skalt gjöra við hann líka sem þú gjörðir við Síhon Amorítanna kóng sem bjó í Hesbon.“ 35Og þeir slóu hann og hans sonu og allt hans fólk so þar var ekki ein eftir og eignuðust allt það land.

22 Eftir þetta fóru Ísraelssynir og settu herbúðir sínar á völlum Móab, hinumegin Jórdanar, gagnvart Jeríkó. 2Þá Balak son Sipór sá allt það sem Ísrael hafði gjört þeim Amoreis 3og að Móabítarnir voru mjög hræddir fyrir þessu fólki sem so var margt og að Móabítarnir voru óttaslegnir fyrir Ísraelssonum4og sögðu til öldunganna í Madían: „Nú mun þessi flokkur uppéta allt það sem er í kringum oss líka sem uxar uppéta grasið á mörkinni. “En Balak son Sipór var í þann tíma kóngur þeirra Móabíta. 5Og hann útsendi menn til Balaam sonar Beór til Petór, hann bjó hjá vatninu í landi sona síns fólks, að þeir skyldu kalla hann og segja honum svo: „Sjá, þar er eitt fólk komið af Egyptalandi, það hylur andlit jarðarinnar og liggur gagnvart mér. 6Þar fyrir kom nú og bölva fyrir mig þessu fólki því það er styrkvara en ég, ef ég mætta slá það og burtrýma það af landinu. Því ég veit hverjum þú bölvar hann er bölvaður og hvörjum þú blessar hann er blessaður.“

7Og öldungar þeirra Móabítis fóru með þeim elstu af þeim Madíanítis og höfðu spásagnalaunin í sínum höndum og þeir gengu inn til Balaam og sögðu honum orð Balak. 8Og hann sagði til

þeirra: „Verið hér í nótt, so vil ég gefa yður svar aftur eftir því sem DROTTINN segir mér.“ So voru höfðingjarnir Móabítarum hjá Balaam. 9Og Guð kom til Balaam og sagði: „Hverjir eru þeir menn sem komnir eru til þín?“ 10Balaam sagði til Guðs: „Balak son Sipór, Mótabítarum kóngur, sendi þá til mín: 11Sé, þar er eitt fólk komið af Egyptalandi og hylur andlit jarðar. So kom nú og bölva þeim ef ég mætti berjast við þá og reka þá burt.“ 12Guð sagði til Balaam: „Far ekki með þeim og eigi heldur skalt þú bölva þessu fólki því það er blessað.“ 13Þá stóð Balaam árla upp um morguninn og sagði til höfðingja Balak: „Farið heim í yðart land því DROTTINN vill ekki leyfa mér að fara með yður.“ 14Höfðingarnir Móabítarum tóku sig upp, komu heim og fundu kónginn Balak og sögðu: „Balaam vildi ekki fara með oss.“

15Þá sendi Balak enn í annað sinn, megtugri og veglegri höfðingja heldur en það hinir fyrri voru. 16Þá þeir komu til Balaam sögðu þeir til hans: „So lætur Balak son Sipór segja þér: Kæri, dvel þú ekki að koma til mín 17því ég vil gjöra þér stóra æru og hvað þú segir mér til það vil ég gjöra. Ég bið, kom og bölva fyrir mér þessu fólki.“ 18Balaam svaraði og sagði til þénara Balak: „Þótt Balak vildi gefa mér hús sitt fullt með silfur og gull þá kynna ég þó ekki að yfirtroða orð míns DROTTINS Guðs, hverki í miklu né litlu nokkuð að gjöra. 19Verið þó sem áður hér þessa nótt svo ég megi vita hvað DROTTINN vill enn framar meir tala við mig.“ 20Þá kom Guð um nóttina til Balaam og sagði til hans: „Ef þessir menn eru komnir hingað að kalla þig þá tak þig upp og far með þeim. En þó skaltu það gjöra sem ég segi þér.“

21Þá stóð Balaam upp um morguninn og söðlaði ösnu sína og fór af stað með Móabítis höfðingjum. 22En Guð reiddist mjög að hann ferðaðist þangað og engill DROTTINS gekk fram í veginn að standa honum í móti. En hann reið á sinni ösnu og hafði tvo þénara með sér. 23Og asnan sá engil DROTTINS standa í veginum hafandi brugðið sverð í sinni hendi og asnan veik af götunni og gekk á akurinn. En Balam sló hana so hún skyldi ganga veginn. 24Þá gekk engill DROTTINS fram í eitt garðshlið sem lá fram með nokkrum víngarði þar sem veggir voru á báðar síður. 25Og sem asnan sá engil DROTTINS þrengdi hún sér upp að veggnum og kreisti Balaams fót upp við vegginn. Og hann sló hana enn meir. 26Þá gekk engill DROTTINS enn lengra fram og á einn mjóan stíg þar sem hvergi mátti afvíkja, hverki til vinstri né til hægri hliðar. 27Og sem asnan sá engil DROTTINS féll hún niður undir Balaam. Þá varð Balaam mjög reiður og hann sló ösnuna með stafnum. 28Þá upplauk DROTTINN munni ösnunnar og hún sagði til Balaam: „Hvað hefi ég þess gjört þér að þú hefur nú slegið mig þrysvar?“ 29Balaam sagði til ösnunnar: „Fyrir því sló eg þig að þú hæðir mig; væri svo vel að ég hefði nú sverð í minni hendi skylda ég drepa þig.“ 30Asnan svaraði Balaam: „Er ég ekki þín asna þeirri þú hefur riðið þína tíð inn til þessa dags? Eða nær gjörða ég þér slíkt?“ Hann sagði: „Aldrei.“

31Þá upplauk DROTTINN augum Balaam svo að hann sá engil DROTTINS standa í veginum með brugðnu sverði í sinni hendi. Og Balaam laut niður og féll fram á sína ásjónu. 32Og engill DROTTINS sagði til hans: „Hvar fyrir hefur þú slegið so þína ösnu í þrjár reisur? Sjá, ég er útfarinn til þess að standa þér í móti því þinn vegur er mér mótstaðlegur. 33Og asnan sá mig og veik þrisvar fyrir mér. En hefði hún ekki vikið fyrir mér þá vilda ég hafa slegið þig í hel en látið ösnuna lifa.“ 34Þá sagði Balaam til DROTTINS engils: „Ég hefi syndgast því ég vissi ekki að þú stóðst í mót mér á veginum. Og ef þessi mín reisa þóknast þér ekki þá vil ég snúa aftur.“ 35Engill

DROTTINS sagði til hans: „Far þú með þessum mönnum en þú varast að þú talir neitt annað en það sem ég segi þér.“ So fór Balaam með höfðingjum Balak.

[36]Og sem Balak spurði komu Balaam fór hann út í mót honum til eins staðar þeirra Móabítis hver að liggur í landamerkjum Arnon, sem er hjá þeim ystu landamerkjum, [37]og sagði til hans: „Senda ég ekki boð til þín og lét kalla þig? Því komstu þá ekki til mín? Eða meinar þú ekki að ég geti heiðrað þig?“ [38]Balaam svaraði: „Sjá, ég er kominn til þín. En hvernin má ég nokkuð annað mæla en það sem Guð leggur mér í munn, það mun ég mæla. [39]So fór Balaam með Balak og þeir komu í gatnaborgirnar. [40]Og Balak offraði nautum og sauðum og sendi eftir Balaam og þeim höfðingjum sem voru hjá honum. [41]Um morguninn tók Balak Balaam og hafði hann upp á Baalshæð so hann mætti sjá þaðan yfir hlut herbúða fólksins.

23 Og Balaam sagði til Balak: „Gjör mér hér sjö altari og skikka mér hingað sjö uxa og sjö hrúta.“ [2]Og Balak gjörði sem Balaam sagði og þeir báðir, Balak og Balaam, færðu fórnir, já, uppá hvert altari einn uxa og einn hrút. [3]Og Balaam sagði til Balak: „Stattu hjá þínu brennioffri. Ég vil ganga í burt ef ske mætti að DROTTINN mæti mér so ég kunngjöri þér hvað hann undirvísar mér.“ Og hann gekk skyndilega af stað. [4]Og DROTTINN mætti Balaam en hann sagði til hans: „Ég hefi tilbúið sjö altari og offrað einum uxa og einum hrút yfir hvert altari.“ [5]Þá lagði DROTTINN orðið í munn Balaam og sagði: „Gakktu til Balak aftur og seg þú so.“ [6]Og sem hann kom til hans aftur, sjá, þá stóð hann hjá sinni brennifórn með öllum Móabítis höfðingjum. [7]Þá upphóf Balaam sitt mál og sagði: „Af Sýría hefur Balak Móabítis kóngur látið kalla mig, frá fjöllunum í austri: Kom og bölva fyrir mig Jakob, kom, formæl þú Ísrael. [8]Með hverju móti má ég bölva þeim sem Guð ekki bölvar? Eða hvernin má ég formæla þeim sem Guð ekki formælir? [9]Því ég sé hann vel af þessum háu björgum og af hæðunum skoða ég hann. Sjá, það fólk skal sér í lagi búa og ekki reiknast á meðal heiðingja. [10]Hver kann að telja duft Jakobs eða töluna af einum fjórðaparti Ísraels? Mín sál deyi réttlátra manna dauða og mitt hið síðasta verði líka sem þeirra.“

[11]Þá sagði Balak til Balaam: „Hvað gjörir þú mér? Ég lét sækja þig að bölva mínum óvinum og sjá, þú blessar þá?“ [12]Hann svaraði og sagði: „Skal ég það ekki halda og tala sem DROTTINN leggur mér í munn?“

[13]Balak sagði til hans: „Kom enn með mér á einn annan stað af hverjum þú kannt að sjá nokkuð af þeim og þó ei alla og bölva þeim þar fyrir mig.“ [14]Og hann færði hann uppá eirn njósnarhól á hvirfli fjallsins Pisga og byggði þar sjö altari og offraði yfir hvert altari einum uxa og einum hrút. [15]Og sagði til Balak: „Statt þú hér hjá þinni brennifórn, ég vil þar að gæta.“ [16]Og DROTTINN mætti Balaam og gaf honum orðið í hans munn og sagði: „Far til Balak aftur og tala so.“ [17]Og sem hann kom til hans aftur, sjá, þá stóð hann hjá sínu brennioffri með Móabítis höfðingjum. Og Balak sagði til hans: „Hvað sagði DROTTINN?“

[18]Og hann upphóf sitt mál og sagði:
„Rís upp Balak og heyr þú til. Gaumgæf þú hvað ég segi, þú son Sipór. [19]Guð er ekki maður að hann ljúgi, eigi heldur mannsson svo hann angri nokkuð. Skyldi hann segja nokkuð og gjöra það ekki? Skyldi hann tala nokkuð og halda það ekki? [20]Sjá, ég er hafður hingað að blessa. Ég blessa og má því ekki umbreyta. [21]Menn sjá öngva mæðu í Jakob og ekkert erfiði í Ísrael. DROTTINN hans

Guð er hjá honum og kóngsins lúðrar á meðal þeirra. 22Guð færði þá af Egyptalandi, hans styrkleiki er líka sem eins einhyrnings. 23Því ekkert fjölkynngi er í Jakob og enginn spásagnari í Ísrael. Á sínum tíma skulu menn tala um Jakob og Ísrael hverjar dásemdir Guð gjörir. 24Sjá þú, það fólk skal uppstanda sem einn ungur león og það skal upphefja sig sem eitt león. Það skal ekki leggja sig fyrr en það uppétur herfangið og drekkur blóðið af því sem í hel er slegið.“

25Þá sagði Balak til Balaam: „Þú skalt hverki bölva þeim né blessa.“ 26Balaam svaraði og sagði til Balak: „Hef ég ekki sagt þér að allt það sem DROTTINN segir það skal ég gjöra?“ 27Balak sagði til hans: „Kom þó sem áður, ég vil leiða þig enn til eins staðar. Mætti ske að Guð vildi sér þóknast láta að þú bölvar þeim þar fyrir mig. 28Og hann færði hann á eina hæstu hæð fjallsins Peór sem að horfir til eyðimerkur. 29Og Balaam sagði til Balak: „Gjör mér hér sjö altari og lát mig fá sjö uxa og sjö hrúta.“ 30Balak gjörði sem Balaam sagði og offraði einum uxa og einum hrút yfir hvert altari.

24 Sem Balaam sá nú að það þóknaðist DROTTNI að hann blessaði Jakob fór hann ekki tilfjölkynngi sem áður heldur sneri hann sinni ásjónu strax til eyðimerkur, 2upphóf sín augu og sá Ísrael, hvernin þeir láu eftir sínum kynkvíslum. Og Guðs Andi kom yfir hann 3og hann tók til að tala og sagði:

„Það segir Balaam son Beór, það segir hann hvers augum er upplokið, það segir 4heyrari guðlegra mála, sem sér opinberan þess Allsmegtugasta, sá hvers augu að upp eru lokin þá hann fellur á sín kné. 5Ó hversu fögur eru þín landtjöld Jakob og þínar tjaldbúðir Ísrael, 6líka sem lækir útbreiðast og aldingarðarnir við vötnin, sem þau tjöld er sjálfur DROTTINN plantaði, sem sedrusviðartré hjá vatni. 7Þar mun renna vatn af hans skjólu og hans sáð skal blífa eitt stórt vatn. Hans kóngur skal blífa hærri en Agag og hans ríki skal upphefja sig. 8Guð leiddi hann af Egyptalandi, hans styrkleiki er líka sem einhyrnings. Hann mun uppsvelgja heiðingjana þeir eð hann ofsækja og í sundurmelja þeirra bein og slá þá smátt með sínum skotum. 9Hann hefur lagt sig niður sem eitt león og sem eirn ungur león. Hver vill uppreisa sig í móti honum? Blessaður er sá sem þér blessar og bölvaður er sá sem þér bölvar.“

10Þá varð Balak gramur og reiður uppá Balaam og sló höndum saman og sagði til hans: „Ég lét sækja þig so að þú skyldir bölva mínum óvinum og sjá, þú hefur nú þrysvar blessað þá. 11Far nú heim í þinn stað. Ég þenkta mér að veita þér heiður en DROTTINN hefur svipt þig þeim heiðri.“ 12Balaam svaraði honum: „Hvort sagða ég ekki þetta þínum sendimönnum sem þú sendir til mín? 13Þótt Balak gefi mér sitt hús fullt af gulli og silfri þá kann ég ekki að gjöra í móti DROTTINS orðum, hverki ið vonda né ið góða, eftir mínu hjarta, heldur hvað DROTTINN segir mér það mun ég tala. 14Og sjá nú, þá ég fer til míns fólks, kom þú þá, svo vil ég ráðleggja þér hvað þetta fólk skal gjöra þínu fólki á seinustum tíma.“ 15Og hann upphóf sitt mál og sagði: „Þetta segir Balaam son Beór, það segir sá maður hvers augum upp er lokið, 16það segir heyrari guðlegra mála og sá sem hefur vísdóm þess allra hæsta, sá sem sér opinberan þess Almáttuga, hann hvers augu eru opnuð þá hann fellur fram:

17Ég mun sjá hann en ekki nú, ég skal skoða hann en ekki í nánd. Þar mun upprenna ein stjarna af Jakob og ein ríkisspíra skal upprísa af Ísrael og mun í sundurmerja Móabítis höfðingja og eyðileggja alla sonu Set. 18Edóm mun

hann eignast og Síer skal vera sínum óvinum undirgefin. En Ísrael skal hafa sigurinn. 19Af Jakob mun sá koma eð yfirdrottnar og eyðileggur það sem eftir er af stöðunum.“ 20Og þá hann sá Amalek upphóf hann sitt mál og sagði: „Amalek er sá fyrsti á meðal heiðingja en með það síðsta skaltu með öllu eyðileggjast.“ 21Og sem hann sá Keníterna hóf hann sitt mál og sagði: „Rambyggt er þitt heimili og þú hefur byggt þitt hreiður í bjargskorum 22en þú, Kain, þú skalt brennast þá Asser flytur þig fanginn í burt.“

23Og hann upphóf enn sitt mál og sagði: „Ó hver mun lifa þá Guð mun gjöra þetta? 24Og skipin af Kitím skulu fordjarfa Assúr og Eber en hann mun að síðustu eyðileggjast.“

25Og Balaam tók sig upp og fór þaðan og kom til síns staðar aftur en Balak fór sinn veg.

25 Og Ísrael bjó í Sitím og fólkið tók til að fremja hóranir með dætrum þeirra Móabítis, 2hverjar að buðu fólkinu til offurs sinna skurgoða. Og fólkið át og tilbað þeirra skurgoð 3og Ísrael samtengdist Baal Peór. Því gramdist reiði Drottins yfir Ísrael 4og hann sagði til Mósen: „Taktu alla höfðingja fólksins og heng þá upp í móti sólunni fyrir Drottni so að grimmdarreiði Drottins snúist frá fólkinu.“ 5Og Móses sagði til Ísraels dómenda: „Hver drepi sína menn þá sem samtengst hafa Baal Peór.“

6Og sjá, einn maður af Ísraelssonum kom og leiddi eina madíaneska kvinnu til sinna bræðra að ásjáanda Móse og öllum almúganum Ísraelissona þeir eð grétu fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum. 7En sem Píneas son Eleasar sonar Arons prests sá það stóð hann upp frá almúganum og tók eitt spjót í hönd sér 8og gekk inn í hóruhúsið eftir þeim Ísraelismanni og lagði þau bæði í gegnum lífið, þann Ísraelismann og so kvinnuna. Þá stilltist sú plága strax sem komin var yfir Ísraelssonu. 9Og þar féllu í þeirri plágu fjórar og tuttugu þúsundir manna.

10Og Drottinn talaði við Mósen og sagði: 11„Píneas son Eleasar sonar Arons prests hann hefur snúið minni reiði frá Ísraelssonum fyrir sitt vandlæti minna vegna, svo ég ekki í minni vandlætingu eyðileggi Ísraelssonu. 12Þar fyrir segðu: Sjá, ég gef honum sáttmála míns friðar 13og hann og hans sæði eftir hann skulu hafa þann sáttmála til eins eilífs kennimannskapar sökum þess að hann vandlætti vegna síns Guðs og forlíkti Ísraelssonu.“

14En sá Ísraelíta sem var sleginn með þeirri madíaneskri kvinnu hét Simrí son Salú, einn höfðingi yfir Símeon föðurs húsi. 15En sú madíaneska kvinna sem og slegin var hét Kasbí dóttir Súr, sem var höfðingi einnar kynkvíslar þeirrar Madíanítarum.

16Og Drottinn talaði við Mósen og sagði: 17„Gjörið skaða þeim Madíanítis og sláið þá 18því þeir hafa gjört yður skaða með sínum svikum sem þeir veittu yður fyrir Peór og þeirra systir Kasbí, þess Madíanítis höfðingja dóttir sem slegin var á plágunnar degi fyrir Peór skuld og plágan kom þar eftir.“

26 Og Drottinn talaði til Mósen og Eleasar son Arons prests: 2„Teljið allan almúga Ísraelissona, tvítuga og þaðan af eldri, eftir þeirra feðra húsi, alla þá sem færir eru til bardaga á meðal Ísrael.“ 3Og Móses og Eleasar prestur töluðu við þá á völlum Móab hjá Jórdan gegnt Jeríkó, 4þeir sem tuttugu ára voru og þaðan af eldri, svo sem Drottinn hafði boðið Móse og Ísraelssonum sem farið höfðu af Egyptalandi. 5Rúben Ísraelis frumgetni son. Þessir voru synir Rúben: Hanok af hverjum Hanok ættkvísl kemur, Pallú af hverjum að kemur Pallúíta ættkvísl, 6Hesrom af hverjum Hesromíta ætt-

kvísl kemur, Karmí af hverjum Karmíta ættkvísl kemur. [7]Þetta eru ættkvíslir frá Rúben og þeir voru að tölu þrjár og fjörutygi þúsundir sjö hundruð og þrjátygir. [8]En synir Pallú voru Elíab [9]og synir Elíab voru Nemúel og Datan og Abíram. Það er sá Datan og Abíram sem voru nafnkunnugir á meðal almúgans, þeir sem settu sig upp í móti Móse og Aron með þeim selskap Kóra, þá þeir settu sig upp í móti DROTTNI. [10]Og jörðin upplét sinn munn og svelgdi þá með Kóra þá sá flokkur dó og eldurinn uppbrenndi tvö hundruð og fimmtygi manna og voru til eins merkis. [11]En synir Kóra dóu ekki.

[12]Synir Símeon í þeirra ættkvíslum voru: Nemúel, þaðan er komin Nemúelítanna ættkvísl; Jamín, þaðan er komin Jamíta ættkvísl; Jakín, þar af kemur Jakítanna ættkvísl; [13]Sera, þar af kemur Serahítanna ættkvísl; Sál, þar af er komin Sálítanna ættkvísl. [14]Þessi kynslóð er komin af Símeon, tvær og tuttugu þúsundir og tvö hundruð.

[15]Synir Gað í þeirra ættkvíslum voru Sífón, þar af kemur Sífónítanna ættkvísl; Haggí, þar af kemur Haggítanna ættkvísl; Súní, þar af kemur Súnítarna ættkvísl; [16]Osní, þar af kemur Osnítanna ættkvísl; Erí, þar af er komin Erítanna ættkvísl; [17]Aród, þar af er komin Aródítanna ættkvísl; Aríel, þar af er komin Aríelítanna ættkvísl. [18]Þetta eru ættkvíslir sona Gað eftir þeirra tölu, fjörutygi þúsundir og fimm hundruð.

[19]Synir Júda: Ger og Ónan, hverjir báðir dóu í Kanaanslandi. [20]En synir Júda í þeirra kynkvíslum voru þessir: Sela, þar af kom Selaítanna ættkvísl; Peres, þar af er komin Peresítanna ættkvísl; Sera, þar af er kamin Serahítanna ættkvísl. [21]En synir Peres voru: Hesron, þar af er komin Hesronítanna ættkvísl; Hamúl, þar af kemur Hamúlíta ættkvísl. [22]Þetta eru Júda kynkvíslir í þeirra tölu, sex og sjötygi þúsundir og fimm hundruð. [23]Synir Ísaskar í þeirra kynkvíslum voru: Tóla, þar af er komin Tólaítanna ættkvísl; Púa, þar af er komin Púanítanna ættkvísl; [24]Jasúb, þar af er komin Jasúbítanna ættkvísl; Símeon, þar af kemur Símeoníta ættkvísl. [25]Þessar eru Ísaskar ættkvíslir í sinni tölu, fjórar og sextygi þúsundir og þrjú hundruð.

[26]Synir Sebúlon í þeirra kynkvíslum: Sared, þar af kemur Sardíta ættkvísl; Elon, af honum kemur Eloníta ættkvísl; Jahelel, þar af er komin Jahelelíta ættkvísl. [27]Þessar eru ættkvíslir Sebúlon eftir þeirra tölu sextygu þúsundir og fimm hundruð. [28]Synir Jósef í þeirra kynkvíslum voru: Manasse og Efraím. [29]En synir Manasse voru: Makír, þar af er komin Makírítanna kynkvísl. Makír gat Gíleað, þar af er komin Gíleaðíta ættkvísl. [30]En þessir eru synir Gíleað: Héser, þar af er komin Héseiternis ættkvísl; Helek, þar af er komin Helekítanna ættkvísl; [31]Asríel, þar af er komin Asríelítanna ættkvísl; Síkem, þar af er komin Síkemítanna ættkvísl; [32]Smída, þar af er komin Smídítanna ættkvísl; Hefer, þaðan er komin Heferítanna ættkvísl. [33]En Selapeað var son Hefer og hafði öngva syni nema dætur, sem hétu Mahela, Nóa, Hagla, Milka, Tirsa. [34]Þessar eru ættkvíslir Manasses í sinni tölu tvær og fimmtygi þúsundir og sjö hundruð.

[35]Synir Efraím í sínum kynkvíslum voru: Sútela, þar af er komin Sútelaítanna ættkvísl; Beker, þar af er komin Bekerítanna ættkvísl; Tahan, þar af er komin Tahanítanna ættkvísl. [36]En synir Sútela voru: Eran, þar af er komin Eranítanna ættkvísl. [37]Þessir eru synir Efraím ættkvíslar í þeirra tölu tvær og þrjátygu þúsundir og fimm hundruð. Þetta eru synir Jósef í þeirra ættkvíslum. [38]Synir Benjamín í þeirra kynkvíslum voru: Bela, þar af kemur Belalíta ættkvísl; Asbel, þar af kemur Asbelíta ættkvísl; Ahíram, þar af kemur Ahíramíternis ættkvísl; [39]Súfam, þar af

er komin Súfamíternis ættkvísl; Húfam, þar af er komin Húfamíternis ættkvísl. 40En synir Bela voru þeir Ard og Naeman, þar af er komin Ardíta og Naemaníta ættkvísl. 41Þessir eru synir Benjamín í sínum kynslóðum að tölu fimm og fjörutygir þúsundir og se hundruð.

42Synir Dan í þeirra ættkvíslum eru: Súham, þar af er komin Súhamíternis ættkvísl. 43Þetta voru ættkvíslir Dan með þeirra kyni og þeir voru allir saman að tölu fjórar og sextygi þúsundir og fjögur hundruð.

44Synir Asser í þeirra ættkvíslum voru: Jemna, þar af er komin Jemníta ættkvísl; Jesúí, þar af er komin Jesúíta ættkvísl; Bría, þar af er komin Brítíta ættkvísl. 45En synir Bría voru Heber, þar af er komin Hebríta ættkvísl; Melkíel, þar af er komin Melkíelíta ættkvísl. 46Og dóttir Asser hét Sara. 47Þessi er ættkvísl sona Asser að tölu þrjár og fimmtygi þúsundir og fjögur hundruð.

48Synir Neftalí í þeirra kynkvíslum voru: Jahesíel, þar af er komin Jehesíelíta ættkvísl; Gúní, þar af er komin Gúníta ættkvísl; 49Jeser, þar af er komin Jeseríta ættkvísl; Sillem, þar af er komin Sillemíta ættkvísl. 50Þetta eru nú kynkvíslir Neftalí að tölu fimm og fjörutíu þúsundir og fjögur hundruð.

51Þetta er manntal Ísraelissona: Sex sinnum hundrað þúsundir eitt þúsund sjö hundruð og þrjátygu.

52Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 53„Þú skalt í sundurskipta landinu millum þessara þeim til erfðar, eftir manntali. 54Þú skalt gefa þeim sem margir eru mikið að erfa en fám lítið. Sérhverjum skal gefa eftir þeirra tölu. 55Þó skal sundurskipta landinu með hlutkesti, eftir nafni ættkvíslanna þeirra feðra skulu þeir arf taka 56því þú skalt útskipta þeirra erfð eftir hlutfalli so sem þeir eru margir og fáir til.“

57Og þetta er summan á Levítunum í þeirra ættkvíslum: Gerson, af honum er kominm Gersoníta ættkvísl; Kahat, af honum er Kahatíta ættkvísl; Merarí, af honum eru Meraríta ættkvíslir. 58Þessar eru Leví ættkvíslir: Libníta ættkvísl, Hebroníta ættkvísl, Mahalíta ættkvísl, Músíta ættkvísl, Kórahíta ættkvísl. Kahat gat Amram 59og kvinna Amram hét Jokebeð, dóttir Leví, hver honum fæddist í Egyptalandi. Hún fæddi Amram, Aron og Mósen og Maríam þeirra systir. 60En Aroni fæddist Nadab, Abíhú, Eleasar og Ítamar. 61En Nadab og Abíhú dóu þá þeir offruðu annarlegum eldi fyrir DROTTNI. 62Og talan á þeim var þrjár og tuttugu þúsundir allt kallkyns mánaðargamalt og þaðan af eldra. Því að þeir voru eigi reiknaðir á millum Ísraelssona og höfðu öngva arftöku í Ísrael.

63Þetta er summan Ísraelissona sem Móses og presturinn Eleasar töldu á völlum Móabítis hjá Jórdan gagnvart Jeríkó. 64Meðal hverra enginn var af því manntali þá Móses og presturinn Aron töldu Ísraelssonu í eyðimörku Sínaí. 65Því DROTTINN hafði sagt til þeirra að þeir skyldu deyja í eyðimörkinni og þar lifði enginn eftir utan Kaleb son Jefúnne og Jósúa son Nún.

27 Og dætur Selafehað sonar Hefer, sonar Gíleað, sonar Maker, sonar Manasee, á meðal kynkvísla Manasses, sonar Jósef, með nafni Mahela, Nóa, Hagla, Milka og Tirsa 2komu og gengu fram fyrir Mósen og prestinn Eleasar og til höfuðsmannanna og til alls almúgans utan fyrir vitnisburðarin tjaldbúðardyrum og sögðu: 3„Faðir vor dó í eyðimörku og var ekki í selskap þess almúga sem reisti sig í móti DROTTNI í liði Kóra, heldur andaðist hann í synd sinni og átti öngva sonu. 4Því skal þá vors föðurs nafn undir lok líða í hans kynkvísl þó hann hafi öngvan son átt? Gef oss og nokkra eign á meðal vorra föðurbræðra.“

5Móses flutti mál þeirra fyrir DROTTIN
6og DROTTINN sagði til hans:
7„Selafehaðdætur hafa rétt talað. Þú
skalt gefa þeim erfðagóss á meðal
þeirra föðurbræðra og þú skalt láta
þeirra föðurarf koma til þeirra. 8Og
segðu Ísraelssonum: Þegar nokkur deyr
og hefur ekki syni eftir þá skulu þann
arf taka hans dætur. 9En hafi hann
öngva dóttir þá skulu þér gefa hans
bræðrum þann arf. 10Eigi hann ekki
bræður þá skulu þér gefa þann arf hans
föðurbræðrum. 11Hafi hann ekki föður-
bræður þá skulu þér gefa hann hans
einum skyldasta ættmanni so hann
eignist hann. Þetta skal vera lögmál og
réttur Ísraelissona sem DROTTINN hefur
bífalað Móse.“

12Og DROTTINN sagði til Mósen: „Gakk
þú uppá þetta fjall Abarím og skoða
landið það ég mun gefa Ísraelssonum.
13Og þá þú hefur séð það þá skaltu safn-
ast til þíns fólks, líka sem þinn bróðir
Aron er kominn, 14sökum þess að þið
voruð mínum orðum óhlýðugir í þeirri
eyðimörku Sín þann tíma að almúginn
þráttaði þar þá þið skylduð helga mig
fyrir þeim fyrir vatnið, það er Mót-
mælavatnið í Kades í eyðimörku Sín.“
15Og Móses talaði við DROTTIN og sagði:
16„DROTTINN sem er Guð alls lifandi
holds, hann vildi setja einn mann yfir
þenna almúga 17þann sem kann að
ganga út og inn fyrir þeim og leiða þá
út og inn so að DROTTINS söfnuður sé
ekki líka sem sauðir þeir eð öngvan
hirðir hafa.“ 18Og DROTTINN sagði til
Mósen: „Tak þú Jósúa son Núns til þín,
þann mann í hverjum andinn er, og gef
honum bífalning og legg þínar hendur
yfir hann 19og skikka hann fyrir prest-
inn Eleasar og fyrir allan almúgann og
gef honum bífalning fyrir þeirra augum
20og legg þína dýrð yfir hann so að allur
almúgi Ísraelssona veiti honum hlýðni.
21Og hann skal ganga fram fyrir prest-
inn Eleasar, hann skal ganga til frétta
fyrir hann eftir ljóssins skikkan fyrir
DROTTIN. Eftir hans boði skal bæði hann
og allir Ísraelssynir með honum reisa
út og inn og allur almúginn.“ 22Móses
gjörði sem DROTTINN hafði boðið hon-
um og tók Jósúa og skikkaði hann fyrir
prestinn Eleasar og fyrir allan almúg-
ann 23og lagði sínar hendur yfir hann
og bauð honum svo sem DROTTINN
hafði talað við Mósen.

28 Og DROTTINN talaði við Mósen
og sagði: 2„Bjóð þú Ísraelsson-
um og seg þú til þeirra: Fórnfæring
míns brauðs, sem er eitt offur til eins
sæts ilms, skulu þér halda á sínum tíma
að þér offrið mér því. 3Og seg til þeirra:
Þetta eru þær fórnir sem þér skuluð
offra DROTTNI: Ársgamalt lamb sem er
án lýta, hvern dag tvö til eins daglegs
brennioffurs, 4annað að morni og ann-
að að kveldi. 5Þar til tíunda part af efa
hveitimjölssarla til eins matoffurs
mengað með oleo það sem er skekið,
einn tíundapart af hín. 6Það er eitt dag-
legt brennioffur það sem þér fórn-
færðuð á Sínaífjalli, til eins sæts ilms,
einn eldur fyrir DROTTNI. 7Þar til
drykkoffur, já, til eins lambs fjórðapart
af hín. Mann skal offra víni til drykkj-
aroffurs fyrir DROTTNI. 8Það annað
lambið skaltu færa í mót aftni líka sem
matoffur um morguninn og þess
drykkjaroffur til offurs sætleiks ilms
fyrir DROTTNI.

9En á sabbatsdegi tvö lömb ársgömul
án lýta og tvo tíundaparta hveitisarla-
mjöls blandað með oleo til eins
matoffurs og drykkjaroffur þar til.
10Það er sérhvers sabbatsdags brenni-
offur, fyrir utan það daglega brennioff-
ur með sínu drykkjaroffri.

11En þann fyrsta dag í öðrum mánuð-
um Skulu þér fórnfæra DROTTNI eitt
brennioffur: Tvo unga uxa, einn hrút,
sjö lömb ársgömul án lýta, 12og so þrjá
tíundaparta hveitimjölssarla til
matoffurs blandað með oleo til hvers
uxa og tvo tíundaparta hveitimjölssarla

til matoffurs mengað með oleo til hvers hrúts [13]og tvo tíundaparta hveitimjölssarla til matoffurs blandað með oleo til hvers lambs. Það er brennioffur sætlegs ilms fyrir DROTTNI. [14]Og þeirra drykkjaroffur skal vera ein hálf hín víns til uxans og inn þriðji part af hín til hrútsins og inn fjórði partur hín til lambsins. Það er brennioffrið á sérhverjum mánuði um árið. [15]Hér með skal mann færa DROTTNI einn kjarnhafur til syndaoffurs auk þess daglega brennioffurs með sínu drykkjaroffri.

[16]En á þeim fjórtánda degi hins fyrsta mánaðar eru páskar DROTTINS [17]og á fimmtánda degi á þeim sama mánaði er hátíð. Menn skulu eta ósýrt brauð í sjö daga. [18]Sá fyrsti dagur skal kallast heilagur að þér skuluð koma til samans. Þér skuluð ekkert erfiði fremja í þessa daga. [19]Og þér skuluð offra DROTTNI brennioffri: Tvo unga uxa, einn hrút, sjö lömb ársgömul vankalaus, [20]með þeirra matoffri, sem er þrír tíundapartar hveitimjölssarla blandað með oleo til sérhvers uxa og tvo tíundaparta til hrútsins [21]og so einn tíundapart til hvörs lambs af þeim sjö, [22]so og einn kjarnhafur til syndaoffurs og forlíkunar fyrir yður. [23]Þetta skulu þér gjöra á morna að auk þess brennioffurs sem er eitt daglegt brennioffur. [24]Eftir þessum hætti skulu þér hvern dag þá sjö daga í samt offra brauði til eins offurs sæts ilms fyrir DROTTNI fyrir utan það daglega brennioffur og drykkjaroffur. [25]Og sá sjöundi dagur skal kallast heilagur hjá yður að þér komið til samans. Þér skuluð öngva vinnu vinna á þeim degi.

[26]Og sá dagur fyrsta ávaxtar þá þér offrið DROTTNI það nýja matoffur þá yðar vikur eru úti hann skal kallast heilagur, so þér skuluð koma til samans. Þér skuluð ekkert erfiði fremja á þeim degi. [27]Og þér skuluð fórnfæra DROTTNI brennioffur til eins sæts ilms: Tvö ungneyti, einn hrút, sjö lömb ársgömul [28]og þar til þeirra matoffri þrjár tíundir hveitimjölssarla mengað með oleo til hvers nauts, tveimur tíundum til hrútsins [29]og svo einni tíund til hvers lambs af þeim sjö lömbum, [30]og einn kjarnhafur til einnrar forlíkunar fyrir yður. [31]Þetta skulu þér gjöra auk þess daglega brennioffurs með sínu matoffri. Þetta skal vera án lýta þar með þeirra drykkjaroffur.

29 Og sá fyrsti dagur í þeim sjöunda mánuði skal kallast heilagur hjá yður so þér skuluð koma til samans. Öngvan erfiðisgjörning skulu þér gjöra á honum. Það er yðar lúðrahátíð. [2]Og þér skuluð færa brennifórnir DROTTNI til eins sæts ilms: Einn ungan uxa, einn hrút, sjö vetrargömul lömb án lýta, [3]þar til þeirra matoffur: þrjá tíundaparta hveitimjölssarla mengað með oleo til uxans, tvo tíundaparta til hrútsins [4]og einn tíundapart til hvers lambs af þeim sjö lömbum, [5]og einn kjarnhafur til syndaoffurs til einnar forlíkunar fyrir yður, [6]fyrir utan mánaðarins brennioffur og matoffur með þeirra drykkjaroffri eftir þeirra skikkan, til eins sæts ilms. Það er DROTTNI eitt offur.

[7]Sá tíundi dagur í þeim sjöunda mánuði skal og helgur kallast hjá yður að þér skuluð koma til samans. Og þér skuluð þjá yðar líkami og ekkert erfiði þá fremja. [8]En þér skuluð offra DROTTNI brennifórn til eins sæts ilms: Eitt ungt naut, einn hrút, sjö lömb ársgömul án lýta, [9]og þeirra matoffur: þrjá tíundaparta hveitimjölssarla mengað með oleo til nautsins, tvo tíundaparta til hrútsins [10]og svo einn tíundapart til hvers af þeim sjö lömbum, [11]þar til einn hafur til syndaoffurs, fyrir utan forlíkunar syndaoffur, og það daglega brennioffur með sínu matoffri og með þeirra drykkkjaroffri.

[12]Sá fimmtándi dagur í þeim sjöunda mánuði skal kallast helgur hjá yður að þér skuluð koma til samans. Þér skuluð

ekkert erfiði fremja á þann dag og þér skuluð halda hátíð DROTTINS í sjö daga
13og skuluð offra DROTTNI brennioffri til sætleiks offurs fyrir DROTTNI: Þrettán unga uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul án lýta, 14og þeirra matoffur: þrjá tíundaparta hveitimjölssarla mengað með oleo til hvers uxa af þeim þrettán og tvo tíundaparta til hvers hrúts af þeim tveimur 15og einn tíundapart hveitimjölssarla til hvers lambs af þeim fjórtán, 16þar til einn kjarnhafur til eins syndaoffurs, að auk þess daglega brennioffurs með sínu matoffri og með þeirra drykkjaroffri.

17Annan daginn tólf unga uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul án lýta, 18með þeirra matoffri og drykkjaroffri til uxanna, til hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir setninginum, 19þar til einn kjarnhafur til syndaoffurs, að auk þess daglega brennioffurs með sínu matoffri og með þeirra drykkjaroffri.

20Á þeim þriðja degi ellefu uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul fyrir utan lýti, 21með þeirra mataroffri og drykkjaroffri til uxanna, til hrútanna og til lambanna, í sinni tölu, eftir siðvenju, 22þar til einn hafur til syndaoffurs, að auk þess daglega brennioffurs með sínu matoffri og drykkjaroffri.

23Á fjórða degi tíu uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul án lýta, 24með þeirra matoffri og drykkjaroffri til uxanna og hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir vana, 25þar til einn hafur til syndaoffurs, fyrir utan það daglega brennioffur með sínu matoffri og drykkjaroffri.

26Á fimmta degi níu uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul án lýta, 27með þeirra mataroffri og drykkjaroffri til uxanna, til hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir siðvenju, 28þar til einn hafur til syndaoffurs, fyrir utan það daglega brennioffur með sínu matoffri og drykkjaroffri. 29Á sjötta degi átta uxa, tvo hrúta, fjórtán lömb ársgömul án lýta, 30með þeirra matoffri og drykkjaroffri til uxanna, hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir siðvenju, 31þar til einn hafur til syndaoffurs, að auk þeirrar daglegrar brennifórnar með sínu matoffri og drykkjaroffri.

32Á sjöunda degi sjö uxa, tvo hrúta, fjórtán ársgömul lömb án lýta, 33með þeirra matoffri og drykkjaroffri til uxanna, til hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir siðvenju, 34þar til einn kjarnhafur til syndaoffurs, fyrir utan þá daglega brennifórn með sínu matoffri og drykkjaroffri.

35Á áttunda degi skal vera samkoma. Þér skuluð öngva vinnu þá fremja. 36Og þér skuluð offra brennifórnir til eins sæts ilms fyrir DROTTNI: Einn uxa, einn hrút, sjö lömb ársgömul án lýta, 37með þeirra matoffri og drykkjaroffri til uxanna, hrútanna og til lambanna, í þeirra tölu, eftir siðvana, 38þar til einn kjarnhafur til syndaoffurs, fyrir utan þá daglega brennifórn með sínu matoffri og drykkjaroffri.

39Slíkt skulu þér gjöra DROTTNI á yðrum hátíðum, fyrir utan það sem þér hafið lofað og af frjálsum vilja gefið til brennioffurs, matoffurs, drykkjaroffurs og þakkaroffurs.“

40Og Móses sagði Ísraelssonum allt þetta sem DROTTINN hafði boðið honum.

30 Og Móses talaði við höfðingjana yfir ættkvíslum Ísraelissona og sagði: „Þetta er það sem DROTTINN hefur boðið: 2Ef nokkur maður gjörir eitt heit fyrir DROTTNI eða sver einn eið að hann heitbindur sína sál, hann skal ekki bregða sín orð heldur skal hann gjöra allt so sem það framgekk af hans munni.

3Þegar ein kvenmanns persóna gjörir DROTTNI nokkuð heit og hún heitbindur sig á meðan hún er í síns föðurs húsi ein mey 4og hennar heit og lofan sem

hún gjörir uppá sína sál kemur fyrir hennar föður og hann þegir þar við, þá gildir öll hennar lofan og so allt hennar heit sem hún hefur gjört uppá sína sál. [5]En ef hennar faðir fyrirbýður henni það á þeim degi sem hann það heyrir þá gildir hverki heitið né sú heitstrenging með hverri hún hefur heitbundið sína sál. Og DROTTINN mun vera henni náðugur fyrst að hennar faðir stóð þar í móti. [6]En eigi hún mann og hún hefur nokkuð heit á sér eða falli af hennar vörum nokkur heitlofun uppá hennar sál [7]og hennar maður heyrir það og þegir um það á þeim sama degi þá gildir hennar lofan og heitstrenging sem hún hefur bundið uppá sína sál. [8]En standi hennar maður þar í mót þann sama dag sem hann heyrir það þá er hennar heit laust sem hún hefur á sér og sú heitstrenging sem fram er gengin af hennar vörum uppá hennar sál. Og DROTTINN mun vera henni miskunnsamur. [9]En hverju ein ekkja heitir eða sú frá manni er skilin og heitbindur sína sál með, það skal hún halda. [10]Nær nokkurs manns vinnuhjú heita eða lofa nokkru uppá sína sál með einum eiði [11]og húsbóndinn heyrir það og þegir yfir því og stendur þar ekki í mót, þá skal það allt heit haldast og það allt sem þau hafa trúlofað uppá sína sál. [12]En tali húsbóndinn þá í mót á sama degi sem hann það heyrir, þá dugir það ekki sem fram er gengið af þeirra vörum sem því lofuðu eða heitbundu sig uppá sína sál því húsbóndinn hefur rofið það. Og DROTTINN skal vera þeim náðigur. [13]Og öll heit og alla eiða sem bundnir eru líkamanum til þjáningar má húsbóndinn staðfesta eða rjúfa í soddan máta: [14]Nær hann þegir þar um til annars dags þá staðfestir hann öll þeirra heit og trúlofanir sem þau hafa gjört, þar fyrir að hann þagði á þeim degi þá hann það heyrði. [15]En rjúfi hann það þar eftir sem hann hefur það heyrt þá skal hann bera sökina.“

[16]Þetta eru þær skikkanir sem DROTTINN bauð Móse millum manns og kvinnu og millum föður og dóttur á meðan það hún er enn jungfrú í síns föðurs húsi.

31 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Hefn þú Ísraelssona á þeim Madíanítis svo þú megir þar eftir safnast til þíns fólks.“ [3]Þá talaði Móses við fólkið og sagði: „Búið lið til bardaga á meðal yðar í móti Madíanítis so þeir megi hefna DROTTINS á Madíanítis. [4]Útveljið þúsund manna af hverri ættkvísl og útsendið þá af öllum Ísraelis kynkvíslum í bardaga.“ [5]Og þeir útvöldu af þúsundum Ísrael þúsund af hverjum kynþætti, tólf þúsundir manna vopnað lið. [6]Og Móses útsendi þá í bardaga með Píneas syni Eleasar prests og þau heilögu klæðin og lúðrana til að blása í. [7]Og þeir héldu orustu við Madíanítis svo sem DROTTINN hafði boðið Móse. Og þeir slóu í hel allt kallkyns, [8]so og slóu þeir þá Madíanítis kónga í hel og felldu þeirra lið, sem voru Eví, Rekem, Súr, Húr og Reba, þessa fimm Madíanítis kónga. Þeir slóu og Balaam son Beór í hel með sverði. [9]Og Ísraelssynir tóku Madíanítakvinnur og þeirra börn að herfangi og þeir ræntu öllum þeirra fénaði, öllum þeirra fjárhlutum og aullu þeirra góssi. [10]Og þeir uppbrenndu með eldi alla þeirra staði, þeirra byggðir og borgir. [11]Og þeir tóku allt herfangið og allt það til var, bæði menn og fjárhluti, [12]og færðu þá til Mósen og til prestsins Eleasar og til almúgans Ísraelissona, sem er þá herteknu og allt það herfang sem þeir höfðu fengið, það höfðu þeir í herbúðirnar á Móabsvöllu sem liggur hjá Jórdan gegnt Jeríkó.

[13]Og Móses og presturinn Eleasar og allir höfðingjar almúgans gengu út í móti þeim út fyrir herbúðirnar. [14]Og Móses varð reiður hershöfðingjunum þeim sem settir voru yfir þúsund og

hundrað og komnir voru frá þessum bardaga [15]og sagði til þeirra: „Því gáfu þér líf öllum kvinnunum? [16]Sjá, hafa ekki þessar inu sömu snúið Ísraelssonum eftir Balaams ráði að þeir syndguðust í móti DROTTNI með (synd) Peór og þar kom ein plága yfir almúgann DROTTINS? [17]So sláið nú allt kallkyns í hel á meðal þeirra sona og allar þær konur sem samræði hafa átt við kallmenn. [18]En látið öll meybörn lifa og allar óspilltar meyjar sem ekki hafa legið hjá kallmönnum. [19]Verið utan herbúða í sjö daga, allir þeir sem mann hafa í hel slegið eða komið hafa við nokkuð lík, að þér látið yður hreinsa á þeim þriðja og sjöunda degi með þeim sem þér hafið hertekið, [20]og allan klæðnað og allt það sem af skinni er gjört og alla skinnavöru og allsháttuð tréker skulu þér hreinsa.“

[21]Og presturinn Eleasar sagði til stríðsfólksins sem í bardaganum hafði verið: „Þetta er lögmálið sem DROTTINN hefur bífalað Móse: [22]Gull, silfur, kopar, járn, tin og blý [23]og allt það sem þolir eld skulu þér láta ganga í gegnum eld og hreinsa það so að það sé hreinsað með ádreifingarvatni. En allt það sem ekki þolir eld, það skulu þér láta ganga í gegnum vatn [24]og þér skuluð þvo yðar klæði á þann sjöunda dag, so eru þér hreinir og eftir það skulu þér koma í herbúðirnar.“

[25]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [26]„Reikna þú allt það herfang sem þeir hafa fengið, bæði af mönnum og fjárhlutum, þú og presturinn Eleasar og þeir yppöstu feður fyrir almúganum, [27]og gef þeim helftina þar af sem fóru í stríðið og börðust og annan helming almúganum. [28]Og þú skalt upplyfta fyrir DROTTNI af stríðsmönnum sem voru dregnir í stríðið, já einni sál af fimm hundruðum, bæði af mönnum og fénaði, ausnum og sauðum, [29]af þeirra helmingi skaltu það taka og afhenda prestinum Eleasar það DROTTNI til eins upplyftingaroffurs. [30]En af þeim helmingi sem Ísraelssonum tilkemur skaltu taka þann fimmtugasta part, bæði af mönnum og fénaði, af ösnum og sauðum og af öllu kvikfé, og afhenda það Levítunum, þeim sem varðveita tjaldbúð DROTTINS.“ [31]Móses og presturinn Eleasar gjörðu sem DROTTINN hafði boðið Móse.

[32]Og herfangið sem eftir var það sem stríðsfólkið hafði fengið til býtis var sex hundruð þúsunda og sjötygi þúsundruð og fimm þúsundruð sauða [33]og sjötygu og tvö þúsund uxa [34]og ein og sextygi þúsund asna. [35]Og þær kvensniftir sem ekki höfðu mann kennt og eigi legið hjá mönnum voru tólf og tuttugu þúsund sálir. [36]En helftin sem þeim tilheyrði er í stríðinu höfðu verið var þrjú hundruð þúsunda og seytján og tuttugu þúsundir og fimm hundruð nauta. [37]Þar af fékk DROTTINN sex hundruð fimm og sjötygi sauði. [38]Og sextán og tuttugu þúsund uxa. Þar af fékk DROTTINN tvo og sjötygi. [39]Og þrjátygu þúsund og fimm hundrað asna. Þar af fékk DROTTINN sextygu og einn. [40]Og kvenmanna sálir sextán þúsundir. Þar af fékk DROTTINN tólf og tuttugu. [41]Og Móses afhenti prestinum Eleasar þetta DROTTINS upplyftingaroffur, sem DROTTINN hafði bífalað honum.

[42]En sá annar helmingur sem Móses skipti á millum Ísraelissona og hann tók frá stríðsfólkinu, [43]sem var sá helmingur sem almúganum féll til, voru þrjú hundruð þúsunda seytján og tuttugu þúsundir og fimm hundruð sauðir, [44]sextán og tuttugu þúsundir uxa, [45]þrjátygi þúsundir og fimm hundruð asna [46]og kvenmanna sálir sextán þúsundir. [47]Og Móses tók af þeim hálfum parti Ísraelis eitt af hverjum fimmtygi, bæði af mönnum og fénaði, og fékk það Levítunum sem tóku vara uppá tjaldbúð DROTTINS, sem DROTTINN hafði bífalað Móse. [48]Og hershöfðingjarnir yfir þúsund og yfir hundrað gengu

fram fyrir Mósen [49]og sögðu til hans: „Þínir þénarar hafa tekið manntal alls þess stríðsfólks sem var undir vorum höndum og þar vantaði ekki eitt. [50]Þar fyrir skenkjum vér DROTTNI af því sem hver af oss hefur fundið af gulli, gersemum, klæðum, kedíum, armspöngum, hringum, eyrnagulli og öðru smíði, til eins forlíkunaroffurs fyrir vorar sálir fyrir DROTTNI.“ [51]Og Móses og presturinn Eleasar meðtóku af þeim það sama gull í allsháttuðum gersemum. [52]Og allt gull til upplyftingaroffurs sem þeir upplyftu fyrir DROTTNI var sextán þúsund og sjö hundruð og fimmtyi sicli af hershöfðingjum yfir þúsund og hundrað. [53]Því stríðsfólkið hafði rænt hver fyrir sig. [54]Og Móses og Eleasar meðtóku þetta gull af hershöfðingjum yfir þúsund og hundrað og báru það í vitnisburðarins tjaldbúð Ísraelssonum til minningar fyrir DROTTNI.

32 Synir Rúben og synir Gað höfðu mjög mikla mergð kvikfjár og sáu að landið Jaeser og Gíleað var kostgott fyrir kvikfé. [2]Og þeir komu til Mósen og prestsins Eleasar og til höfðingjanna fólksins og sögðu: [3]„Það land Atrót, Díbon, Jaeser, Nímor, Hesbon, Eleale, Seban og Beón, [4]sem DROTTINN hefur slegið fyrir Ísraels almúga er kostgott fyrir kvikfé og vér þínir þénarar höfum auð fjár.“ [5]Og þeir sögðu enn framar: „Ef vér höfum fundið náð fyrir þér þá gef þínum þénörum það land til eignar. So viljum vér ekki fara yfir Jórdan.“

[6]Móses sagði til þeirra: „Skulu þá yður bræður draga í stríð og þér viljið blífa hér? [7]Því snúi þér hjörtum Ísraelssona so þeir dragi ekki hér yfir um í það land sem DROTTINN mun gefa þeim? [8]Svo gjörðu og yðar feður þá ég útsendi þá af Kades Barnea að skoða landið. [9]Og sem þeir komu upp að læknum Elskól og sáu landið þá frásneru þeir hjörtum Ísraelssona so þeir vildu ekki fara í landið það sem DROTTINN vildi gefa þeim. [10]Og DROTTINS reiði gramdist á þeim tíma og sór og sagði: [11]Þessi lýður sem út er farinn af Egyptalandi, tvítugir menn og þaðan af eldri, skulu ekki sjá það land sem ég hefi svarið Abraham, Ísak og Jakob, sökum þess að þeir hafa ekki trúlega eftirfylgt mér, [12]að fráteknum Kaleb Jefúnnesyni, Kenísei sona ættar, og Jósúa syni Nún, því þeir hafa trúlega eftirfylgt DROTTNI. [13]Þá gramdist Guðs reiði Ísrael so hann lét þá fara aftur og fram um eyðimörku í fjörutygu ár, so lengi sem það kyn foreyddist sem illa gjörði fyrir DROTTNI. [14]Og sjáið, þér gangið nú í yðra feðra fótspor so að syndirnar blífi þess meiri og þér aukið enn nú reiði DROTTINS og gjörið hans grimmd stærri í gegn Ísrael. [15]Því ef þér snúið yður frá honum þá munu þér enn lengur ganga á þessari eyðimörku. Og með þessu fordjarfi þér allt þetta fólk.“

[16]Þá gengu þeir nær og sögðu: „Vér viljum ekki byggja nema féhús handa voru kvikfé og borgir fyrir vor börn. [17]En vér viljum standa fremst í fylkingum fyrir Ísraelssonum þar til vér færum þá til þeirra staða. Vor börn skulu vera í þeim sterkum borgum, sökum innbyggjara landsins. [18]Eigi viljum vér fara heim aftur fyrr en Ísraelssynir hafa meðtekið sérhver sinn arf. [19]Því vér viljum ekki taka arf með þeim hinumegin Jórdanar heldur skal vor arfur fallinn vera þessumegin Jórdanar í mót austri.“ [20]Móses sagði: „Ef þér viljið þetta gjöra að þér viljið herklæða yður til stríðs fyrir DROTTNI [21]þá farið yfir Jórdan fyrir DROTTNI, hver yðar sem herklæddur er á meðal yðar, þar til að hann rekur sína óvini frá sinni augsjón [22]og landið er orðið undirgefið fyrir DROTTINN. Og so skulu þér hafa þetta land til eignar fyrir DROTTNI. [23]En vilji þér ekki so gjöra, sjá, þá syndigst þér í móti DROTTNI og þér skuluð verða varir við yðar synd þá hann finnur yður.

[24]Svo byggið nú borgir fyrir yðar börn
og fjárhús fyrir yðar kvikfé og gjörið
sem þér hafið sagt.“ [25]En synir Gað og
synir Rúben sögðu til Mósen: „Þinir
þénarar skulu gjöra sem minn herra
hefur bífalað. [26]Vor börn, kvinnur, fjár-
hlutir og allt vort kvikfé skal vera eftir í
stöðum Gíleað [27]en vér, þínir þénarar,
viljum allir fara búnir til bardaga í stríð
fyrir DROTTNI sem minn herra hefur
sagt.“

[28]So bauð Móses þeirra vegna
prestinum Eleasar og Jósúa syni Nún
og þeim yppöstum feðrum Ísraelissona
ættar [29]og sagði til þeirra: „Þá synir Gað
og synir Rúben draga yfir Jórdan, allir
herklæddir til stríðs fyrir DROTTNI, og
landið er yður undirgefið orðið þá gefið
þeim það land Gíleað til eignar. [30]En
fari þeir ekki herklæddir með yður þá
skulu þeir taka arf með yður í Kanaans-
landi.“ [31]Synir Gað og synir Rúben svör-
uðu og sögðu: „So sem DROTTINN hefur
talað til þinna þénara so viljum vér
gjöra. [32]Vér viljum fara herklæddir fyrir
DROTTNI í það land Kanaan og eignast
vort erfðagóss þessumegin Jórdanar.“
[33]So gaf Móses sonum Gað og sonum
Rúben og hálfum kynþætti Manasses
sonar Jósef ríki Síhon kóngs Amoreor-
um og ríki Óg kóngs af Basan og landið
með stöðunum með öllum landsálfum
allt umhverfis. [34]So byggðu synir Gað
Díbon, Atarót, Aróer, [35]Atrót, Sófan,
Jaeser, Jegabeha, [36]Betnimra og
Betharan, sterkar borgir, og sauðahús
handa þeirra kvikfé. [37]En synir Rúben
byggðu Hesbon, Eleale, Kiríataím,
[38]Nebó, Baal-meon og umskiptu nöfn-
unum og Síbama og þeir gáfu þeim
stöðum nöfn sem þeir byggðu. [39]Og
synir Makír, sonar Manasse, gengu inn
í Gíleað og unnu hana og útdrifu þá
Amoreos sem þar voru. [40]Þá gaf Móses
Makír syni Manasse Gíleað og hann bjó
þar. [41]En Jaír son Manasses gekk burt
og vann þeirra smáborgir og kallaði
þær Havót Jaír. [42]Nóba gekk burt og
vann Knat og hennar þorp og kallaði
hana Nóba eftir sínu nafni.

33 Þetta er reisa Ísraelssona, þeir
sem útfóru af Egyptalandi og
þeirra her, fyrir Móses og Aron. [2]Og
Móses skrifaði upp þeirra útgöngu,
þeirra herbúða staði, eftir bífalningu
DROTTINS, og þetta eru þeirra ferðir
sem þeir reistu. [3]Þeir ferðuðust frá
Raemses þann fimmtánda dag í þeim
fyrsta mánaði, annan dag páska, fyrir
eina háa hönd að ásjáöndum öllum eg-
ypskum. [4]Og á þeim sama tíma jörðuðu
þeir þá frumgetnu sem DROTTINN hafði
í hel slegið á meðal þeirra því DROTTINN
hafði fellt dóm yfir þeirra afguði. [5]Og
þá þeir ferðuðust frá Raemses settu
þeir sínar herbúðir í Súkót. [6]Og þeir
drógu út frá Súkót og settu sínar her-
búðir í Elam, sem liggur við endann
eyðimerkurinnar. [7]Þeir drógu út af
Elam og voru í þeim dalnum Haírót,
sem liggur gegnt Baal-Sefón, og settu
herbúðir gegnt Mígdól. [8]Þeir fóru frá
Haírót og gengu mitt í gegnum hafið,
burt í eyðimörkina, og ferðuðust þrjá
daga í eyðimörku Etan og settu herbúð-
ir í Mara. [9]Þeir fóru frá Mara og komu
til Elím. Þar voru tólf vatsbrunnar og
sjötygu pálmviðartré og þar settu þeir
herbúðir. [10]Þeir drógu frá Elím og
reistu herbúðir hjá því rauða hafi. [11]Og
þeir ferðuðust frá hafinu rauða og settu
herbúðir í eyðimörku Sín. [12]Þá drógu
þeir frá eyðimörku Sín og settu herbúð-
ir í Dafka. [13]Þeir drógu út frá Dafka og
settu herbúðir í Alus. [14]Þeir drógu út frá
Alus og settu herbúðir í Rafídím. Þar
hafði fólkið ekkert vatn að drekka.
[15]Þeir drógu af Rafídím og settu sínar
herbúðir í eyðimörku Sínaí. [16]Þeir ferð-
uðust frá Sínaí og settu sínar herbúðir í
Girndargröfum. [17]Og þeir drógu burt
frá Girndargröfunum og settu sínar
herbúðir í Haserót. [18]Þeir dróu út frá
Haserót og settu sínar herbúðir í
Ritma. [19]Þeir drógu frá Ritma og settu

sínar herbúðir í Rimón Pares. [20]Þeir drógu frá Rimón Pares og settu sínar herbúðir í Líbna. [21]Þeir fóru frá Líbna og settu sínar herbúðir í Ríssa. [22]Þeir drógu frá Ríssa og settu sínar herbúðir í Kehelata. [23]Þeir drógu frá Kehelata og settu sínar herbúðir á fjallinu Safer. [24]Þeir drógu frá fjallinu Saher og settu sínar herbúðir í Harata. [25]Þeir drógu frá Harata og settu sínar herbúðir í Makehelót. [26]Þeir ferðuðust frá Makehelót og settu sínar herbúðir í Tahat. [27]Þeir drógu frá Tahat og settu sínar herbúðir í Tarat. [28]Þeir drógu frá Tarat og settu sínar herbúðir í Mítka. [29]Þeir fóru frá Mítka og settu sínar herbúðir í Hasmóna. [30]Þeir drógu frá Hasmóna og settu sínar herbúðir í Móserót. [31]Þeir drógu frá Móserót og settu sínar herbúðir í Bne-Jaekon. [32]Þeir drógu frá Bne-Jaekon og settu sínar herbúðir í Hórgídgað. [33]Þeir drógu frá Hórgídgað og settu sínar herbúðir í Jatbata. [34]Þeir drógu frá Jatbata og settu sínar herbúðir í Abróna. [35]Þeir drógu frá Abróna og settu sínar herbúðir í Eseongaber. [36]Þeir drógu frá Eseongaber og settu sínar herbúðir í eyðimörku Sín, það er Kades. [37]Þeir fóru frá Kades og settu sínar herbúðir hjá fjallinu Hór hjá Edómlands landamerkjum.

[38]Þar gekk presturinn Aron uppá fjallið Hór eftir bífalningu DROTTINS og andaðist þar á því fertugasta ári eftir það sem Ísraelissynir voru farnir af Egyptalandi, þann fyrsta dag í þeim fimmta mánaði [39]þá hann var hundrað tuttugu og þriggja ára gamall.

[40]Og Arad Kananeis kóngur sem bjó í sunnanverðu landinu Kanaan spurði að Ísraelssynir voru komnir.

[41]Og þeir ferðuðust frá fjallinu Hór og settu sínar herbúðir í Salmóna. [42]Og þeir drógu frá Salmóna og settu sínar herbúðir í Fúnón. [43]Þeir drógu frá Fúnón og settu sínar herbúðir í Óbót. [44]Þeir drógu frá Óbót og settu sínar herbúðir í Ígím hjá fjallinu Abarím í landamerkjum þeirra Móabítarum. [45]Þeir drógu frá Ígím og settu sínar herbúðir í Dínbongað. [46]Þeir drógu frá Díbongað og settu sínar herbúðir í Almón-Díblataím. [47]Þeir drógu frá Almón-Díblataím og settu sínar herbúðir í Abarímfjalli gegnt Nebó. [48]Þeir dróu frá Abarímfjalli og settu sínar herbúðir í landamerkjum þeirra Móabítis við Jórdan gagnvart Jeríkó. [49]En þeir settu sínar herbúðir frá Bet-Jesímót á sléttunni Sittím á völlum þeirra Móabítis.

[50]Og DROTTINN talaði við Mósen á völlum Móabítis hjá Jórdan gegnt Jeríkó og sagði: [51]„Tala þú við Ísraelssonu og seg til þeirra: Þá þér eruð komnir yfir Jórdan inn í það land Kanaan [52]þá skulu þér burtdrífa alla innbyggjara frá yðar augliti og eyðileggja alla þeirra stalla og öll þeirra steypt bílæti og að öngvu gjöra allar þeirra hæðir, [53]svo að þér eignist landið og búið þar. Því ég hefi gefið yður landið að þér eignist landið. [54]Og þér skuluð skipta landinu með hlutfalli í millum yðar kynkvísla. Þeir sem eru margir þeim skulu þér skipta þess meira og þeir sem eru fáir þeim skulu þér þess minna skipta. So sem hlutfallið fellur hverjum til so skal hann hafa, eftir þeirra feðra ættkvíslum. [55]En sé það so að þér burtdrífið ekki landsins innbyggjara frá yðar ásjónu þá skulu þeir sem þér látið eftir blífa verða yður þyrnir í augum og til brodda í yðar síður og þeir skulu þrengja að yður í því landi sem þér búið í. [56]Þá mun það ske að hvað ég hugði að gjöra þeim það skal ég gjöra yður.“

34 Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [2]„Bjóð þú Ísraelssonum og seg til þeirra: Þá þér komið í Kanaansland þá skal það land sem yður hlotnast til arfs í Kanaanslandi hafa sín landamerki. [3]Það syðra landshornið skal taka frá eyðimörkinni Sín hjá Edóm svo yðar landamerki í suður sé

frá enda þess salta hafs sem liggur í austur. [4]Og það landamerki sem liggur frá suðri upp í mót Akrabím og í gegnum Sinna og tekur í frá suðri allt til Kades Barnea og nær allt til þess þorps Adar og gengur í gegnum Asmón [5]og tekur allt frá Asmón til Egyptílækjar og skulu endast við sjóinn.

[6]En landamerkin í vestur skulu vera það mikla haf. Það skal vera yðar landamerki vestur frá.

[7]En landamerki norður frá skulu þessi vera: Þér skuluð mæla frá því stóra hafi til fjallsins Hór [8]og frá fjallinu Hór skulu þér mæla allt að Hamat og það skal ganga út allt til landamerkja Sebada [9]og þau sömu ummerki taki allt til Sífrón en endast hjá því þorpi Enon. Þetta skulu vera yðar landamerki í norðurátt.

[10]Og þér skuluð mæla yðar landamerki í austur frá þeim bý Enan til Sefam. [11]Og landamerkið skal ganga niður frá Sefam til Ribla austanvert við Aín. Þar eftir skal það ganga ofan eftir og beygja sig til sjávarsíðunnar Kíneret til austurs [12]og þaðan að Jórdan. So skal það endast við það salta hafið. Þetta skal vera yðart land allt um kring með sínum ummerkjum.“

[13]Og Móses bauð Ísraelssonum og sagði: „Þetta er það land sem þér skuluð skipta á millum yðar eftir hlutfalli, hvert DROTTINN bífalaði að gefa Ísraelissonum, þeim níu kynkíslum og þeim hálfum kynþætti.“ [14]Því að ættkvísl sona Rúben eftir þeirra feðra húsi og Manasses hálf ættkvísl hefur tekið sinn hlut. [15]So eru þær tvær ættir og það hálft slekti með þeirra arfskipti í burt á þessa síðu Jórdanar í austri gegnt Jeríkó.

[16]Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: [17]„Þessi eru nöfn þeirra manna sem skipta skulu landinu með yður: Presturinn Eleasar og Jósúa son Nún. [18]Þar fyrir skulu þér taka hvern ættarhöfðingja til að skipta landinu. [19]Og þetta eru nöfn þeirra manna: Kaleb son Jefúnne af Júda kyni, [20]Semúel son Amíhúd af Símeon kyni, [21]Elídad son Kíslon af Benjamín kyni, [22]Búkí son Jaglí höfðingi yfir kyni sona Dan, [23]Haníel son Efóð höfðingi fyrir kyni sona Manasse, [24]af sonum Jósef Kemúel son Siftan höfðinginn yfir kyni sona Efraím, [25]Elísafón son Parnak höfðinginn yfir kyni sona Sebúlon, [26]Paltíel son Asar höfðinginn yfir kynþátt sona Ísaskar, [27]Abíhúd son Selómí höfðinginn yfir kynþátt Asser, [28]Pedahel son Ammíhúd höfðinginn yfir kynþátt sona Neftalí. [29]Þessir eru þeir sem DROTTINN bauð að skipta aurfunum með Ísraelssonum í Kanaanslandi.

35 Og DROTTINN talaði við Mósen á Móabítis völlum hjá Jórdan gagnvart Jeríkó og sagði: [2]„Bjóð þú Ísraelissonum að þeir gefi Levítunum borgir af þeirra arfagóssi til að búa í. Þar til skulu þér og gefa Levítunum undirborgar sem kringum borgirnar liggja [3]svo þeir sjálfir megi búa í borgunum en hafa þeirra kvikfé, góss og allrahanda dýr í undirborgunum. [4]En þær sömu undirborgir sem þeir skulu gefa Levítunum skulu vera þúsund álna út frá staðarmúrunum rétt umhverfis. [5]So skulu þér nú mæla utan fyrir staðnum frá því horni í austur tvö þúsund álna og frá því syðra horninu tvö þúsund álna og frá horninu í vestur tvö þúsund álna og frá því horninu við norðursíðu tvö þúsund álna so að borgin sjálf sé rétt í miðju. Það skulu vera þeirra forstaðir.

[6]Og meðal þeirra staða sem þér gefið Levítunum skulu þér gefa sex frelsisstaði að þangað megi flýja sá sem manni hefur að skaða orðið. [7]Að auk þessara þá skulu þér gefa tvo og fjörutygi staði að allir staðir þeir þér gefið Levítunum verði átta og fjörutygi með þeirra forstöðum. [8]Og þér skuluð gefa þeim af Ísraelissona eign meira frá

þeim sem meira hefur en minna frá þeim sem minna hefur. Sérhver skal gefa Levítunum staði eftir sinni erfð sem honum hlotnast hefur.“

9Og DROTTINN talaði við Mósen og sagði: 10„Tala þú við Ísraelssonu og seg til þeirra: Nær þér komið yfir Jórdan á Kanaanjörð 11þá skulu þér útvelja staði sem vera skulu frelsisstaðir til hverra að þeir megi flýa sem ófyrirsynju slá nokkurn í hel. 12Og þér skuluð hafa þessa frelsisstaði fyrir skuld eftirmáls mannsins so að hann hljóti ekki að deyja sem nokkuð manndráp hefur gjört fyrr en hann hefur staðið rétt fyrir almúganum. 13Og þeir staðir sem þér skuluð gefa skulu vera sex frelsisstaðir. 14Þrjá skulu þér gefa á þessa síðu Jórdanar og þrír í Kanaanslandi. 15Þessir eru þeir sex frelsisstaðir, bæði fyrir Ísraelssonu og framandi og so fyrir innbyggjarana millum yðar, að sá flýi þangað sem slær nokkurn til dauðs með óviljahendi.

16Hver sem slær nokkurn mann járni so hann deyr hann er einn manndrápari og skal sannlega deyja. 17En slái hann með einum steini sem nokkur megi slást í hel með og hann deyr þar af þá er hann einn manndrápari og skal sannlega deyja. 18En slái hann með nokkursháttar tré því sem nokkur má slást í hel með so að hann deyr þá er hann einn manndrápari og skal sannlega deyja. 19Eftirmálsmaðurinn blóðsins skal láta deyða þann manndrápara. Líka sem hann hefur slegið so skal hann og slást. 20Hrindi hann honum af hatri eða kastar nokkru á hann sviksamlega so hann deyr 21eður slær hann til dauðs af heift með sinni hendi so hann deyr þá skal sá sem hann sló vissulega deyja því hann er einn manndrápari. Eftirmálsmaðurinn skal láta drepa hann.

22En ef hann hrindir honum óforvarandis fyrir utan óvináttu eða kastar nokkru á hann óvarlega 23eða kastar einum steini á hann (að sér óvitanda það honum má til bana verða) so að hann deyr og hann er ekki hans óvin og eigi vildi hann honum vont 24þá skal almúginn dæma í millum þess er sló og eftirmálsmannsins í þessum dómi. 25Og almúginn skal frelsa manndráparann af eftirmálsmannsins hönd og skal láta hann koma aftur til þess frelsisstaðar sem hann flýði til og hann skal vera þar þar til sá yppasti prestur deyr sá smurður er með því heilaga oleo. 26En gangi manndráparinn út af landamerkjum þess frelsisstaðar sem hann flýði til 27og eftirmálsmaðurinn finnur hann fyrir utan þess frelsisstaðar landmark og slær hann í hel þá skal hann ekki vera sakaður í hans blóði. 28Því hann átti að blífa í sinum frelsisstað til þess yppasta prests dauða og eftir þess yppasta prests dauða skyldi hann koma til síns lands aftur þar hann hafði sitt erfðagóss. 29Þetta skal vera yður eitt lögmál hjá yðar eftirkomendum hvar helst þeir búa. 30Einn manndrápara skal slá í hel eftir tveggja manna vitnisburði. Eitt vitni skal ekki duga til nokkurs manns dauða. 31Og þér skuluð öngva forlíkun taka af nokkrum manndrápara því hann hefur forþént að deyja og hann skal vissulega deyja. 32Og þér skuluð öngva forlíkun taka fyrir þann sem flýr í frelsisstaðinn að hann skuli koma aftur og búa í landinu fyrr en presturinn deyr. 33Og saurgið ekki landið það þér búið í því hver sem blóðs sekur er hann saurgar landið og landið má ekki forlíkast fyrir það blóð sem út er hellt nema með þess blóði sem því úthellti. 34Saurgið eigi landið það þér búið, í hverju og ég bý. Því ég er DROTTINN, hann sem býr á millum Ísraelissona.

36 Og þeir yppustu feður af ættkvísl sona Gíleað, sona Makír, sem var son Manasses, af ættkvísl sona Jósef, gengu fram og töluðu til Mósen

og so til höfuðsmannanna og til ypustu
feðra Ísraelssona [2]og sögðu: „Kæri
herra, DROTTINN hefur boðið að menn
skulu gefa Ísraelissonum landið til arf-
skiptis með hlutfalli og þú, minn herra,
hefur bífalað það fyrir DROTTNI að vér
skyldum gefa vors bróðurs Selafehað
dætrum hans erfðahlut. [3]Nú ef nokkur
af Ísraelssonum tekur þær til eigin-
kvenna þá verður vor föðurarfur minni
og svo mikið sem þær hafa fellur það til
arfs í þá ættkvísl sem þær koma til og
verður þá vor erfðahlutur þess minni.
[4]Og þá það fagnaðarár kemur nú fyrir
Ísraelssonum þá kemur og þeirra
erfðahlutur burt til þeirrar ættkvíslar
sem þær eru. Og með þessu verður vor
föðurarfur þess mun minni sem þær
hafa meira.“

[5]Og Móses bauð Ísraelsissonum eftir
bífalning DROTTINS og sagði: „Það er
rétt sem ættkvísl sona Jósef hefur sagt.
[6]Þetta býður DROTTINN um Selafehað
dætur og segir: Þær mega gifta sig sér-
hverjum þær vilja, þó svo að þær gifti
sig í sína föður ættkvísl og frændleifð,
[7]svo að erfð Ísraelissona falli ekki frá
einni ættkvísl til annarrar. Því að hvör
og einn af Ísraelssonum skal blífa við
arf sinnar föðurættar. [8]Og allar dætur
sem hafa erfðarpart á meðal Ísraelis-
sona þær skulu giftast í sinna feðra ætt-
kvísl og slekti svo hver einn og einn á
meðal Ísraelissona megi halda síns föð-
urs arfi [9]so að ekki falli nokkur erfð úr-
ættis í aðra ættkvísl, heldur að hver
megi halda sinni erfð á millum Ísraelis-
sona kynkvísla.“

[10]Selafeaðdætur, Mahela, Tirsa,
Hagla, Milka og Nóa, gjörðu sem
DROTTINN hafði boðið Móse [11]og giftust
sínum frændum í Manasse sona ætt-
kvísl, sonar Jósef. [12]So bleif þeirra arf-
leifð í ættinni kynkvíslarinnar þeirra
feðra.

[13]Þessi eru þau boðorð og þau
réttindi sem DROTTINN bauð Ísraelis-
sonum fyrir Mósen á þeim völlum
Móab hjá Jórdan gagnvart Jeríkó.

Endir á þeirri Fjórðu bók Móses

HIN FIMMTA BÓK MÓSES
DEUTERONOMIUM

1 Þessi eru þau orð sem Móses talaði
til alls Ísraels fólks hinumegin
Jórdanar í eyðimörkinni á því
sléttlendinu út í mót því rauða hafinu á
milli Paran og Tófel, Laban, Haserót og
Dísahab, 2(ellefu dagferðir í frá Hóreb, í
gegnum þann veginn fjallsins Seír, allt
til Kades Barnea.) 3Og þetta skeði á fer-
tugasta ári á fyrsta degi þess ellefta
mánaðar, þá talaði Móses við Ísraels-
sonu allt það sem DROTTINN hafði boðið
honum að segja til þeirra, 4eftir það
sem þeir höfðu í hel slegið Síhon þann
kónginn Amorítis sem bjó í Hesbon,
þar með Óg kónginn í Basan sem bjó í
Astarót og í Edrei.

5Hinumegin Jórdanar í landinu Móab
tók Móses til út að leggja þetta lögmál
og sagði:6„DROTTINN Guð vor talaði við
oss á fjallinu Hóreb og sagði: Þér hafið
nú nógu lengi verið á þessu fjalli. 7Snúið
yður og farið héðan so að þér komið til
fjallsins Amorítis og til allra þeirra sem
þeim eru nálægir á sléttlendinu, á fjöll-
unum og í dölunum í mót suðrinu og í
mót höfnum sjávarins landsins Kanaan
og til fjallsins Líbanon, allt il hins mikla
vatsins Evfrates. 8Sjáið, ég hefi gefið yð-
ur það land sem fyrir yður liggur. Farið
þangað og eignist það hvert eð
DROTTINN hefur svarið feðrum yðar
Abraham, Ísak og Jakob að hann vildi
gefa þeim það og þeirra sæði eftir þá.

9Þá sagði ég í þann tíma til yðar: Ég
kann ekki einsamall að bera yður 10því
að DROTTINN yðar Guð hefur margfald-
að yður so að þér eruð í dag so margir
sem stjörnur á himni 11(DROTTINN Guð
feðra yðar gjöri yður enn mörgum þús-
undum fleiri og blessi yður so sem
hann hefur sagt yður). 12Hvernin kann
ég einnsaman að bera þvílíka armæðu,
þunga og þrætur af yður? 13Útveljið vísa
og skynsama menn þá sem valinkunnir
eru á meðal yðar kynkvísla, þá hina
sömu vil ég setja yfir yður til höfðingja.
14Þá svöruðu þér mér og sögðuð: Það er
einn góður hlutur sem þú segir það þú
viljir gjöra. 15Þá tók ég hina æðstu
menn yðvara kynkvísla, vísa menn og
skynsama, og setti þá til höfðingja yfir
yður, yfir þúsund, yfir hundrað, yfir
fimmtygi og yfir tíu, og embættismenn
meðal yðar kynkvísla. 16Og ég bauð yð-
um dómurum þann sama tíma og sagði:
Heyrið yðar bræður og dæmið rétt á
millum hvers manns og hans bróður og
hins framanda. 17Hafið ekkert mann-
greinarálit í dómi heldur skulu þér
heyra hinum minnsta sem hinum
hæsta og ekki skelfast fyrir nokkurs
manns persónu því að dómaraemb-
ættið er Guðs. En ef nokkur málefni
eru yður of þung þá látið þau koma fyr-
ir mig so að ég yfirheyri þau. 18So bauð
ég yður á þeim tíma allt hvað þér
skylduð gjöra.

19Svo fórum vér frá Hóreb og reistum
í gegnum alla eyðimörkina (sú bæði er
mikil og hræðileg, sem þér hafið séð) á
þann veginn sem liggur til fjallsins
þeirra Amorítis so sem það DROTTINN
Guð vor hafði boðið oss og komum allt
til Kades Barnea. 20Þá sagði ég til yðar:
Þér eruð komnir til fjallsins þeirra Am-
orítis hvert eð DROTTINN Guð vor vill
gefa oss. 21Sjá þú þar það landið fyrir
þér sem DROTTINN Guð þinn hefur gefið
þér. Far þú upp og eignast það so sem
það DROTTINN Guð feðra þinna hefur
sagt þér. Óttast eigi og hræðst eigi
neitt.

22Þá komu þér allir til mín og sögðuð:
Látum oss senda nokkra menn þangað
undan oss sem fari að skoða landið og
segi oss aftur um hvern veg að vér
skulum þangað fara og þá staðina sem
vér eigum til að koma. 23Það líkaði mér

vel og ég tók tólf menn af yður, eirn af
hverri kynkvísl. 24Þá þeir sömu gengu í
burt og fóru um fjallbyggðirnar og
komu til lækjarins Eskól þá skoðuðu
þeir það. 25Og þeir tóku af ávextinum
landsins með sér og höfðu þá ofan
hingað til vor og gáfu oss það svar aftur
og sögðu: „Það land er gott sem
DROTTINN Guð vor hefur gefið oss.“
26En þér vilduð ekki fara þangað og
þér voruð óhlýðnir munni DROTTINS
Guðs yðvars 27og mögluðuð í landtjöld-
um yðrum og sögðuð: „DROTTINN hann
hatar oss. Þar fyrir hefur hann útleitt
oss af Egyptalandi að hann vildi gefa
oss í hendur Amorítanna að þeir í eyði-
legði oss. 28Hvert skulum vér fara?
Bræður vorir hafa skelft vor hjörtu og
sagt: Það fólk er stærra og hærra en
vér. Borgir eru þar stórar og ramm-
byggðar allt til himins. Þar með höfum
vér séð í þeim sama stað sonu Enakím
(Enakím er ætt risa).“ 29Þá sagði ég til
yðar: „Látið ekki skelfa yður og hræðist
þá ekki. 30DROTTINN Guð yðar hann seg-
ir yður leið þangað og hann mun berj-
ast fyrir yður so sem hann gjörði við
yður í Egyptalandi fyrir yðar augum og
á eyðimörkinni, 31þar þú séð hefur
hvernin það DROTTINN Guð þinn hefur
borið þig líka sem einn maður ber sinn
son í gegnum allan þann veginn sem
þér hafið umfarið þangað til að þér
eruð komnir til þess staðar.“ 32En það
fékkst með öngvu móti af yður að þér
vilduð trúa á DROTTIN Guð yðarn, 33hver
eð gekk fyrir yður í eldinum so að hann
vísaði yður þann veginn sem þér
skylduð ganga og á daginn í skýinu.
34En sem að DROTTINN heyrði yðra
kveinan varð hann reiður, sór og sagði:
35„Þar skal enginn af þessari vondri
kynslóð sjá það góða landið sem ég hefi
svarið að gefa feðrum þeirra, 36utan
Kaleb son Jefúnne, hann skal sjá það og
honum vil ég gefa það landið, og hans
sonum, sem hann hefur yfir farið, af
því að hann hefur trúlegana eftirfylgt
DROTTNI.“ 37Og DROTTINN varð eirnin
reiður við mig yðar vegna og sagði: „Þú
skalt og eirnin ekki heldur koma þang-
að. 38En Jósúa son Núns sem er þinn
þénari hann skal koma þar inn. Styrk
þú hann því að hann skal útskipta arf-
tökunni á meðal Ísrael. 39Og yðrir synir
hverja þér sögðuð að verða mundi eitt
herfang og yðrir synir sem í dag hafa
hverki skyn á góðu né illu, þeir skulu
koma þar inn, þeim inum sömu vil ég
gefa það og þeir skulu eignast það. 40En
þér, snúið yður aftur og dragið til eyði-
merkur á þann veginn til rauða Hafs-
ins.“
41Þá svöruðuð þér og sögðuð til mín:
„Vér höfum syndgast á móti DROTTNI,
vér viljum fara upp og berjast so sem
það DROTTINN Guð vor hefur boðið oss.“
Þá þér herklædduð yður nú hver einn
sínum herklæðum og voruð á því að
draga upp á fjallið 42 þá sagði DROTTINN
til mín: „Seg þú þeim að þeir fari ekki
upp og berjist ekki heldur því að ég er
ekki á meðal yðar so að þér verðið ekki
slegnir af yðrum óvinum.“ 43Þá ég sagði
yður þetta vilduð þið ekki hlýða mér og
þér voruð óhlýðugir munni DROTTINS
og metnuðust og dróguð uppá fjallið.
44Þá fóru þeir Amorítis út á móti yður
sem bjuggu á fjöllunum og eltu yður so
sem býflugurnar gjöra og slógu yður í
Seír allt til Harma. 45Þá þér komuð nú
aftur og grétuð fyrir DROTTNI þá vildi
DROTTINN ekki heyra yðar raust og
hneigði ekki sín eyru til yðar. 46Svo
blífu þér útí Kades langa tíma.

2 Þá snerum vér oss og drógum til
eyðimerkurinnar á þann veginn út
til rauða hafsins, so sem það DROTTINN
sagði til mín, og vér drógum í kringum
fjallið Seír í langan tíma. 2Og DROTTINN
sagði til mín: 3„Þér hafið nóg farið í
kringum þetta fjall. Snúið yður í mót
norðrinu. 4Og bjóð þú fólkinu og seg:
Þér skuluð ganga í gegnum landálfur
bræðra yðara sona Esaú, sem búa í Seír,

og þeir munu óttaslegnir vera fyrir yður. En takið yður vel í vakt [5]að þér gjörið þeim öngvan ófrið því að ég vil ekki gefa yður eitt fet af þeirra landi því að fjallið Seír hefi ég gefið sonum Esaú til eignar. [6]Þér skuluð kaupa mat af þeim fyrir peninga til að eta og þér skuluð kaupa vatnið af þeim fyrir peninga til að drekka. [7]Því að DROTTINN Guð þinn hefur blessað þig í öllum þínum handaverkum. Honum hefur og hugstæð verið þín reisa í gegnum þessa hina miklu eyðimörku og það eru nú fjörutygi ár og DROTTINN Guð þinn hefur hjá þér verið svo að þig brast ekki neitt.“ [8]Þá vér vorum nú farnir framhjá bræðrum vorum, sonum Esaú, sem bjuggu á fjallbyggðum Seír, á þeim veginum þess sléttlendis frá Elat og Eseóngaber, þá snerum vér oss og gengum þann veginn til Móabítis eyðimerkur.

[9]Þá sagði DROTTINN til mín: „Þú skalt ei gjöra þeim Móabítis neitt skaðræði og stríða ekki við þá því ég vil ekkert gefa þér af þeirra landi til eignar, af því að ég hefi gefið sonum Lot Ar til eignar. [10]Þeir Emím hafa í forðum tíð búið þar inni, það var eitt stórt og sterkt og langt fólk, so sem þeir Enakím, [11]menn héldu þá fyri risa líka sem Enakím og Móabíte kölluðu þá og so Emím, [12]so bjuggu einnin forðum daga í Seír þeir Hórítis og synir Esaú í burt drifu þá, foreyddu þeim fyrir sér og bjuggu í þeirra stöðum, líka sem Ísrael gjörði við það land sem þeir eignuðust, hvert eð DROTTINN gaf þeim. [13]So takið yður nú upp og farið yfir lækinn um Sared.“ Og vér fórum þar yfir um. [14]En sá tíminn þá vér reistum frá Kades Barnea allt þangað til er vér komum yfir um lækinn Sared voru átján og tuttugu ár. So þeir allir stríðsmennirnir í burt deyðu út í öllum herbúðunum so sem það DROTTINN hafði svarið þeim. [15]Þar með var og hönd DROTTINS á móti þeim til að foreyða þeim úr herbúðunum so að þeir týndust allir.

[16]Og þá stríðsmennirnir voru allir fallnir so að þeir deyðu niður á meðal fólksins [17]þá talaði DROTTINN til mín og sagði: [18]„Þú skalt fara í dag í gegnum landsálfur þeirra Móabítis í hjá Ar [19]og þú munt koma alla leið framhjá sonum Amón, öngvan skaða skalt þú þeim gjöra og eigi heldur berjast við þá því að ég vil öngvan hlut af landi þeirra sona Amón gefa þér til eignar því ég hefi gefið sonum Lot það til eignar.“ [20](Það er og haldið fyrir eitt risaland, þar hafa og eirnin forðum daga risar innibúið og þeir Amorítis kölluðu þá Sammesúmím.) [21]Það var eitt stórt, mikið og hátt fólk so sem Enakím. Og DROTTINN afmáði þá fyrir þeim og lét þá eignast það so að þeir bjuggu þar inni í þeirra stöðum allt til þessa dags. [23]Og þeir Kaftórím drógu út frá Kaftór og í eyðilögðu þá Avím sem bjuggu í Haserím allt til Gasa og bjuggu so þar í þeirra stöðum. [24]Hafið yður af stað og dragið yfir um lækinn Arnon. Sjá þú, ég hefi gefið Síhon kónginn þeirra Amorítis til Hesbon í þínar hendur með hans landi. Tak nú til undir þig að leggja og eig bardaga við hann. [25]Í dag vil ég upphefja að allar þjóðir undir öllum himninum skulu hræðast og skelfast fyrir yður að nær þær heyra yðar getið þá skulu þær fá hræðslu og skulu kvíða fyfir yðar komu.“

[26]Þá senda ég boð úr austanverðri eyðimörkinni til Síhon kóngsins í Hesbon með friðsamlegum orðum og lét segja honum: [27]„Ég vil draga í gegnum þitt land og þar sem vegurinn er, þar vil ég ganga og víkja hverki til hægri handar né vinstri út af veginum. [28]Mat skaltu selja mér að eta fyrir peninga og vatn skalt þú selja mér að drekka fyrir peninga. Ég vil ekki utan ganga þar á fæti í gegnum, [29]líka sem synir Esaú þeir að búa í Seír hafa gjört við mig og þeir Móabítis sem búa í Ar, þangað til ég kem yfir um Jórdan í það land sem DROTTINN Guð vor mun gefa oss.“ [30]En

Síhon kóngurinn í Hesbon vildi ekki leyfa oss að draga þar í gegnum því að DROTTINN Guð þinn forherti hans sinni og forblindaði hans hjarta uppá það að hann vildi gefa hann í þínar hendur so sem að nú sjái þér í dag. 31Og DROTTINN sagði til mín: „Sjá þú, ég hefi byrjað að gefa upp fyrir þér Síhon og hans land, tak þú til að eignast og undir þig að leggja hans land.“ 32Og Síhon dró út í mót oss með allt sitt fólk til að stríða í Jahsa. 33En DROTTINN Guð vor yfirgaf oss hann so að vér slóum hann og hans sonu og allt hans fólk. 34Þá unnum vér þann sama tíma alla hans staði og foreyddum alla staði, bæði menn, konur og börn, og létum ekkert eftir lifa, 35utan fénaðinn hvern vér tókum til vor og herfangið úr stöðunum og kauptúnunum sem vér höfðum unnið, 36í frá Arper sem liggur við ströndina hjá læknum Arnon og í frá þeim staðnum við vatnið inn til Gíleað. Þar var og engin sá staður sem kunni að verja sig fyrir oss. DROTTINN Guð vor gaf þá alla undir oss, 37utan það eina að þú máttir ekki koma í land þeirra Amónsona og til öngra þeirra sem liggja við lækinn Jabekk, eigi heldur til staðanna í fjallbyggðunum né til nokkra þeirra sem DROTTINN GUÐ hafði fyrirboðið oss.

3 Og vér snerum oss og fórum upp þaðan þann veg sem liggur til Basan. Þá dró Óg kóngurinn af Basan út í móti oss með allt sitt fólk til bardaga hjá Edrei. 2En DROTTINN sagði til mín: „Vert óhræddur fyrir honum því að ég hefi gefið hann og allt hans fólk og hans land í þínar hendur. Og þú skalt gjöra við hann líka sem þú gjörðir við Síhon Amoríta kóng sem bjó í Hesbon.“ 3So gaf DROTTINN Guð vor einnin Óg kónginn af Basan í vorar hendur með öllu hans fólki, so að vér slóum hann þangað til að þar var enginn eftir. 4Þá yfirunnum vér þann sama tíma allar hans borgir og þar var enginn sá staður að vér tókum eigi frá honum, sextygi borgir, allt það héraðið Argób í kóngaríkinu Óg í Basan. 5Allir þessir staðir voru rammbyggðir með háum múrveggjum, borgarhliðum og slagbröndum, fyrir utan mörg önnur kauptún sem ekki voru múrveggir um kring. 6Og vér foreyddum þá líka so sem vér gjörðum við Síhon kónginn af Hesbon. Alla staðina foreyddum vér, bæði mönnum, konum og börnum. 7En allt kvikfé og herfangið sem var í stöðunum drógum vér undir oss. 8So tókum vér í þann tíma landið af hendi þeirra tveggja Amorítis kónga þessumegin Jórdanar, allt í frá þeim læknum Arnon inn til fjallsins Hermon, 9(hvert eð Sídonítis kalla Siríon. En þeir Amorei kalla það Senír.) 10Alla staðina á sléttlendinu og gjörvallt Gíleað og allt Basan inn til Salka og Edrei, þá staðina í Ógs kóngsríki af Basan. 11Því að kóngurinn Óg af Basan var nú enn eftirblífinn af risunum. Sjá þú, hans járnsæng er hér í Rabbat hjá sonum Amón, níu álna löng og fjögra álna breið, eftir kallmanns alin.

12Og vér lögðum það land undir oss þann sama tíma í frá Aróer sem liggur hjá læknum Arnon. Og ég gaf Rúben og Gað það hálfa fjallið Gíleað með sínum stöðum. 13Og því hálfu Manasses slekti gaf ég þá aðra helftina af Gíleað og allt kóngaríkið Óg af Basan og gjörvallt héraðið Argób og allt Basan, það kallast Risaland. 14Jaír son Manasses tók allt héraðið Argób inn til Gessúrí og Maakatí landamerkja og hann kallaði Basan eftir sínu nafni Havót Jaír allt til þessa dags. 15En Makír gaf ég Gíleað. 16Og þeim af Rúben og Gað gaf ég einn partinn af sama landi Gíleað inn til lækjarins Arnon, mitt í lækinn sem landamerkið er, og allt inn til þess lækjarins Jabok sem er landamerki sona Amón. 17Þar með sléttu vellirnir og Jórdan (sem er landamerkið), frá Kíneret inn til sjávarins hjá sléttlendinu

sem er sá salti sjórinn neðanvert hjá því fjallinu Pisga móti austrinu.
18Ég bauð yður þann sama tíð og sagði: „DROTTINN Guð yðar hefur gefið yður þetta land til eignar. Af því dragið nú herklæddir frammi fyrir yðar bræðrum Ísraelssonum so margir sem færir eru í stríð að fara, 19fyrir utan yðar húsfreyjur, börn og fénað (því að ég veit að þér hafið mikið kvikfé), það látið blífa í yðrum stöðum, þeim sem ég hefi gefið yður, 20þangað til að DROTTINN hann kemur yðar bræðrum til hvíldar so sem yður so að þeir megi og eignast það land sem DROTTINN Guð yðar mun gefa þeim hinumegin Jórdanar. Þá skulu þér snúa aftur hver til sinnar eignar sem ég hefi gefið yður.“ 21Og ég bauð Jósúa þann sama tíma og sagði: „Þín augu hafa séð allt hvað DROTTINN hefur gjört þessum tveimur kóngunum, so mun og DROTTINN gjöra við öll þau kóngaríki sem þú dregur til. 22Vert ekki hræddur fyrir þeim því að DROTTINN Guð yðar stríðir fyrir yður.“

23Og ég bað DROTTIN þann sama tíma og sagði: 24„DROTTINN, Guð, þú hefur uppbyrjað að sýna þínum þénara þína dýrð og þína öflugu hönd. Því hver er sá nokkur Guð á himni og jörðu sem kunni að gjöra eftir þínum verkum og magtarveldi? 25Lát þú mig fara og sjá það góða landið hinumegin Jórdanar, það góða fjallið og Líbanon.“ 26En DROTTINN var reiður við mig fyri yðar skuld og bænheyrði mig ekki heldur sagði hann til mín: „Lát þó so nægja, seg þú mér þar ekki meira út af. 27Stíg þú uppá hæðirnar fjallsins Pisga og upplyft þínum augum mót vestrinu og mót norðrinu og mót suðrinu og mót austrinu og sjá það með augunum því þú skalt ekki ganga yfir þessa Jórdan. 28Heldur skipa þú Jósúa að hann sé hraustur og óefaður því að hann skal ganga fyrir þessu fólkinu yfir um Jórdan og skal útskipta með þeim því landinu sem þú skalt sjá.“ 29Og so vorum vér í þeim dalnum gegnt húsinu Peór.

4 Og heyr þú nú Ísrael þau boðorð og réttindi sem ég kenni yður að þér gjörið þau so þér megið lifa og eignast það landið sem DROTTINN Guð feðra yðra mun gefa yður. 2Þér skuluð öngvu auka við það sem ég býð yður og ekki neitt taka þar í frá, uppá það að þér megið varðveita boðorðin DROTTINS Guðs yðvars þau sem ég býð yður. 3Yðar augu hafa séð hvað DROTTINN hefur gjört í mót þeim Baal-Peór því DROTTINN Guð þinn hefur foreytt öllum þeim á meðal yðar sem eftirfylgdu Baal-Peór. 4En þér sem aðhylltust DROTTIN yðarn Guð lifið enn nú allir saman þennan dag. 5Sjáið, ég hefi kennt yður boðorð og réttindi so sem það DROTTINN Guð minn hefur boðið mér, að þér skylduð gjöra líka so í landinu þar þér munuð inn koma til að eignast það. 6So haldið það nú og gjörið það því það er yðar viska og skilningur fyrir öllu fólki, nær eð þeir heyra öll þessi boðorð, að þeir munu segja: „Hei, hversu vísir og skynsamir menn eru það og eitt dýrðlegt fólk.“ 7Því hvar er svo dýrðlegt fólk hverju að guðirnir hafa so nálægir verið svo sem það DROTTINN Guð vor, svo oft sem vér áköllum hann? 8Og hvar er eitt svo mikilsháttar fólk það er hafi so réttferðuga setninga og boðorð sem allt þetta lögmálið er það sem ég legg í dag fram fyrir yður.

9Tak þér nú vara og varðveit þína sálu vel so að þú forgleymir ekki þeim gjörningum sem þín augu hafa séð og það þeir líði þér ekki úr minni um alla lífdaga þína. Og þú skalt kunngjöra þínum börnum og barnabörnum 10af þeim deginum þá þú stóðst fyrir DROTTNI þínum Guði í hjá fjallinu Hóreb þá er DROTTINN sagði til mín: „Samansafna þú fólkinu til mín svo ég láti þá heyra mín orð og læri að óttast mig um alla ævi

sem þeir lifa á jörðu og að þeir kenni það börnum sínum.“ [11]Og þér genguð þar fram og stóðuð hjá neðanverðu fjallinu og fjallið það logaði allt mitt upp í himininn og þar var myrkur, ský og dimma. [12]Og DROTTINN talaði við yður mitt úr eldinum. Raustina hans orða heyrðuð þér en öngva mynd sáu þér þar utan raustina. [13]Og hann kunngjörði yður sinn sáttmála hvern eð hann bauð yður að gjöra, einkum sem voru þau tíu orðin, og hann skrifaði þau uppá tvö steinspjöld. [14]Og DROTTINN bauð mér þann sama tíma að ég skyldi læra yður boðorð og réttindi svo að þér skylduð gjöra þar eftir í því landinu hvert að þér munuð eignast.

[15]So varðveitið nú vel yðar sálir því að þér hafið öngva mynd séð á þeim degi þá eð DROTTINN talaði við yður úr eldinum uppá fjallinu Hóreb. [16]So að þér skylduð ekki fordjarfa yður og gjöra yður nokkra líkneskju sem álík væri nokkrum kallmanni eður kvinnu [17]eður kvikfénaði á jörðu eður fuglunum í loftinu [18]elligar skriðormum á jörðunni eður fiskunum í vatninu undir jörðunni [19]og að þú ekki upplyftir þínum augum í mót himninum og álítir ekki sólina og tunglið og stjörnurnar eður allan her himinsins að þú fallir frá mér og tilbiðjir það og þjónir þeim, hvað að DROTTINN Guð þinn hefur skikkað öllu fólki undir öllum himninum. [20]En yður hefur DROTTINN meðtekið og útleitt yður af þeim járnofninum, úr Egyptalandi, so að þér skylduð vera hans erfðafólk so sem það er nú í dag. [21]Og DROTTINN varð reiður við mig fyrir yðars gjörnings sakir og sór það ekki skylda ég ganga yfir um Jórdan og ekki heldur koma í það góða landið sem DROTTINN þinn Guð mun gefa þér til arftöku [22]heldur hlýt ég að deyja í þessu landi og ganga ekki yfir um Jórdan. En þér munuð ganga þar yfir um og eignast það góða landið. [23]So varið yður nú við því að þér forgleymið ekki sáttmálanum DROTTINS Guðs yðars þeim sem hann hefur gjört við yður. Og gjörið ekki líkneskju eftir nokkri mynd svo sem það DROTTINN Guð þinn hefur boðið. [24]Því að DROTTINN Guð þinn er einn foreyðandi eldur og einn vandlátur Guð.

[25]Nær þér alið nú börn og barnabörn og búið í landinu og þér fordjarfið yður og gjörið yður líkneskjur eftir einhverri mynd, so að þér gjörið illa fyrir DROTTNI Guði yðrum og reitið hann til reiði, [26]þá kalla ég í dag himin og jörð til vitnisburðar yfir yður: Þér skuluð snarlega foreyðast í burt úr því landinu sem þér farið nú til yfir um Jórdan að eignast. Þér skuluð ekki lengi búa þar inni heldur skulu þér blífa í eyðilagðir. [27]Og DROTTINN mun í sundurdreifa yður á meðal þjóðanna so að þér skuluð blífa einn lítilsháttar flokkur á meðal heiðingjanna til hverra að DROTTINN mun í burt dreifa yður. [28]Þar muntu þjóna þeim skúrgoðum sem gjörð eru með mannahöndum af tré, stokkum og steinum, sem hverki kunna að sjá né heyra, eta né drekka. [29]En nær eð þú leitar þá DROTTINS Guðs þíns þá skaltu finna hann, ef þú leitar hans af öllu þínu hjarta og af allri þinni sálu. [30]Nær eð þú fær þá hryggðarangist og allir þessir hlutir koma yfir þig á þeim síðustu dögum þá skaltu snúa þér aftur til DROTTINS Guðs þíns og hlýða hans raust. [31]Því að DROTTINN Guð þinn er einn miskunnsamur Guð. Hann mun ekki yfirgefa né fordjarfa þig, hann mun og ekki forgleyma þeim sáttmála sem hann sór feðrum þínum.

[32]Spyr þú að hinni fyrri ævinni að þeim sem fyrir þér hafa verið í frá þeim degi eð Guð skapaði manninn á jörðina, í frá einu takmarkinu til annars undir himninum, [33]hvert að þar hefur nokkurntíma skeð so merkilegur hlutur eður hafi slíkt fyrri heyrt verið að nokkurt fólk hafi heyrt Guðs rödd tala af eldinum so sem að þú hefur

heyrt og lifi þó samt? 34Eða hvert Guð
hefur farið þess nokkurntíma á leit að
ganga inn og taka að sér eitt fólk mitt á
meðal þjóðanna fyrir freistanir, fyrir
stór tákn og dásemdargjörninga, fyrir
stríð og fyrir volduga hönd og fyrir
einn útþandan armlegg og fyrir so óg-
urlega gjörninga so sem það DROTTINN
yðar Guð hefur gjört það allt samanfyr-
ir yður í Egyptalandi fyrir yðar augum?
35Þetta hefur þú séð so að þú skalt vita
að DROTTINN er alleina Guð og enginn
annar. 36Hann hefur látið þig heyra sína
raust af himni að hann vildi tytta þig.
Og hann hefur látið þig sjá sinn hinn
mikla eld á jörðu og þú hefur heyrt
hans orð af eldinum, 37af því að hann
elskaði þína feður og útvaldi þeirar
sæði eftir þá. Og hann útleiddi þig af
Egyptalandi með sinni augsýn 38og fyrir
sinn stóra kraft að hann vildi útdrífa
fyrir þér stórt fólk og sterkari en þú ert
og innleiða þig, að gefa þér þeirra land
til arftöku svo sem að nú til stendur á
þessum degi. 39So skalt þú nú það vita
og hugleiða það vel í þínu hjarta að
DROTTINN er einn Guð, bæði á himnum
uppi og á jörðu niðri, og enginn annar,
40að þú varðveitir hans lagasetninga og
boðorð sem ég býð þér í dag. So skal
það ganga þér vel og þínum börnum
eftir þig so að þú megir lengi lifa í því
landinu sem DROTTINN Guð þinn gefur
þér ævinlega.

41Þá fráskildi Móses þrjá staði
hinumegin Jórdanar í mót austrinu
42að sá sem ófyrirsynju slær sinn ná-
unga í hel skyldi flýja þangað ef að
hann var ekki óvinur hans áður fyrri,
þá mátti hann flýja til einshvers þessara
staða og halda so sínu lífi, 43sem að var
Beser í eyðimörkunni á sléttlendinu á
meðal kynþáttar Rúben og Ramót í Gí-
leað sem liggur í ættleifð Gað og Gólan
útí Basan í Manasses ættjörð.

44Þetta er það lögmálið sem Móses
framsetti fyrir Ísraelssonu, 45það er sá
vitnisburðurinn, boðorðin og réttindin
sem Móses sagði til Ísraelssona þá þeir
voru útfarnir af Egyptalandi,
46hinumegin Jórdanar í dalnum gegnt
húsi Peór í landi Síhon kóngsins þeirra
Amorítis sem sat í Hesbon, hvern eð
Móses og Ísraelssynir slógu þá er þeir
voru útkomnir af Egyptalandi 47og
eignuðust so hans land. Og so líka það
landið kóngsins Óg af Basan, þeirra
tveggja kónganna Amorítis sem voru
hinumegin Jórdanar í mót austrinu, 48í
frá Aróer sem liggur við lækjarbakkann
Arnon allt inn til fjallsins Síon, það er
Hermon, 49og allt það sléttlendið
hinumegin Jórdanar mót austrinu og
inn til sjávarins á því undirlendinu allt
að fjallinu Pisga.

5 Og Móses kallaði allan Ísraels lýð
og sagði til þeirra: „Heyr þú Ísrael
þau boðorð og réttindi sem ég tala í dag
fyrir yðar eyrum. Lærið þau og haldið
þau so að þér gjörið þar eftir. 2DROTTINN
Guð vor gjörði eirn sáttmála við oss í
Hóreb 3og DROTTINN hafði ekki gjört
þennan sáttmála við vora forfeður
heldur við oss sem hér erum allir lif-
andi til á þessum degi. 4DROTTINN talaði
við oss frá augliti til auglitis úr eldinum
uppá fjallinu. 5Ég stóð þann sama tíma
á millum DROTTINS og yðar að ég skylda
kunngjöra yður orð DROTTINS því að þér
voruð hræddir fyrir eldinum og genguð
ekki uppá fjallið. Og hann sagði:

6„Ég er DROTTINN Guð þinn sem
útleiddi þig af Egyptalandi, af þræl-
dómshúsinu.

7Þú skalt ekki hafa annarlega guði
fyrir mér.

8Þú skalt öngva líkneskju gjöra þér
eftir neinni mynd, hverki á himnum
uppi né á jörðú niðri, eigi heldur í vatn-
inu undir jörðunni. 9Þú skalt hverki til-
biðja það og eigi dýrka það því að ég er
DROTTINN Guð þinn, einn vandlátur
Guð, vitjandi ranglætis feðranna á son-
unum í þann þriðja og fjórða ættlegg
þeirra sem mig hata 10og ég auðsýni

miskunnsemi við margar þúsundir
þeim sem mig elska og mín boðorð
varðveita.
[11]Þú skalt ekki leggja nafn DROTTINS
Guðs þíns við hégóma því að DROTTINN
mun ekki þann óhegndan láta sem
hans nafn leggur við hégóma.
[12]Þú skalt halda þvottdaginn so þú
helgir hann so sem það DROTTINN Guð
þinn hefur boðið þér. [13]Sex daga skalt
þú erfiða og gjöra allan þinn verknað
[14]en sá sjöundi dagurinn er DROTTINS
Guðs þíns þvottdagur. Þá skaltu ekki
neitt erfiði fremja, ekki heldur sonur
þinn, eigi heldur dóttir þín, ekki heldur
þinn þjónustumaður og eigi þín þjón-
ustukvinna, eigi þinn uxi og eigi þinn
asni og eigi heldur nokkur af þínum
gripum og eigi heldur hinn framandi
sem að er innan þinnan borgarhliða, so
að þinn þjónustumaður og þín ambátt
megi hvíla sig líka sem þú. [15]Því að þér
skal til hugar koma að þú hefur og ver-
ið einn þjónustumaður í Egyptalandi og
DROTTINN Guð þinn leiddi þig út þaðan
með voldugri hönd og útréttum arm-
legg. Þar fyrir hefur DROTTINN Guð þinn
boðið þér að þú skyldir halda þvott-
daginn.
[16]Þú skalt heiðra föður þinn og móð-
ur þína so sem það DROTTINN Guð þinn
hefur boðið þér so að þú skulir lengi
lifa og að það megi þér vel ganga í
landinu því sem DROTTINN Guð þinn
mun gefa þér.
[17]Þú skalt ekki í hel slá.
[18]Þú skalt ekki hórdóm drýgja.
[19]Þú skalt ekki stela.
[20]Þú skalt ekki ljúgvitni mæla á móti
náunga þínum.
[21]Þú skalt ekki girnast á húsfreyju ná-
unga þíns. Þú skalt ekki girnast á þíns
náunga hús, akur, þjónustumann, þjón-
ustukvinnu, uxa, asna, né neitt það sem
hann á.“
[22]Þessi eru þau orð sem DROTTINN
talaði til alls mannfjölda yðvars á fjall-
inu úr eldinum, skýinu og myrkrinu
með hárri raust og jók þar engu við og
skrifaði þau á tvær steintöflur og fékk
mér þær. [23]En þá þér heyrðuð röddina
af dimmunni og fjallið brann í eldsloga
gengu þér til mín, allir þeir inu æðstu
menn yðvara kynkvísla og yðrir
öldungar, [24]og sögðuð: „Sjá þú,
DROTTINN Guð vor hefur látið oss sjá
sína dýrð og sitt tignarveldi og vér
heyrðum hans raust af eldinum. Vér sá-
um í dag að Guð talar við mennina og
þeir halda þó lífinu. [25]Og hvar fyrir
skulum vér nú deyja so það þessi hinn
mikli eldur skuli nú foreyða oss? Ef að
vér heyrum nú lengur raustina
DROTTINS Guðs vors þá deyjum vér.
[26]Því hvað er allt hold þess að það kunni
að heyra raust lifanda Guðs tala af
eldinum so sem vér og halda þó lífinu?
[27]Gakk þú fram og heyr allt hvað
DROTTINN Guð vor segir og seg þú oss
það, vér viljum heyra og gjöra það allt
hvað DROTTINN Guð vor talar við þig.“
[28]Þá DROTTINN heyrði yðar orð sem
þér töluðuð við mig sagði hann til mín:
„Ég hefi heyrt orð þessa fólks sem það
talaði til þín. Það er allt gott hvað þeir
hafa talað. [29]Væri so vel að þeir hefðu
soddan hjarta til að óttast mig og að
varðveita öll mín boðorð um alla þeirra
lífdaga so að þeim mætti það vel ganga
og þeirra börnum eilíflegana! [30]Gakk
þú burt og seg þú þeim: Gangið heim í
yðar landtjöld. [31]En þú skalt standa hér
fyrir mér svo að ég segi þér alla þá laga-
setninga, boðorð og réttindi sem þú
skalt kenna þeim svo að þeir gjöri þar
eftir í landinu sem ég mun gefa þeim að
eignast.“
[32]So haldið það og gjörið það, líka
sem DROTTINN Guð yðar hefur boðið yð-
ur og víkið hverki til hægri né til vinstri
handar, [33]heldur gangið í öllum þeim
vegum sem DROTTINN Guð yðar hefur
boðið yður, svo að þér megið lifa og vel
vegna og lifa lengi í því landinu sem þér
skuluð eignast.

6 Þessi eru þau lögin og boðorðin og
réttindin sem DROTTINN Guð yðar
hefur boðið að þér skuluð læra og gjöra
þau í því landinu sem þér nú innfarið til
að eignast. [2]Að þú skalt óttast DROTTIN
Guð þinn og halda öll hans réttindi og
boðorð, þau sem að ég býð þér, bæði þú
og þín börn og þín barnabörn um alla
yðra lífdaga so að þér megið lengi lifa.
[3]Og þú, Ísrael, skalt heyra og varðveita
þetta og gjöra þar eftir so að þér gangi
vel og megir so fjölgast miklu meir svo
sem það DROTTINN Guð feðra þinna hef-
ur lofað þér því landi sem mjólk og
hunang inniflýtur.

[4]Heyr þú, Ísrael, DROTTINN Guð vor er
einn DROTTINN. [5]Þú skalt elska DROTTIN
Guð þinn af öllu þínu hjarta, af allri sálu
þinni og af öllum þínum formætti. [6]Og
þessi orð sem ég býð þér í dag skalt þú
rótfesta í hjarta þínu [7]og þú skalt brýna
þau alljafnt fyrir börnum þínum og
ræða um þau nær eð þú situr í þínu
húsi og þú nær eð þú gengur um farinn
veg, nær eð þú leggur þig niður og
stendur upp. [8]Og þú skalt binda þau til
merkis á þína hönd og þau skulu vera
þér minningarteikn fyrir þínum augum
[9]og þú skalt skrifa þau upp yfir gáttum
og dyrum þíns heimilis.

[10]Nær eð DROTTINN Guð þinn leiðir
þig inn í það landið sem hann hefur
svarið þínum forfeðrum Abraham, Ísak
og Jakob, að gefa þér stóra og ágæta
staði hverja eð þú hefur ekki uppbyggt
[11]og húsin full með allsháttuð auðæfi
þau sem þú hefur þó ekki uppfyllt og
úthöggna brunna þá sem þú hefur ekki
úthöggvið og víngarða og olíugarða þá
sem þú hefur ekki plantað, so að þú etir
og verðir mettur, [12]þá vara þig við því
að þú forgleymir ekki DROTTNI þeim
sem útleiddi þig af Egyptalandi, af
þrældómshúsinu. [13]Heldur skaltu óttast
og dýrka DROTTIN þinn Guð, og sverja
við hans nafn. [14]Og þú skalt ekki eftir-
fylgja annarlegum guðum þess fólksins
sem í kringum þig er [15]því að DROTTINN
Guð þinn er einn vandlátur Guð á með-
al þín, so að reiði DROTTINS Guðs þíns
uppæsist ekki yfir þig og afmái þig af
jörðu.

[16]Þér skuluð ekki freista DROTTINS
Guðs yðars svo sem að þér freistuðuð
hans í Mara, [17]heldur skuluð þér halda
boðorð DROTTINS Guðs yðvars og vitnis-
burði og hans réttindi þau sem hann
hefur boðið, [18]so að þér megi vel vegna
og að þú megir innfara og eignast það
góða landið hvert að DROTTINN hefur
svarið þínum forfeðrum, [19]að hann
skuli útdrífa alla þína óvini fyrir þér so
sem það DROTTINN hefur sagt.

[20]Nær að sonur þinn spyr þig nú að í
dag eða á morgun og segir: „Hvaða
vitnisburðum, boðorðum og réttindum
er það sem DROTTINN Guð vor hefur
boðið yður?“ [21]þá skalt þú segja til son-
ar þíns: „Vér vorum þrælar faraónis í
Egyptalandi og DROTTINN hann útleiddi
oss af Egyptalandi með voldugri hönd
[22]og DROTTINN gjörði furðumikil og
hræðileg undur og stórmerki yfir Eg-
yptalandi og faraó og öllu hans heim-
kynni fyrir vorum augum. [23]Og hann
leiddi oss út þaðan so að hann innleiddi
oss og gæfi oss það land sem hann
hafði svarið forfeðrum vorum. [24]Og
DROTTINN hefur boðið oss að gjöra eftir
öllum þessum réttindum að vér skulum
óttast DROTTIN Guð vorn so að oss
gangi vel alla vora lífdaga so sem að
það gengur nú þennan dag. [25]Og það
skal vera vort réttlæti fyrir DROTTNI
vorum Guði ef að vér höldum og gjör-
um öll þessi boðorð sem hann hefur
boðið oss.“

7 Nær að DROTTINN Guð þinn innleið-
ir þig í landið í hvert að þú skalt inn
koma að eignast það og út drífur fyrir
þér margar þjóðir sem eru þeir Hetíter,
Gírgósíter, Amoríter, Kananíter, Pe-
resíter, Hevíter og Jebúsíter, sjö þjóðir
sem eru stærri og sterkari en þú ert,
[2]og nær að DROTTINN Guð þinn ofurgef-

ur þér þær so að þú sláir þær þá skalt
þú foreyða þeim að þú gjörir öngvan
sáttmála við þær, [3]eigi heldur auðsýnir
þeim nokkra náð. Þú skalt öngvar
mægðir gjöra við þær. Þú skalt ekki
gefa þeirra sonum yðrar dætur og
þeirra dætur skulu þér ekki taka til
handa yðrum sonum. [4]Því að þær koma
yðrum sonum til að falla frá mér að þér
þjóni annarlegum guðum so að þá blífi
reiði DROTTINS upphvött yfir yður og af-
mái yður fljótlegana. [5]Heldur skulu þér
gjöra so viður þá: Þeirra altari skulu þér
niðurbrjóta, þeirra stoðir í sundur slá,
þeirra lunda afhöggva og þeirra skúr-
goð í eldi brenna. [6]Því að þú ert
DROTTNI þínum Guði eitt heilagt fólk.
Og DROTTINN Guð þinn hefur útvalið
þig til fólks síns eigindóms út af öllu
fólki því sem er á jörðu. [7]Ekki hefur
DROTTINN meðtekið og útvalið yður fyr-
ir það að þér væruð meiriháttar en allar
aðrar þjóðir því þú ert hin minnsta
meðal allra þjóða, [8]heldur af því að
hann hefur elskað yður og það hann
héldi sinn eið sem hann hafði svarið yð-
ar forfeðrum, þá hefur hann útleitt yð-
ur með voldugri hönd og frelsað þig út
af því þrældómshúsi, af faraónis húsi
kóngsins af Egyptalandi. [9]So skalt þú
nú vita það DROTTINN Guð þinn er einn
Guð, einn trúfastur Guð, sem heldur
sáttmála og miskunnsemi í þúsund liðu
viður þá sem hann elska og hans boð-
orð varðveita [10]og endurgeldur þeim
sem hann hata fyrir sínu augliti so að
hann fyrirfari þeim og hann forsómar
ekki að endurgjalda þeim fyrir sínu
augliti sem hann að hatri hafa. [11]So
varðveittu nú þau boðorðin, þá laga-
setninga og réttindi sem ég býð þér í
dag að þú gjörir þar eftir.

[12]Og nær eð þér heyrið þessa lögmáls
setningana og haldið þá og gjörið þar
eftir þá mun og DROTTINN Guð þinn
halda þann sáttmála og miskunnsemi
sem hann hefur svarið þínum forfeðr-
um [13]og hann mun elska, blessa og
margfalda þig. Og hann mun blessa
þinn lífsins ávöxt og þann ávöxtinn
þíns lands, þitt korn, þitt vín og við-
smjör, ávöxtinn þinna kúa og þann
ávöxtinn af þínu kvikfé, í því landinu
sem hann hefur svarið forfeðrum þín-
um að gefa þér. [14]Þú munt blessaður
vera yfir allt fólk. Þar skal enginn vera
ófrjósamlegur á meðal þín og eigi held-
ur á meðal þíns fénaðar. [15]DROTTINN
mun í burt taka frá þér allan sjúkdóm
og leggja öngvan vondan egypskan
krankleika á þig sem að þú veist vel og
hann mun leggja hann uppá alla þína
hatursmenn. [16]Þú skalt uppsvelgja allt
það fólk sem DROTTINN Guð þinn mun
gefa þér. Þú skalt ekki vægja því og
ekki þjóna þeirra guðum því að það
mun þér verða til einnrar tálsnöru.

[17]En ef að þú segir í þínu hjarta: „Þetta
fólk er fleira en ég er. Hvernin kann ég
að útdrífa það?“ [18]þá vert ekki hræddur
fyrir þeim. Hugsa þú hvað Guð þinn
hefur gjört faraó og öllum Egypta-
landsmönnum [19]fyrir þær miklu freist-
anir sem þú sást með augunum og fyrir
þau tákn og stórmerki hvernin það
DROTTINN Guð þinn útleiddi þig með
voldugri hönd og útréttum armlegg. So
mun og DROTTINN Guð þinn gjöra öllu
því fólki sem þú ert hræddur við. [20]Og
DROTTINN Guð þinn mun senda meink-
indur á meðal þeirra þar til að það verð-
ur allt í eyðilagt sem eftir er orðið og
sig hefur geymt fyrir þér. [21]Vert ekki
hræddur við þá því að DROTTINN Guð
þinn er með þér, sá hinn mikli og óg-
urlegi Guð. [22]DROTTINN Guð þinn mun
foreyða þessu fólki fyrir þér, það eina
eftir það annað. Þú mátt ekki so bráð-
lega útdrífa það so að skógdýrin verði
ekki of mörg í móti þér í landinu.
[23]DROTTINN Guð þinn mun yfirgefa þá
fyrir þér og mun slá þá niður með
miklu mannslagi, allt þar til er hann
hefur foreytt þeim. [24]Og hann mun gefa
þér þeirra konunga í þínar hendur og
þú skalt foreyða þeirra nöfnum undir

himninu. Þar skal enginn kunna að
standa á móti þér þar til að þú hefur
foreytt þeim. [25]Þú skalt uppbrenna með
eldi líkneskjurnar skúrgoða þeirra og
þú skalt ekki girnast á það gull eður
silfur sem þar er á elligar að taka til þín
nokkuð þar út af, so að þú misgrípir þig
ekki þar útí. Því að soddan er fyrir
DROTTNI Guð þínum ein svívirðing.
[26]Þar fyrir skaltu ekki bera þá
svívirðing inn í þitt hús að þú verðir
ekki bölvaður so sem að það sama er,
heldur skaltu hafa einn viðbjóð og
hrylling viður því, því að það er bölvað.

8 Þér skuluð halda öll þau boðorð
sem ég býð yður í dag so að þér
gjörið þar eftir, uppá það að þér megið
lifa og fleiri verða og innkoma að eign-
ast það landið sem DROTTINN hefur
svarið yðar forfeðrum. [2]Og þér skal til
hugar koma allur sá vegur sem
DROTTINN Guð þinn hefur leitt þig í
gegnum á þessum fjörutygi árum út í
eyðimörkunni, að hann vildi auðmýkja
þig og reyna þig, so að það yrði augljóst
hvað útí þínu hjarta væri, hvort þú
mundir halda hans boðorð eður ei.
[3]Hann auðmýkti þig og lét þig hungra
og gaf þér man að eta sem hverki þú
eður þínir forfeður þekktu, so að hann
vildi láta þig vita það maðurinn lifi ekki
alleinasta af brauðinu, heldur af öllu
því sem útgengur af munni DROTTINS.
[4]Þín klæði hafa ekki af aldri slitist á þér
og þínir fætur hafa ekki þrútnað í þessi
fjörutygi ár. [5]So kanntu nú að viður-
kenna í þínu hjarta að DROTTINN Guð
þinn hefur uppfætt þig, líka sem það að
einn maður uppfæðir sinn son. [6]So
varðveit þú nú boðorðin DROTTINS Guðs
þíns að þú gangir á hans vegum og ótt-
ist hann [7]því að DROTTINN Guð þinn inn-
leiðir þig í eitt gott land, í það landið
sem lækir, veiðivötn og uppsprettu-
brunnar inni eru, sem framfljóta í hjá
þeim hjá fjöllunum og í þeim dölunum,
[8]eitt land þar eð hveiti, bygg, vínviðir,
fíkjutré og granataepli inni eru, eitt
land þar eð viðsmjörstrén og hunang
vaxa úti, [9]eitt land þar þú inni hefur
nóg brauð að eta og þig þrýtur ekki
neitt, eitt land hvers steinar að eru járn
þar eð þú kannt að höggva málm úr
fjöllunum, [10]og nær þú hefur matar
neytt og ert mettur að þú þá lofir
DROTTIN Guð þinn fyrir það góða landið
sem hann hefur gefið þér.

[11]So vara þig nú við því að þú for-
gleymir ekki DROTTNI Guði þínum í því
að þú varðveitir ekki hans boðorð,
réttindi og lagasetninga sem ég býð þér
í dag [12]að þá nær eð þú hefur nú etið og
ert mettur og þá þú hefur uppbyggt
prýðilegt hús og þú býr í því, [13]þínir
gripir og þínir sauðir, silfur og gull, og
allt það þú hefur þá ávaxtar sig, [14]að þitt
hjarta stæri sig þá ekki og forgleymi
DROTTNI þínum Guði sem útleiddi þig af
Egyptalandi, af þrældómshúsinu, [15]og
leiddi þig í gegnum þá hinu miklu og
hræðilegu eyðimörk þar sem að voru
brennandi höggormar og scorpiones
og ekki utan þurra hrjóstur og vatsleys-
ur og hann lét vatn uppspretta af hörð-
um steini til handa þér [16]og fæddi þig
með man af hverju þínir forfeður vissu
ekki neitt að segja, að hann so auð-
mýkti og reyndi þig að hann gjörði þér
svo þar eftirá til góða. [17]Þú hefðir elligar
mátt segja í þínu hjarta: „Mín magt
sjálfs og sterkleikur minna handa hefur
orkað mér þessa“ [18]heldur að það þú
minnist á DROTTIN Guð þinn, því að
hann er sá sem þér gefur kraft til að
gjöra svo mikilsháttar gjörninga, uppá
það að hann vildi halda sinn sáttmála
sem hann hefur svarið þínum forfeðr-
um, so sem það gengur nú til á þessum
degi. [19]En forgleymir þú DROTTNI Guði
þínum og eftirfylgir annarlegum guð-
um og þjónar þeim og tilbiður þá, þá
vitna ég yfir yður í dag að þér skuluð
eyðileggjast. [20]Líka sem þeir heiðingj-
arnir hverjum eð DROTTINN foreyddi
fyrir yðar augsýn, svo líka skulu þér og

eirnin fyrirfarast af því þér hafið ekki hlýðugir verið raustinni DROTTINS Guðs yðars.

9 Heyr þú, Ísrael, þú munt í dag ganga yfir um Jórdan so að þú kunnir inn að koma og undir þig að leggja þær þjóðir sem að eru stærri og sterkari en þú, stóra staði, hátt uppmúraða allt í himininn, [2]eitt risavaxið fólk, sonu Enakím, hverja eð þú hefur þekkt og heyrt getið: „Hver kann að standa í móti sonum Enak?“ [3]So skaltu vita í dag að DROTTINN Guð þinn gengur fyrir þér, einn foreyðandi eldur. Hann mun foreyða þeim og undirleggja þá fyrir þér og hann mun í burtdrífa þá og fyrirkoma þeim snarlega so sem það DROTTINN hefur tilsagt þér. [4]Nær eð DROTTINN Guð þinn hefur nú útdrifið þá fyrir þér so seg þú ekki í þínu hjarta: „DROTTINN hefur innleitt mig til að eignast þetta land fyrir míns réttlætis sakir“ því að DROTTINN í burt drífur þessa heiðingja fyrir þér fyrir sakir þeirra óguðlegs athæfis. [5]Þú kemur þar ekki inn til að eignast þeirra land vegna þíns réttlætis og ekki fyrir þíns hjartans réttvísi sakir, heldur útdrífur DROTTINN Guð þinn þessa heiðingja fyrir þér vegna þeirra sjálfs illskusamlegs athæfis, so það DROTTINN vildi halda þau orð sem hann sór þínum forfeðrum Abraham, Ísak og Jakob.

[6]So skaltu nú vita að DROTTINN Guð þinn gefur þér ekki þetta góða landið að eignast fyrir þíns réttlætis sakir, af því að þú ert eitt harðsvírað fólk. [7]Hugleið þú það og gleym því ekki hvernin að þú reittir DROTTIN Guð þinn til reiði á eyðimörkinni. Í frá þeim degi eð þú drógst út af Egyptalandi allt til þess er þér komuð hingað til þessa staðar þá hafi þér verið DROTTNI óhlýðugir. [8]Því að í Hóreb reittu þér DROTTIN so mjög að hann í reiði vildi þá í eyði hafa lagt yður [9]þá ég var uppgenginn á fjallið að meðtaka þau steinspjöldin, þær sáttmálans töflur sem DROTTINN gjörði við yður, og ég var þar á fjallinu í fjörutygi daga og fjörutygi nætur og ét át ekki brauð og drakk ekki vatn. [10]Og DROTTINN gaf mér tvær steintöflur sem voru skrifaðar með Guðs fingri og þar á öll þau orð sem DROTTINN talaði við yður á fjallinu af eldinum á þeim degi sem þér voruð þar til samans komnir. [11]Og þá eð þeir fjörutygi dagar og fjörutygi nætur voru liðnar þá gaf DROTTINN mér tvö steinspjöld sáttmálans [12]og sagði til mín: „Statt upp, far þú snarlega ofan héðan það þitt fólk sem þú útleiddir af Egyptalandi hefur snarlega misgjört. Þeir eru þegar afgengnir þeim vegi sem ég bauð þeim. Þeir hafa gjört sér eitt steypt líkneski.“

[13]Og DROTTINN sagði til mín: „Ég sé að þetta fólk er eitt harðsvírað fólk. [14]Láttu mig vera so að ég foreyði þeim og afmái þeirra nöfn undir himninum. Ég vil gjöra eitt stærra og sterkara fólk út af þér en þetta er.“ [15]Og sem ég sneri mér og gekk ofan af fjallinu sem logaði með eldi og hafði þau tvö sáttmálsspjöldin í mínum höndum [16]þá leit ég við og sjá, þá höfðu þér misgjört við DROTTIN Guð yðarn í því að þér gjörðuð yður einn steyptan kálf og voruð þá þegar afgengnir af þeim veginum sem DROTTINN bauð yður. [17]Þá greip ég bæði spjöldin og fleygða ég þeim af báðum höndum og í sundurbraut þau fyrir yðar augum. [18]Og ég féll fram fyrir DROTTIN so sem í fyrstu fjörugyti daga og fjörutygi nætur og át ekki brauð og drakk ekki vatn fyrir allra yðvara synda sakir sem þér höfðuð misgjört þar þér gjörðuð svoddan illskugjörning fyrir DROTTNI að reita hann svo til reiði. [19]Því að ég var hræddur fyrir þeirri reiði og heiftarbræði með hverri að hann var til reiði egndur yfir yður so að hann vildi afmá yður. En DROTTINN bænheyrði mig og so í það sama sinn. [20]Og DROTTINN var mjög reiður við Aron so að hann vildi afmá hann. En ég bað

þann sama tíma fyrir Aron. [21]En yðar synd, þann kálfinn sem þér höfðuð gjört, tók ég og brennda hann upp í eldi og í sundurbraut hann og ég molaði hann í sundur í smátt þangað til að hann varð að dufti og ég kastaði því duftinu í þann læk sem þar rann ofan af fjallinu.

[22]Líka so gjörðu þér DROTTIN reiðan í Tabera og Massa og í hjá Girndargröfunum. [23]Og þá ið hann sendi yður út af Kades Barnea og sagði: „Farið upp og eignist það landið sem ég hefi gefið yður“ þá voruð þér óhlýðugir munni DROTTINS Guðs yðars og trúðuð ekki á hann og hlýdduð ekki hans raust. [24]Því að þér hafið verið DROTTNI óhlýðugir so lengi sem það ég hefi þekkt yður.

[25]Þá féll ég fram fyrir DROTTIN í fjörutygi daga og fjörutygi nætur á hverjum ég lá því að DROTTINN sagði að hann vildi afmá yður. [26]En ég bað DROTTIN og sagði: „DROTTINN, Guð, fordjarfa ekki þitt fólk og þína arfleifð sem þú frelsaðir með þínum mikla krafti og útleiddir af Egyptalandi með voldugri hönd. [27]Minnst þú á þína þénara Abraham, Ísak og Jakob. Álít þú ekki harðúð og illskusamlegt athæfi og misgjörð fólks þessa [28]so að það land skuli ekki segja af hverju þú útleiddir oss: DROTTINN gat ekki innleitt þá í það landið sem hann lofaði þeim og hefur því útleitt þá að hann varð þeim reiður að hann so niðurdrepi þá í eyðimörkinni. [29]Því að þeir eru þitt fólk og þín arfleifð hvert eð þú útleiddir með stórum krafti og með þínum útréttum armlegg.“

10 Á þeim sama tíma sagði DROTTINN til mín: „Úthögg þú þér tvö steinspjöld sem að þau hinu fyrri voru og kom til mín uppá fjallið og gjör þér eina örk af tré. [2]Þá vil ég skrifa þau orðin á spjöldin sem voru á hinum fyrrum sem þú braust í sundur og þú skalt leggja þau í örkina.“ [3]Þá gjörða ég eina örk af tré og úthjó tvö steinspjöld líka sem þau hin fyrri voru og gekk uppá fjallið og hafði þau steinspjöld í mínum höndum. [4]Þá skrifaði hann á spjöldin líka sem það skrifað var á þeim hinum fyrrum, þau tíu orðin sem DROTTINN talaði til yðar af eldinum uppá fjallinu þá ið vér vorum þar til samans komnir og DROTTINN fékk mér þau. [5]Og ég snera mér og gekk ofan af fjallinu og lagði spjöldin í þá örkina sem ég hafða gjört að þau skyldu vera þar útí líka sem það DROTTINN hafði boðið mér.

[6]Og Ísraelssynir drógu í burt af Berót Bne Jakan til Móser (þar andaðist Aron og var jarðaður og hans son Eleasar varð kennimaður í hans stað), [7]so drógu þeir þaðan og til Gúdegóda og frá Gúdegóda til Jatbat í það land sem lækirnir eru. [8]Í þann sama tíma fráskildi DROTTINN kynsmenn Leví að þeir skyldu bera sáttmálsörk DROTTINS og að standa fyrir DROTTNI og þjóna honum og lofa hans nafn, allt til þessa dags. [9]Þar fyrir skulu Levítarnir ekkert hlutskipti eða arftöku hafa með þeirra bræðrum því að DROTTINN er þeirra arfleifð so sem það DROTTINN Guð þinn hefur lofað þeim.

[10]En ég stóð þá sem áður fyrri í fjörutygi daga og í fjörutygi nætur á fjallinu og DROTTINN bænheyrði mig og í það sama sinni og vildi ekki fordjarfa þig. [11]En hann sagði til mín: „Tak þig upp og far héðan að þú gangir fyrir fólkinu að það megi innkoma og eignast það landið sem ég hefi svarið að gefa þeirra forfeðrum.“

[12]Nú Ísrael, hvörs krefst DROTTINN Guð þinn af þér utan þess að þú skulir óttast DROTTINN Guð þinn so að þú gangir í hans vegum og elskir hann og þjónir DROTTNI Guði þínum af öllu hjarta og af allri sálu [13]so að þú haldir hans boðorð og hans réttindi sem ég býð þér í dag uppá það að þér skuli vel vegna? [14]Sjá þú, himinninn og allir

himnanna himnar og jörðin og allt það
hvað þar er inni, 15það er DROTTINS
Guðs þíns. So hefur hann alleinasta haft
geðþekkni til þinna forfeðra svo að
hann elskaði þá og hefur útvalið þeirra
sæði eftir þá, yður, yfir allt fólk, so sem
það er nú þennan dag. 16Þar fyrir um-
skerið nú yfirhúð yðars hjarta og verið
ekki héðan í frá harðsvíraðir 17því að
DROTTINN Guð yðar er einn Guð yfir öll-
um guðum, einn Drottin yfir öllum
drottnum, einn mikilsháttar Guð, vold-
ugur og hræðilegur og virðir ekki neins
persónu og þiggur öngvar mútur 18og
gjörir föðurlausum börnum og ekkjum
réttan dóm og elskar hina framandi so
að hann gefur þeim mat og klæði. 19Þar
fyrir skulu þér og elska hina framandi
því að þér hafið og framandi verið í Eg-
yptalandi. 20Því að DROTTIN Guð þinn
skaltu óttast, honum skaltu þjóna, hann
skaltu aðhyllast og við hans nafn skaltu
sverja. 21Hann er þinn lofstír og þinn
Guð sem hefur gjört svo mikla og
hræðilega hluti hjá þér sem þín augu
hafa séð. 22Þínir forfeður fóru ofan í Eg-
yptaland sjötygi sálir en nú hefur
DROTTINN Guð þinn fjölgað þig svo sem
stjörnur á himni.

11 Svo skalt þú nú elska DROTTIN
Guð þinn og halda hans lögmál,
setninga, réttindi og boðorð alla þína
lífdaga. 2Og meðkennið í dag það sem
yðar börn vita ekki né hafa séð,einkum
sem er tyttan DROTTINS Guðs yðvars,
hans dýrð, þar til hans volduga hönd og
útréttan armlegg 3og hans stór undur
og dásemdarverk sem hann gjörði
meðal egypskra manna á faraóne Eg-
yptakóngi og á öllu hans landi 4og hvað
hann hefur gjört við þá magtina eg-
ypskra manna, við þeirra vagna og víg-
hesta þá eð hann leiddi vatnið í því
rauða hafinu yfir þá, þann tíð þeir
drógu eftir yður og DROTTINN foreyddi
þeim allt til þessa dags, 5og hvað hann
hefur gjört við yður í eyðimörkinni allt
til þess að þér komuð í þennan stað,
6hvað hann gjörði við Datan og Abíram
þá sonu Elíab,sonar Rúben, hvernin það
jörðin opnaði sinn munn og svelgdi þá í
sig með þeirra heimkynni og tjaldbúð-
um og öllu þeirra góssi sem þeir höfðu
aflað, mitt á meðal alls Ísrael. 7Því að
yðar augu hafa séð þau miklu
dásemdarverk DROTTINS sem hann hef-
ur gjört.

8Þar fyrir skulu þér halda öll þau boð-
orð sem ég býð yður í dag svo að þér
mættuð styrkir verða inn að koma og
að eignast það landið sem nú fari þér til
inn að taka, 9og að þú megir lengi lifa í
því sama landi sem DROTTINN hefur
svarið þínum forfeðrum að gefa þeim
og þeirra sæði, eitt land þar mjólk og
hunang inniflýtur. 10Því það land sem
þú fer nú til að eignast er ekki líka sem
Egyptaland af hverju þér eruð útfarnir,
þar er þú sjálfur sáðir þínu sæði og
hlaust sjálfur að bera vatn á það sem á
annan kálgarð, 11heldur hefur það fjöll
og dali sem döggin af himninum vökv-
ar, 12á hvörju landi að DROTTINN Guð
þinn hefur gætur á og augun DROTTINS
Guðs þíns álíta það með jafnaði, í frá
upphafinu ársins og allt til enda.

13Ef að þér hlýðið nú mínum boðorð-
um sem ég býð yður í dag so að þér
elskið DROTTIN Guð yðarn og þjónið
honum af öllu hjarta og af allri sálu,
14þá vil ég gefa yðar landi regn í til-
heyrilegan tíma, bæði síð og snemma,
so að þú innsafnir þínu korni, þínu víni
og viðsmjöri. 15Og ég vil gefa þínum
fénaði gras af túnvöllum so að þér skul-
uð eta og verða saddir. 16En þér varið
yður við því að þér látið ekki villa yðar
hjörtu svo að þér afvíkið og þjónið
framandi guðum og tilbiðjið þá 17og það
reiði DROTTINS gremjist yður og láti aft-
ur himininn svo að þar komi ekki regn
og jörðin gefi ekki sinn ávöxt og að þér
foreyðist þá snarlega burt af því góða
landinu sem DROTTINN hefur gefið yð-
ur. 18So rótfestið nú þessi orð í hjartanu

og í yðar sálum og bindið þau til merkis á yðar hendur að þau séu eitt minnisband fyrir yðar augum. [19]Og kennið þau börnum yðar svo að þú talir um þau nær eð þú situr í þínu húsi eður gengur farinn veg, nær þú leggur þig niður og nær eð þú stendur upp. [20]Og skrifa þau á dyragætti þíns heimilis og yfir þínum andyrum [21]so að þú og þín börn megi lengi lifa í því landinu sem DROTTINN hefur svarið forfeðrum þínum að gefa þeim, svo lengi sem dagar himins vara á jörðunni. [22]Því ef að þér haldið öll þessi boðorð sem ég býð yður og gjörið þar eftir,að þér elskið DROTTIN Guð yðarn og gangið á öllum hans vegum og hyllist hann að, [23]þá mun DROTTINN útdrífa allt þetta fólk fyrir yður so að þér skuluð undir yður leggja stærra og sterkara fólk en þér eruð. [24]Og hvör sá staður sem þér setjið yðar fætur á þá skal hann vera yðar eign, í frá eyðimörkinni og í frá fjallinu Líbanon og í frá því vatninu Euphrates allt út til þess ysta hafsins, það skal vera yðar landamerki. [25]Þar skal enginn þora at standa í móti yður. Hræðslu og skelfing af yður mun DROTTINN koma láta yfir öll þau lönd um hver þér reisið, so sem það hann hefur sagt yður.

[26]Sjá þú, ég framset fyri yður í dag blessanina og bölvanina, [27]blessanina ef að þér hlýðið þeim boðorðum DROTTINS Guðs yðvars sem ég býð yður í dag, [28]en bölvanina ef þér hlýðið ekki boðorðum DROTTINS Guðs yðars og víkið af þeim veginum sem ég býð yður í dag, það þér eftirfylgið annarlegum guðum sem þér þekkið ekki. [29]Nær eð DROTTINN Guð þinn innleiðir þig í það landið þar þú kemur inn til að eignast það þá skalt þú úthrópa blessunina uppá fjallinu Grísím og bölvanina uppá fjallinu Ebal, [30]hvör að eru hinumegin Jórdanar, á þeim veginum mót vestrinu í Kanaanslandi þeirra sem búa á því sléttlendinu gegnt Gilgal móti þeim lundi Móre. [31]Því að þú skalt ganga yfir um Jórdan so að þú komir inn þangað til að eignast það landið sem DROTTINN Guð yðar hefur gefið yður og þér skuluð eignast það og búa þar inni. [32]Þar fyrir gætið að því að þér gjörið eftir öllum þeim boðorðum og réttindum sem ég legg fyrir yður í dag.

12 Þessi eru þau boðorð og réttindi sem þér skuluð halda að þér gjörið þar eftir í því landinu sem DROTTINN Guð feðra þinna hefur gefið þér til eignar so lengi sem þér lifið á jörðu. [2]Niðurbrjótið að velli alla þá staði þar sem heiðingjarnir (þeir eð þér skuluð undir yður leggja) hafa þjónað þeirra guðum útí, bæði á háfjöllunum og á smáhæðunum eða undir þeim blómguðum viðartrjánum. [3]Og niðurrífið þeirra stalla og í sundurbrjótið þeirra stoðir og uppbrennið með eldi þeirra lunda og í burt takið skúrgoð þeirra afguða og foreyðið þeirra nöfnum af þeim samastað. [4]Þér skuluð ekki gjöra DROTTNI Guði yðar soddan, [5]heldur í þeim stað sem DROTTINN Guð yðar hann útvelur á meðal allra yðar kynkvísla að hann vilji láta sitt nafn þar búa, þar skulu þér eftir spyrja og þangað skulu þér koma [6]og flytja þangað yðart brennioffur og aðrar yðar fórnir og yðar tíund og það upplyftingaroffur yðvara handa og yðar heitgjafir og yðar sjálfkrafa fórnir og þá frumburði yðvars fénaðar og sauðfjár. [7]Og þar skulu þér eta það fyrir DROTTNI Guði yðar og vera glaðir af öllu því sem þér og yðart heimkynni berið þangað, meður því sem DROTTINN Guð þinn hefur blessað þig. [8]Þér skuluð ekki gjöra neitt svoddan sem vér gjörum hér í dag, hver eftir því sem honum sjálfum þykir rétt vera. [9]Því að þér eruð enn ekki innkomnir til hvíldarinnar, eigi heldur til arfleifðarinnar sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér. [10]En þér skuluð ganga yfir um Jórdan og búa í landinu því sem DROTTINN Guð yðar mun hlutskipta

yður til arftöku og mun gefa yður hvíld fyrir öllum yðar óvinum í kringum yður og þér munuð búa ugglausir. 11Nær eð DROTTINN Guð yðar útvelur nú einn stað þar hans nafn skal búa þá skulu þér hafa þangað allt það sem ég býð yður, yðvart brennioffur, aðrar yðar fórnir, yðar tíundir, yðart handanna upphafningaroffur og öll yðar heit sem þér lofið sjálfkrafa DROTTNI. 12Og þér skuluð glaðir vera fyrir DROTTNI Guði yðar, þér og yðrir synir og yðrar dætur og yðrir þjónustumenn og þjónustukvinnur og Levítarnir sem eru innan yðvara staðardyra, því að þeir hafa öngva hlutdeild né arftöku með yður. 13Vara þig við því að þú offrir ekki þínu brennioffri í öllum þeim stöðum sem þú sér 14heldur í þeim stað sem DROTTINN útvelur á meðal einnra af þinni kynkvísl, þar skalt þú offra þínu brennioffri og gjöra allt það sem ég býð þér.

15Þó máttu slátra og kjöt eta innan allra þinna dyra eftir allri vild þinnar sálu, eftir DROTTINS Guðs þíns blessan sem hann hefur gefið þér, bæði hinn hreini og hinn óhreini mega eta þar af, sem af einni hind eða af einum hjört. 16Þó so að þú etir ekki blóðið, heldur úthellir því á jörðina sem vatni. 17En ekki mátt þú eta innan þinna staðardyra af tíundinni þíns kornsæðis, þíns víns, þíns viðsmjörs, né af þeim frumburðinum þinna kúa, þíns sauðfjár, eða nokkuð af þeim áheitum sem þú hefur lofað, eða af þínu sjálfkrafa offri, eður af yðar handanna upphafningaroffri, 18heldur skalt þú svoddan eta láta fyrir DROTTNI þínum Guði í þeim stað sem DROTTINN Guð þinn útvelur, þú og þinn sonur, þín dóttir, þinn þjónustumaður, þín þjónustukvinna og þeir Levítarnir sem eru innan þinna borgarhliða, og skalt vera glaðvær fyrir DROTTNI Guði þínum af öllu því sem þú ber þangað. 19Og vara þig við því að þú yfirgefir ekki Levítana alla þá daga sem þú lifir á jörðu.

20Nær eð DROTTINN Guð þinn gjörir þín landamerki víðari so sem það hann hefur tilsagt þér og þú segir: „Ég vil eta kjöt“ af því að þín sála hefur lysting til að eta kjöt, þá et kjöt sem þína sál lystir. 21En ef sá staðurinn er langt í burtu frá þér sem DROTTINN Guð þinn hefur útvalið að láta sitt nafn þar byggja, þá slátra þínum nautum eður sauðfé sem DROTTINN hefur gefið þér líka sem ég hefi boðið þér og et það innan þinna staðardyra eftir allri lysting þinnar sálu. 22Líka sem það maður hann etur eina hind eður einn hjört, so máttu það eta, bæði sá hinn óhreini og hinn hreini mega eta það til líka. 23Aðeins þú vara þig við því að þú etir ekki blóðið því að blóðið er sálin. 24Þar fyrir skaltu ekki eta sálina með kjötinu heldur skalt þú úthella því á jörðina sem vatni. 25Og þú skalt ekki eta það so að þér megi vel vegna og þínum börnum eftir þig, að þú hafir gjört það sem réttferðugt er fyrir DROTTNI. 26Nær eð þú vilt heilagt gjöra það nokkuð sem þér tilheyrir eða heitir þú nokkru þá skalt þú taka það og flytja til þess staðar sem DROTTINN hefur útvalið 27og lát þar offra þínu brennioffri með kjöti og blóði uppá DROTTINS Guðs þíns altari. Og þú skalt úthella blóðinu af þínu offri uppá DROTTINS Guðs þíns altari og eta kjötið. 28Sjá þú til og hlýð öllum þessum orðum sem ég býð þér so að það megi þér vel vegna og þínum börnum eftir þig ævinlega, að þú hefur það gjört hvað réttferðugt og þakknæmilegt er fyrir DROTTNI þínum Guði.

29Nær DROTTINN Guð þinn foreyðir fyrir þér þeim heiðingjunum sem þú dregur nú til þá undir þig að leggja og þú býr þar og eignast þeirra land, 30þá vara þig við að þú fallir ekki í snöruna eftir þeim síðan það þeir voru foreyddir fyrir þér og spyrjir ekki eftir þeirra guðum og segir: „Líka so sem að þetta fólk þjónaði þeirra guðum, svo vil ég og gjöra.“ 31Þú skalt ekki so breyta fyrir

DROTTNI Guði þínum. Því að þeir gjörðu
þeirra guðum allt það sem svívirðulegt
er fyrir DROTTNI og það sem hann hat-
ar. Því að þeir hafa og uppbrennt í eldi
sína sonu og dætur fyrir þeirra guðum.
32Þér skuluð halda allt það ég býð yð-
ur að þér gjörið þar eftir. Þér skuluð
öngu auka þar við og ekki neitt taka
þar í frá.

13 Ef að nokkur spámaður elligar
draumspekingur rís upp á
meðal yðar og segir fyrir eitthvað teikn
eða stórmerki 2og það teikn eður stór-
merki fram kemur sem hann sagði þér
fyrir og hann segir: „Látum oss eftir-
fylgja annarlegum guðum sem þér
þekkið ekki og þjóna þeim“ 3þá skalt þú
ekki hlýða þeim orðum þess sama spá-
manns eða draumspekings. Því að
DROTTINN yðar Guð hann freistar yðar
að hann vill reyna hvert þér elskið
hann af öllu hjarta og af allri sálu. 4Því
að þér skuluð eftirfylgja DROTTNI Guði
yðar og óttast hann og varðveita hans
boðorð og hlýða hans raust og þjóna
honum og hyllast hann að. 5En sá spá-
maður eður draumspekingur skal
deyja, af því að hann vill burt snúa yður
í frá DROTTNI Guði yðar sem útleiddi yð-
ur af Egyptalandi og frelsaði yður af því
þrældómshúsinu, og það hann hefur
villt þig af þeim veginum sem DROTTINN
Guð þinn hefur boðið þér að ganga á,
so að þú kunnir að skilja frá þér það hið
vonda.

6Nær eð þinn bróðir, sonur þinnar
móður, elliegar sonur þinn eða dóttir
þín, elligar þín húsfreyja í faðmi þínum
eða vinur þinn, þann þú elskar sem þitt
hjarta, ræður þér heimuglega og segir:
„Látum oss fara og þjóna annarlegum
guðum“ (sem hverki þekkir þú né þínir
forfeður) 7sem eru á meðal þess fólks-
ins sem í kringum yður er, hvert að
þeir eru heldur nærri þér eður fjarri, í
frá einum jarðarendanum allt til ins
annars, 8þá samþykk það ekki með
honum og hlýð honum ekki að. Og þitt
auga skal ekki vægja honum og þú skalt
ekki honum miskunnsamur vera eður
skýla honum, 9heldur skalt þú drepa
hann, þín hönd skal vera hin fyrsta yfir
honum til að lífláta hann og síðan þar
næst höndin alls almúgans. 10Meður
grjóti skal hann grýttur vera til dauða
því að hann vildi í burt villa þig frá
DROTTNI Guði þínum sem útleiddi þig af
Egyptalandi, af þrældómshúsinu, 11so
það allur Ísrael megi það heyra og ótt-
ast það og ástunda ekki framar að gjöra
svoddan illskuverk á meðal yðar.

12Ef að þú heyrir í nokkrum af þínum
stöðum sem DROTTINN Guð þinn hefur
gefið þér að búa útí, það menn segja:
13„Þar eru nokkrir af Belíals börnum út-
gengnir á meðal þín og hafa villt
staðarins innbyggjara og sagt: Látum
oss fara og þjóna annarlegum guðum
sem þér þekkið ekki til“ 14þá skalt þú
innvirðulega rannsaka og spyrjast um.
Og ef það finnst í sannleika að það sé so
vissulegana að sú svívirðing sé orðin á
meðal yðar, 15þá skaltu slá borgar-
mennina í þeim sama stað með
sverðseggjum og afmá þá með öllu því
sem þar er inni og þeirra fénað með
sverðseggjum. 16Og þú skalt síðan bera
allt þeirra herfang á mitt strætið og
brenna það upp með eldi, bæði staðinn
og allt þeirra herfang meður öðru fyrir
DROTTNI þínum Guði, so að það blífi þar
liggjandi í einni hrúgu ævinlega og
byggist síðan aldrei upp aftur. 17Og lát
ekki neitt af þeirri bölvan loða þér við
hendur so að DROTTINN megi snúa sér
frá sinni heiftarreiði og gefa þér mis-
kunnsemi og vera þér líknsamur og
margfalda þig líka sem hann hefur
svarið þínum forfeðrum. 18Því að þú
hefur heyrt raust DROTTINS Guðs þíns
að halda öll hans boðorð sem ég býð
þér í dag svo að þú gjörir það sem rétt
er fyrir DROTTINS Guðs þíns augsýn.

14 Þér eruð börn DROTTINS Guðs yðars. Þér skuluð ekki vekja yður benjar eða gjöra yður sköllótta fyrir ofan augun eftir nökkrun framliðinn.
2 Því þú ert eitt heilagt fólk DROTTINS Guðs þíns. Og DROTTINN hefur útvalið þig að þú skulir vera hans eigindómur, út af öllu því fólki sem er á jörðu.
3 Þú skalt ekki eta neitt svívirðilegt.
4 Þessi eru þau dýr sem þér skuluð eta: Naut, sauðir, geitfé,
5 hjörtur, hind, hrein, steingeitin, einhyrningur, úruxinn, elgsdýrið
6 og þér skuluð eta allt það kvikfé sem klaufir hefur og jórtrar.
7 En þér skuluð ekki eta það sem jórtrar og ekki hefur klaufir: Úlfaldann, hérann og kúnísið. Þessi jórtra og hafa þó ekki klaufir. Þau skulu vera yður óhrein.
8 En svínið, þó að það hafi klaufir, þó þar fyrir að það jórtrar ekki, þá skal það vera yður óhreint. Þér skuluð ekki eta slátrið af þeim og þeirra hræ skulu þér ekki heldur snerta.
9 Þetta er það sem þér skuluð eta af öllu því sem í vatninu er: Allt það sem hefur sundugga og hreistur, það skulu þér eta.
10 En það allt sem ekki hefur sundugga og hreistur, það skulu þér ekki eta því að það er yður óhreint.
11 Þér megið eta alla hreina fugla.
12 En þessir eru þeir sem þér skuluð ekki eta: Örninn, haukurinn, kjóinn,
13 langvíinn, gamminn, valurinn með sinni tegund,
14 og alla hrafna með þeirra tegund,
15 strússinn, uglan, gaukurinn, smyrillinn með sinni tegund,
16 náttuglan, hornuglan, flæðarmúsin,
17 músarbróðurinn, skjórinn, tranan,
18 orrinn, hegrinn með sinni tegund, akurhænsnin og svöluna
19 og allt það fuglakyn sem skríður, þa skal fyrir yður óhreint vera og þá skulu þér ekki eta.
20 En þá hina hreinu fuglana skulu þér eta.
21 Þér skuluð ekki neitt hræ eta. Þeim hinum framanda innan þinna borgarhliða máttu það gefa að hann eti það, elligar þú sel það einhverjum framanda. Því að þú ert eitt heilagt fólk DROTTINS Guðs þíns. Þú skalt ekki sjóða kiðið á meðan það sýgur sína móður.
22 Hvert ár þá skalt þú fráskilja tíunda partinn af öllu þínu kornsæði og jarðarávexti sem inn kemur af þínum akurlöndum.
23 Og þú skalt eta það fyrir DROTTNI Guði þínum í þeim stað sem hann útvelur að hans nafni skuli búa þar, sem er tíundina af þínu korni, ínu víni, þínu viðsmjöri og frumburðina af þínum nautum og sauðfé, so að þú megir læra að óttast DROTTIN Guð þinn um alla þína lífdaga.
24 En nær eð sá vegurinn er þér of langur að þú getur ekki borið svoddan þangað, því að sá staður er so mjög í fjarska við þig sem DROTTINN Guð þinn hefur útvalið að hans nafn skuli búa þar (því að DROTTINN Guð þinn hefur blessað þig),
25 þá sel það út fyrir peninga í þína hönd og gakk til þess staðar sem DROTTINN Guð þinn hefur útvalið
26 og kaup þar aftur fyrir þá sömu peninga hvað þín sála hefur lysting til og neyt þess í þeim sama stað fyrir DROTTNI Guði þínum og vert glaður, þú og þitt heimafólk
27 og þinn Levíti sem er fyrir innan þinna portdyra. Þú skalt ekki yfirgefa hann því hann hefur öngva hlutdeild eður arftöku með þér.
28 Þriðja hvert ár skaltu fráskilja alla tíund að þinni inntekt þess sama ársins og það skaltu leggja innan þinna portdyra.
29 So skal Levítinn sem öngva arftöku eður hlutdeild hefur með þér og sá hinn framandi og hinn föðurlausi og ekkjan sem að er innan þinna staðardyra koma þangað og neyta þess og eta sig metta so að DROTTINN Guð þinn blessi þig í öllum þínum handaverkum sem þú gjörir.

15 Þú skalt halda eitt frelsunarár hvert sjöunda ár
2 og það skal svo til ganga með því sama frelsunarárinu: Hver sem hefur lánað sínum náunga nokkuð þá skal hann gefa honum

það kvitt og krefjast þess ekki af sínum náunga eður af sínum bróðir því að það kallast frelsunarár DROTTINS. 3Af einum framanda máttu það heimta en honum skalt þú gefa það kvitt sem er þinn bróðir. 4Þar skal og enginn ölmösumaður vera á meðal yðar því að DROTTINN mun blessa þig í því landinu sem DROTTINN Guð þinn gefur þér til arftöku að eignast. 5Þó so að þú alleinasta hlýðir raustinni DROTTINS Guðs þíns og haldir öll þessi boðorð sem ég býð þér í dag so að þú gjörir þar eftir. 6Því að DROTTINN Guð þinn mun blessa þig so sem það hann hefur tilsagt þér. Þá muntu og lána mörgu fólki og þú skalt af öngvum lán taka. Þú munt drottna yfir mörgu fólki og enginn skal drottna yfir þér.

7Ef nokkur af þínum bræðrum er fátækur í einhverjum stað í þínu landi sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér þá skalt þú ekki forherða þitt hjarta eður til lykja þína hönd þínum fátækum bróðir, 8heldur skaltu upplúka þinni hendi fyrir honum og lána honum eftir því sem hann hefur þörf til. 9Vara þig við því að þar sé nokkur Belíals þanki í þínu hjarta sem segir: „Þar líður snart að sjöunda árinu (sem að er eitt frelsunarár)“ og þú lítur ómiskunnsamlega til þíns fátæka bróðurs og gefur honum ekki par. Þá mun hann kalla yfir þér til DROTTINS og það mun verða þér að synd. 10Heldur þá skaltu gefa honum gjarnan og láta þínu hjarta ekki mispóknast það að þú gefur honum. Því að DROTTINN Guð þinn mun þar fyrir blessa þig í öllum þínum gjörningum og í öllu því sem þú ásetur þér. 11Alla tíma þá munu þar fátækir vera í landinu, því býð ég þér og segi að þú skulir upplúka þinni hendi fyrir þínum bróður sem þörf líður og fátækur er í þínu landi.

12Nær eð þinn bróðir, einn ebreskur maður eður ein ebresk kvinna, selur sig þér, þá skal hann þjóna þér í sex ár. Það sjöunda árið skaltu gefa hann frjálsan og lausan. 13Og nær eð þú gefur hann frjálsan þá skalt þú ekki láta hann ganga tómum höndum frá þér 14heldur þá skalt þú gefa honum af þínu sauðfé, af þinni kornhlöðu og af þinni vínþrúgu, að þú gefir af því sem DROTTINN Guð þinn hefur blessað þig með. 15Og minnstu á það að þú hefur og verið einn þræll í Egyptalandi og að DROTTINN Guð þinn hefur frelsað þig. Þar fyrir býð ég þér í dag þetta hið sama. 16En segir hann þá til þín: „Ég vil ekki í burt fara frá þér því að mér er vel við þig og þitt heimkynni“ (með því að honum geðst þar vel að í hjá þér) 17þá tak einn prjón og sting í gegnum hans eyra upp við dyrnar og lát hann vera so þinn ævinlegan þjónustumann. Á sömu leið skaltu gjöra við þína þjónustukvinnu. 18Og lát það ekki þykja þér forþungt að þú gefir hann frjálslega lausan því að hann hefur þjónað þér í sex ár sem einn tvefaldur daglaunari. So mun DROTTINN Guð þinn blessa þig í öllum þínum verkum.

19Alla þá frumburði sem berast af þínum kúm og sauðfé sem er kallkyns þá skaltu helga DROTTNI Guði þínum. Þú skalt ekki plægja þinn akur með frumburði þíns uxa og ekki ullina rýja af frumburði þíns suðafjár, 20heldur skaltu neyta þeirra árlega árs fyrir DROTTNI Guði þínum, þú og þitt heimafólk, í þeim stað sem DROTTINN útvelur. 21En ef það er vankað að nokkru so að það er halt eða blint eða hefur nokkurn annan löst á sér þá skalt þú ekki offra það DROTTNI Guði þínum, 22heldur skalt þú eta það innan þinna portdyra (hvert að þú ert hreinn eður óhreinn) svo sem aðra hind eður einn hjört, 23þó svo að þú etir ekki blóðið af því heldur úthell því á jörðina líka sem öðru vatni.

16 Þú skalt hyggja að þeim mánaðinum abíb að þú haldir þá DROTTNI Guði þínum páska. Því að á þeim mánaði abíb útleiddi þig DROTTINN

Guð þinn af Egyptalandi á náttartíma.
2Og þú skalt færa DROTTNI Guði þínum
páskaoffur, naut og sauði, í þeim stað
sem DROTTINN útvelur að hans nafn
skuli þar búa. 3Þú skalt ekki súrdeig eta
á samri hátíð heldur skalt þú eta ósýrt
brauð útlegðarinnar í sjö daga því að þú
flýðir af Egyptalandi með hræðslu, að
þú skulir so minnast á þann dag sem þú
útfórst af Egyptalandi um alla þína líf-
daga. 4Þar skal ekki neitt súrdeig sjást á
þeim sjö dögum innan allra þinna
landamerkja. Og þar skal ekki neitt eft-
irskiljast, af því kjötinu sem að kveldi
þess fyrsta dagsins slátrað er, til
morgunsins. 5Þú mátt ekki offra það
páskaoffrið innan nokkra þinna staðar-
dyra sem DROTTINN Guð þinn hefur gef-
ið þér, 6heldur í þeim stað sem
DROTTINN mun útvelja að hans nafn
skuli þar búa, þar skalt þú offra páska-
offrið að kveldi dags þá ed sólin gengur
undir, á þeim tíma sem þú útdrógst af
Egyptalandi. 7Og þú skalt steikja og eta
það í þeim stað sem DROTTINN mun út-
velja. Og þar eftir á að morni snú þú
heim til þíns heimilis. 8Sex daga skaltu
eta ósýrt brauð, sá sjöundi dagurinn er
samkomufundur DROTTINS Guðs þíns,
þá skaltu ekki neitt erfiða.

9Sjö vikur skalt þú reikna og upphefja
að telja nær ed tiltekið verður með
sigðinum í kornið. 10Og þú skalt þá
halda DROTTNI Guði þínum eina vikuhá-
tíð og gef honum sjálfviljugar gjafir af
þinni hendi eftir því sem DROTTINN Guð
þinn hefur blessað þig. 11Og þú skalt
vera glaður fyrir Guði þínum DROTTNI,
þú og þinn sonur og þín dóttir, þinn
þjónustumaður, þín þjónustukvinna og
Levítinn sem er innan þinna portdyra,
sá hinn framandi, hinn föðurlausi og
ekkjan sem að er hjá þér, í þeim stað
sem DROTTINN Guð þinn hefur útvalið
það hans nafn skuli þar búa. 12Og hug-
leið þú það að þú hefur og verið einn
þræll í Egyptalandi, að þú haldir og
gjörir eftir þessum boðorðum.

13Þú skalt halda laufskálahátíð sjö
daga í samt nær ed þú hefur innsafnað
af þinni kornhlöðu og af þinni vín-
þrúgu. 14Og þú skalt vera glaður á þeirri
hátíð, þú og þinn sonur, þín dóttir, þinn
þjónustumaður, þín ambátt, Levítinn,
sá hinn framandi og hinn föðurlausi og
ekkjan sem er innan þinna staðardyra.
15Sjö daga skaltu halda DROTTNI Guði
þínum þessa hátíð í þeim stað sem
DROTTINN mun útvelja. Því að DROTTINN
Guð þinn mun blessa þig í allri þinni
inntekt og í öllum þínum handaverk-
um. Þar fyrir skaltu vera glaður.
16Þrisvar sinnum á árinu skal allt hvað
kallkyns er hjá þér auglýsast fyrir
DROTTNI Guði þínum í þeim stað sem
DROTTINN mun útvelja: Á þeirra ósýrðra
brauða hátíðinni og á þeirri vikuhalds-
hátíðinni og á þeirri laufskálahátíðinni.
En enginn skal þar tómum höndum
auglýsast fyrir DROTTNI, 17hver eftir gjöf
sinnar handar, eftir þeirri blessan sem
DROTTINN Guð þinn hefur gefið þér.

18Dómara og embættismenn skaltu
setja þér í öllum þínum borgarhliðum
sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér á
meðal þinna kynkvísla, að þeir dæmi
lýðinn eftir réttferðugum dómi. 19Þú
skalt ekki halda réttinum, þú skalt og
ekki álíta nokkurs manns persónu og
ekki heldur gjafir þiggja. Því að gjafirn-
ar forblinda augun vísra manna og um-
venda málum réttferðugra. 20Þú skalt
eftirfylgja því sem réttferðugt er so að
þú megir lifa og eignast það landið sem
DROTTINN Guð þinn mun gefa þér.

21Þú skalt öngva skógarrunna af
nokkursháttar viðartrjám rótfesta í hjá
altari DROTTINS Guðs þíns sem þú gjörir
þér. 22Þú skalt ekki uppreisa þér neinar
stoðir hverjar ed DROTTINN Guð þinn
hatar.

17 Þú skalt ekki fórnfæra DROTTNI
Guði þínum neitt það naut eða
sauð sem hefur nokkuð lýti eða
nokkurn löst á sér því að það er

DROTTNI Guði þínum ein vanvirðing.
[2]Nær eð þú finnur nokkurn mann eður
kvinnu innan þinna staðardyra sem
DROTTINN Guð þinn mun gefa þér þann
er illa gjörir fyrir DROTTINS Guðs þíns
augsýn,að hann yfirtreður hans sáttmála [3]og fer og þjónar annarlegum
guðum og tilbiður þá, sé það sólin eður
tunglið eður nokkuð annað af himinsins her, sem ég hefi ekki boðið, [4]og
þetta verður sagt þér og þú heyrir það,
þá skalt þú spyrja vel að því. Og nær eð
þú formerkir það að það eru vissuleg
sannindi að svoddan svívirðing er sken
í Ísrael [5]þá skalt þú láta þann mann eður kvinnu sem soddan glæp hefur gjört
útleiða af þínum portdyrum og þú skalt
berja þau með grjóti til heljar. [6]Eftir
tveggja eður þriggja manna vitnisburði
þá skal sá deyja sem dauða er verður,
en enginn skal þar deyja eftir eins
manns vitnisburði. [7]Þeirra hönd sem
vitnað hafa skal vera hins fyrsta til að
lífláta hann og síðan höndin alls fólksins, að þú skiljir þig so við það vonda.

[8]Ef nokkurt klögumál verður þér of
þungt yfir að dæma á millum blóðs og
blóðs, á millum sakferlis og sakferlis, á
millum skaðsemdar og skaðsemdar, og
hvaða kærumálum sem það eru innan
þinna staðardyra, þá skaltu hafa þig til
vegar og fara upp til þess staðar sem
DROTTINN Guð þinn mun útvelja þér [9]og
koma til prestanna og Levítanna og til
þess dómara sem þann sama tíma verður og spyrjast fyrir af þeim. So skulu
þeir segja þér upp dóminn. [10]Og þú
skalt gjöra það sem þeir segja þér í
þeim stað sem DROTTINN hefur útvalið
og þú skalt hyggja vel að því að þú gjörir eftir öllu því sem þeir kenna þér.
[11]Eftir því lögmáli sem þeir kenna þér
og eftir þeim dóminum sem þeir segja
þér upp þá skaltu rétta þig so að þú vísir ekki þar í frá, hverki til hægri né til
vinstri handar. [12]Og ef að nokkur mann
þrjóskast so að hann vill ekki hlýða
prestinum að, sem stendur þar í
DROTTINS Guðs þíns embætti, eður
dómaranum, sá skal deyja. Og þér skuluð í burt taka þann hinn vonda af Ísrael
[13]svo það almúgafólkið megi það heyra
og óttast og þrjóskast ekki lengur.

[14]Nær þú kemur inn í það land sem
DROTTINN Guð þinn mun gefa þér og
eignast það og þú býr þar inni og segir
svo: „Ég vil setja einn kóng yfir mig so
sem allar aðrar þjóðir hafa hér í kringum mig“ [15]þá skalt þú setja þann til
kóngs yfir þér sem DROTTINN Guð þinn
mun útvelja. En einn af þínum bræðrum skalt þú setja til konungs yfir þig.
Þú skalt ekki setja nokkurn framanda
yfir þig sem ekki er þinn bróðir. [16]Aðeins það að hann skal ekki halda marga
víghesta og ekki innleiða fólkið í Egyptaland aftur af því það hann hefur
marga víghesta, eftir því sem DROTTINN
hefur sagt yður, að þér skuluð ekki
héðan í frá fara um þennan veg aftur.
[17]Hann skal og ekki heldur taka sér
margar eiginkonur, að hans hjarta í
burt snúist ekki. Hann skal og ekki
samandraga mikið gull og silfur.

[18]Nær eð hann kemur nú að sitja í hásæti síns kóngsríkis þá skal hann taka
þetta annað lögmálið af prestunum og
Levítunum og láta skrifa það í eina bók.
[19]Hún skal vera í hjá honum og hann
skal lesa þar inni um alla sína lífdaga so
að hann megi læra að óttast DROTTIN
Guð sinn,að hann kunni að halda öll
orðin af þessu lögmáli og réttindum so
að hann gjöri þar eftir. [20]Hann skal ekki
ofstæra sitt hjarta yfir sína bræður og
ekki í burt víkja af boðorðunum, hverki
til hægri né til vinstri handar, að hann
megi so lengja sína daga í sínu kóngaríki, hann og hans börn í Ísrael.

18 Prestarnir, Levítarnir af allri kynkvísl Leví, skulu öngva hlutdeild eða arftöku hafa í Ísrael, því að fórnir DROTTINS og hans arftöku skulu þeir eta. [2]Þar fyrir skulu þeir ekki hafa neina arftöku á meðal sinna

bræðra því að DROTTINN er þeirra arfleifð, so sem hann hefur sjálfur tilsagt þeim.
[3]En það skal vera prestanna réttur af fólkinu og af þeim sem offra, hvert það er naut eða sauður. [4]En maður skal gefa prestinum bóginn, báða vangana og þá fyrstu ullina sem þú tekur af þínu sauðfé. [5]Því að DROTTINN Guð þinn hefur útvalið hann af öllum þínum kynkvíslum að hann skuli þjóna í nafni DROTTINS, hann og hans synir ævinlega.
[6]Nær ið Levítinn kemur út af þínum staðardyrum, elligar út af einhverjum stað í öllum Ísrael, þar sem hann er framandi, og kemur eftir allri lysting sinnar sálu til þess staðar sem DROTTINN hefur útvalið [7]að hann þjóni í nafni DROTTINS Guðs síns, sem allir hans bræður Levítarnir gjöra sem þar standa í sama stað fyrir DROTTNI, [8]þeir skulu hafa jafna hlutdeild matarins, fyrir utan það sem hann hefur af seldu góssi sinnar föðurleifðar.
[9]Nær þú kemur inn í það landið sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér þá skaltu ekki læra að gjöra þessa fólks svívirðingar, [10]so að þar skuli eigi nokkur finnast hjá þér sá sem lætur sinn son eður dóttir í gegnum eldinn ganga eður sá nökkur sem fer með spádóma eður er dagveljari eður sá sem hyggur að fuglakvaki eður galdramaður eður særingamaður [11]eður nokkur fítonsanda forsagnari eður teiknanna útleggjari eður sá nokkur sem leitar vísinda hjá dauðum mönnum. [12]Því hver ið hann gjörir svoddan hann er ein svívirðing fyrir DROTTNI og fyrir slíkrar svívirðingar sakir í burtdrífur DROTTINN Guð þinn þá fyrir þér. [13]En þú skalt vera flekklaus fyrir DROTTNI Guði þínum. [14]Því að þetta fólk sem þú skalt undir þig leggja þa hlýðir dagaútveljurum og spásagnarmönnum. En þú skalt ekki so gjöra fyrir DROTTNI Guði þínum.
[15]Einn spámann mun DROTTINN Guð þinn uppvekja þér út af þér og þínum bræðrum. Honum skulu þér heyra. [16]Líka sem að þú baðst af DROTTNI Guði þínum í Hóreb á þeim degi sem vér vorum til samans þar og þú sagðir: „Eigi vil ég lengur heyra raustina DROTTINS Guðs míns og eigi oftar sjá þann mikla eldinn so að ég skuli ekki deyja.“ [17]Þá sagði DROTTINN til mín: „Þeir hafa talað vel. [18]Ég vil uppvekja þeim einn profeta af þeirra bræðrum líka sem þú ert og ég vil leggja mín orð í hans munn. Hann skal segja þeim allt það sem ég býð honum. [19]Og hvör sem eigi heyrir mín orð sem hann mun tala í mínu nafni, af þeim hinum sama vil ég þess útkrefja. [20]Þó nær ið einhver profete dirfist til að tala það nokkuð í mínu nafni sem ég hefi ekki boðið honum að tala og jafnvel sá sem talar í annarlegra guða nafni, sá hinn sami profeti skal deyja. [21]Ef að þú segir þá í þínu hjarta: „Hvernin kann ég að formerkja það hvört orð það DROTTINN hefur ekki talað?“ [22]Nær ið profetinn talar í nafni DROTTINS og það kemur ekki fram, það sama er það orð sem DROTTINN hefur ekki talað, en sá sami profete hefur það talað út af sinni eiginlegri ofstæki, þar fyrir skalt þú ekki kvíðbug bera fyrir honum.

19 Nær ið DROTTINN Guð þinn hefur nú í eyðilagt fólkið hverra land það DROTTINN Guð þinn mun gefa þér svo að þú eignist það og búir í þeirra borgum og húsum [2]þá skaltu fráskilja þrjár borgir í landinu því sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér að eignast. [3]Og þú skalt útvelja hagkvæmilega staði og þú skalt í sundurskipta landamerkjunum í því landinu sem DROTTINN Guð þinn gefur þér til arftöku í þrjár hlutdeildir að hver sem manni hefur að skaða orðið megi flýja þangað.
[4]Og það skal sökin vera að hann sem drepið hefur mann megi flýja þangað so að hann megi halda lífinu. Nær ið

einhver slær sinn náunga í hel óforvarandi og hafi hann ekki áður haft fyrri neitt hatur á honum [5]heldur so sem þá nær eð nokkur fer í skóg með sínum náunga til að höggva við og hann útréttir höndina með öxinni til að höggva tréð og öxin hrýtur af skaftinu og kemur á hans náunga so að hann deyr þar af, þá skal hann flýja til einhvers þessara staða so hann haldi lífinu [6]so að blóðhefnarinn veiti ekki eftirför mannslagaranum á meðan hans hjarta er svo heitt og nái honum með því að vegurinn er svo fjarlægur og slái honum hans sálu í hel þó að engin dauðasök væri með honum af því að hann hafði áður fyrri ekki neitt hatur til hans haft. [7]Þar fyrir býð eg þér að þú í fráskiljir þær þrjár borgir. [8]Og þar sem DROTTINN Guð þinn gjörir enn víðari þín landamerki svo sem það hann hefur svarið þínum forfeðrum og gefur þér allt þetta land sem hann hefur til sagt þínum forfeðrum [9](so framt að þú heldur öll þessi boðorð so að þú gjörir þar eftir sem ég býð þér í dag, það þú elskir DROTTIN Guð þinn og gangir á hans vegum alla þín lífdaga) þá skalt þú enn leggja þrjár borgir til þessara þriggja [10]so að ekki verði úthellt saklausu blóði í þínu landi sem DROTTINN Guð þinn gefur þér til arftöku so að þú verðir ekki sekur í svoddan blóði.

[11]En ef að nokkur hefur heift á sínum náunga og situr um hann og veitir honum ofríki og slær honum hans sálu til dauða og flýr so í burtu til einhvers þessa staðar [12]þá skulu öldungarnir hans staðar senda þangað og láta hafa hann í burtu þaðan og selja hann í blóðhefnarans hendur so að hann sé drepinn. [13]Þín augu skulu eigi vægja honum og þú skalt í burt taka það saklausa blóðið frá Ísrael so að þér megi vel vegna.

[14]Þú skalt ekki til samans færa landamerkin þíns náunga sem að þeir eð fyrir þér voru hafa sett í þinni ættleifð sem að þú erfir í því landinu sem að DROTTINN Guð þinn hefur gefið þér til eignar.

[15]Þar skal ekki eitt vitni framganga að vitna á móti nokkrum yfir nokkurs háttar misgjörningi, eða glæp, hvað helst glæp sem það er að maður kann að gjöra. Helst skal hver sök standa í tveggja eða þriggja votta munni. [16]Ef að eitthvert ljúgvitni gengur fram að vitna á móti nokkrum til að votta yfir hann einhvern misgjörning. [17]Þá skulu þeir báðir menn sem kærumálið eiga til samans standa fyrir DROTTNI, frammi fyrir prestönum og dómurunum sem þá eru í þann tíma. [18]Og dómararnir skulu innvirðulega rannsaka það sama. Hafi hann þá borið falskan vitnisburð í móti sínum bróðir [19]þá skulu þér gjöra svo við hann sem hann hafði hugsað að gjöra við sinn bróður so að þú í burt takir þann hinn vonda frá þér, [20]að þeir hinir aðrir sem það heyra megi hræðast fyrir því hinu sama og ásetja sér ekki framar að gjöra svoddan illt verk á meðal yðar. [21]Þitt auga skal ekki vægja honum: Líf fyrir líf, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn, hönd fyrir hönd, fót fyrir fót.

20 Þegar eð þú dregur í stríð á mót þínum óvinum og þú sér að það fólk hefur fleiri víghesta og vagna en þú þá vert ekki hræddur fyrir þeim því að DROTTINN Guð þinn sem útleiddi þig af Egyptalandi er með þér. [2]Nær eð þér komið nú þar í nánd sem bardaginn á að vera þá skal presturinn framganga og tala fyrir fólkinu [3]og segja til þess: „Heyr þú Ísrael. Þér gangið í dag í bardaga mót yðar óvinum. Yðar hjörtu skulu ekki vantreysta, hræðist ekki og skelfist ekki og kvíðið ekki fyrir þeim [4]því að DROTTINN Guð yðar gengur með yður so að hann vill berjast fyrir yður móti yðar óvinum til að hjálpa yður.“ [5]En hershöfðingjarnir skulu tala fyrir liðinu og segja: „Hver sá maður

sem upp hefur byggt eitt nýtt hús og hefur enn nú ekki vígt það, sá fari í burt og blífi í sínu húsi að hann falli ekki í stríðinu og það einn annar skuli þá vígja það. [6]Hver sem að plantað hefur einn víngarð og hefur enn ekki gjört hann almennilegan, sá gangi í burt og veri heima að hann deyi ekki í stríðinu og einn annar skuli gjöra hann almennilegan. [7]Hver hann hefur trúlofað sig einni konu og hefur enn nú ekki haft hana heim til sín, sá gangi burt og veri heima að hann falli ekki í stríðinu og skuli þó annar hafa hana heim.“ [8]Og hershöfðingjarnir skulu enn framarmeir tala til fólksins og segja: „Hver hann er hræddur og ragur í sínu hjarta gangi sá í burt og veri heima að hann skuli ekki hræðslufull gjöra hjörtun sinna bræðra líka so sem það hans hjarta er.“ [9]Og nær eð hershöfðingjarnir hafa nú út talað sínu máli fyrir fólkinu þá skulu þeir setja hina æðstu yfir herinn fremst í fylkingunni fyrir liðinu.

[10]Nær eð þú dregur inn fyrir nokkurn stað til að stríða á móti honum þá skaltu fyrst bjóða þeim frið. [11]Svarar hann þá til vinsamlega og lætur upp fyrir þér þá skal allt það fólk sem þar verður inni fundið vera þér skattgilt og undirgefið. [12]En vilji hann ekki höndla friðsamlega við þig og vill stríða í gegn þér þá sestu um hann. [13]Nær DROTTINN Guð þinn gefur þér hann í þína hönd þá skalt þú með sverðseggjum í hel slá allt hvað þar er kallkyns inni. [14]Fyrir utan konur og börn og búsmalann og allt það sem þar er í staðnum og öllu herfangi skalt þú útskipta á millum yðar. Og þú mátt eta út af býtinu þinna óvina sem DROTTINN Guð þinn hefur gefið þér. [15]Líka so skalt þú og gjöra við alla þá staði sem liggja langt í burt frá þér og ekki eru af þeim stöðunum þessa fólks. [16]En í stöðunum þessa fólksins sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér til arftöku skalt þú ekki neitt láta það lifa sem andardrátt hefur [17]heldur skalt þú foreyða þeim öllum, einkum sem eru þeir Hetíter og Amoríter og Kananíter og Peresíter, Hevíter og Jebúsíter, so sem það DROTTINN Guð þinn hefur boðið þér, [18]upp á það að þeir skulu ekki læra yður að gjöra eftir allri þeirra svívirðing sem þeir plaga að gjöra við sína afguða og að þér syndgist ekki við DROTTIN Guð yðarn.

[19]Nær eð þú hlýtur lengi að liggja fyrir einhverjum stað móti hverjum þú stríðir so að þú vilt yfirvinna hann, þá skalt þú ekki fordjarfa þau aldintrén so að þú höggvir þau niður með öxinni því að þú kannt að eta aldini af þeim, þar fyrir skalt þú ekki uppræta þau. Því að þau eru tré á jörðu en ekki menn, að þau kunni að vera svo eitt hervirki yfir þér. [20]En þau tré sem mann kann ekki að eta af þau skalt þú fordjarfa og höggva eitt hervirki þar út af í gegn þeim staðnum sem stríðir á móti þér þangað til að þú hefur vald yfir honum.

21 Þegar eð mann finnur nokkurn þann sem að er í hel sleginn í landinu því sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér að eignast og hann liggur á akrinum og mann veit ekki hver að hann hefur í hel slegið, [2]þá skulu þínir öldungar og þínir dómendur útganga og mæla frá þeim sem í hel er sleginn og til þeirra staðanna sem þar liggja um kring, [3]hver sá staður sem þar liggur næst. Þá skulu öldungarnir af þeim staðnum taka eina kvígu af hjörðinni þá sem ekki hefur verið erfiðað með og sú eð ekki hefur ardurinn dregið [4]og þeir skulu leiða hana ofan í einn þröngvan og grjótugan dal sem hverki hefur verið plægður né sáður og í þeim stað niður í dalnum skulu þér höggva af henni hálsinn. [5]So skulu prestarnir, synir Leví, koma þar (því að DROTTINN Guð þinn hefur útvalið þá að þeir þjóni honum og lofi hans nafn og öll sakferli og öll skaðræði skulu úrskurðast eftir þeirra munni). [6]Og allir öldungarnir af

þeim sama stað skulu ganga fram til
þess hins vegna og þvo þeirra hendur
yfir þeirri kvígunni sem hálsinn er af
höggvinn í dalnum [7]og skulu andsvara
og segja: „Vorar hendur hafa ekki út-
hellt þessu blóði og vor augu hafa ekki
heldur séð það. [8]Vertu miskunnsamur
þínu fólki Ísrael hvert eð þú, DROTTINN,
hefur frelsað og legg ekki þetta hið sak-
lausa blóð upp á þitt fólk Ísrael.“ So
verða þeir forlíktir yfir þessu blóði.
[9]Þanninn skalt þú taka það saklausa
blóð í burt frá þér so að þú gjörir það
sem réttferðugt er í augliti DROTTINS.

[10]Nær eð þú dregur út í stríð móti
þínum óvinum og DROTTINN Guð þinn
gefur þá í þínar hendur so að þú í burt
leiðir nokkra hertekna af þeim [11]og þú
sér á millum þeirra eina hreinlega
kvinnu og þú fær ástarþokka til hennar
svo að þú vilt taka hana þér til eigin-
konu, [12]þá haf hana inn í þitt hús og lát
raka í burt hennar höfuðhár og skera í
burt hennar neglur [13]og lát hana færa
sig af þeim klæðunum sem hún var
hertekin útí og lát hana sitja í þínu húsi
og gráta sinn föður og móður einn
mánuð. Síðan máttu sofa hjá henni og
taka hana þér til eiginkonu og lát hana
vera þína húsfreyju. [14]En nær eð þú hef-
ur öngvan þokka til hennar þá skalt þú
láta hana í burtu fara þangað sem hún
vill sjálf og selja hana ekki fyrir peninga
né setja hana út því að þú hefur gjört
henni læging.

[15]Ef að nokkur hefur tvær eiginkon-
ur, eina þá hann elskar, aðra þá hann
hatar, og þær fæða honum börn, bæði
hún sem hann elskar og hin sem hann
hatar, so að hinn frumgetni sonurinn
heyrir þeirri til sem hann hatar, [16]og sá
tími kemur að hann skal útskipta arfin-
um á millum sinna barna, þá kann
ekki að gjöra hennar son sem hann
elskar að þeim frumgetna syninum upp
yfir frumgetnum syni þeirrar sem hann
hatar, [17]heldur skal hann meðkenna
hennar son hverja hann hatar fyrir sinn
frumgetna son og gefa honum tvefalt
af öllu því hann hefur. Því að hann er
hans fyrstur kraftur og honum ber að
hafa þann frumgetningsrétt.

[18]Ef að nokkur hefur einn þrályndan
og óhlýðinn son sem ekki vill hlýða síns
föðurs og móður áminningu og nær eð
þau strýkja hann þá vill hann þó ekki að
heldur vera þeim hlýðugur, [19]þá skal
faðir hans og móðir taka hann höndum
og leiða hann til öldunganna staðarins
og í portið þess staðar og til öldung-
anna, [20]segjandi: „Þessi okkar son er
þrjóskufullur og óhlýðinn og vill ekki
hlýða okkrum áminningum og er einn
ölsvelgur og drykkjudári.“ [21]So síðan
skal almúginn í staðnum berja hann til
heljar. Og þú skalt so í burt skilja það
hið vonda frá þér so að allt Ísrael megi
það heyra og óttast það.

[22]Nær eð nokkur hefur gjört ein-
hverja synd so að hann er dauða fyrir
verður og verður svo líflátinn það hann
er upphengdur á eitt tré [23]þá skal hans
líkami ekki vera á trénu um nóttina
heldur skalt þú jarða hann samdægurs
– því að hann er bölvaður af Guði sem
verður hengdur – so að þú saurgir ekki
þitt land það sem DROTTINN Guð þinn
gefur þér til eignar.

22 Þegar eð þú sér þíns bróðurs
naut eða sauð fara villt þá skalt
þú ekki ganga fram hjá því heldur skalt
þú leiða það aftur til þíns bróðurs. [2]En
nær eð þinn bróðir er ekki nærri þér og
þú þekkir hann ekki þá skalt þú taka
það í þitt hús og halda því so lengi hjá
þér þangað til að þinn bróðir kemur og
leitar eftir því so að þú kunnir þá að fá
honum það aftur. [3]So skalt þú gjöra við
hans asna, við hans klæðnað og við allt
það sem týnt er sem þinn bróðir hann
týnir og finnur þú það. Þú mátt ekki
draga dulur á það. [4]Ef að þú sér að þíns
bróðurs asni eða naut er dottið um koll
á veginum þá skalt þú ekki draga þig í
hlé heldur skaltu hjálpa honum upp á

fætur. [5]Ein kvinna skal ekki bera kallmanns verju og kallmaður skal ekki færa sig í konuföt því að hann sem það gjörir er ein svívirðing fyrir DROTTNI Guði þínum.

[6]Nær eð þú finnur eitt fuglahreiður á veginum, upp í einhverju trénu eður á jörðunni, með ungum eður með eggjum og það móðurin situr á ungunum eður eggjunum, þá skalt þú ekki taka móðurina með ungunum [7]heldur skaltu láta móðurina burtfljúga og taka ungana so að þér megi vel vegna og lengi lifa.

[8]Nær eð þú uppbyggir eitt nýtt hús þá gjör þér karma um kring upp á þínu þaki so að þú hlaðir ekki neinu blóði yfir þitt hús ef að nokkur fellur þar ofan af.

[9]Þú skalt ekki sá þinn víngarð með margháttuðu sæði að þú ekki heilagt gjörir svoddan sæði til einnrar uppfyllingar sem þú hefur niðursáð hjá víngarðsins innkomu.

[10]Þú skalt ekki erja með einu nauti og einum asna til samans.

[11]Þú skalt ekki færa þig í þau föt sem gjörð eru út af ullu og líni til samans.

[12]Þú skalt gjöra þér fald á þeim fjórum löfum þinnar skikkju sem þú skýlir þér með.

[13]Nær eð nokkur maður fær sér eignarkonu og verður hann henni reiður síðan hann hefur legið hjá henni [14]og leggur henni skömm til og kemur henni út í eitt vondslegt rykti og segir: „Þessa konu tók ég mér og þá ég lagði mig hjá henni þá fann ég að hún var ekki meyja“ [15]þá skal faðir og móðir þeirrar sömu konu taka hana og leiða hana inn fyrir öldungana í staðarportinu og sýna hennar meydómsmerki. [16]Þá skal faðirinn þeirrar sömu kvinnu segja til öldunganna: „Ég gaf þessum manni mína dóttir til eignarkonu. Nú er hann orðinn henni reiður [17]og leggur henni eina skemmilega sök til og segir: Ég hefi ekki fundið þína dóttir mey vera. Hér eru þessarar minnar dóttur meydómsmerki.“ So skulu þeir breiða klæðin út fyrir öldungum staðarins. [18]Þá skulu öldungarnir af staðnum taka þann mann og refsa honum [19]og skatta af honum hundrað silfurpeninga og gefa þá föðurnum þeirrar sömu kvinnunar, fyrir það hann hefur órykti gjört einni jungfrú í Ísrael og hann skal hafa hana til eignarkonu so að hann má ekki yfirgefa hana um alla sína lífdaga. [20]En eru að sannindi að kvinnan fannst ekki að vera mey [21]þá skulu þér leiða hana út fyrir dyrnar hennars föðurs húsa og fólkið í staðnum skal grýta hana til heljar, af því að hún gjörði svoddan heimsku þar í Ísrael og drýgði hóran í síns föðurs húsi. Og þú skalt í burt taka svoddan vondskap frá þér.

[22]Ef að nokkur finnst með því að hann liggur hjá þeirri konu sem hefur sinn eignarmann þá skulu þau bæði deyja, maðurinn og konan sem hann hefur hjá legið, og þú skalt í burt taka það vonda af Ísrael.

[23]Ef að ein jungfrú er trúlofuð nokkrum og einn maður hittir hana í staðnum og liggur hjá henni [24]þá skulu þér leiða þau bæði út fyrir portin staðarins og grýta þau bæði til heljar, meyna af því að hún kallaði ekki fyrst að hún var innan staðar og manninn af því að hann skammaði festarkonu síns náunga. Og þú skalt í burt taka það vonda frá þér.

[25]Ef að nokkur hittir eina trúlofaða mey út á akrinum og tekur hana með valdi og liggur hjá henni þá skal maðurinn aðeins deyja sem hjá henni lá. [26]En meyjunni skaltu ekki mein gjöra því að hún gjörði öngva þá synd sem dauða er verð, heldur so sem þá einhver setur sig upp á móti sínum náunga og slær hann í hel, [27]eins líka er þetta því að hann hitti hana út á akurlöndunum og sú hin trúlofaða meyjan kallaði og þar var enginn sem hjálpaði henni.

[28]Nær ð einhver hittir þá mey sem ekki er trúlofuð og tekur hana og liggur hjá henni og það verður uppvíst um hann [29]þá skal sá sem lá hjá henni gefa föður hennar fimmtígi siclos silfurs og hafa hana síðan til eiginkonu því að hann vanvirti hana. Hann má og ekki yfirgefa hana um alla sína lífdaga.

[30]Enginn skal taka síns föðurs húsfreyju og uppfletti ekki síns föðurs hylmingu.

23 Þar skal enginn meiddur maður eða geldingur innkoma í DROTTINS samkundu. [2]Þar skal og engin hórkonuson innkoma í samkundu DROTTINS og ekki eftir tíunda lið heldur þá skal hann aldrei innkoma í samkundu DROTTINS. [3]Ammoniter og Móabiter skulu ekki innkoma í samkundu DROTTINS og ekki eftir tíunda lið heldur skulu þeir aldrei koma þar inn [4]af því að þeir vildu ekki koma í móti yður á veginum með brauði og vatni þann tíð þér fóruð af Egyptalandi. Og þar að auki leigðu þeir Balaam son Beór af Petór úr Mesopothamia á móti yður að hann skyldi bölva þér. [5]En DROTTINN Guð þinn vildi ekki heyra Balaam og sneri þeirri bölvaninni um til blessunar af því að DROTTINN Guð þinn elskaði þig. [6]Þú skalt ekki biðja þeim gæfu né neins góðs um alla þína lífdaga ævinlega.

[7]Þú skalt ekki halda Edómítana fyrir neina svívirðing því að þeir eru þínir bræður. Þú skalt og ekki halda þá egypsku fyrir neina svívirðing því að þú hefur verið útlendingur í þeirra landi. [8]Þau börn sem þeir geta í þriðju ættkvísl skulu innkoma í samkundu DROTTINS.

[9]Nær ð þú gengur út af herbúðum í móti þínum óvinum þá skalt þú vara þig við öllu því sem illt er.

[10]Er þar sá nokkur á meðal yðar sem ekki er hreinn fyrir það sem hann kann hafa hent um nóttina, hann skal ganga í burt fyrir utan herbúðirnar [11]og ekki inn aftur koma fyrr en að kveldi nær ð hann hefur þvegið sig í vatni og nær ð sólin er undirgengin, þá skal hann innganga í herbúðirnar aftur.

[12]Þú skalt og hafa eitt takmark fyrir utan herbúðirnar þangað sem þú kannt að fara og gjöra þínar nauðsynjar. [13]Og þú skalt hafa einn lítinn spaða og nær ð þú vilt setja þig niður þá skalt þú grafa þar með og þá þú hefur gjört þínar nauðsynjar þá skalt þú hylja yfir það sem frá þér er gengið. [14]Því að DROTTINN Guð þinn gengur á millum þinna herbúða til að frelsa þig og gefa þína óvini fyrir þér. Þar fyrir skulu þínar herbúðir vera heilagar og þar skal ekki neitt skammarlegt sjást á meðal þín að hann skuli ekki snúa sér í burt frá þér.

[15]Þú skalt ekki ofurselja þann þræl í síns herrans hendur sem flúið hefur frá honum til þín. [16]Hann skal vera hjá þér í þeim stað út í einum þinna portdyra sem hann útvelur sér til góða. Og þú skalt ekki gjöra honum neina styggð.

[17]Þar skal engin skækja vera á milli Ísraelisdætra og enginn frillulífismaður á meðal Ísraelssona. [18]Þú skalt ekki bera neina skækjutilgjöf eður hundaverð í það húsið DROTTINS Guðs þíns út í nokkurs konar heitgjöfum því það hverttveggja er DROTTNI Guði þínum ein svívirðing.

[19]Þú skalt ekki gjöra okur þínum bróður, hverki með peningum né með mat, né með neinum þeim hlutum sem út á má okra. [20]Þann framanda máttu okra en ekki þinn bróður so að DROTTINN Guð þinn skuli blessa þig í öllu því sem þú ásetur þér í því landinu sem þú skalt innkoma til að eignast.

[21]Nær þú heitir nokkru DROTTNI Guði þínum þá skalt þú ekki gjöra dvöl á því að enda það því að DROTTINN Guð þinn vill krefja þess af þér og það sama verður þér að synd. [22]En heitir þú öngvu þá er þér það engin synd. [23]En hvað framgengið er af þínum vörum það skalt þú

enda og gjöra líka sem þú hefur með þínum munni heitið DROTTNI Guði þínum út af þínum sjálfs eiginlegum vilja.

[24]Nær eð þú gengur í víngarð þíns náunga þá máttu eta so mörg vínber sem þig lystir til þess að þér nægir en í þitt ker skalt þú ekki neitt leggja. [25]Nær eð þú gengur um kornakur þíns náunga þá máttu plokka axin með hendinni en með sigðunum skalt þú ekki neitt skera þar upp.

24 Ef að einhver fær sér konu og gjörir eiginorð við hana og hún finnur ekki síðan seinna meir náð fyrir hans augum fyrir einhvers óþokka sakir þá skal hann skrifa eitt skilnaðarbréf og fá það í hennar hönd og láta í burt fara af sínu heimili. [2]Nær eð hún er so útfarin af hans húsi og gengur í burt og verður eins annars manns eiginkona [3]og sá hinn annar maðurinn fær og einnin styggð til hennar og skrifar eitt skilnaðarbréf og fær það í hennar hönd og lætur hana í burt fara af sínu heimili, elligar so ef að sá hinn annar maðurinn deyr sem hana tók sér seinna til eiginnarkvinnu, [4]þá má ekki hennar sá hinn fyrsti maðurinn sem hana lét í burt fara frá sér taka hana aftur til eiginkonu af því að hún er orðin óhrein, því að slíkt er smán fyrir DROTTNI, svo að þú skulir ekki gjöra það land syndugt sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér til eignar.

[5]Nær eð nokkur hefur tekið nú nýlega sér eiginkonu, sá skal ekki útdraga í stríð og engin þyngsl skulu honum áleggjast heldur skal hann vera frí í sínu heimili eitt ár um kring og sé glaður með sinni eiginkonu sem hann hefur tekið sér.

[6]Þú skalt ekki taka í pant þá undirkvernina né yfirkvernina því að hann setur þér þá sálina til panta.

[7]Ef að sá finnst nokkur sem í burt stelur einni sálu frá sínum bræðrum Ísraelssonum og setur hana út eður selur hana, þá skal sá sami þjófur deyja að þú so í burt takir hið vonda frá þér. [8]Vara þig við spitelskri sóttarplágu að þú haldir og gjörir með athygli allt það sem prestarnir og Levítarnir kenna þér, það skulu þér halda og gjöra sem þeir bjóða yður. [9]Hugleið þú hvað DROTTINN Guð þinn gjörði við Maríam á veginum þá eð þér fóruð af Egyptalandi.

[10]Nær eð náungi þinn er skyldugur þér um nokkuð þá skalt þú ekki fara inn í hans hús til að pantsetja af honum neitt [11]heldur skalt þú standa þar úti fyrir og hann sem þú hefur lánað nokkuð skal bera sinn pant út til þín. [12]En ef hann er þurfandi þá skalt þú ekki leggja til svefns með hans pant [13]heldur skalt þú fá honum sinn pant aftur nær eð sólin gengur undir so að hann megi sofa í sínum sængarklæðum og velsigna þig. Og það mun þér fyrir DROTTNI Guði þínum vera til réttlætis.

[14]Þú skalt ekki halda inni hans kaupi hjá þér sem er nauðþurftugur og fátækur, hvert hann er af þínum bræðrum eður þeim útlendingum sem að eru í landinu hjá þér innan þinna portdyra, [15]heldur skalt þú gjalda honum sitt verkkaup á björtum degi fyrr en sólin gengur undir. Því að hann er fátækur og skal þar með uppheldi veita sinni sálu so að hann kalli ekki til DROTTINS á móti þér og það sé þér reiknað fyrir synd.

[16]Feðurnir skulu ekki deyja fyrir barnanna sakir og börnin ekki fyrir feðranna sakir, heldur skal hver deyja fyrir sína sjálfs misgjörð.

[17]Þú skalt ekki halda réttinum hins framanda og hins föðurlausa og þú skalt ekki taka neinn klæðnað ekkjunnar til panta. [18]Því þér skal til hugar koma að þú vart einn þræll á Egyptalandi og DROTTINN Guð þinn frelsaði þig þar í frá, hvar fyrir að ég býð þér að þú skulir so gjöra.

[19]Nær eð þú hefur uppunnið þinn akur og hefur forgleymt einu bindini á

akrinum þá skalt þú ekki snúa þér aftur
til að sækja það heldur lát hinn fram-
anda og hinn föðurlausa og ekkjuna
eiga það so það DROTTINN Guð þinn
blessi þig í öllum handaverkum þínum.
20Nær ed þú hefur hrist þitt við-
smjörsviðartré þá skalt þú ekki hrista
það oftar heldur skal sá hinn framandi
og hinn föðurlausi og ekkjan eignast
það. 21Nær ed þú hefur upp plokkað
þinn víngarð þá skalt þú ekki upplesa
þar so naumlegana heldur skal sá hinn
framandi og hinn föðurlausi og ekkjan
eignast það. 22Og þér skal til hugar
koma að þú vart einn þræll í Egypta-
landi. Því býð ég þér að þú gjörir þetta.

25 Nær ed þar er nokkurt kæru-
mál manna í millum þá skulu
þeir koma til dóms að þar dæmist á
millum þeirra og láta þann hinn rétt-
ferðuga ske rétt og dæma hinn sak-
aða. 2Og ef sá hinn rangláti hefur for-
þént slög þá skal dómarinn slá hann
þar niður fyrir sér og skal veita honum
slög eftir því sem hans misgjörð er stór
til. 3Nær ed maður hefur gefið honum
fjörutígi högg þá skal ekki slá hann
meira so að hann verði ekki ofmjög
sleginn ef að honum verða fleiri högg
gefin og að þinn bróðir líði minnkun
fyrir þínum augum.

4Þú skalt ekki múlbinda það nautið
sem kornið þreskir. 5Hvar sem bræður
búa hvor hjá öðrum og einn af þeim
deyr barnlaus þá skal húsfreyjan þess
hins framliðna öngvan framandi mann
taka þar utan að heldur skal hennar
eigin mágur liggja hjá henni og taka
hana sér til húsfreyju og eiga hana. 6Og
þann fyrsta son sem hún fæðir skal
hann staðfesta eftir síns framliðins
bróðurs nafni svo að hans nafn skuli
ekki útsléttast af Ísrael. 7En ef sá sami
maður vill ekki taka sína bróðurkonu
til húsfreyju þá skal hún, hans bróður-
kona, ganga upp til portdyranna fyrir
öldungana og segja: „Minn mágur hann
vill ekki uppvekja sínum bróður eitt
nafn í Ísrael og vill ekki eiga mig.“ 8Þá
skulu öldungarnir af staðnum kalla
hann fyrir sig og tala við hann. Nær ed
hann stendur þá á því og segir: „Ég vil
ekki eiga hana“ 9þá skal hans mágkona
ganga að honum fyrir öldungunum og
taka annan skóinn af hans fæti og
hrækja á hann og skal svara þessu og
segja: „Svo skal mann gjöra við sér-
hvern þann sem ekki vill uppbyggja
síns bróðurs hús.“ 10Og hans nafn í Ísr-
ael skal kallast hús hins berfætta.

11Nær ed tveir menn deila sín á mill-
um og hins annars eiginkona hleypur
að og vill hjálpa manni sínum af hans
höndum sem slær hann og hún útréttir
þá sína hönd og grípur um hans
leyndarlim 12þá skalt þú höggva af
hennar hönd og þitt auga skal ekki
vægja henni.

13Þú skalt ekki hafa í þínum sjóð
tveggja handa vogir, aðra stærri en
aðra minni. 14Þú skalt ekki heldur hafa í
þínu húsi tvenna mæliaska, einn stóran
og annan lítinn. 15Þú skalt hafa eina
fulla og rétta vog og einn fullan og rétt-
ferðugan mælir so að þú megir lengi
lifa í því landi sem DROTTINN Guð þinn
mun gefa þér. 16Því að hver sem gjörir
þetta hann er ein svívirðing fyrir
DROTTNI Guði þínum svo em að allir eru
þeir ed illt gjöra.

17Minnst þú á það hvað Amalechiter
gjöru þér á veginum þá er þér dróguð
út af Egyptalandi, 18hvernin að þeir of-
urféllu þá á veginum og slógu þá sem
aftast gengu, alla þá sem veikir voru og
eftir á fóru, þá þú vart bæði lúinn og
dasaður, og þeir hræddust ekki Guð að
því. 19Nær ed DROTTINN Guð þinn gefur
þér nú hvíld fyrir öllum þínum óvinum
kringum þig í landinu sem DROTTINN
Guð þinn gefur þér til eignar að erfa þá
skalt þú með öllu afmá minning þeirra
Amalechitis undir himninum. For-
gleym því ekki.

26 Nær eð þú innkemur í það land
sem DROTTINN Guð þinn mun
gefa þér til að erfa og þú eignast það og
býr þar inni [2]þá skalt þú taka þann alls
kyns fyrsta ávöxt í landinu sá eð kemur
af þeirri jörðunni sem DROTTINN Guð
þinn mun gefa þér og þú skalt leggja
það í eina körf og ganga burt til þess
staðar sem DROTTINN Guð þinn mun út-
velja þar hans nafn skal búa. [3]Og þú
skalt koma til þess kennimannsins sem
þá er á þeim dögum og segja til hans:
„Ég meðkenni í dag fyrir DROTTNI Guði
þínum að ég er kominn í það land sem
DROTTINN sór forfeðrum vorum að gefa
oss.“ [4]Og presturinn skal taka körfina
af þinni hendi og setja hana niður fyrir
altari DROTTINS Guðs þíns.

[5]Þá skalt þú svara og segja fyrir
DROTTNI þínum Guði: „Hinir sýrlensku
vildu fyrirfara föður mínum. Þá dróg
hann ofan í Egyptaland og var þar einn
útlendingur með fátt eitt fólk og hann
varð þar eitt mjög öflugt og margt fólk.
[6]En hinir egypsku breyttu illa við oss og
þvinguðu oss og lögðu einn harðan
þrældóm á oss. [7]Þá kölluðu vér til
DROTTINS Guðs feðra vorra og DROTTINN
heyrði vort ákall og sá vora útlegð, ang-
ist og ánauð [8]og útleiddi oss af Egypta-
landi með voldugri hönd og útréttum
armlegg og með miklum skelfingum,
fyrir tákn og stórmerki, [9]og leiddi oss
hingað til þessa staðar og hefur gefið
oss þetta land sem mjólk og hunang
flýtur inni. [10]Nú ber eg hingað þann
fyrsta ávöxt landsins sem þú, DROTTINN,
gefur mér.“ Og þú skalt láta það vera
fyrir DROTTNI Guði þínum og tilbiðja
þar DROTTIN Guð þinn [11]og gjöra þig
glaðan yfir öllu því góða sem DROTTINN
Guð þinn hefur gefið þér og þitt heim-
kynni, þú og Levítinn og sá hinn fram-
andi sem hjá þér er.

[12]Nær eð þú hefur safnað öllum tí-
undum til samans af allri þinni inntekt
á því þriðja árinu, það er eitt tíunda ár,
þá skalt þú gefa Levítanum, þeim fram-
anda, þeim föðurlausa og ekkjunni, að
þeir eti innan þinna portdyra og verði
mettir. [13]So skalt þú segja fyrir DROTTNI
Guði þínum: „Eg hefi borið af mínu húsi
það sem heilagt er gjört og hefi gefið
Levítanum, útlendinginum, hinum föð-
urlausa og ekkjunni, eftir öllum þínum
boðorðum sem þú hefur boðið mér. Eg
hefi ekki afvikið eður forgleymt þínum
boðorðum. [14]Eg hefi þar einskis afneytt
í minni sorg og þar ekki neitt aftekið í
mínum óhreinleika. Eg hefi ekki neitt
gefið hinum dauða þar út af. Eg hefi
verið raustinni DROTTINS Guðs míns
hlýðugur og hefi gjört það allt sem
hann hefur boðið mér. [15]Líttu ofan
hingað af þínu heilaga sæti á himnum
og blessa þú Ísrael þitt fólk og það
landið sem þú hefur gefið oss, so sem
að þú hefur svarið vorum forfeðrum,
eitt land sem mjólk og hunang inniflýt-
ur.“

[16]DROTTINN Guð þinn býður þér í dag
að þú skulir gjöra eftir öllum þessum
boðorðum og réttindum so að þú varð-
veitir þau og gjörir þar eftir öllu hjarta
og af allri þinni gjörvallri sálu. [17]Þú hef-
ur talað í dag fyrir DROTTNI að hann
skuli vera þinn Guð, að þú viljir ganga í
öllum hans vegum og halda hans lög-
mál, boðorð og réttindi og hlýða hans
raust. [18]Og DROTTINN hefur tilsagt þér í
dag að þú skulir vera hans eigið fólk so
sem það hann hefur sagt þér, að þú
skulir halda öll hans boðorð [19]og hann
skuli upphefja þig og að þú skulir hrós-
ast, prísast og heiðrast yfir öllu fólki
sem hann hefur gjört, að þú sért eitt
heilagt fólk DROTTINS Guðs þíns so sem
það hann hefur sagt.

27 Móses ásamt öllum öldungun-
um af Ísrael bauð fólkinu og
sagði: „Haldið öll þessi boðorð sem ég
býð yður í dag. [2]Og á þeim tíma nær eð
þér gangið yfir um Jórdan í það landið
sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér
þá skalt þú reisa upp stóra steina og

hvítfága þá utan með kalklími [3]og skrifa á þeim öll þessi lögmálsins orð nær eð þú kemur þar yfir um, so að þú innkomir í það landið sem DROTTINN Guð þinn mun gefa þér, eitt land þar eð mjólk og hunang flýtur úti, svo sem DROTTINN Guð feðra þinna hefur sagt þér. [4]Nær eð þér gangið nú yfir um Jórdan þá skulu þér reisa upp þá sömu steina á fjallinu Ebal (so sem að ég býð yður í dag) og hvítfága þá með kalklími. [5]Og þú skalt uppbyggja þar DROTTNI Guði þínum eitt altari af steinum, það sem ekki neitt járn kemur yfir. [6]Þú skalt byggja það sama DROTTINS Guðs þíns altari af heilum steinum og offra DROTTNI Guði þínum brennioffur þar upp á. [7]Þú skalt og offra þakkargjörðaroffri og neyta þess þar og gjöra þig glaðan fyrir DROTTNI Guði þínum. [8]Og þú skalt skrifa öll orðin þessa lögmáls klárlega og skýrlega á þá sömu steina."

[9]Og Móses og prestarnir og Levítarnir töluðu við allan Ísrael og sögðu: „Hygg að og heyr þú til, Ísrael. Þú ert orðinn í dag Guðs þíns fólk [10]að þú skulir hlýða DROTTINS Guðs þíns raust og gjöra eftir hans boðorðum og réttindum sem ég býð þér í dag."

[11]Og Móses bauð fólkinu þann sama dag og sagði: [12]„Þessir skulu standa upp á fjallinu Grísím til að blessa fólkið nær eð þér eruð komnir yfir um Jórdan: Símeon, Leví, Júda, Ísaskar, Jósef, Benjamín. [13]Og þessir skulu standa upp á fjallinu Ebal til að bölva: Rúben, Gað, Asser, Sebúlon, Dan og Neftalí. [14]Og Levítarnir skulu upphefja og segja til hvers manns af Ísrael með hárri raust:

[15]Bölvaður veri sá sem gjörir einn afguð elligar eina smíðaða líkneskju hver að er ein svívirðing fyrir DROTTNI, eins hags manns handaverk, og setur hana í leyni. Og allt fólkið skal svara og segja: Amen.

[16]Bölvaður veri sá sem blótar föður sínum og móðir. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[17]Bölvaður veri sá sem saman færir landamerki síns náunga. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[18]Bölvaður veri sá sem lætur hinn blinda villast á veginum. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[19]Bölvaður sé sá sem hallar rétti hins framanda, hins föðurlausa og ekkjunnar. Og allt fólkið skal segja: Amen. [20]Bölvaður veri sá sem liggur í hjá síns föðurs húsfreyju, að hann upplyftir so síns föðurs faldi. Og allt fólkið segi: Amen.

[21]Bölvaður veri sá sem liggur hjá nokkurs konar fénaði. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[22]Bölvaður veri sá sem liggur með systur sinni sem að er dóttir hans föðurs eður hans móður. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[23]Bölvaður veri sá sem liggur hjá móður húsfreyju sinnar. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[24]Bölvaður veri sá sem slær sinn náunga leynilegana. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[25]Bölvaður veri sá sem tekur gjafir til þess að slá sálina hins saklausa blóðsins. Og allt fólkið skal segja: Amen.

[26]Bölvaður veri sá sem ekki fullkomnar öll orðin í þessu lögmáli so að hann gjörir þar eftir. Og allt fólkið skal segja: Amen."

28 Og ef að þú ert DROTTINS Guðs þíns raust hlýðugur so að þú heldur og gjörir öll hans boðorð sem ég býð þér í dag þá mun DROTTINN Guð þinn gjöra þig æðstan allra þjóða á jarðríki. [2]Og allar þessar blessanir munu þá yfir þig koma og höndla þig af því að þú hefur verið DROTTINS Guðs þíns raust hlýðugur.

[3]Blessaður muntu vera í borginni, blessaður á akrinum. [4]Blessaður mun

vera ávöxturinn þíns kviðar, þinnar jarðar ávöxtur og þíns fénaðar ávöxtur, þinna nauta ávöxtur og þinna sauða ávöxtur. [5]Blessuð mun vera þín hirsla og þínar afgangsleifar. [6]Blessaður muntu vera í þínum inngangi og blessaður munt þú vera í þínum útgangi.

[7]Og DROTTINN hann mun niðurslá þína óvini fyrir þér sem setja sig upp á móti þér. Um einn veg skulu þeir draga út á móti þér en um sjö vegana skulu þeir flýja fyrir þér.

[8]DROTTINN hann mun bjóða blessaninni að hún skuli vera hjá þér í þínu matarhúsi og í öllu því sem þú ásetur þér og hann mun blessa þig í því landinu sem DROTTINN Guð mun gefa þér.

[9]DROTTINN mun upphefja þig sér til eins heilags fólks svo sem það hann hefur svarið þér, af því að þú heldur DROTTINS Guðs þíns boðorð og gengur á hans vegum. [10]So að allt fólkið á jörðu skal sjá að þú ert nefndur eftir DROTTINS nafni og þeir skulu óttaslegnir vera fyrir þér. [11]Og DROTTINN hann mun gefa þér yfirgnæfanlega nógleg auðæfi, bæði af þínum sjálfs lífsins ávexti og af ávexti fénaðarins og af ávexti akursins, á því landinu sem DROTTINN Guð þinn sór þínum forfeðrum að gefa þér. [12]Og DROTTINN mun upplúka sínum góða fésjóð himninum til að gefa þínu landi regn á sínum tíma og blessa öll þín handaverk. Og þú skalt lána mörgu fólki og af öngvum skalt þú lán taka. [13]Og DROTTINN mun gjöra þig að höfðinu og ekki að halanum og þú skalt alltíð yfir vera og ekki undirliggja, af því að þú ert DROTTINS Guðs þíns boðorðum hlýðugur sem ég býð þér í dag að halda og gjöra þau [14]og að þú víkir ekki í frá neinum þessum orðum sem ég býð þér í dag, hverki til hægri né vinstri handar, að þú gangir eftir annarlegum guðum til að þjóna þeim.

[15]En ef þú hlýðir ekki raustinni DROTTINS Guðs þíns að halda og gjöra eftir hans boðorðum og réttindum sem ég býð þér í dag þá skulu allar þessar bölvanir koma yfir þig og höndla þig.

[16]Bölvaður skalt þú í borginni vera, bölvaður á akrinum. [17]Bölvuð skal þín hirsla vera hvar þínar afgangsleifar eru í. [18]Bölvaður skal þinn lífsins ávöxtur vera, þinn jarðarávöxtur, þíns fénaðar ávöxtur og þinna sauða. [19]Bölvaður skalt þú vera nær eð þú gengur inn, bölvaður nær þú gengur út. [20]DROTTINN mun senda þín á meðal slys og ógæfu og óráð í öllu því sem þú tekur þér fyrir hendur að gjöra þangað til að hann foreyðir þér og að þú fyrirfarist snarlega fyrir þinna illgjörða sakir það þú hefur yfirgefið mig. [21]DROTTINN mun láta drepsótt yfir þig koma þangað til að hann foreyðir þér í því landinu sem þú fer til að eignast. [22]DROTTINN mun slá þig með bólgu, köldusótt, hita, bruna, þurrk og banaveðráttu, gulusótt, og hann mun ofsækja þig þangað til hann fyrirkemur þér. [23]Þinn himin sem upp yfir þinu höfði er skal vera sem kopar og jörðin undir þér sem járn. [24]DROTTINN mun gefa þínu landi ryk og ösku fyrir regn af himni þangað til að hann fær þig í eyðilagt.

[25]DROTTINN mun slá þig fyrir þínum óvinum. Um einn veginn skalt þú útfara í móti þeim en um sjö vegina skalt þú flýja fyrir þeim og þú skalt útdreifast um aull kóngaríkin á jörðu. [26]Þinn líkami skal blífa öllum fuglum loftsins og öllum dýrum jarðarinnar til fæðis og þar skal enginn sá vera sem þau í burtrekur. [27]DROTTINN mun slá þig með egypskum illskukýlum og bakhlutsins saurindum með vosi og kláða sem ei skal verða læknað. [28]DROTTINN mun slá þig með ráðleysu, blindleika og með hjartans sinnuleysi [29]og þú skalt fálma um miðdegið so sem blindur maður fálmar í myrkri og þú skalt öngri gæfu stýra í þínum vegum.

Þú skalt hljóta að líða ofríki og yfirgang alla þína lífdaga og enginn skal

þér hjálpa. [30]Þú munt fá þér konu til eignar og einn annar mun sofa hjá henni. Þú munt uppbyggja eitt hús en þú skalt ekki búa þar inni. Þú munt planta einn víngarð en þú skalt ekki gjöra hann almennilegan. [31]Þínir uxar skulu slátraðir vera fyrir augum þér en þú skalt ekki neitt fá að eta þar af. Þinn asni skal í burttekinn vera frá þér ásjáanda og skal ekki gefast þér aftur. Þínir sauðir skulu gefast þínum óvinum og enginn skal þér til hjálpar koma. [32]Þínir synir og dætur skulu gefast annarlegu fólki og þín augu skulu sjá þar upp á og daglegana af því döpur verða. Og þar skal enginn dugur vera í þínum höndum. [33]Þíns lands ávöxt og allt þitt erfiði skal það fólk uppeta sem þú þekkir ekki og þú skalt líða rangindi og vera niðurþrykktur alla þína lífdaga. [34]Og þú skalt vera sinnulaus út af því sem þín augu hljóta að sjá. [35]DROTTINN mun slá þig með illum graftarsárum á knén og fótleggina so að þú munt ekki græddur verða, í frá hvirfli og allt til ilja.

[36]DROTTINN mun útdrífa þig og þinn konung sem þú setur yfir þig í burt til þess fólks sem hverki þú né þínir forfeður hafa þekkt og þar munt þú þjóna annarlegum guðum, stokkum og steinum. [37]Og þú munt verða að undran og að einu almennilegu orðtæki og háðungu á meðal alls þess fólksins sem DROTTINN í burt drífur þig til.

[38]Mikið kornfæði skalt þú útfæra á akurlöndin en litlu skalt þú inn aftur safna því engisprettur skulu uppéta það. [39]Þú skalt planta víngarð og yrkja hann en þú skalt ekki drekka eða samansafna víninu þar út af því að maðkar skulu foreyða því. [40]Þú skalt halfa viðsmjörsviðartré innan allra þinna landamerkja en þú skalt þó ekki smyrja þig með því sama viðsmjöri því að þín oleutré skulu upprætast. [41]Þú munt geta syni og dætur en ekki njóta þeirra því að þau skulu herteki í burt verða. [42]Öll þín aldintré og ávöxtu landsins skulu illskumaðkar uppéta. [43]Hinn útlenski sem er hjá þér skal ganga upp yfir þig og æðri vera en þú en þú skalt lúta verða og ætíð undirliggja. [44]Hann mun lána þér en þú munt ekki lána honum. Hann mun höfuðið vera en þú halinn. [45]Og allar þessar bölvanir skulu koma yfir þig og ofsækja þig og höndla þig þangað til að þú verður afmáður, af því að þú hlýddir ekki raustinni DROTTINS Guðs þíns að þú héldir hans boðorð og réttindi sem hann hefur boðið þér. [46]Þar fyrir skulu teikn og fádæmi vera á þér og þínu sæði ævinlegana.

[47]Af því að þú þjónaðir ekki DROTTNI Guði þínum með hjartans gleði og unaðsemd þá eð þú hafðir alls kyns nægtir. [48]Og þar fyrir skalt þú þjóna þínum óvin sem DROTTINN Guð þinn mun senda þér með hungri og þosta, fatleysi og alls kyns vesöld. Og hann skal leggja eitt járnok á þinn háls þangað til hann afmáir þig. [49]DROTTINN mun leiða eitt fólk yfir þig úr fjarlægum stöðum allt í frá veraldarinnar enda sem einn örn fljúgi, hverra tungumál er þú skilur ekki, [50]eitt grimmlegt fólk það sem ekki skeytir manngrein hins aldraða og ekki vægir hinum unga. [51]Og það skal foreyða ávextinum þíns fénaðar og þíns lands ávexti þangað til að það foreyðir þér. Og það mun ekki láta þér neitt eftir vera, hverki af korni eður víni eður viðsmjöri, eigi heldur neitt grand af fénaðarins ávexti, þangað til það í eyðileggur þig. [52]Og þeir skulu þér angist gjöra í öllum þínum portdyrum þangað til að þeir niðurbrjóta þína háa og rammbyggða múrveggi sem þú treystir upp á í öllu þínu landi. Og að þér skal þrengt verða innan allra þinna borgarhliða í öllu þínu landi sem DROTTINN Guð þinn hefur gefið þér. [53]Þú munt eta þinn lífsins ávöxt af þínum sonum og dætrum sem DROTTINN Guð þinn hefur gefið þér út í þeirri angist og ánauð sem þínir óvinir skulu þvinga þig með, [54]so að sá maður sem áður hefur lifað í miklu sæl-

lífi og kræsingum hjá yður skal ekki vilja unna sínum bróðir og sinni húsfreyju sem í hans faðmi liggur og þeim sínum syni sem eftir er af hans sonum [55]að hann gefi nokkrum af þeim af sínu sonarkjöti að eta, af því að honum hefur ekki neitt eftirlátið verið af öllu sínu góssi í þeirri angist og ánauð sem þinn óvin skal þvinga þig með innan allra þinna staðardyra. [56]Sú kvinna á meðal yðar sem áður hefur verið sællíf og lifað mjög kræsilega hjá yður so hún hefur ekki reynt að stíga sínum fæti á bera jörð fyrir sællífisins og vellystingarinnar sakir, hún skal ekki vilja gefa sínum bónda sem á hennar armi liggur og sínum syni og sinni dóttir [57]af þeirri barnfylgjunni sem út er gengin af hennar sjálfs eiginlegum kviði og eigi heldur af því barninu sem hún fæddi. Því að hún mun heimuglega eta það sama fyrir alls kyns vesöldar sakir út í þeirri angist og nauð sem þínir óvinir skulu þvinga þig með innan þinna portdyra.

[58]Utan so sé að þú haldir og gjörir eftir öllum þeim orðum i þessu lögmáli sem skrifuð eru í þessari bók so að þú óttist það hið dýrðarsamlega og hið hræðilega nafnið DROTTINS GUÐS ÞÍNS, [59]þá mun DROTTINN furðulega breyta við þig, með sóttarplágum yfir þig og þitt sæði, með stórum langgæðum sóttarplágum, með vondum og langsamlegum krankdæmum. [60]Og hann mun snúa til þín öllum þeim egypskum sjúkdómi fyrir hverjum að þú kvíðir helst og hann mun þér viðloðandi verða. [61]Og þar að auk öll þau krankdæmi og sóttarfelli sem ekki eru skrifuð í þesari lögbók, þa mun DROTTINN láta koma yfir þig þangað til að þú foreyðist. [62]Og þar skal ekki vera margt fólk eftir af yður, þér sem áður hafið verið so margir sem stjörnur á himni, af því að þú hlýddir ekki raustinni DROTTINS Guðs þíns.

[63]Og líka sem það að DROTTINN gladdi sig áður yfir yður að hann gjörði yður til góða og fjölgaði yður, eins líka mun hann þá og gleðja sig yfir yður að hann kunni að fordjarfa og í eyðileggja yður. Og þér munuð útreknir verða af því landinu sem nú fer þú til að eignast. [64]DROTTINN mun í burtdreifa þér á meðal alls fólks, í frá einum enda veraldarinnar til hins annars, og þar munt þú þjóna annarlegum guðum sem hverki þú né þínir feður hafa þekkt, stokkum og steinum. [65]Þar til skaltu ekki neitt eiginlegt aðsetur hafa á meðal þess sama fólks. Og þínir fætur skulu þar öngva hvíld hafa því að DROTTINN mun gefa þér í þeim sama stað eitt skjálfanda hjarta og döpur augu og eina duglausa sálu so að þitt eigið líf skal drjúpa niður fyrir þér sjálfum. [66]Þú skalt óttablandinn vera bæði nótt og dag og ekki óhræddur vera um þitt líf. [67]Á mornana muntu segja: „Æ nei, mætta eg nú lifa til kvelds" en á kveldin muntu segja: „Æ nei, mætta eg lifa til morguns" út af mikilli hræðslu þíns hjarta sem þig mun skelfa og út af því hinu sama sem þú hlýtur að sjá með þínum augum. [68]Og DROTTINN mun á skipum innflytja þig aftur í Egyptaland so að þann veginn sem eg hefi sagt þér af þá skulir þú ekki framar meir hann sjá. Og þar skulu þér seldir verða yðrum óvinum til þræla og ambátta og þar mun varla nokkur sá vera sem yður vilji kaupa.

29 Þessi eru þau sáttmálans orð sem DROTTINN bauð Móse að gjöra við Ísraels börn í Moabitis landi í annað sinn eftir það hann gjörði þann sama við þá í Hóreb.

[2]Og Móses kallaði allan Ísraelslýð til samans og sagði til þeirra: „Þér hafið séð allt það sem DROTTINN gjörði í Egyptalandi fyrir yðar augum, bæði við faraó og alla hans þénara og við allt hans land, [3]þær hinar miklu freistingar sem þín augu hafa séð að þar skeðu stórmerki og hræðileg undur. [4]Og

DROTTINN hann hefur enn nú ekki allt
til þessa dags gefið yður eitt skilnings-
fullt hjarta eður augu að sjá eður eyrun
að heyra með. 5Fjörutígi ár hefur hann
látið yður ganga í eyðimörkinni. Yðar
klæði þau hafa ekki slitist á yður og
þínir skór hafa ekki slitist á þínum fót-
um. 6Þér hafið ekki etið brauð og eigi
heldur drukkið vín né nokkurn
áfengan drykk so að þú skyldir vita að
eg er DROTTINN yðar Guð. 7Og þá þér
komuð í þennan stað dró út Síhon
kóngurinn af Hesbon og Óg kóngurinn
af Basan til að berjast við oss. Og vér
höfum slegið þá 8og eignast þeirra land
og gefið það Rúben og Gað og þeirri
hálfri kynkvísl Manasses til arftöku. 9So
haldið nú þessi sáttmálans orð og gjör-
ið þar eftir so að þér séuð forsjálir í öllu
því sem þér gjörið.

10Þér standið í dag allir saman fyrir
DROTTNI Guði yðar, hinir æðstu menn
yðra kynkvísla, yðrir öldungar, yðrir
embættismenn, hver einn maður í Ísr-
ael, 11yðar börn, yðar húsfreyjur, þínir
framandi sem eru í þínum landtjöldum,
bæði hann sá er þinn viðhöggur og
hinn sá eð þitt vatn dregur, 12so að þú
skulir ganga í sáttmála DROTTINS Guðs
þíns og í þeim svardaga sem DROTTINN
Guð þinn gjörir við yður í dag, 13að
hann megi so uppreisa þig í dag sér til
eins fólks og hann skuli vera þinn Guð,
so sem hann hefur til sagt þér og so
sem hann hefur svarið þínum forfeðr-
um Abraham, Ísak og Jakob.

14Því að ég gjöri ekki þennan sáttmála
og þennan svardaga alleinasta við yður
15heldur bæði við yður sem hér eruð í
dag og standið með offur fyrir DROTTNI
Guði vorum og við þá sem hér eru ekki
í dag með oss. 16Því að þér vitið hvernin
að vér bjuggum í Egyptalandi og fóru
mitt um þann heiðindóminn sem þér
dróguð í gegnum 17og sáuð þeirra
svívirðingar og þeirra afguði, stokka og
steina, silfur og gull, sem voru hjá
þeim. 18So að þar sé ekki (má vera
nokkur) sá karl eður kvinna eður þjón-
ustufólk eður einhver sú kynkvísl á
meðal yðar hvers hjarta að hafi í burt
snúið sér í dag frá DROTTNI Guði vorum
til að ganga í burt og þjóna guðunum
þessa fólks og kann vera að so verði ein
sú rót á meðal yðar sem ber gall og
beiskar jurtir. 19Og þó að hann heyri
orðin þessarar bölvanar þá velsignir
hann sig þó líka samt í sínu hjarta og
segir: „Þar vegnar mér vel á meðan ég
geng sem að mínu hjarta vel þóknast“
so það hinir fordrukknu skulu og í burt
fara ásamt með þeim sem að þyrstir
eru. 20Þó vill DROTTINN og ekki vera
þeim miskunnsamur heldur mun sú
hin mikla hefnd og reiði DROTTINS rjúka
yfir þeim manni svo að allar þessar
bölvanir sem hér standa skrifaðar í
þessari bók þá skulu leggjast á hann.
Og DROTTINN mun afmá hans nafn und-
ir himninum 21og hann mun í burt skilja
hann frá allri Ísrael til ólukku eftir öll-
um þessa sáttmálans bölvanarorðum
sem skrifuð standa í þessari lögmáls-
bók. 22So munu þá segja þeir eftirkom-
endur yðvara barna, þeir sem upp
munu koma eftir yður, og hinir
útlensku sem koma úr fjarlægum lönd-
um, nær að þeir sjá þær hefndarplágur
sem ganga yfir þetta land og þau
krankdæmi sem DROTTINN slær þá með,
23að hann uppbrennir allt þeirra land
með brennisteini og salti so að þar
verður ekki sáð og eigi heldur kann þar
nokkuð upp að vaxa né neinar jurtir
upp að spretta, heldur eru þeir sem um
koll kastaðir, líka sem Sódóma og
Gómorra, Adama og Sebóím, hverjum
að DROTTINN umturnaði í sinni reiði og
hefndarbræði. 24Þá munu og allar þjóðir
segja: „Hvar fyrir hefur DROTTINN gjört
so við þetta land? Hvað er þetta fyrir so
mikla reiði?“ 25Þá munu menn segja:
„Þar fyrir að þeir hafa yfirgefið sáttmál-
ann DROTTINS Guðs feðra þeirra sem
hann gjörði við þá þann tíð hann
útleiddi þá af Egyptalandi. 26Og þeir

gengu í burt og þjónuðu annarlegum guðum og tilbáðu þá, svoddan guði þó sem þeir báru öngva kennslu á og ekki neitt höfðu veitt þeim. [27]Þar fyrir hefur so reiði DROTTINS orðið svo bráðheit við þetta land að hann hefur látið allar þær bölvanir koma yfir þá sem skrifaðar standa í þessari bók. [28]Og DROTTINN hefur útrekið þá af þeirra landi í mikilli reiði, grimmd og hefndarbræði og í burtfleygt þeim í eitt annarlegt land so sem að það tilstendur þennan dag.

[29]DROTTINN Guðs vors leyndir dómar eru yfir oss og vorum börnum opinberaðir eilíflegana, svo að vér skulum gjöra öll þessi lögmálsins orð.

30 Nær eð allt þetta kemur nú yfir þig, annað hvert blessanin eða bölvanin sem eg hefi fyrir þig lagt og þú inngengur til þíns eiginlegs hjarta, hvar sem þú ert á meðal heiðingjanna þangað sem DROTTINN Guð þinn hefur þig í burt drifið, [2]og þú snýr þér til DROTTINS Guðs þíns aftur svo að þú hlýðir hans raust, þú og þín börn, af öllu hjarta, af allri sálu, í öllu því sem eg býð þér hér í dag, [3]þá mun DROTTINN Guð þinn umsnúa þinni herleiðingu og vera þér miskunnsamur og samansafna þér í burt aftur frá öllu því fólki sem DROTTINN Guð þinn hefur í sundurdreift þér á meðal. [4]Þó eð þú værir enn í burt drifinn allt til himinsins enda þá mun DROTTINN Guð þinn samansafna þér og flytja þig þaðan í frá. [5]Og hann mun flytja þig í það landið sem þínir feður hafa átt, að þú skulir eignast það og hann mun gjöra vel í móti þér og fjölga þig fram yfir feður þína. [6]Og DROTTINN Guð þinn mun umskera þitt hjarta og hjartað þíns sæðis so að þú skulir elska DROTTIN Guð þinn af öllu þínu hjarta og af allri sálu so þú megir lifa. [7]En DROTTINN Guð þinn mun leggja allar þessar bölvanir á óvini þína og á þá sem þig hata og þér ofsókn veita. [8]En þú munt snúast og hlýða raustinni DROTTINS so að þú gjörir öll hans boðorð sem ég býð þér í dag. [9]Og DROTTINN Guð þinn mun láta þig lukkusamlegan vera í öllum þínum handaverkum, á þeim ávextinum þíns kviðar, af þeim ávextinum þinnar hjarðar og á þínum jarðarávexti, so að það skuli þér vel vegna. DROTTINN mun umvenda sér og gleðja sig yfir þér þér til góða, líka sem hann gladdi sig yfir þínum forfeðrum, [10]af því að þú hlýðir raustinni DROTTINS Guðs þíns og heldur hans boðorð og réttindi sem skrifuð standa í þessari lögmálsbók, ef að þú snýr þér til DROTTINS Guðs þíns af öllu hjarta og af allri sálu.

[11]Því að það boðorð sem ég býð þér er ekki hulið fyrir þér og ekki mjög fjarlægt þér, [12]eigi heldur uppi yfir þér í himninum svo að þú þurfir að segja: „Hver vill uppfara fyrir oss í himininn og sækja oss það sama, so að vér kunnum að heyra það og gjöra þar eftir?“ [13]Það er ekki heldur hinumegin hafsins so að þú megir segja: „Hver mun vilja fara yfir um hafið og sækja oss það so að vér megum heyra það og gjöra það sama?“ [14]Því að það sama orðið er mjög nærri þér, í þínum munni og í þínu hjarta, so að þú skulir gjöra það.

[15]Sjá þú, ég hefi í dag lagt þér fyrir lífið og það hið góða, dauðann og það hið vonda, [16]í því sem ég býð þér í dag, að þú skulir elska DROTTIN Guð þinn og ganga í hans vegum og varðveita hans boðorð, lögmál og réttindi, so að þú megir lifa og fjölgast og það DROTTINN Guð þinn blessi þig í því landinu sem þú fer nú til að eignast. [17]En ef þú frásnýr þínu hjarta og hlýðir ekki þessu heldur lætur þú villa þig so að þú tilbiðjur annarlega guði og þjónar þeim [18]þá kunngjöri ég yður í dag að þér munuð fyrirfarast og ekki lengi vera í því landinu sem þú dregur nú til yfir um Jórdan að eignast það. [19]Ég tek í dag himin og jörð til vitnis yfir yður: Ég hefi lagt fyri yður lífið og dauðann, blessan-

ina og bölvanina, so að þú megir útvelja lífið að þú og þitt sæði megi lifa, [20]að þér elskið DROTTIN Guð yðar og hlýðið hans raust og nálægið yður so að honum. Því að þar er þitt líf undirkomið og þinn langgæðlegur aldur so að þú megir búa í því landinu sem DROTTINN hefur svarið þínum forfeðrum Abraham, Ísak og Jakob, að gefa þeim það.

31 Og Móses gekk í burt og talaði þessi orð við allan Ísraelslýð [2]og sagði til þeirra: „Ég er í dag hundrað og tuttugu ára gamall.Ég kann og ekki lengur að ganga út og inn. Þar með þá hefur og DROTTINN sagt til mín: Þú skalt ekki ganga yfir um þessa Jórdan. [3]DROTTINN Guð þinn mun sjálfur ganga fyrir þér. Hann mun og sjálfur foreyða fyrir þér þessu fólki svo að þú leggir það undir þig. Jósúa skal ganga hér yfir um fyrir þér svo sem það DROTTINN hefur sagt. [4]Og DROTTINN mun so gjöra við þá sem hann gjörði við Síhon og Óg þá Amoritis kónga og þeirra land sem hann foreyddi. [5]Nær eð DROTTINN gefur þá nú fyrir yður þá skulu þér gjöra við þá eftir öllum þeim boðorðum sem ég hefi boðið yður. [6]Verið hraustir og fullhugaðir, óttist ekki og verið ekki hræddir fyrir þeim því að DROTTINN Guð þinn mun sjálfur ganga með þér og hann mun ekki í burt taka sína hönd frá þér eða yfirgefa þig.“

[7]Og Móses kallaði á Jósúa og sagði til hans fyrir alls Ísraels augsýn: „Vert þú hughraustur og allöruggur því að þú skalt innleiða þetta fólk í það landið sem DROTTINN hefur svarið þeirra forfeðrum að gefa þeim og þú skalt útskipta því á millum þeirra. [8]Og DROTTINN sem sjálfur gengur fyrir yður hann mun vera með þér og hann mun ekki taka sína hönd í frá þér eður yfirgefa þig. Óttast ekki og vert ekki hræddur.“ [9]Og Móses skrifaði þetta lögmál og fékk það prestunum, sonum Leví, þeir sem báru sáttmálsörkina DROTTINS, og öllum öldungunum af Ísrael [10]og bauð þeim og sagði: „Þá sjö ár eru liðin, á þeim tíma sem frelsunarárið inngengur, á laufskálahátíðinni, [11]nær ed allur Ísrael kemur þangað til að augsýna sig fyrir DROTTNI Guði þínum í þeim stað sem hann mun útvelja, þá skalt þú láta lesa þetta lögmál fyrir öllum Ísrael fyrir þeirra augsýn, [12]fyrir fólksins samkundu, bæði köllum og konum, börnum og þeim framandi sem að eru innan þinna portdyra, so að þeir megi heyra og læra að óttast DROTTIN Guð þeirra og að halda og gjöra öll orð þessa lögmáls [13]og að þeirra börn sem þetta ekki vita megi heyra og læra að óttast DROTTIN Guð yðarn um alla þá daga sem þér lifið í því landinu sem þér farið nú til yfir um Jórdan að eignast.“ [14]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Sjá, þinn andlátstími er nálægur. Kalla á Jósúa og gangið inn í vitnisburðarbúðina.“ [15]En DROTTINN birtist í vitnisburðarbúðinni í skýstólpanum og skýstólpinn stóð í búðardyrunum.

[16]Og DROTTINN sagði til Mósen: „Sjá þú, þú munt sofna með feðrum þínum og þetta fólk mun uppstíga og hóranir drýgja með annarlegum guðum í því landinu sem þeir koma nú út í og yfirgefa so mig og láta þann sáttmála fara sem ég hefi gjört við þá. [17]Og mín reiði mun þá geysileg verða yfir þeim í þann tíma og eg mun yfirgefa þá og byrgja mitt andlit fyrir þeim so að þeir skulu foreyddir verða. Og nær ed mikil ógæfa og angist kemur yfir þá so munu þeir segja: Eru ekki allar þessar meinsemdir komnar yfir mig af því að minn Guð hann er ekki með mér? [18]Og eg skal byrgja mitt andlit á sama tíma fyrir sakir allra þeirra illgjörða sem þeir hafa gjört það þeir hafa snúið sér til annarlegra guða. [19]So skrifið nú yður þennan dikt og kennið hann Ísraelisbörnum og leggið hann í þeirra munn so að sá sami diktur megi vera mér einn vitnisburður

á meðal Ísraelsbarna. [20]Því að eg vil innleiða þá í það landið sem eg hefi svarið þeirra forfeðrum þar eð mjólk og hunang inniflýtur. Og nær eð þeir neyta þess og gjörast fullir og feitir þá munu þeir snúa sér til afguða og þjóna þeim og hæða mig og yfirgefa minn sáttmála. [21]Og nær eð mikil ógæfa og angist kemur yfir þá þá skal þessi diktur þeim svar gefa til vitnisburðar yfir þá, því að hann skal ekki forgleymast út af munni þeirra sæðis. Því að eg veit þeirra þel hvert eð þeir nú þegar um hönd hafa áður en eg hefi innleitt þá í það landið sem eg hefi svarið.“ [22]So skrifaði Móses sama tíma þennan dikt og kenndi hann Ísraelsbörnum [23]og bauð Jósúa syni Núns og sagði: „Vertu hughraustur og allöruggur því að þú skalt innleiða Ísraelsbörn í þetta land sem eg hefi svarið þeim. Og eg vil vera með þér.“

[24]Þá eð Móses hafði nú algjörlega útskrifað þessi lögmálsins orð í eina bók [25]þá bauð hann Levítönum sem báru þá sáttmálsörkina DROTTINS og sagði: [26]„Takið þessa lögmálsbók og leggið hana öðrumegin í hliðina í þeirri sáttmálsörkinni DROTTINS Guðs yðars að hún skuli vera þar einn vitnisburður á móti þér. [27]Því að ég þekki vel þína óhlýðni og harðúð. Sjá þú, þér eruð enn nú meðan eg lifi hjá yður í dag óhlýðugir á móti DROTTNI. Hversu miklu heldur mun þa eftir minn dauða? [28]So samankallið nú fyrir mig alla öldungana af yðrum kynkvíslum og yðar embættismenn so að eg megi tala þessi orð fyrir þeirra eyrum og taka himin og jörð til vitnis yfir þeim. [29]Því að eg veit að þér munuð mannspillast eftir minn dauða og í burt víkja af þessum vegi sem eg hefi boðið yður so að þar eftir á mun ólukka koma yfir yður af því að þér hafið illa gjört fyrir augsýn DROTTINS, að þér reitið hann til reiði meður yðar handaverkum.“ [30]So talaði Móses þau orðin þessa dikts öll saman út fyrir eyrum alls Ísraels almúga.

32 Heyri þér himnar, eg vil tala, og jörðin hún heyri málið míns munns. [2]Minn lærdómur skal drjúpa sem dögg og mitt mál skal framfljóta sem regn. Líka sem náttdöggin á grasinu og so sem vatsdroparnir á jurtrunnum. [3]Því að eg vil prísa nafn DROTTINS. Gefið vorum Guði einum dýrðina.

[4]Hann er eitt bjarg, hans verk eru óstraffanleg, því að allt hvað hann gjörir þá er það rétt. Guð hann er trúlyndur og án allrar hrekkvísi, hann er réttferðugur og góður. [5]Sú hin rangsnúna og hin illgjarna kynkvísl fellur frá honum. Þeir eru skemmdarflekkir og eru ekki hans börn.

[6]Þakkar þú þannin DROTTNI þínum Guði, þú hið fávísa og heimskufulla fólk? Er hann ekki þinn faðir og þinn DROTTINN? Er hann ekki sá alleinasta sem þig skapaði og til samans setti? [7]Minnstu á þá hina fyrri ævina allt til þessa og hygg að því hvað hann gjörði þeim gömlu feðrunum. Spyr þú þinn föður að því hinu sama, hann skal kunngjöra þér það, þínir öldungar skulu segja þér það. [8]Þá eð sá Allra hæsti skipti fólkinu og aðskildi mannanna sonu þá setti hann fólkinu landamerki eftir tölu Ísraelssona. [9]Því að hlutskipti DROTTINS er hans fólk og Jakob er sá mælivaðurinn hans arftöku.

[10]Hann fann hann í eyðimörkinni, út í einum þurrlendum og foreyddum stað þar er grátur var. Hann flutti hann um kring og gaf honum lögmál, hann varðveitti hann líka sem sjáldrið síns auga. [11]Líka sem örnin útleiðir sína unga og flýgur yfir þeim, hann útbreiddi sínar fjaðrir, tók þá upp og bar þá á sínum vængjum. [12]DROTTINN leiddi hann einnsamall og þar voru öngvir framandi guðir með honum. [13]Hann lét hann fara á hátt á jörðunni og fæddi hann með

akursins ávexti og lét hann sjúga hunang úr björgunum og viðsmjör úr þeim hörðu steinunum, [14]smjörið af kvikfénaðinum og mjólkina af sauðfénu meður þeirri feitinni af lömbunum, og þá feitu hrútana og kjarnhafrana með nýrnafeitinni og hveitinu, og drykkjaði hann með skæru vínberjablóði.

[15]En þá hann tók að vera fullur og feitur gjörðist hann lauslátur, hann er og orðinn feitur, þykkur og uppbólginn og hefur yfirgefið so þann Guð sem skapaði hann, hann hefur fyrirlitið það hellubjargið síns hjálpræðis. [16]Og hann hefur reitt hann til vandlætingar fyrir þá hinu framandi, fyrir þær svívirðingarnar hefur hann egnt hann til reiði. [17]Þeir hafa offrað djöflunum en ekki þeirra eigin guði. Þeim afguðunum sem þeir þekktu ekki, þeim nýkomnum sem ekki voru áður, hverja eð yðrir feður heiðruðu ekki. [18]Þú yfirgafst með fyrirlitningu það hellubjargið sem þig lét fæðast og forgleymdir þeim Guði sem þig skapaði.

[19]Og þá er DROTTINN sá það varð hann reiður við sína syni og dætur. [20]Og hann sagði: Ég vil byrgja mitt auglit fyrir þeim, ég vil sjá hversu þeim mun ganga að síðustu því að það er ein rangsnúin kynkvísl, þeir eru þau vantrúuðu börnin. [21]Þeir hafa styggt mig með því sem ekki er Guð og með þeirra afguðadýrkan hafa þeir reitt mig til reiði. Og ég vil þar í mót egna þá (til vandlætingar) yfir því fólki sem ekki er fólk, meður einu fávísu fólki vil ég egna þá til reiði. [22]Því að eldurinn er upptendraður í minni reiði, hann skal og brenna allt til hins neðsta helvítis og hann skal foreyða landinu með sínum gróða og uppkveikja eld í fjallanna grundvelli.

[23]Ég vil samansafna allri ógæfu yfir þá, öllum mínum hefndarskeytum vil ég skjóta á þá. [24]Þeir skulu farast í hungri og foreyddir verða af köldusótt og bráðum dauða, ég vil senda dýratennur á meðal þeirra og höggormaeitur. [25]Hið ytra skal ófriðarsverðið foreyða þeim og hið innra skelfing, bæði ungmönnunum og meyönum og brjóstbörnönum ásamt með þeim gráhærðu mönnum. [26]Ég vil segja: Hvar eru þeir? Ég vil í burt taka þeirra minning á meðal mannanna. [27]Ef að ég forðaðist ekki reiðina þeira óvina að þeirra óvinir megi stæra sig þar út af og mætti segja: Vor magt er mikil og DROTTINN hefur ekki gjört þetta allt saman. [28]Því að það er eitt fólk það sem er ráðlaust og þar er enginn skilningur í þeim. [29]Væri so vel að þeir væri hyggnir og kynni að formerkja slíkt so að þeir undirstæði það hvað yfir þá ætti að koma. [30]Hvernin gengur þetta til það einn skal elta þúsund af þeim og tveir skulu slá tíu þúsundir á flótta? Er það ekki so að þeirra hellubjargt hefur selt þá og DROTTINN hefur yfirgefið þá? [31]Því að vort bjarg er ekki svo sem þeirra bjarg. Þess hins sama eru vorir óvinir sjálfir dómarar. [32]Því að þeirra víntré er af Sódóma vínviði og af þeim akurlöndum Gómorra, þeirra vínber eru gall, þeir hafa beiskan vínberjalög. [33]Þeirra vín er drekanna eitur og grimmrar nöðru gall. [34]Er þetta ekki geymt hjá mér og innsiglað í mínum liggjanda fésjóð? [35]Hefndin er mín, eg vil endurgjalda. Á sínum tíma skal þeirra fótur skriðna því að tíminn þeirra ógæfu er nálægur og tekur mjög að flýta sér.

[36]Því að DROTTINN mun dæma sitt fólk og hann mun miskunnsamur vera yfir sínum þénurum. Því hann mun álíta það að þeirra kraftur er í burtu og það einnin að útgjört er um þá sem inniluktir og yfirgefnir voru. [37]Og menn munu segja: Hvar eru þeirra guðir, þeirra bjarg sem þeir forlétu sig upp á, [38]af hvers fórnum þeir átu það feita og drukku það vínið af þeirra drykkjaroffri? Látið þá uppstanda og hjálpa yður og veita yður hlíf. [39]Sjái þér nú að eg er hann alleina og að þar er enginn Guð

utan eg. Eg kann til heljar að leiða og líf
að gefa, eg kann að særa og að græða
og sá er enginn sem kunni að frelsa út
af minni hendi. 40Því að eg vil upphefja
mína hönd í himininn og vil segja: Eg
lifi eilíflegana. 41Nær eg hvessi mitt
sverð sem aðra elding og mín hönd tek-
ur til að refsa þá vil eg hefna mín aftur
á óvinum mínum og endurgjalda þeim
sem mig hata. 42Mín skeyti skal eg
drukkin gjöra af blóði og mitt sverð
skal kjöt svelgja fyrir þeirra blóð sem í
hel slegnir eru og fyrir hertekningina
og það óvinarins höfuð verði allsbert.
43Gleðjið yður allir þér sem eruð hans
fólk því að hann mun hefna blóðsins
sinna þénara, hann mun hefna sín á
sínum óvinum og miskunnsamlegur
vera yfir landinu síns fólks.

44Og Móses kom og talaði öll orðin í
þessum lofsöng fyrir fólksins eyrum,
hann og Jósúa son Núns. 45Þá Móses
hafði nú út talað allt þetta til alls Ísraels
lýðs 46þá sagði hann til þeirra: „Rót-
festið öll þessi orð í yðar hjörtu sem eg
vitna í dag fyrir yður og bjóðið yðar
börnum að þau varðveiti og gjöri allt
hvað hér segist í þessu lögmáli. 47Því
það er ekki eitt hégómaorð til yðar
heldur er það yðart líf og það sama orð
mun lengja yðar lífdaga í því landinu
sem þér farið nú til yfir um Jórdan til
að eignast.“

48Þann sama dag talaði DROTTINN við
Mósen og sagði: 49„Gakk þú upp á fjallið
Abarím, hæst upp á það fjallið Nebó
sem liggur í Móabítislandi, þvert yfir
frá Jeríkó, og skoða það landið Kanaan
hvert að eg vil gefa Ísraelssonum til
eignar. 50Og þar skaltu deyja á fjallinu
þá þú ert þangað upp kominn og safna
þér til þíns fólks, líka sem þinn bróðir
Aron hann andaðist á fjallinu Hór og
safnaði sér til síns fólks, 51þar fyrir að
þér misgjörðuð á móti mér á meðal
Ísraelssona hjá Mótmælisvatninu í
Kades í þeirri eyðimörkinni Sín það þér
helguðuð mig ekki á meðal Ísraelssona.
52Því þú skalt sjá það landið þvert yfir
frá þér sem eg vil gefa Ísraelssonum en
þú skalt ekki koma þangað.“

33 Þessi er sú blessan með hverri
að Móses guðsmaður blessaði
Ísraelsbörn áður en hann deyði, 2og
sagði: DROTTINN er kominn af Sínaí og
hann er þeim af Seír upprunninn. Hann
birtist af fjallinu Param og kom með
margar þúsundir heilagra. Til hans
hægri handar er eitt glóandi lögmál til
þeirra. 3Hann elskaði fólkið, allir hans
heilagir eru í þinn hendi, þeir munu
setja sig hjá þínum fótum og munu
læra af þínum orðum. 4Móses bauð oss
lögmálið, þeirri arfleifðinni mannfjölds-
ans Jakobs. 5Og hann stjórnaði so sem
úti einu konunglegu embætti og hélt
þeim æðstu mönnum fólksins til sam-
ans og þeim kynkvíslum Ísraels.

6Rúben skal lifa og ekki deyja og hans
alþýða skal fá vera.

7Þessi er sú blessan Júda og hann
sagði: DROTTINN heyri raustina Júda,
láttu hann stjórna sínu fólki, láttu hans
magt mikla vera og lát hann fá hjálp á
móti sínum óvinum. 8Og hann sagði til
Leví: Þinn réttur *(Thummin)* og þitt ljós
(Urim) skal vera hjá þínum heilaga
manni sem þú freistaðir í Massa, þar eð
þér þráttuðuð hjá Mótmælisvatninu.
9Hann segir til síns föðurs og til sinnar
móður: Ég sé hann ekki, og til síns
bróðurs: Ég þekki hann ekki, og til síns
sonar: Ég veit ekki af honum. Þeir
héldu þín orð og varðveittu þinn sátt-
mála. 10Þeir munu læra Jakob þín
réttindi og Ísrael þitt lögmál. Þeir skulu
bera það reykelsi fyrir þín vit og algjört
offur upp á þitt altari. 11DROTTINN blessi
hans megn, lát þér þóknast hans
handaverk. Sundur slá þú þeirra hrygg
sem setja sig upp á móti honum og á
þeim sem hata hann so að þeir reisi sig
ekki upp.

12Og til Benjamíns sagði hann: Það
hið elskulega DROTTINS skal búa tryggi-

lega og hann skal alltíð hlífa honum og
han skal búa á millum hans herða.
13Og til Jósef sagði hann: Hans land
liggur í blessan DROTTINS. Þar eru eðla
ávextir af himni, af dögginni og af þeim
djúpunum sem þar liggja undir niðri.
14Þar eru eðla ávextir af sólunni og eðla
fullgróinn ávöxtur af tunglinu 15og af
þeim háfjöllunum mót austrinu og af
þeim smáhæðunum ævinlegana 16og
eðla ávöxtur af jörðunni og hvað sem í
henni er. Hans blessan sem birtist í
rjóðrinu komi yfir Jósefs höfuð og yfir
hvirfil þess Nasarei á meðal hans
bræðra. 17Hans fegurðarprýðing er líka
sem eins frumgetins uxa og hans horn
eru sem eins einhyrnings horn. Með
þeim sömu skal hann steyta fólkið til
samans og allt til landsins enda. Það
eru þúsundir Efraím og þær þúsundir
Manasse.
18Og til Sebúlon sagði hann: Gleð þig
þú Sebúlon í þínum útgangi og þú
Ísaskar gleð þig í þínum landtjöldum.
19Þeir skulu kalla fólkið upp á fjallið og
offra þar því réttlætisins offri því þeir
skulu sjúga þó yfirfljótanlega gnægð
sjávarhafsins og þá niðursökktu fé-
sjóðuna í sandinum.
20Og til Gað sagði hann: Blessaður
veri Guð sem útbreiðir Gað. Hann
liggur sem eitt león og rænir armlegginn
og höfuðskelina. 21Og hann sá að hon-
um var gefið eitt höfuð og einn lærifað-
ir sem að hulinn er, sá ið kom með
fólksins höfðingjum útvegaði DROTTINS
réttvísi og hans réttdæmi í Ísrael.
22Og til Dan sagði hann: Dan er eitt
ungt león, hann mun fljóta af Basan.
23Og til Neftalí sagði hann: Neftalí
skal hafa gnægð hvað honum vel líkar
og mun saddur vera af blessan
DROTTINS. Á mót vestrinu og suðrinu
skal hans eign vera.
24Og til Asser sagði hann: Asser skal
velsignast með sonum, hann skal sín-
um bræðrum þakknæmur vera og dýfa
sínum fæti í viðsmjör, 25járn og kopar
skal vera á hans skófötum. Þín elli skal
vera líka sem þinn æskualdur.
26Þar er enginn Guð so sem sá Guð
réttdæmisins hver ið situr á himnum
uppi, han veri þín hjálp. Hans dýrð er í
skýjunum, 27þar ið er Guðs bústaður
frá upphafinu og á meðal armleggjanna
eilíflegana. Og hann mun útdrífa þína
óvini fyrir þér og segja: Verið eyðilagð-
ir. 28Ísrael hann skal ugglaus búa,
brunnur Jakobs skal vera á því landinu
sem korn og vín er, þar til með skal
hans himinn drjúpa af dögg. 29Sæll ertu
Ísrael, hver er þinn líki? Og þú fólk sem
að frelsast fyrir DROTTINN sem er þinn
hjálparskjöldur og þitt sigurvinn-
ingarsverð, þínir óvinir skulu lækkast
en þú skalt frambruna á þeirra hæðum.

34 Og Móses gekk í burt af völlun-
um þeirra Moabitis upp á fjallið Nebó, upp á hæstu hæðirnar fjallsins Pisga, jafngegnt Jeríkó. Og DROTTINN sýndi honum gjörvallt landið Gíleað allt til Dan 2og gjörvallt Neftalí og Efraím og Manasses land og gjörvallt landið Júda, út til hins ysta hafsins 3og í mót suðrinu og það slétta víðlendið gegnt Jeríkó þeim pálmviðarstaðnum allt til Sóar. 4Og DROTTINN sagði til hans: „Þetta er það landið sem eg hefi svarið Abraham, Ísak og Jakob og sagt: Eg vil gefa þínu sæði það. Þú hefur nú séð það með þínum augum en þú skalt ekki ganga hér yfir um.“
5Og Móses sá þénari DROTTINS andað-
ist þar í þeim sama stað í Moabitislandi
eftir orði DROTTINS. 6Og hann jarðaði
hann í einum dal í Moabitislandi þvert
yfir frá því húsinu Peór og enginn veit
enn nú af hans gröf allt til þessa dags.
7Og Móses var hundrað og tuttugu ára
gamall þá hann andaðist. Eigi glaptist
honum sýn og ei minnkaði honum
hans mannskapur. 8Og Ísraelsbörn
grétu Mósen í þrjátígi daga á þeim
sléttu völlunum í Moabitislandi. Þar

með þá fullkomnaðist harmsins og þeir hryggðardagarnir eftir Mósen.

[9]Og Jósúa son Núns uppfylltist af vísdómsanda því að Móses hafði lagt sínar hendur yfir hann. Og Ísraelssynir hlýddu honum og gjörðu so sem DROTTINN hafði boðið Móse.

[10]Og þar reis enginn svoddan prophete síðar meir upp í Ísrael sem Móses hvern eð DROTTINN so þekkti frá augliti til auglitis, [11]fyrir allra handa tákn og dásemdarverk sem það DROTTINN sendi hann til að gjöra í Egyptalandi á faraó og öllum hans þénörum og á öllu hans landi [12]og fyrir alls kyns magtarhönd og miklar sjónir sem Móses gjörði fyrir augsýn alls Ísraels.

Ending hinnar Fimmtu Móses bókar.

BÓKIN JÓSÚA

1 Og það skeði þá Móses þjón DROTTINS var andaður þá sagði DROTTINN til Jósúa sonar Núns hver að verið hafði Móses þénari: [2]„Móses minn þjón er andaður. Þar fyrir tak þig upp og far yfir þessa Jórdan, þú og allt þetta fólk, í það land sem eg gaf þeim Ísraelssonum. [3]Og eg hefi gefið yður alla þá staði sem þér komið fótum á, so sem eg áður sagði til Mósen. [4]Frá eyðimörkinni og þessu fjalli Líbanon allt að því mikla vatni Euphrates, allt til Hetithers land inn til þess stóra vesturhafs skal vera yðars lands ummerki. [5]Enginn skal standa í móti þér alla þína lífdaga. Eg vil vera með þér líka so sem eg var með Móse og eigi vil eg yfirgefa þig og ekki heldur víkja frá þér. [6]Vertu hughraustur og óefaður því þú skalt skipta landinu með þessu fólki hvert eg sór þeirra forfeðrum að gefa þeim. [7]Vertu þar fyrir öruggur og mjög hughraustur so að þú haldir og gjörir alla hluti eftir lögmálinu því sem minn þénari Móses bauð þér. Vík þú þar eigi frá, hverki til hægri né vinstri handar, so þú kunnir að höndla forsjállega í öllum þeim hlutum sem þú skalt gjöra. [8]Og lát þessa lögmálsbók ekki koma frá þínum munni heldur iðka þú hana dag og nótt so þú megir halda og gjöra alla hluti þar eftir so sem skrifað er í henni. So skal það lukkast þér vel í öllu því þú gjörir og þú munt forsjállega kunna þér að hegða. [9]Sjá þú, eg hefi boðið þér að þú sért hughraustur og styrkur. Óttast ekki og vert ekki hræddur því að DROTTINN þinn Guð er með þér í öllum þeim hlutum sem þú skalt gjöra.“

[10]Eftir þetta bauð Jósúa fólksins höfðingjum og sagði: [11]„Farið um allar herbúðirnar og skipið fólkinu og segið: Tilbúið yður vistir því að þér skuluð ferðast yfir um þessa Jórdan eftir þrjá daga so að þér innkomið og eignist það landið sem DROTTINN yðar Guð mun gefa yður.“

[12]Og Jósef sagði til þeirra Rúbensona, Gaðsona og til hálfrar Manasses kynkvíslar: [13]„Minnist á þau orð sem Móses þénari DROTTINS talaði til yðar og sagði: DROTTINN yðar Guð hefur veitt yður hvíld og gefið yður þetta land. [14]Látið yðar kvinnur, börn og búsamala blífa eftir í landinu því sem Móses hefur gefið yður þessumegin Jórdanar en þér skuluð ganga alvopnaðir fyrir yðrum bræðrum, allir þér sem vopnfærir eruð, og hjálpa þeim [15]þar til að DROTTINN gefur yðar bræðrum hvíld líka so sem yður, að þeir eignist landið sem Móses þénari DROTTINS gaf yður til eignar hinumegin Jórdanar, mót austri.“ [16]Og þeir svöruðu Jósúa og sögðu: „Vér viljum gjöra allt það sem þú hefur boðið oss, svo og viljum vér fara hvert sem þú sendir oss. [17]Og so sem vér vorum Móses hlýðugir so viljum vér hlýða þér. Veri aðeins DROTTINN Guð þinn með þér líka sem hann var með Móse. [18]Hver sem er þínum munni óhlýðugur og ekki hlýðir þínum orðum í öllu því þú býður oss sá skal deyja. Vert þú aðeins hughraustur og styrkur.“

2 En Jósúa son Núns sendi leynilega tvo njósnarmenn af Sitím og sagði: „Farið og skoðið Jeríkó.“ Þeir fóru af stað og komu inn í hús einnrar skækju sem hét Rabah og tóku sér þar herbergi. [2]Þá var þetta sagt kónginum af Jeríkó: „Sjá, á þessari nóttu eru komnir hingað menn af Ísraelssonum að skoða landið.“ [3]Þá sendi Jeríkó kóngur boð til Rahab og lét segja henni: „Sel fram þá menn sem komnir eru til þín í þitt hús því þeir eru komnir hingað að njósna um landið.“ [4]En kvinnan fór að fela báða mennina og sagði: „Hér komu menn inn til mín en eg vissa eigi hvaðan þeir voru. [5]Og sem myrkt var orðið

og móti því að borgarhliðin skyldu aftur látast þá struku þeir út so eg veit ekki hvert þeir sneru. Farið sem skjótast eftir þeim, þá megi þér ná þeim.“ [6]En hún lét þá stíga upp á þakið og faldi þá undir hörhálminum sem hún hafði breitt á þakið. [7]En mennirnir sóttu eftir þeim á veginn til Jórdanar til ferjustaðarins. En sem þeir voru útfarnir sem leita áttu þá voru borgarhliðin afturlátin.

[8]Og áður en þeir mennirnir lögðu sig til svefns fór hún upp til þeirra á þakið [9]og sagði: „Eg veit að DROTTINN hefur gefið yður þetta land því að ein hræðsla er fallin yfir oss yðar vegna og allir landsins innbyggjarar bera kvíða fyrir yðar tilkomu. [10]Sökum þess að vér höfum heyrt hversu að DROTTINN þurrkaði vatnið fyrir yður í því Rauða hafi þá þér fóruð af Egyptalandi, og so líka hvað þér gjörðuð tveimur kóngum Amoritis, Síhon og Óg, hinumegin Jórdanar, og hvernin þér eyðilögðuð þá. [11]Og upp frá því vér heyrðum þetta þá er æðra komin í vor brjóst og þar er engin hreysti í nokkrum manni vegna yðar tilkomu. Því að DROTTINN yðar Guð er einn Guð, bæði á himnum uppi og á jörðu niðri. [12]So sverjið mér nú einn eið fyrir DROTTNI að so sem eg framdi miskunn við ykkur þá veitið og so miskunn mínu húsi og míns föðurs húsi og gefið mér eitt víst merki [13]að þið viljið láta minn föður, mína móðir og mín systkin lifa og allt það þeim tilkemur og frelsið so vorar sálir frá dauðanum.“ [14]Mennirnir svöruðu henni: „Ef vér gjörum ekki miskunn og sannleik við þig þá DROTTINN gefur oss þetta land þá skulu vorar sálir deyja fyrir yður, so framt sem þú lætur ekki þetta efni í ljósi.“

[15]Síðan lét hún þá síga í festi ofan fyrir múrinn út um eitt vindauga, það hennar hús stóð á borgarveggnum og hún bjó í múrnum. [16]Og hún sagði til þeirra: „Farið upp á fjallið og felið ykkur þar í þrjá daga, so þeir mæti yður ekki sem ykkar fóru að leita, þar til þeir koma aftur, síðan megi þið fara ykkarn veg.“ [17]Mennirnir svöruðu henni: „Við viljum vera frjálsir af þessum eiði sem þú hefur tekið af okkur [18]ef þú hengir ekki þessa rauða festi út um þitt vindauga, í hverri þú lést okkur niður síga, þá vér komum í landið og so hafir þú ekki samankallað í þitt hús þinn föður, þína móðir, þína bræður og allt þitt föðurs hús. [19]Og ef nokkur gengur út af þínum húsdyrum, hans blóð skal vera yfir hans höfði en við viljum vera saklausir. En leggist ein hönd upp á nokkurn þann sem er í þínu húsi þá skal þeirra blóð koma yfir vort höfuð. [20]En verði so að þú útberir þessi vor efni þá viljum vér vera frjálsir af þessum eiði sem þú hefur tekið af okkur.“ [21]Hún svaraði: „Verði so sem þið segið“ og eftir þetta lét hún þá fara. Og þeir gengu af stað og hún hnýtti þeirri rauðu festinni í vindugað.

[22]So gengu þeir nú sinnar leiðar og komu á fjallið og töfðu þar í þrjá daga þar til þeir komu aftur sem þeirra höfðu leitað. En þeir höfðu leitað eftir þeim í allar áttir og fundu hvergi. [23]Síðan sneru þessir tveir menn aftur og gengu af fjallinu og fóru yfir um og komu til Jósúa sonar Núns og sögðu honum frá öllum hlutum sem gjörst höfðu [24]og sögðu til Jósúa: „DROTTINN vor Guð hefur gefið allt landið í vorar hendur og landsins allir innbyggjarar eru felmtsfullir fyrir oss.“

3 Og Jósúa stóð upp mjög snemma morguns og þeir ferðuðust frá Sittím og komu til Jórdanar, hann og allir Ísraelissynir, og voru þar um nóttina áður þeir færi yfir um. [2]En þrimur dögum þar eftir gengu höfuðsmennirnir um allar herbúðirnar, [3]buðu fólkinu og sögðu: „Þegar þér sjáið DROTTINS Guðs yðars sáttmálans örk og prestana af Levítönum berandi hana þá dragið út hver af sínum stað og fylgið henni eftir.

4Þó so að þar sé tveggja þúsund álna
rúm í millum yðar og hennar. Þér skuluð ekki ganga mjög nærri henni so að
þér megið vita hvern veg þér skuluð
fara því þér hafið ekki fyrr gengið
þennan veg.“ 5Og Jósúa sagði til fólksins: „Helgið yður því að DROTTINN mun
gjöra dásemdarverk á morgun á meðal
yðar.“ 6Og hann sagði til prestanna:
„Berið sáttmálans örkina og gangið
undan fólkinu.“ Og þeir tóku örkina og
báru hana undan fólkinu.

7Og DROTTINN sagði til Jósúa: „Á þessum degi vil eg taka til að mikla þig fyrir
öllum Ísrael svo að þeir skulu vita að so
sem eg var með Móse so líka vil eg vera
með þér. 8Og bjóð þú prestunum sem
bera sáttmálans örkina og seg: Þá þér
stígið fyrst í Jórdanarvatn þá standið
þar kyrrir.“ 9Og Jósúa sagði til Ísraelssona: „Komið hingað og heyrið
DROTTINS yðars Guðs orð.“ 10Og hann
sagði: „Þar af skulu þér vita að sá lifandi
Guð er á meðal yðar og að hann skal útdrífa fyri yður þá Cananeos, Heteos,
Heviteos, Phereseos, Gergositeos, Amoreos og Jebuseos. 11Sjá, DROTTINS sáttmálans örk sem ræður yfir alla veröld
hún skal fara undan yður í Jórdan. 12So
takið nú tólf menn af Ísraels ættkvíslum, sinn mann af hverjum kynþætti,
13og þá prestarnir sem bera DROTTINS
sáttmálans örk sem er DROTTINN yfir
allri veröld drepa sínum fótum í
Jórdans vatn þá skal vatnið skiljast að,
það sem rennur ofan að, og safnast
saman í eitt í Jórdan.“

14En sem fólkið fór nú af sínum tjaldbúðum og þeir skyldu reisa yfir Jórdan
og prestarnir báru sáttmálans örkina
fyrir fólkinu 15og komu að Jórdan so að
þeir drápu sínum fótum í vatnið (en
Jórdan fylldi allan sinn farveg upp á
bakka um allan kornskurðartímann)
16þá nam straumurinn staðar sá sem
rann ofan að og þrútnaði saman í eina
hæð mjög langt frá fólkinu þess staðar
sem liggur við Sartan. En vatnið árinnar fyrir neðan fram rann til hafsins allt í
saltan sjó og þornaði upp með öllu og
rann í burt. So gekk fólkið yfir um
gagnvart Jeríkó. 17En prestarnir sem
báru DROTTINS sáttmálsörk stóðu kyrrir
mitt í Jórdan á þurrum fótum. Og allt
Ísraelsfólk gekk þurrum fótum yfir um
þangað til að allt fólkið var yfir um
Jórdan komið.

4 Og DROTTINN sagði til Jósúa: 2„Útveljið tólf menn, einn af hverri ættkvísl, 3og bjóðið þeim og segið: Takið
upp tólf steina af Jórdan úr þeim sama
stað sem prestarnir standa á og berið
þá steina yfir um með yður og berið þá
í þann stað sem þér skuluð vera þessa
nótt.“ 4Þá kallaði Jósúa tólf menn sem
til voru skikkaðir af Ísraelssonum, sinn
af hverri ættkvísl, 5og sagði til þeirra:
„Gangið yfir um fyrir DROTTINS örk mitt
í Jórdan og taki sinn stein hver yðar á
sínar axlir eftir ættartölu Ísraelssona
6so þeir sé til merkis á millum yðar. Þá
yðar börn spyrja sína feður hér að og
segja: Hvað þýða þessir steinar hér? 7að
þér megið þá segja þeim hversu áin
Jórdan skildist að fyrir DROTTINS sáttmálsörk þá þeir gengu þurrum fótum
yfir um Jórdan, að þessir steinar sé
Ísraelssonum til ævinlegrar minningar.“

8Þá gjörðu Ísraelssynir sem Jósúa
bauð þeim og báru þá tólf steina mitt úr
Jórdan so sem DROTTINN sagði til Jósúa,
eftir ættkvíslatölu Ísraelssona, og báru
þá með sér yfir um allt til þess staðar
sem þeir lágu um nóttina og létu þá þar
vera. 9Og Jósúa uppreisti tólf steina
mitt í Jórdanar farveg þar sem prestanna fætur stóðu sem báru sáttmálans
örkina og þeir eru þar enn nú á þessum
degi. 10Því að kennimennirnir þeir sem
báru örkina stóðu mitt í Jórdan þar til
að það var allt fullkomnað sem
DROTTINN hafði boðið Jósúa að segja til
fólksins, svo sem Móses hafði áður
bífalað Jósúa. Og fólkið hraðaði sér og

gekk yfir um. [11]En þegar fólkið var nú allt saman yfir um komið þá fór og örk DROTTINS yfir um og prestarnir undan fólkinu. [12]En þeir synir Rúben og Gað og helftin af Manasses kyni gengu vopnaðir fyrir Ísraelssonum, so sem Móses hafði sagt til þeirra, [13]nær fjörutígi þúsundir búnir til bardaga, og þeir gengu fyrir DROTTNI til að stríða á völlum Jeríkó. [14]Og á þeim degi gjörði DROTTINN Jósúa vegsamlegan fyrir öllum Ísrael og þeir óttuðust hann so sem þeir óttuðust Mósen alla hans daga.

[15]Og DROTTINN sagði til Jósúa: [16]„Bjóð þú prestunum, þeir sem bera vitnisburðarörkina, að þeir stígi upp úr Jórdan.“ [17]Og Jósúa bauð þeim það og sagði: „Gangið úr Jórdan.“ [18]Og þá prestarnir sem báru DROTTINS örk komu upp úr Jórdan og stigu á þurrt land sínum fótum þá féll áin jafnsnart aftur í sinn farveg og rann so full upp á bakka sem áður.

[19]Og þetta skeði þann tíunda dag í þeim fyrsta mánaði að fólkið sté upp úr Jórdan og setti sínar herbúðir í Gilgal fyrir austan borgina Jeríkó. [20]Og Jósúa setti þá tólf steina upp í Gilgal sem þeir tóku úr Jórdan [21]og sagði til Ísraelssona: „Þá yðar börn spyrja sína feður síðar meir og segja: Hvað merkja þessir steinar? [22]þá skulu þér kunngjöra þeim það og segja: Ísraelssynir gengu þurrum fótum yfir um Jórdan á þeim tíma [23]þá DROTTINN yðar Guð lét ána Jórdan þurrkast fyrir yður þar til þér komust yfir um, so sem DROTTINN yðar Guð gjörði í Rauðahafi þá hann þurrkaði það og so fyrir oss, so lengi sem vér gengum þar yfir um, [24]so að allt fólk á jörðunni megi viðurkenna hönd DROTTINS, hvað megtug hún er, so að þér alla tíma óttist DROTTIN yðar Guð.“

5 En á þeim tíma sem þeir allir kóngar Amoritarum sem bjuggu í vesturátt hinumegin Jórdanar og so allir kóngar Cananitarum með hafinu heyrðu það að DROTTINN hafði þurrkað Jórdan fyrir Ísraelsfólki á meðan þeir gengu þar yfir þá æðruðust þeirra hjörtu svo að enginn hughreysti var með þeim fyrir Ísraelssonum.

[2]Og á þeim tíma sagði DROTTINN til Jósúa: „Gjör þér steinknífa og umsker Ísraelssonu í annað sinn.“ [3]Og Jósúa gjörði sér steinknífa og umskar Ísraelssyni á þeirri hæð Aralot. [4]Og þessi er sökin þar til því Jósúa umskar allt kallkyns í Ísrael sem komið var af Egyptalandi. Því að allt stríðsfólk var andað í eyðimörku á veginum þá þeir fóru af Egyptalandi. [5]Því að allt það fólk sem útgekk þaðan var umskorið. En það allt fólk sem fæddist í eyðimörkinni meðan þeir voru á veginum frá Egyptalandi var ekki umskorið. [6]Því Ísraelssynir gengu fjörutígi ár um þá eyðimörk þangað til að allt það stríðsfólk sem kom af Egyptalandi var dautt því að þeir hlýddu ekki raust DROTTINS. So sem DROTTINN hafði svarið þeim að þeir skyldu ekki sjá það land sem DROTTINN sór þeirra feðrum að gefa oss eitt land þar sem mjólk og hunang inniflýtur. [7]Þeirra sonu sem upp voru komnir í þeirra stað, þá alla umskar Jósúa því þeir höfðu yfirhúð og voru ekki umskornir á veginum.

[8]Og sem fólkið var allt saman umskorið þá voru þeir kyrrir í þeim sama stað í herbúðunum þar til sár þeirra voru gróin. [9]Og DROTTINN sagði til Jósúa: „Í dag hefi eg tekið egypskra manna brigsli frá yður.“ og þessi staður kallast Gilgal allt til þessa dags.

[10]Og sem að Ísraelssynir höfðu herbúðir sínar í Gilgal þá héldu þeir páska á völlum Jeríkó þann fjórtánda dag mánaðarins að kveldi, [11]og átu af landsins korni á öðrum páskadegi, sem var ósýrt brauð og steikt aux, á þeim sama degi. [12]Það an í frá þraut man, á þeim öðrum degi sem þeir átu af landsins korni, svo Ísraelsfólk hafði ekki það an í frá man heldur átu þeir af Kanaans-

lands korni á þessu sama ári. 13Og það skeði so þá Jósúa var hjá Jeríkó að hann upplyfti sínum augum og hann sá að þar stóð maður gagnvart honum með brugðnu sverði. Og Jósúa gekk til hans og sagði: „Ertu af voru liði eða vorra óvina?“ 14En hann svaraði og sagði: „Nei ekki, heldur er eg höfðingi hers DROTTINS og em nú kominn.“ Þá féll Jósúa til jarðar á sitt andlit, tilbað hann og sagði: „Hvað segir minn herra til síns þénara?“ 15En höfðinginn yfir DROTTINS her sagði til Jósúa: „Drag þína skó af þínum fótum því þessi staður er heilagur sem þú stendur á.“ Og Jósúa gjörði so.

6 En Jeríkó var læst og rammbyggilega byrgð fyrir Ísraelissonum so að enginn mátti þar komast út né inn. 2Og DROTTINN sagði til Jósúa: „Sjá þú, eg hefi gefið Jeríkó með hennar kóngi og öllum her í þínar hendur. 3Lát allan þinn her ganga í kringum staðinn einu sinni á degi og gjör so í sex daga. 4En á þeim sjöunda degi þá lát prestana taka þá sjö fagnaðarárslúðra fyrir örkinni og gangi á þeim sjöunda degi sjö sinnum í kringum staðinn og lát prestana þeyta lúðrana. 5Og þá blásið er í fagnaðarárshornin og þér heyrið dyninn þá skal allt fólkið gjöra eitt mikið heróp. Þá munu staðarins múrveggir hrynja niður og fólkið skal falla inn í staðinn, sérhver þar strax sem hann er staddur.“ 6Síðan kallaði Jósúa prestana og sagði til þeirra: „Berið sáttmálsörkina og skikkið sjö presta til að bera sjö fagnaðarárslúðrana undan örk DROTTINS.“ 7Og hann sagði til fólksins: „Farið og gangið í kringum staðinn og sá hver sem vopnaður er gangi hann fram undan örk DROTTINS.“

8Og sem Jósúa hafði sagt þetta til fólksins þá báru þeir sjö prestar þá sjö fagnaðarársins lúðra fyrir örk DROTTINS, gengu og þeyttu lúðrana, og sáttmálsörk DROTTINS fylgdi eftir. 9Og þeir sem herklæddir voru gengu undan prestunum þeim sem lúðrana þeyttu en öll alþýða önnur eftirfylgdi örkinni og blésu í sínar básúnur. 10En Jósúa bauð fólkinu og sagði: „Þér skuluð ekki gjöra nokkuð háreysti og látið ekki heyra til yðar og ekki eitt orð af yðar munni fyrr en á þeim degi að eg segi til yðar: Æpið eitt heróp, so skulu þér æpa eitt almennt heróp.“ 11So gekk nú örk DROTTINS einu sinni í kringum borgina og kom aftur í herbúðirnar og var þar.

12Því Jósúa plagaði að vera árla uppi á morna og prestarnir báru aurk DROTTINS. 13Og þeir sjö prestar báru þá sjö fagnaðarárslúðra undan aurkinni og gengu so þeytandi lúðrana. En þeir sem vopnaðir voru gengu fyrir þeim en alþýðan öll gekk eftir aurk DROTTINS og blésu í sína lúðra. 14Þeir gengu og so þann annan dag eitt sinn um staðinn og komu í herbúðirnar aftur. So gjörðu þeir í sex daga.

15En þann sjöunda dag stóðu þeir árla upp í dögun og gengu í kringum staðinn sjö sinnum eftir sama hætti sem áður, so þeir gengu sjö sinnum á þessum einum degi í kringum staðinn. 16Og á þeirri sjöundu reisu sem prestarnir blésu í sínar básúnur, þá sagði Jósúa til fólksins: „Æpið eitt heróp því DROTTINN hefur gefið yður staðinn. 17En þessi staður og allt það sem er í honum skal vera bannfært fyrir DROTTNI. Skækjan Rahab skal alleina sínu lífi halda og allir þeir sem eru í hennar húsi því hún fal þá sendimenn sem út voru sendir af oss. 18En einskostar vaktið yður fyrir því bannfærða so þér bannfærið ekki yður sjálfa ef þér takið á því nokkru sem bölvað er, þá bannfærast Ísraels herbúðir þar með og koma í ólukku. 19En allt það silfur og gull, so og líka koparker og járnker, það skal vera heilagt fyrir DROTTNI so það megi vera HERRANS fésjóður.“ 20Og fólkið æpti eitt mikið heróp og blésu í lúðrana. En sem allt fólkið heyrði lúðrana gjalla þá

gjörði almúginn eitt mikið heróp og múrveggirnir um staðinn hrundu niður allt um kring so fólkið mátti ganga í staðinn það gegnsta sem hver var staddur. [21]Og með þvílíkum hætti unnu þeir staðinn og foreyddu öllu því sem í staðnum var með sverðseggjum, bæði mönnum og konum, ungum og gömlum, hér með nautum og sauðum og ösnum. [22]Síðan sagði Jósúa til þeirra tveggja manna sem sendir voru að njósna um landið: „Farið í hús þeirra lausakonu og leiðið hana út þaðan með öllu því sem henni tilkemur so sem þið hafið með eiði lofað.“ [23]Og þeir sömu njósnarmenn gengu strax þangað og leiddu Rahab út og so hennar föður og móður, hennar bræður og allt það sem henni tilkom með allri sinni ætt og létu hana vera fyrir utan Ísraels herbúðir. [24]En borgina alla uppbrenndu þeir með eldi og allt það sem í henni var utan silfur og gull, kopar og járn, það lögðu þeir í fésjóðinn í hús DROTTINS. [25]En Jósúa lét Rahab þá portkonu og hennar föðurhús lifa og allt það henni tilheyrði. Og hún bjó á millum Ísraels inn til þessa dags þar fyrir að hún fal þá sendiboða sem Jósúa hafði útsent að njósna um landið.

[26]Og á þeim sama tíma sór Jósúa og sagði: „Bölvaður sé sá maður fyrir DROTTNI sem uppreisir og byggir þennan stað Jeríkó. Þegar hann leggur hans grundvöll þá gildi það hans frumgetna son en þegar hann setur hans port þá kosti það hans yngsta son.“

[27]So var nú DROTTINN með Jósúa og um öll lönd barst hans rykti.

7 En Ísraelssynir saurguðu sig á því inu bannfærða. Því að Akan son Karmí, sonar Saddí, sonar Sera, af ætt Júda, tók nokkuð af því sem bannfært var. Þá gramdist reiði DROTTINS yfir Ísraelssyni. [2]En sem Jósúa nú útsendi menn frá Jeríkó mót Aí sem að liggur hjá Betaven austur frá Betel og sagði til þeirra: „Farið upp og skoðið landið.“ Og þá þeir voru uppfarnir og höfðu skoðað og njósnað Aí [3]þá komu þeir aftur til Jósúa og sögðu honum: „Lát ekki allt fólkið fara upp þangað og ekki meir heldur en tvær eða þrjár þúsundir manna að þeir fari og slái Aí svo að allt fólkið ómaki sig ei þangað. Því að þar er eitt fátt fólk fyrir.“ [4]So skikkaði Jósúa til þrjár þúsundir manna af stríðsfólkinu. [5]En sem þeir komu upp flúðu þeir fyrir borgarmönnum Aí so að þeir slógu sex og þrjátígi menn af þeim og ráku þá frá portunum allt til Sabarím og slógu margan mann til dauðs á veginum. Þá kom æðra í fólksins brjóst og þeirra hjörtu þiðnuðu sem vatn.

[6]Sem Jósúa heyrði þetta hreif hann sín klæði og féll fram á sitt andlit til jarðar fyrir örk DROTTINS allt til kvelds og öldungarnir Ísrael og jusu moldu yfir sín höfuð. [7]Og Jósúa sagði: „DROTTINN, GUÐ! Því leiddir þú þetta fólk yfir Jórdan til þess að gefa oss í hendur þeirra Amoritis að þeir foreyði oss? Væri svo vel að vér hefðum verið kyrrir hinumegin Jórdanar sem vér vorum. [8]Aufi DROTTINN, hvað skal eg segja með því að Ísrael snýr baki við sínum óvinum? [9]Þegar að Cananei og allir landsins innbyggjarar spyrja þetta þá munu þeir umkringja oss og afmá vort nafn af jörðunni. Hvað vilt þú þá gjöra við þitt hið mikla nafn?“

[10]Þá sagði DROTTINN til Jósúa: „Statt upp, því liggur þú so fram á þína ásjónu? [11]Ísrael hefur syndgað og hefur yfirtroðið minn sáttmála sem eg bauð þeim. Þar með tóku þeir af því bannfærða, stálu og leyndu af og lögðu það í millum sinna fjárhluta. [12]Ísraelssynir gátu ekki staðið í móti sínum óvinum heldur urðu þeir að bakhverfast sínum óvinum af því að þeir eru í banni. Eg vil ekki hér eftir vera með yður ef þér afmáið ekki það bann í frá yður. [13]Statt upp og helga þú fólkið og seg því: Helgið yður til morguns því so segir

DROTTINN Guð Ísraels: Bann er á meðal þín, Ísrael, og því getur þú ekki staðið í móti þínum óvinum þar til að þér skiljið þetta bann frá yður. 14Og þér skuluð koma snemma hingað, ein ættkvísl eftir aðra. Og hver sá kynþáttur sem DROTTINN ávísar skal þá koma fram, ein kynslóð eftir aðra. Og hver sú kynslóð sem DROTTINN áhittir skal koma fram, hvört eitt hús eftir það annað. Og hvert það hús sem DROTTINN vísar á skal koma fram, einn húsbóndi eftir annan. 15En sá sem fundinn verður í bann, sá skal brennast í eldi með öllu því sem hann hefur, sökum þess að hann braut sáttmála DROTTINS og gjörði eitt heimskupar í Ísrael.“

16Jósúa stóð upp snemma morguns og leiddi fram Ísraels kynþáttu hvern eftir annan og kom hlutur á kyn Júda. 17Og sem hann leiddi ætt Júda fram þá féll hluturinn yfir Serahiters kynslóð. En sem Serahiters kynslóð kom fram, hvert hús eftir annað, þá féll hlutur yfir Sabdí. 18Og sem hann leiddi sitt hús fram, hvern húsbónda eftir annan, þá féll hlutur yfir Akan son Karmí, sonar Sabdí, sonar Sera, af kyni Júda. 19Og Jósúa sagði til Akan: „Minn son, gef DROTTNI Guði Ísraels dýrðina. Meðkenntu og seg mér hvað þú hefur gjört og leyn öngvu fyrir mér.“ 20Akan svaraði Jósúa og sagði: „Sannlega, eg hefi misgjört í móti DROTTNI Ísraels Guði. So og svo gjörða eg. 21Eg sá einn forkostulegan babýlóneskan kyrtil meðal herfangsins og tvö hundruð siclos silfurs og eina gulltungu fimmtígi siclos að vigt. Þetta ágirntust eg og tók eg það. Og sjá, þetta er í jörð niðurgrafið í minni tjaldbúð og silfrið þar undir.“ 22Jósúa sendir menn þangað, þeir runnu til tjaldsins og sjá, það var þar í jörðu grafið í hans tjaldbúð og silfrið þar niður undir. 23Og þeir tóku það upp úr búðinni og færðu Jósúa og öllum Ísraelssonum og lögðu það fram fyrir DROTTIN. 24Síðan tók Jósúa og alur Ísrael með honum Akan son Sera og svo silfrið, kyrtilinn og gulltunguna, hans sonu og dætur, hans uxa og asna, allan hans búsmala, tjaldbúðina og allt það sem hann hafði og fluttu það allt saman upp í Akorsdal. 25Jósúa sagði til hans: „Af því þú hefur hrellt oss þá hrelli DROTTINn þig á þessum degi.“ Og allur Ísraelslýður lamdi hann þar grjóti og brenndu síðan upp með eldi. 26Og eftir það sem þeir höfðu grýtt hann gjörðu þeir einn stóran grjóthaug yfir honum. Hann stendur allt til þessa dags. Síðan sneri DROTTINN sér frá sinni grimmdarreiði. Og þar af kallast þessi dalur Akorsdalur allt til þessa dags.

8 Eftir þetta sagði DROTTINN til Jósúa: „Óttast ekki og vertu óhræddur. Tak með þér alla bardagamenn og tak þig upp og far upp til borgar Aí. Sjá, eg hefi gefið kónginn af Aí og allt hans fólk, landið og borgina í þínar hendur. 2Og þú skalt gjöra við borgina Aí og hennar kóng svo sem þú gjörðir við Jeríkóborg og hennar kóng. Fyrir utan það að þér skuluð skipta þeirra herfangi og þeirra öllum fjárhlutum yðar á millum og setjið launsátir á bak við borgina.“

3Þá tók Jósúa sig upp og allur hans her og drógu upp til borgar Aí. Og Jósúa útvaldi þrjátígi þúsund einvala liðs og sendi þá út um nótt, 4bauð þeim og sagði: „Sjáið til, þér skuluð vera í launsátinni bak við borgina. Verið ekki mjög langt frá borginni og verið allir saman reiðubúnir. 5En eg og allt það fólk sem með mér er skulum draga upp í móts við borgarmenn. Og sem þeir hafa sig út í mót oss so sem fyrr þá viljum vér flýja undan þeim 6so að þeir fari eftir oss þar til vér getum lokkað þá nokkuð frá borginni. Því þeir munu ætla að vér munum flýja undan þeim so sem áður fyrr. 7En á meðan að vér flýjum fyrir þeim þá skulu þér fara úr launsátrinu og inntaka borgina. Því að

DROTTINN yðar Guð skal gefa hana í yðar hendur. [8]En þá þér hafið unnið staðinn þá setjið eld í hann og gjörið eftir því sem DROTTINN hefur boðið. Sjáið, eg hefi skipað yður þetta.“ [9]Síðan sendi Jósúa þá af stað og þeir fóru í launsátrið bak við borgina og héldu sig í millum Betel og Aí, í vestur frá Aí. En Jósúa var um nóttina hjá fólkinu. [10]En strax tímanlega um morguninn skipaði hann fólkið í fylkingar og dróg upp með þeim elstu af Ísrael fyrir fólkinu í mót Aí [11]og allt stríðsfólkið sem var hjá honum fóru upp, gekk fram og komu til borgarinnar og slógu sínum herbúðum norður frá Aí so að þar var eitt dalverpi í millum þeirra og Aí. [12]Og hann hafði tekið nær fimm þúsund manna og setti þá í launsátrið bak við borgina í millum Betel og Aí, vestur frá borginni. [13]Og þeir fylktu liðinu úr öllum herbúðum norður frá borginni so að annar fylkingarendinn tók vestur fyrir staðinn. En Jósúa gekk þá sömu nótt mitt í dalinn. [14]En sem kóngurinn af Aí sá þetta þá flýtti hann sér og bjó sig út þegar snemmendis og borgarlýðurinn gaf sig út í mót Ísrael til stríðs og bardaga með öllu sínu liði á einn tilsettan flöt á mörkinni. Því hann vissi ekki af launsátrinu sem var á bak við borgina. [15]En Jósúa og alir Ísraelsmenn létu sem þeir væri slegnir af þeim og flúðu á veginn til eyðimörkur. [16]Þá gjörðu allir borgarmenn mikið heróp og eggjaði hver annan að þeir skyldu reka flóttann. Og þeir sóttu eftir Jósúa og gáfu sig út af borginni [17]svo að þar var ekki einn maður eftir í Aí og Betel sem að eigi væri útfarinn að reka flóttann Ísrael og létu borgina standa opna so þeir mættu sækja eftir Ísrael.

[18]Þá sagði DROTTINN til Jósúa: „Lyft upp þínu spjóti sem þú hefur í þinni hendi í móti Aí því eg vil gefa hana í þínar hendur.“ En sem Jósúa upplyfti spjótinu sem hann hafði í sinni hendi í móti borginni [19]þá spruttu þeir menn upp skyndilega sem í launsátrinu voru og hlupu af stað eftir það Jósúa hafði útrétt sína hönd og komu í borgina og unnu hana strax og settu eld í hana. [20]Og sem Aí borgarmenn litu við og sáu hvað títt var og það að reykurinn gekk upp af staðnum í loftið en þeir gátu hvergi flúið, hverki fram né aftur. Og það fólk sem flúið hafði að eyðimörku sneri sér við aftur í móti borgarmönnum og eltu þá. [21]En sem Jósúa og allur almúgi Ísrael sáu að þeir sem í launsátrinu voru höfðu unnið borgina og inntekið hana fyrst að reykurinn gekk upp af staðnum þá snerust þeir við og slógu borgarmenn Aí. [22]Og þeir af borginni komu og út í móti þeim svo að þeir voru mitt á millum Ísraelssona á allar síður og þeir slógu þá þar til að enginn stóð eftir af þeim né gat undan komist. [23]En kónginn af Aí tóku þeir lifanda og leiddu hann fyrir Jósúa.

[24]En sem Ísraelisfólk hafði slegið niður alla Aí innbyggjara með sverðseggjum þar til það þeir voru allir einn með öðrum fallnir þá sneri allur Ísraelslýður til Aí og slógu hana með sverðseggjum. [25]En allt það fólk sem féll á þeim degi, bæði menn og kvinnur, voru að tölu tólf þúsundir, allur borgarlýður Aí. [26]Jósúa tók ekki sína hönd aftur til sín með hverri hann upphélt spjótinu fyrr en allur borgarlýður Aí var foreyddur. [27]Utan búsmala og herfangið borgarinnar skipti Ísrael sín í millum so sem DROTTINN hafði boðið Jósúa. [28]En Jósúa uppbrenndi Aí og gjörði einn grjóthaug þar af sem enn má sjá á þessum degi. [29]Síðan lét han hengja kónginn af Aí upp í eitt tré allt til aftans. En eftir sólarfall so bauð Jósúa að hans líkami skyldi takast niður af trénu. Og þeir köstuðu honum undir staðarportið og gjörðu eina grjóthrúgu yfir honum hver að nú enn er til á þessum degi. [30]Eftir þetta byggði Jósúa DROTTNI Ísraelis Guði eitt altari á fjallinu Ebal [31](so sem Móses DROTTINS þjón bauð

Ísraelissonum, so sem skrifað stendur í
Móse lögmálsbók, eitt altari af heilum
steini sem ekki var höggvinn með
járni) og færði þar yfir brennifórnir og
þakklætisfórnir 32og skrifaði þar sama
staðar á steinana það annað lögmál
sem Móses skrifaði fyrir Ísraelssonum.
33Og allur Ísraelisalmúgi með sínum
öldungum og embættismönnum og
dómendum stóðu tveimmegin rkurinn-
ar þvert yfir frá prestunum af Leví sem
báru sáttmálsörk DROTTINS, so vel þeir
útlendu sem hinir innfæddu, helming-
ur á fjallinu Grísím og annar helmingur
á Ebalfjalli, sem Móses þénari DROTTINS
boðið hafði, að blessa Ísraelissonu.
34Eftir það lét hann úthrópa öll lögmáls-
ins orð um bölvan og blessan sem skrif-
að stendur í lögmálsbókinni. 35Þar var
ekki eitt orð sem Móses hafði boðið að
Jósúa léti það ekki úthrópa fyrir öllu
Ísraelisfólki, jafnt fyrir kvinnum og
börnum, so sem þeim framanda sem
var á meðal þeirra.

9 Þegar þetta fengu að spyrja allir
þeir kóngar sem hinumegin
Jórdanar bjuggu, á fjallbyggðum uppi
og líka þeir sem bjuggu á sléttlendinu
og allir sem bjuggu út með höfnum
þess mikla hafs og so þeir sem voru hjá
fjallinu Líbanon, sem voru Hethiter,
Amoriter, Cananiter, Pheresiter, Hevi-
ter og Jebusiter, 2þá söfnuðust þeir
saman með einu samhaldi til bardaga í
mót Jósúa og Ísrael.

3En borgarmenn af Gíbeon þá þeir
fréttu hvað Jósúa hafði gjört Jeríkó og
Aí, 4þá upphugsuðu þeir þetta brögðugt
ráð. Þeir fóru og sendu menn út og
lögðu gamla sekki á sína asna og gaml-
ar, bættar og í sundurrifnar vínflöskur,
5og þeir tóku gamla, bætta skó á sína
fætur og færðu sig í forn klæði og allt
það brauð sem þeir tóku með sér var
hart og myglað. 6Og þeir gengu fyrir
Jósúa í herbúðirnar til Gilgal og sögðu
til hans og til alls Ísraels: „Vér erum
komnir af fjarlægu landi, svo gjörið nú
sáttmála við oss.“ 7Þá svaraði allur al-
múgi Ísraelis þeim Heviter: „Má ske að
þú búir á millum vor. Hvernin megum
vér gjöra sáttmála við þig?“ 8En þeir
svöruðu og sögðu til Jósúa: „Vér erum
þínir þénarar. “Jósúa svaraði þeim:
„Hverjir eru þér eða hvaðan komu
þér?“ 9Þeir sögðu: „Þínir þénarar eru
komnir langan veg af framanda landi
sökum DROTTINS þíns Guðs nafns. Því
vér höfum heyrt hans rykti og allt það
sem hann gjörði í Egyptalandi 10og so
líka allt það sem hann gjörði þeim
tveimur kóngum Amoritis hinumegin
Jórdanar, Síhon kónginum í Hesbon og
so Óg kónginum í af Basan sem bjó í
Astarot. 11Og því sögðu vorir öldungar
og allir landsinnbyggjarar: Farið og tak-
ið fæðslur með yður á veginn og farið
til fundar við þá og segið til þeirra: Vér
erum yðrir þénarar. Setjið nú þá sátt-
mála við oss. 12Þetta vort brauð sem vér
tókum með oss af vorum heimilum oss
til fæðslu var nýtt þá vér fórum heiman
til yðar. En sjáið, nú er það hart og
myglað. 13Og þessar vínflöskur voru
nýjar og vér fylldum þær af nýju víni og
sjáið að þær eru í sundurrifnar. Og
þessi vor klæði og skóföt eru nú orðin
forn og gömul á þessari vorri langri
reisu.“ 14So tóku höfuðsmennirnir af
þeirra mat og spurðu ekki munn
DROTTINS þar að. 15Og Jósúa batt sátt
við þá og uppsetti einn sáttmála við þá
so þeir skyldu halda sínu lífi. Og þeir
inu yppustu af öllum söfnuðinum sóru
þeim eiða.

16En þrimur dögum þar eftir sem þeir
höfðu gjört frið með þá þá spurðu þeir
þann kvitt að þeir áttu byggðir skammt
frá þeim og að þeirra byggðarlög áttu
að vera í millum þeirra. 17Því þá Ísraels-
synir höfðu reist í tvo daga þá komu
þeir á þriðja degi til þeirra borgar sem
kallaðist Gíbeon, Kapíra, Beórót og
Kirjat Jearím. 18Og þeir slógu þá ekki
því höfuðsmennirnir fyrir alþýðunni

höfðu svarið þeim eiða við DROTTIN
Guð Ísraelis. En sem allur söfnuðurinn
kurraði um þetta í móti höf-
uðsmönnunum [19]þá sögðu allir höfð-
ingjarnir til almúgans: „Vér sórum
þeim við DROTTIN Ísraelis Guð, því meg-
um vér ekki snerta þá. [20]En það viljum
vér gjöra: Látum þá lifa so þar komi
ekki reiði yfir oss sökum þess eiðs sem
vér höfum svarið þeim.“ [21]Og höfuðs-
mennirnir sögðu til fólksins: „Látið þá
lifa so þeir höggvi við og beri vatn að
öllum almúganum so sem höfðingarnir
hafa sagt til þeirra.“ [22]Síðan kallaði Jós-
úa þá fyrir sig og sagði til þeirra: „Því
sviku þér oss og sögðuð að þér væruð í
fjarska við oss en þér búið þó mitt á
millum vor? [23]Því skulu þér nú bölvaðir
vera, þar skal ei þrjóta þræl af yður sem
höggva skulu við og bera vatn til míns
Guðs húss.“ [24]Þeir svöruðu Jósúa og
sögðu: „Það var þínum þénörum sagt
að DROTTINN þinn Guð til sagði Móse
sínum þénara að hann vildi gefa yður
allt landið og eyðileggja alla landsins
innbyggjara fyrir yður. Því urðum vér
mjög óttaslegnir og hræddir um vort líf
og tókum því þetta til ráðs. [25]En sjá nú,
vér erum í þínu valdi. Gjör við oss hvað
þér sýnist gott og rétt vera.“ [26]Og so
gjörði Jósúa við þá og frelsaði þá frá
hendi Ísraelissona að þeir slógu þá ekki
í hel. [27]Og á þeim sama degi skipaði Jós-
úa þá til að höggva við og bera vatn
handa almúganum og að altari
DROTTINS, inn til þessa dags á þeim stað
sem hann vildi útvelja.

10 Þegar að Adónísedek kóngur-
inn af Jerúsalem heyrði að Jós-
úa hafði unnið Aí og foreytt hana og
gjört við Aí og henar kóng sem hann
hafði gjört við Jeríkó og kóng hennar
og að þeir af Gíbeon höfðu gjört frið við
Ísraels og voru nú komnir meðal
þeirra, [2]þá sló yfir þá mikilli hræðslu og
ótta (því Gíbeon var einn megtugur
staður, eins svo sem konungleg borg
og stærri en Aí og allir borgarar voru
góðir stríðsmenn). [3]Því sendi hann boð
til Hóham kóngsins í Hebron og til Pír-
eam kóngsins af Jarmút og til Jafía
kóngsins af Lakís og til Debír kóngsins
af Eglon og lét segja þeim: [4]„Komið hér
upp til mín og veitið mér styrk so vér
mættum slá Gíbeon því að þeir í Gíbeon
hafa gjört frið með Jósúa og Ísraelslýð.“
[5]Þá komu þessir fimm kóngar Amoritis
til samans: Kóngur Hebron, kóngur
Jarmút, kóngur Lakís og kóngur Eglon
með kónginum af Jerúsalem með allan
þeirra her og settust um Gíbeon og
stríddu fast á hana.

[6]En þeir af Gíbeon sendu til Jósúa í
herbúðirnar í Gilgal og létu segja hon-
um: „Snú ekki þinni hönd frá þínum
þénurum. Kom þú sem fyrst upp hing-
að til vor að frelsa og hjálpa oss. Því að
allir kóngar Amoritarum sem búa upp á
fjallbyggðum hafa samansafnast á móti
oss.“ [7]Þá Jósúa fékk þessa orðsending
þá brá hann strax við og fór frá Gilgal
og allt hans stríðsfólk með honum og
allir inu bestu bardagamenn. [8]Og
DROTTINN sagði til Jósúa: „Eigi skaltu
óttast þá því eg hefi gefið þá í þínar
hendur. Enginn af þeim skal standast
fyrir þér.“ [9]So kom Jósúa á þá óvara
með bráðum bardaga því að alla
nóttina í gegnum var hann á ferð frá
Gilgal. [10]En DROTTINN lét eina hræðslu
koma yfir þá fyrir Ísrael so að hann
veitti þeim mikið slag í Gíbeon og rak
þá á flótta á þann veg sem liggur til Bet
Hóron og felldi þá allt til Aseka og
Makeda. [11]En sem þeir héldu á flótta
undan Ísrael og flýðu á þann veg sem
liggur ofan til Bet Hóron þá lét
DROTTINN stóra haglsteina falla ofan af
himninum yfir þá allt til Aseka so að
þar af fengu menn bana. Og miklu fleiri
dóu af því sama hagli heldur en Ísraels-
synir felldu með sverði. [12]Á þessum
sama degi þá DROTTINN hafði gefið þá
Amoriter undir Ísrael þá talaði Jósúa til
DROTTINS og sagði að áheyranda öllum

Ísrael: „Sól, statt þú kyrr í Gíbeon og tunglið í dalnum Ajalon.“ 13Þá stóð sólin og tunglið kyrr þar til að fólkið hafði hefnt sín á sínum óvinum. Mun það ekki skrifað í Bók hins réttláta? So stóð sólin mitt á himninum svo að hún gekk ekki þann allan dag. 14Og þar var enginn dagur þessum líkur, hverki áður né síðan, þá DROTTINN hlýddi svo eins manns raust. Því að DROTTINN barðist fyrir Ísrael.

15Eftir þetta dró Jósúa aftur til sinna herbúða í Gilgal og allur Ísrael með honum.

16En þeir fimm kóngar flýðu og földu sig í einum hellir hjá Makkeda. 17Þá frétti Jósúa það að fundist hefði þeir fimm kóngar faldir í einum hellir hjá Makkeda. 18Jósúa sagði: „Farið og veltið stórum steinum fyrir hellismunnann og setjið menn til að varðveita þá. 19En þér verið ekki kyrrir heldur sækið eftir yðrum óvinum og sláið þá sem seinastir eru og látið þá ekki komast inn í sínar borgir því að DROTTINN yðar Guð hefur gefið þá í yðar hendur.“ 20En þá Jósúa og Ísraelssynir höfðu endað þann mikla bardaga á þeim og slegið þá með öllu þá komu þeir sem flúði höfðu af þeim í sína fasta staði. 21Eftir þetta kom allt fólkið aftur til herbúða til Jósúa hjá Makkeda með friði og enginn þorði að hræra sína tungu fyrir Ísraelssonum.

22En Jósúa sagði: „Opnið þann hellismunnann og leiðið þá fimm kónga til mín.“ 23Þeir gjörðu svo og leiddu þessa fimm kónga til hans úr hellirnum, kónginn af Jerúsalem, kónginn af Hebron, kónginn af Jarmút, kónginn af Lakís og kónginn af Eglon. 24En sem þessir fimm kóngar voru leiddir til Jósúa þá kallaði hann saman allan Ísraelissöfnuð og sagði til höfðingjanna sem settir voru yfir stríðsfólkið það sem var með honum: „Komið hingað og fortroðið þessa kónga og gangið á þeirra hálsa.“ 25En þeir gengu fram og stigu á þeirra hálsa og fóttráðu þá. Síðan sagði Jósúa til þeirra: „Óttist ekki og verið óhræddir, verið hughraustir og óefaðir því að DROTTINN skal so gjöra við alla yðar óvini sem þér berjist í móti.“ 26Síðan sló Jósúa þá og lét drepa þá og hengdi þá upp á fimm eikur. Og þeir héngu í eikunum allt til kvelds. 27En að sólarfalli bauð Jósúa að taka þá niður af eikunum og kasta þeim í þann hellir sem þeir höfðu falið sig í og svo var gjört og þeir báru stóra steina fyrir hellismunnann og eru þeir þar enn nú á þessum degi.

28Jósúa vann og þennan sama dag Makkeda og sló hennar innbyggjara með sverðseggjum, hann sló og hennar kóng og allar sálir sem í henni voru og lét ekki mannsbarn eftir lifa. Og eins gjörði hann við kónginn af Makkeda sem hann hafði áður gjört við kónginn af Jeríkó.

29Síðan dró Jósúa og allt Israelisfólk með honum frá Makkeda til Líbna og stríddi á hana. 30Og DROTTINN gaf hana í Ísraels hendur og so hennar kóng. Og hann sló hana með sverðseggjum og allar sálir sem þar inni voru so þá hélt ekkert mannsbarn sínu lífi. Og hann gjörði eins við þennan kóng sem hann gjörði við kónginn í Jeríkó.

31Síðan dró Jósúa og allur Ísrael með honum frá Líbna til Lakís, sló hervirki um hana og stríddi á hana. 32DROTTINN gaf og Lakís í Ísraels hendur og þeir unnu hana strax annars dags. Og þeir slógu staðarins innbyggjara með hvössu sverði og allar sálir sem þar inni voru eins og hann hafði gjört Líbna.

33Á þessum sama tíma dró Hóram kóngur af Geser upp til að hjálpa Lakís. En Jósúa sló hann og allt hans fólk so að þar lifði enginn eftir.

34Síðan dró Jósúa frá Lakís með allan Ísraelsher til Eglon og settist um hana og stríddi á hana 35og vann hana á sama degi og sló hana með sverðseggjum og drap allar þær sálir sem þar inni voru

þann sama dag eins og hann hafði gjört Lakís.

[36]Eftir þetta fór Jósúa með allan Israelisher frá Eglon til Hebron og stríddi á hana og vann hana [37]og sló hana með sverðseggjum, hennar kóng og alla hennar staði og þær allar sálir sem í þeim voru so ekki ein varð eftir, eins og hann gjörði með Eglon, og foreyddu borgina og allar þær sálir sem þar inni voru.

[38]Og eftir þetta sneri Jósúa aftur með öllum Ísrael til Debír og stríddi á hana [39]og yfirvann hana og hennar kóng og alla hennar staði og sló hana með bitru sverði og foreyddi þær allar sálir sem þar voru inni og lét öngvan eftir lifa. Eins og hann gjörði með Hebron so gjörði hann og með Debír og hennar kóng og sem hann gjörði við Líbna og hennar kóng.

[40]So vann Jósúa undir sig allt landið hið efra með fjallbyggðinni og í mót suðri og í dölunum og hjá vötnunum með öllum þeim kóngum sem þau ríki héldu og lét öngvan lifa og foreyddi öllu því sem lífsanda hafði so sem DROTTINN Ísraels Guð hafði boðið. [41]Og hann sló alla þá frá Kades Barnea og allt til Gasa og allt landið Gósen inn til Gíbeon.

[42]Og yfirvann alla þessa kónga með öllum þeirra löndum á einum tíma. Því að DROTTINN Israelis Guð barðist fyrir Ísrael. [43]Eftir þetta fór Jósúa til sinna herbúða aftur í Gilgal með allan Ísrael.

11 Sem Jabín kóngur af Hasór spurði öll þessi tíðindi þá sendi hann boð til Jóbab kóngsins af Madón og til kóngsins af Simron og til kóngsins af Aksaf [2]og til kónganna í norður sem þar bjuggu á fjallbyggðum og á sléttlendinu fyrir sunnan Kinneret og so til þeirra sem bjuggu í dölunum í Nafót Dór út með sjónum, [3]til Kanaanítanna bæði astur og vestur, til þeirra Amoríta, Hetíta, Peresíta og Jebúsíta á fjallbygðunum og til Hevítanna undir Hermonfjalli í Mispalandi. [4]Þessir allir drógu út með allan sinn her, so margur lýður sem sjávarsandur, mjög margir hestar og vagnar. [5]Allir þessir kóngar samansöfnuðust, komu og settu sínar herbúðir í einn stað hjá því vatni Meróm að halda bardaga við Ísrael.

[6]Og DROTTINN sagði til Jósúa: „Eigi skalt þú hræðast þá því að á morgun í þetta mund vil eg gefa þá alla fallna fyrir Ísraelssonum. Þú skalt meiða hesta þeirra og uppbrenna þeirra vagna í eldi.“ [7]Og Jósúa hljóp á þá með bráðum bardaga með öllu sínu stríðsfólki hjá vatninu Meróm og féll yfir þá. [8]Og DROTTINN gaf þá alla í Israelis hendur og þeir felldu þá og ráku flóttann allt til þeirrar miklu borgar Sídon og til þess varma vats, allt til þeirrar stóru merkur sem liggur í austur frá Mispa, og þeir slógu þá svo gjörvalllega að þar var ekki einn eftir lífs af öllum þeim her. [9]Og Jósúa gjörði so sem DROTTINN hafði boðið honum, meiddi hesta þeirra en brenndi vagna.

[10]Hann sneri sér á þeim sama tíma og yfirvann Hasór og drap hennar kóng með sverði (því Hasór hafði áður verið höfuðstaður fyrir öllum þessum kóngaríkjum) [11]og allar þær sálir sem voru í þeirri borg slógu þeir í hel með sverðseggjum og foreyddu þeim og létu ekkert eftir lifa það sem lífsanda hafði og uppbrenndi borgina Hasór með eldi. [12]Þessa alla konunglega staði vann Jósúa og sló þá og þeirra kónga með sverðseggjum og foreyddi þeim so sem Móses DROTTINS þénari hafði boðið.

[13]En á fjöllum brenndu Ísraelssynir öngvar borgir, utan Jósúa brenndi Hasór alleina. [14]Síðan skiptu Ísraelssynir öllu fé og herfangi með sér af þessum stöðum en drápu allt fólkið þar til þeir höfðu afmáð það allt og ekki létu þeir neitt eftirlifa það sem lífsanda hafði. [15]So sem DROTTINN hafði boðið Móse sínum þénara og Móses bauð Jósúa,

svo gjörði Jósúa svo að þar brast ekki neitt upp á allt það sem DROTTINN hafði bífalað Móse.

[16]So eignaðist Jósúa öll þau löndin sem lágu á fjallbyggðunum og allt suðurlandið, hér með allt Gósenland og þær merkurnar og dalina og Ísraels fjallbyggðir með sínum dölum og láglendið, [17]frá því fjalli sem löndin sundurdeilir, frá Seír allt til Baal Gað og til breiðinnar fjallsins Líbanon neðan að fjallinu Hermon. Og hann yfirvann alla þeirra kónga og sló sérhvern til dauðs. [18]En langa tíma átti hann orustur við þessa kónga. [19]Og þar var engin sú borg sem með friði vildi gefa sig undir Ísrael (utan alleina þeir Heviter sem bjuggu í Gíbeon) heldur unnu þeir þær allar með stríði. [20]Og það skeði af DROTTNI að þeir hörðnuðu í sínum hjörtum til að mæta Israelissonum í stríði svo að þeir skyldu foreyðast og öngva náð finna heldur að þeir skyldu eyðileggjast so sem DROTTINN bauð Móse.

[21]Á þeim sama tíma kom Jósúa og upprætti Enakím af fjallbyggðum Hebron, af Debír, af Anab, af öllum fjallbyggðum Júda og af öllum Ísraels fjallbyggðum og foreyddu þeim með þeirra stöðum [22]og lét öngvan blífa eftir af Enakím í landi Ísraelssona utan í Gasa, Gat og í Asdót, þar urðu þeir eftir.

[23]So eignaðist nú Jósúa allt landið í allan máta svo sem DROTTINN hafði sagt til Mosen og gaf Israelissonum það til arftöku, hverri ættkvísl sinn part. Og þar varð friður í landinu.

12 Þessir eru þeir konungar landsins sem Ísraelssynir slógu og eignuðust þeirra lönd hinumegin Jórdanar í mót austri frá því vatni Arnon og til fjallsins Hermon og allt það víðlendið í mót austri: [2]Síhon kóngur þeirra Amoritarum sem byggði í Hesbon hvers ríki eð var frá Aróer sem liggur hjá Arnon vatsbakka og mitt í vatnið og yfir hálft Gíleað allt til vatsins Jabbok sem er landamerki Ammónsona [3]og yfir það slétta landið inn til sjóar Kinneret, þar austur og yfir það slétta land til þess salta hafs í austur, á þann veg til Bet Jesímót og frá suðri til lækjanna fjallsins Pisga. [4]So og kóngsins Óg landamerki í Basan sem eftir var af þeim stóru risum og bjó í Astarót og Edrei [5]og ríkti yfir fjallið Hermon, yfir Salka og yfir alla Basan inn til þeirra landsmerkja Gesuri og Maachati og helftarinnar Gíleað sem var Síhon kóngsins af Hesbon landamerki. [6]Móses þénari DROTTINS og Ísraelssynir slógu þá og Móses DROTTINS þénari gaf þeirra land til eignar þeim sonum Rúben og sonum Gað og hálfum Manasses kynþætti.

[7]En þessir eru landsins kóngar sem Jósúa og Ísraelssynir slógu hinumegin Jórdanar í mót vestri frá Baal Gað til Libani fjallssléttu og til þess fjalls sem í sundur skilur landið upp í mót Seír og Jósúa gaf Ísraels ættkvíslum það til eignar, hverjum sinn part, [8]af því sem var á fjöllunum, í dölunum og so og á mörkinni, hjá lækjunum og þá eyðimörk í móti suðri: (þessar þjóðir) Hethiter, Amoriter, Cananiter, Pheresiter, Heviter og Jebusiter: [9]Kóngurinn af Jeríkó, kóngurinn af Aí sem liggur á hina síðu Betel, [10]kóngurinn af Jerúsalem, kóngurinn af Hebron, [11]kóngurinn af Jarmút, kóngurinn af Lakís, [12]kóngurinn af Eglon, kóngurinn af Geser, [13]kóngurinn af Debír, kóngurinn af Geder, [14]kóngurinn af Harma, kóngurinn af Arad, [15]kóngurinn af Líbna, kóngurinn af Adúllam, [16]kóngurinn af Makkeda, kóngurinn af Betel, [17]kóngurinn af Tappúa, kóngurinn af Hefer, [18]kóngurinn af Afek, kóngurinn af Saron, [19]kóngurinn af Madon, kóngurinn af Hasór, [20]kóngurinn af Simrón Meróm, kóngurinn af Aksaf, [21]kóngurinn af Taanak, kóngurinn af Megíddó, [22]kóngurinn af Kedes,

kóngurinn af Jokneam hjá Karmel,
23kóngurinn af Nafót Dór, kóngurinn af
Gilgal sem var kóngur heiðingjanna,
24kóngurinn af Tirsa. Og þeir eru ellefu
og tuttugu kóngar.

13 Sem Jósúa var gamall og mjög
á efra aldur kominn þá sagði
DROTTINN til hans: „Þú ert nú gamall og
hniginn að aldri en mjög mikið er eftir
af landinu óunnið, 2sem er allt
Philisteisland, Galílea og allt Gesúrí,
3frá Síhór sem fellur framhjá Egypta-
landi til Hebron landamerkja mót
norðri sem tilreiknast þeim Cananeis,
þeir fimm höfðingjar Philistinorum,
sem er af Gasa, Asdót, Askalón, Gat,
Ekron og þeir Aviter. 4En sunnan til er
allt land Cananeorum og Meara sem
heyrir til þeim Zidoniter inn til Afek til
þeirra Amoriters landamerkja. 5Og þar
til land þeirra Gibliter og allt Líbanon
mót austri frá Baal Gað neðan upp að
fjallinu Hermon allt til Hamat. 6Allir
þeir sem búa á fjöllunum frá Líbanon
og allt að því varma vatni og allir
Zidoniter. Þessa vil eg útdrífa fyri
Israelissonum. En þú legg á hluti og
skipt því á millum Israelissona so sem
eg bauð þér. 7Svo skipt þú nú þessu
landi til erfðar á millum þeirra níu kyn-
kvísla og á millum hálfrar Manasse ætt-
ar.“ 8Því þeir af Rúben og Gað hafa
meðtekið þeirra part með þeim öðrum
hálfum kynþætti Manasse sem Móses
gaf þeim hinumegin Jórdanar í mót
austri, líka sem Móses DROTTINS þénari
gaf þeim, 9frá Aróer sem liggur hjá
Arnon vatsbökkum og frá þeim stað
mitt í vatninu og öll endimörk Mebeda,
allt til Díbon, 10og allar borgir Síhon
Amoritis kóngs sem sat í Hesbon inn til
landamerkja Ammónsona. 11Þar til með
Gíleað og Gesúr og Maakat landamerki
og allt fjallið Hermon og so allt Basan
inn til Salka. 12Allt ríki Óg í Basan sem
stjórnaði í Astarót og í Edrei sem nú var
eftir af risunum. Og Móses sló þá og í
burt dreif þá. 13En Ísraelissynir út-
rýmdu ekki þá Gesúr og Maakata held-
ur þá bjuggu þeir báðir Gesúr og Ma-
akat á meðal Ísraelssona allt til þessa
dags.

14En Levítunum gaf hann öngvan arf
því að DROTTINS Ísraels Guðs fórnir var
þeirra arfleifð so sem hann sagði til
þeirra.

15Svo gaf Móses Rúben sona slekti
eftir þeirra ættkvíslum 16so að þeirra
landamerki skyldu vera frá Aróer sem
liggur á Ammóns vatsbökkum og þann
stað mitt í vatninu með allri þeirri
sléttu mörk inn til Mebeda, 17Hesbon
og allar borgir sem liggja á því
sléttlendi, Díbon, Bamót Baal og Bet Ba-
almeón, 18Jaksa, Kedemót, Mefaat,
19Kirjataím, Síbma, Seret, Sahar, á fjöll-
unum í Bet Peórdal 20og þá læki hjá
Pisga og Bet Jesímót 21og alla staði á
þeirri sléttu, og allt ríki Síhon þess Am-
oríta kóngs sem sat í Hesbon sem
Móses sló með þeim höfðingjum af
Madían, Eví, Rekem, Súr, Húr og Rebæ,
kóng Síhon yppustu menn sem bjuggu í
landinu, 22og Balaam spámann Beórson
sem Ísraelssynir slógu í hel með sverði
með þeim öðrum sem slegnir voru.
23Og Jórdan var Rúbensona landa-
merki. Og þetta er Rúbensona arfur á
millum þeirra kynþátta, borgir og
kauptún.

24Móses gaf Gaðsona ætt á meðal
þeirra kynkvísla 25Jaser og allar borgir í
Gíleað og hálfan part af Ammónsona
landi allt til Aróer sem liggur í mót
Rabat. 26Og frá Hesbon allt til Ramat
Mispe og Betóním og frá Mahanaím allt
til Debír landamerkja. 27En í dalnum Bet
Haram, Bet Nimra, Súkkót og Safón
sem eftir var af kóng Síhons ríki af Hes-
bon. Og Jórdan var þeirra landamerki
inn til Kinneretsjóarenda á þessa síðu
Jórdanar mót suðri. 28Þetta er Gaðsona
arfleifð og þeirra kynkvísla, borgir
þeirra og kauptún. 29Móses gaf hálfri
Manasses ættkvísl eftir þeirra kynþátt-

um [30]so að þeirra landamerki var frá
Mahanaím allt til Basan og allt kóngs
Ógs ríki af Basan og allir Jaírs staðir
sem liggja í Basan sem eru sextígi
borgir [31]og hálfpart af Gíleað, Astarót,
Edrei, Ógs kóngaríkisstaðir af Basan.
Þetta gaf hann sonum Makír sonar
Manasse, það er helmingurinn af
Makírsonum eftir þeirra kynkvíslum.
[32]Og þetta er það sem Móses útskipti
á Móabsvöllum hinumegin Jórdanar
austur frá Jeríkó. [33]En Móses gaf Leví
kynkvísl öngvan arf því DROTTINN
Israelis Guð er þeirra arfur sem hann
sagði til þeirra.

14 En þetta er það sem Ísraelssyn-
ir hafa eignast í Kanaanslandi
það sem Eleasar kennimaður og Jósúa
son Núns og þeir æðstu feður á meðal
Israelissona ættkvísla útskiptu á mill-
um þeirra. [2]Og þeir skiptu því með
hlutfalli á millum þeirra so sem
DROTTINN bauð þeim fyrir Mosen að
gefa þeirri hálfri tíundu ættkvísl. [3]Því
Móses hafði gefið hálf þriðju kynkvísl
sína arfleifð hinumegin Jórdanar. En
hann gaf Levítunum öngvan arf með
þeim [4]því að það voru tvær ættkvíslir af
Jósefs sonum, sem var Manasse og
Efraím. Því gáfu þeir Levítiunum öngv-
an part í landinu utan borgir að búa í
og forstaði handa þeirra góssi og fén-
aði. [5]Sem DROTTINN bauð Móse svo
gjörðu Ísraelssynir og skiptu landinu.
[6]So gengu synir Júda fram til Jósúa í
Gilgal og Kaleb son Jefúnne Kenisiter
sagði til hans: „Þú veist hvað DROTTINN
sagði til Mosen Guðsmanns vegna þín
og mín í Kades Barnea. [7]Eg var fjörutíi
ára gamall þá Móses DROTTINS þénari
útsendi mig af Kades Barnea að skoða
landið og eg færða honum svar eftir
minni samvisku. [8]En mínir bræður sem
gengu upp með mér töldu æðru í hjörtu
fólksins. En eg fylgda DROTTNI mínum
Guði trúlega. [9]Þá sór Móses þann sama
dag og sagði: Það land sem þú gekkst á
með þínum fótum, það skal vera þín og
þinna barna erfð ævinlega. Því þú eftir-
fylgdir Guði mínum DROTTNI trúlega.
[10]Og sjá nú, DROTTINN hefur látið mig
lifa sem hann sagði. En það er nú fimm
og fjörutígi ár síðan að DROTTINN sagði
þetta til Mosen þá Ísrael gekk í eyði-
mörkinni. Og sjá nú, eg er í dag fimm
og áttatígi ára gamall [11]og em eg á þess-
um degi so sterkur og hraustur sem eg
var á þeim degi þá Móses útsendi mig.
Eins líka og sem minn mannskapur var
þá so er hann enn nú samur til bardaga
útgöngu og inngöngu. [12]Þar fyrir gef
mér nú þessa fjallbyggð sem DROTTINN
talaði um á þeim degi því þú heyrðir
það á þeim degi. Því þeir Enakím
(Risar) búa þar og þar eru stórir og
sterkir staðir, ef að DROTTINN vill vera
með mér so eg megi útdrífa þá so sem
DROTTINN hefur sagt.“
[13]Þá blessaði Jósúa hann og gaf Kaleb
syni Jefúnne Hebron til arfs. [14]Og svo
varð Hebron eign Kaleb sonar Jefúnne
Kenesiter allt til þessa dags því hann
eftirfylgdi DROTTNI Ísraels Guði með
allri tryggð. [15]En Hebron kallaðist fyrr
meir Kirjat Arba sem var einn mikill
maður á millum Enakím. Og landið lét
af bardögum.

15 En hlutur þeirra Júdasona og
þeirra ættkvísla voru Edóm
landsálfur til þeirrar eyðimerkur Sín í
suður og til endans á því syðra landi
[2]svo að þeirra landamerki í suður voru
frá enda þess salta hafs, það er frá
þeirri tungu sem gengur í suðurátt [3]og
gengur út þar frá upp í móti Akrabbím
og gengur í gegnum Sín og rennur
sunnan að upp aftur mót Kades Barnea
og fellur í gegnum Hesron og gengur
upp að Adar og beygir sig í kring Karka
[4]og so í gegnum Asmón og kemur so í
þann læk í Egyptalandi og so að sjón-
um. Það eru yðar landarmerki í suður.
[5]En yðar landamerki í austur er frá því
salta hafi og til Jórdanar enda. [6]En

landamerki í norður er frá hafsins tungu sem liggur við Jórdan og gengur upp til Bet Hogla og víkur sér frá norðri til Bet Araba og kemur síðan út til Rúbensona steinboga [7]og gengur upp frá Akórdal til Debír og frá þeirri nyrðri síðu mót Gilgal sem liggur þar þvert yfir til Adúmmím norðanvert við vatnið. Síðan gengur það til vats sem heitir En-Semes og kemur út að þeim brunni Rógel. [8]Svo gengur það upp til Hinnomsonadal hjá þeim Jebusiter sem búa í suður, það er Jerúsalem, og tekur það an upp á tindana fjallsins sem liggur þvert frá Hinnomdal og tekur inn til Raphamisdal í mót norðri. [9]Og so gengur það frá sömum fjallstindum til Neftóavatskeldu og kemur út til þess staðar fjallsins Efron og beygir sig til Baala, það er Kirjat Jearím, [10]og gengur um kring frá Baala mót vestri allt til fjallsins Seír og gengur út með Jearímfjallssíðu norðan til, það er Kesalon, og kemur þar frá ofan til Bet Semes og gengur í gegnum Timna [11]og hleypur framhjá Hebronsíðu mót norðri og strekkir sig til Síkrón og gengur yfir Baalafjall og kemur út til Jabneel so að sjórinn er hennar endi. [12]En það stóra haf er landamerki vestur frá. Þessi eru Júdasonar landamerki rétt um kring í þeirra kynkvíslum. [13]Kaleb sonar Jefúnne partur var honum gefinn á meðal Júdasona sem DROTTINN bauð Jósúa, sem var Kirjat Arba föðurs Enak, það er Hebron. [14]Og Kaleb útdreif þá þrjá syni Anak þaðan sem var Sesaí, Ahímam og Talmaí, fæddir af Anak, [15]og dró þar frá upp til þeirra sem bjuggu í Debír. En Debír hét í forðum tíð Kirjat Sefer. [16]Og Kaleb sagði: „Hver sem kann að slá og vinna Kirjat Sefer, þeim vil eg gifta mína dóttir Aksa.“ [17]Svo vann Otníel son Kenas, sem var bróðurson Kaleb, þann stað. Og síðan gaf hann honum sína dóttir Aksa til eiginkvinnu. [18]En sem hún dró þar inn var henni ráðlagt að hún skyldi beiðast eins akurlendis af sínum föður og hún féll af asnanum. Þá sagði Kaleb til hennar: „Hvað skaðar þig?“ [19]Hún sagði: „Gef mér eina blessan því þú gafst mér eitt land í suðurátt. Gef mér og nokkra uppsprettubrunna.“ Þá gaf hann henni uppsprettur bæði hið efra og neðra.

[20]Þetta er arfleifð Júdasona ættar á millum þeirra kynkvísla. [21]Og þessar voru borgir sona Júda ættar, frá þeim einum enda og til annars móts við Edomiters landamerki í suðurátt: Kapseel, Eder, Jagúr, [22]Kína, Dímóna, Adada, [23]Kedes, Hasór, Ítnan, [24]Síf, Telem, Bealót, [25]Hasar Hadata, Kiríjót Hesrom, það er Hasór, [26]Amam, Sema, Mólada, [27]Hasar Gadda, Hesmon, Bet Palet, [28]Hasar Súal, Beer Seba, Bí Síót Ja, [29]Baela, Jím, Asem, [30]Eldólað, Kesíl, Harma, [31]Siklag, Madmanna, San Sanna, [32]Lebaót, Silhím, Ain, Rimon. Þetta eru níu og tuttugu borgir með þeirra þorpum.

[33]En í dallendinu var Estaól, Sarea, Asna, [34]Sanóa, En Ganím, Tapúa, Enam, [35]Jarmút, Adúllam, Sókó, Aseka, [36]Saeraím, Adítaím, Gedera, Gíderótaím. Þessir eru þeir fjórtán staðir og þeirra þorp. [37]Senam, Hadasa, Mígdal Gað, [38]Dílean, Mispe, Jaktíel, [39]Lakís, Basekat, Eglon, [40]Kabón, Lakman, Kitlís, [41]Gederót, Bet Dagón, Naema, Makeda. Þetta eru sextán borgir og þeirra þorp. [42]Líbna, Eter, Asan, [43]Jefta, Asna, Nesíb, [44]Kegíla, Aksíb, Maresa. Þetta eru níu borgir og þeirra þorp. [45]Ekron með hennar dætrum og þorpum. [46]Frá Ekron og til hafsins allt til Asdód með hennar dætrum og þorpum. [47]Asdód með hennar dætrum og þorpum. Gasa með hennar dætrum og þorpum, allt til lækjarins í Egyptalandi. Og það mikla haf er hans landamerki.

[48]En á fjallbyggðum var Samír, Jatír, Sókó, [49]Danna, Kirjat Sanna, það er Debír, [50]Anab, Estemó, Aním, [51]Gósen, Hólon, Síló. Þetta eru ellefu borgir með þeirra þorpum. [52]Arab, Dúma, Esean,

[53]Janúm, Betapúa, Afeka, [54]Húmta, Kirjat Arba, það er Hebron, Síor. Þetta eru níu borgir og þeirra þorp. [55]Maon, Karmel, Síf, Júta, [56]Jesreel, Jakdeam, Sanóa, [57]Kaín, Gíbea, Timna. Þetta eru tíu borgir og þeirra þorp. [58]Halhúl, Bet Súr, Gedúr, [59]Maarat, Bet Amót, Eltekón. Þetta eru sex borgir og þeirra þorp. [60]Kirjat Baal, það er Kirjat Jearím, Harabba, tvær borgir og þeirra þorp. [61]En í eyðimörku voru Bet Araba, Middín, Skekaka, [62]Nibsan og sá saltstaðurinn, Engeddí. Þetta eru sex borgir og þeirra þorp.

[63]En þeir Jebusiter bjuggu í Jerúsalem og Júdasynir gátu ekki útdrifið þá. Svo bjuggu þeir Jebusiter í Jerúsalem með Júdasonum allt til þessa dags.

16 Hlutfall sona Jósef var frá Jórdan í mót Jeríkó allt til þess vats sem liggur í austur frá Jeríkó og sú heiði sem gengur upp frá Jeríkó, í gegnum fjallsbyggðir Betel, [2]og liggur frá Betel til Lús og gengur í gegnum landamerki Arkíatarót [3]og gengur so ofan í vestur til Japhleti landamerkja allt til hins neðsta Betrón landamerkja og inn til Gaser og endast við hafið. [4]Þetta tóku synir Jósef, Manasse og Efraím, í arfskipti. [5]Efraímsona landamerki eftir þeirra kynþáttum, þeirrar arfleifðar, í mót austri var Atarót Adar allt til hinnar efri Bet Hóron [6]og gengur í vestur frá Mikmetat sem liggur í norður og þaðan snýr sér það aftur í austur til þess staðar Taenak Síló og gengur þar í gegnum austur til Janóha [7]og liggur frá Janóha til Atarót og Naarata og liggur upp og tekur til Jórdanar [8]og gengur frá Tapúa og vestur til Nahalkana og endast við sjó. Þetta er arfleifð Efraímsona kynkvíslar eftir þeirra kynþáttum. [9]Og allar Efraímsona landamerkjaborgir með þeirra þorpum lágu til samans meðal arfs Manassessona ættar. [10]Og þeir rýmdu ekki út þá Cananeos sem bjuggu í Gaser. So voru Cananiter á meðal Efraím allt til þessa dags og voru undir þá skattgildir.

17 Og hlutfallið féll Manasse ættkvísl því hann var Jósef fyrsti son og hlotnaðist Makír fyrsta syni Manasses föður Gíleað. Því hann var mikill bardagamaður, þar fyrir fékk hann Gíleað og Basan. [2]Þetta hlotnaðist og þeim öðrum Manassesonum á meðal þeirra kynkvísla sem voru synir Abíeser, synir Helek, synir Asríel, synir Sekem, synir Hefer og synir Semída. Þessir eru synir Manasse sonar Jósef, kallkyns í þeirra ættkvíslum.

[3]En Selafehað son Hefer sonar Gíleað sonar Makír, sonar Manasses hafði öngva syni heldur dætur. Og þessi eru þeirra nöfn: Mahala, Nóa, Hagla, Milka, Tirsa. [4]Og þær gengu til Eleasar kennimanns og til Jósúa sonar Nún og til höfðingjanna og sögðu: „DROTTINN bauð Móse að hann skyldi gefa oss arfleifð á meðal vorra bræðra.“ Og þeim var gefin arftekja á meðal sinna föðurbræðra eftir DROTTINS bífalningu. [5]Og þar hlotnuðust tíu mælivaðir Manasse fyri utan Gíleaðland og Basan sem liggur á hina síðu Jórdanar. [6]Því að Manassedætgur fengu erfð á millum hans sona og þeir aðrir Manassesynir fengu það land Gíleað.

[7]En Manasse landeign var frá Asser til Mikmetat sem liggur fyrir Setem og gengur út upp á hægri síðu til þeirra sem búa í Entapúa. [8]Því að Manasse fékk Tapúaland og er landamerki á milli Manasses og Efraím. [9]Síðan ganga þau í suður til Nahal Kana að vatsstöðunum sem heyra Efraím til á millum Manasses staða. En í norður eru Manasses landamerki til lækjarins og endast við sjóinn. [10]Svo að Efraím er í suður en Manasse í norður og sjórinn er þeirra landamerki og liggur að þeirri nyrðri síðu inn til Asser en á þá eystri síðu til Ísaskar. [11]So hafði nú Manasse á

meðal Ísaskar og Asser Betseam borg með hennar dætrum, Jeblaam með hennar dætrum og þeir sem bjuggu í Dór með hennar þorpum og Endór með hennar þorpum og þeir í Tahana með hennar þorpum og þeir í Megíddó með hennar þorpum og þriðji partur af Nafet. 12Og Manassesynir gátu ekki inntekið þessar borgir en þeir Cananiter tóku til að búa í því landi. 13En þá Ísraelssynir urðu megtugri þá gjörðu þeir þá Cananiter skattgilda undir sig og útrýmdu þá ekki.

14Þá töluðu synir Jósef til Jósúa og sögðu: „Hvar fyrir hefur þú ekki gefið mér utan einn hlut og einn erfðarþátt? En eg er so mjög fjölmennur so sem DROTTINN hefur blessað mig.“ 15Þá sagði Jósúa til þeirra: „Fyrst þú ert fjölmennur þá far út í skógana að ryðja þá í landi þeirra Pheresiter og risanna fyrst að Efraímfjall er þér of þröngt.“ 16Þá sögðu synir Jósef: „Vér fáum ekki það fjall því að allir Cananiter sem búa í láglendi landsins hafa járnbúna vagna í hverjum Betsean og hennar dætur liggja og Jesrehel í dölunum.“ 17Jósúa sagði til Jósefs húss, til Efraím og Manasse: „Þú ert eitt mikið og megtugt fólk og fyrst þú ert so stór þá skalt þú ekki hafa einn hlut 18heldur skal fjallið heyra þér til þar skógurinn er. Högg þú hann upp og það skal vera endir á þínu landi þá þú hefur útrýmt þá Cananiter, þeir sem járnbúna vagna hafa og eru megtugir.“

18 Og allur almúgi Israelissona kom til samans í Síló og uppreistu þar vitnisburðarins tjaldbúð og landið var þeim undirgefið.

2En þar voru þá enn sjö ættir Israelissona hverjum þá var öngvö til erfða skipt. 3Og Jósúa sagði til Ísraelssona: „Því eru þér so lengi ómennskufullir að þér farið ei að eignast landið það sem DROTTINN yðra feðra Guð gaf yður? 4Útveljið yður þrjá menn af sérhverri ætt so eg megi senda þá þangað að þeir megi tilreiða sig að fara í gegnum landið og uppskrifa það eftir þeirra arfleifð og koma so til mín aftur. 5Skiptið landinu í sjö parta. Júda skal blífa í sínu takmarki á þá syðri síðu og Jósefs hús skal blífa í sínu landamerki í mót norðri. 6En þér skuluð uppskrifa þá sjö parta í landinu og færið mér það skrif, so vil eg leggja á hluti fyrir DROTTNI vorum Guði. 7Því að Levítarnir hafa öngvan part á meðal yðar heldur er DROTTINS kennimannsskapur þeirra arfleifð. Gað og Rúben og hálfpart af Manasse ætt hafa fengið sinn hlut hinumegin Jórdanar í mót austri sem Móses DROTTINS þénari gaf þeim.“ 8Eftir þetta tóku mennirnir sig upp og fóru af stað. Og Jósúa bífalaði þeim að fara þangað og uppskrifa landið og sagði: „Farið og reisið í gegnum landið og skrifið það upp og komið til mín aftur so eg megi hér í Síló kasta yðar hluti fyrir DROTTNI.“ 9Síðan fóru þessir menn af stað og gengu í gegnum landið og uppskrifuðu það á einu bréfi í sjö parta eftir borgunum og komu aftur til Jósúa í herbúðirnar í Síló. 10Síðan lagði Jósúa hluti millum þeirra fyrir DROTTNI í Síló og útskipti því landi á millum Israelissona hverjum sitt hlutskipti.

11Og hlutfall féll sonum Benjamínættar eftir þeirra kynkvíslum og landamerki þeirra hluta gekk á millum sona Júda og Jósefssona. 12Og þeirra landamerki voru í hornið á mót norðri frá Jórdan og gengu af norðri upp hjá Jeríkó og gengur þar frá í vestur upp til fjallanna og gengur út til eyðimerkur Bet Aven 13og gengur þar frá til Lús og gengur framhjá Lús mót suðri, það er Betel, og liggur ofan til Atarót Adar hjá fjallinu sem liggur í suður upp til þess staðarins neðra Bet Hóron. 14Síðan beygir það sig og snýr sér að því landhorni sem liggur í suður hjá fjallinu hvert að liggur í mót suðri þvert yfir frá Bet Hóron og endast við Kirjat Baal, það er Kirjat Jearím, staður sona Júda,

og það er vestra hornið. 15En það horn
mót suðri er frá Kirjat Jearím og gengur í vestur og kemur út til Neftóa vatsuppsprettu 16og gengur niður til enda fjallsins og liggur þvert yfir frá Hinnamsonadal hver að liggur í dal Rafaím í mót norðri og gengur þaðan í mót suðri mitt í gegnum Hinnamdal hjá þeim Jebusitis og þar frá út til brunns Rógel 17og dregur sig frá norðri og kemur út til En Semes og hleypur út til þeirra hæða sem liggja upp eftir þver yfir frá Adúmím og gengur niður til Rúbensona steinboga 18og fellur síðan sunnanvert hjá sléttlendi sem liggur í norður og kemur frá þeirri sléttu Markr 19og gengur upp með síðunni hjá Bethagla norðanvert og endist hjá tungunni þeirri sem skerst í þann salta sjó í norður hjá Jórdan í suðurátt. Og þetta er það syðra landamerki. 20En Jórdan skal vera endir á því eystra landshorni. Þetta er Benjamínsona arfleifð í þeirra landamerkjum rétt um kring meal þeirra slektis. 21Þessar eru borgir Benjamínsona ættar á meðal þeirra kynkvísla: Jeríkó, Bethagla, Emekkesís, 22Bet Araba, Semaraím, Betel, 23Avín, Hapara, Ofra, 24Kaftar Amónaí, Afní, Gaba, það eru tólf borgir með þeirra þorpum. 25Gíbeon, Rama, Beerót, 26Mispe, Kafíra, Mósa, 27Rekem, Jerpeel, Tareala, 28Sela, Elef og þeir Jebusiter, það er Jerúsalem, Gíbeað, Kirjað, fjórtán borgir með þeirra þorpum. Þetta er Benjamín erfð í þeirra kynkvíslum.

19 Eftir þetta féll sá annar hlutur ættkvísl sona Símeon eftir þeirra kynkvíslum og þeirra erfð var með erfð þeirra sona Júda. 2Og þeir fengu til erfðar: Beerseba, Seba Mólada, 3Hasar Súal, Bala, Asem, 4Eltólað, Betúl, Harma, 5Siklag, Bet Markabót, Haser Sússa, 6Betlebaót, Asan, það eru þrettán borgir og þeirra þorp. 7Aín, Rimon, Eter, Asan, það eru fjórar borgir og þeirra þorp. 8Þar til með allir þeir bæir sem liggja um kring þessar borgir inn til Baalat Beer Ramat mót suðri. Þetta er arfleifð sona Símeon í þeirra kynkvíslum 9því að Símeonssona arfleifð er á millum Júdasona arfleifðar. Fyrir því að Júdasona erfð var þeim of stór, þar fyrir erfðu synir Símeon á meðal þeirra arfleifða.

10Sá hinn þriðji hlutur féll sonum Sebúlon eftir þeirra kynkvíslum. Og landamerki þeirra erfðar var til Sared 11og gengur í vestur til Mareala og tekur inn til Dabaset og til þess lækjar sem hleypur til Jakneam 12og beygir sig frá Sared mót austri inn til Kislót Tabór landamerkja og hleypur út til Dabrat og upp til Jafía 13og þar frá í austur í gegnum Gíta, Hefer, Íta, Kasín og kemur út mót Rimon Mitar og Nea 14og gengur norðan í kring til Natón og endist í Jeftaheldalnum, 15Nehalal, Simron, Jedeala og Betlehem, það eru tólf staðir með þeirra þorpum. 16Þetta er Sebúlonsona arfleifð með þeirra kynslóð og þeirra borgum og þorpum.

17Sá hinn fjórði hlutur féll sonum Ísaskar eftir þeirra ættkvíslum. 18Og þeirra landamerki var: Jesrehel, Kesúllót, Súnem, 19Hafaraím, Síon, Anaharat, 20Rabít, Kíseon, Abes, 21Remet, En Gannem, En Hada, Bet Pases 22og tekur allt til Tabor, Sahamína, Betsemes og hennar endir hjá Jórdan, sextán staðir og þeirra þorp. 23Og þetta er Ísaskarsona erfð í þeirra kynþáttum, staðir þeirra og bæi.

24En fimmti hlutur féll sonum ættar Asser eftir þeirra kynkvíslum. 25Og þeirra landamerki var Helkat, Halí, Beten, Aksaf, 26Alamelek, Amead, Míseal og tekur út til Karmel hjá hafinu og til Sífar Líbnat 27og snýr sér í austur mót Bet Dagón og tekur að Sebúlon og til Jeftaheldals mót norðri, Betemek, Negíel og gengur að Kalúb, á þá vinstri síðu, 28Hebron, Rehób, Hamón, Kana til þess stóra staðar Sídon 29og snýr sér

upp mót Rama til þess fasta staðar Sór og vendar sér til Hossa og endast við hafið eftir þeim mælir til Aksíb, [30]Uma, Afek, Rehób, tvær og tuttugu borgir og þeirra þorp. [31]Og þetta er Assersona arfskipti með þeirra kynkvíslum, borgum og þorpum.

[32]En sjötti hlutur féll sonum Neftalím og þeirra ættkvíslum. [33]Og þeirra landamerki voru frá Helf, Elon, í gegnum Saenanním, Adamí Nekeb, Jabneel, inn til Lakím og endast hjá Jórdan [34]og snýr sér mót vestri til Asnót, Tabór og gengur þar frá til Húkót og tekur suður til Sebúlon og til Asser mót vestri allt til Júda hjá Jórdan mót austri [35]og hefur þessa fasta staði: Sidím, Ser, Hamat, Rabat, Kinnara, [36]Adama, Rama, Hassor, [37]Kedes, Edrei, Enhasór, [38]Jereon, Mígdalel, Harem, Bethanat, Betsamet, nítján borgir og þeirra þorp. [39]Og þetta er Neftalísona erfð og þeirra ættar í þeirra kynkvíslum, staðir og þorp.

[40]Sá sjöundi hlutur féll sonum Dan eftir þeirra kynkvíslum. [41]Og þeirra arfleifðar landamerki var: Sarea, Estaól, Írsamets, [42]Saelabím, Ajalon, Jetla, [43]Elón, Timnata, Ekron, [44]Elteke, Gibetón, Baalat, [45]Jehúð Bnebarak, Gatrimmond, [46]Meiarkón, Rakon með þeim landamerkjum mót Jafó. [47]Og þar endast landamerki sona Dan. Og synir Dan drógu upp að stríða í mót Lesem, unnu hana og slógu með sverðseggjum og eignuðust borgina og bjuggu í henni og kölluðu hana Dan eftir þeirra föðurs nafni. [48]Og þetta er arfleifð sona Dan eftir þeirra kynkvíslum, borgir og kauptún.

[49]En sem þeir höfðu útskipt landinu með sínum ummerkjum þá gáfu Israelissynir Jósúa syni Núns eina erfð á meðal þeirra. [50]Og þeir gáfu honum þann stað eftir DROTTINS bífalningu sem hann sjálfur girntist sem var Timnat Sera á Efraímsfjalli. Þar byggði hann borg og bjó þar. [51]Þessi eru þau arfskipti sem Eleasar prestur og Jósúa son Núns og þeir æðstu feður á meðal ættkvíslanna skiptu með hlutfalli á meðal Ísraelssona í Síló fyrir DROTTNI fyri tjaldbúðarinnar vitnisburðardyrum og so enduðust þessi landsins skipti.

20 DROTTINN talaði við Jósúa og sagði: [2]„Seg þú til Israelissona: Skikkið þá frelsisstaði í millum yðar um hverja eg talaði til yðar fyrir Mosen [3]þangað sem einn mannslagari má flýja sá sem nokkurn slær í hel óviljandi og óvitandi so þeir megi vera frí á millum yðar fyrir eftirmálsmanninum. [4]Og sá sem flýr til einhvers þeirra staða, hann skal standa fyrir utan staðarportið og opinbera þar sína sök fyrir öldungunum staðarins. Síðan skulu þeir taka hann inn í staðinn til sín og gefa honum rúm svo hann megi búa hjá þeim. [5]Og þá blóðhefnarinn fer eftir honum þá skulu þeir ekki framselja þennan veganda í hans hendur fyrst hann sló sinn náunga í hel óforsvarað og var ekki hans óvin. [6]Svo hann skal búa í þeim sama stað þar til að hann hefur staðið sinn rétt fyrir almúganum, þar til sá æðsti kennimaður andast sem þá er þann sama tíma. Eftir það skal vegandinn koma í sína borg aftur og til síns húss, til þess staðar sem hann áður frá flúði.“ [7]So helguðu þeir Kedes í Galílea á fjallbyggðum Neftalí og Sekem á fjalli Efraím og Kirjat Arba, sem er Hebron, á fjallinu Júda. [8]Og hinumegin Jórdanar austur frá Jeríkó gáfu þeir Besen í eyðimörku á sléttlendi af kyni Rúben og Ramót í Gíleað af ætt Gað og Gólam í Basan af ætt Manasse. [9]Þessir voru þeir staðir sem skikkaðir voru fyrir alla Ísraelssonu og so fyrir þá framandi sem bjuggu á millum þeirra so að sá skyldi flýja til einhvers af þeim sem nokkurn hafði slegið í hel ófyrirsynju so hann skyldi ekki deyja fyrir blóðhefnaranum fyrr en hann hefði staðið fyrir almúganum.

21 Eftir þetta gengu þeir æðstu
feður á meðal Levítanna fram
til Eleasar kennimanns og til Jósúa son-
ar Nún og til þeirra yppustu feðranna
meðal ættkvísla Ísraelssona 2og töluðu
við þá í Síló í landinu Kanaan og sögðu:
„DROTTINN bauð fyrir Mosen að oss
skyldu gefast borgir að búa úti og
þeirra forstaðir fyrir vort kvikfé.“ 3Þá
gáfu Ísraelssynir Levítunum af sínu arf-
skipti so sem DROTTINN hafði boðið,
þessar borgir og þeirra forstaði.

4So féll hluturinn Kahatiters ætt og
synir Aron kennimanns af Levítönum
fengu þrettán borgir með hlutfalli af
Júda ætt, af Símeon ætt og af Benjamín
ætt. 5En þeir aðrir synir Kahat af sama
slekti fengu tuttugu staði eftir hlutfalli
af Efraím ætt, af ætt Dan og af hálfri
Manasse ætt. 6En synir Gerson af sömu
kynkvísl fengu eftir hlutfalli þrettán
borgir af kyni Ísaskar, af kyni Asser og
af kyni Neftalí og af hálfu kyni Manasse
í Basan. 7Og Merarísona ætt fékk tólf
borgir af ætt Rúben, af ætt Gað og af
ætt Sebúlon. 8So gáfu nú Ísraelssynir
Levítönum eftir hlutfalli þessar borgir
og þeirra forstaði sem DROTTINN hafði
boðið fyrir Mosen. 9Af ætt sona Júda og
af ætt sona Símeon 10gáfu þeir sonum
Aron þessar borgir með nafni sem voru
Kahatíta ættar af sonum Leví því að sá
fyrsti hlutur var þeirra. 11So gáfu þeir
þeim Kirjat Arba sem heyrði föður
Enak til, það er Hebron, á fjalli Júda og
hennar forstaði í kringum hana. 12Og
þeir gáfu Kaleb syni Jefúnne akrana og
þau þorp í kringum borgina honum til
eignar. 13So gáfu þeir sonum Arons
prests þær athvarfsborgir fyrir
mannslagarana: Hebron og hennar for-
staði, Líbna og hennar forstaði, 14Jatír
og hennar forstaði, Estmóa og hennar
forstaði, 15Hólon og hennar forstaði,
Debír og hennar forstaði, 16Aín og
hennar forstaði, Júra og hennar for-
staði, Betsemes og hennar forstaði, níu
staði af þessum tveimur ættum. 17En
þeir gáfu þeim fjórar borgir af Benja-
mínætt: Gíbeon og hennar forstaði,
Geba og hennar forstaði, 18Anatót og
hennar forstaði, Geba og hennar for-
staði, Amón og hennar forstaði. 19So að
allar borgir sona Aron voru þrettán
með sínum forstöðum.

20En þeir aðrir Kahatsona kynþættir
af Levítunum fengu í sinn hlut fjórar
borgir af Efraímsætt 21og þeir gáfu
þeim frelsisborgirnar mannslagarans:
Sakím og hennar forstaði á Efraímfjalli,
Geser og hennar forstaði, 22Kibsaím og
hennar forstaði, Bet Hóron og hennar
forstaði. 23Af ætt Dan fjórar borgir: El-
tekí og hennar forstaði, Gíbeon og
hennar forstaði, 24Ajalon og hennar for-
staði og Gat Rimon og hennar forstaði.
25Af hálfum parti Manasses slektis tvær
borgir: Taenak og hennar forstaði, Gat
Rimon og hennar forstaði. 26So að allar
þær aðrar Kahatssona ættar borgir
voru tíu með þeirra undirborgum.

27Og þeir gáfu sonum Gerson af ætt
Leví tvær borgir af hálfum parti
Manasse ættar þa athvarfsborg fyrir
mannslagarana: Gólan í Basan og henn-
ar forstaði, Beestra og hennar forstaði.
28Af Ísaskarætt fjóra staði: Kisíon og
hennar forstaði, 29Dabrat og hennar
forstaði, Jarmút og hennar forstaði,
enn Ganím og hennar forstaði. 30Af ætt
Asser fjóra staði: Miskal og hennar for-
staði, Afdóm og hennar forstaði,
31Helkat og hennar forstaði, Rehób og
hennar forstaði. 32Af ætt Neftalí þrjár
borgir: Þá frelsisborg Kedes fyrir
manndráparana í Galílea og hennar
forstaði, Hatmót Dór og hennar for-
staði, Karrtan og hennar forstaði. 33So
að allar þær Gersonítaættar borgir voru
þrettán með sínum undirborgum.

34En þeir aðrir Levítar sem voru af
kyni Merarísona þeim voru gefnar fjór-
ar borgir af ætt Sebúlon: Jakneam með
hennar undirborgum, Karta með henn-
ar undirborgum, 35Dímna með hennar
undirborgum, Nahalal með hennar

undirborgum. [36]Af ætt Rúben fjórar
borgir: Beser og hennar forstaðir,
Jahsa og hennar forstaðir, [37]Kedemót
og hennar forstaðir, Mefaat og hennar
forstaðir. [38]Af kyni Gað fjórar borgir:
mannslagarans athvarfsborg Ramót í
Gíleað og hennar forstaðir, Mahanaím
og hennar forstaðir, [39]Hesbon og henn-
ar forstaðir, Jaeser og hennar forstaðir.
[40]So að allar Merarísona borgir á mill-
um þeirrar ættar af þeim öðrum Levít-
um voru tólf sem þeir fengu eftir þeirra
hlutfalli.

[41]Allar Levítanna borgir á meðal
Ísraelssona arfs voru átta og fjörutígi
með sínum undirborgum. [42]Og hver af
þessum borgum hafði sinn forstað um-
hverfis sig, so einn sem annar.

[43]So gaf DROTTINN Ísrael allt það land
sem hann hafði svarið að gefa þeirra
feðrum og þeir eignuðust það og
byggðu það. [44]Og DROTTINN gaf þeim
hvíld allt um kring fyrir öllum so sem
hann sór þeirra forfeðrum og enginn af
þeirra óvinum gat staðið þeim í mót
heldur gaf DROTTINN alla þeirra óvini í
þeirra hendur. [45]Og þar brast ekki neitt
af öllu því góða sem DROTTINN hafði lof-
að Ísraels húsi, það kom fram allt
saman.

22 Þá kallaði Jósúa þá sonu Rúben
og þá sonu Gað og hálfan kyn-
þátt Manasseættar [2]og sagði til þeirra:
„Þér hafið haldið allt það sem Móses
DROTTINS þénari bauð yður og hafið
hlýtt mínum orðum í öllu því sem eg
hefi boðið yður. [3]Þér hafið og ekki yfir-
gefið yðar bræður í langan tíma, allt til
þessa dags, og hafið skikkað yður eftir
DROTTINS yðars Guðs boði. [4]Og nú sök-
um þess að DROTTINN yðar Guð hefur
gefið yðrum bræðrum hvíld sem hann
þeim lofaði þá hverfið aftur til yðra
tjaldbúða í yðar erfðalandi sem Móses
DROTTINS þénari gaf yður hinumegin
Jórdanar. [5]En alleinasta haldið það með
allri gætni að þér gjörið eftir þeim boð-
orðum og lögum sem Móses DROTTINS
þénari bauð yður að þér elskið DROTTIN
yðar Guð og gangið í hans vegum,
geymið hans boðorð og haldið yður að
honum af öllu hjarta og af allri sálu.“
[6]Svo blessaði Jósúa þá og lét þá fara. Og
þeir fóru í burtu til sinna tjaldbúða.

[7]Móses hafði gefið hálfum kynþætti
Manassesættar til eignar Basan. Þeim
öðrum helmingi gaf Jósúa þessumegin
Jórdanar í vestur á meðal þeirra
bræðra. Þá hann lét þá fara til sinna
tjaldbúða og hafði blessað þá [8]sagði
hann til þeirra: „Þér komið nú heim aft-
ur til yðra tjaldbúða með miklum auð-
æfum, með mikið fé; silfur, gull, kopar,
járn og klæði. So útskiptið nú þessu
hinu sama yðar óvina herfangi með
yðrum bræðrum.“ [9]Svo sneru þeir
Rubenitae, Gadditae, hálf Manasseætt
aftur og skildu við Ísraelssonu í Síló
hver að liggur í Kanaanlandi og fóru í
land Gíleað til síns erfðalands hvert
þeir höfðu fengið að erfð eftir DROTTINS
bífalningu fyrir Mosen.

[10]En þá þeir komu til þeirra stein-
hæða hjá Jórdan sem liggja í Kana-
anlandi þá byggðu þeir inu sömu
Rubenitae, Gadditae og hálf
Manasseætt þar hjá Jórdan eitt mikið
prýðilegt altari. [11]En þá Ísraelssynir það
heyrðu sögðu þeir: „Sjáið, synir Rúben,
synir Gað og hálf Manasseætt hafa
byggt eitt altari gagnvart Kanaanlandi
hjá þeim steinhrúgum við Jórdan á
þessa síðu við Ísraelssonu.“ [12]Síðan
söfnuðust þeir saman í Síló með öllum
almúganum svo að þeir fari upp í móti
þeim með her.

[13]Og sendu til þeirra í Gíleaðland
Píneas son Eleasar kennimanns [14]og
með honum tíu af þeim æðstum höfð-
ingjum af þeirra föðurs húsi, einn af
hverju Ísraelskyni. [15]Og sem þeir fundu
þá í Gíleaðlandi töluðu þeir til þeirra og
sögðu: [16]„Allur DROTTINS almúgi lætur
svo segja yður: Hvar fyrir hafi þér
syndgast í móti Ísraels Guði að þér

sneruð yður í dag frá yðrum DROTTNI
með því að þér byggðuð yður eitt altari
og félluð so frá DROTTNI? 17Eða eru Peór
misgjörðir oss of litlar af hverjum vér
erum ekki enn hreinsaðir á þessum
degi og þar kom ein plága yfir Guðs al-
múga? 18Og þér snúið yður í dag frá
vegi DROTTINS og eruð fallnir á þessum
degi frá yðrum Guði so að hann í dag
eður á morgun er reiður upp á allan
Ísraelssöfnuð. 19Ef yður þykir að yðart
eigið land sé óhreint þá komið yfir í
þetta land DROTTINS þar sem Guðs tjald-
búð stendur og takið yðarn erfðarpart á
meðal vor og fallið hverki frá DROTTNI
né frá oss so að þér byggið yður eitt alt-
ari, anað heldur en DROTTINS vors Guðs
altari. 20Syndgaðist ekki Akan son
Serha á því bannfærða og því kom Guðs
reiði yfir allan Israelissöfnuð svo hann
galt ekki alleina síns misgjörnings?“

21Þá svöruðu synir Rúben og synir
Gað og hálf Manassekynkvísl og sögðu
til höfðanna og höfðingja Ísrael:
22„DROTTINN, sá sterki Guð, DROTTINN,
sá sterki Guð veit það, svo veit það Ísr-
ael: Ef föllum vér frá eða misgjörum
vér í mót DROTTNI þá hjálpi hann oss
ekki á þessum degi. 23Ef vér byggðum
það altari þar fyrir að vér vildum snúa
oss frá DROTTNI að offra brennioffri eða
matoffri þar yfir eða að færa þakklætis-
offur þar á fyrir DROTTNI, þá útkrefji
hann þess. 24Og höfum vér ekki heldur
það gjört fyrir umhyggjusakir, segjandi:
Yðar synir mega segja til vorra sona í
dag eður á morgun: Hvað hafi þér að
gjöra með DROTTIN Israelis Guð? 25Því
að DROTTINN hefur sett Jórdan til landa-
merkja á meðal vor og yðar sona Rúben
og Gað, þér hafið ekkert hlutskipti í
DROTTNI. Þar með mættu yðar synir
vísa vorum sonum frá ótta DROTTINS.
26Því sögðum vér: Látum oss byggja eitt
altari, ekki til offurs, eigi heldur til
brennifórna, 27heldur að það sé einn
vitnisburður á millum yðar og vor og
vorra eftirkomenda að vér megum
gjöra Guðs þjónustu fyrir honum með
vorum brennifórnum, þakkaroffri og
öðrum fórnfæringum so yðar synir
þurfa ekki að segja til vorra sona í dag
eður á morgun: Þér hafið ekkert hlut-
skipti í DROTTNI. 28Nær þeir vilja svo
segja til vor eða til vorra eftirkomenda í
dag eður á morgun þá mega þeir segja:
Sjáið líking DROTTINS altaris sem vorir
forfeður gjörðu, eigi til offurs né til
brennifórnar, heldur til eins vitnis-
burðar á millum vor og yðar. 29Það sé
langt frá oss að vér skyldum falla frá
DROTTNI að vér vildum snúa oss í dag
frá honum og uppbyggja oss eitt altari
til brennifórnar og til matoffurs og til
annarra fórna fyrir utan DROTTINS vors
Guðs altari hvert að stendur fyrir hans
tjaldbúð.“

30En þá Píneas kennimaður og þeir
æðstu almúgans höfðingjar í Ísrael sem
voru með honum heyrðu þessi orð sem
synir Rúben og Gað og Manasse sögðu
þá líkaði þeim það vel. 31Og Píneas son
Eleasar kennimanns sagði til sona Rú-
ben, Gað og Manasses: „Í dag merkjum
vér að DROTTINN er á meðal vor að þér
hafið ekki syndgað á móti Guði í þess-
um misgjörningi. Nú hafi þér frelsað
Israelissonu af hendi DROTTINS.“ 32So
ferðaðist Píneas son Eleasar kenni-
manns og þeir yppöstu af landi Gílead
frá sonum Rúben og Gað yfir um aftur í
Kanaanland til Ísraelssona og kunn-
gjörðu þeim allt þetta.

33En Ísraelssonum þóknaðist það vel
og lofuðu Guð Ísrael og sögðust ekki
meir vilja draga upp í mót þeim með
herlið til að fordjarfa það land sem syn-
ir Rúben og Gað bjuggu úti. 34Og synir
Rúben og Gað kölluðu það altari: „Það
sé vitnisburður á millum vor og að
DROTTINN er Guð.“

23 Löngum tíma eftir þetta þá
DROTTINN hafði veitt Ísrael
náðir fyrir öllum sínum óvinum allt í
kring og Jósúa var nú orðinn gamall og

hniginn á efra aldur [2]þá kallaði hann til samans allan Ísrael og þeirra elstu öldunga, dómendur og embættismenn og sagði til þeirra: „Eg er nú gamall og mjög á efra aldur kominn [3]og þér hafið séð allt hvað DROTTINN yðar Guð hefur gjört við þetta fólk hér fyrir yður. Því að DROTTINN yðar Guð hefur sjálfur strítt fyrir yður. [4]Sjáið, eg hefi skipt með yður því fólki sem eftir er til erfðar, sérhverri kynkvísl sinn arf, frá Jórdan og öllum þjóðum sem eg hefi útrýmt og vestur allt til þess stóra hafs. [5]Og DROTTINN vor Guð skal útdrífa þá fyrir yður og útrýma þeim frá yður so þér skuluð eignast þeirra land so sem DROTTINN yðar Guð hefur lofað yður. [6]So verið nú hughraustir so að þér haldið og gjörið allt það sem skrifað stendur í Móses lögmálsbók so þér víkið þar ei frá, hverki til hægri né til vinstri handar, [7]upp á það að þér komið ekki á meðal þessa fólks sem nú er enn eftir hjá yður og að þér ekki hugsið eða sverjið við þeirra afguða nafn, eigi heldur þjónið þeim né biðjið til þeirra [8]heldur haldið yður við DROTTIN yðar Guð so sem þér hafið gjört til þessa dags. [9]Svo mun DROTTINN útdrífa stórt og megtugt fólk fyrir yður og enginn hefur staðið í mót yður inn til þessa dags. [10]Einn af yður skal elta þúsund því DROTTINN yðar Guð stríðir fyrir yður so sem hann hefur sagt. [11]Þar fyrir geymið með gætni yðar sálir að þér elskið DROTTIN yðar Guð. [12]En ef að þér snúið yður og haldið yður að því fólki sem nú eftir er og gjörið tengdir við það so að þér samblandist við það og það við yður [13]þá vitið að DROTTINN yðar Guð mun ekki meir útrýma allt þetta fólk fyrir yður heldur skal það verða yður að snöru og að neti og að svipu á yðar síður og að þyrnum í yðar augu þar til það eyðileggur yður af því góða landi sem DROTTINN yðar Guð hefur gefið yður. [14]Sjáið, eg geng götu allrar veraldar. Og þér skuluð vita af öllu hjarta og af öllu sinni að þar hefur ekki eitt orð brugðist af öllu því sem DROTTINN yðar Guð hefur lofað yður. [15]Það er allt saman fram komið og ekki neitt ávantað. Og líka sem þér hafið fengið allt það góða sem DROTTINN yðar Guð hefur lofað yður so mun DROTTINN láta allt vont koma yfir yður þar til hann afmáir yður af þessu góða landi sem DROTTINN yðar gaf yður [16]ef þér yfirtroðið DROTTINS yðars Guðs sáttmála þann hann bauð yður og takið fyrir yður að þjóna annarlegum guðum og biðja til þeirra. Þá skulu þér vita að DROTTINS reiði verður grimm yfir yður og fyrirkemur yður snarlega af því góða landi sem hann hefur gefið yður.“

24 Jósúa heimti saman allar Israelis kynkvíslir til Sikím og kallaði þá hina elstu af Ísrael, þá æðstu höfuðsmenn, dómendur og embættismenn. Og sem þeir voru framgegnir fyrir Guð [2]þá sagði hann til almúgans: „DROTTINN Israelissona Guð segir so: Yðrir feður bjuggu forðum daga hinumegin vatsins, Tara faðir Abraham og Nahor, og þjónuðu þar annarlegum guðum. [3]Þá tók eg yðar föður Abraham burt þeimmegin vatsins og lét hann ferðast um allt Kanaanland og jók hans sæði og eg gaf honum Ísak. [4]En Ísak gaf eg Jakob og Esaú. Og eg gaf Esaú fjallbyggðir Seír en Jakob og hans synir fóru ofan í Egyptaland. [5]Eftir það senda eg Mosen og Aron og plágaði Egyptaland svo sem eg gjörði við þá. [6]Síðan leidda eg yður og yðar forfeður af Egyptalandi. Og þann tíma sem þér komuð til hafsins og þeir egypsku veittu eftirför yðar forfeðrum með vögnum og riddaraliði, allt til þess rauða hafs, [7]þá kölluðu þeir til DROTTINS, hann setti eitt myrkur á millum yðar og þeirra egypsku og veitti hafinu yfir þá so að sjórinn huldi þá. Og yðar augu hafa séð það sem eg gjörða í Egyptalandi. Og þér bjugguð í eyðimörku langan tíma. [8]Og

eg færða yður í land þeirra Amoritis sem bjuggu hinumegin Jórdanar. Og þá þeir stríddu í móti yður gaf eg þá í yðar hendur so þér eignuðust þeirra land en eg eyðilagði þá fyrir yður. [9]Eftir það upptók sig Balak son Sippór, kóngur þeirra Moabitis, og hélt bardaga við Ísrael. Og hann sendi af stað og lét kalla Balaam son Beór að hann skyldi bölva yður. [10]En eg vilda ekki heyra hann og hann blessaði yður og eg frelsaði yður af hans höndum. [11]Og þá þér genguð yfir Jórdan og komuð til Jeríkó þá börðust borgarmenn Jeríkó í móti yður, þeir Amoriter, Pheresiter, Cananiter, Hetiter, Gergositer, Heviter og Jebusiter, en eg gaf þá alla í yðar hendur. [12]Og eg senda meinvættir fyrir yður, þær útráku fyrir yður þá tvo kónga Amoritarum. Eigi fyrir þitt sverð eða fyrir þinn boga. [13]Og eg gaf yður eitt land í hverju þér hafið ekki arfiðað og þær borgir sem þér hafið ekki uppbyggt so þér skylduð búa þar og eta af þeim vínviðargörðum og viðsmjörsgörðum sem þér höfðuð ekki plantað.

[14]Þar fyrir óttist nú DROTTIN og þjónið honum trúlega og alvarlega og látið frá yður þá afguði hverjum að yðrir feður þjónuðu hinumegin vatsins og í Egyptalandi og þjónið DROTTNI. [15]En þóknist yður ekki að þjóna DROTTNI þá útveljið nú á þessum degi hvorum þér viljið þjóna, þeim guðum sem yðrir feður þjónuðu á hina síðu vatsins eða guðum þeirra Amoritarum í hverra landi þér nú búið. En eg og mitt hús viljum þjóna DROTTNI.“

[16]Þá svaraði fólkið og sagði: „Það sé langt frá oss að vér yfirgefum DROTTIN vorn Guð og þjónum öðrum guðum. [17]Því DROTTINN vor Guð færði oss og vora feður af Egyptalandi, af því þrældómshúsi, og gjörði so stór tákn fyrir vorum augum og varðveitti oss á öllum þeim vegi sem vér reistum og so fyrir öllu því fólki sem vér fórum framhjá, [18]hver og að útdrifið hefur fyrir oss allt fólk Amoritarum sem bjó í því landi. Þar fyrir viljum vér og þjóna DROTTNI því hann er vor Guð.“ [19]Jósúa svaraði fólkinu: „Eigi megi þér þjóna DROTTNI því að hann er einn heilagur Guð, einn vandlátur Guð, sá að eigi hlífir yðar yfirtroðslum og syndum. [20]En ef þér yfirgefið DROTTIN og þjónið öðrum guðum þá mun hann snúa sér og plága yður og fyrirkoma yður so sem hann hefur gjört við yður hið góða.“ [21]Fólkið svaraði Jósúa: „Ekki svo, heldur viljum vér þjóna DROTTNI.“ [22]Þá sagði Jósúa til fólksins: „Þér eruð nú sjálfir til vitnis yfir yður að þér hafið útvalið yður DROTTIN honum að þjóna.“ Þeir sögðu: „Já.“ [23]„Þá kastið nú burt frá yður annarlegum guðum sem á millum yðar eru og hneigið yðar hjörtu til DROTTINS Ísraels Guðs.“ [24]Fólkið sagði til Jósúa: „Vér viljum þjóna DROTTNI vorum Guði og hlýða hans röddu.“

[25]Og á þessum sama degi gjörði Jósúa eitt sáttmál með fólkinu og setti þeim fyrir lögmál og réttindi í Síkem. [26]Og Jósúa skrifaði allt þetta í Guðs lögmálsbók og tók einn stóran stein og reisti hann upp í þeim sama stað undir einni eik sem stóð hjá DROTTINS helgidómi [27]og sagði til fólksins: „Sjáið, þessi steinn skal vera einn vitnisburður á millum vor. Því hann heyrði öll DROTTINS orð sem hann hefur talað við oss og hann skal vera vitnisburður yfir yður so þér skuluð ekki afneita yðrum Guði.“ [28]So lét Jósúa fólkið frá sér fara, hvern til sinnar arfleifðar. [29]Og það skeði svo eftir allt þetta að Jósúa son Núns, þénari DROTTINS, andaðist þá hann hafði að aldri tuttugu ár og hundrað. [30]Og þeir jörðuðu hann í landamerkjum síns erfðalands Timnat Sera sem liggur á fjalli Efraím norðan frá fjalli Gaas. [31]Og Ísrael þjónaði DROTTNI svo lengi sem Jósúa lifði og þeir inu elstu menn sem lengi lifðu eftir Jósúa hverjir að vissu alla DROTTINS gjörninga sem hann hafði gjört við Ísrael.

[32]En Jósefs bein sem Ísraelssynir báru með sér af Egyptalandi grófu þeir í Síkem á þeim parti akurs sem Jakob keypti af sonum Hemos föður Síkem fyrir hundrað silfur peninga og varð erfð son Jósefs.

[33]Eleasar son Aron andaðist og einnin og þeir jörðuðu hann í Gíbea sem heyrði til hans syni Píneas og honum var gefin á fjalli Efraím.

Endir Jósúabókar

LIBER JUDICUM
DÓMARANNA BÓK

1 Eftir andlát Jósúa leituðu Ísraelssynir ráðs til DROTTINS og sögðu: „Hver á meðal vor skal vera vor hershöfðingi á móti þeim Cananeis?“ 2DROTTINN svaraði: „Hann skal Júda vera. Sjáið, eg hefi gefið landið í hans hendur.“ 3Þá sagði Júda til síns bróðurs Símeon: „Far upp með mér í mitt hlutskipti og berjumst við Cananeum. Síðan vil eg reisa með þér í þitt hlutskipti.“ Og Símeon fór með honum. 4Og sem Júda fór upp þá gaf DROTTINN þá Cananiter og Pheresiter í þeirra hendur og þeir slógu í Besek tíu þúsund manns. 5Og þeir fundu Adóm Besek í þeim stað sem kallaðist Besek og börðust við hann og slógu þá Cananiter og Pheresiter. 6En Adóní Besek flýði og þeir sóttu eftir honum. Og þá þeir náðu honum hjuggu þeir af honum hans þumalfingur og þumaltær, af höndum og fótum. 7Þá sagði Adóní Besek: „Sjötígi kóngar með afhöggnum þumaltám á höndum og fótum hafa samanlesið matleifar undir mínu borði. Líka sem eg hefi gjört öðrum svo hefur Guð látið endurgjalda mér.“ Og þeir fluttu hann til Jerúsalem. Þar andaðist hann.

8En Júdasynir stríddu á Jerúsalem og unnu hana og slógu hennar innbyggjara með sverðseggjum og settu eld í borgina. 9Og eftir það ferðuðust Júdasynir ofan og börðust við þá Cananiter sem bjuggu á fjallbyggðum og í suðurátt og einnin í dallöndunum. 10Og Júda dró í mót þeim Cananitis sem bjuggu í Hebron (en Hebron kallaðist í fyrri tíð Kirjat Arba) og sló Sesaí og Ahínam og Talmaí. 11Og hann ferðaðist þaðan mót þeim innbyggjurunum í Debír (en Debír kallaðist forðum Kirjat Sefer). 12Og Kaleb sagði: „Hver sá sem slær og vinnur Kirjat Sefer, þeim skal eg gefa mína dóttir Aksa til eiginkvinnu.“ 13En Atníel sonur Kenas, Kaleb yngsti bróðir, yfirvann borgina og hann gaf honum sína dóttir Aksa til eiginkvinnu. 14Og það skeði so þá hún ferðaðist heim var henni ráðlagt að hún skyldi biðja eins akurlendis af sínum föður. Og hún féll af asnanum. Kaleb hennar faðir sagði þá til hennar: „Hvað brestur þig?“ 15Hún svaraði: „Gef mér eina blessan því að þú hefur gefið mér eitt þurrlendi. Gef mér og vökvaða jörð.“ Þá gaf hann henni vökvaða jörð bæði ofarlega og neðarlega. 16Og þeir Keniter synir sem var mágur Móses drógu upp frá pálmastöðunum með sonum Júda til Júdaeyðimerkur sem liggur í suður, móts við staðinn Arad, og fóru þangað og bjuggu hjá því fólki. 17En Júda ferðaðist með sínum bróður Simeone og þeir slógu þá Cananiter í Sefat og foreyddu þeim og kölluðu staðina Harma. 18Hér með vann Júda Gassa með því sem henni fylgdi og Asklon með því sem henni tilheyrir og Ekron með því sem henni tilheyrði. 19Og DROTTINN var með Júda so að hann eignaðist allar fjallbyggðir. Því að þá gat hann ekki yfirunnið sem í dölunum bjuggu því að þeir höfðu járnvagna. 20Kaleb gáfu þeir Ekron sem Móses hafði sagt og hann útrýmdi þaðan þrjá sonu Enakím. *(Enakím voru risar)* 21En synir Benjamín útdrifu ekki þá Jebusiter sem að bjuggu í Jerúsalem heldur bjuggu Jebusiter í Jerúsalem hjá Benjamín allt til þessa dags.

22So og fóru synir Jósef upp til Betel og DROTTINN var með þeim. 23Og þeir af Jósefs húsi njósnuðu um Betel (hver að kallaðist í fyrri tíð Lús) 24og varðhaldsmennirnir fundu einn mann af staðnum ganganda og sögðu til hans: „Vísa þú oss hvar vér megum komast í borgina, þá viljum vér sýna þér mis-

kunn.“ 25En sem hann hafði vísað þeim þar þeir máttu í staðinn koma þá slógu þeir staðarins innbyggjara með sverðseggjum, utan þennan mann með sinni ætt létu þeir frjálsan fara. 26Og sá hinn sami maður fór í land þeirra Hetiters og byggði þar einn stað og kallaði hann Lús. Svo kallast hann allt til þessa dags.

27Og Manasse afmáði ekki Bet Seam með sínum dætrum, eigi heldur Taenakk með sínum dætrum og eigi þá sem bjuggu í Dór með hennar þorpum, eigi heldur þá innbyggjara í Jebleam með hennar þorpum, eigi heldur þá sem bjuggu í Megiddó með hennar þorpum. Og Cananiter tóku til að búa í landinu. 28En sem Ísrael efldist að styrk þá gjörðu þeir Cananita skattgilda undir sig og útdrifu þá ekki. 29Efraím útdrifu eigi heldur þá Cananeos sem bjuggu í Gaser heldur létu þá búa hjá sér í Gaser. 30Sebúlon útdreif og ekki heldur þá innbyggjara í Kitrón og Nahalói heldur bjuggu Cananiter hjá þeim og voru skattgildir. 31Asser útdreif eigi heldur þá innbyggjara í Akó, eigi heldur þá innbyggjara í Sídon, í Ahelab, í Aksíb, í Helba, í Apík og í Rehób, 32heldur bjuggu synir Asser með þeim Cananitum sem voru í landinu því þeir útrýmdu þá ekki. 33Neftalí útrýmdi eigi heldur þá innbyggjara í Bet Semes, ei heldur þá í Bet Ana, heldur bjuggu þeir með Cananitum sem voru í landinu. En þeir í Bet Semes og í Bet Anat voru skattgildir.

34Og þeir Amorítar þrengdu sonum Dan á hæðunum og leyfðu þeim ekki að koma ofan í dallendið. 35Og þeir Amorítar tóku til að búa á því fjalli sem kallast Heres í Ajalon og í Saalbím. Þó urðu þeirra hendur af Jósefs húsi þeim þungar og skattgiltu þá. 36En landamerki þeirra Amoritarum voru þar sem uppliggur til Akrabím frá steininum og frá hæðinni.

2 Þá kom engill DROTTINS upp frá Gilgal til Bókím og sagði: „Eg hefi leitt yður úr Egyptalandi og fært yður í það land sem eg sór yðar feðrum og sagða að eg vilda aldrei rjúfa minn sáttmála með yður 2og að þér skylduð öngvan sáttmála gjöra við þessa lands innbyggjara og þér skylduð niðurbrjóta þeirra altari. En þér hlýdduð ekki minni raust. Því hafi þér það gjört? 3Þá sagða eg so: Eigi vil eg útrýma þá fyrir yður svo þeir verði yður að einni snöru og þeirra skúrgoð yður að neti.“ 4Og sem engill DROTTINS hafði talað öll þessi orð til alls Ísraelsfólks þá upphóf almúginn sína raust og grét. 5Og þeir kölluðu þann stað Bókím og færðu DROTTNI fórnir í þeim sama stað. 6Því að eftir það að Jósúa hafði skilið fólkið frá sér og Ísraelssynir voru af stað farnir, hver til sinnar arfleifðar að eignast landið.

7Þá þjónaði fólkið DROTTNI so lengi sem Jósúa lifði og þeir elstu menn sem lengi lifðu eftir Jósúa og séð höfðu alla stóra gjörninga sem DROTTINN hafði gjört Ísrael.

8Og sem Jósúa son Nún DROTTINS þénari var andaður þá hann var hundrað og tíu ára gamall 9jörðuðu þeir hann í Timnat í sínum landamerkjum á fjallinu Efraím í norður frá því fjalli Gaas. 10Þá þeir allir sem lifað höfðu á þeim tíma voru komnir til sinna (framliðinna) forfeðra so að þar eftir kom ein önnur ætt upp hver að ekki þekkti DROTTINN, vissi og ekki af þeim verkum sem hann hafði gjört við Ísrael.

11Þá gjörðu Ísraelssynir illt í augliti DROTTINS og þjónuðu Baalím 12en yfirgáfu DROTTIN Guð sinna feðra hver þá hafði leitt af Egyptalandi og fylgdu annarlegum guðum, þess fólks guðum sem bjuggu í kringum þá, og tilbáðu þeirra guði og styggðu svo DROTTIN. 13Því þeir yfirgáfu DROTTIN æ og alltíð en þjónuðu Baal og Astarót. 14Og af þessu uppkveiktist reiði DROTTINS yfir Ísrael og hann gaf þá í þeirra hendur

sem þá ræntu að þeir skyldu ræna frá
þeim og hann seldi þá í sinna óvina
hendur þar í kring svo þeir gátu ekki
meir staðið í mót sínum óvinum [15]held-
ur í hvað máta þeir vildu bera sig að þá
var hönd DROTTINS í mót þeim til
ólukku svo sem DROTTINN hafði sagt og
svarið þeim. Og þeir þrengdust mjög á
allar síður.

[16]Og þá DROTTINN uppvakti þeim
dómendur sem frelstu þá af ræningj-
anna höndum [17]þá voru þeir ekki held-
ur þeim dómendum hlýðugir heldur
frömdu þeir hór með annarlegum guð-
um og tilbáðu þá og viku fljótt af þeim
vegi sem þeirra feður höfðu gengið,
þeir sem hlýddu boðorðum DROTTINS
og gjörðu ekki sem þessir. [18]Og þá
DROTTINN uppvakti þeim dómara þá var
DROTTINN með dómaranum og hjálpaði
þeim af þeirra óvina höndum so lengi
sem sá dómarinn lifði. Því DROTTINN sá
aumur á þeirra kveinan yfir þeim sem
þvinguðu og niðurþrykktu þá. [19]En
þegar sá dómarinn deyði þá sneru þeir
sér og fordjörfuðu það meir en þeirra
feður svo að þeir fylgdu öðrum guðum,
þjónuðu þeim og tilbáðu þá. Þeir viku
ekki af sínu uppsátri, eigi heldur af sínu
hörðuðugu athæfi.

[20]Og því uppkveiktist reiði DROTTINS
yfir Ísrael að hann sagði: „Sökum þess
að þetta fólk hefur yfirtroðið minn sátt-
mála sem eg hefi boðið þeirra feðrum
og hlýðir ekki minni raust [21]þá vil eg og
hér eftir ekki fordjarfa heiðingjana sem
Jósúa lét eftir þá hann deyði [22]svo eg vil
reyna Ísrael með þeim ef þeir vilja blífa
á herrans vegi og ganga þar úti sem
þeirra feður voru eða eigi.“ [23]Svo lét
DROTTINN þessa heiðingja blífa að hann
útrýmdi þá ekki so snöggt, þá sem
hann hafði ekki yfirgefið í Jósúa hönd.

3 Þessir eru þeir heiðingjar sem
DROTTINN lét eftir vera að reyna
með Ísrael sem ekki par vissu af Kana-
ans bardögum [2]og að Ísraelssona ætt-
kvíslir lærðu að berjast þeir sem áður
vissu þar ekki af, [3]sem er þeir fimm
Philisteis höfðingjar og allir Cananiter
og Sidoniter og Heviter sem bjuggu hjá
fjallinu Líbanon frá því fjalli Baal
Hermon og all til þess að komið er að
Hemat. [4]Þessir sömu voru eftir so að
Ísrael skyldi reynast með þeim so það
mætti opinbert verða hvort þeir vildu
hlýða boðorðum DROTTINS sem hann
hafði boðið þeirra forfeðrum fyrir Mos-
en. [5]Þá Ísraelssynir bjuggu so á meðal
þeirra Cananiter, Hetiter, Amoriter,
Pheresiter, Heviter og Jebusiter [6]þá
tóku þeir þeirra dætur sér til eigin-
kvenna og gáfu þeirra sonum sínar
dætur og þjónuðu þeirra afguðum.

[7]Og gjörðu það sem DROTTNI mislík-
aði og gleymdu DROTTNI þeirra Guði og
þjónuðu Baalím og Astarót [8]og upp-
kveiktu so reiði DROTTINS yfir Ísrael og
hann felldi þá undir Kúsan Rísataím
kóng í Mesopotamia. Og Ísraelssynir
þjónuðu Kúsan Rísataím í átta ár. [9]Þá
kallaði Ísrael til DROTTINS og DROTTINN
uppvakti þeim einn hjálparmann sem
þá frelsaði, Atníel son Kenas, hver að
var Kalebs yngsti bróðir. [10]Og Andi
DROTTINS var með honum og hann var
dómari í Ísrael. Hann reisti út að stríða
og DROTTINN gaf Kúsan Rísataím
kónginn af Siria í hans hönd og hans
hönd varð honum yfirsterkari. [11]So var
landið um kyrrt í fjörutígi ár. Og Atníel
son Kenas deyði.

[12]En Ísraelssynir gjörðu enn illa hluti í
augliti Drottins so að DROTTINN gaf
styrk Eglon sem að var kóngur í Móab í
mót Ísrael fyrir því að þeir gjörðu það
sem DROTTNI mislíkaði. [13]Og hann safn-
aði sonum Amón til sín og þeim
Amalechitis og hann ferðaðist af stað
og sló Ísrael og tók þann pálmastað frá
þeim. [14]Og þeir Ísraelssynir þjónuðu
Eglon Móabskóngi í átján ár.

[15]Þá hrópuðu þeir til DROTTINS og
DROTTINN uppvakti þeim einn frelsara
sem hét Ehúð son Gera, sonar Jemíní;

hann var örvhentur. Og það skeði svo að Ísraelssynir sendu Eglon Móabskóngi gáfur með honum. [16]En Ehúð lét smíða sér eitt tvíeggjað sverð, einnrar álnar langt, og batt það undir sitt yfirklæði á því hægra læri [17]og færði so kónginum þessar skenkingar. En Eglon var mjög feitur maður. [18]Og sem hann hafði afhent kónginum þessar gáfur þá lét hann fólkið frá sér sem gáfurnar höfðu borið [19]og sneri sér frá Gilgal þar eð afguðinn var aftur til kóngsins og lét segja honum: „Eg hefi, kóngur, nokkuð heimuglegt að segja þér.“ En hann bað að gefa hljóð og þeir allir gengu út frá honum sem í kringum hann stóðu. [20]Og Ehúð kom inn til kóngsins en hann sat í sínum sumarsal. Og Ehúð sagði: „Eg hefi Guðs orð til þín.“ Þá stóð kóngurinn upp úr sínu sæti. [21]En Ehúð útrétti sína vinstri hönd og greip sverðið sem hékk á hans hægra læri og lagði framan í kvið kóngi [22]so það gekk allt upp yfir hjöltun og ísturin huldu hjöltin (því hann dró ekki sverðið aftur af hans kviði) og saurinn sprændi fram af kviðnum. [23]En Ehúð gekk út af salnum og lét aftur dyrnar eftir sér og sló þeim í lás.

[24]Og sem hann var útgenginn þá komu kóngsins þénarar inn og sáu að dyrnar á sumarsalnum voru afturluktar og sögðu hver til annars: „Ske má að kóngurinn sé genginn til nauðsynjaerinda sinna í náðhúsið hjá sumarsalnum.“ [25]En sem þeir biðu so lengi þar til þeim leiddist, því enginn lauk upp dyrunum á salnum, þá tóku þeir lyklana og luku upp. Og sjá, þá lá þeirra herra dauður á gólfinu.

[26]En Ehúð komst undan á meðan þeir stöldruðu og gekk framhjá blóthúsinu og komst til Seírat. [27]Og sem hann kom inn þangað lét hann kveða við lúðra á Efraímfjalli. Og Ísraelsfólk dreif til hans og fylgdu honum af fjallinu og hann fór undan þeim [28]og sagði til þeirra: „Fylgið mér eftir því DROTTINN hefur gefið yður þá Moabiter yðar óvini í yðar hendur.“ Og þeir fylgdu honum eftir og þeir tóku öll vöð á Jórdan sem láu til Móab og létu öngvan mann komast yfir um [29]og slógu þá Moabiter á þeim tíma, nær tíu þúsund menn, alla saman þá inu bestu og hraustustu stríðsmenn, so að þar komst ekki einn undan. [30]So urðu Móabs innbyggjarar lægðir fyrir Ísraelsfólki á þeim tíma. Og landið hvíldist í áttatígi ár.

[31]Því næst var Samgar son Anat. Hann sló sex hundruð Philisteos með einu plógjárni og hann frelsaði einnin Ísrael.

4 Ísraelssynir tóku enn að auka illgjörðir sínar fyrir DROTTNI eftir andlát Ehúð. [2]Og DROTTINN gaf þá í hendur Jabín sem að var kóngur þeirra Cananiter og hann sat í Hassór. Síssera var hans hershöfðingi og hann bjó í Haróset þeirri heiðnu. [3]Og Ísraelssynir kölluðu til DROTTINS því að hann hafði níu hundruð járnvagna og þvingaði Ísraelsfólk undir sitt vald í tuttugu ár.

[4]Á þessum sama tíma var sú spákona Debóra dómari í Ísrael hver eð var eiginkona þess manns sem hét Lapídót. [5]Og hún bjó undir einum pálmviðarskógi er nefndist Debóra í millum Rama og Betel, á fjallinu Efraím. Og Israelisfólk kom upp til hennar því að hún dæmdi á meðal þeirra. [6]Hún sendi boð og lét kalla til sín Barak son Abínóam af Kedes Neftalí og lét svo segja honum: „Hefur ekki DROTTINN Guð Ísrael boðið þér? Far héðan á fjallið Tabor og tak tíu þúsund með þér af Neftalí og sonum Sebúlon [7]því eg vil leiða Síssera Jabín stríðshöfuðsmann til þín við það vatn Kíson með sína vagna og allan sinn her og eg vil gefa hann í þínar hendur.“ [8]Barak svaraði henni: „Ef þú vilt fara með mér þá vil eg fara. En ef þú vilt ekki þá fer eg hvergi.“ [9]Hún sagði: „Eg vil fara með þér. En öngvan heiður munt þú fá af þessari

ferð sem nú fer þú heldur mun Guð gefa Síssera í hönd einnar kvinnu.“ Og eftir þetta bjó Debóra sig og fór með Barak til Kedes. [10]Þá kallaði Barak Sebúlon og Neftalí til sín í Kedes og reisti gangandi með tíu þúsund manns. Debóra var í för með honum. [11]En Heber Keniter var af þeim Keniter. Hann var kominn af Hóbab mági Móse og hafði reist sína tjaldbúð hjá þeirri eik Saanaím hjá Kades.

[12]Þá fékk Síssera að vita að Barak son Abínóam var kominn á fjallið Tabor. [13]Og hann samansafnaði öllum sínum vögnum, níu hundruð járnvagna, og öllu því fólki sem var með honum frá þeim heiðingjastað Haróset allt að því vatni Kíson. [14]Og Debóra sagði til Barak: „Rís upp, þetta er sá dagur hverjum DROTTINN hefur gefið Síssera í þínar hendur. Því DROTTINN mun fara á undan þér.“ Svo fór Barak niður af fjallinu Tabor og þau tíu þúsund manna með honum. [15]En Guð skelfdi Síssera og alla hans vagna og hans mikla her fyrir Barak sverðseggjum so að Síssera stökk af sínum vagni og flýði á fæti undan. [16]En Barak rak flóttann og sótti eftir vögnunum og hernum til heiðingjanna Haróset. Og allt herfólk Síssera féll fyrir sverðseggjum so þar var ekki einn lifandi maður eftir.

[17]En Síssera flúði á fæti í tjaldbúð Jael sem var húsfrú Heber þess Keniters. Því Jabín kóngur af Hasór og Hebers þess Keniters hús höfðu frið hvorir við aðra. [18]Þá gekk Jael út í mót Síssera og sagði til hans: „Vík minn herra, vík til mín og óttast ekki neitt.“ Og hann sneri inn til hennar í tjaldbúðina og hún breiddi yfir hann skikkju. [19]Hann sagði til hennar: „Eg bið, gef mér lítið vatn að drekka því mig þyrstir.“ Þá tók hún eina mjólkurbyttu, gaf honum að drekka og breiddi yfir hann aftur. [20]Og hann sagði til hennar: „Gakk út í tjaldsdyrnar og sjáir þú nokkurn koma og spyrja að hvert hér er nokkur þá seg þú að hér sé enginn.“ [21]Þá tók Jael kvinna Heber einn búðarnagla og hamar í sína hönd og gekk hljóðlega inn til hans og sló naglann í gegnum hans gagnvanga so hann nam staðar í jörðu. En hann féll í ómegin, varð máttlaus og lét lífið. [22]En þá Barak sótti eftir Síssera þá kom Jael út móti honum og sagði til hans: „Far hingað, eg vil sýna þér þann mann sem þú leitar eftir.“ Og sem hann gekk inn til hennar sá hann hvar Síssera lá dauður og naglann standa í hans gagnvanga.

[23]Með þessum hætti lækkaði Guð Jabín Cananiterkóng fyrir Ísraelslýð. [24]Og Ísraelssona hendur efldust og styrktust mót Jabín Cananiterskóngi þar til að þeir afmáðu hann.

5 En Debóra og Barak sonur Abínóam sungu bæði þennan lofsöng á þeim tíma og sögðu: [2]„Lofið DROTTIN að Ísrael er frelsaður aftur og að fólkið var so velviljugt þar til.

[3]Heyrið til þér kóngar og gætið að þér höfðingjar. Eg vil syngja DROTTNI, já, Ísraels Guði vil eg syngja lofi.

[4]DROTTINN, þá þú reistir út af Seír og gekkst frá Edómsvöllum þá bifaðist jörðin, himnarnir og skýin drupu með vatni. [5]Fjöllinn runnu fyrir DROTTNI, sjálft Sínaí fyrir DROTTNI Ísraels Guði.

[6]Á tíma Samgar sonar Amat, í Jael tíma, forgengu vegirnir og þeir sem ganga skyldu á réttum stigum þeir gengu krókótta vegu. [7]Þar þraut, þar þraut bændur í Ísrael þar til eg Debóra uppkom, þar til eg uppkom ein móðir í Ísrael. [8]Guð hefur útvalið eitt nýtt, hann hefur borgarhliðin inntekið, þar var hverki skjöldur né spjót á millum fjörutígi þúsunda í Ísrael. [9]Mitt hjarta hefur lyst til Ísraels stjórnara sem voru viljugir á meðal fólksins. Lofið DROTTIN.

[10]Þér sem ríðið fögrum ösnum, þér sem sitjið í dóminum, og syngið þér sem gangið á veginum. [11]Þar sem bogmennirnir hrópa á meðal þeirra eð

vatnið ausa, þar segja menn af DROTTINS réttlæti, af hans bænda réttlæti í Ísrael. Þá ferðaðist Guðs fólk niður til portanna.

[12]Upp, upp Debóra, upp, upp, og syng eina vísu. Tak þig upp Barak og fanga þú þá sem þig vildu fanga, þú son Abínóam.

[13]Þá drottnuðu þeir fyrirlitnu yfir það megtuga fólk, DROTTINN hefur stjórnað fyrir mig yfir þá voldugu. [14]Af Efraím var þeirra rót í mót Amalek og eftir þig Benjamín í þínu fólki. Af Makír eru komnir stjórnendur og af Sebúlon þeir að drottna fyrir skriffjaðrir. [15]Og höfðingjar af Ísaskar voru með Debóra og Ísaskar var sem Barak í lægðirnar útsendur með sínum fótgöngurum, Rúben hélt mikið af sér og skildi sig frá oss. [16]Hvar fyrir ert þú á millum sauðahúsanna að heyra jarm hjarðarinnar og þú hélst mikið af þér og skildir þig frá oss? [17]Gílead var hinumegin Jórdanar og því bjó Dan á millum skipanna? Asser sat við sjávarhöfn og var í sínum niðurbrotnum þorpum. [18]En fólk Sebúlon hætti sínum sálum í dauða og Neftalí á þeim hæðum í mörkinni.

[19]Kóngarnir komu og herjuðu, þá herjuðu og þeir Cananiterkóngar í Tahanak hjá Megíddóvatni en þeir unnu þar öngvan sigur. [20]Af himinum var barist í móti þeim, stjörnurnar í sinni rás stríddu í mót Síssera. [21]Þeir lækir í Kíson umveltu þeim, lækurinn Kedúmín, lækurinn Kíson. Mín sál sté yfir þá styrku, [22]þá bifuðust hestafæturnir af mistrausti þeirra sterkra riddara.

[23]Bölvið þeim stað Merós sagði Guðs engill, bölvið hans borgurum, því þeir komu ekki DROTTNI til hjálpar, já, DROTTNI til hjálpar í móti risunum.

[24]Blessuð veri Jael á meðal kvennanna, kona Heber þess Cheniter, blessuð sé hún í tjaldbúðunum á meðal kvennanna. [25]Hún gaf mjólk þá hann bað um vatn og bar smjör fram í einnri fordildarlegri skál. [26]Hún tók naglann í sína hönd og smiðshamarinn með sinni hægri hönd og sló Síssera í gegnum sitt höfuð, hún leitaði höggstaðar og í gegnum boraði hans gagnaugu. [27]Fyrir hennar fótum beygði hann sig, féll niður og lagði sig. Hann beygði sig og féll niður fyrir hennar fætur, líka sem hann beygði sig so lá hann fallinn.

[28]Síssera móðir sá út um vindugað og grét í gegnum grindurnar: Því tefur hans vagn að hann kemur ekki? Því eru hjólin hans vagna so sein? [29]Þær vísustu á millum hans kvenna svöruðu þá hún lét ekki af að harma: [30]Skulu þeir ekki finna og herfanginu útskipta? Sérhverjum manni þá vænstu kvinnu eina eða tvær til býtis og Síssera mislituðum stönguðum klæðum til býtis, stönguðum mislitum klæðum um þeirra háls til býtis.

[31]So skulu, DROTTINN, allir þínir óvinir fyrirfarast. En þeir sem elska þig skulu vera líka sem sólarupprás í sinni magt.“ Og landið var kyrrt í fjörutígi ár.

6 Og Isarelissynir gjörðu illa hluti í augliti DROTTINS. Því gaf DROTTINN þá undir hendur Madianitis í sjö ár. [2]En sem hönd þeirra Madianitis var þung yfir Ísrael þá gjörði Israelisfólk sér fylsni á fjöllunum, hella og vígi til varnar. [3]Og þegar Ísrael sáðu sér nokkru kornfæði þá komu jafnsnart Madianiter og Amalechiter og þeir úr austurálfu yfir þá [4]og lögðu sig í mót þeim, spilltu og fordjörfuðu landsins ávöxtu allt til Gasa so að Ísrael hélt öngri björg eftir, hverki nautum né sauðum né ausnum. [5]Því að þeir drógu upp með allar sínar hjarðir og sínar tjaldbúðir, svo til að jafna sem mikill fjöldi engisprettna so að bæði þeir og þeirra úlfaldar voru óteljanlegir, og féllu inn í landið og fordjörfuðu það. [6]So varð Ísrael mjög undirþrykktur af þeim Madianitis. Þá kölluðu Ísraelssynir til DROTTINS. [7]En sem þeir kölluðu nú til Guðs sökum

þyngsla þeirra Madianitis [8]þá sendi Guð DROTTINN einn spámann til þeirra. Hann sagði til þeirra: „Svo segir DROTTINN Guð Ísrael: Sjáið, eg færða yður af Egyptalandi og leiddi yður af því þrældómshúsi [9]og frelsaði yður af egypskra hendi og frá öllum þeim sem yður þvinguðu og eg afmáði þá fyrir yður og gaf yður þeirra land. [10]Og eg sagða til yðar: Eg er DROTTINN yðar Guð, óttist ekki þá Amoritis guði í hverra landi þér búið. En þér hafið ekki hlýtt minni raust.“

[11]Og engill DROTTINS kom og setti sig undir eina eik í Ofra hver að tilheyrði Jóas föður Esriters og hans son Gideon var að berja hveiti af hálmi svo hann mætti flýja fyrir hernaði Madianites. [12]Þá birtist Guðs engill honum og sagði til hans: „DROTTINN sé með þér, þú inn styrkvasti kappi.“ [13]En Gideon svaraði honum: „Minn herra, sé DROTTINN með oss því hendir oss þá allt þetta? Og hvar eru þær allar dásemdir sem vorir forfeður framtöldu oss og sögðu: DROTTINN hefur fært oss af Egyptalandi? En nú hefur hann yfirgefið oss og gefið oss undir hendur þeirra Madianitis.“ [14]Þá sneri DROTTINN sér til hans og sagði: „Far í þessum þínum styrkleika. Þú skalt frelsa Ísrael af höndum þeirra Madianitarum. Sjá þú, eg hefi útsent þig.“ [15]En hann svaraði: „Minn herra, með hverju skal eg frelsa Ísrael? Sjá, mín ætt er sú hin minnsta á meðal Manasse og eg er þann minnsti í míns föðurs húsi.“ [16]DROTTINN sagði til hans: „Eg vil vera með þér so þú skalt slá þá Madianites so sem einn mann.“ [17]Þá svaraði Gideon: „Hafi eg fundið náð fyrir þínu augliti þá gef mér eitt teikn að þú ert hann sem talar við mig. [18]Far ekki í burt fyrr en eg kem til þín og ber mitt matoffur so eg setji það fyrir þig.“ Hann svaraði: „Eg vil bíða þar til þú kemur aftur.“

[19]Og Gideon fór og slátraði einu hafurkiði og tók eina efa með ósýrt mjöl og lagði kjötið í eina körf og hellti soðinu í einn pott og bar þetta til hans út undir það sama eikitré og gekk fram. [20]Þá sagði Guðs engill til hans: „Tak kjötið og það ósýrða brauð og legg það upp á þenann stein sem hér er og steyp út soðinu.“ Og hann gjörði svo. [21]Þá útrétti Guðs engill þann staf sem hann hafði í hendinni og snart kjötið og kom við það með stafsendanum og so það ósýrða mjölið. Og þegar spratt upp eldur af steininum og uppbrenndi kjötið og það ósýrða mjöl. Og Guðs engill hvarf eftir það frá hans augum. [22]Sem Gideon fornam þá að það var Guðs engill sagði hann: „DROTTINN, GUÐ!, hefi eg so séð HERRANS engil frá andliti til andlitis!“ [23]Þá sagði DROTTINN til hans: „Friður veri með þér. Óttast þú ekki, eigi skalt þú deyja.“ [24]Þá byggði Gideon DROTTNI eitt altari í þeim sama stað og kallaði það „Drottinn friðarins“ og það stendur enn á þessum degi í Ofra sem heyrði til föður Esriter.

[25]Og á þeirri sömu nótt sagði DROTTINN til hans: „Tak einn uxa af þínum föðurs uxum og einn annan uxa, sjö ára gamlan, og brjót niður það Baals altari sem er þíns föðurs og afhögg þann lund sem þar er hjá [26]og uppbygg DROTTNI Guði þínum eitt steinsaltari upp á hæð þessa og tilbú það. Tak síðan annan uxann og offra brennioffri með viðnum af þeim lundi sem þú upphjóst.“ [27]Þá tók Gideon tíu menn af sínum þénörum og gjörði so sem DROTTINN hafði boðið honum. En hann þorði eigi að gjöra soddan um daginn sökum síns föðurs húss og sökum fólksins í staðnum og gjörði þetta á náttartíma.

[28]Þá staðarins fólk stóð nú árla upp um morguninn, sjá, þá var Baals altari niður brotið og lundurinn þar hjá upphöggvinn og sá annar uxi var lagður til eins brennioffurs á altarinu sem uppbyggt var. [29]Og hver sagði til annars: „Hver mun þetta hafa gjört?“ En sem

þeir rannsökuðu og eftirspurðu þá var sagt: „Gideon son Jóas hefur gjört það.“ [30]Þá sagði fólkið í staðnum til Jóas: „Sel þinn son fram og lát hann koma fyrir oss, hann skal deyja af því hann hefur niðurbrotið Baals altari og afhöggvið lundinn þar hjá.“ [31]Þá sagði Joas til allra þeirra sem þar stóðu hjá honum: „Vilji þér þrátta vegna Baal? Vilji þér hjálpa honum? Hver sem reisir þrætur hans vegna sá skal deyja þennan morgun. Sé hann Guð þá hefni hann sjálfur sín að hans altari er niður brotið.“ [32]Upp frá þeim degi kölluðu menn hann Jerúbbaal og sögðu: „Baal hefni sín sjálfur að hans altari er niður brotið.“

[33]Nú sem allir Madianiter og Amalechiter og þeir af austurálfunni höfðu samansafnast og drógu fram og slógu upp sínar tjaldbúðir og lögðu sig í Jesreeldal [34]þá íklæddist Andi Guðs Gideon. Hann þeytir sína herlúðra og stefnir til sín (húsi) Abíeser að hann skyldi fylgja honum. [35]Og hann sendi boð til alls Manasses og kallaði þá að þeir skyldu honum eftirfylgja. Hann sendi og boð til Asser og Sebúlon og Neftalí að þeir kæmi í mót honum.

[36]Þá sagði Gideon til Guðs: „Ef þú vilt frelsa Ísrael fyrir mína hönd svo sem þú hefur sagt [37]þá vil eg leggja eitt ullarreyfi í lauagarðinn og komi alleinasta dögg á reyfið en öll jörðin er þurr í kring þá vil eg merkja að þú vilt frelsa Ísrael fyrir mína hönd svo sem þú hefur sagt.“ [38]Og það skeði svo. Og um morguninn þess annars dags þegar árla sem hann uppstóð gekk hann þangað sem reyfið lá og vatt fulla skál með vatn þar af. [39]Og Gideon mælti við Guð: „Bið eg, DROTTINN, að eigi reiðist þú mér þó eg gjöri raun til í annað sinn með þetta reyfi. Lát nú reyfið alleinasta þurrt vera en jörðina vota allt um kring.“ [40]Og Guð gjörði svo á þeirri sömu nótt að reyfið var þurrt en jörðin alvot alla vegna allt um kring.

7 Eftir þetta tók sig upp Jerúbbaal, það er Gideon, og stóð upp snemma morguns og allt það fólk sem með honum var og setti sínar herbúðir hjá þeim brunni Harad so hann hafði her þeirra Madianiter norður frá sér á bak við þá hæð sem þeir héldu sitt varðhald í dalnum. [2]Og DROTTINN sagði til Gideon: „Þú hefur of margt fólk með þér að eg skuli gefa Madian í þeirra hendur. Ísrael mætti upphefja sig á móti mér og segja: Míns sjálfs hönd hefur frelsað mig. [3]Þar fyrir láttu úthrópa fyrir fólksins eyrum og segja: Hver sem hann hræddur er og ódjarfur, hann snúi aftur og skundi strax frá Gíleaðfjalli.“ Þá sneru aftur af fjallinu tvær þúsundir og tuttugu manna svo eigi varð eftir meir en tíu þúsundir manna.

[4]Og DROTTINN sagði til Gideon: „Enn er fólkið of margt. Lát það fara til þess vats sem liggur fyrir þér, þar vil eg reyna þá. Og um hvern eg segi þér að hann skuli fara með þér þá tak hann með þér í bardagann en til hvers að eg segi þér hann skuli ekki með fara, hann skal og ekki fara með þér.“ [5]Og hann færði fólkið til vatsins. Og DROTTINN sagði til Gideon: „Hver sá sem lepur vatnið með sinni tungu sem einn hundur lepur, þeim skalt þú skipa sér í lagi og so hver sá sem fellur á sín kné og drekkur svo.“ [6]Og þeirra tala sem vatnið höfðu lapið af sínum höndum með munninum var þrjú hundruð manns en allt annað fólkið féll á sín kné og drakk. [7]Og DROTTINN sagði til Gideon: „Með þessum þremur hundruðum manna sem vatnið hafa lapið vil eg frelsa yður og gefa Madianitis í þínar hendur. En lát það allt annað fólk fara til sinna heimkynna.“ [8]Og þeir tóku vistir með sér handa fólkinu og so sínar basuner. En þá alla aðra Ísraelíta lét hann fara frá sér, hvern til síns heimilis. Og hann reiðubjó sig strax með þau þrjú hundruð manns. Og her þeirra Madianiter lá

þar ofan frá í nokkru dallendi. [9]Og DROTTINN sagði til hans á þeirri samri nótt: „Statt upp og gakk ofan í herbúðirnar því eg hefi gefið þá í þínar hendur. [10]En ef þú óttast að fara ofan þá lát þinn svein Púra fara með þér í herbúðirnar so þú megir heyra hvað þeir segja. [11]Og eftir það skalt þú með magt draga niður til þeirra herbúða.“ Síðan gekk Gideon með sínum þénara Púra niður til þess staðar sem þeir héldu skjaldvörð sem í herbúðunum voru. [12]En Madianiter og Amalechiter og allir af austurlandinu höfðu lagt sig niður í láglendið svo margir sem óteljanlegar engisprettur og þeirra úlfaldar voru so margir að ekki mátti tölu á koma, eins og sandur á sjávarströndu. [13]En sem Gideon kom nú þangað, sjá, þá sagði einn öðrum sinn draum og sagði: „Sjá, mig dreymdi. Mér þótti að eitt öskubakað byggbrauð velti sér að her þeirra Madianiter. Og sem það kom að landtjaldinu þá sló það það niður og kollvelti því svo það neðsta varð upp á og landtjaldið lá flatt.“ [14]Þá svaraði hinn annar: „Það er ekki neitt annað en sverð Gedeonis sonar Jóas þess Ísraelíta. Guð hefur þá Madianiter í hans hendur gefið og þennan allan her.“

[15]En sem hann heyrði svoddan einn draum framsagðan og hans útlagning þá baðst hann fyrir og kom aftur til síns hers Ísraels og sagði: „Takið yður upp því DROTTINN hefur gefið her þeirra Madianiter í yðar hendur.“ [16]Og hann skipti þessum þrim hundruðum manns í þrjá flokka og fékk sérhverjum einn lúður í sína hönd og tóma krús og blys þar út í [17]og sagði til þeirra: „Horfið á mig og gjörið líka svo. Og sjáið, þegar eg kem þangað að sem herinn er þá gjörið eins og eg gjöri [18]að þá eg þeyti lúðurinn og allir þeir sem með mér eru þá skulu þér og þeyta yðar lúðra í kringum allan herinn og segið: „Sverð DROTTINS og Gideon!“ [19]Svo kom Gideon og þeir hundrað menn með honum að þeim stað sem herinn var að því fyrsta varðhaldi sem þar var skikkað og uppvöktu þá og blésu í sínar basuner og slógu krúsirnar í sundur í sínum höndum. [20]Og allir þessir þrír flokkar blésu í sínar basuner í einu og brutu í sundur krúsirnar en héldu á blysunum í sínum vinstri höndum en lúðrunum í sínum hægri höndum sem þeir blésu í og gjöruðu eitt heróp og sögðu: „Hér sverð DROTTINS og Gideons!“ [21]Og hver um sig stóð í sínum sama stað í kringum herinn. En allur herinn tók til hlaups, kallaði og flýði. [22]Og sem þessir þrjú hundruð manns þeyttu sínar basuner þá skikkaði Guð því svo að sérhvers sverð snerist í gegn öðrum um allan herinn. Og herinn flýði til Bet Sitta Seredata allt að því víðlendi Mekóla landamerkja hjá Tabat. [23]Og Ísraelsfólk af Neftalí, af Asser og af öllum Manasse hrópaði og rak flóttann og sótti eftir Madianitis.

[24]Og Gideon sendi boð um allar fjallbyggðir Efraíms og lét segja þeim: „Farið ofan í móti þeim Madianitum og inntakið fyrir þeim vöðin allt til Bet Bara og Jórdan.“ Þá kölluðu allir þeir sem voru af Efraím og bönnuðu þeim vatnið inn til Bet Bara og Jórdan. [25]Og þeir gripu tvo af þeim Madianitis höfðingjum, Óreb og Seb, og drápu Óreb á þeim steini sem þeir kölluðu Óreb og Seb í þeirri þrúgu Seb og ráku flóttann þeirra Madianitis en færðu höfuðin af Óreb og Seb til Gideon yfir um Jórdan.

8 Og þeir menn af Efraím sögðu til hans: „Því gjörðir þú svo að þú vildir ekki kalla oss þá þú fórst í þetta stríð í mót þeim Madianitis?“ Og þeir þráttuðu harðlega við hann. [2]Þá sagði hann til þeirra: „Hvað hefi eg þess gjört sem jafnast má við yðar gjörninga? Er ekki einn vínkvistur betri af Efraím heldur en öll vínyrkja Abíeser? [3]DROTTINN hefur gefið höfðingja þeirra Madianitis, Óreb og Seb, í yðar hendur.

Hvernin mátta eg gjöra það sem þér hafið gjört?“ Og þá hann hafði það talað stilltist þeirra reiði.

[4]En þegar að Gideon kom til Jórdanar fór hann yfir um með þau þrjú hundruð manns sem voru með hönum og þeir þreyttust að reka herflóttann. [5]Og hann sagði til þeirra innbygjara í Súkót: „Eg bið yður, gefið þeim mönnum sem með mér eru nokkuð brauð því þeir eru þreyttir so eg megi sækja eftir þeim Seba og Salmúna Madianiters kóngum.“ [6]En þeir yppustu í Súkót svöruðu: „Eru hnefar þeirra Seba og Salmúna alla reiðu í þínum höndum svo vér skulum gefa þínum hermönnum brauð?“ [7]Gideon svaraði: „Nú vel, þá DROTTINN gefur Seba og Salmóna í mína hönd þá vil eg í sundurþreskja yðart hold með þyrnum af eyðimörku og þistlum.“ [8]Og hann reisti þaðan og upp til Pnúel og talaði eins til þeirra. Og þeir menn í Pnúel gáfu honum eins svar og hinir sem voru í Súkót. [9]Og hann sagði eins til þeirra í Pnúel: „Ef eg kem aftur í friði þá vil eg og niður brjóta þennan kastala.“

[10]En Seba og Salmúna voru í Karkór með sínum her sem var nær fimmtán þúsundir og þessir voru eftir orðnir af þeim öllum her úr austurlandi. En það herlið sem fallið var var hundrað og tuttugu þúsundir manna sem vopnfærir voru. [11]Og Gideon ferðaðist upp á þann veg þar menn bjuggu í tjaldbúðum austur frá Nóba og Jagbeha og sló þann her því sá her óttaðist ekki að sér. [12]Og Seba og Salmúna flýðu en hann rak flóttann eftir þeim og handtók báða Madianitis kónga, Seba og Salmúna, en hræddi allan herinn.

[13]En sem Gideon son Jóas kom aftur úr þessum bardaga fyrir sólaruppruna [14]þá handtók hann einn mann af því fólki í Súkót og aðspurði hann. Hann skrifaði honum upp þá yppustu í Súkót og þeirra öldunga, sjö og stjötígi menn. [15]Og hann kom til þeirra í Súkót og sagði: „Sjáið, hér er Seba og Salmúna um hverja þér hædduð mig og sögðuð: Er þá Seba og Salmúna hnefar með öllu þér í höndum að vér skulum gefa brauð þínu fólki sem þreytt er?“ [16]Og hann tók þá hina elstu í staðnum og þyrna og þistla í eyðimörku og lét fólkið í Súkót kenna á þeim. [17]Og þann kastala í Pnúel braut hann niður en drap fólkið í staðnum.

[18]Eftir þetta sagði hann til Seba og Salmúna: „Hvernin voru þeir menn í hátt sem þér í hel slóguð í Tabor?“ Þeir svöruðu: „Þeir voru þér líkir og hver þeirra so prýðilegur sem kóngson væri.“ [19]Hann sagði: „Það voru mínir bræður, synir minnar móður. Svo sannlega sem DROTTINN lifir: Hefðuð þér látið þá lifa þá skylda eg ekki hafa slegið ykkur í hel.“ [20]Og hann sagði til síns frumgetins sonar Jeter: „Statt upp og drep þá.“ En sveininn dró ei sitt sverð út því hann óttaðist sökum þess að hann var ennþá barn að aldri. [21]Seba og Salmúna sögðu: „Statt þú upp og vinn á okkur því að afl fylgir aldri mannsins.“ Þá stóð Gideon upp og sló Seba og Salmúna báða í hel og tók þær spangir sem voru um háls þeirra úlfalda.

[22]Þá töluðu nokkrir af Ísrael til Gideon: „Vert þú herra yfir oss, þú og þinn son og þinn sonarson, sökum þes að þú hefur frelsað oss af höndum þeirra Madianiter. [23]En Gideon svaraði þeim: „Eigi vil eg vera herra yðar, minn son skal og enginn herra yfir yður vera, heldur DROTTINN, hann skal vera herra yfir yður.“ [24]Gideon sagði til þeirra: „Eins hlutar beiðunst eg af yður að hver yðar einn gefi mér þær ennisspengur sem hann hefur að herfangi fengið.“ Því að þeir Ísmaelítar höfðu gullhlaðir um enni. [25]Þeir sögðu: „Þær viljum vér gefa þér.“ Og þeir breiddu niður eitt klæði og lagði hver einn og einn þar upp á þær ennisspengur sem hann hafði fengið. [26]En þessar ennisspengur

sem hann eftirbaðst vógu eftir réttri vigt þúsundruð og sjö hundruð secel gulls fyrir utan þær spangir og keðjur og skarlatsklæði sem þeir Madianiter kóngar báru og so án þeirra hálsbanda sem þeirra reiðskjótar báru. 27Og af þessu gjörði Gideon einn lífkyrtil og setti hann í sinn stað til Ofra. Og allur Ísrael framdi hór þar með og það varð Gideoni og hans húsi til hneykslunar. 28So lægðist ofstopi þeirra Madianitis fyrir Ísraelssonum svo þeir hófu ekki meir upp sitt höfuð. Og landið var kyrrt um fjörutígi ár, svo lengi sem Gideon lifði.

29Og Jerúbbaal son Jóas fór og bjó í sínu húsi. 30Og Gideon hafði sjötígi sonu sem komnir voru af hans lendum því hann átti margar konur. 31Og hans frilla sem hann hafði í Síkem fæddi honum einn son og kallaði hann Abímelek. 32Og Gideon son Jóas andaðist í góðri elli og var jarðaður í síns föðurs gröf, Jóas í Ofra, sem heyrði til þeirra föður Efriter.

33Eftir fráfall Gedeonis þá sneru sér Ísraelssynir og frömdu hóranir eftir Baalím og gjörðu sér Baal Berit til eins afguðs. 34Og Ísraelssynir minntust ekki á DROTTIN sinn Guð þann sem þá hafði frelsað af allra þeirra óvina hendi allt um kring 35og þeir veittu öngva miskunn Jerúbbaal Gideons húsi so sem hann hafði þó allt gott gjört Israelis húsi.

9 Og Abímelek son Jerúbbaal fór til Síkem til sinna móðurbræðra og talaði við þá og við alla sína ættmenn af síns móðurföðurs húsi og sagði: 2„Eg bið yður að tala fyrir almúgans eyrum í Sikím: Hvert mun heldur betra vera fyrir yður að sjötígi menn, allir synir Jerúbbaal, sé herrar yfir yður eða að einn maður verði yðar herra? Hugsið og um það að eg er yðar hold og bein.“ 3Þá töluðu hans móðurbræður öll þessi orð um hann fyrir allra manna eyrum í Sikím. Og þeirra hjörtu hneigðust til Abímelek því þeir hugsuðu með sér: „Hann er vor bróðir.“ 4Og þeir gáfu honum sjötígi silfurpeninga af húsi Baal Berit og Abímelek leigði sér með þessu fé umhleypingsmenn sem honum eftirfylgdu. 5Og hann kom í síns föðurs hús í Ofra og drap sína bræður, syni Jerúbbaal, sjötígi menn yfir einum steini. En Jótam, yngsti son Jerúbbaal, komst undan því hann var geymdur. 6En allir menn af Sikím og allur almúgi af Milló húsi söfnuðust saman, fóru til og hylltu Abímelek til kóngs hjá þeirri stóru eik sem stóð í Sikím.

7Sem Jótam frétti þetta gekk hann burt og fór upp á hæsta hvirfil fjallsins Grísím, upphóf sína raust, hrópaði og sagði til þeirra: „Þér menn í Sikím, heyrið mig og mun Guð heyra yður. 8Skógartrén fóru að vígja einn kóng yfir sig og þau sögðu til viðsmjörstrésins: Vert þú vor kóngur. 9Viðsmjörstréð svaraði: Skal eg yfirgefa minn feitleika sem bæði Guðir og menn heiðra í mér og fara að eg sveimi upp yfir skógartrjám? 10Þá sögðu trén til fíkjutrésins: Kom þú og tak ríki yfir oss. 11En fíkjutréð svaraði þeim: Skal eg yfirgefa minn sætleika og minn góða ávöxt og fara og hræra mig yfir trén? 12Þá sögðu trén til vínviðarins: Kom þú og bjóð yfir oss. 13Vínviðurinn svaraði þeim: Skal eg fyrirláta mitt vín sem gleður bæði Guði og menn og fara til að upphefja mig yfir skógtré? 14Þá sögðu öll trén til þyrnitrésins: Kom þú og vert vor yfirkóngur. 15Og þyrnibuskurinn svaraði trjánum: Er það víst að þér viljið vígja mig til kóngs yfir yður? Svo komið hingað og hafið traust undir mínum skugga. Vilji þér ekki það þá komi eldur af þyrnibuskinum og eyði þeim sedrusviðum í Líbanon.

16Hafi þér nú réttilega og ærlega gjört að þér hafið hyllt og til kóngs tekið Abímelek og hafi þér nú og vel gjört við Jerúbbaal og hans hús og hafi þér nú

goldið honum maklega umbön fyrir
sína góðgjörninga [17]að minn faðir barð-
ist fyrir yður og lagði sitt líf í háska fyr-
ir yður að hann frelsti yður af valdi
þeirra Madianitis? [18]Og þér setjið yður
nú upp í dag á móti míns föðurs húsi og
drápuð hans eigin sonu, sjötígi menn á
einum steini, en tókuð yður til kóngs
þann Abímelek sem að var hans amb-
áttarsonur yfir þá menn í Síkem af því
að hann er yðar bróðir. [19]Nú, ef þér haf-
ið gjört réttilega og ærlega við Jerúbba-
al og við hans hús á þessum degi þá
fagnið með Abímelek og sé hann og
glaður með yður. [20]En hafi þér þetta
rangt gjört þá (mæli eg um) komi eldur
af Abímelek og uppbrenni byggendur
Síkem og Milló, síðan komi og eldur af
Sikím og Milló og uppbrenni Abíme-
lek.“ [21]Eftir þetta flýði Jótam og veik sér
afvega og gekk til Ber og bjó þar sökum
síns bróðurs Abímelek.

[22]En sem Abímelek hafði ríkt yfir Ísra-
el í þrjú ár [23]þá sendi Guð einn sundur-
þykkisanda á millum Abímelek og
byggðarmanna í Síkem. Því að þeir í
Síkem átöldu Abímelek og brugðu hon-
um um hans illsku [24]og vanart sem
hann hafði framið í móti þeim sjötígi
sonum Jerúbbaal og lögðu Abímelek til
hans bræðra blóð hverja hann hafði
drepið og þeir menn í Síkem, þeir sem
hans hönd höfðu tilstyrkt að hann drap
svo sína bræður. [25]Og þeir af Síkem
gjörðu sér eitt fyrirsátur á fjallinu og
ræntu þá alla sem ferðuðust þann veg
hjá þeim. Og þetta var undirvísað Abí-
melek.

[26]Þar var einn mann sem hétt Gaal
son Ebed, hann kom með sínum bræðr-
um og dró í Síkem. En þeir byggðar-
menn í Síkem treystu á hann [27]og drógu
út á akrana, brutu niður víngarða,
tráðu undir fótum vínþrúgur og slógu
upp dans og gengu inn í síns Guðs hús,
átu og drukku og formæltu Abímelek.
[28]En Gaal son Ebed sagði: „Hver er Abí-
melek og hvað er Síkem að vér skulum
þjóna honum? Er hann ekki son Jer-
úbbaal og hefur sett sinn þénara Sebúl
hér yfir Hemor föður Síkem? Því skulu
vér þjóna honum? [29]Guð gæfi að fólkið
væri undir minni hönd so að eg mætti
útdrífa þennan Abímelek.“ Og nokkur
sagði til Abímelek: „Safna liði að þér og
drag út.“

[30]Því að Sebúl höfðingi í staðnum, þá
hann heyrði orð Gaal sonar Ebed þá
uppkveiktist hann af reiði [31]og sendi
Abímelek boð á laun og lét segja hon-
um: „Sjá þú, Gaal son Ebed og hans
bræður eru komnir í Síkem og hafa
gjört staðinn þér mótsnúinn. [32]So tak
þig upp nú strax á þessari nótt og það
fólk sem hjá þér er og gjör þér eitt
leynisátur í mörkinni. [33]Og að morni
þegar sól gengur upp þá reið þig til
snemmindis og fall yfir staðinn. En ef
Gaal og það fólk sem með honum er fer
út til þín þá gjör við hann sem þín hönd
orkar.“

[34]Abímelek stóð upp snemma um
nóttina og allt það fólk sem með hon-
um var og settust um Síkem með fjór-
um fylkingum. [35]Og Gaal son Ebed dró
út og gekk í staðarportið. En Abímelek
tók sig upp úr launsátrinu og það fólk
sem hjá honum var. [36]En sem Gaal sá
fólkið sagði hann til Sebúl: „Sjá, þar
kemur fólk ofan af hæð fjallsins.“ Þá
svaraði Sebúl: „Þú reiknar skugga fjall-
anna fyrir fólk.“ [37]Gaal talaði enn fram-
ar og sagði: „Sjá, þar kemur eitt fólk
niður mitt af landinu og einn flokkur
kemur af þeim vegi sem liggur hjá
þeirri töfraeik.“ [38]Þá sagði Sebúl til
hans: „Hvar er nú þinn munnur sem að
so sagði: Hver er Abímelek að vér
skyldum þjóna honum? Er það ekki það
fólk sem þú forsmáðir? Far nú út og
halt bardaga við hann.“ [39]Gaal fór út
fyrir borgarmönnum Síkem og hélt
bardaga með Abímelek. [40]En Abímelek
varð honum yfirsterkari svo að Gaal
hélt á flótta undan honum. Og margt af
fólkinu féll í hel slegið allt að borg-

arhliði. [41]Og Abímelek var í Aróma. En Sebúl útrýmdi Gaal og hans bræður so þeir máttu ekki vera í Síkem.

[42]Að morni gekk fólkið út í mörkina af Síkem. Og sem það var undirvísað Abímelek [43]þá tók hann sitt fólk til samans og skipti því í þrjá flokka og gjörði eitt launsátur í mörkinni. En sem hann sá nú að fólkið gekk út af staðnum þá féll hann yfir þá og sló þá. [44]En Abímelek og þeir flokkar sem voru með honum yfirféllu þá og fóru allt að borgarhliði. En þeir tveir flokkar yfirféllu þá alla sem úti voru í mörkinni og slógu þá. [45]Síðan stríddi Abímelek á staðinn allan þann dag og vann hann en drap allt það fólkið sem í staðnum var, niðurbraut staðinn og sáði salti þar yfir.

[46]En sem þeir menn sem voru í turninum Síkem heyrðu það gengu þeir inn í kastala síns afguðs, hús Berit. [47]Og sem Abímelek heyrði það að allir menn í turninum í Síkem höfðu samansafnast [48]þá gekk hann upp á fjallið Salmón með allan sinn her, þeim sem með honum var, og hann tók eina öxi í sína hönd og hjó kvistu af trjánum og lagði sér á herðar og sagði til alls þess fólks sem var með honum: „Hvað þér sjáið mig gjöra þá gjörið strax það sama.“ [49]Þá hjó hver maður kvistu af trjánum og fylgdu Abímelek og báru þetta að kastalanum þangað sem fólkið var flúið og kveiktu eld þar í so að allir þeir menn sem voru í turninum í Síkem drápust, nær þúsundir kallmenn og konur.

[50]Síðan dró Abímelek til Tebes og settist um hana og vann hana. [51]En þar var einn fastur turn mitt í borginni, þangað flúðu allir menn og kvinnur og allir þeir borgarmenn sem í staðnum voru og luktu dyrnar eftir sér og stigu síðan upp á húsaþakið kastalans. [52]Þá lagði Abímelek að þessum turni og stríddi á hann. Og hann gekk að dyrunum á turninum til að uppbrenna turninn með eldi. [53]En ein kvinna kastaði einu kvernarsteinsbroti í Abímelek höfuð og braut hans hausskel í sundur. [54]Þá kallaði Abímelek sem skjótast sinn skjaldsvein og sagði til hans: „Drag út þitt sverð og slá mig í hel so að eigi segist að ein kvinna hafi drepið mig.“ Sveinninn gjörði sem hann bað og drap hann. [55]En sem þeir Israelite sem voru með honum sáu að Abímelek var dauður þá gekk hver til síns heimkynnis.

[56]Svo bitalaði Guð Abímelek það hið vonda sem hann hafði gjört sínum föður að hann drap sína sjötígi bræður. [57]Sömuleiðis lét Guð koma allt það hið vonda yfir Síkemsmenn það þeir höfðu gjört. Og forbænir Jótam sonar Jerúbbaal komu yfir þá.

10 Eftir Abímelek tók Tóla sig upp að hjálpa Ísrael. Hann var af ætt Ísaskar, sonar Púa, sonar Dódó. Og hann bjó í Samír á fjallbyggðum Efraím [2]og hann dæmdi Ísrael í þrjú og tuttugu ár. Hann andaðist og var grafinn í Samír.

[3]Eftir hann uppreis sá maður sem hét Jaír, einn af Gíleað, og dæmdi Ísrael tvö og tuttugu ár. [4]Hann átti þrjátígi sonu hverjir að riðu á þrjátíu asnafolum. Hann hafði og undir sér þrjátígi staði hverjir að kölluðust Jaírsþorp allt til þessa dags. [5]Og Jaír dó og var grafinn í Kamón.

[6]Israelissynir juku enn illskur sínar í augliti DROTTINS og þjónuðu Baalím og Astarót og þeim afguðum í Syria og þeim skúrgoðum í Sídon og Móabs guðum og Amónsona guðum og Filistearanna guðum og fyrirlétu DROTTIN og þjónuðu honum ekki. [7]Af þessu uppkveiktist reiði DROTTINS yfir Ísrael svo að hann gaf þá undir hönd þeirra Philisteis og Amónsona. [8]Og þeir þjáðu og þvinguðu Israelissonu í átján ár samfelld, einkum alla þá Israelissonu sem voru hinumegin Jórdanar í landi þeirra Amoreum sem að liggur í Gíleað.

9Þar með drógu Amónsynir yfir um
Jórdan og herjuðu á Júda og Benjamín
og á Efraíms hús svo að Israelis ætt-
kvíslir þrengdust mjög þunglega.
10Þá kölluðu Israelissynir til DROTTINS
og sögðu: „Vér höfum misgjört í móti
þér því að vér höfum yfirgefið vorn
Guð en þjónað Baalím.“ 11Þá sagði
DROTTINN til Israelissona: „Hafa ekki
Egyptar, þeir Amoriter, Amónsynir,
þeir Filistear, 12þeir Zidoniter, þeir
Amalekítar og Maoniter þvingað yður
og eg hjálpaði yður af þeirra höndum
þá þér kölluðuð til mín. 13Þó hafi þér
samt sem áður yfirgefið mig og þjónað
annarlegum guðum. Því vil eg ekki
framarmeir hjálpa yður 14heldur farið
og ákallið þá guði sem þér hafið útvalið
yður. Látið þá hina sömu hjálpa yður í
þessari yðar hryggðartíð.“ 15Þá sögðu
Israelissynir til DROTTINS: „Vér höfum
syndgast. Gjör það við oss sem þér er
þægilegt en frelsa þú oss nú aðeins á
þessari tíð.“ 16Og þeir köstuðu frá sér
annarlegum guðum en hófu upp að
þjóna DROTTNI. Og hann tók til hjarta
Israelis ánauðir.
17Og Amónsynir hrópuðu og settu
herbúðir sínar í Gíleað. En Israelissynir
söfnuðust saman og settu landtjöld í
Mispa. 18Og þeir æðstu meðal fólksins í
Gíleað sögðu hver til annars: „Hver sem
fyrst vekur víg á Amónsonum sá skal
vera höfðingi yfir öllum þeim sem búa í
Gíleað.“

11 Þar var einn maður af nafni
Jefta af kyni Gíleað, mikill her-
maður og var laungetinn, og Gíleað
hafði getið þennan Jefta. 2En hans
kvinna átti við honum börn og þau uxu
upp og komu til þroska. Þá vísuðu þau
Jefta frá sér og sögðu til hans: „Eigi
máttu taka arf í vors föðurs húsi því þú
ert af annarlegri konu fæddur.“ 3Þá
flýði hann frá sínum bræðrum og bjó í
því landi Tób. Drifu þá til hans um-
hleypingsmenn og drógu út með hon-
um. 4Og eftir stundir liðnar herjuðu
Amónsynir á Ísrael. 5En sem þeir veittu
ágang Ísrael þá fóru öldungar Gíleað og
sóttu Jefta í hans land Tób 6og sögðu:
„Kom til vor og vert vor höfðingi svo að
vér getum haldið bardaga við Amóns-
sonu.“ 7En Jefta svaraði öldungunum af
Gíleað: „Eru þér ekki þeir inu sömu sem
mig hafa hatað og útrekið mig af míns
föðurs húsi og þó komi þér nú til mín
því þér eruð nú í neyð staddir.“
8Öldungarnir af Gíleað svöruðu Jefta:
„Því komum vér nú til þín aftur að þú
farir með oss og veitir oss styrk að berj-
ast í móti Ammónssonum og að þú sért
vor höfðingi yfir öllum þeim sem búa í
Gíleað.“ 9Jefta svaraði þeim: „Ef að þér
sækið mig nú aftur að eg skuli berjast
við Amónssonu og ef DROTTINN gefur
þá undir mitt vald skal eg þá verða yðar
höfðingi?“ 10Öldungarnir af Gíleað
sögðu til Jefta: „DROTTINN heyri vor
viðurmæli ef vér gjörum ekki það sem
þú hefur sagt.“ 11Svo gekk Jefta með
þeim öldungum af Gíleað og fólkið setti
hann til höfuðs og höfðingja yfir sig. Og
Jefta talaði allt þetta fyrir DROTTNI í
Mispa.
12Þá sendi Jefta boð til kóngs
Ammónssona og lét segja honum:
„Hvað hefur þú með mig að þú kemur
til mín og herjar á mitt land?“ 13Amón-
kóngur svaraði hans sendimönnum:
„Sökum þess að Ísrael hefur tekið undir
sig mitt land þá þeir fóru af Egyptalandi
frá Arnon og allt til Jabok og inn til
Jórdan. So gef mér það land aftur nú
með friði.“
14Og í annað sinn sendi Jefta enn
meira boðskap til Ammónssona kóngs
15og sagði til hans: „Svo segir Jefta: Ísr-
ael hefur ekkert land tekið, hverki frá
þeim Moabiter og eigi frá þeim
Ammónssonum. 16Því að þá þeir fóru af
Egyptalandi þá dró Ísrael í gegnum
eyðimörk til þess rauða hafs og kom til
Kades 17og sendi boð til kóngsins þeirra
Edomiter og sagði: Leyf mér að fara í

gegnum þitt land. En Edómítakóngur vildi ekki heyra þá. Þeir sendu og so til kóngsins af Móab, hann vildi og ekki heldur. So var Ísrael í Kades [18]og gekk um eyðimerkur og ferðaðist í kringum Edóms og Móabsland og komu austan að Moabiteslandi og setti sín landtjöld hinumegin Arnon og kom ekki í Moabiters landaeign því Arnon er Moabiters landamerki. [19]Og Ísrael sendi boð til Síhon, Amoritis kóngs í Hesbon, og lét segja honum svo: Leyf oss að draga í gegnum þitt land allt til míns heimkynnis. [20]En Síhon vildi ekki trúa Ísrael til að ferðast í gegnum sitt land heldur safnaði hann að sér öllu sínu fólki og lagði sig í Jaksa og barðist við Ísrael. [21]Þá gaf DROTTINN Israelis Guð Síhon og allt hans fólk í Ísraels hendur svo að þeir slógu hann. Svo vann Ísrael undir sig allt land þeirra Amoritarum þeir sem í því landi bjuggu [22]og þeir eignuðust öll landamerki Amoritarum frá Arnon inn til Jabok og frá eyðimörkunni og allt til Jórdan.

[23]Svo hefur DROTTINN Israelis Guð útdrifið og eyðilagt Amoritas fyrir sínu fólki Ísrael og þó vilt þú eignast það og inntaka? [24]Þú skyldir heldur leggja þá undir þig sem fordjörfuðu þinn guð Kamos en láta oss eignast þá alla sem DROTTINN vor Guð hefur útdrifið fyrir oss. [25]Eða meinar þú að þú hafir betra rétt en Balak son Sipór Moabites kóngur? Hefur hann nokkurn tíma átalið eða færst stríð á móti Ísrael? [26]Hefur þó Ísrael nú búið þrjú hundruð ár í borg Hesbon og hennar undirborgum í Aróer og hennar þorpum og í þeim öllum borgum sem liggja hjá Arnon? Hvar fyrir friðuðu þér ekki það á þeim sama tíma? [27]Eg hefi ekki misgjört við þig en þú gjörir svo illa við mig að þú stríðir á mig. DROTTINN dæmi í dag á millum Ísrael og Ammónssona.“ [28]En Ammónssona kóngur vildi ekki hlýða þessum boðskap sem Jefta sendi honum. [29]Þá kom Andi DROTTINS yfir Jefta og hann ferðaðist í gegnum Gíleað og Manasse og í gegnum Mispa sem liggur í Gíleað gegnt Amónsonum. [30]Og Jefta hét DROTTNI einu heiti og sagði: „Ef þú gefur Amónsonu í mínar hendur, [31]hvað sem fyrst kemur í móti mér út af mínu húsi þá eg kem heim aftur með friði frá Ammónssonum, það skal heyra DROTTNI til og það vil eg offra til brennifórnar.“ [32]Síðan fór Jefta móti Amónsonum og hélt bardaga við þá. En DROTTINN gaf þá í hans hendur [33]svo að hann sló þá frá Aróer og allt til Minnít, tuttugu borgir, og allt til þess sléttlendis sem kallaðist Vínviðarvöllur og var þetta hinn mesti bardagi. So lægðist ofstopi Ammónssona fyrir Israelissonum.

[34]En sem Jefta kom nú heim í sitt hús Mispa, sjá, þá rann hans dóttir út í móti honum með strengleik og dansi og hún var hans einbirni svo hann átti ekkert annað barn, hverki son né dóttur. [35]Og sem hann sá hana þá reif hann í sundur sín klæði og sagði: „Ó hó, mín dóttir, því beygðir þú mig og hrellir mig? Því eg upplét minn munn fyrir DROTTNI og eg get það ekki tekið aftur.“ [36]Hún svaraði: „Minn faðir, hafir þú upplátið þinn munn fyrir DROTTNI þá gjör við mig so sem það er framgengið af þínum munni fyrst að DROTTINN hefur hefnt þín á þínum óvinum Amónssonum.“ [37]En hún sagði til síns föðurs: „Gjör mér þó það til vilja að þú gefir mér tveggja mánaða frest að eg megi ganga hér frá upp á fjallið að gráta minn meydóm með mínum fóstursystrum.“ [38]Og hann sagði: „Far sem þig lystir.“ Og hann gaf henni tveggja mánaða frest. Síðan gekk hún í burt með sínum fóstursystrum og grét sinn meydóm á fjallinu. [39]Og tveim mánuðum þar eftir kom hún til síns föðurs aftur og hann gjörði henni sem hann hafði heitið. Hún hafði enn aldrei kennt nokkurn mann. Og það varð einn siðvani í Ísrael [40]að Ísraelsdætur gengu árlega árs í burt að gráta dóttir Jefta af Gíleað í fjóra daga á hvörju ári.

12 Og þeir af Efraím tóku sig saman og gengu í mót norðri og sögðu til Jefta: „Því fórst þú í stríð í mót Amónsonum og kallaðir oss ekki so að vér færum með þér? Vér viljum uppbrenna þig og þitt hús með eldi.“ [2]Jefta svaraði þeim og sagði: „Eg og mitt fólk höfðum eina stóra þráttan við Amónsonu og eg kallaði yður en þér veittuð mér ekki fullting af þeirra höndum. [3]Og sem eg sá það að þér vilduð ekki fullting veita mér þá lagða eg mitt líf í háska og fór eg so á mót Amónsonum og DROTTINN gaf þá í mína hönd. Því komi þér nú hér upp til mín að stríða í móti mér?“

[4]Og Jefta safnaði saman öllum mönnum í Gíleað og barðist við Efraím. Og þeir menn í Gíleað slógu Efraím því þeir höfðu sagt: „Þér Gíleaðsmenn meðal Efraím og Manasse, þér eruð flóttamenn í Efraím.“ [5]Og þeir Gíleaðsmenn tóku öll vöð á Jórdan fyrir Efraím. Þá þeir flóttamenn af Efraím nú sögðu: „Lát mig fara hér yfir um þá sögðu Gíleaðsmenn til hans: „Ert þú einn af Efraím?“ En ef hann svaraði: „Nei“ [6]þá báðu þeir hann að segja „Sjibbólet“ en hann sagði „Sibbólet“ og gat ekki nefnt það rétt. So gripu þeir hann og slógu í hel þar hjá Jórdans vaði. So þar féllu í þann tíma af Efraím tvær og fjörutígi þúsundir.

[7]En Jefta dæmdi Ísrael í sex ár. Og Jefta af Gíleað andaðist og var grafinn í sínum stað í Gíleað.

[8]Eftir hann varð dómandi yfir Ísrael Ebsan af Betlehem. [9]Hann átti þrjátígi sonu og þrjátígi dætur gaf hann út og hann tók þar fyrir utan þrjátígi dætur til sinna sona. Og hann var dómari yfir Ísrael sjö ár [10]og deyði og var grafinn í Betlehem. [11]Eftir hann var dómari í Ísrael Elón, einn af ætt Sebúlon, og hann var dómandi yfir Ísrael í tíu ár [12]og andaðist og var grafinn í Ajolon í landi Sebúlon.

[13]Eftir hann dæmdi Abdón son Híllel yfir Ísrael af Píretaón. [14]Hann átti fjörutígi syni og þrjátígi sonarsyni hverjir að riðu á sjötígi asnafolum og hann dæmdi Ísrael átta ár. [15]Og hann andaðist og var jarðaður í Píretaón í landi Efraím á fjalli Amalek.

13 Og Ísraelssynir gjörðu enn að nýju illt í augliti DROTTINS. Og DROTTINN gaf þá í Philisteis hendur í fjörutígi ár.

[2]En þar var einn maður í Sarea af ætt Dan sem hét Manóa og hans kvinna var óbyrja so hún átti ekki börn. [3]Og engill DROTTINS birtist kvinnunni og sagði til hennar: „Sjá, þú ert óbyrja og átt ekki barn. En nú skalt þú verða kviðug og fæða einn son. [4]So geym þig nú og gæt þín og drekk ekki vín né nokkurn sterkan drykk og svo að þú etir ekkert óhreint. [5]Því að þú skalt ólétt verða og einn son fæða á hvers höfuð að enginn raksturhnífur skal koma. Því að þessi sveinn skal vera Nazareus Guðs frá sinnar móðurkviði og hann skal upp-byrja að frelsa Ísrael af valdi Philistinorum.“ [6]Þá fór konan og kunngjörði þetta sínum bónda og sagði: „Þar kom einn Guðs maður til mín og hans ásjóna var að sjá sem Guðs engils, mjög ógnarleg, so að eg spurði hann ekki að hvaðan hann kom eða hvert hann vildi og eigi sagði hann mér sitt heiti. [7]En svo sagði hann til mín: Sjá, þú skalt verða þunguð og fæða einn son. Þar fyrir drekk ekki vín né áfengan drykk og et ekki neitt óhreint því að sveinninn skal vera Guðs Nazareus frá móðurlífi allt til síns dauða.“

[8]Þá bað Manóa Drottin og sagði: „Heyr, DROTTINN, lát þann Guðs mann koma til vor aftur þann þú sendir so hann megi undirvísa okkur hvernin við skulum fara með þetta barn sem fæðast skal.“ [9]Og Guð heyrði hans bænarorð svo að Guðs engill kom til kvinnunnar í öðru sinni þar hún sat á akri. En hennar

bóndi Manóa var ekki þar. [10]Þá rann
hún sem skjótast og kunngjörði það
sínum bónda og sagði til hans: „Sjá, sá
sami maður birtist mér sem til mín
kom í dag.“ [11]Manóa spratt upp þegar
og fylgdi sinni konu og kom til þess
staðar sem maðurinn var og sagði til
hans: „Ert þú sá sem talaðir við
kvinnuna?“ Hann sagði: „Já.“ [12]Og
Manóa sagði: „Þegar það fullkomnast
sem þú hefur sagt, hverja framferð skal
þessi sveinn hafa eða við hverju skal
hann viðsjár veita?“ [13]Guðs engill sagði
til Manóa: „Hann skal taka sig vara fyr-
ir öllu því sem eg hefi sagt þinni
kvinnu. [14]Hann skal öngvan vínviðarávöxt eta og eigi skal hann drekka vín
né nokkurn annan sterkan drykk og
ekkert óhreint skal hann eta. Allt það
sem eg hefi boðið henni það skal hann
halda.“

[15]Manóa sagði til DROTTINS engils:
„Lát oss halda þér, vér viljum offra einu
hafurkiði.“ [16]En engill DROTTINS svaraði
Manóa: „Þó þú haldir mér hér þá et eg
þó ekki af þínum mat. En ef þú vilt
gjöra DROTTNI eitt brennioffur þá máttu
offra því.“ Því Manóa vissi ekki að það
var DROTTINS engill sem við hann talaði.
[17]Og þá sagði Manóa til engil DROTTINS:
„Hvað heitir þú so vér megum prísa þig
þegar það er framkomið sem þú hefur
sagt?“ [18]Engill DROTTINS svaraði honum:
„Því spyr þú að mínu heiti sem þó er
undarlegt?“ [19]Þá tók Manóa eitt hafurkið og matoffur og offraði þetta fyrir
DROTTNI yfir einum steini. Og hann
gjörði það undarlega. En Manóa og
hans kvinna horfðu á. [20]Og þá logann
lagði upp af altarinu upp í himininn þá
fór Guðs engill upp í loganum af altarinu. En sem Manóa og hans kvinna sáu
það féllu þau bæði fram til jarðar á sínar ásjónur.

[21]Og Guðs engill opinberaðist ekki
meir fyrir Manóa né hans kvinnu þar
eftir. Þá undirstóð Manóa að þetta var
engill DROTTINS [22]og hann sagði til sinnar kvinnu: „Við munum vissulega deyja
því að við sáum Guð.“ [23]En hún svaraði
honum: „Ef DROTTINN hefði haft girnd
til að deyða okkur þá hefði hann hverki
tekið brennifórn né matoffur af okkar
hendi. Hann hefði og ei kunngjört okkur allt þvílíkt og ei látið okkur heyra
soddan sem nú er skeð.“

[24]Og kvinnan fæddi einn son og
nefndi hann Samson. Sveinninn óx upp
og DROTTINN blessaði hann. [25]Og Andi
DROTTINS tók að vera með honum í herbúðum Dan millum Sarea og Estaól.

14 Samson gekk ofan til Timnat
og sá þar eina kvinnu í Timnat
á meðal þeirra Philisteis dætra. [2]Og
sem hann kom upp til sinna foreldra þá
kunngjörði hann þetta sínum föður og
sinni móðir og sagði: „Eg hefi séð eina
kvinnu í Timnat meðal dætra þeirra
Philisteis. Gefið mér nú þá ina sömu til
eiginkonu.“ [3]Hans faðir og móðir svöruðu honum: „Er þar nú engin kvinna á
meðal þinna bræðradætra og hjá öllu
þínu fólki að þú vilt fara þangað og fá
þér eiginkvinnu hjá þeim óumskornu
Philisteis?“ Samson svaraði sínum föður: „Lát mig fá þessa því hún þóknast
mínum augum.“ [4]En hans faðir og móðir vissu ekki að þetta var svo til sett af
DROTTNI því hann leitaði yrkisefnis hjá
Philisteis. Því að þeir Philistei drottnuðu í þann tíma yfir Ísrael.

[5]Þá gekk Samson með sínum föður
og sinni móður ofan til Timnat. Og sem
þau komu að víngarði staðarins, sjá, þá
kom leónshvölpur öskrandi á mót honum. [6]Og Andi DROTTINS kom yfir hann
svo að hann sleit leónið so sem þá maður í sundurslítur eitt hafurkið og hafði
þó alls ekkert í sinni hendi. Og eigi
sagði hann sínum föður né móður frá
þessu hvað hann hafði gjört. [7]En sem
hann kom nú ofan talaði hann við
kvinnuna og hún þóknaðist augum
Samsonar. [8]Og nokkrum dögum þar
eftir kom hann aftur að fastna hana. Og

hann gekk af veginum að sjá leónshræið og, sjá, að býflygi hafði borið hunang í leónshræið. [9]Og hann tók það í sína hönd og át þar af á veginum og gekk til síns föðurs og sinnar móður og gaf þeim þar af og þau átu. En hann lét þau ekki vita að hann hafði tekið hunangið af leónshræinu.

[10]Og nú sem hans faðir kom ofan til konunnar þá gjörði Samson sitt brúðkaup þar so sem háttur var til ungra manna. [11]Og sem þeir sáu Samson gáfu þeir honum þrjátígi lagsmenn sem hjá honum skyldu vera. [12]En Samson sagði til þeirra: „Eg mun bera upp fyrir yður eina gátu. Sé það svo að þér getið leyst hana innan þessara sjö brullaupsdaga þá skal eg gefa yður þrjátígi skyrtur og þrjátígi hátíðarkyrtla. [13]En ef þér getið ekki leyst mína gátu þá skulu þér gefa mér þrjátígi skyrtur og þrjátígi hátíðarkyrtla.“ Þeir svöruðu honum: „Ber þú upp þína gátu og lát oss heyra hana.“ [14]Hann sagði þeim:

„Matur fór út af etanda og sætleiki af þeim sterka.“ Og þeir gátu ekki ráðið þessa gátu í þrjá daga. [15]Á þeim sjöunda degi sögðu þeir til Samsons kvinnu: „Gjör þig blíða við bónda þinn og fá þú af honum að hann segi oss þessa gátu elligar þá skulum vér brenna þig og þíns föðurs hús með eldi. Hafi þér til þess innboðið oss að þér viljið útarma oss eða eigi?“ [16]Kvinnan bað með tárum Samson og sagði: „Hatar þú mig en elskar ekki. Þú hefur borið upp eina gátu fyrir sonum míns fólks og ekki skýrt mér hana.“ Hann svaraði henni: „Sjá, eg hefi ekki sagt mínum föður og eigi minni móður það og ætlar þú að eg muni segja þér það?“ [17]Og hún grét fyrir honum þá sjö daga á meðan brúðkaupið stóð yfir. En á þeim sjöunda degi sagði hann henni allan sannleik hér á því hún gjörði honum ónæði. Og hún sagði sonum síns fólks gátuna. [18]Þá mæltu borgarmenn til hans á þeim sjöunda degi áður sólin gekk niður:

„Hvað er sætara en hunang? Eða hvað er sterkara en león?“ Þá sagði Samson til þeirra: „Hefðuð þér ekki farið til með minni kvígu þá hefðu þér ekki getað leyst gátu mína.“

[19]Og Andi Drottins kom yfir hann og hann gekk ofan til Askalon og drap þar þrjátígi manna og tók þeirra klæðnað og gaf þeim hátíðaklæði sem réðu hans gátu. Og hann varð ákaflega reiður og fór upp til síns föðurs húss. [20]En Samsons kvinna var gift öðrum, einum af hans stallbræðrum sem honum tilheyrði.

15 Og það skeði svo eftir nokkra daga á hveitkornskurðartíma að Samson fór að vitja sinnar konu og hafði með sér eitt hafurkið. Og sem hann ætlaði sér að ganga í herbergið til konu sinnar þá lét hennar faðir öngvan kost á því [2]og sagði: „Eg ætlaði að þú mundir henni orðinn reiður og því gifta eg hana þínum lagsmanni. En hún hefur aðra yngri þá systur sem fríðari er en hún, lát hana verða þína fyrir hina.“ [3]En Samson svaraði og sagði til þeirra: „Eg hefi nú einu sinni fengið rétta sök á móti þeim Philisteis. Eg skal gjöra yður skaða.“ [4]Og Samson gekk þaðan og veiddi þrjú hundruð refa og hann tók sér eldskíð, batt þá saman á hölunum og batt eitt eldsskíð á millum hverra tveggja [5]og kveikti eld í þeim og sleppti þeim lausum í akra þeirra Philistim og uppbrenndi þeirra bindini og svo það standanda korn og þeirra víngarða og viðsmjörstré. [6]Þá sögðu Philistei: „Hver hefur gjört þetta?“ Þá var þeim sagt: „Samson, mágur hans í Timnat, fyrir það að hans mágur tók hans hústrú og gaf hana hans vin.“ Þá fóru Philistei upp þangað og brenndu inni konuna og hennar föður með eldi. [7]En Samson sagði til þeirra: „En þó að þér hafið þetta gjört þá vil eg sem áður hefna mín sjálfur á yður og láta af síðan.“ [8]Og hann sló þá harðlega bæði áherðar og

lendar. Og hann fór ofan og bjó í einni bjargskoru í Etam.

[9]Þá fóru Philistei upp í landið Júda og settu herbúðir sínar í Lehí. [10]En þeir af Júda sögðu: „Því eru þér hér uppkomnir í móti oss?“ Þeir svöruðu: „Þess erindis erum vér hingað komnir að binda Samson og gjalda honum umbön fyrir það sem hann hefur gjört oss.“ [11]Eftir það fóru þrjár þúsundir manna af Júda ofan til bjargskorunnar í Etam og sögðu Samsoni: „Veistu ekki að Philistei drottna yfir oss? Því hefur þú svo breytt við oss?“ Hann svaraði: „So sem þeir gjörðu við mig, so hefi eg og gjört við þá.“ [12]Og þeir sögðu: „Vér erum komnir hér ofan að binda þig og selja þig í hendur þeim Philisteis.“ Samson sagði til þeirra: „Þá sverjið mér eið að þér viljið ekki lífláta mig.“ [13]Þeir svöruðu honum: „Eigi viljum vér hindra þig að neinu heldur viljum vér aðeins binda þig og gefa þig svo í þeirra hendur en ei viljum vér slá þig í hel.“ Síðan bundu þeir hann með tveimur reipum nýjum og fluttu hann burt af bjarginu (Etam).

[14]En sem hann kom til Lehí hlaupa Philistei þegar í móti honum með miklum fagnaði. En Andi DROTTINS kom yfir Samson og reipin af hans armleggjum urðu sem þráður brunninn í eldi, svo slitnuðu þau bönd sem voru á hans höndum. [15]Og hann fann einn fúinn asnakjálka og útrétti sína hönd og greip hann upp og sló með honum þúsund manna. [16]Og Samson sagði:

„Þar liggja þeir í hrúgu. Með einum asnakjálka hefi eg slegið þúsund menn.“ [17]Og sem hann hafði það sagt kastaði hann kjálkanum frá sér og kallaði þann stað Ramat Lehí.

[18]Og hann varð mjög þystur, kallaði hann til DROTTINS og sagði: „Þú, DROTTINN, hefur gefið þessa miklu heilsu fyrir hönd þíns þénara. En nú hlýt eg að deyja af þosta og falla í hendur óumskorinna manna.“ [19]Þá lét Guð einn jaxla losna úr asnakjálkanum so þar spratt upp úr vatn. Og sem hann drakk þá endurlifnaði andi hans og hann hresstist aftur. Þar fyrir kallast sá staður enn á þessum degi Ákallarans brunnur sem varð í kjálkanum. [20]Og hann dæmdi Ísrael á dögum Philisteis í tuttugu ár.

16 Samson gekk í burt til Gasa og sá þar eina skækju og gekk inn til hennar. [2]Þetta fréttu borgarmenn Gasa: „Samson er kominn hingað til vor.“ Og þeir umkringdu hann og létu sitja um hann alla nóttina í staðarportinu en voru kyrrir um alla nóttina og sögðu: „Verum kyrrir. Á morgun strax að birtir þá viljum vér slá hann í hel.“ [3]Samson svaf til miðrar nætur. Síðan stóð hann upp að miðri nóttu og tók báðar hurðirnar frá staðarportinu með báðum dyrastólpunum og slagbröndunum og lagði á sínar herðar og bar það efst upp á fjallið sem veit til Hebron.

[4]Og eftir þetta lagði hann ást við eina kvinnu sem bjó í þeim dal sem hét Sórek. Sú nefndist Dalíla. [5]Til hennar komu höfðingjar Philistinorum og sögðu henni: „Komstu á slægsmuni við hann að verðir þú vís hvar af hann hefur svo mikinn styrkleika og með hverju móti að vér megum sigra hann so vér fáum bundið hann og yfirbugað. Ef þú gjörir það þá viljum vér gefa þér hver um sig þúsund og hundrað silfurpeninga.“ [6]Dalíla sagði til Samson: „Minn kæri, seg þú mér í hverju að falinn er þinn mikli sterkleiki og með hverju að þig má binda svo þú slítir ekki.“ [7]Samson svaraði henni: „Ef eg er bundinn með sjö línstrengjum nýjum votum þá verð eg veikur og so sem hver annar maður.“ [8]Þá fengu Philistei henni sjö línstrengi nýja sem ei voru enn þurrir og hún batt hann þar með [9](en þeir leyndust í herberginu hjá henni) og hún sagði til hans: „Philistei yfir þig,

Samson!“ En hann rykkti í sundur strengjunum sem þá hörtygill fer í sundur þá hann kennir elds. Og veit nú ekki gjör en áður um hans afl.

[10]Þá sagði Dalíla til Samson: „Sjá, þú hefur gabbað mig og logið að mér. Seg mér nú þó með hverju þig megi binda?“ [11]Hann svaraði henni: „Ef þeir binda mig með nýjum reipum sem til öngrar vinnu hafa höfð verið þá verð eg óstyrkur og so sem aðrir menn.“ [12]Þá tók Dalíla ný reip og batt hann þar með og sagði: „Philistei yfir þig, Samson!“ (en þeir leyndust í herberginu) og hann sleit þau í sundur af sínum armleggjum sem hörþráð.

[13]En Dalíla sagði til hans: „Þú hefur enn nú gabbað mig og logið að mér. Kæri, seg mér þó hvar með þig megi binda?“ En hann svaraði henni: „Ef þú samansnýr mína sjö höfuðlokka með einum hárdregli og festir þá við hæl.“ [14]Og hún sagði til hans: „Philistei yfir þig, Samson!“ Og hann vaknaði af sínum svefni og rykkti upp sínum fléttuðum lokkum með hælunum og hárdreglinum. [15]Þá sagði hún til hans: „Hvernin mátt þú segja að þú hafir ást á mér þar þitt hjarta er ei með mér? Í þrjár reisur hefur þú nú gabbað mig og ekki sagt mér í hverju þitt mikla afl fólgið væri.“ [16]En sem hún heldur á því hinu sama við hann alla daga þá mæddist hugur hans mjög so til dauða [17]so hann lét henni í ljósi sitt hjarta og sagði til hennar: „Aldrei hefur hárhnífur komið á mitt höfuð því eg er Guðs Nazareus frá móðurkviði. Og ef þú rakar mitt hár af mínu höfði þá hverfur minn styrkur frá mér svo eg verð so óstyrkur sem aðrir menn.“

[18]En sem Dalíla sá nú að hann hafði birt henni sína alvöru þá sendi hún og lét kalla á höfðingja Philistinorum og lét segja þeim: „Komið nú enn um sinn upp hingað því að hann hefur nú birt mér sitt hjarta.“ Þá komu höfðingjar Philisteis upp til hennar og höfðu með sér fé það sem þeir lofuðu henni. [19]Og hún lét hann sofna yfir knjám sér og kallaði þann til sín sem alla hans lokka sjö rakaði af hans höfði. Og hún tók til að hrinda honum frá sér. Hvarf þá frá honum hans styrkleiki. [20]Og hún sagði til hans: „Philistei yfir þig, Samson!“ En sem hann nú uppvaknaði af sínum svefni hugsaði hann: „Eg mun ganga út so sem eg hefi áður oft gjört og hrista mig.“ Og hann vissi ekki að DROTTINN var vikinn frá honum. [21]Jafnsnart gripu Philistei hann og stungu út bæði hans augu og fluttu hann til Gasa og bundu hann með tveimur koparviðjum að hann skyldi draga kvern í myrkvastofu. [22]En hans höfuðhár tóku að spretta aftur þar þau voru afrökuð.

[23]En þá höfðingjar Philistinorum söfnuðust saman að gjöra mikið offur sínum guði Dagón og sig sjálfa glaða að gjöra þá sögðu þeir hver til annars: „Vor guð hefur gefið oss vorn óvin Samson í vorar hendur.“ [24]Sömuleiðis alþýðufólkið lofaði þeirra guð því þeir sögðu: „Vor guð hefur gefið vorn óvin í vorar hendur, sá sem eyddi vort land og drepið hefur mikinn mannfjölda fyrir oss.“ [25]Og sem drykkur kætir nú hjörtu þeirra þá segja þeir: „Látið sækja Samson so hann leiki fyrir oss.“ Þá tóku þeir Samson af fangelsinu og hann lék fyrir þeim. Og þeir settu hann á millum tveggja stólpa. [26]En Samson sagði til þess ungmennis sem hann leiddi við hönd sér: „Lát þú mig fara þangað að þeim stólpum sem húsið stendur á so eg megi styðja mig við þá.“

[27]En húsið var alskipað bæði af mönnum og kvinnum. Þar voru í því sama sinni samankomnir allir höfðingjar Philisteis og upp á þakinu voru nær þrjár þúsundir manns og kvinnur sem horfðu á hvernin Samson lék. [28]En Samson ákallaði DROTTIN og sagði: „DROTTINN Guð, minnst þú nú mín og gef mér nú, Guð, aftur styrkleik minn (hinn fyrra) so að eg megi um sinn

hefna mín á Philisteis fyrir mín bæði augu!“ [29]Og hann greip sinni hendi um hvorn stólpa sem í miðju húsinu stóðu, hverjir að héldu því öllu upp. [30]Og hann sagði: „Deyi sála mín með þeim Philisteis!“ Og hann svipti stólpunum styrklega undan svo að húsið féll ofan á höfðingjana og á allt fólkið sem þar var inni svo að hann drap fleiri deyjandi en hann hafði drepið meðan hann lifði.

[31]Eftir þetta komu hans bræður ofan þangað og allir af hans föðurs húsi og tóku hann upp og færðu hann þaðan og grófu hann í síns föðurs Manóa gröf hver að liggur á millum Sarea og Estaól. Hann var dómandi yfir Ísrael í tuttugu ár.

17 Þar var einn maður á fjallbyggðum Efraím sem hét Míka. [2]Hann sagði til sinnar móður: „Þá þúsund og hundrað silfurpeninga sem þú hefur tekið til þín og svarið og sagt fyrir mínum eyrum: Sjá, þeir inu sömu peningar eru hjá mér, eg hefi tekið þá til mín.“ Þá svaraði hans móðir: „Blessaður sé minn son DROTTNI.“ [3]Síðan gaf hann sinni móður þá þúsund og hundrað silfurpeninga aftur. Og hans móðir sagði: „Eg hefi helgað DROTTNI þá peninga úr minni hendi fyrir minn son so að þar sé gjört af eitt líkneski og afguð. Þar fyrir gef eg þér þá nú aftur.“ [4]En hann gaf sinni móður þessa peninga aftur. Þá tók hans móðir tvö hundruð silfurpeninga og fékk þá einum gullsmið. Hann gjörði henni eina líkneskju og skúrgoð þar af og þar eftir var það í Míka húsi. [5]Og þessi Míka hafði eitt guðshús. Og hann gjörði ein lífkyrtil og helgidóm og fylldi hendur á einum sínum syni so hann var hans prestur. [6]Á þeim tíma var enginn kóngur í Ísrael. Og hver gjörði það sem honum þótti rétt vera.

[7]En þar var eitt ungmenni af Betlehem Júda á meðal Júda kynþáttar og hann var einn Levíti og var þar framandi. [8]Hann reisti frá þeim stað Betlehem Júda og gekk hér og hvar sem hann kunni. En sem hann kom upp á fjallið Efraím til húsa Míka að hann færi sinn veg [9]þá spurði Míka hann að: „Hvaðan komst þú?“ Hann svaraði: „Eg er einn Levíti af Betlehem Júda og geng þangað sem eg kann.“ [10]Míka sagði til hans: „Vert þú hjá mér, þú skalt vera minn faðir og minn prestur. Eg vil gefa þér hvert ár tíu silfurpeninga og tilskilinn klæðnað og þína fæðu.“ Og Levítinn fór þangað. [11]Og Levítinn fór til og var hjá manninum og hann hélt þennan unga mann líka sem einn son. [12]Og Míka fyllti Levítans hönd so hann varð hans prestur og var so út í Míka húsi. [13]Og Míka sagði: „Nú veit eg að DROTTINN mun gjöra mér til góða fyrst að eg hefi einn Levíta fyrir kennimann.“

18 Á þeim tíma var enginn kóngur yfir Ísrael. Og kynkvísl Dan leitaði við að umganga sér eina arfdeild þar þeir mættu búa því þeir höfðu ekki til þessa dags fengið erfð með Ísraelssonum. [2]Og synir Dan sendu út (menn) af þeirra ætt, fimm stríðsmenn af Sare í Estaól, til að skoða og rannsaka landið og sagði til þeirra: „Farið og skoðið landið.“ Og þeir komu á fjallið Efraím til húsa Míka og voru þar um nótt. [3]En á meðan þeir voru þar hjá Míka þá þekktu þeir þess unga Levíta raust og þeir viku þangað og sögðu til hans: „Hvör hefur fært þig hingað? Og hvað gjörir þú hér eða því komst þú hingað?“ [4]Hann svaraði þeim: „Svo og svo hefur Míka gjört við mig og hann hefur leigt mig til að eg sé hans prestur.“ [5]Þeir sögðu til hans: „Kæri, spyr Guð að so vér megum fá að vita hvert þessi vor vegur sem vér göngum skal lukkast.“ [6]Presturinn svaraði þeim: „Farið í burt með friði. Yðar vegur sem þér gangið er réttur fyrir DROTTNI.“

[7]Síðan gengu þessir fimm menn af stað og komu til Laís og sáu að það fólk

sem þar bjó var athugalaust (því líkast sem þeir Zidoniter), kyrrt og óhrætt, og þar var enginn í landi sem þeim illt gjörði eða þeirra herra væri og þeir voru í fjarlægð við þá Zidoniter og höfðu öngva höndlan við annað fólk.
8Og þeir komu til sinna bræðra í Sarea og Estaól og þeirra bræður spurðu þá: „Hversu gengur yður?“ 9Þeir svöruðu: „Tökum oss upp og förum til þeirra því vér höfum skoðað landið, það er mjög gott. Þar fyrir farið sem skjótast og verið ekki latir á þessa ferð svo þér komið að eignast það land. 10Og sem þér þar komið munu þér koma til ugglausra manna. En landið er bæði vítt og breitt. Og Guð hefur gefið það í yðar hendur. Já, soddan eitt land sem ekkert vantar af öllu því sem á jörðunni vaxa má.“

11Síðan fóru synir Dan frá Sarea og Estaól, sex hundruð manna brynjaðir og herklæddir til bardaga, 12og þeir reistu upp og settu herbúðir í Kirjat Jearím í Júda. Því kallast sá staður Herbúðir Dan allt til þessa dags, sem liggur til baka við Kirjat Jearím. 13Og þeir gengu þaðan og á fjallið Efraím og komu til húsa Míka.

14Þá sögðu þeir fimm menn sem fyrr voru sendir að skoða það land Laís til sinna bræðra: „Vitið þér og að í þessu húsi er einn lífkyrtill, helgidómur, líkneski og skúrgoð? Nú hugsið yður um hvað þér skuluð gjöra.“ 15Þeir viku þangað að og komu til húsa þess unga Levíta sem var í Míka húsi og heilsuðu honum vinsamlega. 16En þau sex hundruð manna, vopnaðir og brynjaðir af sonum Dan, stóðu fyrir dyrum úti. 17Og þeir fimm menn sem farið höfðu að njósna um landið fóru upp og komu þangað og tóku líkneskið, lífkyrtilinn, helgidóminn og skúrgoðið. En meðan þetta skeði stóð presturinn fyrir dyrunum hjá þeim sex hundruðum vopnuðum og herklæddum. 18En sem þeir aðrir voru nú komnir í Míka hús og tóku bílætið, lífkyrtilinn, helgidóminn og skúrgoðið þá sagði presturinn til þeirra: „Hvað gjöri þér?“ 19Þeir svöruðu honum: „Þegi þú og halt þínum munni og far með oss so þú sért vor faðir og prestur. Er þér ekki betra að þú sért prestur á milli heils slektis og ættar í Ísrael heldur en að vera kennimaður í eins manns húsi?“ 20Þessi orð þóknuðust prestinum vel og hann tók bæði lífkyrtilinn, helgidóminn og bílætið og kom í för með fólkinu.

21Og þá þeir voru farnir og höfðu látið fara undan sér börn og búsmala og allt það sem fémætt var 22og sem þeir komu langt frá Míka húsi þá kölluðu þeir menn upp sem voru í húsunum þeim sem stóðu hjá Míka húsi og fóru eftir sonum Dan 23og kölluðu eftir þeim. Þá þeir heyrðu svoddan hróp sneru þeir aftur og sögðu til Míka: „Hvað er þér að þú hrópar so?“ 24Hann svaraði: „Þér hafið tekið mína guði þá sem eg hefi gjört og so prestinn og eruð farnir í burt með þetta. Hvað hefi eg nú eftir? Og spyrji þér þó að hvað mig vantar?“ 25Þá svöruðu synir Dan honum: „Lát ekki heyra til þín so að reiði fólksins falli ekki yfir þig og glatir þú lífi þínu og allt þitt hús.“ 26Og synir Dan gengu sinn veg. Og sem Míka sá að þeir voru honum sterkari hvarf hann heim aftur í sitt hús.

27En þeir tóku það sem Míka hafði gjört og prestinn þann sem hann hafði og komu til Laís, til eins kyrrláts og spekferðugs fólks, og slógu það fólk með sínum sverðseggjum og settu eld í staðinn og uppbrenndu hann. 28Og þar var enginn sem þeim kæmi til hjálpar því þeir voru langt frá Sídon og höfðu öngva höndlan með annað fólk og staðurinn lá í einum dal sem liggur hjá Bet Rehób. 29Þar byggðu þeir borg og bjuggu þar og kölluðu hana Dan eftir nafni Dan þeirra föðurs sem var kominn af Ísrael. En þessi staður hét fyrr meir Laís. 30Og synir Dan uppreistu þetta bílæti fyrir sér. Og Jónatam son

Gersón, sonar Manasse, og hans synir voru prestar meðal ættar Dan allt til þess tíma sem þeir voru herteknir, í burt fluttir af landinu. 31Og svo settu þeir Míka bílæti upp þeirra á meðal sem hann hafði gjöra látið svo lengi sem Guðs hús var í Síló.

19 Á þeim tíma var enginn kóngur yfir Ísrael. Og einn Levíti var framandi hjá fjallbyggðum Efraím og hann hafði tekið sér eina frillu til eignar af Betlehem Júda. 2Og sem hún hafði framið hór hjá honum svo hljóp hún frá honum í síns föðurs hús til Betlehem Júda og var þar í fjóra mánaði. 3En bóndi hennar tók sig upp og fór eftir henni og vildi tala vingjarnlega við hana og fá hana til sín aftur og hann hafði með sér einn svein og tvo asna. Og hún leiddi hann í sitt föðurs hús. En sem faðir kvinnunnar sá hann varð hann glaður og tók vel við honum. 4Og hans mágur, kvinnunnar faðir, hélt honum svo hann var hjá honum í þrjá daga, átu og drukku og voru þá nótt til samans. 5Á þeim fjórða degi bjuggu þau sig mjög snemma til og hann stóð upp og vildi ferðast sinn veg. Þá sagði faðirinn kvinnunnar til síns mágs: „Lífga þitt hjarta áður með litlu brauði og eftir það skulu þið ferðast.“ 6Og þeir settust niður, átu báðir til samans og drukku. Og faðir kvinnunnar sagði til mannsins: „Kæri, blíf hér þessa nótt og gleð þitt hjarta.“ 7En sem maðurinn stóð upp og vildi ferðast þá nauðaði hans mágur honum so hann var þar um nóttina. 8En fimmta dag að morni bjóst hann til sinnar ferðar snemmendis og vildi fara af stað. Þá sagði faðir kvinnunnar: „Kæri, lífga þú áður þitt hjarta.“ Og hann tafði fyrir honum þangað til að dagurinn var liðinn og þeir neyttu báðir saman. 9Eftir það bjó maðurinn sig og vildi ferðast með sinni kvinnu og með sínum þénara. En hans mágur, kvinnunnar faðir, sagði til hans: „Sjá, dagurinn er liðinn og komið er að kveldi. Vertu hér þessa nótt; sjá, hér er enn herbergi þennan dag. Vert hér í nótt og gleð þitt hjarta. Á morgun farið þegar snemmendis ykkarn veg til þíns heimilis.“

10En maðurinn vildi ekki vera þar um nóttina heldur bjó sig til og fór í burt sinn veg og kom til Jebús, það er Jerúsalem, með báða sína asna klyfjaða og hans frilla með honum. 11Sem þau komu nú nær Jerúsalem leið mjög á daginn. Og sveinninn sagði til síns herra: „Kæri, förum og víkjum í þennan Jebusiter stað og verum þar í nótt.“ 12En hans herra svaraði honum: „Eigi vil eg koma í þennan framanda stað sem ekki er af Israelissonum heldur skulum við fara til Gíbea.“ 13Og hann sagði til síns sveins: „Hraða þér so vér komumst einhvers staðar til náttstaðar, annað hvort í Gíbea eða Rama.“ 14Og þeir ferðuðust og fóru sína leið og sól rann til viðar þá þeir komu mjög svo að Gíbea sem að liggur undir Benjamín. 15Þeir fóru þangað svo þeir væri þá nótt í Gíbea. Og er hann kom þar setti hann sig niður á stræti staðarins því þar var enginn sem honum vildi ljá herbergi um nóttina.

16Og sjá, þar kom einn gamall maður að kveldi frá sínu arfiði á akri, hann var og svo af Efraímsfjalli og einn framandi í Gíbea. En börgarmenn þess staðar voru synir Jemíní. 17Nú sem þessi maður upplyfti sínum augum og sá þann vegfaranda mann á strætinu þá sagði hann til hans: „Hvert vilt þú fara eða hvaðan komst þú hingað?“ 18Hann svaraði honum: „Vér fórum frá Betlehem Júda og förum nú til fjallshlíðar Efraím því þar á eg heima. Eg fór til Betlehem Júda en fer nú aftur til Guðs húss og enginn vill ljá mér herbergi. 19Vér höfum hey og fóður til vorra asna, brauð og vín handa mér og þinni ambátt og sveininum sem með þínum þénara fer svo oss vantar ekkert.“ 20Hinn gamli

maður svaraði: „Friður sé með þér. Allt hvað sem að þig vantar það skalt þú finna hjá mér. Ligg þú ekki í nótt á opnu stræti.“ 21Og hann leiddi hann í sitt hús og gaf hans ösnum fóður og þau þvoðu sínar fætur, átu og drukku.

22Og sem þeirra hjörtu voru nú glöð, sjá, þá komu þar borgarmenn, argir skálkar sem voru synir Belíal, umkringdu húsið, börðu á dyrnar og sögðu til þess gamla manns sem var húsbóndinn: „Leið þann mann út hingað sem kominn er í þitt hús svo vér megum kenna hann.“ 23En húsbóndinn hússins gekk út og sagði til þeirra: „Nei, mínir bræður, gjörið ekki so illt verk fyrst að þessi maður er kominn í mitt hús, gjörið ekki þvílíkt heimskupar. 24Sjá, eg hefi eina dóttir sem enn nú er óspillt og ein jungfrú og þessi maður hefur frillu, þær vil eg leiða út til yðar. Vanvirðið þær og breytið við þær svo sem yður lystir en gjörið eigi svoddan heimskupar þessum manni.“ 25Belíals synir vildu eigi hlýða honum. Þá tók maðurinn sína frillu og leiddi hana út til þeirra og þeir kenndu hennar og misþyrmdu henni alla þá nótt allt til morguns. Og sem dagur rann létu þeir hana lausa. 26Síðan kom kvinnan snemma morguns heim aftur og féll niður fyrir þess manns húsdyrum þar hennar herra var inni og lá þar þangað til að bjart var.

27En sem hennar húsbóndi stóð upp um morguninn og upplét dyrnar á húsinu og gekk út að reisa sinn veg, sjá, þá lá hans frilla þar fyrir húsdyrunum og hennar hendur á þrösköldinum. 28Hann sagði til hennar: „Statt upp, vér viljum ferðast.“ En hún svaraði öngu. Þá tók hann hana upp á asnann, bjó sig til og ferðaðist til síns heimilis. 29En sem hann kom nú heim tók hann einn kníf og gekk til sinnar frillu og hlutaði hana í sundur, með beinum og öllu, í tólf stykki og sendi þau í öll Ísraels landamerki. 30En hver sem það sá þá sögðu allir svo: „Þvílíkt hefur eigi skeð eða verið séð síðan að Ísraelssynir drógu af Egyptalandi allt til þessa dags. Nú hugsið yður um og gefið til ráð og segið fram.“

20 Eftir þetta drógu Ísraelssynir út og söfnuðust saman svo sem einn maður væri frá Dan og allt til Berseba og af landi Gíleað til Drottins í Mispa. 2Og þeir yppustu af því öllu fólki sem var fyrir allri Ísraelsætt gengu til samans í Guðs samkundu, fjögur hundruð þúsund manns fótgöngulið sem útdrógu sverð. 3En synir Benjamín heyrðu að Ísraelssynir voru komnir til Mispa. Og Ísraelssynir sögðu: „Segið fram hvernin þetta vonda verk er skeð.“ 4Þá svaraði Levítinn þeirrar kvinnu bóndi sem að drepin var og sagði: „Eg kom í Gíbea í Benjamín með minni kvinnu að vera þar um nótt. 5Þá risu borgarmenn Gíbea upp í móti mér og spenntu mig í húsinu um nóttina og ötluðu að drepa mig; þeir skömmuðu mína konu svo að hún dó. 6Síðan tók eg hana og skipti henni í stykki og sendi eg þau út um alla Ísraels landareign því þeir höfðu gjört einn skammarhlut og heimskupar í Ísrael. 7Sjá, þér eruð nú allir Israelissynir, ráðgist um og gjörið nokkuð hér til.“

8Eftir þetta tilbjó sig allt fólkið svo sem einn maður væri og sagði: „Þar skal enginn maður fara til síns heimilis og eigi hverfa aftur í sitt hús 9heldur viljum vér nú þetta gjöra við Gíbea: Vér skulum taka hluti 10og telja tíu menn af hundraði og hundrað af þúsund og þúsund af tíu þúsundum af öllum Israelis ættkvíslum að þeir safni fæðslum handa fólkinu svo að það fari og gjöri við Gíbea Benjamín eftir því sem þeirra skammarlegt verk er og þeir hafa framið í Ísrael.“ 11Síðan safnaðist allur Israelis her í mót Gíbeon líka sem einn maður væri og tóku sig saman sem einn maður.

12Og Israelis ættkvíslir sendu menn
til alls Benjamíns kynþáttar og létu
segja þeim: ‚Því er soddan skemmdar-
verk skeð hjá yður? 13Framseljið þá
menn sem þessa skömm hafa gjört í Gí-
bea svo vér megum slá þá í hel og í burt
taka svo það hið vonda af Ísrael.“ En
synir Benjamín vildu ekki hlýða raust
sinna bræðra Ísraelssona 14heldur
komu þeir saman af borgunum til Gí-
bea og vildu berjast við Israelissonu.
15En synir Benjamín voru taldir af stöð-
unum sex og tuttugu þúsund manns
sem færir voru í stríð fyrir utan þá
borgarmenn Gíbea sem voru að tölu sjö
hundruð einvala liðs. Og í þessum hers-
fjölda voru sjö hundruð menn útvaldir
16sem voru aurvhentir og jafntamir á
báðar hendur og voru so tamir á slöng-
ur að þeir hæfðu eitt hár á mannshöfði
so þeim brást það ekki. 17En þeir af Ísr-
ael (fyrir utan þá sem voru af Benja-
mín) voru taldir fjögur hundruð þús-
und manns sem báru sverð og færir
voru til bardaga.

18Ísraelssynir gengu upp til Guðs húss
og spurðu Guð ráða og sögðu: „Hver
skal vera vor höfðingi og heyja bardaga
þennan í móti sonum Benjamín?“
DROTTINN sagði: „Júda skal vera yðar
höfðingi.“

19Og Ísraelssynir bjuggu sig til árla
morguns og settu sínar herbúðir fyrir
Gíbea. 20Og hver maður af Ísrael gekk
út að berjast við Benjamín og þeir skip-
uðu sér í fylkingar til að stríða á Gíbea.
21Þá féllu Benjamínsynir út af staðnum
og felldu á þeim degi af Ísrael tvær og
tuttugu þúsundir manna. 22En Ísraels-
fólks her efldu styrk og bjuggust aftur
til bardagans í þeim sama stað sem þeir
höfðu viðbúið hinn fyrra dag. 23Og
Ísraelssynir gengu upp og grétu fyrir
DROTTNI allt til kvelds. Og þeir að-
spurðu DROTTIN og sögðu: „Skulu vér
framar meir fara að berjast við sonu
Benjamín, vora bræður?“ DROTTINN
svaraði: „Farið upp í móti þeim.“ 24Og
sem Israelislýður dró í mót sonum
Benjamín þann annan dag 25þá féllu
Benjamín út af Gíbea á þeim degi í móts
við þá og slógu enn átján þúsundir
manna af Ísraelssonum, alla vopnfæra
menn. 26Eftir þetta fóru allir Israelis-
synir upp og allt fólkið og komu til
Guðs húss og grétu og voru þar fyrir
DROTTNI og föstuðu þann dag til kvelds
og offruðu brennifórnum og þakklætis-
offri fyrir DROTTNI. 27Og Ísraelssynir að-
spurðu DROTTIN (en sáttmálsörk
DROTTINS var í þeim stað á þeim tíma
28og Píneas son Eleassar sonar Aron
stóðu fyrir Drottins húsi á þeim tíma)
og þeir sögðu: „Skulu vér enn lengur
fara að berjast við sonu Benjamín, vora
bræður, eða skulum vér af láta?“
DROTTINN sagði: „Dragið upp í móts við
þá því að á morgun vileg gefa þá í yðar
hendur.“

29Og Israelissynir settu launsátur um
Gíbea. 30So dró Ísraelsher á þeim þriðja
degi á móti Benjamín og bjuggust að
stríða á Gíbea, eins svo sem áður
tvisvar. 31Þá fóru synir Benjamín út á
móts við herinn og gáfu sig frá staðn-
um og tóku til að slá og særa nokkra
menn af fólkinu so sem þeir gjörðu áð-
ur fyrri tvær reisur út í markinni á tvo
vegu, sá eini liggur til Betel en annar til
Gíbea, og slógu nær þrjátígi menn af
Ísrael. 32Þá hugsuðu synir Benjamín:
„Þeir falla fyrir oss so sem fyrr.“ En
Ísraelssynir sögðu: „Flýjum vér so að
vér megum lokka þá frá staðnum út á
veguna.“ 33Síðan bjóst Ísraelsfólk, hver
og einn af sínum stað, bjuggu sig til
bardaga í Baal Tamar. Og það Israelis
stríðsfólk sem í launsátrinu lá kom
fram af sínum stað af þeim hellir Gaba
34og komu til Gíbea tíu þúsund manna,
valdasta lið af öllum Ísrael, svo að þar
varð harður bardagi. En þeir vissu ekki
að ólukkan stóð fyrir þeim. 35So sló
DROTTINN Benjamín fyrir Ísraelssonum
svo að Ísraelssynir drápu á þeim degi
fimm og tuttugu þúsundir og hundrað

menn af Benjamín, allt vaska stríðsmenn. [36]En sem þeir Benjamiter sáu fall sinna manna þá gáfu Israelissynir þeim rúm því þeir treystu upp á það launsátur sem þeir höfðu sett til baka hjá Gíbea. [37]Og þeir í launsátrinu hlupu á borgina og slógu hennar alla innbyggjara með sverðseggjum.

[38]En Ísraelsmenn og þeir sem í launsátrinu voru höfðu merki sett með sér að þeir sem í leyndum voru skyldu falla yfir þá með sverði þá reykurinn gæfi sig upp af staðnum. [39]En sem þeir í Ísrael snerust við í bardaganum og Benjamín sló það sem fyrir varð og særðu þrjátígi menn af Ísrael og hugsuðu: „Þeir liggja fallnir fyrir oss svo sem fyrr“ [40]í þessu bili kom upp reykur af staðnum. Og Benjamín snerist við, og sjá að reykinn og logann af staðnum lagði upp í himininn. [41]Og Ísraelslýður snerist við og börðust með öllu megni í mót Benjamitis. [42]Og er Benjamite sáu það sneru þeir á flótta undan Ísrael á þann veg sem liggur til eyðimerkur en þeir sóttu eftir þeim. Svo komu og þeir sem borgina höfðu brennt og fordjörfuðu þá og slógu á allar síður. [43]Og þeir umkringdu Benjamín og eltu þá allt til Menúa og felldu þá allt austur að Gíleað [44]og þar féll af Benjamín átján þúsund manna, þeir ed allir voru vígkænir stríðsmenn. [45]Þá sneru sér hinir aðrir á flótta til eyðimerkur að því bjargi Rimmón. Og á þeim sama degi slógu þeir fimm þúsund manna og þeir sóttu eftir þeim til Gídeóm og slógu enn af þeim tvær þúsundir manns.

[46]So að á þeim degi féllu af Benjamín fimm og tuttugu þúsundir, vopnfærir og villdustu stríðsmenn. [47]Ein sex hundruð manns flúði undan til eyðimerkur til þess bjargs sem kallast Rimmón og voru þar fjóra mánuði. [48]Og Ísraelsmenn komu aftur til sona Benjamín og slógu það sem í borginni var með sverðseggjum, bæði fólk og fénað og allt það sem þar fannst inni, og allar borgir í Benjamín brenndu þeir á björtu báli.

21 Israelismenn höfðu svarið einn eið í Mispa og sagt svo: „Þar skal enginn gefa þeim Benjamitis sína dóttir til eignarkvinnu.“ [2]Og fólkið kom til Guðs húss og var þar fyrir Guði allt til kvelds. Og þeir upphófu sínar raddir og grétu beisklega [3]og sögðu: „Drottinn, Guð af Ísrael! Því mun þvílíkt hafa skeð í Ísrael að á þessum degi er fallin ein kynkvísl af Ísrael?“ [4]Annars dags tók fólkið sig árla upp og byggði þar eitt altari og offröðu brennifórnum og þakklætisoffri. [5]Og Ísraelssynir sögðu: „Hvar er sá nokkur staðar af Israelis kynkvíslum sem ekki er kominn hingað upp með almúganum til Drottins?“ Því þar var gjörður einn stór eiður að hver sem ekki kæmi upp til Drottins í Mispa sá skyldi sannlega deyja.

[6]En Ísraelssynir iðruðust vegna Benjamíns síns bróðurs og sögðu: „Í dag er ein kynkvísl úr fallin í Ísrael. [7]Hvernin skulu vér bera oss að með þá sem eftir eru að þeir megi giftast? Því vér höfum svarið Drottni að vér skulum ekki gefa þeim kvinnur af vorum dætrum.“ [8]Og þeir sögðu: „Hvar eru nokkurs staðar af Israelisætt þeir sem ekki hafa uppkomið til Drottins í Mispa?“ Og, sjá, að þar var enginn á meðal almúgans af Jabes í Gíleað. [9]Því að þeir töldu fólkið og sjá, þá var þar enginn borgari af Jabes í Gíleað. [10]Þá sendi almúginn tólf þúsund manns þangað af stríðsmönnum, buðu þeim og sögðu: „Farið og sláið með sverðseggjum Jabes borgara í Gíleað, jafnt konur og börn. [11]Þó skuluð þér svo gjöra: Allt það sem er kallkyns og allar þær kvinnur sem menn hafa kennt skulu þér foreyða.“ [12]Og þeir fundu hjá þeim borgurum í Jabes í Gíleað fjögur hundruð hreinar meyjar sem ekki höfðu legið hjá mönnum. Þær

höfðu þeir til herbúða í Síló sem liggur í landi Kanaan.

13Síðan sendi allur almúginn og lét tala við Benjamín sem voru á því bjargi Rimmón og kölluðu þá með friði. 14Svo komu synir Benjamín aftur á þeim tíma. Og þeir gáfu þeim kvinnur af Jabes kvinnum í Gíleað sem þar voru eftir og ekki fundu þeir fleiri. 15Þá iðraðist fólkið yfir Benjamín að DROTTINN hafði gjört eitt skarð í Ísraels kynkvíslir.

16En þeir öldungar fyrir almúganum sögðu: „Hvað viljum vér til gjöra svo að þeir sem eftir eru megi og fá sér eiginkonur? Því að allar kvinnur í Benjamín eru afmáðar.“ 17Og þeir sögðu: „Þeir sem eftir eru af Benjamín mega þó halda sínum arfi að ein kynkvísl verði ekki með öllu afmáð í Ísrael. 18En vér megum ekki gefa þeim vorar dætur til eiginkvenna því Ísraelssynir hafa svarið og sagt: Bölvaður sé sá sem gefur þeim Benjamitis eiginkonur.“ 19Og þeir sögðu: „Sjá, þar er DROTTINS árleg hátíð í Síló sem liggur norður frá Betel mót austri á þeim vegi sem liggur upp frá Betel til Síkem í suðurátt mót Libóna.“ 20Og þeir buðu Benjamínsonum og sögðu: „Farið og liggið í leyndum í víngörðunum. 21Og þá þér sjáið að þær dætur af Síló ganga út hver eftir annarri í dans þá hlaupið sem snarast úr vínviðargörðunum og taki hver sér eiginkvinnu af Sílódætrum og farið svo aftur í Benjamínland. 22En þá þeirra feður eða bræður koma og og klaga þetta fyrir oss þá viljum vér segja til þeirra: Verið þeim náðug því að ekki hafa þeir tekið þær með stríði. En þér vilduð ekki gefa þeim þær þá þeir báðu. Því er það nú yðar skuld.“ 23Synir Benjamín gjörðu eins líka svo og tóku sér kvinnurnar eftir manntali af dansinum og gripu þær og ferðuðust þaðan og bjuggu í sínum arfi, byggðu borgir og bjuggu í þeim. 24So tóku Ísraelssynir sig upp, fóru þaðan á þeim tíma hver til sinnar kynkvíslar og ættar. Og þeir ferðuðust þar frá hver til sinnar arfleifðar.

25Á þeim tíma var enginn kóngur í Ísrael og gjörði hver það sem honum þótti rétt vera.

Endir á Dómarabókinni

BÓKINN RUT

1 Á þeim tíma þá dómendur stjórnuðu yfir Ísrael varð mikið hallæri í landinu. Og það skeði að einn maður af Betlehem Júda flutti sig burt í land þeirra Moabitarum meður sinni kvinnu og tveimur sonum. 2Þessi maður hét Elímelek og hans kvinna Naemí og hans tveir synir Mahlón og Kiljón; þeir voru Ephrathei og af Betlehem Júda. En sem þau komu í land þeirra Moabitarum staðnæmdust þau þar. 3Og Elímelek bóndi Naemí andaðist. En hún lifði eftir með sínum tveimur sonum. 4Þeir giftust og tóku sér eiginkonur af ættum þeirra Moabitis. Ein þeirra hét Arpa en önnur Rut. Og sem þeir höfðu búið þar hartnær í tíu ár 5þá önduðust þeir báðir, Mahlón og Kiljón, og kvinnan lifði báða sína sonu og sinn bónda.

6Þá tók hún sig upp með sínum sonakvinnum og ferðaðist aftur af landi Móab. Því hún hafði frétt það í land Moabitarum að DROTTINN hafði vitjað síns fólks og gefið því brauð. 7Og hún gekk út af þeim stað sem hún hafði búið og báðar hennar sonarkvinnur með henni. Og sem hún gekk nú á veginn að hún færi aftur í land Júda 8þá sagði hún til beggja sinna sonarkvenna: „Farið og snúið aftur, hvor ykkar til húsa sinnar móður og heimkynnis. DROTTINN veiti ykkur sína miskunn svo sem þið hafið gjört þeim framliðnu og svo mér. 9DROTTINN gefi ykkur að þið finnið hvíld, hvor í síns manns húsi.“ Og hún minntist við þær. Þá upphófu þær sínar raddir með gráti 10og sögðu til hennar: „Við viljum fara með þér til þíns fólks.“ 11En Naemí svaraði: „Snúið aftur, mínar dætur. Hvar fyrir vilji þið fara með mér? Hvað mun eg geta sonu í mínum kviði hér eftir svo að þeir mætti verða ykkar menn? 12Snúið aftur, mínar dætur, og farið burt því að eg er nú of gömul að giftast nokkrum manni. Og þó eg segða: Það má enn ske ef eg tek mann á þessari nóttu og fæði sonu – 13en hvernin gæti þið beðið svo lengi þar til þeir eru fullvaxnir? Því vilji þið dvelja því að giftast aftur? Ekki svo, mínar dætur. Mig aumkar yfir ykkur því að hönd DROTTINS er komin yfir mig.“ 14Þá upphófu þær sína raust og grétu enn meir og Arpa minntist við sína mágkonu. En Rut staðnæmdist eftir hjá henni.

15Þá sagði hún: „Sjáðu, þín mágkona sneri aftur til síns fólks og til sinna guða. Snú þú og svo aftur með þinni mágkonu.“ 16Rut svaraði:

„Tala þú ekki þar um að eg muni skilja við þig eða fara frá þér. Hvert sem þú fer þangað vil eg so fara. Hvar þú verður þar em eg og einnin. Þitt fólk er mitt fólk og þinn Guð er minn Guð. 17Hvar þú deyr þar dey eg og þar vil eg jörðuð vera. DROTTINN gjöri mér það og það, ekki skal okkur skilja nema dauðinn.“

18En sem Naemí sá að það var hennar alvara að fylgja henni þá hætti hún að tala við hana þar um.

19Svo gengu þær báðar saman þar til hún kom til Betlehem. Og sem þær gengu inn í staðinn hrærðist allur borgarlýður yfir þeim og sagði: „Er það Naemí?“ 20En hún staði til þeirra: „Kallið mig ekki Naemí heldur Mara því að sá Almáttugi hefur mjög hrellt mig. 21Eg fór fullrík í burtu en DROTTINN hefur fært mig fátæka heim aftur. Því kallið þér mig Naemí þar að DROTTINN hefur so lækkað mig og sá Almáttugi hefur hrellt mig?“

22Þetta skeði á þeim tíma árs þá eð kornskurðurinn tók til, þá Naemí og hennar sonarkona Rut hin móverska komu aftur af landinu Moabitarum til Betlehem.

2 Og þar var einn maður, hann var náinn að frændsemi við bónda Na-

emí því hann var af ætt Elímelek. Hann hét Bóas, hann var einn máttugur maður og mjög ríkur. 2Og Rut sú móverska sagði til Naemí: „Leyf mér að eg fari út um akra og saman lesi öxin eftir þeim sem að ekki amast við mér.“ Hún sagði til hennar: „Far þú, mín dóttir.“ 3Hún fór af stað og tíndi upp öxin eftir kornskurðarmönnum akursins. En so bar til að þennan sama akur átti Bóas frændi Elímelek. 4Og sjá, í þessu bili kom Bóas frá Betlehem og kvaddi svo kornskurðarmenn sína: „Veri DROTTINN með yður.“ Þeir svara: „Guð blessi þig.“ 5Og Bóas mælti til fyrirmanns kornskurðarins: „Hverjum heyrir þessi stúlka til?“ 6Sveinninn svaraði: „Það er sú móverska kvinna sem er komin með Naemí af landi Moabitarum. 7Því hún sagði: Bið eg að þú leyfir mér að safna til samans og upp að taka það sem fellur á millum bindinanna eftir kornskurðarmönnunum. So kom hún hér og hefur staðið hér frá morni og inn til þessa og var ekki nema litla stund heima.“

8Þá sagði Bóas til Rut: „Heyrðu, mín dóttir. Þú skalt ekki fara um aðra akra að safna saman og ekki heldur héðan heldur fylg þú ambáttum mínum 9og sjá til hvar þær skera kornið af akrinum og gakk eftir þeim. Eg hefi boðið mínum þénurum að enginn komi við þig. Og ef þig þystir þá gakk að kerinu og drekk sem mínir þénarar ausa af.“ 10Rut fellur þá fram öll til jarðar, bað hann og sagði til hans: „Með hverju hefi eg þvílíka náð fundið fyrir þínum augum að þú þekkir mig so þar sem eg er ein útlend kvinna?“ 11Bóas svaraði og sagði til hennar: „Sagt er mér allt hvað þú hefur gjört við þína mágkonu eftir fráfall þíns bónda að þú hefur yfirgefið þinn föður og þína móður og svo þitt föðurland og hefur farið til þess fólks sem þú þekkir ekki. 12Guð umbuni þér þinn gjörning og þín laun skulu vera fullkomin hjá DROTTNI Israelis Guði til hvers að þú ert nú komin að hafa skjól undir hans vængjum.“ 13Hún svaraði: „Minn herra, lát mig finna náð í þínu augliti því þú hefur huggað mig og blíðlega talað við þína ambátt þar sem eg má þó ekki samvirðast einni af þínum ambáttum.“

14Bóas mælti til hennar: „Þá máltíðartíminn er þá kom hingað og et brauð og drep þínum bita í edik.“ Og hún setti sig utan hjá kornskurðarmönnunum. En hann lagði steikt axin fyrir hana. Og hún át og varð mett og leyfði af.

15Og sem hún stóð upp saman að tína þá bauð Bóas sínum sveinum og sagði: „Látið hana og so safna saman á meðal bindininna og amist ekki við hana. 16Látið og nokkuð ei óviljandi eftir verða svo hún megi samanlesa það og enginn skal ávíta hana þar fyrir.“

17Svo samanlas hún um akurinn allt til kvelds og barði kornið af hálminum sem hún hafði samanlesið og hún fékk eitt efa með bygg. 18Hún tók það upp og kom í staðinn og sýndi mágkonu sinni það hún hafði aflað. Hún lét og fram og gaf henni þær vistaleifar sem henni voru afgangs. 19Þá mælti mágkona hennar: „Hvar samansafnaðir þú í dag og hvar hefur þú arfiðað? Blessaður sé sá maður er þig þekkti.“ En hún sagði sinni mágkonu hjá hverjum hún hefði unnið og sagði: „Sá maður heitir Bóas á hvers akri eg hefi í dag unnið.“ 20Og Naemí sagði til hennar: „Blessaður veri hann fyrir DROTTNI því hann hefur ekki yfirgefið sína miskunnsemd, hverki við þá lifnuðu né við þá framliðnu.“ Og Naemí sagði til hennar: „Þessi maður er frændi vor og vor erfingi.“ 21Rut sú móverska svaraði: „Hann sagði og það til mín: „Þú skalt fylgja mínum kornskurðarmönnum þar til lokið er öllu akurverki.“ 22Naemí sagði til Rut, sinnar sonarkvinnu: „Betra er, mín dóttir, að þú gangir út með hans ambáttum so að enginn megi tala þér vont til á öðrum ökrkum.“ 23Síðan fylgdi hún amb-

áttum Bóas og hún safnaði saman þar til bæði bygg og hveiti var lokið að uppskera og kom aftur til mágkonu sinnar.

3 Og Naemí, hennar mágkona, sagði til hennar: „Mín dóttir, eg vil leita þér hvíldar svo að gott ráð gjörist fyrir þér. [2]Þessi Bóas, vor frændi, hjá hvers ambáttum þú hefur verið, hann vinsar bygg sitt í nótt í sínum lauagarði. [3]Þar fyrir skalt þú laugast og smyrja þig og klæð þig og gakk ofan í lauagarðinn so að enginn sjái þig þar til þeir hafa etið og drukkið. [4]En þá hann gengur að sofa þá hygg þú að vandlega hvar hann liggur, kom síðan og lyft upp ábreiðunni að hans fótum og leggst þar niður. Svo mun hann segja þér hvað þú skalt gjöra.“ [5]Rut svaraði henni og sagði: „Allt það þú segir mér það vil eg gjöra.“

[6]Og hún gekk inn í lauagarðinn og gjörði allt so sem hennar mágkona hafði boðið henni. [7]En sem Bóas hafði etið og drukkið og hann var gleðikenndur fór hann og lagði sig á bak við bindinin. Rut kom leynilega og lyfti upp ábreiðunni að fótum hans og lagðist niður. [8]En sem nú var mið nótt kom ótti yfir Bóas og undran og sá að kvinna lá til hans fóta. [9]Og hann sagði: „Hver ert þú?“ Hún svaraði: „Eg em Rut, þín þénustukvinna. Breittu þína vængi yfir þína þénustukvinnu því að þú ert erfinginn.“ [10]En hann sagði: „Blessuð sértu fyrir DROTTNI, mín dóttir. Þú hefur gjört þá seinni miskunn stærri þeirri hinni fyrstu að þú hefur ekki farið eftir ungum mönnum, hverki ríkum né fátækum. [11]Nú mín dóttir, óttast ekki. Allt það þú segir vil eg gjöra þér því veit allur minn borgarlýður að þú ert dyggðrík stúlka. [12]Nú er það satt að eg em erfinginn. Þó er þar annar nánari en eg. [13]Hvíl þú þig hér í nótt. Vilji hann taka þig á morgun þá er vel. En ef hann vill eigi þá vil eg taka þig, svo sannlega sem DROTTINN lifir. Sof þú til morguns.“ [14]Og hún sofnaði til morguns hjá hans fótum. Og hún stóð upp fyrr en nokkur þekkti annnan. Og hann hugsaði: „Enginn skal fá þetta að vita að þessi kvinna kom í lauagarðinn.“ [15]Og hann sagði: „Lát þú hingað yfirklæði þitt og greið það til.“ Hún gjörði svo. Og hann mælti sex mælir með bygg og lagði það á hana. Og hann kom í staðinn.

[16]En hún fór til sinnar mágkonu. Og er hún sá hana spurði hún: „Hvernin hefur þér tilgengið, mín dóttir?“ Og hún kunngjörði henni allt það sem þessi maður hafði gjört henni [17]og sagði: „Þessa sex mæla mjöls gaf hann mér því hann sagði: Þú skalt ekki fara með tvær hendur tómar heim til þinnar mágkonu.“ [18]Og hún sagði: „Bíð kyrr, mín dóttir, þar til þú veist hver endalykt á fellur hér um því þessi maður léttir ei fyrr en hann hefur fullgjört það hann hefur talað í dag.“

4 Og Bóas gekk upp að staðarportinu og setti sig þar. Og sjá, þá erfinginn gekk þar framhjá talaði Bóas til hans og sagði: „Kom og set þig niður hér eður þar.“ Og hann kom og settist niður. [2]Og Bóas tók tíu öldunga af borgarmönnunum og bað þá sitja og þeir settust niður. [3]Þá mælti Bóas til erfingjans: „Naemí sem aftur er komin af landi þeirra Moabitarum vill selja þann part akurs sem heyrði til vorum bróður Elímelek. [4]Því þenkta eg mér að láta það koma fyrir þín eyru og að segja þér. Ef þú vilt kaupa hann þá kaup hann hér fyrir borgörunum og fyrir þeim öldungum míns fólks. En viljir þú ekki erfa það þá undirvísa þú mér það so eg megi vita það. Því að þar er enginn erfingi nema þú og eg næst þér.“ Hann sagði: „Akurinn vil eg kaupa.“ [5]Bóas svaraði: „Á hverjum degi sem þú kaupir þann akur af hendi Naemí þá hlýtur þú og svo að taka þér til eiginkonu þá móversku Rut hverja eð átti framliðinn (frændi vor) svo þú uppvekir eitt nafn þeim inum

arfgengna á hans erfðaparti.“ 6Þá svaraði hann: „Eigi kann eg þann akur til mín að leysa svo að eg ekki þar með fordjarfi mína erfð. Erfðu það sem eg skyldi erfa því ekki get eg erft það.“

7En það var forn venja í Ísrael nær eð nokkur vildi ekki erfa eða kaupa nokkuð góss, so að það skyldi standa óbrigðult þá tók hann sinn skó af sínum fæti og gaf þeim hinum öðrum. Og þetta var vitnisburður í Ísrael. 8Og erfinginn sagði til Bóas: „Kaup þú hann“ og hann tók skóinn af sínum fæti. 9Þá sagði Bóas til öldunganna og til alls fólksins: „Eg tek yður til vitnis á þessum degi að eg hefi keypt af Naemí hendi allt það sem Elímelek tilheyrði og allt það sem heyrði til Kiljón og Mahlón. 10Hér með tek eg og svo Rut þá móversku mér til kvinnu, sem var Malón kvinna, svo eg uppveki þeim framliðna eitt nafn í sinni erfð svo að hans nafn skuli eigi verða afmáð meðal hans bræðra né af hans stað í portinu. Þessa hlutar eru þér vitni á þessum degi.“ 11Og allt fólkið sem var í staðarportinu og öldungarnir sögðu: „Þess erum vér vitni. DROTTINN gjöri þessa kvinnu sem að kemur í þitt hús eins og hann gjörði Rakel og Lea hverjar báðar að uppbyggðu Israelis hús og vaxi (hún) mjög í Efrata og verði prísuð í Betlehem. 12Og verði þitt hús sem hús Peres hvern að Tamar fæddi Júda, af því afsprengi sem DROTTINN skal gefa þér af þessari ungri kvinnu.“

13Svo gekk nú Bóas að eiga Rut. Og þá hann gekk inn til hennar þá gaf Guð henni að hún varð ólétt og fæddi einn son. Þá sögðu kvinnurnar til Naemí: „Lofaður sé DROTTINN sem að eigi vildi láta þig erfingjalausa á þessum tíma svo að hans nafn skyldi blífa í Ísrael. 14Þá sögðu kvinnurnar til Naemí: 15Hann mun endurlífga þig og annast þína elli því að þín sonarkvinna sem þig elskaði hefur fætt þann sem þér er betri en sjö synir.“ 16Og Naemí tók barnið og lagði það í sitt skaut og fóstraði það upp. 17Og hennar grannkonur gáfu því nafn og sögðu: „Naemí er fæddur einn son“ og nefndu hann Óbeð. Hann er faðir Jesse, föður Davíðs.

18Þetta er Peres kynkvísl: Peres gat Hesrón, 19Hesrón gat Ram, Ram gat Amínadab, 20Amínadab gat Nahasson, Nahasson gat Salma, 21Salma gat Bóas, Bóas gat Óbeð, 22Óbeð gat Jesse, Jesse gat Davíð.

Endir Bókarinnar Rut

FYRSTA BÓK SAMUELIS
EINNIG ÞEKKT SEM FYRSTA KONUNGSBÓK

1 Þar var einn maður af Ramataím Sófím af fjallbyggð Efraím, hann hét Elkana, son Jeróham, sonar Elíhú, sonar Tógú, sonar Súf sem var af Efrata. 2Hann átti tvær eiginkonur, ein hét Anna en önnur Peninna. En Peninna átti börn, Anna var óbyrja og átti ekkert barn.

3Og þessi maður fór af sinni borg í tilsettan tíma að dýrka Drottin Sebaót og færa honum fórnir í Síló. En þar voru kennimenn DROTTINS á þeim tíma, Ofní og Píneas, þeir voru synir Elí. 4Og það skeði svo á nokkrum degi að Elkana færði fórnir þá gaf hann sinni kvinnu Peninna og öllum hennar sonum og dætrum þeirra hluti. 5En Aunnu gaf hann einn hlut með hryggð því hann elskaði Aunnu en DROTTINN hafði byrgð hennar kvið. 6Og hennar elja hrelldi hana og skapraunaði henni að DROTTINN hafði byrgt hennar kvið. 7Þetta skeði hvert ár þá hann gekk upp til Guðs húss að hún hrelldi hana svo. En Anna grét og neytti öngrar fæðu. 8Þá sagði Elkana hennar bóndi til hennar: „Því grætur þú, Anna, og því neytir þú ekki matar og því hryggist þitt hjarta svo mjög? Er eg þér ekki betri en tíu synir?“

9Eftir það stóð Anna upp þá hún hafði etið og drukkið í Síló (en Elí kennimaður sat á stóli fyrir musterisdyrum DROTTINS) 10og hún var með beiskum hug, bað til Drottins grátandi, 11hét á hann og sagði: „DROTTINN allsherjar, ef þú virðist á að líta eymd ambáttar þinnar og minnast mín og gleyma ekki þinni ambátt og viljir þú gefa þinni ambátt einn son þá skal eg gefa hann DROTTNI alla hans lífdaga og enginn hárhnífur skal snerta hans höfuð.“ 12Og sem hún lengdi bæn sína fyrir DROTTNI þá hugði Elí að hennar munni. 13Því Anna baðst fyrir í sínu hjarta en hennar varir hrærðust aðeins en ekki mátti heyra hennar orðaskil. Þá ætlaði Elí hana vera drukkna 14og sagði til hennar: „Hversu lengi vilt þú vera drukkin? Lát vínið renna af þér það sem með þér er.“ 15Anna svaraði og sagði: „Nei, minn herra, eg er ein sorgfull kvinna. Hverki hefi eg drukkið vín né áfengan drykk heldur hefi eg útausið hjarta mínu fyrir DROTTNI. 16Ætla þú mig ekki, þína ambátt, að vera sem eina af dætrum Belíal. Því allt hér til hefi eg talað af mikilleik míns angurs og ekka.“ 17Þá svaraði Elí og sagði: „Far þú í friði. Ísraels Guð mun veita þér þá bæn sem þú hefur hann beðið.“ 18Hún sagði: „Lát þína ambátt finna náð fyrir þínum augum.“ Svo gekk kvinnan heim aftur sinn veg, tók fæðu til sín og var ekki síðan svo hrygg.

19Að morni dags risu þau Helkana upp snemma og sem þau höfðu dýrkað DROTTIN þá sneru þau aftur og komu heim til Ramat. Og Elkana kenndi sína kvinnu Annam og DROTTINN minntist hennar. 20Og eftir nokkra daga varð hún þunguð og fæddi einn son og nefndi hann Samúel, „því eg hefi“ sagði hún „með bæn fengið hann af DROTTNI.“

21Og sem Elkana fór upp með öllu sínu hyski að færa DROTTNI fórnir venjulegar og heit sín 22þá var Anna eftir og sagði til síns húsbónda: „Þegar barnið er af brjósti vanið þá vil eg skila honum svo hann skal birtast fyrir DROTTNI og sé þar ævinlega.“ 23Elkana, hennar húsbóndi, sagði til hennar: „Gjör svo sem þér sýnist best fallið og far ei fyrri upp en þú hefur afvanið hann. Staðfesti DROTTINN hvað hann

hefur mælt.“ 24Svo var kvinnan heima og hafði sinn son á brjósti þar til að hún afvandi hann. Eftir það þá hún hafði hann af brjósti vanið færði hún hann upp til Síló með þremur uxum, einum efa mjöls og einum legli víns og bar hann inn í Guðs hús í Síló. Og sveinninn var þá enn ungur 25og þeir sæfðu einn uxann og færðu barnið til Elí. 26Og hún sagði: „Minn herra, svo sannarlega sem þín sál lifir, minn herra, þá er eg sú sama kvinna sem að stóð hér fyrir þér ákallandi DROTTIN 27þann tíma sem eg bað um þetta barn. Nú hefur Drottinn veitt mér mína bæn þá sem eg bað hann. 28Því gef eg hann nú DROTTNI alla hans lífdaga með því hann er með bæn fenginn af DROTTNI.“ Og þau dýrkuðu DROTTIN í þeim sama stað.

2 Og Anna baðst fyrir og sagði: „Mitt hjarta gleður sig í DROTTNI og mitt horn er upphafið í DROTTNI. Minn munnur opnaðist mjög yfir mínum óvinum því eg gleð mig í þínu hjálpræði. 2Þar er enginn svo heilagur sem DROTTINN og fyrir utan þig er enginn annar. Og þar er enginn svoddan frelsari sem vor Guð er. 3Afleggið yðvart dramb og hrokan, látið það gamla í burt af yðrum munni, því DROTTINN er einn Guð sem gaumgæfir það og lætur ekki svoddan fyrirætlan lukkast.

4Boginn þeirra öflugu er brotinn en þeir veiku eru umgyrtir með styrkleika. 5Þeir inu söddu eru seldir fyrir brauð en þeir sem líða hungur hungra ekki meir, þar til að sú in óbyrja fæddi sjö og sú sem mörg börn hafði varð veik.

6DROTTINN deyðir og lífgar, færir niður til helvítis og í burt aftur það an. 7DROTTINN gjörir fátækan og so ríkan, hann lítillækkar og hann upphefur. 8Hann upplyftir þeim þurftuga úr duftinu og upphefur þann fátæka úr saurnum svo hann setji hann á meðal höfðingjanna og lætur hann erfa stól dýrðarinnar. Því endir veraldarinnar heyrir DROTTNI til og þar upp á setti hann jarðarkringluna.

9Hann mun varðveita fætur sinna heilagra en þeir óguðlegu skulu verða að öngu í myrkrinu því að stór magt hjálpar öngvum. 10Þeir sem keppa við DROTTIN skulu falla í grunn, hann lætur skruggur af himni koma yfir þá. DROTTINN mun dæma veraldarinnar enda og mun gefa sínum kóngi magt og upphefja horn síns Hins smurða.“

11Og Elkana gekk heim til Ramót í sitt hús. Og sveinninn var þénari Guðs hjá Elí kennimanni.

12En synir Elí voru skálkar, synir Belíals, þeir hirtu ekki um DROTTIN, eigi heldur um embætti kennimannskaparins fyrir fólkinu. 13Þá nokkur vildi færa fórn þá kom prestsins þénari á meðan kjötið sauð og hafði í hendi soðkrók með þrimur greinum 14og hjó honum í ketilinn, pönnuna eða pottinn og hvað helst sem hann færði upp með soðkróknum það tók presturinn til sín. Svo gjörðu þeir við allt Israelisfólk sem kom til Síló. 15Sömuleiðis áður en það feita var upptendrað þá kom prestsins þénari til þeirra sem fórnina færðu og sagði: „Gef mér kjöt að steikja fyrir prestinn því hann vill ekki taka soðið kjöt af þér heldur hrátt.“ 16Ef nokkur sagði þá til hans: „Lát það feita verða upptendrað fyrst svo sem siður er til í dag og tak síðan hvað þitt hjarta lystir“ þá svaraði hann: „Þú skalt nú í stað gefa mér það en viljir þú ekki þá skal eg taka það með afli.“ 17Því var þessara sveina synd mjög stór fyri DROTTNI því fólkið lastaði DROTTINS matarfórnir.

18Samúel þjónaði fyrir DROTTNI klæddur líkyrtli af líni. 19Þar til gjörði hans móðir honum einn lítinn kyrtil og færði hann honum upp á ákveðnum tíma þá hún gekk upp með sínum bónda fórnir að færa í heyrilegan tíma. 20Og Elí blessaði Elkana og hans kvinnu og sagði: „DROTTINN gefi þér sæði af

þinni kvinnu sökum þeirrar bænar sem hún bað DROTTIN.“ Og þau gengu til síns heimilis. 21En DROTTINN vitjaði Aunnu svo að hún varð ólétt og fæddi þrjá sonu og tvær dætur. En sveinninn Samúel óx upp fyrir DROTTNI.

22Elí var orðinn mjög gamall og heyrði allt það sem hans synir gjörðu öllu Israelisfólki og að þeir lágu með þeim kvinnum sem þjónuðu fyrir vitnisburðarins tjaldbúðardyrum. 23Og hann sagði til þeirra: „Því gjöri þið slíkt? Eg heyri ykkart vont athæfi af öllu þessu fólki. 24Ekki svo, mínir synir, það er ekki gott rykti sem eg heyri, þið komið Guðs fólki til yfirtroðslu. 25Þó að maður misgjöri við mann þá kann dómarinn að slétta þar yfir. En ef nokkur syndgast í móti DROTTNI, hver kann þá að biðja fyrir hann?“ En þeir hlýddu ekki þeirra föðurs orðum því að DROTTINN vildi slá þá í hel.

26En sveinninn Samúel óx með aldri og var þekkur bæði Guði og mönnum.

27En þar kom einn Guðs maður til Elí og sagði til hans: „Svo segir DROTTINN: Eg opinberaði mig fyrir þíns föðurs húsi þá þeir enn voru í Egyptalandi í húsi Pharaonis. 28Og eg útvaldi mér hann af öllum Ísraels kynkvíslum til kennimannsskapar að hann skyldi færa fórnir yfir mitt altari og upptendra reykelsi og bera þann lífkyrtil fyrir ásýnd minni og eg gaf þínu föðurs húsi allan Ísraelssona eld. 29Hvar fyrir bakspyrnir þú við mínum fórnum og matoffri sem eg bauð (að offra) í tjaldbúðinni? Og þú vegsamar þína sonu meir en mig að þér alið yður með því besta af öllu matoffri Israelisfólks. 30Og því segir DROTTINN Ísraels Guð: Eg hefi talað að þitt hús og þíns föðurs hús skyldi ganga fyrir mér ævinlega. En nú segir DROTTINN: Það sé langt frá mér, heldur hver mig heiðrar þann vil eg og heiðra og sá mig foraktar hann skal fyrirlitinn verða. 31Sjá, sá tími skal koma að eg vil í sundurbrjóta þinn armlegg og þíns föðurs húss armlegg og þar skal enginn gamall verða í þínu húsi. 32Og þú skalt sjá þinn mótstandara í tjaldbúðinni í öllum þeim farsællegum hlutum sem Ísrael skal til falla og þar skal enginn gamall verða í þíns föðurs húsi ævinlega, 33þó vil eg öngvan uppræta af þér frá mínu altari, svo að þín augu ofskyggnist og þín sál syrgi og mestur fjöldi af þínu húsi skal deyja nær þeir eru komnir til manna. 34Og það skal vera þér eitt merki sem koma skal yfir þína tvo syni, Ofní og Píneas, að á einum degi skulu þeir báðir deyja. 35Og eg vil uppvekja mér einn trúlyndan kennimann. Hann skal gjöra það sem að líkar mínu hjarta og minni sálu og eg vil byggja honum eitt staðfast hús að hann gangi alla daga fyrir mínum Smurða. 36Og hver sem eftirblífur í þínu húsi hann skal koma og falla niður fyrir honum fyrir einn silfurpening og fyrir einn bita brauðs og skal segja: Kæri, lát mig ná einum kennimannshlut so eg megi eta einn bita brauðs.“

3 Og sem sveinninn Samúel þjónaði DROTTNI fyrir Elí þá var Guðs orð dýrt á þeim sama tíma og þar urðu sjaldan vitranir.

2Og það skeði svo á þeim sama tíma að Elí lá í sínum stað og hans augu voru næsta blind svo hann mátti ekki sjá. 3Og Samúel hafði lagt sig í musteri DROTTINS þar sem Guðs örk var áður en Guðs lampar slokknuðu. 4Og DROTTINN kallaði: „Samúel.“Hann svaraði: „Sjá, hér er eg.“ 5Og hann rann til Elí og sagði: „Sjá, hér er eg, þú kallaðir mig.“ Hann sagði: „Eg kallaði þig ekki. Far aftur til hvílu þinnar og sof.“ Og hann gekk í burt og lagði sig aftur til svefns. 6Og DROTTINN kallaði enn eitt sinn: „Samúel.“ Og Samúel stóð upp og gekk til Elí og sagði: „Sjá, hér er eg, þú kallaðir mig.“ Hann svaraði: „Eigi kallaði eg þig, minn son. Far burt aftur og legg þig að sofa.“ 7En Samúel þekkti þá enn

ekki DROTTIN og mál DROTTINS hafði þá
enn ekki birst fyrir honum. [8]Og
DROTTINN kallaði Samúel í þriðja sinn.
Og hann stóð upp og gekk til Elí og
sagði: „Sjá, hér er eg, þú kallaðir mig.“
Þá merkti Elí að DROTTINN kallaði svein-
inn [9]og sagði til hans: „Far í burt aftur
og legg þig að sofa. Og verði oftar kall-
að á þig þá svara þú: Tala þú, DROTTINN,
því þinn þénari heyrir það.“ Samúel
gekk í burt og lagði sig í sinn sama stað.
[10]Þá kom DROTTINN og gekk þangað
og kallaði sem fyr: „Samúel,
Samúel.“Og Samúel svaraði: „Tala þú
því þinn þénari heyrir.“ [11]Og DROTTINN
sagði til Samúel: „Sjá, eg gjöri einn hlut
í Ísrael og hver það heyrir þar skal
klingja fyri báðum hans eyrum. [12]Á
þeim degi vil eg upvekja yfir Elí það eg
hefi talað í móti hans húsi. Eg vil upp-
byrja og fullkomna það. [13]Því eg hefi áð-
ur undirvísað honum það að eg vil vera
dómari yfir hans húsi ævinlega sökum
þess misgjörnings að hann vissi hversu
hans synir breyttu sér skammarlega og
hann leit ekki eitt sinn reiðuglega þar
til. [14]Því sór eg Elí húsi að þessi Elí
hússins misgjörningur skyldi ekki
verða forlíktur, hverki með fórnum né
matoffri, ævinlega.“

[15]Og Samúel lá allt til morguns og
lauk upp dyrum á DROTTINS húsi. En ei
þorði hann að segja Elí þessa sýn. [16]Þá
kallaði Elí hann og sagði: „Samúel,
minn son.“ Hann svaraði: „Sjá, hér er
eg.“ [17]Elí sagði: „Hvað er það orð
DROTTINS sem þér er sagt? Leyn öngu af
fyrir mér. Guð gjöri þér það og það ef
þú nú leynir nokkru fyrir mér af því
sem þér er sagt.“ [18]Þá sagði Samúel
honum það allt saman og leyndi öngvu
af. En hann sagði: „Hann er DROTTINN,
hann gjörir hvað honum er þekkt.“

[19]Samúel vóx upp og DROTTINN var
með honum og þar féll ekki eitt af öll-
um hans orðum á jörð. [20]Og allur
Ísraelslýður frá Dan til Bersaba vissi að
Samúel var DROTTINS trúlyndur spá-
maður. [21]Og DROTTINN opinberaðist upp
frá þessu í Síló því Drottinn birtist Sam-
úel í Síló fyrir DROTTINS orð. Og Samúel
hóf upp að prédika fyrir öllum Ísrael.

4 Og það skeði að Ísraelslýður dró út
í mót þeim Philisteis í bardaga og
setti sínar herbúðir hjá Ebeneser. En
þeir Philistei höfðu sett herbúðir í Afek
og bjuggust til bardaga í mót Ísrael. [2]Og
bardaginn riðlaðist víða um völlu so að
Ísraelslýður féll fyrir Philisteis. Og þeir
felldu af fylkingum þeirra hartnær fjög-
ur þúsund manns. [3]En sem fólkið kom
til herbúða þá sögðu þeir elstu af Ísrael:
„Því mun DROTTINN hafa látið oss falla í
dag fyrir þeim Philisteis? Vér viljum
sækja sáttmálsörk DROTTINS af Síló og
flytja hana hingað til vor og látum hana
vera millum vor so hún frelsi oss frá
vorra óvina höndum.“ [4]Og almúginn
sendi boð til Síló og lét sækja þaðan
Guðs allsherja sáttmálsörk sem situr
yfir kerúbím. Og þeir tveir Elísynir
voru þar með Guðs sáttmálsörk, Ofní
og Píneas.

[5]Og þegar sáttmálsörk DROTTINS kom
í herbúðir þá æpti allur Ísrael eitt mikið
fagnaðaróp so að jörðin tók eftir. [6]En
sem Philistei heyrðu svoddan gleðihróp
þá sögðu þeir: „Hvað mun merkja
svoddan óp mikils fagnaðarháreystis í
herbúðum ebreskra manna?“ Og sem
þeir vissu að DROTTINS örk var komin í
þeirra herbúðir [7]þá óttuðust þeir og
sögðu: „Guð er kominn í herbúðirnar“
og sögðu enn framar meir: „Vei oss! Ei
gekk so til fyrr! [8]Vei oss! Hver vill frelsa
oss af þeim megtugum Guða höndum?
Þetta eru þeir Guðir sem slógu Egypta-
land með allra handa plágum í eyði-
mörkinni. [9]So styrkist nú og verið
hraustir, þér Philistei, so þér þurfið
ekki að þjóna Ebreis líka so sem þeir
hafa þjónað yður. Berjist nú kallmann-
lega!“ [10]Philistei hlupu þegar á Ísrael
með bardaga svo að Israelismenn urðu
slegnir og flýðu hver og einn til síns

heimilis. Og þar varð mikið mannfall svo að þar féllu af Ísrael þrjátígi þúsund fótgönguliðs. 11Og Drottins örk varð hertekin af Philisteis og þar féllu báðir synir Elí, Ofní og Píneas.

12Einn maður af Benjamín flúði úr bardaganum og kom til Síló þann sama dag og hann hafði rifið sín klæði og ausið moldu yfir höfuð sér. 13Og sjá, þá hann kom þar sat Elí á einum stóli svo hann mætti sjá til vegarins. Því hann var hugsjúkur um örk DROTTINS. Og sem maðurinn kom í staðinn þá kunngjörði hann hvað skeð var og allur staðurinn grét með hárri röddu. 14En sem Elí heyrði háreysti þessa gráts þá spurði hann: „Hvað veit þetta hark og háreysti?“ Þá kom inn sami maður þegar og sagði Elí frá allt hvað títt var 15(en Elí var átta og níutígi ára gamall og hans augu voru orðin ofskyggn so hann sá ekki). 16Þá sagði komumaður til hans: „Eg er kominn og flýað eg í dag úr bardaga.“ Elí svaraði: „Minn son, hvað er þar tíðinda?“ 17Komumaðurinn svaraði honum og sagði: „Ísraelsfólk flýði fyrir Philisteis og þar varð eitt mikið mannfall, svo eru og dauðir báðir þínir synir, Ofní og Píneas, hér með er Guðs örk hertekin.“ 18En þegar hann nefndi Guðs örk þá féll Elí aftur á bak af stólnum hjá portinu og hálsbrotnaði og andaðist. Því hann var gamall og líkamaþungur maður. Hann dæmdi yfir Ísrael í fjörutígi ár.

19Og hans sonarkona, Píneas kvinna, var með barni og átti skammt eftir að fæða sitt fóstur. En sem hún heyrði þessi tíðindi, að Guðs örk var hertekin og að hennar maður og mágur voru dauðir laut hún niður og varð léttari því að jóðsótt greip hana. 20Og í því sem hún andaðist þá sögðu þær kvinnur sem sátu yfir henni: „Óttast þú ekki því að þú hefur einn ungan son.“ En hún ansaði öngvu og gengdi því ekki. 21Þá kallaði hún barnið Íkabóð og sagði: „Dýrðin er horfin frá Ísrael“ sökum þess að Guðs örk var hertekin og sökum síns manns og síns mágs. 22Hún sagði og í annað sinn: „Vegsemdin er í burtu frá Ísrael því Guðs örk er hertekin.“

5 Og þeir Philistei tóku nú Guðs örk og fluttu hana frá Ebeneser til Asdód 2og létu hana í musteri Dagón og settu hana hjá Dagón. 3En sem þeir af Asdód stóðu árla upp þess annars dags þá fundu þeir Dagón dottinn á jörðu niður og lá þar á grúfu fyrir DROTTNI. En þeir tóku Dagón og settu hann upp aftur í sinn stað. 4Annars dags sem þeir stóðu snemma upp þá fundu þeir Dagón enn aftur dottinn á jörð niður liggjanda á grúfu yfir Guðs örk en hans höfuð og báðar hans hendur voru afbrotnar um þrösköldinn en bolurinn lá alleina fyrir sig. 5Því stíga ekki Dagóns prestar og allir þeir sem ganga í Dagóns hús á þröskuld nær þeir ganga fyrir Dagón þar í þeim stað Asdód inn til þessa dags.

6Og Guðs hönd varð þung yfir þeim í Asdód og fordjarfaði þá og sló þá menn í þeirra leynilegan þarfagang í Asdód og öllum hennar landamerkjum. 7En þá fólkið í Asdód sá að það gekk svo til sagði það: „Látið Ísraels Guðs örk fara frá oss og höldum henni hér ekki lengi því hans hönd er of hörð yfir oss og yfir vorum guði Dagón.“ 8Og þeir sendu boð út og söfnuðu öllum Philisteis höfðingjum til sín og sögðu: „Hvað skulum vér gjöra með Israelis Guðs örk?“ Þá svöruðu þeir: „Látið þá af Gað bera Israelis Guðs örk um kring.“ Og þeir báru Israelis Guðs örk um kring. 9Og þá þeir báru hana um kring þá varð eitt mikið upphlaup í stöðunum fyrir Guðs hönd og hann sló fólkið í stöðunum, bæði stóra og smáa, so að fúnuðu leynilegir vegar þarfagangsins á þeim.

10Þá sendu þeir örk DROTTINS til Ekron. En sem Guðs örk kom til Ekron þá æptu þeir í Ekron: „Þeir bera Guðs

örk um kring til mín að slá mig í hel og mitt fólk.“ [11]So sendu þeir boð og samankölluðu alla höfðingja Philisteis og sögðu: „Sendið Ísraels Guðs örk í burt aftur í sinn stað svo hún drepi ekki mig né mitt fólk.“ Því að Guðs hönd gjörði einn mikinn ókyrrleik í aullum borgum með miklu mannfalli. [12]En þeir menn sem ekki dóu þeir voru slegnir í leyndum limum síns líkama svo að ýlfran borgarinnar gekk upp í himininn.

6 Og sem örk Drottins hafði verið sjö mánuði í landi Philisteis [2]þá kölluðu Philistei saman presta sína og spásagnarmenn og sögðu: „Hvað skulum vér gjöra af örk Drottins? Segið oss hvar með vér skulum senda hana í sinn stað?“ [3]Þeir svöruðu: „Ef þér viljið senda Israelis Guðs örk í burt þá sendið hana ekki tóma heim heldur skulu þér bitala henni skuld yðvarra synda. Svo verði þér heilir og munu þér fá að vita hvar fyrir hans hönd líður ekki frá yður.“ [4]En þeir svöruðu: „Hvað skuldoffur er það sem vér skulum gefa henni?“ Þeir sögðu: „Það eru fimm bakhlutir af gulli gjörðir og fimm mýs af gulli eftir töllu fimm Philisteis höfðingja. Því það hefur verið eins plága yfir yður öllum og svo yðar höfðingjum. [5]Og þessi ker skulu svo að mynd gjörð vera sem yðar gumpar og so sem yðar mýs sem fordjarfað hafa yðart land, so þér gefið Israelis Guði dýrðina. Ske má að hans hönd létti af yður og yðar guði og svo af yðru landi. [6]Því forherði þér yðar hjörtu sem þeir í Egyptalandi og faraó forhertu sín hjörtu? Skeði það ekki þá hann plágaði þá þá gáfu þeir fólkinu burtfararleyfi? Og það fór í burt. [7]Svo farið nú til og gjörið einn nýjan vagn og takið tvær nýbærar kýr þær sem aldregi hafa undir ok komið og beitið þær fyrir vagninum en látið þeirra kálfa vera heima. [8]Takið síðan Drottins örk og setjið hana á vagninn og þau ker af gulli sem þér gefið henni til skuldoffurs þa leggið í einn kistil þar hjá og sendið hana af stað og látið hana fara. [9]Og hyggið að: Ef hún fer á þann veg sinna landamerkja til Bet Semes þá hefur hann gjört oss allt þetta hið vonda. En ef ekki sker svo þá skulu vér vita að hans hönd hefur ekki snortið oss heldur hefur oss þvílíkt skeð með öðrum atburð.“

[10]Og fólkið gjörði svo og þeir tóku tvær ungar nýbærar kýr og beittu þeim fyrir vagninn en héldu þeirra kálfum eftir heima. [11]Og þeir settu örk Drottins í vagninn og so kistilinn í hverjum að voru gullmýsnar og so myndirnar þeirra bakhluta. [12]Og kýrnar gengu réttan veg til Bet Semes rakleiðis og þær gengu baulandi og þær viku ekki af hverki til hægri né til vinstri síðu. Og höfðingjar þeirra Philisteis gengu eftir þeim allt til Bet Semes landamerkja. [13]Þeir Bethsamite voru að hveitikornskurði í einum dal á þeim tíma og þeir upplyftu sínum augum og sáu örkina og þeir glöddust er þeir sáu hana. [14]Og vagninn kom að Jósúa Betsemites akri og nam þar staðar. Og þar var einn stór steinn og þeir klufu í sundur trén af vagninum og offruðu Drottni kúnum til brennioffurs. [15]Og Levítarnir tóku Guðs örk af vagninum og so kistilinn sem þar var hjá í hverjum að þau gullker voru og settu örkina á þann stóra stein. En fólkið af Bet Semes færði Drottni á þeim sama degi brennifórnir og svo aðrar fórnir. [16]Og sem þeir fimm Philistei höfðingjar sáu þetta sneru þeir aftur á þeim sama degi til Ekron.

[17]Þessir eru þeir gullbakhlutir sem Philistei gáfu Drottni til skuldoffurs: Asdód einn, Gasa einn, Asklón einn, Gat einn og Ekron einn [18]og þær gullmýs eftir tölu borganna Philistinorum sem voru undir valdi þeirra fimm höfðingja, bæði af múruðum borgum og þorpum og til þess stóra Abel sem þeir settu Guðs örk upp á, allt til þessa dags,

á Jósúa Bethsemiters akri. [19]Og það skeði að nokkrir af þeim Bethsemiter voru slegnir sökum þess að þeir sáu Guðs örk. Og hann sló af fólkinu fimmtígi þúsund manns og sjötígi. Þá grét fólkið að DROTTINN hafði gjört so mikið mannfall í lýðnum. [20]Og fólkið af Bet Semes sagði: „Hver kann að standast fyrir DROTTNI, svo heilögum Guði, og hvert skal hann fara frá oss?“ [21]og þeir sendu boð til borgaranna í Kirjat Jearím og létu segja þeim: „Þeir Philistei hafa flutt örk DROTTINS aftur. Komið ofan hingað og flytjið hana upp til yðar.“

7 So komu þeir af Kirjat Jearím og fluttu örk DROTTINS og færðu hana inn í Abínadab hús í Gíbea. Og hans son Eleasar helguðu þeir að hann skyldi varðveita örk DROTTINS. [2]Og frá þeim degi að örk Drottins var í Kirjat Jearím þá liðu langar stundir fram þar til það urðu tuttugu ár og allt Ísraelsfólk grét fyrir DROTTNI.

[3]Þá talaði Samúel til alls Israelisfólks: „Ef að þér snúið yður til DROTTINS af öllu yðar hjarta og þjónið honum alleina þá mun hann frelsa yður af hendi Philistinorum.“ [4]Þá snöruðu Israelissynir burt frá sér Baalím og Astarót og þjónuðu DROTTNI einum.

[5]Og Samúel sagði: „Samansafnið öllum Israelissonum til Mispa so að eg megi biðja til DROTTINS fyrir yður.“ [6]Og fólkið kom til samans í Mispa og jusu vatni og helltu því út fyrir DROTTIN og föstuðu þann sama dag og sögðu í þeim sama stað: „Vér höfum syndgast í móti DROTTNI.“ Og Samúel var dómandi yfir Ísraelssonum í Mispa. [7]En sem Philistei heyrðu það að Israelissynir voru komnir saman í Mispa á drógu höfðingjar Philistinorum upp í móti Ísrael. Og sem Ísraelssynir heyrðu það óttuðust þeir fyrir Philisteis [8]og sögðu til Samúels: „Lát þú ekki af að biðja fyrir oss til DROTTINS vors Guðs að hann frelsi oss frá hendi Philistinorum.“ [9]So tók Samúel eitt mjólkurlamb og færir DROTTNI heilt brennioffur og bað til DROTTINS fyrir Ísrael. Og DROTTINN bænheyrði hann. [10]Og þegar Samúel offraði brennioffrinu þá komu Philistei og hlupu á Ísrael með bardaga. En DROTTINN lét falla miklar reiðarþrumur yfir Philisteos á þeim sama degi og hræddi þá so að þeir féllu fyrir Ísrael. [11]Eftir það drógu Ísraelsmenn út af Mispa, ráku flóttann þeirra Philistinorum og slógu þá allt til Betkar.

[12]Síðan tók Samúel einn stein og setti hann í millum Mispa og Sen og kallaði hann Ebeneser og sagði: „Allt hingað til hefur DROTTINN hjálpað oss.“ [13]So urðu Philistei undirþrykktir og komu ekki upp þaðan í Ísraels landamerki. Og DROTTINS hönd var mót Philisteis so lengi sem Samúel lifði. [14]Síðan fengu Israelissynir sínar borgir aftur þær sem Philistei höfðu tekið frá þeim frá Ekron og inn til Gat með þeirra ummerkjum, þeim náði Ísrael aftur af hendi Philistinorum. Því að Ísrael hafði frið með þá Amoriter. [15]Og Samúel dæmdi Ísrael sína lífstíð. [16]Og hann fór hvert ár um kring til Betel og Gilgal og Mispa. Og sem hann hafði dæmt Ísrael í öllum þessum stöðum [17]þá kom hann til Ramat aftur því þar var hans hús og þar dæmdi hann Ísrael. Og þar byggði hann DROTTNI eitt altari.

8 Sem Samúel tók að eldast setti hann sonu sína dómendur yfir Ísrael. [2]Hans frumgetinn son hét Jóel en sá annar Abía og þeir voru dómendur í Bersaba. [3]En hans synir gengu ekki eftir hans vegum heldur hneigðust þeir til ágirndar og meðtóku gjafir af mönnum og hölluðu réttinum.

[4]Þá samansöfnuðust allir inu elstu menn af Ísrael og komu til Ramat til Samúel [5]og sögðu til hans: „Sjá, þú ert nú orðinn gamall og þínir synir ganga ekki í þín fótspor. Þar fyrir set þú einn

kóng yfir oss þann yfir oss kann að dæma so sem allar þjóðir hafa.“ 6En þetta mislíkaði Samúel að þeir sögðu: „Set yfir oss kóng sem kann að dæma yfir oss.“ Og Samúel bað til DROTTINS. 7Og DROTTINN sagði til Samúel: „Hlýð þú orðum fólksins í öllu því sem það talar við þig. Því þeir hafa ekki útskúfað þér heldur mér að eg skuli ekki vera kóngur yfir þeim. 8Þeir gjöra við þig svo sem þeir hafa ætíð gjört frá þeim degi sem eg færði þá út af Egyptalandi allt til þessa dags og hafa yfirgefið mig og þjónað öðrum guðum. 9Þar fyrir hlýð þú nú þeirra raust en þó skalt þú vitna fyrir þeim og undirvísa þeim kóngsins rétt sem stjórna skal yfir þeim.“

10Og Samúel sagði fólkinu öll þessi orð DROTTINS, þeim sem beiddust kóngsins af honum: 11„Þetta skal vera kóngsins réttur sem stjórna skal yfir yður: Hann skal taka yðar sonu til sinna vagna og gjöra þá riddara og fyrirrennara sem hlaupa skulu fyrir hans vögnum. 12Og suma mun hann setja til höfðingja yfir þúsund og yfir fimmtígi og suma skal hann gjöra að akurverksmönnum sem vinna skulu hans akra og suma að kornskurðarmönnum og suma að tilreiða hans herklæði og það sem heyrir til hans vögnum. 13Yðar dætur mun hann gjöra sér að þjónustukonum til smyrslagjörðar og matargjörðar og brauðbaksturs. 14Hann skal og taka yðar bestu akra og víngarða og oleugarða og gefa það sínum þénurum. 15Hér með skal hann og taka tíund af yðar sæðum og víngörðum og gefa sínum geldingum og þénurum. 16Hann skal og taka yðar þénara og þjónustupíkur og yðar fegurstu ungmenni og yðar asna til sinnar vinnu. 17Hann skal og taka tíundir af yðar hjörð og þér skuluð vera hans undirgefnir þrælar. 18Og þá þér kveinið á þeim tíma undan yðar kóngi sem þér hafið útvalið yður þá skal DROTTINN ekki bænheyra yður á þeim sama tíma.“ 19Og fólkið vildi ekki hlýða Samuelis fortölum og sögðu: „Í öngvan máta, heldur skal kóngur vera yfir oss 20so vér megum vera so sem allar aðrar þjóðir so að vor kóngur megi dæma yfir oss og fara út fyrir oss í bardaga vora.“ 21En Samúel hlýddi öllu því sem fólkið mælti og tjáði þetta fyrir DROTTNI. 22Og DROTTINN sagði til Samúel: „Hlýð þeirra raust og set þeim einn kóng.“ Síðan sagði Samúel til Israelismanna: „Farið heim hver í sinn stað.“

9 Maður er nefndur Kís af ætt Benjamín, sonur Abíel, sonar Serór, sonar Bekórat, sonar Apía, sonar Jemíní, nafnkunnugur maður. 2Kís átti einn son sem hét Saul. Hann var ungur og ásjálegur maður svo þar var enginn dægilegri á meðal Israelissona, hann var höfði hærri en allir aðrir menn.

3Kís faðir Saul hafði misst sínar ausnur. Og hann sagði til síns sonar Saul: „Tak einn af þénurunum með þér og tak þig upp og far og leita að ausnunum.“ 4Og hann fór og gekk í gegnum Efraímsfjallbyggðir og um Salísaland og fann þær ekki. Þar með gengu þeir um land Saalím og þær voru þar ekki. Þeir gengu í gegnum Jemíníland og fundu þær ekki. 5En er þeir komu í landið Súf þá sagði Saul til þess sveins sem með honum var: „Kom og skulum við fara heim aftur. Ske má að minn faðir hafi gleymt ausnunum en sé hugsjúkur um okkur.“ 6En sveinninn svaraði: „Sjá, hér er einn nafnkunnigur maður Guðs í þessum stað og allt það sem hann segir, það skeður. Förum nú þangað, ske má að hann segi okkur vorn veg þann við skulum ganga.“ 7Saul svaraði: „Ef við förum nú þangað hvað höfum við að gefa þeim manni? Því brauðið er í burt af okkar matarpoka, svo höfum við og öngva aðra skenking sem við megum bera þeim Guðs manni. Hvað höfum við?“ 8En sveinninn svaraði Saul aftur og sagði: „Sjá, eg hefi einn fjórða part af einum silfurskildingi hjá mér, þann vilj-

um við gefa þessum Guðs manni svo hann segi okkur okkar veg.“ 9En í forðum tíð í Ísrael var sá siður að þá menn fóru að spyrja ráðs af DROTTNI þá var so mál manna: „Förum vér og göngum til sjáandans“ því að þeir sem nú kallast prophetar þá sömu kölluðu menn í forðum tíð sjáendur. 10Saul sagði til síns sveins: „Þú sagðir vel, förum og finnum hann.“ En sem þeir gengu að staðnum þar Guðs maður var.

11Og nálguðust staðarportið þá fundu þeir meyjar nokkrar sem gengu út að sækja vatn og þeir sögðu til þeirra: „Er sjáandinn hér?“ 12Þær svöruðu þeim og sögðu: „Já, sjá, þar er hann. Flýtið yður því í dag kom hann í staðinn sökum þess að í dag skal fólkið offra á hæðinni. 13Nær þið komið inn í staðinn þá finnið hann áður en hann fer upp í hæðina að snæða. Því að enginn maður fær sér mat fyrr en hann kemur því að hann blessar offrið. Eftir það borða þeir sem boðnir eru. Þar fyrir farið upp því að strax nú munu þið finna hann.“ 14En sem þeir komu upp til staðarins og voru mitt í staðnum, sjá, þá gekk Samúel út í mót þeim og vildi fara upp á hæðina.

15En DROTTINN hafði birt fyrir eyrum Samúel á deginum fyrr áður en Samúel kom: 16„Eg vil senda einn mann til þín á morgun um þennan tíma af landi Benjamín, þann skalt þú smyrja til eins höfðingja yfir mitt fólk Ísrael að hann frelsi mitt fólk af valdi þeirra Philistinorum. Því eg hefi séð til míns fólks og þeirra kall er komið fyrir mig.“ 17Nú sem Samúel sá Saul svaraði DROTTINN honum: „Sjá, það er sá maður af hverjum eg sagða þér að hann skyldi stjórna yfir mitt fólk.“ 18Þá gekk Saul til Samúel í portinu þar hann stóð og sagði: „Seg mér, hvar er sjáandans hús?“ 19Samúel svaraði Saul og sagði: „Eg er sjáandinn, gakk upp undan mér á hæð staðarins því að þið skuluð eta með mér í dag. En á morgun vil eg láta þig fara og eg vil segja þér allt þar býr í þínu hjarta. 20Og um þær ausnur sem þú hefur misst fyrir þremur dögum, ver ekki hugsjúkur því að þær eru fundnar. Og hverjum skal til heyra allt það ið besta sem til er í Ísrael? Skal það eigi vera þitt og alls þíns föðurs húss?“ 21Saul svaraði: „Er eg ekki einn son af Jemíní og af þeirri minnstu ættkvísl í Ísrael og mín ætt er hin sísta á meðal alls Benjamíns kyns og ætternis. Hvar fyrir þá talar þú fyrir mér svoddan?“

22So tók Samúel Saul og hans svein og leiddi þá upp í laufsalinn og setti þá efst á meðal þeirra sem boðnir voru, það var nær þrjátígir manns. 23Og Samúel sagði til kokksins: „Ber hingað það stykki sem eg fékk þér og bauð að þú skyldir geyma það hjá þér.“ 24Þá bar kokkurinn einn bóg fram og það sem þar hékk við. Og hann lagði það fyrir Saul og sagði: „Sjá, það eru afleifar, legg fyrir þig og et því það hefur verið geymt handa þér allt til þessa síðan eg innbauð fólkinu.“

So át Saul með Samúel þann dag. 25Nú sem þeir gengu ofan af hæðinni til staðarins talaði hann með Saul í loftsalnum. 26Og þeir stóðu tímanlega upp og sem að daga tók kallaði Samúel Saul í loftsalinn og sagði: „Statt upp að eg láti þig fara.“ Og Saul stóð jafnsnart upp og þeir gengu út hver með öðrum, Saul og Samúel. 27En sem þeir komu að enda staðarins þá sagði Samúel við Saul: „Seg þínum sveini að hann fari undan okkur.“ Og sveinninn gekk fram undan þeim. „En þú, statt nú kyrr so að eg megi kunngjöra þér hvað Guð hefur sagt.“

10 Eftir þetta tók Samúel eitt glas fullt með oleum og hellti yfir hans höfuð, minntist við hann og sagði: „Sjá þú, að DROTTINN hefur smurt þig til eins höfðingja yfir sína erfð. 2Og sem þú skilur nú við mig þá muntu finna tvo menn hjá Rakels gröf í landamerkjum

Benjamín í Selsa, þeir munu segja þér að ausnurnar eru fundnar þær þú leitaðir eftir. Og sjá, þinn faðir hefur aflagt áhyggju asnanna en er nú hugsjúkur fyrir ykkur og segir: Hvað skal eg til gjöra, minn son kemur ekki? [3]En sem þú snýr framvegis þar frá þá muntu koma til Tabór að einni eik. Þar munu þrír menn mæta þér hverjir upp vilja fara og fórnir færa Guði í Betel. Einn hefur þrjú kið en annar þrjár brauðkaukur en þriðji flösku með vín. [4]Og þeir munu heilsa þér vinsamlega og gefa þér tvö brauð, þau skalt þú meðtaka af þeirra höndum. [5]Þessu næst munt þú koma upp á Guðs hæð þar sem eru herbúðir þeirra Philistinorum. En þá þú kemur í staðinn þá mun flokkur spámanna mæta þér þeir sem koma ofan af hæðinni og þar mun ganga fyrir þeim psalterium, bumbur, pípur og hörpur og þeir munu vera að spá. [6]Og Andi Guðs mun koma yfir þig og þú skalt spá með þeim og svo skalt þú verða að öðrum manni. [7]Og sem þessi teikn eru nú framkomin þá gjör hvað þér að höndum kemur því að Guð er með þér. [8]Og þú skalt fara ofan undan mér til Gilgal. Sjá, þangað vil eg koma ofan til þín til að offra þar brennifórnum og þakkaroffri. En þú skalt bíða í sjö daga þar til eg kem til þín og kunngjöri þér hvað þú skalt gjöra.“

[9]Og sem Saul sneri sér frá Samúel og vildi fara sína leið þá gaf Guð honum annað hjarta og öll þessi teikn komu fram á þeim sama degi. [10]Og sem þeir komu að hæðinni þá kom einn spámannaflokkur í móti honum. Og Guðs andi kom yfir hann svo að hann spáði með þeim. [11]En sem þeir allir sáu hann sem hann áður þekktu að hann spáði með spámönnum þá sagði hver til annars: „Hvað kemur að syni Kís? Hvort er Saul í tölu spámanna?“ [12]Og einn af þeim svaraði og sagði: „Hver er þeirra faðir?“ Þaðan er komið það máltæki: „Er Saul á meðal spámanna?“ [13]En sem hann hafði útspáð þá kom hann upp á hæðina.

[14]Föðurbróðir Saul sagði til hans og til hans sveins: „Hvert fóruð þið?“ Þeir svöruðu: „Við leituðum að ausnum en sem við fundum þær hvergi komum við til Samúels.“ [15]Þá svaraði föðurbróðir Saul: „Seg mér, hvað sagði Samúel til ykkar?“ [16]Saul svaraði sínum föðurbróður: „Hann sagði okkur að ausnurnar væru fundnar.“ En eigi sagði hann honum hvað Samúel hafði mælt um kóngdóminn.

[17]Eftir þetta lét Samúel kalla fólkið saman fyrir DROTTIN í Mispa [18]og sagði til Israelislýðs: „Þetta segir DROTTINN Ísraels Guð: Eg færða Ísrael af Egyptalandi og frelsaði yður af höndum þeirra egypsku og af höndum allra þeirra kóngaríkja sem yður vildu þvinga. [19]Og þér hafið útskúfað yðrum Guði sem yður frelsað hefur af allri yðar ólukku og hörmungum og þér segið til hans: Set einn kóng yfir oss. Nú vel, gangið þá fram fyrir DROTTIN, hver kynkvísl og kynþáttur eftir annan.“

[20]En sem Samúel hafði samankallað allar Israelis ættkvíslir þá féll hlutur yfir Benjamínætt. [21]Og sem hann leiddi ætt Benjamín fram, hverja kynslóð eftir aðra, þá féll hluturinn yfir Matríætt og yfir Saul, son Kís. Og þeir leituðu eftir honum og fundu hann ekki. [22]Þá spurðu þeir DROTTIN framar meir: „Mun hann enn koma hingað?“ DROTTINN svaraði: „Sjá, hann hefur falið sig undir kerinu.“ [23]Svo fóru þeir þangað og fundu hann og leiddu hann þaðan. Og sem hann gekk á milli fólksins þá var hann höfðinu hærri en allt fólk. [24]Og Samúel sagði til alls fólksins: „Þar sjái þér þann sem DROTTINN útvaldi því að enginn er honum líkur á meðal alls fólksins.“ Þá þaut upp allt fólkið með einu hljóði og sagði: „Lukku fái kóngur (vor)!“ [25]Samúel sagði fólkinu allan kóngdómsins rétt og skrifaði í eina bók

og lagði hana fyrir DROTTIN. Síðan lét Samúel allt fólkið fara í burt, hvern í sitt hús. [26]Saul gekk og heim til Gíbea og einn hlutur hersins gekk með honum, hverra hjörtu að Guð hrærði. [27]En nokkrir lausingjar sögðu: „Hvað skal þessi hjálpa oss?“ Og þeir foröktuðu hann og færðu honum öngvar gáfur. En hann lét sem hann heyrði það ekki.

11 Á þessum tíma fór sá höfðingi þeirra Moabitarum sem hét Nahas upp með mikið lið og settist um Jabes í Gíleað. En sem þeir í Jabes heyrðu það sendu þeir allir boð til Nahas og létu svo segja: „Gjör sáttmál við oss, svo viljum vér þjóna þér.“ [2]En Nahas Amoriter svaraði þeim: „Með þessu móti vil eg sáttmál gjöra með yður að eg vil stinga ið hægra auga út á öllum yður og gjöra yður til háðungar á meðal Ísrael.“ [3]Þá svöruðu öldungarnir af Jabessonum og sögðu: „Gef oss sjö daga frest svo að vér megum senda boð til allra landamerkja í Ísrael. Og ef þar finnst enginn sá sem oss frelsar þá viljum vér koma út til þín.“ [4]Svo kom þessi boðskapur fyrir Saul í Gíbea og þeir kunngjörðu svoddan fyrir fólksins eyrum. En sem almúginn heyrði slíkt þá upphófu allir sína raust og grétu.

[5]Og sjá, í þessu bili kom Saul af akri og gekk eftir arðuruxum og sagði: „Hvað er fólkinu að það grætur?“ Og þeir kunngjörðu honum erindi þeirra manna sem komnir voru af Jabes. [6]Þá styrktist Andi Guðs yfir Saul þá hann heyrði þessi orð og hann varð mjög reiður. [7]Og hann tók eitt par uxa og hjó það í sundur í stykki og sendi þau til allra Israelis landamerkja með þessum boðskap og lét svo segja: „Hver sem ekki út fer og fylgir Saul og Samúel þá skal so gjöra hans uxum.“ Þá kom ótti DROTTINS yfir fólkið og það fór út so sem einn maður væri. [9]Og hann skoraði manntal í þeim stað sem kallaðist Basek. Og Israelissynir voru að tölu þrisvar sinnum hundrað þúsund manns en Júda synir þrjátígiþúsund. Og þeir sögðu til sendiboðanna sem komnir voru: „Segið þeim mönnum í Jabes í Gíleað svo: Þér skuluð fá hjálp á morgin þegar sem sólin skín heitt.“ En sem sendiboðarnir komu aftur og kunngjörðu þetta borgarmönnum í Jabes urðu þeir glaðir. [10]Og þeir sögðu (til sinna óvina): „Á morgun skulu vér koma út til yðar, gjörið þá við oss allt hvað þér viljið.“ [11]Og nú sem annar dagur kom þá skipti Saul fólkinu í þrjár fylkingar og þeir komu að þeirra herbúðum árla í dögun og slógu þá Amoniter allt til miðdags. En þeir sem lífinu héldu dreifðust víðs vegar í sundur so að af þeim öllum her voru ekki tveir og tveir til samans.

[12]Þá sagði fólkið til Samúel: „Hvar eru þeir menn sem það sögðu: Skal Saul ríkja yfir oss? Látið þá koma hingað svo að vér drepum þá.“ [13]Saul sagði: „Nei, þar skal enginn deyja á þessum degi því DROTTINN hefur í dag gefið hjálpræði Ísrael.“ [14]Samúel sagði til fólksins: „Komið og skulum vér fara í Gilgal og endurnýja þar kóngsríkið.“ [15]Síðan ferðaðist almúginn til Gilgal og settu þar Saul til kóngs fyrir DROTTNI í Gilgal og offruðu þakkaroffri fyrir DROTTNI. Og Saul og allir Ísraelsmenn urðu þar mjög glaðir.

12 Þá sagði Samúel til alls Israelislýðs: „Sjá, eg var hlýðinn yðar röddu um allt það sem þér sögðuð mér svo eg hefi nú sett einn kóng yfir yður. [2]Og sjáið nú, að yðar kóngur gengur frammi fyrir yður. En eg em nú orðinn gamall og gráhærður og mínir synir eru hjá yður. Og eg hefi nú gengið fyrir yður frá mínum ungdómi allt til þessa dags. [3]Sjáið, eg em nú hér, svarið nú í móti mér fyrir DROTTNI og hans smurða: Ef eg hefi tekið frá nokkrum manni hans uxa eður asna eða hafi eg sýnt nokkrum manni ofríki

eða órétt eða hafi eg þegið gjafir af nokkurs manns hendi og látið blinda mín augu, þá vil eg gjalda yður það aftur.“ 4Þeir svöruðu: „Hverki hefur þú sýnt oss órétt né ofríki og ekkert frá nokkrum manni tekið.“ 5Hann svaraði þeim: „DROTTINN sé vitni í gegn yður og hans smurður á þessum degi að þér hafið ekki neitt fundið í minni hendi.“ Þeir sögðu: „Já, sé þeir þess vitni.“

6Og Samúel sagði til fólksins: „Já, sá Guð sem skapaði Mosen og Aron og færði yðar forfeður af Egyptalandi. 7Svo gangið nú fram að eg megi ganga í rétt með yður fyrir DROTTNI um alla Guðs velgjörninga sem hann hefur veitt yður og yðrum forfeðrum. 8Þá Jakob var kominn í Egyptaland kölluðu yðrir forfeður til DROTTINS. Og DROTTIN sendi Mosen og Aron að leiða yðar forfeður af Egyptalandi og lét þá búa í þessum stað. 9En þá þeir gleymdu DROTTNI sínum Guði seldi hann þá undir vald Síssera hver eð var höfuðsmaður í Hasór og undir vald þeirra Philistinorum og undir vald kóngsins Moabitarum hverjir að herjuðu á þá. 10En þeir kölluðu til DROTTINS og sögðu: Vér höfum syndgast í því að vér yfirgáfum vorn DROTTIN en þjónuðum Baal og Astarót. En frels oss nú af höndum vorra óvina, þá viljum vér þjóna þér. 11Þá sendi DROTTINN Jerúbbaal, Bedan, Jefta og Samúel að frelsa yður af öllum yðar óvina höndum allt um kring og lét yður búa óhrædda. 12En þá þér sáuð að Nahas Amónsona kóngur kom í móti yður sögðu þér til mín: Eigi þú, heldur skal einn kóngur ríkja yfir oss, þar þó að DROTTINN yðar Guð var yðar kóngur. 13Þar hafi þér nú yðarn kóng hvern þér hafið útvalið og beðið um. Því sjá, DROTTINN hefur sett einn kóng yfir yður. 14Sé það svo að þér óttist DROTTIN og þjónið honum og hlýðið hans raust og eruð ekki munni DROTTINS óhlýðugir þá skulu bæði þér og yðar kóngur sem stjórnar yfir yður fylgja DROTTNI yðrum Guði. 15En ef þér hlýðið ekki Guðs raust heldur eruð hans munni óhlýðugir þá mun hönd DROTTINS vera á móti yður og á móti yðar feðrum. 16Gangið hér nú fram og sjáið þann mikla hlut sem að DROTTINN mun gjöra fyrir yðrum augum. 17Er nú ekki hveitikornskurðartími? En eg vil ákalla DROTTIN að hann skal láta koma regn og reiðarþrumur svo að þér skuluð sjá og formerkja þá miklu vonsku sem þér hafið gjört í augliti DROTTINS að þér hafið beðist kóngs yfir yður.“ 18Og sem Samúel kallaði til DROTTINS þá lét DROTTINN koma regn og reiðarþrumur á þeim sama degi. Þá óttaðist allt fólkið mjög Guð og Samúel.

19Og sögðu allir til hans: „Bið DROTTIN Guð þinn fyrir þínum þénurum so vér deyjum ekki. Því að þá vonsku lögðum vér ofan á allra vorar syndir að vér báðunst kóngs yfir oss.“ 20Þá sagði Samúel til fólksins: „Óttist þér ekki. Þér hafið sannlega gjört allt það vonda en víkið þó eigi til baka frá DROTTNI heldur þjónið DROTTNI af öllu yðar hjarta 21og snúið yður ekki til þess fáneyta því að það stoðar ekki par og kann ekki að hjálpa því að það er til einskis. 22En DROTTINN yfirgefur ekki sitt fólk fyrir sökum síns stóra nafns því að DROTTINN hefur uppbyrjað að gjöra yður sér sjálfum til eiginfólks. 23En það skal vera langt frá mér að eg syndgist svo í móti DROTTNI að eg láti af að biðja fyrir yður og að læra yður þann rétta og góða veg. 24Óttist þar fyrir aðeins DROTTIN og þjónið honum trúlega af öllu hjarta. Því að þér hafið séð þau stóru dásemdarverk sem hann hefur gjört við yður. 25En ef þér gjörið það hið illa þá skal bæði kóngur yðar og þér fyrirfarast.“

13 Saul hafði nú verið kóngur í eitt ár og sem hann hafði ríkt í tvö ár yfir Ísrael 2þá útvaldi hann sér þrjár þúsundir manna af Ísrael og lét tvær þúsundir vera með sér í Mikmas

og upp á fjallinu Betel og eitt þúsund lét hann vera með Jónatan í Gíbea Benjamín. [3]En allt annað fólk lét hann frá sér fara, hvern til sinna heimkynna. Og Jónatan sló þá Philisteos í þeirra herbúðum sem voru í Gíbea og þeir Philistei fréttu það. Og Saul lét blása í sína lúðra um allt landið og lét svo segja: „Heyri það Ebrei.“ [4]Og allur Ísrael heyrði sagt: „Saul hefur slegið herbúðir Philistinorum.“ Því að Ísrael lyktaði illa fyrir þeim Philisteis. Og allt fólkið kallaði eftir Saul í Gilgal.

[5]Þá söfnuðust Philistei saman að herja á Ísrael með þrjátígi þúsund vagna, sex þúsund riddara og að auk annað lið so margt sem sjávarsandur. Og þeir fluttu sinn her upp og settu herbúðir fyrir austan Betaven í Mikmas. [6]En sem Ísraelsmenn sáu sína þrenging (því fólkið var kvalið) földu þeir sig í holum, gröfum og fylsnum, í björgum og bjargskorum. [7]En þeir Ebrei gengu yfir Jórdan í land Gað og í Gíleað. En Saul var enn nú í Gilgal og allt fólk var skelft orðið sem honum eftirfylgdi.

[8]Þá beið Saul í sjö daga allt til þeirrar tíðar sem tilsett var af Samúel. En sem Samúel kom ekki til Gilgal þá dreifðist fólkið frá honum. [9]Þá sagði Saul: „Færið mér hingað brennifórnir og þakklætisfórnir.“ Og hann offraði brennifórnum. [10]En sem hann hafði fullkomnað slíkt brennioffur, sjá, þá kom Samúel. Þá gekk Saul út í móti honum til að heilsa honum. [11]Þá sagði Samúel: „Hvað hefur þú gjört?“ Saul svaraði: „Eg sá að fólkið tvístraðist frá mér en þú komst ekki? í ákveðinn tíma en Philistei voru komnir saman í Mikmas. [12]Þá sagða eg: Nú koma Philistei ofan til mín í Gilgal en eg hefi eigi tilbeðið fyrir augliti DROTTINS. Þá neyddunst eg til að færa brennifórnir.“ [13]Samúel svaraði Saul: „Þú gjörðir fávíslega og hefur ei haldið DROTTINS Guðs þíns boð sem hann bauð þér. Því hann hafði staðfest þitt ríki yfir Ísrael ævinlega. [14]En nú skal þitt ríki ekki vera stöðugt. DROTTINN hefur fundið sér einn mann eftir sínu hjarta. Honum hefur DROTTINN boðið að vera höfðingja yfir hans fólk því að þú hefur afrækt Guðs boðorð.“ [15]Og Samúel reis upp og gekk frá Gilgal til Gíbea Benjamín.

En Saul taldi það fólk sem hjá honum var, nær sex hundruð manns. [16]Saul og hans son Jónatan og það fólk sem var hjá honum voru á Benjamíns hæðum. En Philistei höfðu sínar herbúðir í Mikmas. [17]Og þar fóru út þrennir flokkar frá herbúðum Philisteis að foreyða landið: Einn flokkurinn sneri sér á þann veg sem liggur til Ofra, að því landi sem kallaðist Súal, [18]sá annar flokkur sneri á þann veg sem liggur til Bet Hóron en þriðji flokkurinn sneri sér á þann veg sem liggur til Sebóímsdals í eyðimörku.

[19]Á þessum tíma fannst enginn járnsmiður í öllu Israelislandi. Því Philistei hugsuðu: „Þeir Ebrei gjöra sverð og spjót.“ [20]Og allur Ísrael neyddist að fara ofan til þeirra Philisteis þá nokkur hafði eitt plógjárn, graftól, öxar eða ljái [21]að hvessa og þá eggin á ljánum, graftólunum, auxum og plógjárnum var sljó orðin og oddarnir. [22]Nú sem sá dagur kom að þeir skyldu berjast þá fannst hverki sverð né spjót meðal alls þess fólks sem var með Saul og Jónatas utan Saul og hans son hafði vopn. [23]Og her Philisteis fór út fram hjá Mikmas.

14 Það bar til einn dag að Jónatas son Saul sagði til skjaldsveins síns: „Kom, förum hér yfir um til herbúða þeirra Philisteis sem eru þar hinumegin.“ En þetta sagði hann ekki sínum föður. [2]En Saul var staddur við ystu álfu Gíbea undir einu granatatré hvert ed stóð í forstaðnum og það fólk sem var hjá honum var sex hundruð manns að tölu. [3]En á þeim tíma var Ahía, sonur Ahítób, bróðir Íkabóð, son-

ar Píneas, sonar Elí, DROTTINS kennimaður í Síló og bar lífkyrtilinn. Fólkið vissi og eigi heldur að Jónatas var genginn í burt. [4]En í þeim stað sem að vegurinn lá þar Jónatas gekk yfir um til herbúða Philisteis var einstigi upp að ganga millum tveggja hamra. Einn var þessumegin, annar hinumegin. Annar hét Bóses, annar hét Senne. [5]Annar lá fyrir norðan Mikmas en annar suður í móti Gaba. [6]Þá sagði Jónatas til síns skjaldsveins: „Förum hér yfir um til herbúða þeirra óumskornu. Má vel ske að DROTTINN útrétti nokkuð fyrir okkar hendur því að það er Guði ekki um megn að hjálpa svo fyrir fá sem marga.“ [7]Hans skjaldsveinn svaraði honum: „Gjör hvað þér býr í hjarta. Far! Sjá, eg er með þér svo sem þitt hjarta vill.“ [8]Jónatas svaraði: „Nú vel, þá við komum yfir um til fólksins og þeir sjá okkur, [9]ef þeir þá segja svo: Verið kyrrir þar til vér komum til yðar, þá skulum við vera kyrrir og fara ekki upp til þeirra. [10]En ef þeir segja svo: Komið hingað til vor, þá skulu við fara upp til þeirra og höfum það á marki að þá hefur DROTTINN gefið þá í okkar hendur. Og það skulu við hafa að marki.“ [11]Nú sem þeir komu í augsýn Philisteis herbúða þá sögðu Philistei: „Sjá, þar eru Ebrei nú útkomnir af sínum holum þar þeir hafa falist!“ [12]Og þeir úr herbúðunum töluðu til Jónatas og hans skjaldsveins og sögðu: „Komið upp hingað til vor, so viljum vér læra yður það.“ Þá sagði Jónatas til síns skjaldsveins: „Far eftir mér, DROTTINN hefur gefið þá í Israelis hendur.“ [13]Og Jónatas klifraði upp eftir á höndum og fótum og hans skjaldsveinn eftir honum. [14]Þá féllu þeir fyrir Jonatha og hans skjaldsveinn vó jafnan eftir honum. So að í því fyrsta slagi sem Jónatas og hans skjaldsveinn veittu felldu þeir tuttugu menn so sem á hálfu akursrúmi sem tveir uxar kunna að erja á degi. [15]Og skelkur kom yfir herbúðirnar um akrana og yfir allt fólkið í herbúðunum og yfir ránsflokkinn svo að jörðin skalf. Því að sá skelkur var af Guði.

[16]Varðhaldsmenn Saul í Gíbea Benjamín sáu þetta, að herinn flýði og tvístraðist í sundur og riðlaðist hingað og þangað. [17]Þá sagði Saul til sinna manna: „Teljið og hyggið að hver þar er í burt genginn frá oss.“ Og sem þeir hugðu að, sjá, þá var Jónatas og hans skjaldsveinn ekki þar. [18]Þá sagði Saul til Ahía: „Láttu hingað Guðs örk.“ Því að hún var þann tíma hjá Ísraelssonum. [19]En þá að Saul var að tala þetta við kennimanninn þá heyrðist mikill gnýr af hlaupi til herbúða þeirra Philistinorum. Og Saul sagði til kennimannsins: „Lát þína hönd af.“ [20]Og Saul kallaði og allur sá herinn sem með honum var og þeir komu til bardagans og sjá þú að þá var hvers eins sverð í mót öðrum og þar varð eitt mikið hark. [21]En þeir Ebrei sem fyrr voru hjá Philisteis og upp höfðu farið með þeim í herbúðirnar um kring, þeir gáfu sig til Ísrael sem að voru með Saul og Jónatan. [22]Og allir Israelismenn sem sig höfðu hulið á fjallinu Efraím, þá þeir heyrðu að Philistei flýðu gáfu þeir sig til að reka flóttann með öðrum. [23]Og so hjálpaði Guð Ísrael á þessum tíma og bardaginn hélt allt til Betaven.

[24]En sem Israelismenn voru mæddir ornðir á þeim degi þá særði Saul fólkið og sagði: „Bölvaður sé sá maður sem nokkuð etur til þessa kvelds svo að eg fái hefnt mín á mínum óvinum.“ Og enginn át þar nokkuð af öllu fólkinu. [25]Og sem allt landsfólkið kom í nokkurn skóg þá var þar nógt hunangs á mörkinni. [26]Og sem fólkið gekk í skóginn, sjá, þá rann hunangið en enginn maður þorði að drepa sinni hendi það og bera að sínum munni því að fólkið óttaðist kóngsins eið. [27]En Jónatas hafði ekki heyrt þessa særing sem hans faðir særði fólkið. Og hann rétti út sinn staf sem hann hafði í sinni

hendi og drap endanum í hunangið og bar að munni sér. Þá upplyftust hans augu. [28]Þá svaraði einn af fólkinu og sagði: „Þinn faðir sór fyrir fólkinu og sagði: Bölvaður veri hver sá maður sem að etur nokkuð á þessum degi, og fólkið varð vanmegna.“ [29]Þá sagði Jónatas: „Minn faðir hefur sturlað landið. Sjáið hversu mín augu upplyftust sökum þess að eg smakkaði lítið af þessu hunangi. [30]Með því að fólkið mátti ekki eta í dag af herfangi sem það fann eftir sínum óvinum, því hefur ekki þetta slag orðið stærra þeim Philisteis.“ [31]Og þeir slógu þá Philisteos á þeim sama degi frá Mikmas og allt til Ajalon. Og allur herinn var mjög mæddur. [32]Og fólkið snerist að herfanginu og tóku uxa og sauði og kálfa og slátruðu á jörðu og átu hrátt með blóði. [33]Þetta spurði Saul: „Sjá, fólkið syndgast fyrir DROTTNI að það etur með blóði.“ Þá sagði Saul: „Þér hafið illa gjört. Veltið einum stórum steini hingað til mín.“ [34]Og Saul sagði framar meir: „Skiptið yður á milli fólksins og segið því að hver um sig færi sín naut og sauði hingað til mín og sæfi það hér svo þér megið eta það og syndgast ekki meir í móti DROTTNI að eta með blóði.“ Og allt fólkið færði hver um sig sinn uxa með sinni eigin hendi til hans um nóttina og slátruðu því þar. [35]Og Saul byggði DROTTNI eitt altari. Það er það fyrsta altari sem hann uppbyggði DROTTNI.

[36]Og Saul sagði: „Látum oss fara ofan eftir þeim Philisteum í nótt og rænum þá og sláum þar til að ljós dagur er so vér látum öngvan af þeim komast undan.“ Fólkið svaraði: „Gjör allt hvað þig lystir.“ En kennimaðurinn sagði: „Förum hingað til Guðs og spyrjum hann ráða.“ [37]Og Saul spurði Guð: „Skal eg fara ofan eftir þeim Philisteis og vilt þú gefa þá í Ísraels hendur?“ En Saul fékk ekkert andsvar á þeim tíma. [38]Þá sagði Saul: „Kallið allt fólkið hingað, rannsakið og reynið með hverjum sú synd er á þessum tíma. [39]Því svo sannarlega sem DROTTINN Israelis frelsari lifir, þó það sé minn son Jónatas þá skal hann deyja.“ Og enginn gaf honum andsvar af öllu fólki. [40]Og hann sagði til alls Israelis: „Skiptist þér í einn stað en eg og minn son Jónatas viljum vera hér öðrumegin.“ Fólkið svaraði: „Gjör hvað þér líkar.“ [41]Síðan sagði Saul til DROTTINS Israelis Guðs: „Lát koma upp hið rétta.“ Þá féll hlutur yfir Saul og Jónatan en fólkið gekk undan. [42]Þá sagði Saul: „Hlutið nú á milli mín og míns sonar Jónatas.“ En sem það var gjört þá féll hluturinn yfir Jónatan.

[43]Og Saul sagði til Jónatas: „Seg mér, hvað hefur þú gjört?“ Jónatas kunngjörði honum það og sagði: „Eg bergði á litlu hunangi með því kefli sem eg hafði í minni hendi. Og sjá, þar fyrir má eg deyja.“ [44]Þá sagði Saul: „Guð gjöri mér það og það, Jónatas, þú hlýtur vissulega að deyja.“ [45]En fólkið sagði til Saul: „Skal Jónatas deyja sem að gjört hefur svo stóra hjálp í Ísrael? Langt sé fjærri því! Svo sannarlega sem DROTTINN lifir skal ekki eitt hár falla af hans höfði á jörð því að Guð hefur verkað fyrir hann í dag.“ Svo frelsaði fólkið Jónatan að hann hélt sínu lífi. [46]Eftir það fór Saul upp aftur frá þeim Philisteis en þeir Philistei fóru til sinna heimila.

[47]En sem Saul hafði staðfest ríki sitt yfir Ísrael herjaði hann í móti öllum sínum óvinum allt um kring: Í móti Moabitis, í mót Amoriter, í mót Edómítum, í mót kónginum af Sóba, í mót þeim Philisteis. Og hvert sem hann sneri sér þá refsaði hann þeim. [48]Og hann safnaði her að sér og sló Amalek og frelsaði Ísrael af allra þeirra hendi sem þeim þrengdu.

[49]Þessir eru synir Saul: Jónatan, Isví og Malkísúa. Og hans tvær dætur hétu: So sú hin frumgetna: Merób, sú in yngsta: Míkól. [50]Og kvinna Saul hét Abínóam, dóttir Ahímaas. En hans

hershöfðingi hét Abner son Ner, hver eð var föðurbróðir Saul. 51Kís var faðir Saul og Ner faðir Abner sonur Abíel.

52Þar var hinn mesti ófriður með Saul og Philisteis so lengi sem Saul lifði. Og hvar sem Saul sá einn sterkan og góðan stríðsmann þann tók hann til sín.

15 Og Samúel sagði Saul: „DROTTINN sendi mig að eg skylda smyrja þig til kóngs yfir hans fólk Ísrael. Þar fyrir heyr nú rödd orða DROTTINS. 2Svo segir DROTTINN allsherjar: Eg hefi minnst á það sem Amalek gjörði Ísrael og hversu hann stóð í vegi fyrir Ísrael þá þeir fóru af Egyptalandi. 3So far nú þangað og slá í hel þá Amalechiter og foreyð þeim með öllu því sem þeim tilheyrir. Þyrm þeim ekki heldur slá þú í hel bæði menn og kvinnur, börn og brjóstmylkinga, naut og sauði, asna og úlfalda.“

4Þetta kunngjörði Saul fólkinu og hann skoraði manntal í Telaím og hafði hann þá tvö hundruð þúsund fótgönguliðs og tíu þúsund manns af Júda. 5Og þegar sem Saul kom til borgar Amalechitarum þá setti hann launsátur hjá einum fossi 6og gjörði boð þeim Keniter og lét segja þeim: „Farið og víkið héðan og búist í burt frá þeim Amalechiter so eg fordjarfi yður ekki með þeim. Því þér gjörðuð miskunnarverk við Ísrael þá þeir ferðuðust af Egyptalandi.“ Svo fluttust þeir Keniter í burt frá Amalek. 7Þá sló Saul Amalechiter frá Hevíla og allt til Súr sem liggur í Egyptalandi 8og tók höndum Agag kóng Amalechiter lifanda en foreyddu öllu fólki með sverðseggjum. 9En Saul og fólkið þyrmdi Agag og öllu feitu af nautum og sauðum og lömbum og öllu því sem fagurt var og vildu ekki foreyða því. En hvað slæmt var og afleitt það drápu þeir gjörvallt.

10Þá skeði orð DROTTINS til Samúel og sagði: 11„Ofgjört hef eg það að eg setta Saul til kóngs því hann hefur fyrirlitið mig og ekki gjört eftir mínum orðum.“ Við þetta varð Samúel reiður og kallaði til DROTTINS alla þá nótt. 12Og Samúel tók sig upp þegar lýsti að fara til fundar við Saul á þeim morni. Honum varð þá undirvísað að Saul væri kominn til Karmel og hafði uppsett þar eitt sigurmerki og væri kominn á ferð ofan til Gilgal. 13En sem Samúel fann Saul sagði Saul til hans: „Blessaður sért þú DROTTNI! Eg hefi framið og fyllt orð DROTTINS.“ 14Samúel svaraði: „Hvað mun þá þýða sá jarmur sauða sem eg heyri fyrir mínum eyrum og svo baul þeirra nauta sem eg heyri?“ 15Saul svaraði: „Þeir hafa rekið þetta af landi Amalek því fólkið þyrmdi því inu villdasta af nautum og sauðum að fórnfæra það DROTTNI Guði þínum. En öllu öðru höfum vér foreytt.“ 16Samúel svaraði Saul: „Lát mig segja þér hvað DROTTINN hefur talað við mig á þessari nótt.“ Hann svaraði: „Seg fram.“

17Samúel svaraði: „Er ekki so þá þú vart auðvirðilegur fyrir þínum augum þá setti hann þig til höfðingja á meðal Israelis kynkvísla og DROTTINN smurði þig til kóngs yfir Ísraels? 18Og Drottinn sendi þig þann veg og sagði: Far þú og drep glæpafullt fólk Amalek og herja þú á þá þar til þú hefur afmáð þá. 19Því hlýddir þú ekki raust DROTTINS? Heldur snerir þú þér til herfangsins og gjörðir illt í augliti DROTTINS.“ 20Saul svaraði Samúel: „Eg hlýdda raust DROTTINS og eg fór þangað sem DROTTINN sendi mig og eg færða hingað Agag, Amalekíta kóng, og eg foreyddi Amalek. 21En fólkið tók herfangið, naut og sauði, það sem best var meðal þess bannfærða, til að offra DROTTNI Guði þínum í Gilgal.“ 22Samúel sagði: „Ætlar þú að DROTTINN hafi lyst á offri og brennifórnum svo sem á hlýðni orða DROTTINS? Sjá, hlýðni er betri en offur og gaumgæfni betri en feitleiki hrútanna. 23En óhlýðni er galdraglæpur og að vera þverbrotinn er skúrgóðablót og afguðadýrkan. Og sök-

um þess að þú hefur í burt kastað orði DROTTINS þá hefur hann og svo burtkastað þér so þú skalt ekki kóngur vera.“
[24]Þá sagði Saul til Samúel: „Misgjört hefi eg að eg hefi afrækt Guðs boð og þín orð. Því eg óttaðist fólkið og hlýddi þess raust. [25]Fyrirgef mér nú þessa synd og snú aftur með mér að eg tilbiðji DROTTIN.“ [26]Samúel sagði til Saul: „Eigi fer eg með þér. Því að þú hefur kastað frá þér Guðs orði, so hefur og DROTTINN burt kastað þér að þú skalt ekki vera kóngur yfir Ísrael.“ [27]En sem Samúel sneri sér og vildi ganga í burt þá greip Saul í skikkjulaf hans so að fatið rifnaði. [28]Þá sagði Samúel til hans: „So hefur DROTTINN rifið í dag Ísraels kóngsríki frá þér og gefið þínum náunga það, sá sem betri er en þú. [29]En Ísraels sigurvegari lýgur ekki og það angrar hann ekki. Því hann er ekki einn maður svo hann kunni nokkuð ofgjört að hafa.“ [30]Saul sagði: „Eg hefi syndgast. En veit mér nú vegsemd fyrir öldungum míns fólks og fyrir Ísrael og far með mér að eg tilbiðji DROTTIN þinn Guð.“ [31]Þá sneri Samúel aftur og fór með Saul svo að hann dýrkaði DROTTIN.

[32]Þá sagði Samúel: „Leiðið Agag, Amaleks kóng, hingað til mín.“ Og Agag gekk djarflega fyrir hann og sagði: „Svo skal útdrífa dauðans beiskleika.“ [33]Samúel sagði: „So sem þitt sverð hefur rænt margar kvinnur sínum börnum svo skal þín móðir rænast sínu barni á meðal kvennanna.“ Svo hjá Samúel Agag sundur í stykki fyrir DROTTNI í Gilgal.

[34]Og eftir þetta ferðaðist Samúel til Ramat. En Saul fór heim til síns húss í Gíbea Saul. [35]Og eftir þetta sáust þeir ekki, Samúel og Saul, allt til þeirra dauðadags. En þó syrgði Samúel Saul því það angraði DROTTIN að hann hafði sett Saul til kóngs yfir Ísrael.

16 Eftir þetta sagði DROTTINN til Samúel: „Hversu lengi vilt þú sýta Saul hverjum að eg hefi í burt kastað að hann sé ekki kóngur yfir Ísrael? Fyll þitt horn með viðsmjör og far af stað: Eg vil senda þig til Ísaí hver að býr í Betlehem. Því eg hefi séð mér fyrir einn kóng á meðal hans sona.“ [2]Samúel svaraði: „Hvert skal eg fara? Ef Saul spyr það þá slær hann mig í hel.“ DROTTINN sagði: „Tak þér einn kálf af hjörðunni og seg svo: Eg er kominn að fórnfæra DROTTNI. [3]Og þú skalt bjóð Ísaí til offursins. Síðan vil eg vísa þér hvað þú skalt gjöra að þú smyrjir mér þann sem eg segi þér.“ [4]Samúel gjörði sem DROTTINN bauð honum og kom til Betlehem. Og öldungum staðarins hnykkti við og þeir gengu út í móti honum og sögðu: „Kemur þú með friði til vor?“ [5]Hann sagði: „Já, eg em kominn að færa fórnir DROTTNI. Helgið yður og komið með mér til offurs.“ Og hann helgaði Ísaí og hans syni og bauð þeim til offursins.

[6]Þá þeir komu nú inn þá horfði hann á Elíab og hugsaði með sér: „Mun þessi vera sá hinn smurði DROTTINS.“ [7]En DROTTINN sagði til Samúel: „Virð þú ekki vænleik hans né líkamsvöxt. Eg hefi burtkastað honum. Því ei dæmi eg eftir manna augsýn. Maðurinn sér það sem fyrir augunum er en DROTTINN álítur hjartað.“ [8]Þá kallaði Jessi Abínadab og lét hann koma fram fyrir Samúel. Og hann sagði: „Eigi hefur DROTTINN þennan útvalið.“ [9]Þá lét Jesse Samma ganga fram. En Samúel sagði: „Eigi hefur DROTTINN heldur útvalið þennan.“ [10]Eftir það leiddi Jesse sína sjö sonu fram fyrir Samúel. En hann sagði: „Öngvan þessara þá hefur DROTTINN útvalið.“ [11]Þá sagði Samúel til Jesse: „Eru nú framkomnir allir þínir synir?“ Hann svaraði: „Er enn eftir sá minnsti og sjá, hann gætir sauða.“ Þá sagði Samúel til Jesse: „Send þú skjótt og láttu sækja hann því að vér setjunst ekki fyrr niður en hann kemur hingað.“ [12]Þá sendi hann og lét sækja hann. Og hann var

rauðleitur, fagureygður og fríður sýnum. Þá sagði DROTTINN: „Statt upp og smyr hann því að hann er sá sem eg hefi útvalið.“ 13Þá tók Samúel sitt viðsmjörshorn og smurði hann mitt á millum sinna bræðra. Og Andi DROTTINS greiddist yfir Davíð frá þeim degi og þaðan í frá. En Samúel tók sig upp og kom til Ramat.

14En Andi DROTTINS hvarf frá Saul og illur andi frá DROTTNI sturlaði hann. 15Þá sögðu þénarar Saul til hans: „Sjá, einn illur andi frá Guði sturlar þig mjög. 16Þar fyrir segi herrann vor til sinna þénara þeirra sem standa fyrir honum að þeir leiti upp þann mann sem kann vel að slá hörpu. Svo að nær sá hinn illi andi Guðs kemur yfir þig að hann leiki þá hörpuna með sinni hendi so það megi létta þínu meini.“ 17Þá sagði Saul til sinna þénara: „Farið og leitið að þeim manni sem vel kann að leika á hljóðfærastrengi og leiðið hann til mín.“ 18Þá svaraði einn af sveinunum og sagði til hans: „Sjá, eg hefi séð einn son þess manns sem að heitir Jesse og býr í Betlehem. Hann kann vel hörpu að leika, hann er sterkur maður, vígkænn og vænn maður og vel að sér um alla hluti og DROTTINN er með honum.“ 19Þá sendi Saul boð til Jesse og lét segja honum: „Send þinn son Davíð til mín þann sem hjarða gætir.“ 20Þá tók Jesse einn asna og lagði upp á hann brauð og eina flösku víns og eitt kið og sendi það Saul með sínum syni Davíð. 21Og svo kom Davíð til Saul og þjónaði honum. Og hann hafði hann mjög kæran og gjörði hann að sínum skjaldsveini. 22Og Saul sendi boð til Jesse og lét segja honum: „Leyfðu Davíð að vera hjá mér því að hann hefur fundið náð fyrir mínum augum.“ 23En þá illur andi frá Guði kom nú yfir Saul þá tók Davíð sína hörpu og lék með sinni hendi. Þá endurlifnaði Saul svo að honum batnaði og sá illur andi flýði frá honum.

17 Philistei draga nú her saman til bardaga og söfnuðust saman í Sókó í landi Júda og settu sínar herbúðir millum Sókó og Aseka við landsenda Damen. 2En Saul og Israelismenn komu saman og settu sínar herbúðir í Eikidal og bjuggust til bardaga á móti Philisteis. 3En Philistei tóku sér stöðu öðrumegin á einni hæð og þeir Israelite öðrumegin á annarri hæðinni so að eitt dalverpi var á milli þeirra. 4Þá gekk fram af herbúðum Philisteis einn risi. Hann hét Golíat (og var) af Gat. Hann var sex álna hár og þverar handar betur. 5Hann hafði eirhjálm á höfði og spangarbrynju hafði hann svo þunga að hún vó fimm hundruð siclos. 6Brynhosur hafði hann af eiri á beinum og eirskjöld á herðum. 7Og hans spjótskaft var sem vefjarrifur og járnið hans spjóts vó sex hundruð siclos járns. Og hans skjaldsveinn gekk fyrir honum. 8Og hann stóð við og hrópaði á Ísraels herlið og sagði til þeirra: „Því eru þér útfarnir að búast til bardaga? Er eg ekki einn Philisteus en þér þjónar Saul? Útveljið einn af öllum yður og látið hann koma hingað til mín. 9Ef hann getur barist við mig og yfirunnið mig so skulum vér vera yðrir þénarar. En ef eg get yfirunnið hann og fellt hann þá skulu þér vera vorir þrælar og þjóna oss.“ 10Og þessi Philisteus sagði: „Á þessum degi hefi eg hæðilega talað við Ísraels her. Látið mig fá þann mann að hann gangi á hólm við mig.“ 11Nú sem Saul og allur Ísraelslýður heyrði þessa Philistei orð þá blöskraði þeim og þeir urðu mjög hræddir.

12Davíð var eins manns son af Efrata af Betlehem í Júda sem hét Jesse. Hann hafði átta sonu og var gamall á dögum Saul og vel aldraður á millum annarra manna. 13Og þeir þrír stæstu og elstu synir Jesse voru í herför með Saul. Sá elsti hét Elíab, annar Abínadab en þriðji Samma. 14En Davíð var yngstur. En þessir þrír inir elsu fóru í stríð með

Saul. 15Þá fór Davíð heim aftur til síns
föðurs frá Saul og gætti hjarðar síns
föðurs í Betlehem. 16En þessi Philisteus
gekk fram bæði kveld og morna og
bauð sig fram í fjörutígi daga.
17En Jesse sagði til síns sonar Davíðs:
„Minn son, tak fyrir þína bræður eitt
efa byggs og þessi tíu brauð og far sem
skjótast til þinna bræðra þar þeir eru í
hernum, 18og þessa tíu feska osta, og
ber þá til höfuðsmannsins og verð vís
um þína bræður, hvað þeim líður, og
gjör hvað þeir bífala þér.“
19En Saul og allir Ísraelsmenn voru í
Eikidal og börðust við Philisteis. 20Á
þeim næsta degi þar eftir reis Davíð
snemma upp og fékk mann til að gæta
hjarðar og gekk sinn veg og bar það
sem hans faðir Jesse hafði boðið hon-
um og kom að vagnborginni. Þá var
herfólkið útdregið og komið í sín her-
klæði og æpti heróp því að Ísrael hafði
fylkt sínu liði. 21Þeir Philistei voru og
búnir til bardaga á móti Ísrael. 22Davíð
lét í geymslu það hann bar hjá þeim
sem fansinn geymdi og rann fram til
hersins, fann sína bræður og heilsaði
þeim. 23Og sem hann var að tala við þá,
sjá þú, í því kom fram sá risi sem hét
Golíat, Philisteus af Gat. Hann gekk
fram fyrir her Philistinorum og talaði
so sem fyr og Davíð heyrði það.
24En hver maður í Ísrael þá hann leit
þennan mann flýði hver um sig fyrir
honum og miklum ótta sló yfir alla.
25Og hver sagði til annars: „Hvort sástu
þennan mann fram ganga? Því að hann
er kominn að tala háðung til Ísrael. Og
hver sem hann fellir þann vill kóngur-
inn sæma miklum auðæfum og gefa
honum sína dóttur. Hann vill og gjöra
frjálst hans föðurs hús af öllum þyngsl-
um.“ 26Þá sagði Davíð til þeirra manna
sem stóðu hjá honum: „Hvað skal sá
sem yfirvinnur þennan Philisteum og
burt tekur þetta brígsli af Ísrael? Því
hver er þessi hinn óumskorni Philiste-
um sem svo brígslar þeim lifandi Guðs
her?“ 27Þá andsvaraði fólkið Davíð so
sem áður: „Þvílíkt skal sá fá sem fellir
þennan mann.“
28En sem hans elsti bróðir Elíab
heyrði hvað hann talaði við mennina
varð hann reiður við Davíð og sagði:
„Því komst þú hingað og hvar fyrir
skildist þú við þá fáeina sauði geymslu-
lausa í eyðimörkinni? Þekki eg dramb-
semi þína og illsku hjarta þíns. Þú ert
hingað kominn að sjá bardagann.“
29Davíð svaraði: „Hvað hefi eg nú gjört
annað en það sem mér hefur verið
bífalað?“ 30Og hann sneri frá honum til
annars og talaði sömu orð sem fyrr. En
fólkið svaraði honum so sem áður.
31En sem fólkið heyrði þessi orð sem
Davíð sagði þá kunngjörðu þeir það
Saul. Og hann lét kalla á hann. 32Og
Davíð sagði til Saul: „Einskis manns
hjarta þarf að skelfast þess vegna. Þinn
þénari skal fara og berjast við þennan
Philisteum.“ 33Þá sagði Saul til Davíðs:
„Eigi getur þú farið í móti þessum
Philisteo að berjast við hann því þú ert
einn smásveinn en hann er bardaga-
maður frá sínum barndómi.“ 34Davíð
sagði til Saul: „Þinn þénari gætti hjarðar
föður síns og þar kom eitt león og einn
björn og tók einn sauð í burt frá
hjörðinni. 35Og eg rann eftir honum og
sló hann og eg frelsaði so sauðinn af
hans munni. En sem hann reisti sig upp
í móti mér þá greip eg hann og tók eg í
hans kamba og sló eg hann svo í hel.
36Svo hefur þinn þénari drepið bæði
león og bjarndýr. So mun og verða
þessi óumskorni so sem einn af þeim
því hann hefur lastað lifanda Guðs her.“
37Og Davíð sagði: „Sá DROTTINN sem
frelsaði mig frá leóninu og birninum
hann mun frelsa mig frá þessum
Philisteo.“ Þá sagði Saul við Davíð: „Far
þú, DROTTINN sé með þér.“ 38Og Saul
færði Davíð í sín klæði og setti eirhjálm
á hans höfuð og færði hann í eina
brynju. 39Og Davíð gyrti sverði yfir sín
klæði og tók til að ganga því hann hafði

aldrei reynt það fyrr. Þá sagði Davíð til Saul: „Eigi kann eg að ganga so því eg hefi eigi þar vana til.“ Og hann lagði herklæðin af sér. 40Og hann tók sinn staf í hönd og útvaldi sér fimm slétta steina af einum lækjarfarveg og kastaði þeim í sína fjártösku og í skreppu sína og tók stafslöngu í hönd sér og gekk svo í móti þessum Philisteo.

41Golíat gekk fram og fór í mót Davíð og hans skjaldsveinn gekk undan honum. 42En sem Golíat getur að líta við og sér Davíð forsmáir hann hann því Davíð var einn smásveinn, rauðleitur og fagur í andliti. 43Og Philisteus sagði til Davíðs: „Hvert em eg hundur að þú kemur með einn staf í móti mér?“ Og hann bölvaði Davíð í sínum goðum 44og sagði til hans: „Kom til mín, eg skal þitt hold gefa fuglum loftsins og dýrum jarðar!“ 45En Davíð svaraði: „Þú kemur í móti mér með sverð, spjót og skjöld en eg kem í móti þér í DROTTINS Sebaóts nafni hver að er Guð Ísraels hers þann þú hefur spottað. 46Á þessum degi mun DROTTINN gefa þig í mína hönd svo að eg skal fella þig og taka þitt höfuð af þér og gefa í dag líkami Philisteis hers fuglum loftsins og hrækvikindum jarðar svo að öll lönd viti að Ísrael hefur einn Guð 47og allur þessi almúgi skuli fá að vita að hjálp DROTTINS er ekki komin undir sverði og spjóti. Því að bardaginn er DROTTINS og hann mun gefa yður í vorar hendur.“ 48En sem Golíat stóð upp gekk hann fram og ætlaði að Davíð. Davíð skundaði og rann frá hernum í mót Golíat 49og greip stein úr tösku sinni, slengdi síðan og hæfði beint framan í ennið á Philisteo svo að steinninn festi í hans enni en Golíat féll áfram til jarðar. 50Svo sigraði Davíð þennan Philisteum með slöngu og steini og sló hann í hel. En því að Davíð hafði ekkert sverð í hendi 51þá hljóp hann að Golíat og tók hans sverð og rykkti því úr valinu og drap hann og hjó af hönum höfuðið. En þegar að Philistei sáu það að þeirra sterkasti kappi var fallinn lögðu þeir á flótta. 52En Ísraelsmenn og Júda tóku sig upp, æptu heróp og sóttu eftir Philisteis allt þangað til menn komu í dalinn og allt að Ekrons portdyrum. Og Philistei féllu slegnir á veginum allt til borgarhliða Gað og Ekron. 53Og Ísraelssynir hvurfu aftur af flóttarekstrinum þeirra Philisteis og ræntu herbúðir þeirra. 54En Davíð tók Golíats höfuð og bar það til Jerúsalem en vopn hans lagði hann í tjaldbúð sína.

55Í þann tíma sem Saul sá að Davíð gekk út á móti þeim Philisteo sagði hann til Abner síns hershöfðingja: „Hvers son er sá sveinn?“ Abner svaraði: „Svo sannarlega sem þín sál lifir, kóngur, þá veit eg það ekki.“ 56Kóngurinn svaraði: „Far og spyr að hvers son að sá sveinn sé.“ 57Þá Davíð kom nú aftur og hafði drepið Philisteum tók Abner hann og leiddi hann inn fyrir Saul en Davíð hélt á Golíats höfði í sinni hendi. 58Og Saul spurði hann að: „Hvers son ert þú, ungi sveinn?“ Davíð svaraði: „Eg er sonur þíns þénara Jesse í Betlehem.“

18 Nú sem Davíð hafði endað ræðu sína við Saul þá batt sál Jonathe sig við Davíðs sál og Jónatas elskaði Davíð sem sína sál. 2Og á þeim degi tók Saul Davíð að sér og lét hann ekki koma aftur í síns föðurs hús. 3En Jónatas og Davíð bundu sáttmál með sér því hann elskaði hann svo sem sína sál. 4Og Jónatas tók sinn kyrtil af sér sem sjálfur hann íklæddist og gaf Davíð, þar með sína skikkju, sitt sverð, boga sinn og belti. 5Og Davíð gekk út þangað sem Saul sendi hann og hegðaði sér viturlega. Og Saul setti hann yfir sitt stríðsfólk og hann var geðþekkur öllum mönnum og Sauls þénörum.

6Það bar að þá hann var kominn aftur frá bardaga Philisteis að kvinnur af öllum borgum gengu út í mót Saul kóngi

og slógu hringleika með söngfærum,
með hörpum og gígjum og mikilli gleði.
[7]Og kvinnurnar sungu til skiptis, léku
fyrir og sögðu: „Saul vann sigur á þús-
und en Davíð á tíu þúsundum.“
[8]Þessu reiddist Saul mjög og það mislík-
aði honum og sagði: „Þær gefa Davíð
tíu þúsund en mér eina. Hvað skortar
hann nema kóngdóminn?“ [9]Og Saul leit
ekki réttum augum til Davíðs frá þeim
degi og ætíð síðan.
[10]Á næsta degi ærsti illur andi Guðs
Saul og hann spáði heima í sínu húsi.
En Davíð lék á hörpu sína með hendi
sinni sem hann var daglega vanur. Og
Saul hélt á einu spjóti [11]og skaut því til
hans og hugsaði: „Eg vil nísta Davíð í
gegnum upp við vegginn.“ En Davíð
veik sér tvær reisur frá honum.
[12]Og Saul var hræddur við Davíð því
DROTTINN var með honum en var horf-
inn frá Saul. [13]Eftir það skikkaði Saul
Davíð frá sér og setti hann höfðingja
yfir þúsund menn og hann gekk út og
inn fyrir fólkinu. [14]Davíð hélt sig forsjá-
lega í öllum sínum gjörningum og
DROTTINN var með honum. [15]Og sem
Saul sá það að hann hegðaði sér svo
forsjálega þá hræddist hann Davíð. [16]En
allur Israelislýður og Júda elskaði Dav-
íð því að hann gekk út og inn fyrir
þeim.
[17]Og Saul mælti við Davíð: „Sjá, eg vil
gifta þér mína elstu dóttir Merób.
Vertu aðeins hraustur að heyja bardaga
fyrir Guðs fólk.“ Saul hugsaði svo: „Ei
skal eg leggja mínar hendur á hann
heldur skal hann koma í hendur þeirra
Philisteis.“ [18]En Davíð svaraði: „Saul,
hver em eg og hvað er mitt líf og mitt
föðurkyn í Ísrael að eg skuli verða
kóngs mágur?“ [19]Nú sem sá tími kom
að Merób dóttir Saul skyldi giftast Dav-
íð þá varð hún gefin öðrum manni sem
hét Adríel Mehalachiter.
[20]En Míkól dóttir Saul elskaði Davíð.
Sem Saul fékk það að vita [21]sagði hann:
„Það er vel, hann skal fá hennar so það
verði honum til falls so að hendur
Philistei falli yfir hann.“ Og hann sagði
til Davíðs: „Á þessum degi skalt þú
verða minn mágur að annarri minni
dóttur.“ [22]Og Saul bauð sínum þénurum
að tala heimuglega við Davíð og segja:
„Sjá þú, kóngurinn hefur mikla þóknan
á þér og allir hans menn hafa þig kær-
an. So verð nú kóngsins mágur.“ [23]Og
öll þessi orð töluðu kóngsins þénarar
fyrir Davíðs eyrum. En Davíð svaraði:
„Þykir yður það so lítilsvert að vera
kóngsins mágur? Eg em einn fátækur
og lítilsháttar maður.“ [24]Þénarar Saul
kunngjörðu Saul aftur orð Davíðs. [25]En
Saul svaraði: „Segið svo aftur Davíð:
Kóngurinn girnist öngva morgungáfu
utan hundrað forhúðir af þeim Philiste-
is so að goldin verði hefnd kóngsins
óvinum.“ Því Saul hugsaði að fella svo
Davíð fyrir hönd Philisteis. [26]Þessi orð
Saul fluttu hans þénarar til eyrna Davíð
og Davíð líkaði þetta vel, að verða mág-
ur kóngsins. Og fyrir ákveðinn tíma
[27]bjó Davíð sig og sló af Philisteis tvö
hundruð manns. Og Davíð bar með sér
forhúðirnar og taldi þær fram fyrir
kóngi so að hann yrði mágur kóngs. Þá
gaf Saul honum Míkól sína dóttir til
eiginkvinnu. [28]En Saul sá og merkti að
DROTTINN var með Davíð. Og Míkól,
dóttir Saul, elskaði Davíð. [29]Þá óttaðist
Saul enn meir Davíð og fékk þá fjand-
skap til hans alla sína daga.
[30]Og þá Philistei höfðingjar herjuðu á
Ísrael þá var Davíð forsjálari en allir
þénarar Saul nær sem þeir áttu út að
fara so að hann varð mjög nafnfrægur.

19 En Saul mælti við sinn son Jón-
atan og so alla sína þénara og
bauð þeim að drepa Davíð. [2]En Jónatas
elskaði Davíð sem sína eign sál ,og
kunngjörði honum þetta og sagði:
„Minn faðir Saul stundar eftir að drepa
þig. Þar fyrir gæt þín til morguns og fel
þig. [3]En eg skal fara út með föður mín-
um í mörkina þar þú ert og skal eg tala

við minn föður um þig og hvers eg verð af vís skal eg kunngjöra þér.“ [4]Og Jónatas talaði við sinn föður og lagði til hið besta með Davíð og sagði til hans: „Kóngurinn gjöri ekki þann glæp á sínum þénara Davíð því að hann hefur ekkert misgjört við þig heldur eru hans verk þér miskunnsamleg. [5]Og hann lagði sitt líf í hættu og sló þann Philisteum og DROTTINN gjörði mikla hjálp Israelisfólki. Þetta sástu og varst glaður við. Því viltu þá glæpast á saklausu blóði að þú vilt drepa Davíð án sakar?“ [6]Sál hlýddi fortölum Jónatas og sór (segjandi): „Svo sannarlega sem DROTTINN lifir skal hann ekki deyja.“ [7]Þá kallaði Jónatas á Davíð og sagði honum öll þessi orð og leiddi hann inn fyrir Saul. Og hann var fyrir honum sem fyrr.

[8]Þar hófst enn ófriður og Davíð dró út að berjast í mót Philisteis og veitti þeim mikið slag so að þeir hrukku fyrir honum. [9]En illur andi af DROTTNI kom yfir Saul þar hann sat í sínu húsi og hélt á einu spjóti. En Davíð lék á hörpu sína. [10]Og Saul ætlaði að nísta Davíð í gegnum við vegginn. En hann hallaðist undan og spjótið stóð fast í veggnum. En Davíð flúði og komst undan þá sömu nótt. [11]Þá sendi Saul boð til Davíðs húss og bauð sínum mönnum að gæta hans þar þá nótt en strax að morni skyldi drepa hann. Þetta kunngjörði Míkól Davíð og sagði: „Ef þú forðar ekki þinni sálu á þessari nóttu þá muntu deyja á morgun.“ [12]Þá lét Míkól hann síga út um eitt vindauga so hann gekk burt, flýði og komst undan. [13]Og Míkól tók eitt manlíkan og lagði í sængina og lét eina geitstöku undir þess höfuð og huldi það með klæðum. [14]Þá sendi Saul boð og skipaði að sækja Davíð. En hún sagði: „Hann er sjúkur.“ [15]Enn sendi Saul aftur og skipaði þeim að skoða Davíð og sagði: „Berið hann hingað til mín í sænginni so hann sé drepinn.“ [16]En sem sendimenn komu, sjá, þá lá mannlíkan í sænginni og geitarskinn undir höfðinu. [17]Þá sagði Saul til Míkól: „Því hefur þú svikið mig og látið minn óvin í burt komast?“ Míkól svaraði: „Hann sagði við mig: Lát mig fara elligar skal eg drepa þig.“

[18]Davíð flýði nú og komst undan og fór til fundar við Samúel í Rama og sagði honum allt frá hvað Saul hafði gjört honum. Og hann gekk með Samúel og þeir dvöldust í Najót. [19]Og Saul fékk það að spyrja: „Sjá, Davíð er í Najót í Rama.“ [20]Þá sendi Saul menn að þeir skyldu færa Davíð til hans. Og þeir fundu spámannaflokka sem spáðu og Samúel var þeirra tilsjónari. Jafnsnart kom Andi Guðs yfir sendimenn Saul svo að þeir spáðu með öðrum. [21]Þá Saul spurði það sendi hann þegar aðra menn. Þeir spáðu og svo. Hann sendi hina þriðju og fór á sama hátt að þeir spáðu einnin. [22]Þá fór hann sjálfur til Rama. En sem hann kom að þeim stóra brunni sem stendur í Sekú spurði hann að og sagði: „Hvar eru þeir Samúel og Davíð?“ En honum var sagt: „Sjá, þeir eru til Najót í Rama.“ [23]Og hann gekk til Najót í Rama. Og Andi Guðs kom og so yfir Saul og hann gekk fram og spáði þar til hann kom allt til Najót í Rama. [24]Og hann kastaði af sér klæðum og spáði fyrir Samúel og féll fram nakinn allan þann dag og þá nótt með. Þaðan hófst sá orðskviður: „Hvort er Saul og á meðal spámanna?“

20 Davíð flýði frá Najót í Rama og fór til fundar við Jónatan og sagði: „Hvað hefi eg gjört? Hvað hef eg misbrotið? Hvert er mitt ranglæti við föður þinn að hann sækir svo eftir lífi mínu?“ [2]En hann svaraði honum: „Ei mun svo vera, þú skalt ei deyja. Sjá, minn faðir gjörir það aldrei, smátt né stórt, so að hann segi mér það ekki áður. Því skyldi faðir minn dylja mig þessa? Því má þetta ekki ske.“ [3]Þá svór Davíð enn framar og sagði: „Þinn faðir

veit vel að eg hefi fundið náð fyrir þínu augliti og því hugsar hann svo: Jónatas skal ekki vita so hann hryggist ei við það. Svo sannlega sem DROTTINN lifir og svo sannlega þín sál lifir þá er þar ekki fótmál milli mín og dauða.“ 4Jónatas sagði til Davíðs: „Fullgjöra mun eg allt það sem þín sála girnist.“ 5Davíð svaraði honum: „Sjá, á morgun er mánaðarkoma en eg er þá vanur að sitja til borðs með kóngi. So leyf mér nú að felast á akri allt til kvelds á inum þriðja degi. 6En spyrji þinn faðir að mér þá svara þú svo: Davíð bað mig leyfis að hann mætti fara sem snarast til Betlehem, borgar sinnar, því hans öll ætt heldur þar eitt árlegt hátíðaroffur. 7Ef hann þá svarar að það sé vel þá mun þínum þjón friðt vera. En verði kóngurinn reiður þá máttu merkja að þar býr honum illt í sinni. 8Svo gjör nú miskunnarverk á þjón þínum því þú hefur gjört einn félagskap við mig, þinn þræl, í augliti DROTTINS. En finnist nokkur misgjörningur með mér þá drep þú mig. Því hvar fyrir vilt þú færa mig til þíns föðurs?“ 9Jónatas svaraði: „Það sé langt frá mér að eg ef kann að merkja að minn faðir hugsar þér nokkuð illt að eg skylda ekki láta þig vita það.“ 10Davíð mælti: „Hver skal kunngjöra mér það ef faðir þinn svarar þér þunglega?“ 11Jónatas sagði til Davíðs: „Kom, göngum út á akur.“ Og þeir gengu báðir út á akurinn. 12Og Jónatas sagði til Davíðs: „DROTTINN Guð Ísraels, ef eg formerki á mínum föður á morgin og þann þriðja dag að Davíð muni friðt vera og ef eg sendi þér ekki boð þar um og ber það til þinna eyrna þá gjöri Guð Jonathe það og það. 13En hugsi minn faðir nokkuð illt að gjöra þér þá skal eg og kunngjöra þér það og láta þig fara með friði. Og sé DROTTINN með þér sem hann var með mínum föður. 14Og haldi eg ekki þetta þá gjöri enginn Guðs miskunnsemi við mig svo lengi sem eg lifi og eigi heldur þá eg er dauður. 15Og þá Drottinn hefur afmáð sérhverja Davíðs óvini af landinu so tak ekki þína miskunn frá mínu húsi ævinlega.“ 16So gjörði Jónatas eitt sáttmál með Davíðs húss og sagði: „Krefji DROTTINN þess af Davíðs óvina hendi.“ 17Og enn sagði Jónatas og sór Davíð, so elskaði hann hann. Því hann elskaði hann sem sína eigin sál.

18Og Jónatas sagði til hans: „Á morgun er hátið hins nýja mánaðar. Þá mun spurt verða að þér. Því þín mun saknað verða í burt úr þínu sæti þar þú ert vanur að sitja. 19Kom ofan hingað sem skjótast á þriðja degi og far einhvers staðar hér að fela þig á virkum degi og set þig hjá þeim steini Asel. 20Svo vil eg skjóta þremur örvum utan hjá steininum eins sem eg vilda skjóta til hæfis. 21Og sjá þú, þá skal eg senda minn svein og segja: Far og sæk mér örvarnar. Ef eg segi þá til sveinsins: Sjá þú, örvarnar liggja hingað betur frá þér, ber þær hingað! þá kom þú því þá er friðt og háskalaust, svo sannlega sem DROTTINN lifir. 22En ef eg segi til míns sveins: Sjá þú, örvarnar liggja fram frá þér! þá far þú í burt því að DROTTINN vill þú gangir þá. 23En hvað við höfum talað með okkur, þá sé DROTTINN á milli þín og mín ævinlega.“

24Og Davíð faldi sig á akrinum. Og nú sem mánaðarhátíðin kom setti kóngur sig til borðs. 25Og sem hann var festur í einum stað þar sem hann var vanur þá stóð Jónatas upp en Abner setti sig hið næsta hjá Saul. Og þeir söknuðu Davíðs úr sínu sæti. 26Og Saul talaði ekki til á þeim degi því hann hugsaði: „Honum hefur eitthvað að borið að hann er ekki hreinn.“ 27Þann annan dag hátíðarinnar var og autt rúm Davíðs. Þá sagði Saul til síns sonar Jónatan: „Fyrir því kemur ekki sonur Jesse til borðs, hvorki í gær né svo heldur í dag?“ 28Jónatas svaraði Saul: „Hann bað mig leyfis að hann mætti fara til Betlehem 29og sagði so: Leyf mér að fara því að mínir frændur hafa eitt offur í staðnum og minn bróð-

ir hefur sjálfur boðið mér. Hafa eg nú fundið náð í þínu augliti þá vil eg fá leyfi sem snarast þangað að sjá mína bræður.

30Og fyrir þessa skuld er hann ekki kominn til kóngsins borðs.“ Þá reiddist Saul Jonatha og sagði til hans: „Þú hinn óhlýðugi skálkur! Eg veit vel að þú hefur útvalið þennan son Jesse þér og þinni lýtafullri móður til skammar! 31Því að svo lengi sem þessi son Jesse lifir á jörðunni þá verður hverki þú né þitt kóngsríki staðfast! So send nú af stað og láttu hafa hann hingað til mín því hann skal vissulega deyja!“ 32Jónatas svaraði sínum föður Saul og sagði til hans: „Því skal hann deyja? Hvað hefur hann gjört?“ 33Þá greip Saul spjót og vildi slá hann með. Þá merkti Jónatas að hans faðir hafði endilega einsett sér að hann vildi drepa Davíð. 34Og hann gekk frá borðinu með grimmum hug og át ei brauð á öðrum degi þeirrar mánaðarhátíðar því hann hryggðist vegna Davíðs fyrir sökum þess að hans faðir hafði so strengilega heitast við Davíð.

35Að morni dags þegar lýsti gekk Jónatas út á akurinn þangað sem þeir Davíð höfðu mælt og hans smásveinn með honum. 36Og hann sagði til sveinsins: „Far og sæk þá ör sem eg skýt af mínum boga.“ En sem sveinninn rann af stað skaut Jónatas einni ör fram yfir hann. 37En sem sveinninn kom þangað sem Jónatas hafði pílunni skotið þá kallaði Jónatas eftir honum og sagði: „Pílan liggur lengra fram frá þér!“ 38Og enn kallaði hann meir eftir honum: „Flýt þér snart og statt ekki við!“ Sveinninn tók saman örvarnar og bar þær til síns herra. 39Og sveinninn vissi ekki til hvers þetta kom en þeir Jónatas og Davíð vissu þessi ráð. 40Eftir það fékk Jónatas sínum sveini sín vopn og sagði til hans: „Far þú og ber þetta í staðinn aftur.“ 41Sem sveinninn var af stað farinn þá stóð Davíð upp þaðan sem hann hafði falist í móti suðri og féll fram allur til jarðar og baðst fyrir þrem sinnum. Og þeir Jónatas minntust hvor við annan og grétu báðir saman mjög beisklega, þó Davíð miklu meir. 42Og Jónatas sagði til Davíðs: „Far nú í friði. Hvað sem við báðir höfum svarið til samans í nafni DROTTINS og sagt: DROTTINN veri í milli mín og þín, millum þíns afkvæmis og míns, það vari ævinlega.“ Og Jónatas tók sig upp og kom aftur í borgina.

21 Davíð kom til Nóbe til Ahímelek kennimanns. Og Ahímelek hnykkti við þá eð hann mætti Davíð og sagði til hans: „Því kemur þú svo alleina svo að ekki er einn maður með þér?“ 2En Davíð svaraði Ahímelek: „Kóngurinn bífalaði mér eitt erindi og bannaði mér að segja nokkrum, hvar fyrir hann sendi mig svo, eða hvað hann vildi eg gjörði. Því hefi eg svo sent mína menn hingað og þangað frá mér. 3En hafir þú nokkuð þér í hendi, eitt brauð eða fimm, þá gef mér þau í mína hönd eða hvað þú getur fundið.“ 4Ahímelek svaraði Davíð og sagði: „Eg hefi ekkert almennilegt brauð undir minni hendi nema þau sem heilög eru. Hafi aðeins sveinarnir haldið sér frá kvenna samvistum.“ 5Davíð svaraði kennimanninum og sagði: „Kvinnurnar voru þrjá daga geymdar frá oss þá eg fór út og öll sveinanna ker voru heilög. En sé þessi vegur óheilagur þá skal hann helgast í dag fyrir kerin.“ 6Þá gaf kennimaðurinn honum af því helgaða því hann hafði ekki annað brauð utan þau skoðunarbrauð sem upp voru látin fyrir DROTTIN að menn skyldu leggja ein önnur ný brauð aftur þá þau væru í burt tekin á sama degi.

7En þar var einn maður inniluktur þann dag fyrir DROTTNI af þénurum Saul hver eð hét Dóeg, einn Edomiter. Hann var máttkastur af hirðörum Saul. 8Og Davíð sagði til Ahímelek: „Hefur þú

undir þinni hendi spjót eður sverð? Eg tók ei mitt sverð né nein vopn með mér það so bar bráðan að um kóngs erindi.“ 9Kennimaðurinn svaraði: „Golíats sverð hvern þú slóst í Eikardal er hér og er sveipað í einu klæði til baka við lífkyrtilinn. Viljir þú það hafa svo tak það því að hér er ekki sverð annað en þetta.“ Davíð svaraði: „Ekkert annað er jafngott, fá þú mér það.“

10Og Davíð tók sig upp og forðaðist Saul og kom til Akís sem var kóngur í Gat. 11En Akís þénarar sögðu til hans: „Hér er kominn Davíð, kóngur landsins, af hverjum þær sungu í dansinum og sögðu:

Saul vann sigur á þúsund en Davíð á tíu þúsund.“ 12Davíð hugfesti þessi orð og var hræddur mjög við Akís kóng af Gat. 13Hann torkennir sig fyrir þeim og lætur sem hann detti í þeirra höndum og rekur sig á dyrustafina í portinu og hrækir í skegg sér. 14Þá sagði Akís til sinna manna: „Sjáið, þér sjáið að þessi maður er vitstoli. Því leiddu þér hann fyrir mig? 15Eða hefi eg ekki nóga vitlausa skiptinga að þér leidduð hann þó hingað að hann skyldi ærast hér fyrir augum mér? Skyldi hann koma í mitt hús?“

22 Davíð gekk þaðan og flýði í eitt fylsni í Adóllam. En sem hans bræður og allt hans föðurs húss heyrði það þá komu þeir ofan þangað til hans. 2Og allir menn sem í nokkrum skuldum og vankvæðum voru og hryggðum voru vafðir söfnuðust til hans. Og hann varð þeirra höfðingi so að þar urðu hjá honum nær fjögur hundruð manns.

3Síðan gekk Davíð þaðan til Mispe í land Moabitarum og sagði til kóngsins í Móab: „Leyf mínum föður og minni móður að ganga hér út og inn hjá yður þar til að eg veit hvað Guð vill gjöra við mig.“ 4Og hann lét þau hjá Moabiters kóngi og þau voru hjá honum so lengi sem Davíð var í þeirra kastala. 5En prophetinn Gað sagði til Davíð: „Ver ekki lengur í þeim kastala heldur far aftur í Gyðingaland.“ Svo fór Davíð þaðan og kom inn í þann skóg sem heitir Haret.

6Það spurði Saul að Davíð og þeir menn sem hann hafði hjá sér voru út aftur komnir. 7Sem Saul bjó í Gíbea og var staddur undir einum lundi í Rama og hélt á spjóti og allir hans þénarar stóðu í kringum hann þá sagði Saul til sinna manna sem í kring hann stóðu: „Heyrið, synir Jemíní! Mun son Jesse gefa yður öllum akra og víngarða og gjöra yður alla að höfðingjum yfir þúsund og yfir hundrað 8að þér hafið allir so sambundið yður á móti mér og þar er enginn sem þvílíkt hefur undirvísað mér fyrst að minn son hefur gjört samband með son Jesse? Og þar er enginn af yður sem slíkt harmi minna vegna og segi mér það. Því að minn sonur hefur uppvakið minn þræl í mót mér að hann situr um mig svo sem það augljóst er.“ 9Þá svaraði Dóeg Edomiter hver að stóð hjá kóngsins þénurum og sagði svo: „Eg sá son Jesse að hann kom í Nóbe til Ahímelek, son Ahítóp. 10Hann fór til frétta við DROTTIN hans vegna og gaf honum vistir og fékk honum sverðið það sem Golíat Philisteus hafði átt.“

11Þá sendi kóngur og lét sækja Ahímelek kennimann, son Ahítóp, og allt hans föðurs hús og þá alla kennimenn sem voru í Nóbe. Og þeir komu allir til kóngsins. 12Og Saul sagði: „Heyrðu, son Ahítóp.“ Hann svaraði: „Hér er eg, minn herra.“ 13Og Saul sagði til hans: „Hvar fyrir bindur þú samtök í móti mér með syni Jesse og gafst honum brauð og fékkst honum sverð og ráðgaðist við Guð fyrir hann og uppvaktir hann að sitja um svikræði við mig svo sem augljóst er?“ 14Ahímelek andsvaraði kónginum og sagði: „Hver er þvílíkur á meðal allra þinna þénara sem Davíð, so dyggur, og kóngsins mágur, hlýð-

inn þínu boði og heiðarlega haldinn í
þínu húsi? 15Mun eg þá fyrst byrjað hafa
í dag að ráðgast um við Guð hans
vegna? Það sé langt frá mér. Ætli ekki
kóngurinn sínum þénara slíkt í öllu
mínu föðurs húsi. Því að þinn þénari
vissi ekkert af þessu, hverki mikið né
lítið.“ 16Kóngurinn svaraði Ahímelek:
„Þú skalt sannlega deyja, þú og allt þitt
föðurs hús.“ 17Og kóngurinn sagði til
sinna þénara sem hjá honum voru:
„Snúið yður og drepið kennimenn
DROTTINS því að þeirra hendur eru með
Davíð. Og þeir vissu þá hann flýði en
kunngjörðu það ekki mér.“ En kóngs-
þénarar vildu ekki leggja sínar hendur
á Guðs kennimenn að drepa þá. 18Þá
talaði kóngurinn til Dóeg: „Far þú og
vinn á þeim.“ Dóeg Edomita sneri sér
við og vann á kennimönnunum og drap
á þeim degi fimm og áttatígi kenni-
menn sem skrýddir voru lífkyrtlum.
19Hann sló og kennimanna borgina
Nóbe með sverðseggjum, bæði menn
og kvinnur, börn og brjóstmylkinga,
hér með uxa og asna og sauði.

20En einn komst undan af sonum Ahí-
melek, sonar Ahítób. Hann hét Abjatar
og flýði til Davíðs 21og kunngjörði hon-
um að Saul hafði drepið Guðs kenni-
menn. 22Þá svaraði Davíð Abjatar:
„Sannlega vissa eg það á þeim degi þá
Dóeg af Edóm var þar að hann mundi
segja það Saul. Eg er sekur allra þeirra
blóðs af þíns föðurs húsi. 23Nú vert þú
með mér og óttast ekki því að hver sem
leitar eftir þínu lífi sá skal og leita eftir
mínu sjálfs lífi. Þú skalt hólpinn verða
meður mér.“

23 Þau tíðindi komu til eyrna Dav-
íð að Philistei stríddu á Kegíla
og ræntu þeirra kornhlöður. 2Þá spurði
Davíð DROTTIN að og sagði: „Skal eg
fara þangað og slá þessa Philisteos?“ Og
DROTTINN sagði til Davíðs: „Far þangað
og munt þú slá Philisteos so þú frelsir
borg Kegíla.“ 3En þeir menn sem voru
með Davíð sögðu til hans: „Sjá, vér
erum með ugg og ótta hér í Júda og
viljum þó fara til Kegíla í móti herliði
þeirra Philisteis?“ 4Þá spurði Davíð
DROTTIN í annan tíma að þessu. Og
DROTTINN svaraði honum og sagði: „Rís
þú upp og far ofan til Kegíla því að eg
vil gefa Philisteos í þínar hendur.“ 5Svo
ferðaðist Davíð með sínum mönnum til
Kegíla, réð til bardaga við Philisteos og
rak burt allt þeirra kvikfé og veitti þeim
mikið slag. Svo frelsaði Davíð þá í
Kegíla.

6Því að þá Abjatar son Ahímelek flýði
til Davíðs til Kegíla þá bar hann lífkyrt-
ilinn með sér. 7Þetta frétti Saul, að Dav-
íð var kominn til Kegíla. Þá sagði hann:
„Guð hefur nú gefið hann í mínar hend-
ur að hann er kominn í þann stað sem
hann er byrgður með portum og slag-
bröndum.“ 8Og Saul lét samankalla allt
sitt stríðsfólk ofan til Kegíla að sitja um
Davíð og hans menn. 9En sem Davíð
fær þann kvitt að Saul hugsaði honum
illt sagði hann til Abjatar prests: „Fær
mér hingað lífkyrtilinn.“ 10Og Davíð
sagði: „DROTTINN, þú Ísraels Guð, þinn
þénari hefur fengið þann kvitt að Saul
er nú þess sinnis að hann vill koma hér
ofan til Kegíla þennan stað að eyði-
leggja minna vegna. 11Munu borgar-
menn í Kegíla framselja mig í hans
hendur og mun Saul koma ofan hingað
so sem þinn þénari hefur heyrt?
DROTTINN, Guð Ísraels, undirvísa nú
þetta þínum þjón.“ DROTTINN svaraði:
„Hann mun koma ofan hingað.“ 12Davíð
sagði: „Munu þá borgarmenn Kegíla
framselja mig og mína menn í hendur
Saul?“ DROTTINN svaraði: „Já.“ 13Þá tók
Davíð sig upp og hans menn, nær sex
hundruð, og fóru út af Kegíla og gengu
hingað og þangað. En sem Saul fékk að
vita að Davíð var flúinn af Kegíla þá yf-
irgaf hann sína reisu. 14En Davíð dvald-
ist í eyðimörku í öruggu vígi og var upp
á fjallinu í eyðimörku Síf. Saul lét ekki
af að leita hans alla sína daga en Guð

gaf hann ekki í hans hendur. 15Og Davíð merkti að Saul var enn útdreginn að leita eftir hans lífi. En Davíð hélt sig í eyðimörku Síf á nokkrum skógi. 16Eftir þetta tók sig upp Jónatas son Saul og fór til fundar við Davíð í skóginn og styrkti hans hendur í DROTTNI 17og sagði til hans: „Óttast þú ekki. Hönd Saul föður míns skal ekki finna þig heldur muntu verða kóngur yfir Ísrael. Svo vil eg verða næstur þér og minn faðir veit allt þetta.“ 18Og þeir bundu báðir enn sinn félagskap hvor við annan í augliti DROTTINS. Og Davíð varð eftir í skóginum en Jónatas hvarf aftur til síns heimilis.

19En þeir sem bjuggu í nánd eyðimörku Síf fóru til fundar við Saul í Gíbea og sögðu: „Er ekki Davíð hjá oss í fylsnum í vígi því sem eru í skógi á þeim hálsi Hakíla hver að liggur til hægri handar eyðimerkur? 20Því far nú, kóngur, ofan eftir þinni vild. Þá viljum vér koma honum í kóngsins hendur.“ 21Þá sagði Saul: „Blessaðir séu þér af DROTTNI að þér hafið harm minna vegna. 22Farið nú aftur af stað og verðið vísir að þér bæði vitið og sjáið í hverjum stað hans fætur eru og hver hann hefur séð þar. Því að mér er sagt að hann sé slægur. 23Rannsakið og njósnið um öll þau fylsni þar hann má felast og komið til mín aftur nær þér hafið örugga vissu af hvar hann felur sig. Þá vil eg fara með yður. Sé hann í landinu þá vil eg leita eftir honum á meðal allra þúsunda í Júda.“ 24Þessir menn tóku sig upp og gengu til Síf undan Saul.

En Davíð og hans menn voru í eyðimörku Maon á sléttlendunum sem liggja til hægri handar hjá eyðimörkinni. 25En sem Saul fór nú með sínum mönnum að leita Davíðs þá fékk Davíð það að vita. Og hann fór ofan að bjarginu og var í eyðimörku Maon. Þá Saul frétti það fór hann þegar eftir Davíð í eyðimörk Maon. 26Og Saul með sínum mönnum gekk öðrumegin fjallsins, Davíð og hans menn voru öðrumegin. En sem Davíð flýtir sér að komast undan Saul þá tók Saul með sínum mönnum að kringja öllumegin um Davíð og hans menn og var við sjálft að hann mundi grípa þá. 27Í því bili kom þar sendimaður til Saul og sagði: „Flýt þér og kom snart því Philistei eru fallnir inn í landið.“ 28Þá hvarf Saul aftur og lét af að sækja eftir Davíð en fór í mót Philisteis. Þar af var sá staður kallaður Sela Mahelkót. 29Og Davíð fór þaðan og dvaldist í Engeddí þar eð voru örugg vígi.

24 Nú sem Saul kom aftur frá þeim Philisteis var honum þegar sagt: „Sjá, Davíð er nú í eyðimörku Engeddí.“ 2Jafnsnart útvaldi Saul þrjár þúsundir ungra manna af öllum Ísrael og fór að leita Davíðs og hans manna um þá vegu brattra bjarga aðskógdýrum einum var fært fram að komast. 3En sem hann kom að nokkrum fjárbyrgjum á veginum þá varð fyrir honum einn hellir. Og Saul gekk þar inn aðhylja sína fætur. En Davíð og hans menn leyndust í þeim sama hellir innarlega. 4Þá sögðu menn Davíðs til hans: „Sjáðu, nú er sá dagur kominn af hverjum DROTTINN hefur sagt þér: Sjá, eg vil gefa þinn óvin í þínar hendur so þú mátt nú gjöra honum hvað þig lystir.“ Davíð stóð upp og sneið svo hljóðlega eitt laf af skikkju Saul. 5En sem hann hafði skorið þetta af Sauls skikkju þá gramdist hann sjálfum sér 6og sagði til sinna manna: „DROTTINN láti það vera langt frá mér að eg skuli það gjöra að leggja mína hönd á minn herra, þann smurða DROTTINS, því að hann er er Christur DROTTINS.“ 7Og Davíð mýkti hugi sinna manna með þessum orðum og lét þá ekki ráða á Saul. Nú sem Saul gekk út af hellirnum og fór á sinn veg.

8Þá stóð Davíð upp og gekk út af hellirnum og kallaði eftir Saul og sagði:

„Minn herra kóngur!“ Saul leit aftur. Og Davíð féll allur til jarðar, tilbað [9]og sagði til Saul: „Því hlýðir þú þeirra manna orðum sem so segja: Davíð situr um líf þitt. [10]Sjá, þín sjálfs augu sjá það á þessum degi að Drottinn hafði gefið þig í mínar hendur í hellirnum. Og það var sagt að eg skyldi slá þig í hel. En nú sér þú að eg hlífða þér því eg sagða: Eigi vil eg leggja mína hönd á minn herra því hann er sá smurði DROTTINS. [11]Minn faðir, sjá, hér er eitt speld af þinni skikkju í minni hendi til merkis að eg vildi ekki slá þig í hel þá eg skar þetta speld af þinni skikkju. Gættu nú að og sjáðu að þar er ekkert illt í minni hendi, ei heldur nokkur misgjörningur. Eg hefi og ekki syndgast í móti þér og þú situr um líf mitt. [12]Sé DROTTINN dómari millum mín og þín og hefni mín á þér en mínar hendur skal eg ei leggja á þig. [13]Menn plaga að segja í gömlum orðskvið: Af ómildum kemur illska, en mín hönd skal ekki koma yfir þig. [14]Eftir hverjum leitar þú, kóngur Ísrael? Hvern eltir þú? Einn dauðan hund? Einasta eina fló? [15]DROTTINN dæmi millum þín og mín og sjái til og útrétti mína sök og frelsi mig af þinni hendi.“

[16]En sem Davíð hafði úttalað þessi orð við Saul þá svaraði hann: „Davíð, minn son, er það ekki þín rödd?“ Og Saul upphóf sína raust grátandi [17]og sagði til hans: „Þú ert réttlátari en eg. Það góða hefur þú auðsýnt mér en eg hef sýnt þér hið vonda. [18]Og nú hefur þú auðsýnt mér í dag hversu vel að þú hefur gjört við mig að DROTTINN hafði gefið mig í þínar hendur en þú drapst mig ekki. [19]Hvernin mun nokkur finna sinn óvin og láta hann fara góðan veg frá sér? DROTTINN umbuni þér góðu fyrir þennan dag það þú hefur gjört mér. [20]Sjá nú, eg veit að þú munt verða kóngur og Israelis kóngsríki stendur í þinni hendi. [21]Svo sver mér nú við DROTTIN að þú viljir eigi uppræta mitt sæði eftir mig og ei afmá mitt nafn af míns föðurs húsi.“ [22]Og Davíð sór Saul. Síðan fór Saul heim en Davíð og hans menn fóru aftur í sitt vígi.

25 Og Samúel andaðist og allur Ísraelslýður safnaðist saman og þeir grétu yfir honum og jörðuðu hann í sjálfs síns húsi í Raama.

Og Davíð tók sig upp og fór ofan til eyðimerkur sem kallaðist Paran. [2]Og þar var einn maður í Maon og hafði sína byggð í Karmel. Þessi maður var mjög mektugur og hann hafði þrjár þúsundir sauða og þúsund geitfjár. Og það skeði svo að hann klippti sína sauði í Karmel [3]og hann hét Nabal. En hans kvinna hét Abigail. Hún var skynsöm kvinna og mjög fríð í andliti. En hennar maður var harðráður og illur viðureignar. Hann var af ætt Kaleb. [4]Sem Davíð nú heyrði í eyðimörkinni að Nabal klippti sauði sína [5]þá útsendi hann tíu af sínum mönnum og sagði til þeirra: „Farið upp til Karmel og sem þér komið til Nabal þá heilsið honum vinsamlega minna vegna [6]og segið: Lukka og friður sé með þér og þínu húsi og með öllu því sem þér tilheyrir. [7]Eg hefi heyrt að þú hefur nú hjarðsveina að klippa sauði þína. Nú þínir hjarðargeymarar sem þú hefur þeir hafa verið hjá oss. Vér höfum ekki fyrirlitið þá og þá brast aldrei neitt á sína tölu þá stund sem þeir voru í Karmel. [8]Spyr þá sjálfa að, svo skulu þeir segja þér það. Þar fyrir lát nú þína þénara finna náð í þínu augliti því að vér höfum hitt á einngóðan dag. Gef nú nokkuð þínum þénurum og þínum syni Davíð hvað sem þín hönd finnur.“

[9]Sem Davíðs sendimenn komu nú þangað og höfðu framborið öll þessi orð Davíðs vegna fyrir Nabal þá þögnuðu þeir. [10]En Nabal svaraði Davíðs þénurum og sagði: „Hver er þessi Davíð? Og hver er þessi son Jesse? Margir gjörast þeir nú þrælar sem flýja frá sínum herrum. [11]Skal eg taka mitt brauð,

vatn og vistir sem eg hefi slátrað og tilreitt hjarðsveinum mínum og gefa þeim mönnum sem eg þekki ekki hvað manna eru?“ [12]Sendimenn Davíðs sneru aftur sinn veg og sem þeir komu til hans þá tjáðu þeir honum allt það sem Nabal hafði talað. [13]Þá sagði Davíð til sinna manna: „Búið yður og bindi hver yðar sitt sverð við sína síðu.“ Og jafnsnart gjörðu allir svo og Davíð gyrti og sig með sínu sverði og honum fylgdi fjögur hundruð manns en tvö hundruð lét hann vera eftir hjá þeirra fansi.

[14]En einn af hjarðsveinum Nabal fór og undirvísaði Abigail hans kvinnu: „Sjá, Davíð sendi boð af eyðimörku og lét sína blíðu heilsan bera vorum húsbónda en hann snefsaði þeim frá sér. [15]En þeir hafa verið oss mjög þarfir menn, hafa ekki forsmáð oss eða fyrirlitið, svo oss vantaði aldrei á vora tölu meðan vér gengum með þeim þá stund sem vér vorum á mörkinni [16]heldur hafa þeir verið oss sem einn múrveggur dag og nótt, alla þá stund sem vér geymdum vorar hjarðir hjá þeim. [17]Þar fyrir hugsa þú nú hvað þú vilt til gjöra. Því að þar er sannlega ólukka búin vorum húsbónda og öllu hans hyski. En hann er svo illskufullur maður að enginn þorir að segja honum nokkuð.“

(Nabot fylgir falsguðinum Belíal)

[18]Þá bregður Abigail við og tekur tvö hundruð brauðs, tvær flöskur víns og fimm sauði uppsoðna og fimm mæla mjöls og hundrað stykki rúsín og tvö hundruð stykki fíkna og klyfjaði asna. [19]Og hún sagði til sinna sveina: „Farið strax og færið þetta undan mér. Sjá, eg vil koma eftir yður.“ En af þessu öllu sagði hún ekki par sínum manni Nabal. [20]Jafnsnart sté hún á asna og reið fram undir eitt fjall. Sjá, þá kom Davíð og hans menn þar í móti henni og hún mætti þeim. [21]En Davíð hafði áður sagt: „Nú vel, eg hefi að þarfleysu geymt allt það sem þessi maður átti í eyðimörkinni svo að þar fargaðist ekki neitt af öllu því sem hann átti. Nú hefur hann umbunað mér illu fyrir gott. [22]Gjöri Guð Davíðs óvinum þetta og enn meira ef eg læt nokkurn lífi halda inn til þess ljós dagur er af þeim sem í vegg af sér vatn lætur af öllum þeim sem honum tilheyra.“

[23]Nú sem Abigail leit Davíð sté hún jafnsnart af sínum asna og féll fram öll til jarðar fyrir Davíð, bað hann [24]og féll til hans fóta og sagði: „Minn herra, kenn þú mér þennan misgjörning og leyf þinni þjónustukvinnu að tala fyrir þínu augliti og virst þú að heyra orð þinnar ambáttar. [25]Minn herra, set ekki þitt hjarta í móti þeim óréttláta Nabal því hann er fávís so sem hans nafn hljóðar og fáviska er með honum. En eg þín ambátt sá ekki míns herra þénara þá sem þú útsendir. [26]Nú minn herra, svo sannarlega sem DROTTINN lifir og svo sannlega sem þín önd lifir þá hefur DROTTINN hamlað þér að þú skyldir ekki koma í blóð. Hann hefur og frelsað þína sál. Verði nú so sem Nabal allir þínir óvinir og þeir sem vilja mínum herra illt. [27]En hér er nú blessan sem þín þénustukvinna færði mínum herra hingað, gef þetta þínum þénurum sem fara með mínum herra. [28]En fyrirgef þinni ambátt þessa yfirtroðslu því að DROTTINN mun byggja mínum herra eitt staðfast hús. Því að þú heyir bardaga DROTTINS og lætur ekkert illt finnast með þér alla þína daga. [29]Og þegar nokkur maður vill uppsetja sig að ofsækja þig og sitja um þitt líf þá mun míns herra sál vera varðveitt í bindini lifandi manna hjá DROTTNI þínum Guði. En sálir þinna óvina munu snúast sem steinn í slöngu. [30]Nú þegar DROTTINN gjörir þér, minn herra, allt það góða sem hann hefur lofað þér og sagt til þín og býður að þú skulir vera einn hertugi yfir Ísrael [31]þá sé ekki míns herra hjarta þetta til falls eða forörgunar að þú hafir nokkru blóði úthellt án sakar og hefnt þín sjálfur. Þá skal DROTTINN gjöra vel

mínum herra og þá munt þú minnast þinnar ambáttar.“
32Sem Davíð heyrði þessi orð þá sagði
hann til Abigail: „Lofaður sé DROTTINN
Guð Israelis sá eð sendi þig í dag til
fundar við mig. 33Blessuð sé þín ræða
og blessuð sért þú sjálf að þú hefur
hamlað mér á þessum degi að fara til
blóðs og hefna mín með minni eigin
hendi. 34Sannlega so víst sem DROTTINN
Guð Ísraels lifir, sá sem hefti mig að eg
gjörða þér ekki vont: Hefðir þú ekki
komið svo snart til fundar við mig þá
hefði Nabal þinn maður ei haldið eftir
til morguns einum þeim sem í vegg af
sér vatn lætur.“ 35Síðan meðtók Davíð
af hennar hendi það sem hún hafði fært
honum og sagði til hennar: „Far nú
með friði heim til þíns húss. Sjá, eg
hlýdda þínum orðum og virti þína
persónu.“
36Þegar Abigail kom heim aftur til
Nabal, sjá, þá hafði hann látið reiða til
einnrar veislu í sínu húsi so sem kóngs-
veisla væri og var sem kátastur og
hann var mjög drukkinn. En hún sagði
honum ekkert, hvorki mikið né lítið,
allt til ljóss dags. 37En um morguninn
sem af honum létti vínórum þá sagði
hans kvinna honum þetta allt. Þá doðn-
aði hans hjarta og hann varð sem
steinn. 38Og tíu dögum þar eftir sló
DROTTINN hann so hann andaðist.
39En sem Davíð heyrði að Nabal var
dauður sagði hann: „Lofaður sé
DROTTINN sá eð hefndi á Nabal minnar
svívirðingar og hefti sinn þénara frá því
inu vonda. Og DROTTINN lét Nabals
vondskap koma honum í koll.“ Og Dav-
íð sendi þangað og lét tala við Abigail
að hann vildi taka hana til eiginkvinnu.
40En sem Davíðs þénarar komu til
Abigail í Karmel þá töluðu þeir við hana
og sögðu: „Davíð sendi oss til þín að
hann vill fá þín sér til eiginkvinnu.“
41Hún stóð upp, féll fram til jarðar og
mælti: „Sjá, hér em eg þín ambátt að eg
þjóni þénurum míns herra og þvoi fæt-
ur þeirra.“ 42Og Abigail bjó sig skjótt og
settist á einn asna og fimm hennar
þjónustumeyjar með henni og fór með
sendimönnum Davíðs og gjörðist hús-
freyja hans.
43Davíð fékk og Ahínóam af Jesreel
og þær báðar voru hans eiginkvinnur.
44En Saul gifti Paltí syni Laís af Gallím
sína dóttir Míkól sem áður var Davíðs
kvinna.

26 Þeir af Síf komu til Saul í Gíbea
og sögðu: „Mun Davíð ekki
leynast á Hakílahæðum gagnvart eyði-
mörku?“ 2Sem Saul heyrði þetta brá
hann strax við og fór þangað og þrjár
þúsundir ungra manna af Ísrael með
honum að leita eftir Davíð í eyðimörku
Síf 3og hann setti herbúðir á
Hakílahæðum sem að liggur gegnt
eyðimörkinni hjá veginum. En Davíð
var í eyðimörkinni. Og er hann sá að
Saul kom eftir honum í eyðimörkina
4útsendi hann njósnarmenn. Hann
frétti þá að Saul var vissulega kominn.
5Og Davíð tók sig upp og kom að þeim
stað sem Saul hafði sett sínar tjaldbúðir
og sá hvar Saul lá og hans hershöfðingi
Abner son Ner því Saul lá í vagnborg
undir berum himni og stríðsfólkið í
kringum hann.
6Þá svaraði Davíð og sagði til Ahíme-
lek Hetiter og til Abísaí sonar Serúja,
bróðir Jóab: „Hver vill fara með mér
ofan að herbúðum Saul?“ Abísaí svar-
aði: „Eg vil fara með þér ofan þangað.“
7So kom Davíð og Abísaí til fólksins um
nóttina. Og sjá, Saul lá og svaf í einni
vagnborg og hans spjót stóð í jörðu við
hans höfuð en Abner og herinn lá í
kringum hann. 8Þá sagði Abísaí til Dav-
íðs: „Nú hefur Guð á þessum degi gefið
þinn óvin í þína hönd. Því vil eg nú
leggja í gegnum hann spjótinu einu
sinni svo að hann skal ekki þurfa
meira.“ 9Davíð sagði til Abísaí: „Drep þú
hann ekki því hver vill leggja hendur á
þann smurða DROTTINS og vera óhegnd-

ur?“ [10]Og enn mælti Davíð: „Svo sannarlega sem DROTTIN lifir: Ef sjálfur DROTTINN slær hann ekki elligar hans tími kemur að hann skal deyja eða hann drægi í stríð og fellur þar [11]þá forði DROTTINN mér því að eg leggi mína hönd á Krist DROTTINS. Svo tak nú spjótið það sem stendur að höfði honum og vatnkerið og förum burt.“ [12]Svo tók Davíð spjótið og vatnkerið það sem stóð að höfði Saul og gekk í burt og þar var enginn sem þetta sá eður yrði var við né vaknaði heldur sváfu þeir allir. Því að fastur svefn af DROTTNI var yfir þá alla fallinn.

[13]Og sem Davíð var nú kominn yfir um á hina síðu gekk hann langt burt á hæð nokkra so að þar var langt á millum þeirra. [14]Þá kallaði Davíð til fólksins og til Abner sonar Ner og sagði: „Heyrir þú ekki, Abner?“ Abner svaraði og sagði: „Hver ert þú að þú ónáðar kónginn?“ [15]Davíð svaraði Abner: „Ert þú ekki maður? Og hver er þinn jafningi í Ísrael? Því hefur þú ekki betur geymt þíns herra kóngs? Því þar gekk inn einn af fólkinu að drepa þinn herra og kóng. [16]Nú hefur þú víst ei vel gjört. Svo sannlega sem DROTTINN lifir: Þér eruð dauðans synir að þér hafið ekki varðveitt yðarn herra þann smurða DROTTINS. Sjá þú nú, hér er kóngsins spjót og það vatnker sem var hjá hans höfði.“

[17]Þá kenndi Saul Davíðs rödd og sagði: „Davíð, minn son, er það ekki þín rödd?“ Davíð sagði: „Það er mín rödd, minn herra kóngur.“ [18]Og hann talaði enn framar: „Fyrir hverja skuld ofsækir þú so þinn þénara? Hvað hefi eg gjört og hvað er vont í mínum höndum? [19]So heyr nú, minn herra kóngur, orð þíns þénara. Ef DROTTINN hvetur þig í mót mér þá lát upptendra eitt matoffur. En ef það gjöra mannasynir þá sé þeir bölvaðir af DROTTNI að þeir vilja útreka mig á þessum degi að eg má ekki búa í erfð DROTTINS og þeir segja: Far burt og þjóna þú öðrum guðum. [20]Svo falli nú ei mitt blóð á jörð fyrir augliti DROTTINS því að Ísraels kóngur er útdreginn að leita eftir einni fló eða so sem þá veiðimenn elta rjúpu á fjöllum.“

[21]Þá svaraði Saul: „Eg hefi misgjört. Kom aftur til mín, minn son Davíð, héðan í frá vil eg ekki illt gjöra þér af því að nú í dag var mitt líf dýrlegt í þínu augliti. Sjá, eg hefi gjört fávíslega og mjög óforsjálega.“ [22]Davíð svaraði og sagði: „Sjáið, hér er kóngsins spjót, fari einn af smásveinum yfir hingað að sækja það. [23]En DROTTINN mun bitala sérhverjum eftir sinni réttvísi og sinni trú. Því DROTTINN gaf þig í dag í mínar hendur en eg vilda ekki leggja mína hönd á Krist DROTTINS. [24]Og svo sem þitt líf var miklað í dag fyrir mínum augum svo sé og mín sál mikluð í augliti DROTTINS og frelsi hann mig af öllum mótgangi.“ [25]Saul sagði til Davíðs: „Blessaður sértu, minn son Davíð, þú munt það gjöra og fullkomna það.“ Eftir þetta gekk Davíð sína leið en Saul sneri aftur í sinn stað.

27 Og Davíð hugsaði með sér: „Ske má að eg falli enn í hendur Saul. Mér er ekkert betra en eg flýi burt og fari í land Philisteis svo að Saul mætti afláta að leita mín um allar Ísraels landsálfur og að eg forðist so hans hendur.“ [2]Og Davíð tók sig upp og fór burt og með honum sex hundruð manna sem voru hjá honum til Akís, sonar Maók, kóngsins í Gat. [3]So var Davíð í Gat hjá Akís og allir hans menn, hver með sínu hyski, Davíð og svo með tveimur sínum kvinnum, Ahínóam af Jesreel og Abigail kvinnu Nabal af Karmel. [4]Og er Saul frétti það að Davíð hafði flúið í Gat þá létti hann að leita eftir Davíð.

[5]Og Davíð sagði til Akís: „Hafi eg fundið náð fyrir þínu augliti þá gef mér nokkurn stað til íbúðar í þínu landi. Því skal þjón þinn búa hjá þér í þínum kon-

unglega stað?“ 6Þá gaf Akís honum
Siklag á þeim sama degi. Og þar fyrir er
Sikla Júdakónga staður allt til þessa
dags. 7En sá tími sem Davíð bjó í landi
þeirra Philistinorum var eitt ár og fjórir
mánuðir.

8Davíð fór með sína menn og féll inn
í land þeirra þjóða sem kölluðust Ges-
suriter og Gersiter og Amalachiter því
að þessar þjóðir höfðu búið í þessum
löndum í fyrndinni þar menn fara til
Súr allt að Egyptalandi. 9Og sem Davíð
sló landið lét hann hverki lifa karlmenn
né kvinnur en tók naut, sauði, uxa,
asna, klæði og úlfalda og sneri svo aftur
og kom til Akís. 10En þá mælti Akís:
„Hefur þú hvergi áhlaup gjört í dag?“
Davíð svaraði: „Suður á móts við Júda
og suður á móti Jerahmeeliter og suður
á mót Keniter.“ 11Og Davíð lét hverki
karl né kvinnu lifandi koma til Gat því
hann hugsaði: „Ske má að þeir þvætti
um oss.“ Svo gjörði Davíð og það var
hans siðvani alla þá stund sem hann bjó
í landi Philisteis. 12Og því trúði Akís
Davíð og hugsaði: „Hann hefur gjört sig
andstyggilegan fyrir sínu fólki. Því skal
hann vera minn þjónustumaður ævin-
lega.“

28 Það skeði so á þeim tíma að
Philistei draga saman mikinn
her og vilja herja á Ísrael. Og Akís talaði
við Davíð: „Þú skalt vita að eg vil að þú
og þínir menn fari herför þessa með
mér.“ 2Davíð svaraði Akís: „Nú vel, þú
skalt reyna hvað þinn þénari skal
gjöra.“ Akís sagði til Davíðs: „Eg vil að
þú sért höfuðvörður minn alla mína
daga.“

3Samúel var andaður og allur
Ísraelslýður hafði grátið hann og jarðað
hann í sinni borg Rama. Saul hafði og
úr landi rekið alla galdramenn og fjöl-
kynngismenn. 4En sem her Philistei var
nú samankominn settu þeir herbúðir
sínar í Súnem. Þá samansafnaði Saul
öllum Ísrael og settu herbúðir sínar í
Gilbóa. 5En er Saul sá her Philistinorum
óttaðist hann og hans hjarta varð mjög
skelft. 6Og hann gekk til umráða við
DROTTIN en DROTTIN svaraði honum
öngu, hvorki í draumi né fyri ljós né
heldur fyrir spámenn. 7Þá sagði Saul til
sinna þénara: „Leitið upp fyrir mig þá
kvinnu sem hefur spáfararanda so eg
megi fara til hennar og fá vísindi af
henni.“ Hans þénarar svöruðu: „Sjá, þar
er ein kvinna í Endór, hún hefur einn
spáfararanda.“

8Og Saul tók klæðaskipti og gekk
þangað og tveir menn með honum og
kom um nótt til kvinnunnar og sagði:
„Eg bið þig, spá þú mér fyrir spá-
fararanda og vek upp þann sem eg segi
þér.“ 9Kvinnan svaraði honum: „Sjá, þú
veist vel hvað Saul hefur gjört, hvernin
hann hefur af landi rekið galdramenn
og fjölkynngismenn. Því vilt þú þá leiða
mína sál í snöru so eg hreppi dauða?“
10Saul sór henni við DROTTIN og mælti:
„So sannarlega sem DROTTINN lifir, þig
skal ekkert illt ske hér fyrir.“ 11Þá svar-
aði kvinnan: „Hvern vilt þú þá að eg
uppveki þér?“ Hann svaraði: „Vek upp
Samúel fyrir mig.“ 12Þá kvinnan sá nú
Samúel kallaði hún hárri röddu og
sagði til Saul: „Því hefur þú svikið mig?
Þú ert Saul.“ 13Kóngurinn sagði til
hennar: „Eigi skaltu óttast. Hvað sér
þú?“ Kvinnan sagði: „Eg sé guði upp-
stíga úr jörðunni.“ 14Hann sagði:
„Hvernin er hann í hátt?“ Hún ansaði:
„Einn gamall maður kemur þar upp og
er klæddur einum silkikyrtli.“ Þá
merkti Saul að það var Samúel og
hneigði sig á sína ásjónu til jarðar og
baðst fyrir.

15En Samúel sagði til Saul: „Því hefur
þú gjört mér ónáðir að þú lést uppvekja
mig hér upp?“ Saul svaraði: „Eg er
staddur í stórri angist. Philistei herja á
mig og Guð er vikinn frá mér og vill
öngva vissu gjöra mér, hverki fyrir spá-
menn né drauma. Þar fyrir lét eg kalla
þig að þú sýnir mér hvað eg skal gjöra.“

16Samúel svaraði:„Því spyr þú mig fyrst
að DROTTINN er vikinn frá þér og er
orðinn þinn óvin? 17DROTTINN mun
gjöra þér sem hann hefur sagt fyri mig
og mun slíta ríkið af þinni hendi og
gefa Davíð þínum náunga það. 18Sökum
þess að þú varst óhlýðinn röddu
DROTTINS og fullkomnaðir ekki hans
grimmdarreiði á Amalek. Og því hefur
DROTTINN gjört þér þetta. 19Þar að auk
mun DROTTINN gefa Ísrael með þér í
hendur Philistinorum. Á morgun munt
þú og þínir synir vera með mér og so
mun DROTTINN gefa Ísraelsher í
Philisteis hendur.“

20Þá féll Saul fram allur til jarðar svo
langur sem hann var og varð harla
mjög hræddur fyrir Samúels orðum svo
að hann varð máttlaus. Því hann hafði
ekki matar neytt allan þann dag og þá
nótt. 21Og kvinnan gekk inn til Saul og
sá að hann var mjög hræddur og hún
sagði til hans: „Sjá þú, þín ambátt
hlýddi þinni röddu og eg lagði mitt líf í
hættu og eg hlýdda þínum orðum sem
þú sagðir mér. 22Svo hlýð þú nú og
einnin orðum ambáttar þinnar: Eg vil
setja fyrir þig lítið brauð að þú megir
eta og styrkjast so að þú megir fara
þinn veg.“ 23Hann neitaði og sagði: „Eg
vil ekki eta.“ Þá neyddu hans þénarar
og kvinnan honum til so hann hlýddi
þeirra ráðum. Og hann stóð upp af
jörðunni og setti sig á sængina.
24Kvinnan átti og einn alinn kálf í sínu
húsi, hún fór sem snarast og lét slátra
honum. Og hún tók mjöl, hnoðaði og
bakaði ósýrt brauð 25og bar það fram
fyrir Saul og hans þénara. Og sem þeir
höfðu etið stóðu þeir upp og gengu alla
þá nótt.

29 Og Philistei samansöfnuðu öllum sínum her í Afek og Israelislýður setti herbúðir sínar í Aím í Jesreel. 2Og höfðingjar Philistinorum gengu fram hundruðum saman og þúsundum saman. En Davíð og hans meðfylgjarar voru í seinustu fylking með Akís. 3Þá sögðu höfðingjar Philistinorum: „Hvað skulu þessir Hebrei?“ Akís svaraði: „Er það ekki Davíð, þénari Saul Ísraelskóngs, hver að nú hefur verið hjá mér ár og dag, með hverjum eg hefi ekki fundið neitt illt frá því að hann flýði til mín allt til þessa dags?“ 4En Philisteis höfðingjar urðu honum reiðir og sögðu til hans: „Lát þú þann mann snúa aftur og sé hann kyrr í þeim stað sem þú skipaðir honum og lát hann ekki fara með oss til bardaga að ei snúist hann þá í móti oss þegar orrustan hefst. Því hvar með kann hann betur að kaupa sig í frið við sinn herra en með höfðum þessara manna? 5Er hann ekki sá Davíð um hvern að kveðið var í dansinum:

Saul vann sigur á þúsund en Davíð á
tíu þúsundum?“

6Þá kallaði Akís Davíð fyrir sig og sagði til hans: „Svo sannarlega sem DROTTINN lifir, eg held þig einn heiðarlegan mann og þinn inngangur og útgangur í þessari herför líkar mér og öngva hrekkvísi hefi eg fundið með þér frá því fyrst þú komst til mín og allt til þessa dags. En ei þóknast þú höfðingjunum. 7Þar fyrir snú þú aftur og far í friði so að þú ei styggir augu höfðingja Philistinorum.“ 8Þá sagði Davíð til Akís: „Hvað hefi eg aðhafst eða hvað hefur þú fundið hjá þínum þénara frá þeim tíma eg kom til þín og inn til þessa að eg skyldi ekki mega fara í orrustu og berjast í móti míns herra kóngsins óvinum?“ 9Akís svaraði og sagði til Davíðs: „Eg veit það vel því að vel þóknast þú fyrir mínu augliti svo sem Guðs engill. En þeir höfðingjar Philisteis sögðu: Lát hann eigi fara með oss í þennan bardaga. 10Svo tak þig upp á morgun árla og þénarar þíns herra sem komu með þér og sem þér eruð búnir á morgun þá að lýsir þá farið af stað.“ 11So stóð Davíð og hans menn árla upp um morguninn og ferðuðust og komu aftur í land

Philistinorum. En Philistei fluttu sinn her upp til Jesreel.

30 Nú sem Davíð kom heim aftur
á þriðja degi með sína menn til
Siklag þá höfðu þeir Amalechiter
áhlaup gjört af suðri í Siklag og höfðu
slegið Siklag og uppbrennt hana með
eldi. [2]Þær kvinnur sem þar voru tóku
þeir að herfangi með sér, bæði smærri
og stærri, en öngvan mann höfðu þeir í
hel slegið heldu hertekið og voru þá
farnir heim í veg. [3]En sem Davíð kom
að staðnum með sína sveit og sá að
hann var uppbrenndur með eldi og að
þeirra eiginkvinnur, synir og dætur
voru herteknar [4]þá upphóf Davíð og
það fólk sem með hönum var þeirra
raust og grétu svo lengi að þeir voru
móðir af sorg. [5]Því að tvær kvinnur
Davíðs voru herteknar, sem var
Ahínóam af Jesreel og Abigail Nabals
kvinna af Karmel, [6]og Davíð varð mjög
hryggur því að fólkið vildi grýta hann.
Því að sálir alls fólksins voru með
beiskum hug vegna sona sinna og
dætra. En Davíð styrktist í DROTTNI sín-
um Guði.

[7]Og sagði til Abjatar kennimanns,
sonar Ahímelek: „Fær mér hingað líf-
kyrtilinn.“ Og sem hann hafði fært hon-
um hann [8]þá spurði Davíð DROTTIN og
sagði: „Skal eg fara eftir þessum víking-
um og mun eg ná þeim?“ Hann sagði:
„Far eftir þeim, þú munt ná þeim og
taka herfangið af þeim.“ [9]Síðan fór Dav-
íð á stað með sex hundruð menn sem
með honum voru. En sem þeir komu að
þeim læk Besór þá urðu þar nokkrir
eftir af hans mönnum. [10]En Davíð fór
eftir þeim með fjögur hundruð manns
en tvö hundruð voru eftirstandandi því
þeir voru með öllu þreyttir og gátu ei
gengið yfir lækinn Besór.

[11]Og það skeði svo að þeir fundu einn
egypskan mann á mörkinni. Þann
leiddu þeir til Davíðs og gáfu honum
brauð að eta og vatn að drekka, [12]so og
gáfu þeir honum nokkuð af fíkjum og
tvær klær með rúsín. En sem hann
hafði etið tók hann að hressast því
hann hafði ekki etið í þrjá daga og þrjár
nætur og ekki á vatni bergt. [13]Þá sagði
Davíð til hans: „Hver ertu og hvaðan
ert þú?“ Hann svaraði: „Eg er einn eg-
ypskur sveinn og þénari eins
Amalechiter. En minn herra lét mig hér
eftir því að eg sýktist nú fyrir þremur
dögum. [14]Vér féllum hér inn sunnan að
Creti í mót Júda og sunnan að Kaleb og
uppbrenndum Siklag með eldi.“ [15]Davíð
sagði til hans: „Vilt þú fylgja mér ofan
til þessara víkinga?“ Hann svaraði:
„Sver þú mér þá við Guð að þú vilt
hverki drepa mig og eigi heldur
framselja mig í hendur míns herra, þá
vil eg fara með þér og fylgja þér til
þessara víkinga.“

[16]Og hann fylgdi þeim þangað og sjá,
þeir dreifðust um alla jörðina, átu og
drukku og héldu hátíð yfir því mikla
herfangi sem þeir höfðu tekið af
Philisteis og Júdalandi. [17]En sem Davíð
sá þá þá sló hann þá frá morni og inn til
kvelds á öðrum degi svo að enginn
komst undan af þeim utan fjögur hund-
ruð smádrengja sem náðu úlföldum og
flýðu. [18]Svo fékk Davíð aftur allt það
sem þeir Amalechiter höfðu rænt og so
sínar tvær kvinnur. [19]Og þar vantaði
ekki neitt, hverki lítið né mikið, hverki
son né dóttir og ekki neitt af því her-
fangi sem þeir höfðu tekið, Davíð rétti
það allt saman aftur. [20]Líka vel tók Dav-
íð naut og sauði og rak það undan sér
og þeir sögðu: „Þetta er herfang Dav-
íðs.“

[21]Nú sem Davíð kom til þeirra tvö
hundruð manna sem höfðu orðið
mæddir að fylgja Davíð og urðu eftir
hjá læknum Besór, sem þeir sáu nú
Davíð komanda gengu þeir á móti hon-
um og á móti því fólki sem var með
honum. Davíð gekk til þeirra og heils-
aði þeim vinsamlega. [22]Þá svöruðu til
þeir sem ranglátir voru og lausingjar á

meðal þeirra manna sem farið höfðu með Davíð og sögðu: „Sökum þess að þeir fóru ekki með oss þá skal þeim ekkert gefast af því herfangi sem vér höfum fengið utan hver taki sína kvinnu og börn og gangi svo burt héðan.“ [23]Þá svaraði Davíð: „Eigi skulu þér svo gjöra, mínir bræður, af því sem DROTTINN hefur gefið oss og hefur verndað oss og gaf þessa víkinga í vorar hendur, þeir sem hingað komu í móti oss. [24]Hver vill hlýða yður í þessu? Líka sem þeir hafa sinn part sem drógu með oss og börðust með oss so skulu þeir og hafa sem eftir voru og geymdu það sem vér áttum, það skal og líka skiptast.“ [25]Og frá þeim tíma og þar eftir er sá siðvani og réttur í Ísrael allt til þessa dags.

[26]Nú sem Davíð kom heim í Siklag sendi hann af herfanginu þeim öldungum í Júda og öðrum sínum vinum og sagði: „Sjá, þar hafi þér blessan af herfangi óvina DROTTINS.“ [27]Og þessum sendi Davíð: Þeim í Betel, þeim í Ramót mót suðri, þeim í Jatír, [28]þeim í Aróer, þeim í Sípamót, þeim í Estemóa, [29]þeim í Rakal, þeim í Jerahmeliter stöðum, þeim í Keniternis stöðum, [30]þeim í Harma, þeim í Bor Asan, þeim í Ara, [31]þeim í Hebron og í alla staði þar sem Davíð hafði verið með sínum mönnum.

31 Philistei héldu bardaga við Ísrael og Ísraelsmenn flýðu, féllu og voru slegnir á fjallinu Gilbóa. [2]Og Philistei sóttu sem ákafast að Saul og hans sonum og slógu Jónatan og Abínadab og Malkísúa syni Saul. [3]Sneri þá bardaga á sjálfan Saul og bogmennirnir skutu fastlega á hann með sínum bogum so að stór sár bárust á Saul af þeirra skotum. [4]Þá sagði Saul til síns skjaldsveins: „Bregð þínu sverði og legg mig í gegnum svo að þeir óumskornu komi ekki að drepa mig með hæðilegum dauða. “En hans skjaldsveinn vildi ekki. Þá tók Saul sjálfur sverðið og lét fallast þar á. [5]En sem hans skjaldsveinn sá að Saul var dauður féll hann og svo á sitt sverð og dó með honum. [6]Svo lét Saul líf sitt og hans þrír synir og svo hans skjaldsveinn og svo líka allir hans menn á þeim sama degi. [7]En sem Ísraelsmenn sem voru hinumegin dalsins og hinumegin Jórdanar sáu flóttann Ísraelsmann og að Saul og hans synir voru fallnir yfirgáfu þeir borgirnar og flúðu en Philistei komu og bjuggu í þeim. [8]Að öðrum degi komu Philistei að kanna valinn og þeir fundu Saul og hans þrjá syni liggjandi á fjallinu Gilbóa. [9]Og þeir hjuggu höfuðið af Saul og tóku hans herklæði og sendu þau um land Philistinorum og létu lyfta þessu í þeirra afguðahofum og so fyrir öllu fólki. [10]Hans harneski festu þeir upp í hofi Astarót en hans líkama festu þeir á múrvegginn í Betsan. [11]Þá þeir í Jabes í Gíleað heyrðu það hvað Philister höfðu gjört við Saul [12]tóku sig upp þeir hraustustu menn á meðal þeirra og gengu alla þá nótt og tóku Saul og hans sona líkami af múrnum í Betsan og færðu þá til Jabes og brenndu þá þar. [13]Og þeir tóku þeirra bein og jörðuðu þau í skóginum Jabes og föstuðu sjö daga.

Endir þeirrar fyrstu bókar Samuelis

AUNNUR BÓK SAMUELIS
EINNIG ÞEKKT SEM AUNNUR KONUNGSBÓK

1 Þá Saul var dauður og Davíð var fyrir tveimur dögum aftur kominn
til Siklag frá slagi þeirra Amalek, [2]sjá,
þá kom þar á þriðja degi einn maður af
her Saul. Hann reif sín klæði og jós
moldu í höfuð sér og sem hann kom
fyrir Davíð féll hann til jarðar og kvaddi
hann. [3]Davíð sagði til hans: „Hvaðan
komstu?“ Hann svaraði: „Eg komst
undan af Ísraelsher.“ [4]Davíð sagði til
hans: „Seg mér, hvað er þar tíðinda?“
Hann svaraði: „Fólkið flúði úr bardaga
og féll fjöldi fólks. Þar féll og Saul og
hans son Jónatan.“ [5]Davíð sagði til
þessa unga manns sem honum bar tíð-
indin: „Hvernin veistu það að Saul og
hans son Jónatas eru báðir dauðir?“ [6]Sá
ungi maður sem honum bar tíðindin
svaraði: „Eg kom óforvarandis upp á
fjallið Gilbóa og sjá, Saul studdist við
sitt spjót en vagnarnir og riddaraliðið
var komið svo nær honum. [7]Og hann
leit við og sá mig og kallaði á mig og eg
svaraði: Hér er eg. [8]Og hann sagði til
mín: Hver ert þú? Eg svaraði honum:
Eg er einn Amalekíta. [9]Og hann sagði til
mín: Far hingað til mín og slá mig í hel
því að enn er öll sál mín í brjósti mér en
þrengsl spenna mig öllumegin. [10]Þá
gekk eg að honum og sló hann í hel því
eg sá að hann mátti ekki lifa eftir hans
fall. Og eg tók kórónuna af hans höfði
og hringinn af hans armi og hafði eg
þetta hingað til þín, minn herra.“

[11]Þá hreif davíð í sín klæði og sleit
þau og allir þeir menn sem voru hjá
honum með hörmuglegri hryggð [12]og
föstuðu til aftans og syrgðu sárlega
Saul og hans son Jónatan og DROTTINS
fólk og ísraels hús að þeir höfðu fallið
fyrir sverði. [13]Og Davíð sagði til þess
unga manns sem honum undirvísaði
þetta: „Hvaðan ert þú?“ Hann svaraði:
„Eg er útlendur maður, sonur eins
Amalekíta.“ [14]Davíð sagði til hans: „Því
varstu þú svo djarfur að þú þorðir að
leggja hendur á smurðan DROTTINS og
lífláta hann?“ [15]Og Davíð sagði til eins
af sínum þénurum: „Kom hingað og slá
hann.“ Og hann sló hann í hel. [16]Þá
sagði Davíð til hans: „þitt blóð veri yfir
þínu höfði því þinn munnur talaði í
gegn þér sjálfum og sagðir: eg hefi í hel
slegið þann smurða DROTTINS.“

[17]Og Davíð kvað þennan harmagrát
yfir Saul og hans syni Jónatan [18]og
bauð að kenna sonum Júda þennan
boga. Sjá, hann stendur skrifaður í Bók
þeirra réttlátu.

[19]Þeir inu ágætustu í Ísrael eru slegn-
ir á þínum hæðum. Hvernin eru kapp-
arnir fallnir? [20]Látið það ekki spyrjast í
Gat og kunngjörið það ekki á strætun-
um í Asklón so að dætur Philistinorum
gleðji sig ekki og að dætur þeirra óum-
skornu hafi ekki fögnuð þar af.

[21]Þér Gilbóafjöll, komi hverki dögg né
regn yfir yður og ei sé þar akrar af
hverjum að upphafningaroffur komi
því að þar voru skildir kappanna klofn-
ir, skjöldur Saul so sem að hefði hann
ekki verið smurður með viðsmjöri?

[22]Jónatas bogi skaut aldrei vint og
sverð Saul hjó aldrei miss af blóði
þeirra í hel slegnu og af ístri kappanna.

[23]Saul og Jónatas voru ástúðlegir og
elskulegir í lífinu, þeir skildu og ekki í
dauðanum. Þeir voru léttfærari en ern-
ir og sterkari en león.

[24]Þér Ísraelsdætur, syrgið Saul sem að
klæddi yður svo prýðilegar sem rósir
og prýddi yður með gyllini kienodium á
yðar klæðum.

[25]Með hverjum hætti eru kapparnir
fallnir í bardaga? Jónatas er sleginn á
þínum hæðum. [26]Syrgi eg þig, minn

bróðir Jónatas. Eg hefi haft stóra gleði
og unaðsemd af þér. Þinn kærleiki var
mér yndislegri en kvennanna kærleiki.
[27]Með hverjum hætti eru kapparnir
fallnir og þeir hraustu hermenn yfir-
komnir?

2 en sem þetta var nú skeð spurði
Davíð DROTTIN að og sagði: „skal eg
fara upp til einhverrar borgar í júda?“
Og DROTTINN sagði til hans: „far upp
þangað.“ Davíð sagði: „Hvert þá?“ Hann
svaraði: „Til Hebron.“ [2]Svo fór Davíð
þangað með sínum tveimur kvinnum,
Ahínóam af Jesreel og með Abigail
Nabal kvinnu af Karmel. [3]Þar með hafði
og Davíð upp með sér þá menn sem
voru hjá honum, hvern með sínu hyski,
og þeir settust í Hebronborgir. [4]Og
menn af Júda komu þangað og smurðu
Davíð þar til kóngs yfir hús Júda. Nú
sem Davíð spurði að þeir af Jabes í Gí-
lead höfðu jarðað Saul.

[5]Þá sendi hann þeim boð og lét segja
þeim: „Blessaðir séu þér af DROTTNI að
þér gjörðuð svoddan miskunnarverk á
saul yðrum herra að þér jörðuðuð
hann. [6]svo veiti yður nú DROTTINN mis-
kunn og trú. Eg vil og vera yður til góða
fyrir það þér gjörðuð þetta. [7]Styrkist nú
yðar hendur og veri þér sjálfir hug-
hraustir því þó yðar herra Saul sé dauð-
ur þá hefur húsið Júda smurt mig til
kóngs yfir sig.“ [8]En Abner son Ner sem
var hershöfðingi Saul hann tók Ísbóset
son Saul og færði hann til Mahanaím
[9]og tók hann til kóngs yfir Gílead,
Assuri, Jesreel, Efraím, Benjamín og
yfir allan Ísraelslýð. [10]Og Ísbóset son
Saul var fjörutígi ára gamall þá hann
tók kóngdóm yfir Ísrael og ríkti tvö ár.
En Júda hús hélt með Davíð. [11]Og allur
sá tími sem Davíð var kóngur í Hebron
yfir hús Júda var sjö ár og sex mánuðir.

[12]Og það skeði að Abner son Ner dró
út með sveina Ísbóset sonar Saul af
herbúðum Gíbeon [13]og Jóab son Serúja
dró út með Davíðs þénurum og þeir
mættust hjá Gíbeon fiskivatni og þeir
settu sig hinumegin fiskivatsins hvorir.
[14]Og Abner sagði til Jóab: „Látið sveina
standa upp hvorrratveggja og leiki oss
til skemmtunar. Jóab sagði: „Það má
vel.“ [15]Þá stóðu þeir upp og gengu fram,
tólf af hendi Ísbóset sonar Saul og tólf
af Davíðs þénurum, [16]og hvör greip
hendi í annars höfuð og lagði sínu
sverði í hans síðu og þeir féllu svo báð-
ir. Þar af kallast sá staður Helkat Ha-
súrím sem er í Gíbeon. [17]Og þar hófst á
þeim sama degi hin snarpasta orusta en
Abner og Ísraelsmenn flýðu fyrir Dav-
íðs þénurum.

[18]Þar voru þrír af Serújasonum: Jóab,
Abísaí og Asahel. En Asahel var so
skjótur á fæti sem eitt hreindýr á skógi
[19]og hann rann eftir Abner og veik
hverki til hennar hægri né vinstri hand-
ar frá Abner. [20]Þá sneri Abner sér við og
sagði: „Ert þú Asahel?“ Hann sagði:
„Já.“ [21]Abner sagði til hans: „Vík þú þér
út af, annaðhvert til hægri eður vinstri
handar, og höndla einn af þeim ungu
mönnum og tak hans herklæði frá hon-
um.“ En Asahel vildi ekki víkja frá hon-
um. [22]Þá sagði Abner enn framar til
Asahel: „Vík frá mér. Því vilt þú að eg
skuli neyðast til að slá þig til jarðar og
þaðan af megi eg ekki síðan óhræddur
sjá þinn bróðir Jóab?“ [23]En hann vildi
ekki víkja frá honum. Þá lagði Abner
hann á bak aftur með einu spjóti í
kviðinn so að oddurinn gekk út og
hann féll þar og lét lífið. Og hver sem
kom að þeim stað þar Asahel var dauð-
ur sá nam þar staðar. [24]En Jóab og
Abísaí sóttu eftir Abner allt til sólar-
falls. Og sem þeir komu á hæð Amna
sem liggur hjá Gía á veginum sem ligg-
ur til Gíbeonauðnar [25]þá söfnuðust
saman synir Benjamín til Abner og
skutu á fylking á hæð nokkri. [26]Þá kall-
aði Abner á Jóab og sagði: „Vilt þú öllu
eyða með sverði? Veist þú ekki að hér
eftir má koma meiri eymd? Hversu
lengi vilt þú tefja að segja til fólksins að

þeir láti af að ofsækja þeirra bræður?“ [27]Jóab svaraði: „Svo sannarlega sem Guð lifir, hefðir þú talað svo fyrr í dag þá hefði fólkið látið af að elta sína bræður.“ [28]Þá þeytti Jóab lúður sinn og stöðvaðist þegar allur lýður og elti ekki meir Ísrael og barðist ekki lengur.

[29]En Abner og hans menn gengu þá alla nótt yfir það sléttlendi og gengu yfir Jórdan og ferðuðust í gegnum allt Bítrón og komu í herbúðirnar. [30]Jóab sneri sér frá Abner og samansafnaði öllu fólkinu. Og þar vantaði nítján menn af Davíðs þénörum og Asahel. [31]En Davíðs þénarar höfðu slegið af Benjamín og mönnum Abner þrjú hundruð og sextígi manns. [32]Asahel tóku þeir upp og jörðuðu hann í síns föðurs gröf í Betlehem. En Jóab og hans menn gengu alla þá nótt svo að þeir komu í dögun til Hebron.

3 Og þar var langur ófriður í millum Sauls húss og Davíðs húss. En Davíð fór og gekk fram og hans afli styrktist en hús Saul fór hnignandi dag frá degi.

[2]Og Davíð átti sex sonu í Hebron. Hans frumgetinn son var Ammon, sonur Ahínóam af Jesreel. [3]Annar var Kíleab, son Abigail kvinnu Nabal af Karmel. En þriðji var Absalom, son Maaka, dóttur kóngs Talmaí af Gesúr. [4]Sá fjórði: Adónía, son Hagít. Sá fimmti: Safatja, son Abítal. [5]Sá sétti: Jetream af Egla, Davíðs kvinnu. Þessa sonu átti Davíð í Hebron.

[6]Sem þessi ófriður var nú á milli Sauls húss og Davíðs húss þá styrkti Abner hús Saul. [7]Saul hafði átt eina frillu, hún hét Rispa, dóttir Aja. Og Ísbóset sagði til Abner: „Því sefur þú með míns föðurs frillu?“ [8]Þessum orðum Ísbóset reiddist Abner mjög og svaraði: „Er eg þá eitt hundshöfuð að eg gjöri miskunnarverk á húsi Saul þíns föðurs og á hans bræðrum og náungum í móti Júda? Og eg selda þig ekki í Davíðs hendur. Og þú ávítar mig í dag sökum einnrar kvinnu? [9]Guð gjöri Abner það og það ef eg gjöri ekki það sem DROTTINN sór Davíð [10]að kóngsríkið skal takast frá húsi Saul en Davíðs hásæti skal upphefjast yfir Ísrael og Júda frá Dan og allt til Berseba.“ [11]Þá gat þann ekki svarað honum einu orði, so hræddur varð hann fyrir honum.

[12]Og Abner sendi boð til Davíðs undan sér og lét svo segja honum: „Hverjum heyrir landið til?“ Og hann sagði: „Gjör eitt sáttmál við mig: Sjá, mín hönd skal vera með þér so að eg vil leiða allan Ísraelslýð til þín.“ [13]Davíð svaraði: „Nú vel, eg vil binda vináttu við þig. En einnrar bónar beiðunst eg af þér, að þú sjáir mitt andlit ekki fyrri en þú færir mér Míkól, dóttir Saul, nær þú kemur að sjá mitt auglit.“ [14]Davíð sendi og einnin boð til Ísbóset, sonar Saul, og lét segja honum: „Lát mig fá mína kvinnu Míkól hverja eg fastnaði mér með hundrað yfirhúðum Philistinorum.“ [15]Ísbóset sendi af stað og lét taka hana frá sínum manni Paltíel, syni Laís. [16]Og hann fylgdi henni á veginn grátandi allt til Bahúrím. Þá sagði Abner til hans: „Snú þér og hverf aftur.“ Og hann hvarf aftur.

[17]Og Abner talaði við þá elstu af Ísrael og sagði: „Þér hafið fyrir löngu talað til að Davíð skyldi verða kóngur yfir yður. [18]Þá gjörið það nú því að DROTTINN hefur sagt til Davíðs: eg vil frelsa Ísrael mitt fólk fyrir hendur Davíðs míns þénara af valdi Philistinorum og af allra þeirra óvina höndum.“ [19]Slíkt hið sama talaði Abner og fyrir eyrum Benjamín. Og hann gekk þaðan að kunngjöra Davíð í Hebron allt það sem Ísrael og allt Benjamíns hús vildi vera láta. [20]En sem Abner kom nú til Davíðs í Hebron og tuttugu menn með honum þá gjörði Davíð þeim eitt gestaboð. [21]Og Abner sagði til Davíðs: „Eg mun taka mig upp og samansafna öllum Ísrael til míns herra kóngs að þeir semji sáttmál við

þig að þú takir ríki yfir þeim öllum so sem þú vilt.“ Síðan leiddi Davíð Abner frá sér að hann fór burt með friði.

[22]Og sjá, að Davíðs þénarar og Jóab komu frá sínum herbúðum og fluttu með sér mikið herfang. En Abner var þá ekki hjá Davíð í Hebron því að kóngurinn hafði látið hann frá sér og hann hafði skilist við kónginn með friði. [24]Þá gekk Jóab inn fyrir kónginn og sagði: „Hvað hefur þú gjört? Sjá, Abner er kominn til þín. Hvar fyrir léstu hann komast frá þér? [25]Eða þekkir þú ekki Abner son Ner? Því að til þess er hann kominn að hann vill svíkja þig og vill vita þinn inngang og útgang og rannsaka hvað þú gjörir.“

[26]En sem Jóab gekk út frá Davíð þá sendi hann menn eftir Abner að þeir skyldu sækja hann aftur frá Borhasíra. En af þessu vissi ekki Davíð. [27]En sem Abner kom nú aftur til Hebron þá leiddi Jóab hann mitt í borgarhliðið og lét sem hann vildi nokkuð heimugligt tala við hann. Og sem þeir komu þar stakk Jóab hann rétt í kviðinn og lét Abner þar lífið vegna Asahels blóðs sem var bróðir Jóab.

[28]Sem Davíð fékk nú það að vita að þvílíkt var skeð þá sagði hann: „Eg er saklaus og mitt kóngsríki fyri DROTTNI eilíflega af blóði Abner sonar Ner. [29]En komi það yfir höfuð Jóab og yfir allt hans föðurs hús so að aldrei missi Jóabs hús að þar sé ei nokkur sár og líkþrár og fátækur og fyrir sverði fallandi og brauðs þurfandi.“ [30]Svo sló Jóab og hans bróðir Abísaí Abner í hel þar fyrir að hann hafði áður slegið Asahel þeirra bróður til dauða í þeim bardaga sem skeði hjá Gíbeon.

[31]En Davíð sagði til Jóab og til allra þeirra manna sem með honum voru: „Rífið yðar klæði í sundur og klæðist sekkjum og syrgið dauða Abner.“ Og kóngurinn sjálfur gekk eftir líkbörunum. [32]En sem þeir jörðuðu Abner í Hebron þá upphóf kóngurinn sína raust og grét við grauf Abner og allt það fólkið sem þar var grét og einnin. [33]Og kóngurinn talaði með hryggð yfir greftri Abner og sagði:

„Eigi dó Abner sem einn dári deyr. [34]Þínar hendur voru ekki bundnar, þínir fætur voru ekki fjötrum læstir. Þú féllst so sem einn maður fellur fyrir vondum skálkum.“ Og allt fólkið grét hann þá enn meir.

[35]Og sem að allt fólkið kom nú að eta með Davíð og það var um miðdagsskeið þá sór Davíð og sagði: „Guð láti mig ske það og það ef eg smakka brauð eða nokkuð annað á þessum degi fyrr en sól er undir gengin.“ [36]Og allt fólkið heyrði þetta og þeim þóknaðist vel allt það sem kóngurinn gjörði fyrir fólksins augum. [37]Og allt fólkið og allur Ísraelslýður merkti á þeim degi að það var ei skeð með kóngsins vilja að Abner var sleginn í hel. [38]Og kóngurinn sagði til sinna þénara: „Vitið þér ekki að í dag er fallinn einn höfðingi og inn mesti maður í Ísrael? [39]En þó að eg sé veikur og smurður kóngur þá eru þeir Serújasynir mér harðir í horn að taka. DROTTINN endurgjaldi þeim sem illt gjöra eftir þeirra illsku.“

4 Nú sem Ísbóset son Saul heyrði að Abner var dauður í Hebron þá féllust honum allar hendur og allur Ísrael fékk skelfing. [2]En son Saul hafði tvo höfuðsmenn fyrir sínu herfólki. Sá eini hét Baena en annar Rekób. Þeir voru synir Rimón Berothiter af sonum Benjamín. Því að Berót var og reiknaður á meðal Benjamín [3]og þeir Berothiter voru flúnir til Gitaím og bjuggu þar sem útlendir allt til þessa dags. [4]Jónatas son Saul átti og einn son. Hann var fótlama og var hann fimm ára gamall þau tíðindi urðu um Saul og Jónatan af Ísrael og hans fósturmóður tók hann og flýði felmsfull og sem hún skundaði í flóttanum þá féll hann og varð haltur. Og hann hét Mefíbóset.

5Á einum degi gengu þeir synir
Rimón Berothiter, Rekób og Baena, í
burt og komu til húsa Ísbóset þá dagur
var sem heitastur og hann lá á sinni
sæng um miðjan dag. 6Og þeir komu í
húsið að sækja hveiti og þeir lögðu
hann í kviðinn og flýðu í burt. 7Því á
þessum tíma sem þeir komu í húsið lá
hann á sinni sæng í sínu svefnhúsi og
þeir stungu hann í hel og hjuggu af
honum höfuðið. Og þeir tóku hans höf-
uð með sér og gengu um eyðimörk alla
þá nótt 8og báru höfuð Ísbóset til Dav-
íðs í Hebron. Og þeir sögðu til kóngs-
ins: „Sjá, hér er höfuð Ísbóset, sonar
Saul, þíns óvinar, hver eð sat um þitt líf.
DROTTINN hefur á þessum degi hefnt
míns herra kóngsins á Saul og hans
sæði.“ 9Þá svaraði Davíð þeim: „Svo
sannlega sem DROTTINN lifir sá frelsað
hefur mína sál af allri minni angist: 10Eg
greip þann sem kunngjörði mér og
sagði: Saul er dauður, og hann ætlaði
að hann mundi hafa borið mér góð tíð-
indi en eg sló hann í hel í Siklag þeim
eg skyldi hafa gefið laun fyrir sínar
fréttir. 11En þessir óguðlegir menn hafa
myrt og slegið réttlátan mann í hans
eigin húsi á sinni sæng. Já, skylda eg
ekki krefja þvílíks blóðs af ykkrum
höndum og burt taka ykkur af
jörðunni?“ 12Og Davíð bauð sínum þén-
urum. Þeir aflífuðu þá og hjuggu af
þeim bæði hendur og fætur og hengdu
þá upp hjá fiskivatninu í Hebron. En
höfuð Ísbóset tóku þeir og jörðuðu það
í gröf Abners í Hebron.

5 Og allir Ísraels kynþættir komu til
fundar við Davíð í Hebron og
sögðu: „Sjá þú, vér erum þín bein og
þitt hold. 2Þar með og fyrrum þá Saul
var kóngur yfir oss þá færðir þú Ísrael
út og inn. So hefur og DROTTINN sagt til
þín: Þú skalt fæða mitt fólk og vera
hertugi yfir Ísrael.“ 3Og allir öldungar
og þeir inu elstu af Ísrael komu til
kóngsins í Hebron. Og kóng Davíð
gjörði eitt sáttmál við þá fyrir DROTTNI í
Hebron og þeir smurðu Davíð til kóngs
yfir Ísrael.

4Davíð var þrjátígi gamall þá hann
tók kóngdóm og hann ríkti í fjörutígi
ár. 5Hann ríkti sjö ár og sex mánuði yfir
Júda en í Jerúsalem ríkti hann þrettán
ár og tuttugu yfir allan Ísrael og Júda.

6Og Davíð kóngur fór til Jerúsalem
með sína menn á móti þeim Jebusiter
sem bjuggu í landinu. En þeir sögðu til
Davíðs: „Eigi skalt þú koma hér inn
nema þú útrekir þá höltu og blindu.“
Það meintu þeir að Davíð skyldi ekki
koma þar inn 7en Davíð yfirvann kast-
ala Síon. Það heitir Davíðs borg. 8Og
Davíð sagði á þeim sama degi: „Hver
sem slær þá Jebusiter og getur náð upp
á þakrennurnar og rekur burt þá halta
og blinda hverja Davíðs sál hatar.“ Og
því er það máltæki: „Lát hverki blinda
né halta koma í húsið.“ 9Og Davíð bjó í
kastalanum og kallaði það Davíðsborg.
Og Davíð byggði þar allra vegna í kring
frá milló og svo þar innan til. 10Og Dav-
íð gekk fram og efldist að styrk og
DROTTINN Guð Sebaót var með honum.

11Og Híram kóngur af Tyro sendi boð
til Davíðs og sedrustré til þaks og tré-
smiði og steinhöggvara að þeir skyldu
byggja Davíð eitt hús. 12Og Davíð
merkti að DROTTINN hafði staðfest hann
til kóngs yfir Ísrael og hafði upphafið
hans konungsríki fyrir hans fólks
Ísraels skuld.

13Og Davíð tók enn fleiri kvinnur og
frillur í Jerúsalem síðan hann var kom-
inn frá Hebron svo hann átti enn fleiri
syni og dætur. 14Og þetta eru þeirra
sona nöfn sem hann átti í Jerúsalem:
Samúa, Sóbab, Natan, Salómon, 15Ji-
behar, Elísúa, Nefeg, Jafía, 16Elísama,
Eljada, Elífalet.

17En er Philistei heyrðu það að Davíð
var smurður til kóngs yfir Ísrael þá fóru
þeir allir upp og leituðu við að ná Dav-
íð. En sem Davíð fornam það þá fór
hann og dró ofan í eitt sterkt vígi. 18En

Philistei komu og lögðu sig niður í dalnum Refaím. 19Þá spurði Davíð DROTTIN að og sagði: „Skal eg draga út í mót þeim Philisteis og vilt þú gefa þá í mínar hendur?“ En DROTTINN svaraði Davíð: „Far ofan þangað, eg vil gefa Philisteos í þínar hendur.“ 20Og Davíð kom til Baal Prasím og sló þá þar og sagði: „DROTTINN aðskildi mína óvini fyrir mér svo sem þá vötn skiljast hvert frá öðru.“ Þar af kalla menn þann sama stað Baal Prasím. 21Og sína afguði misstu þeir þar en Davíð og hans menn tóku þá upp.

22En Philistei tóku sig upp aftur og fóru ofan í dalinn Refaím. 23En Davíð spurði DROTTIN að. Hann sagði: „Ekki skalt þú fara upp þangað heldur kom þú á bak við þá so þú komir til þeirra þvert yfir frá því mórbertrénu. 24Og þá þú heyrir þyt í mórberjaviðartoppönum þá fall þú yfir þá því að DROTTINN er þá útgenginn fyrir þér að slá her þeirra Philistinorum.“ 25Davíð gjörði sem DROTTINN bauð honum og sló Philisteos frá Gaba og þar til að komið er til Gaser.

6 Og Davíð samansafnaði aftur á ný öllum ungum mönnum í Ísrael, að tölu þrjátígir þúsundir, 2og tók sig upp og fór með allt það fólk sem var hjá honum af Júdaborgurum að flytja Guðs örk þangað hvör að kallaðist DROTTINS Sebaóts nafn býr þar á yfir kerúbím. 3Og þeir létu setja Guðs örk á einn nýjan vagn og tóku hana af Abínadabs húsi sem bjó í Gíbea. En uxa Úsa og Ahjó, synir Abínadab, stýrðu þeim nýja vagni. 4Og sem þeir óku út með Guðs örk af húsi Abínadab og Ahjó gekk fyrir örkinni 5þá lék Davíð og allt Ísraels hús fyrir DROTTNI allra handa hljóðfæri sem af tré voru gjörð: Hörpur, gígjur, psalteria, bjöllur og simfón.

6Og þá þeir komu til þeirrar hlöðu Nakon þá rétti Úsa út hönd sína og hélt Guðs örk því að uxarnir gengu af veginum. 7Þá reiddist DROTTINN Úsa so að Guð sló hann þar niður sökum hans ofdirfðar svo að hann féll dauður þar niður hjá Guðs örk. 8Þá varð Davíð hryggur sökum þess skarðs sem hann gjörði á Úsa. Og hann kallaði þann sama stað Peres Úsa allt til þessa dags. 9Og á þeim sama degi óttaðist Davíð fyrir DROTTNI og sagði: „Hvernin má örk DROTTINS koma til mín?“ 10Og hann vildi ekki láta flytja hana til sín í Davíðsborg heldur lét hann færa hana í hús Óbeð Edóm af Get. 11En sem örk DROTTINS hafði verið í húsi Óbeð Edóm af Get í þrjá mánuði þá blessaði DROTTINN hann og allt hans hús.

12Davíð kóngur spurði þetta að DROTTINN hafði blessað hús Óbeð Edóm og allt það hann hafði sökum Guðs arkar. Þá fór hann og sótti Guðs örk og flutti hana úr húsi Óbeð Edóm og til Davíðsborgar með gleði. 13Og sem þeir höfðu gengið fram með Guðs örk sex skref þá offruðu þeir einum uxa og einum feitum sauð. 14Og Davíð lék fyrir af öllu megni fyrir DROTTNI og var umgyrtur með einum lífkyrtli. 15Og Davíð og allur Ísrael flutti Guðs örk upp með fagnaði og hljóðfærum.

16En sem Guðs örk kom inn í Davíðsborg þá leit Míkól dóttir Saul út um glugg einn og sá að Davíð kóngur lék og dansaði fyrir DROTTNI. Þá forsmáði hún hann í sínu hjarta. 17En sem þeir innfluttu örk DROTTINS þá settu þeir hana í sinn stað mitt í tjaldbúðina þá sem Davíð hafði uppreist til hennar. Og Davíð offraði brennifórnum og þakkarfórnum fyrir DROTTNI. 18En sem Davíð hafði offrað brennifórnum og þakklætisfórnum blessaði hann fólkið í DROTTINS Sebaóts nafni 19og hann gaf öllu fólki og öllum Ísraelssafnaði, bæði mönnum og kvinnum, hverjum fyrir sig, einn brauðleif og eitt kjötstykki og steikt similubrauð með viðsmjöri. Þá fór allt fólkið í burt hver í sitt hús. 20En sem Davíð kom nú aftur að blessa sitt

hús þá gekk Míkól dóttir Saul út í mót honum og sagði: „Hversu vegsamlegur var kóngurinn af Ísrael hver eð afklæddist fyrir ambáttum þénara sinna og lék nakinn sem fantar.“ 21En Davíð sagði til Míkól: „Eg vil leika fyrir DROTTNI þeim sem mig útvaldi heldur en þinn föður og heldur en allt hans hús og hefur boðið mér að vera höfðingja yfir DROTTINS fólki, yfir Ísrael. 22Og eg vil nú enn verða minni og eg vil lítillækka mig í mínu augliti og vegsamast með þeim ambáttum sem þú talaðir um.“ 23En Míkól dóttir Saul átti ekki börn allt til dauðadags.

7 Nú sem Davíð kóngur sat í sínu húsi og DROTTINN hafði gefið honum hvíld fyrir öllum hans óvinum allt um kring 2þá sagði hann til Natan spámanns: „Sjá, eg bý í einu húsi sem er byggt af sedrusviði en Guðs örk býr undir tjaldþaki.“ 3Natan svaraði kónginum: „Far og gjör allt það þú hefur í þínu hjarta því DROTTINN er með þér.“

4Á þeirri nótt kom orð DROTTINS til Natan og sagði: 5„Far og seg þú mínum þjón Davíð: Svo segir DROTTINN: Skalt þú byggja mér eitt hús að búa í? 6Eg hefi ekki í nokkru húsi búið frá þeim degi sem eg færði Ísraelssyni af Egyptalandi og allt til þessa dags heldur hefi eg gengið í tjaldbúðum og landtjöldum hvar sem eg fór með öllum Ísraelssonum. 7Hefi eg og nokkurn tíma talað við nokkurn af Ísraels kynkvíslum sem eg hefi bífalað að fæða mitt fólk Ísrael og sagt so: Því byggi þér mér ekki neitt hús af sedrusviði? 8Því skalt þú nú so segja til Davíðs míns þjóns: Svo segir DROTTINN Sebaót: Eg tók þig af sauðahúsi að þú skyldir vera einn höfðingi yfir mitt fólk Ísrael. 9Síðan hefi eg og verið með þér hvert sem þú hefur gengið og so hef eg upprætt alla þína óvini fyrir þig og gjört þér eitt stórt nafn svo sem annarra maktarmanna á jörðu. 10Og eg vil skikka mínu fólki Ísrael einn stað og planta það og þar skulu þeir búa og ekki meir fara villt og ranglætissynir skulu ekki meir þvinga þá sem áður er skeð 11og frá þeim tíma er eg skikkaði dómendur yfir mitt fólk Ísrael, svo og vil eg gefa þér hvíld fyrir öllum þínum óvinum.

Og DROTTINN kunngjörir þér að DROTTINN vill gjöra þér eitt hús. 12En þá þinn tími er nú kominn að þú ert sofnaður með þínum feðrum þá vil eg uppvekja þitt sæði eftir þig hvert koma skal af þínu lífi og hans ríki vil eg staðfesta. 13Hann skal mínu nafni eitt hús byggja og sæti hans konunglega ríkis vil eg staðfesta ævinlega. 14Eg vil vera hans faðir og hann skal vera minn sonur. Ef hann misgjörir þá vil eg tyfta hann með mannanna hrísi og með plágum þeirra mannanna sona. 15En minni miskunnsemi skal eg ekki snúa frá honum svo sem eg sneri henni frá Saul hvern eg í burt tók frá þér. 16En þitt hús og kóngsríki skal vera staðfast ævinlega fyrir þér og þitt hásæti skal stöðugt standa eilíflega.“ 17En sem Natan hafði nú kunngjört Davíð öll þessi orð og alla þessa vitran.

18Þá kom Davíð kóngur og var fyrir DROTTNI og sagði: „Hver er eg, DROTTINN, GUÐ, og hvað er mitt hús að þú hefur fært mig allt hingað? 19Og enn þótti þér það ei nóg, Drottinn, GUÐ, heldur talaðir þú um þíns þénara hús sem koma skal löngum tíma hér eftir. Það er mannsins lögmál sem er Guð DROTTINN. 20Og hvað skal Davíð meir tala við þig? Þú þekkir þinn þénara, DROTTINN, GUÐ. 21Sökum þíns orðs og eftir þínu hjarta hefur þú gjört alla þessa stóra hluti að þú vildir kunngjöra þá þínum þénara. 22Þar fyrir ert þú mjög miklaður, DROTTINN Guð. Því að þar er enginn so sem þú og þar er enginn Guð nema þú eftir öllu því sem vér höfum heyrt með vorum eyrum. 23Því hvar er slíkt fólk á jörðunni sem

þitt fólk Ísrael? Fyrir hvers skuld Guð framgekk að frelsa sér eitt fólk og að gjöra sér eitt nafn og að verka svoddan stóra og hræðilega gjörninga á jörðunni fyrir þínu fólki hvert þú frelsaðir þér af Egyptalandi frá heiðingjum og þeirra guðum. [24]Og þú tilbjóst þér þitt fólk Ísrael þér til ævinlegs fólks og þú, DROTTINN, ert orðinn þeirra Guð. [25]Svo staðfest þú nú, DROTTINN Guð, það orð ævinlega sem þú talaðir um þinn þénara og um hans hús og gjör sem þú hefur talað. [26]Þá mun þitt nafn miklast til ævinlegrar tíðar svo að menn skulu segja: DROTTINN Sebaót er Guð yfir Ísrael, og Davíð þíns þénara hús skal standa staðfast fyrir þér. [27]Því að þú, DROTTINN Sebaót, þú Ísraels Guð, hefur opnað þíns þénara eyru og sagt: Eg vil byggja þér eitt hús. Þar fyrir hefur þinn þénari fundið sitt hjarta að hann biður þessa bæn til þín. [28]Nú DROTTINN, GUÐ, þú ert Guð og þín orð skulu blífa sannleikur. Þú talaðir þetta hið góða til þíns þénara. [29]So tak nú til og blessa þíns þénara hús svo það sé ævinlega fyrir þér. Því þú, DROTTINN, GUÐ, hefur það talað og með þinni blessan skal þíns þjóns hús blessast ævinlega.“

8 Og það skeði eftir þetta að Davíð sló þá Philisteos og lækkaði þeirra ofstopa og tók þrældómsbeislið af Philisteis hendi. [2]Hann sló og þá Móabíta so gjörsamlega að hann drap tvo hluti en þriðjung lét hann lifa. Svo urðu Moabiter Davíð undirgefnir og þeir urðu honum skattgildir.

[3]Davíð sló og Hadadeser, son Rehób, kónginn í Sóba, þá hann fór og vildi ríkja yfir vatni Euphrates. [4]Og Davíð tók til fanga þúsundruð og sjö hundruð riddara af þeim og tíu þúsund fótgönguliðs en braut og lesti alla þeirra vagna en hélt sjálfur eftir hundrað vögnum. [5]Þá komu og Syri af Damasco að hjálpa Hadadeser kónginum af Sóba og Davíð sló tvö og tuttugu þúsund manna af þeim sýrlensku [6]og setti fólk eftir í Damasco í Syria. Svo varð Syria skattgild undir Davíð. Því að DROTTINN hjálpaði Davíð hvert helst hann fór. [7]Og Davíð tók þá gullskjöldu sem haft höfðu Hadadeser þénarar og flutti þá til Jerúsalem. [8]En af Beta og Berótaj, borgum Hadadeser, tók Davíð kóngur ofurmikinn málm.

[9]Sem Tói kóngur af Hemat heyrði að Davíð hafði niðurslegið alla magt Hadadeser [10]sendi hann sinn son Jóram til Davíð og lét heilsa honum vinsamlega og bað honum lukku að hann hafði herjað á Hadadeser og yfirunnið hann (því Tói hafði ófrið við Hadadeser). Og Jóram hafði með sér allsháttaðar gersemar af silfri, gulli og kopar, [11]hvað allt Davíð kóngur helgaði DROTTNI. Og allt það silfur og gull helgaði hann DROTTNI sem hann fékk af öllum heiðingjum sem hann braut undir sig [12]af Syria, af Móab, af Amónsonum, af Philisteis, af Amalek og af Hadadeser herfangi, sonar Rehób, kóngsins af Sóba.

[13]Og Davíð gjörði sér eitt nafn þá hann kom og sló þá Syros í þeim dal sem kallaðist saltdalur átján þúsundir. [14]Og hann setti fólk í alla Idumeam og allt Edóm var Davíð undirgefið. Því að DROTTINN hjálpaði Davíð hvert sem hann fór.

[15]So varð nú Davíð kóngur yfir allan Ísrael og hann dæmdi allan lýðinn með dómi og réttindum. [16]Jóab son Serúja var hershöfðingi yfir herinn. Jósafat son Ahílúd var canzeler. [17]Sadók son Ahítób og Ahímelek son Abjatar voru kennimenn. Seraja var skrifari. [18]Benaja son Jójada var settur yfir Creti og Pleti og Davíðssynir voru kennimenn.

9 Og Davíð sagði. „Mun þar enginn eftir orðinn af húsi Saul svo að eg megi veita honum miskunn fyrir sakir Jónatan?“ [2]En þar var einn þénari af húsi Saul. Hann hét Síba. Þann kölluðu

þeir fyrir Davíð. Og kóngurinn sagði til hans: „Ert þú Síba?“ Hann sagði: „Já, þinn þénari.“ 3Kóngurinn sagði: „Lifir þar enginn af húsi Saul svo að eg megi veita honum Guðs miskunnsemi?“ Síba svaraði: „Þar lifir enn nú eftir einn sonur Jonathe og er fótlama.“ 4Kóngurinn sagði til hans: „Hvar er hann?“ En Síba svaraði: „Sjá, hann er í Lódabar í húsi Makír, sonar Ammíel.“ 5Þá sendi Davíð konungur þangað og lét sækja hann í hús Makírs sonar Ammíels í Lódabar. 6En sem Mefíbóset son Jonatha sonar Saul kom fyrir Davíð féll hann fram á sína ásjónu og kvaddi kónginn. Davíð sagði: „Mefíbóset.“ Hann svaraði: „Hér er eg, þinn þénari.“ 7Davíð sagði til hans: „Óttast ekki því að eg vil veita þér miskunn fyrir sökum þíns föðurs Jonatha so að eg vil gefa þér aftur alla þá akra sem átti þinn faðir Saul. Og þú skalt daglega eta brauð við mitt borð.“ 8Hann tilbað kónginn og sagði: „Hver em eg, þinn þræll, að þú álítur slíkan dauðan hund sem eg er?“

9Þá kallaði kóngurinn Síba, Sauls þénara, og sagði til hans: „Eg hefi gefið syni þíns herra allt það sem Saul átti og allt hans hús. 10So skalt þú nú og þín börn og þínir þrælar fága hans akra með þínu erfiði til inntekta og atvinnu syni þíns herra. En Mefíbóset, sonur þíns herra, skal daglega eta brauð við mitt borð.“ Og Síba hafði fimmtán syni og tuttugu þræla. 11Og Síba svaraði kónginum: „Allt það sem minn herra kóngur hefur boðið sínum þénara það skal hans þénari gjöra. Og Mefíbóset skal eta við mitt borð svo sem eitt af kóngsins börnum.“ 12Og Mefíbóset átti einn ungan son sem hét Míka. Og allir þeir sem bjuggu í húsi Síba þeir þjónuðu Mefíbóset. 13Og Mefíbóset bjó í Jerúsalem því hann át daglega af kóngsins borði og var haltur á báðum fótum.

10 Og það skeði svo þar eftir að kóngur þeirra Amónsona andaðist og Hanón son hans tók kóngdóm eftir hann. 2Þá sagði Davíð: „Eg vil veita miskunn Hanón syni Nahas svo sem hans faðir veitti mér miskunn.“ Og hann sendi þangað og lét sína þénara hugga hans harm er hann bar eftir sinn föður. 3En sem Davíðs þénarar komu nú í Amónsona land þá sögðu Amónsona höfðingjar til síns herra Hanón: „Hyggur þú að Davíð hafi sent huggendur hingað til sæmdar föður þínum? Hugsar þú ekki að heldur hafi hann sent sína þénara til þín að þeir njósni um borgina og skoði hvernin þeir megi hana vinna?“ 4Þá tók Hanón þénara Davíðs og lét raka hálft skeggið af þeim og sneiða hálfpart af þeirra klæðum ofan að þjóhnöppum og lét þá so fara. 5En sem þeir komu nú heim og Davíð frétti þetta þá sendi hann á móti þeim því að mennirnir voru skammarlega lýttir. Og kóngurinn lét segja þeim: „Verið í Jeríkó þar til að yðar skegg eru vaxin og komið svo heim aftur.“

6En sem Amónsynir sáu það að þeir höfðu misboðið Davíð þá sendu þeir í Syriam og leigðu sér þaðan lið til styrks af húsi Rehób og af Sóba og þeir fengu tuttugu þúsund manns með fótgangandi lið og þúsundruð manna af kónginum Maaka og af Ístób tólf þúsund manna. 7Þegar Davíð spyr þetta þá útsendi hann Jóab með allt sitt stríðsfólk. 8Amónsynir drógu út og bjuggust til bardaga utan fyrir sjálfu borgarhliðinu. En þeir Syri sem voru af Sóba, af Rehób, af Ístób og af Maaka fylktu þeirra liði sér í lagi á völlunum.

9En sem Jóab sér nú það að honum er búinn bardagi bæði á bak og í fyrir þá útvaldi hann þá alla inu hraustustu hermenn í Ísrael og bjóst í móti þeim Syris. 10En fyrir það lið sem afgangs var setti hann sinn bróður Abísaí í mót Amónsonum 11og sagði: „Kunni so að ske að þeir Syri beri mig ofurmegni þá kom

mér til hjálpar en ef Amónsynir verða þér yfirsterkir þá vil eg koma þér til hjálpar. 12Verum nú styrkvir og berjumst hraustlega fyrir vort fólk og fyrir Guðs vors borgir. Láti DROTTINN ganga sem hann vill.“ 13Og Jóab fylkti sínu liði og réðst til bardaga á mót þeim Syris og þeir flýðu undan honum. 14En sem Amónsynir það sáu að þeir Syri héldu á flótta þá flúðu þeir og svo undan Abísaí og fóru í borgina. Eftir það sneri Jóab aftur frá þeim Amónsonum og kom heim til Jerúsalem.

15Og þá þeir Syri sáu sig so slegna fyrir Ísrael þá safnast þeir saman. 16Og Hadadeser sendi út og dró að sér þá Syros sem voru á hina síðu vatsins og alla þeirra magt og Sóbak sem var hershöfðingi Hadadeser var settur fyrir þennan her. 17En sem það fékk að vita Davíð þá safnaði hann öllum Ísrael til samans og fór yfir um Jórdan og kom til Helam. Og þeir Syri bjuggust til bardaga í móti Davíð. 18En Syri héldu á flótta fyrir Ísrael. Og Davíð sló af þeim Syris sjö hundruð vagna og fjörutígi þúsund riddaraliðs. Þar til með sló hann og Sóbak, þeirra höfuðsmann, svo hann féll þar. 19En þá þeir kóngar sem voru í liði með Hadadeser sáu sig yfirkomna og sigraða fyrir Ísrael þá gjörðu þeir sátt með Ísrael og urðu þeim undirgefnir. Og þeir af Syria þorðu ekki að veita fullting Amónsonum þaðan í frá.

11 Og að árinu liðnu á þeim tíma sem kóngar voru vanir að fara herfarir þá sendi Davíð Jóab og sína þénara með honum og allan Ísrael og bauð þeim að þeir skyldu afmá Amónsyni og setjast um Rabba. En Davíð sat heima í Jerúsalem.

2Svo bar til einn dag að Davíð stóð upp af sinni sæng eftir miðdag og gekk upp á loftið í kóngshöllinni og sá af loftinu og gat að líta hvar ein kvinna var að lauga sig og sú kvinna var harla fögur. 3Og Davíð sendi þangað og lét spyrja hver sú kvinna var og honum var sagt að hún hét Bersabe, dóttir Elíam, húsfrú Úría Hetither. 4Og Davíð sendi boð þangað og lét sækja hana. Og sem hún kom inn til hans þá svaf hann með henni. Og hún hreinsaði sig af sínum saurindum og fór heim til síns húss. 5Og kvinnan fékk getnað og sendi þegar og lét kunngjöra það Davíð og sagði: „Eg em orðin ólétt.“

6Þá sendi Davíð boð Jóab og lét honum segja: „Sent heim til mín Uriam Hetheum.“ Og Jóab sendi Uriam til Davíðs. 7Og sem Úrías kom heim fyrir kónginn þá frétti Davíð hvernin Jóab og herinn hefði sig og hversu bardaginn gengi. 8Og Davíð sagði til Úría: „Far í þitt hús og lauga fætur þína.“ En sem Úrías gekk út af kóngsins höllu þá var borin eftir honum kóngsins sending. 9Og Úrías fór að sofa fyrir hallardyrum með öðrum þjónustumönnum síns herra og fór ekki heim í sitt hús. 10En sem Davíðs þénarar sögðu honum það að Úrías hefði ekki farið í sitt hús þá sagði Davíð til hans: „Ert þú ekki nýkominn heim af ferð? Því fórst þú ekki heim í þitt hús?“ 11Úría svaraði Davíð: „Örkin og Ísrael og Júda eru í tjöldum og Jóab, minn herra, og míns herra þénarar liggja á berri jörðu og skylda eg þá fara í mitt hús, eta þar og drekka og sofa hjá minni kvinnu? Fyrir þitt líf og heilsu andar þinnar skal mig það ekki henda.“ 12Davíð sagði til Úría: „Þá vertu hér í dag en á morgun vil eg láta þig fara aftur.“ Svo var Úrías í Jerúsalem þann dag og þann annan dag. 13Og Davíð hafði hann í boði sínu og hann át og drakk með honum og gjörði hann drukkinn. En að kveldi lagði Úrías sig að sofa í sinni sæng með síns herra sveinum og kom ekki í sitt hús.

14Um morgun skrifaði Davíð bréf til Jóab og sendi það með Úría so látandi: 15„Setjið Uriam í öndverða fylking þar

sem bardaginn er harðastur og víkið frá honum so að hann verði sleginn í hel.“ [16]Sem Jóab barðist nú á borgina skipar hann Uriam þar til ásóknar sem hann vissi hraustasta stríðsmenn fyrir vera. [17]En sem borgarmenn gengu út og börðust við Jóab þá féllu nokkrir af Davíðs þénurum og í þeirri svipan féll og Úrías Hetither. [18]Þá sendi Jóab og lét undirvísa Davíð hvernin bardaganum gengi. [19]Og hann bauð sendimanninum og sagði: „Nær þú hefur sagt kóngi allan atburð þessa bardaga [20]og ef þú sér að hann verður reiður og segir til þín: Því gáfu þér yður undir borgina í þessu stríði? Vissu þér ekki hvernin menn plaga að skjóta ofan af borgarveggnum? [21]Hver sló til dauða Abímelek, son Jerúbeset? Setti ekki ein kvinna kvarnarsteinsbrot í höfuð honum af múrnum svo hann dó í Tebes? Hvar fyrir gáfu þér yður undir borgarvegginn? Þá skalt þú segja: Þinn þénari Úrías Hetither er og svo fallinn.“

[22]Sendimaðurinn fór og kom til Davíðs og flutti Davíð allt það sem Jóab hafði lagt fyrir hann. [23]Og sendimaðurinn sagði til Davíðs: „Borgarmenn báru oss ofurmegni og gengu út til vor á völluna en vér tókum í móti þeim og eltum þá að borgarhliði. [24]En skotmennirnir báru skot ofan á oss af múrnum og drápu nokkra af kóngsins þénurum. Þar féll og Úrías Hetither, þinn þénari.“ [25]Davíð svaraði sendimanninum: „Svo skalt þú segja Jóab: Lát ekki þetta á þig bíta því að ýmsir falla fyrir sverði. Eggja þú herlið þitt að herja á borgina so þú brjótir hana og verið allhraustir.“

[26]Þegar Úrías kvinna fréttir að hennar bóndi Úrías var fallinn harmaði hún og grét dauða bónda síns. [27]En sem hennar harmi linnti sendi Davíð eftir henni og lét leiða hana í sitt hús og hún varð hans eiginkvinna og fæddi honum einn son. En þetta mislíkaði DROTTNI er Davíð gjörði.

12 Og DROTTINN sendi Natan til Davíðs. Og sem hann kom til hans þá segir hann svo: „Tveir menn voru í einni borg. Annar var ríkur en annar fátækur. [2]Sá hinn ríki átti fjölda bæði nauta og sauða [3]en sá hinn fátæki átti ekkert utan einn lítinn sauð hvern hann hafði keypt og ól hann upp so hann óx upp hjá honum með hans börnum. Hann át af hans brauði og drakk af hans keri og svaf í hans faðmi og hann var honum svo kær sem hans eigin dóttir. [4]En svo bar til að einn vegfarandi maður kom til hins ríka manns og sá hinn ríki maður tímdi ekki að taka af sínum sauðum né nautum til búðarverðs þeim gesti sem til hans var kominn heldur fór hann og tók sauð þess fátæka manns og tilreiddi hann handa þeim manni sem til hans var kominn.“ [5]Davíð reiddist ákaflega þessum manni og sagði til Natan: „Svo sannarlega sem að DROTTINN lifir, sá maður er dauða verður er þvílíkt gjörði. [6]Þar til skal hann bitala þann sauð fjórum verðum þar fyrir að hann gjörði slíkt og þyrmdi honum ekki.“

[7]Þá sagði Natan til Davíðs: „Þú ert þessi hinn sami mann. So segir DROTTINN, Ísraels Guð: Eg smurða þig til kóngs yfir Ísrael og eg frelsaði þig af hendi Saul [8]og gaf þér þíns herra hús. Þar með gaf eg þér hans kvinnur í fang, þar til gaf eg þér Ísraels og Júda hús og sé þetta of lítið þá vil eg enn leggja það og það til. [9]Því hefur þú þá forsmáð DROTTINS orð að þú gjörðir soddan illskuverk fyrir hans augliti? Uriam Hetither hefur þú drepið með sverði, hans húsfrú hefur þú tekið þér til eiginkvinnu en hann sjálfan hefur þú slegið í hel með sverði Amónssona. [10]Þar fyrir skal sverðið ekki ganga af þínu húsi ævinlega sökum þess að þú forsmáðir mig og tókst Úría Hetithers húsfrú að hún yrði þín eiginkvinna.

[11]Svo segir DROTTINN: Sjá, eg vil uppvekja ólukku í gegn þér af sjálfs þíns

húsi og eg vil taka þínar kvinnur so þú sjáir á og gefa þínum náunga þær og hann skal sofa hjá þínum kvinnum að ásjáandi sólu. 12Því að þú gjörðir þetta leynilega en eg vil gjöra það í augsýn alls Ísraels og í augsýn sólarinnar.“ 13Þá sagði Davíð til Natan: „Misgjört hefi eg í móti DROTTNI.“ Natan sagði til Davíðs: „Svo hefur og DROTTINN í burt tekið þína synd að þú skalt ekki deyja. 14En sökum þess að þú hefur komið GUÐS óvinum fyrir þetta til guðslöstunar þá skal sá son sem þér verður fæddur sannlega deyja.“ 15Og Natan gekk heim.

Og DROTTINN sló það barn sem húsfrú Urie hafði Davíð fætt so það varð dauðsjúkt. 16Og Davíð bað með alhuga til DROTTINS fyrir barninu og fastaði og gekk inn og lá um nóttina flatur á jörðu. 17Þá uppstóðu þeir elstu af hans húsi og vildu hafa reist hann frá jörðunni. En hann vildi í öngvan máta og eigi heldur át hann með þeim. 18En á þeim sjöunda degi þá dó barnið. Og Davíðs þénarar þorðu ekki að segja honum að barnið væri dautt. Því þeir hugsuðu: „Sjá, þá barnið var nú enn lífs töluðu vér við hann og hann vildi ekki hlýða vorri raust, hvað mikið meir mun hann af hryggð pínast ef vér segjum honum að barnið sé dautt?“ 19En sem Davíð merkti að hans sveinar kvisuðu þetta sín á milli og merkti að barnið mundi dautt þá sagði hann til sinna þénara: „Er barnið dautt?“ Þeir svöruðu: „Já.“ 20Og sem Davíð heyrði það stóð hann upp af jörðunni og þvoði sér og smurði sig og tók á sig önnur klæði og gekk inn í GUÐS hús og baðst fyrir. En sem hann kom heim aftur þá bauð hann að bera brauð fyrir sig og hann át. 21Þá sögðu hans þénarar til hans: „Hvað er þetta sem þú gjörir? Á meðan barnið lifði þá fastaðir þú og grést en nú barnið er dautt stendur þú upp og fær þér mat?“ 22Hann svaraði: „Eg fastaði og grét sökum barnsins þá það lifði því eg hugsaði: Hver veit nema DROTTINN sé mér náðugur að barnið megi lifa. 23En nú að það er dautt, hvað stoðar mér nú að fasta? Eða mun eg geta fengið það aftur? Eg fer til þess en það kemur ekki til mín aftur.“

24En sem Davíð hafði nú huggað sína kvinnu Bethsabe þá gekk hann inn til hennar og svaf með henni. Og hún fæddi einn son. Þann nefndi hún Salómon og DROTTINN elskaði hann. 25Og Davíð setti hann undir hönd Natan spámanns og hann kallaði hann Jedídja vegna DROTTINS.

26Jóab barðist við Ammónsonu í Rabba og hann vann þann konunglega stað 27og sendi boð til Davíðs og lét segja honum: „Eg hefi nú stormað á Rabba og eg hefi unnið vatsstaðinn. 28Svo kalla saman nú það fólk sem eftir er og sest um borg þessa og vinn hana so að eg vinni hana ekki og mér sé ekki kenndur þessi sigur.“ 29Síðan tók Davíð allt sitt fólk til samans og dró út að herja á Rabba og vann hana. 30Og hann tók þeirra kóngs kórónu af hans höfði sem vóg eitt cintener gulls og var sett dýrlegum steinum og hún var sett á höfuð Davíð. Og hann flutti úr þeirri borg mjög mikið herfang 31en borgarlýð leiddi hann út og lagði hann undir járnsög og járnsleða og skipti honum í sundur með hnífum og brenndi hann í tígulofni. So gjörði hann við alla Ammónsona staði. Síðan sneri Davíð heim aftur til Jerúsalem með allan sinn her.

13 Og það skeði eftir þetta að Absalon, son Davíðs, átti sér samborna systir. Hún hét Tamar og var kvenna fríðust og Ammon, son Davíðs, lagði ástarhuga á hana. 2Og Ammon lagðist niður sjúkur af ástarhita systur sinnar Tamar. Því hún var ein jungfrú og það þótti Ammon torvellegt vera að gjöra henni nokkra vansemd. 3Ammon hafði einn vin, hann hét Jónadab, son Símea, bróður Davíðs, og Jónadab var

mjög vitur maður. 4Hann sagði til hans: „Hvar fyrir verður þú, kóngsson, so magur dag frá degi? Kannt þú ekki að segja mér það?“ Þá svaraði Ammon: „Eg hefi ást á Tamar, systur Absalons, bróður míns.“ 5Jónadab sagði til hans: „Þú skalt leggjast í þína rekkju og lát sem þú sért sjúkur. En sem þinn faðir kemur að vitja þín þá seg þú til hans: Leyf minni systur Tamar að koma til mín svo hún gefi mér að eta og matbúi fyrir mér og taki eg fæðu af hennar hendi.“ 6Síðan slær Ammon sér niður og lést vera sjúkur. Sem kóngur spyr það fór hann strax að finna hann. Þá sagði Ammon til kóngsins: „Biður eg að þú leyfir minni systur Tamar að hún matreiði mér einn velling eður tvo so að eg megi eta af hennar hendi.“

7Þá sendi Davíð boð eftir Tamar í hennar hús og lét segja henni: „Far í hús þíns bróðurs Ammon og bú honum fæðu.“ 8Tamar gekk í hús síns bróður Ammons. En hann lá í sinni rekkju. Hún tók mjöl og vætti fyrir hans augum og matreiddi honum einn velling. 9Og hún tók matgjörðina og gaf hana upp og setti hana fyrir hann. En hann vildi ekki eta. Þá sagði Ammon: „Lát þú alla menn ganga út úr herberginu.“ Og þeir gengu allir í burt. 10Þá sagði Ammon til Tamar: „Ber þú réttinn í herbergið svo eg megi eta af þinni hendi.“ Þá tók Tamar matgjörðina sem hún hafði tilreitt og bar fyrir Ammon sinn bróður í svefnherbergið. 11Og sem hún bar réttinn til hans að hann skyldi eta þá þreif hann til hennar og sagði: „Kom hingað til mín, systir, og sof hjá mér.“ 12Hún sagði: „Nei, minn bróðir, skamma þú mig ekki því að ei er það hæfilegt í Ísrael. Gjör ei slíkt heimskupar 13því að hvernin fæ eg staðið undir slíkri minni skömm? En þú munt haldinn vera sem heimskur dári í Ísrael. En tala þú þetta við kónginn, þá neitar hann mig þér ekki.“ 14En hann vildi ekki hlýða beiðni hennar og lét hana kenna aflsmuna og lá með henni nauðugri.

15Og Ammon lagði á hana mikla óþykkju svo að hann hataði hana miklu meir en hann hafði hana áður elskað. Og Ammon sagði til hennar: „Statt upp og far burt.“ 16Hún svaraði honum: „Verra er nú þetta heldur en það annað sem þú hefur gjört við mig að þú burt rekur mig.“ En hann vildi ekki hlýða hennar orðum 17heldur kallaði á sinn þjónustusvein og sagði: „Rek þessa í burt frá mér og loka þú dyrunum eftir henni.“ 18Og hún var klædd mislitum kyrtli því að kóngadætur höfðu svoddan klæðnað meðan þær voru ósaurgaðar meyjar. Nú sem hans þénari hafði rekið hana út og lokað dyrunum eftir henni 19þá dreifði Tamar ösku í höfuð sér og reif þann mislita kyrtil sem hún var í og lagði hendur á sitt höfuð og gekk fram grátandi.

20Og hennar bróðir Absalon sagði til hennar: „Hvað er eða hefur þinn bróðir Ammon verið hjá þér? Nú, mín systir, þegi þú, hann er þinn bróðir, legg ekki þetta á hjarta.“ Svo var Tamar einslega í húsi Absalon síns bróðurs. 21En sem þetta fréttir Davíð kóngur varð hann afar reiður. 22En Absalon talaði ekkert við Ammon, hvorki gott né illt. Absalon var illa við Ammon fyrir það að hann hafði krenkt Tamar, hans systur.

23En þá tvö ár voru liðin lét Absalon klippa sauði sína í Baal Hasór sem að liggur undir Effraím. Og Absalon bauð öllum kóngsins sonum 24og hann kom til kóngsins og sagði: „Sjá, þinn þénari lætur nú klippa sauði sína. Þar fyrir bið eg að kóngurinn með sínum sveinum virðist að fara með sínum þénara.“ 25Kóngurinn svaraði Absalon: „Nei, minn son, lát oss eigi alla fara so að vér gjörum þér ei so mikinn kostnað.“ En sem hann bað hann mikillega þar um þá vildi kóngurinn ekki að heldur og hann blessaði honum. 26Þá sagði Absalon: „Þá bið eg að minn bróðir Ammon

fari með oss.“ Kóngurinn svaraði honum: „Til hvers skal hann fara með þér?“ 27Þá neyddi Absalon hann so að hann lét Ammon og alla kóngsins syni fara með honum. 28En Absalon bauð sínum mönnum og sagði: „Sjáið vel til að þá Ammon er orðinn víndrukkinn og eg segi til yðar: Sláið Ammon og drepið hann, þá verið óhræddir því að eg skipa yður það. Þar fyrir verið fullhugaðir og öruggir.“ 29Sveinar Absalon gjörðu við Ammon so sem Absalon hafði boðið þeim. Þá spruttu upp allir kóngsins synir og hver einn og einn sté á bak sínum múl og flýði. 30En sem þeir voru nú á veginum heimleiðis þá flaug sá kvittur fyrir Davíð að Absalon hefði drepið alla kóngsins syni og að enginn af þeim mundi lifa eftir. 31Þá stóð kóngurinn upp og reif sín klæði og féll fram til jarðar og allir hans þénarar þeir sem hjá honum voru rifu sín klæði. 32Þá svaraði Jónadab, son Semei, bróður Davíðs og sagði: „Minn herra, hugsa ekki að allir sveinarnir, kóngsins synir, séu dauðir heldur er Ammon alleinasta dauður. Því Absalon hefur það geymt með sér inn til þessa frá þeim degi að hann krenkti hans systir Tamar. 33Þar fyrir legg nú, minn herra kóngur, eigi slíkt á hjarta að allir kóngsins synir muni dauðir vera heldur er Ammon alleinasta dauður.“

34En Absalon flýði. Og umskyggnarinn á varðhaldinu hóf sín augu upp og litaðist um og sjá, mikill mannflokkur fór ofan um fjallshlíð þar sem ei var almannavegur. 35Þá sagði Jónadab til kóngsins: „Sjá nú, minn herra, hvar kóngsins synir koma. Það er so skeð sem þinn þénari sagði.“ 36Og sem hann hafði út talað, sjá, þá komu kóngssynir, upphófu sín hljóð og grétu. Kóngurinn og allir hans þénarar grétu og mjög fastlega.

37En Absalon flýði og fór til Talmaí, sonar Amíhúð, kóngsins í Gesúr. En kóngurinn syrgði son sinn alla daga. 38En sem Absalon flýði til Gesúr var hann þar í þrjú ár. 39Og Davíð kóngur hætti að leita eftir Absalon því að hann lét af harmi eftir Ammon það hann var dauður.

14 Og sem Jóab son Serúja merkti að kóngi rann reiði við Absalon 2þá sendi hann til Tekóa eftir einni vísdómskonu og sagði til hennar: „Lát sem þú sért harmþrungin og fær þig í sorgarbúning og smyr þig ekki með oleo heldur sýn þig svo sem ein kvinna sú sem lengi hefur grátið mannamissir. 3Og þú skalt ganga inn fyrir kónginn og tala við hann so og so.“ Og Jóab lagði henni orð í munn hvað hún skyldi tala.

4Og kvinnan af Tekóa gekk inn fyrir kónginn, kastaði sér fram til jarðar á sitt andlit, tilbað hann og sagði: „Herra kóngur, hjálpa mér.“ 5Kóngurinn sagði til hennar: „Hvað skaðar þig?“ Hún svaraði: „Eg er ein ekkja, ein harmþrungin kvinna og minn bóndi er andaður. 6Og þín þjónustukvinna átti eftir tvo sonu. Þeir urðu missáttir á akri og sökum þess að þar var engin sem kunni að hamla þeim þá varð so að annar drap annan. 7Og sjá, nú rísa upp allir frændur þeirra mót þinni þénustukvinnu og segja: Framsel þann sem sló sinn bróður í hel so vér megum taka hann af lífi fyrir hans bróðurs líf sem hann drap og afmá hans arf, og vilja svo útslökkva minn gneista þann eftir er so að niður falli nafn bónda míns og allar menjar hans minningar á jörðunni.“

8Kóngurinn svaraði kvinnunni: „Far heim í þitt hús, eg vil bjóða boð fyrir þig.“ 9Kvinnan af Tekóa svaraði kónginum: „Minn herra kóngur, sá misgjörningur vari yfir mér og mínu föðurs húsi en kóngurinn og hans hásæti sé saklaust.“ 10Kóngurinn svaraði: „Hver sem mælir í móti þér lát hann koma hingað fyrir mig. Þaðan af skal hann ei snerta þig.“ 11Hún sagði: „Minn herra kóngur,

hugsa til DROTTINS, þíns Guðs, að blóðhefnararnir verði ei of margir til að fordjarfa svo að þeir afmái ekki minn son.“ Hann sagði: „Svo sannarlega sem að DROTTINN lifir þá skal þar ekki falla eitt hár á jörð af þínum syni.“ 12Og kvinnan sagði: „Minn herra kóngur, leyf þinni þjónustukvinnu að tala nokkuð.“ Hann sagði: „Seg þú fram.“ 13Hún mælti þá: „Hvar fyrir hefur þú svoddan hugsað í móti Guðs fólki að kóngurinn hefur talað svoddan orð að hann misgjöri og lætur ekki sækja aftur þann sinn útrekna? 14Því að vér deyjum allir og so sem vatn rennum vér í jörðina því sem ekki er hamlað og Guð vill ekki taka lífið í burtu heldur hugsar hann að sá tapist ei með öllu er misgjörði. 15Þar fyrir er eg nú komin að tala þetta við minn herra kóng því að fólkið gjörir mér sturlan. Því að þín þjónustukvinna hugsaði: Eg vil fara og tala með kónginn, ske má að hann virðist að gjöra það sem hans ambátt segir. 16Því að hann mun bænheyra sína þjónustukvinnu að hann frelsi mig af þeirra allra hendi sem mig vilja afmá og minn son af Guðs arfleifð. 17Og þín þjónustukvinna hugsaði: Míns herra kóngs orð skulu vera mín huggun því minn herra kóngur er sem Guðs engill svo að hann kann að heyra bæði gott og illt. Og því mun DROTTINN, þinn Guð, vera með þér.“

18Kóngurinn svaraði og sagði til kvinnunnar: „Leyn mig ekki þann hlut sem eg vil spyrja þig.“ Kvinnan svaraði: „Minn herra kóngur, tala það þú vilt.“ 19Kóngurinn sagði: „Er ekki Jóabs hönd með þér í öllu þessu?“ Kvinnan svaraði og sagði: „So sannlega sem þín sál lifir, minn herra kóngur, þá er enginn annar, hverki á þá hægri hönd né vinstri nema sá minn herra kóngurinn sagði. Því þinn þénari Jóab bauð mér þetta og hann lagði þinni þjónustukvinnu öll þessi orð í munn 20að eg skylda svo breyta fígúru þessa máls. Það hefur þinn þénari Jóab gjört. En þú, minn herra, ert vís sem einn Guðs engill að þú skilur alla hluti á jörðunni.“

21Þá mælti kóngurinn við Jóab: „Sjá, eg hefi gjört þetta. Þar fyrir far nú og sæk sveininn Absalom aftur.“ 22Þá féll Jóab fram allur til jarðar og tilbað og þakkaði kónginum og sagði: „Í dag merkir þinn þénari að eg hefi fundið náð fyrir þínum augum, minn herra kóngur, að kóngurinn gjörir hvað hans þénari segir.“ 23Síðan bjó Jóab sig og fór til Gesúr og flutti Absalom til Jerúsalem. 24En kóngurinn sagði: „Látið hann fara í sitt hús aftur en komi ekki á minn fund.“ Svo kom nú Absalom í sitt hús aftur og sá ekki kóngsins ásjónu.

25En þar var ekki svo fríður maður á meðal alls Israelis sem Absalon og hann hafði þá frægð fyrir öllum mönnum að ekki var lýti á honum á millum hæls og hvirfils. 26Og þá menn klipptu hans hár (sem þá plagaðist að gjöra árlega því honum var þyngd að því að hann varð að láta klippa það af) þá vó hans höfuðhár tvö hundruð skildinga eftir kóngsins vigt. 27Og Absalom átti þrjá syni og eina dóttir sem hét Tamar og hún var kvenna fríðust.

28Svo var Absalon nú tvö ár í Jerúsalem að hann kom ekki á kóngsins fund. 29Og Absalon sendi eftir Jóab að hann vildi senda hann fyrir kónginn. En hann vildi ei koma til hans. Og hann sendi í annað sinn. Jóab vildi ekki að heldur koma. 30Þá sagði hann til sinna sveina: „Sjáið, Jóabs akur liggur í nánd mínum og hann hefur bygg þar á. So farið nú og setjið eld þar í.“ Þá fóru Absaloms sveinar og brenndu upp kornið með eldi. 31Síðan stóð Jóab upp og gekk í Absaloms hús og sagði til hans: „Því settu þínir sveinar eld á minn part akursins?“ 32Absalom sagði til Jóab: „Sjá, eg senda eftir þér og lét segja þér: Kom til mín svo eg megi senda þig fyrir kónginn, og vilda eg hafa látið þig segja honum: Því er eg

kominn frá Gesúr? Mér hefði verið betra að eg væri þar enn nú. So lát mig nú fá að sjá kóngsins auglit. En sé nokkur misgjörningur meður mér þá slá mig í hel.“ 33Og Jóab gekk inn fyrir kónginn og undirvísaði honum þetta. Og hann kallaði á Absalom og hann kom fyrir kónginn. Og hann féll á sitt andlit fram til jarðar fyrir kónginum og tilbað hann. Og kóngurinn kyssti Absalom.

15 Og það skeði so eftir þetta að Absalom lét tilreiða sér vagna og hesta og valdi fimmtígi menn sér til fylgdar. 2Og Absalom stóð ætíð snemma upp á morna og stóð á vegi hjá borgarhliði. Og hver sá maður sem nokkuð málefni hafði og kominn var að leita kóngs atkvæðis, þann kallaði Absalom til sín og sagði: „Af hverri borg ert þú?“ Og þegar hinn sagði honum: „Þinn þénari er kominn af einni borg Israelis ættkvísla“ 3þá sagði Absalom til hans: „Sjá, þú hefur góð og rétt málefni en enginn er tilsettur af kónginum sem þig skal heyra.“ 4Og Absalom sagði: „Hver vill setja mig til dómara í landinu að hver maður komi til mín, þeir sem nokkur málefni hafa og vilja fá úrskurð, so að eg hjálpi þeim til réttinda?“ 5Og þá nokkur kom til hans og vildi heilsa honum þá útrétti hann sína hönd og tók í mót honum og kyssti hann. 6So gjörði Absalom við allan Israelislýð nær sem menn komu til dóms fyrir kónginn. Og so stal hann Israelismanna hjörtum.

7Eftir liðinn fjörutígi ár kom Absalon að máli við kónginn og sagði: „Eg vil fara og leysa heit mitt í Hebron sem eg hét Drottni. 8Því að þann tíma sem eg bjó í Gesúr í Syria þá hét þinn þénari einu heiti og sagði: Ef svo er að Drottinn lætur mig komast heim aftur í Jerúsalem þá vil eg gjöra Drottni eina Guðs þjónustu.“ 9Kóngurinn svaraði og sagði til hans: „Far með friði.“ Og hann tók sig upp og fór til Hebron. 10En Absalom hafði útsent njósnarmenn til allra Ísraels kynkvísla og lét þeim segja: „Nær þér heyrið blásið í basuner þá segið: Absalom er orðinn kóngur í Hebron!“ 11En þar gengu tvö hundruð manna með Absalom af Jerúsalem sem hann kvaddi að fara með sér. En þeir gengu af einföldu hjarta og vissu ekki hvað undir bjó. 12Absalom sendi og svo eftir Akítófel Siloniter, ráðgjafa Davíðs af hans stað Síló. En sem hann færði nú fórnirnar þá varð sambandið sterkt og fólkið hljóp til og dreif að Absalom.

13Þá kom einn og kunngjörði þetta Davíð og sagði: „Hvers manns hjarta í Ísrael fylgir Absalom eftir.“ 14Davíð sagði til sinna þénara sem hjá honum voru í Jerúsalem: „Stöndum upp og forðum oss því að ekki mun síðar kostur að flýja undan Absalom. Flýtið yður og förum so hann teppi oss ekki inni og grípi oss og leiði ólukku yfir oss og slái staðinn með sverði.“ 15Kóngsins þénarar sögðu til hans: „Allt hvað minn herra kóngurinn býður það viljum vér, þínir þénarar, gjöra.“ 16Og kóngurinn fór af staðnum gangandi og allt hans hús. En hann lét tíu af sínum frillum eftir að geyma herbergja. 17Og sem kóngurinn og allt fólkið með honum var nú út komið gangandi nam hann staðar langt frá húsinu. 18Og allir hans þénarar gengu með honum, þar með og allir Crethi og Pleti og allir Gethiter og þau sex hundruð manna sem honum höfðu fylgt á fæti frá Gat gengu undan kónginum.

19Og kóngurinn sagði til Itaí Gethiter: „Því fer þú með oss? Snú þú aftur og vert hjá kónginum því þú ert útlendur maður og ert kominn hingað frá þínum stað. 20Þú komst í gær og í dag verður þú að ganga með oss. En eg mun fara sem fyrir liggur. Snú þér aftur og þínir bræður með þér, veitist þér miskunnsemd og sannleikur.“ 21Itaí svaraði og sagði: „Svo sannarlega sem

DROTTINN lifir og svo víst sem minn herra kóngurinn lifir: Hvar helst sem minn herra kóngurinn verður, hvert sem það er í lífi eða dauða, þar skal eg, þinn þénari, vera.“ [22]Davíð sagði þá til Itaí: „So kom og far með.“ So fór Itaí Gethiter og allir hans menn og allra þeirra synir sem voru með honum. [23]Og þeir grétu allir með hárri raust og allt fólkið gekk með. Og kóngurinn gekk yfir um lækinn Kedron og allt fólkið gekk undan á þann veg sem liggur til eyðimerkur.

[24]Og sjá, Sadók var og þar og allir þeir Levítar sem voru með honum berandi Guðs sáttmálsörk og þeir settu hana þar. Og Abjatar gekk upp til þess að fólkið kom allt af staðnum. [25]En Davíð sagði til Sadók: „Berið Guðs örk aftur í staðinn. Ef eg finn náð fyrir DROTTNI þá lætur DROTTINN mig koma aftur og leyfir mér að sjá hana og sitt hús. [26]En ef hann segir: Eg hefi öngva þóknan á þér, sjá, þá er eg hér, gjöri hann við mig sem honum best líkar.“ [27]Og kóngurinn sagði til Sadók kennimanns: „Þú sjáandi, snú þú aftur í staðinn með friði og báðir ykkrir synir með ykkur, Ahímaas, þinn son og Jónatan, son Abjatar. [28]Sjá, eg vil bíða á þessu sléttlendi í eyðimörkinni þar til að boðskapur kemur frá ykkur og þið undirvísið mér.“ [29]So báru þeir Sadók og Abjatar Guðs örk aftur í Jerúsalem og voru þar.

[30]En Davíð gekk að fjalli Oliveti grátandi, berfættur og með huldu höfði. So og allt fólkið sem var með honum huldu höfuð sín og gengu grátandi. [31]Og sem það var Davíð undirvísað að Akítófel væri í sambandi með Absalom þá sagði hann: „DROTTINN, gjör þú Akítófels ráð að heimsku.“

[32]Og er Davíð kom upp á hæðir þær þar menn voru vanir að tilbiðja Guð, sjá, þá mætti Húsaí Arachiter honum með sundurrifnum klæðum og moldarfullu höfði. [33]Og Davíð sagði til hans: „Ef þú fer með mér þá verður þú mér til þyngsla. [34]En ef þú gengur aftur í borgina og segðir til Absalom: Eg er þinn þénari, eg vil vera kóngsins so sem eg var þíns föðurs þénari í þann tíma so vil eg og nú vera þinn þénari. Gjör þú fyrir mig ónýtar ráðagjörðir Akítófel. [35]Sadók prestur og Abjatar eru með þér. Hvers þú verður vís í kóngsins garði það skaltu allt segja Sadók kennimanni og Abjatar. [36]Sjá, þeirra tveir synir eru hjá þeim, Ahímaas son Sadók og Jónatan son Abjatar. Með þeim kannt þú að senda mér sanna vissu af því sem þú heyrir.“ [37]Eftir þetta sneri Húsaí, vin Davíðs, í borgina og Absalom kom til Jerúsalem.

16 En sem Davíð var skammt genginn frá hæðinni, sjá, þá mætti honum Síba, þénari Mefíbóset, með tvo klyfjaða asna af tvö hundruð brauðum og hundrað klösum rúsín og hundrað klösum fíkjur og einn legil víns. [2]Kóngurinn sagði til Síba: „Hvað skal þetta?“ Síba svaraði: „Asnarnir skulu vera til reiðar kóngsins þénurum, brauðið og fíkjurnar sveinum þínum að eta og vínið að drekka þá þeir þreytast í eyðimörkinni.“ [3]Kóngurinn sagði: „Hvar er sonur þíns herra?“ Síba sagði til kóngsins: „Sjá, hann var eftir í Jerúsalem því hann sagði: Í dag skal Ísraels hús gefa mér aftur míns föðurs ríki.“ [4]Kóngurinn sagði til Síba: „Sjá, allt það sem Mefíbóset hefur það skal vera þitt.“ Síba sagði: „Eg bið, lát mig finna náð fyrir þér, minn herra kóngur.“

[5]En sem Davíð kóngur kom til Bahúrím, sjá, þá gekk þar einn maður út. Hann var af slekti Saul og hét Símeí son Gera. Hann gekk fram bölvandi [6]og steinum kastandi að Davíð og öllum hans þénurum því að fólkið og allir þeir hinir hraustustu menn voru á hægri og vinstri hönd kónginum. [7]Símeí bölvaði kóngi með þessum orðum: „Hér út, hér út, þú blóðhundur, þú Belíals maður! [8]DROTTINN hefur nú bitalað þér allt það

blóð hússins Saul að þú settist í ríki hans! Nú hefur DROTTINN gefið ríkið í hendur þínum syni Absalom! Og sjá, nú þrengja þér illskur þínar því þú ert einn blóðhundur!“
9Abísaí son Serúja sagði til kóngsins:
„Skal þessi dauður hundur bölva mínum herra kóngi? Eg vil fara og slá höfuð af honum.“ 10Kóngurinn svaraði:
„Þér synir Serúja, hvað hefi eg með yður að gjöra? Látið hann bölva því að DROTTINN bauð honum að bölva Davíð. Hver þorir að segja: Hvar fyrir gjörir þú svo?“ 11Og Davíð sagði til Abísaí og til allra sinna þénara: „Sjá, minn son sá sem kominn er af mínu lífi situr um mitt líf. Hvar fyrir skyldi nú þá ekki son Jemíní það gjöra? Látið hann bölva því að DROTTINN hefur bífalað honum það. 12Ske má að DROTTINN álíti mína eymd og umbuni mér góðu fyrir þessa dags bölvan.“ 13Svo gekk Davíð sína leið og hans menn. En Símeí gekk hinumegin með fjallshlíðinni jafnframt þeim, blótandi, og kastaði grjóti og jós moldu að honum. 14Kóngurinn kom og allir þeir menn sem með honum voru móðir af göngu og tóku þar hvíld. 15En Absalom og allir Ísraelsmenn komu til Jerúsalem og Akítófel með honum. 16En sem Húsaí Arachiter, vin Davíðs, kom inn fyrir Absalom þá sagði hann til Absalom: „Heill, heill, herra kóngur!“ 17Absalom svaraði Húsaí: „Er þetta þín miskunn er þú veitir vin þínum? Hvar fyrir ertu ei farinn með vin þínum?“ 18Húsaí sagði til Absalom: „Ekki so heldur hvern sem DROTTINN útvelur og so þetta fólk og svo allir Ísraelsmenn hans mun eg vera og hjá honum blífa. 19Þar næst hverjum skal eg þjóna? Skal eg ekki þjóna hans syni? So sem eg þjónaði þínum föður svo vil eg vera fyrir þér.“
20Þá sagði Absalom til Akítófel: „Gef út ráð hvað vér skulum aðhafast.“ 21Akítófel sagði til Absalom: „Sof hjá þínum föðurs frillum þeim hann lét hér eftir að geyma sinna herbergja. So skulu allir Ísraelsmenn það frétta að þú hefur saurgað þinn föður og munu þá styrkjast hendur þeirra allra er þér fylgja.“ 22Og þeir slógu tjaldi Absolons upp á þekjunni og Absalom lá hjá síns föðurs frillum að ásjáandi öllum Ísrael. 23En þá Akítófel gaf nokkuð ráð út á þeim tíma þá var það svo haldið sem menn hefðu ráðgast um við Guð. Svo var öll Akítófels ráðagjörð so þá hann var með Davíð sem nú hann var með Absalon.

17 Og Akítófel sagði til Absalom:
„Eg vil útvelja tólf þúsund manna og taka mig upp og fara eftir Davíð á þessari nóttu 2og eg vil yfirfalla hann af því hann er mæddur og lúinn. Eg vil skelfa hann so að allt fólkið sem er hjá honum flýi frá honum. Þá vil eg slá kónginn þegar hann er einn eftir 3en leiða allt fólkið aftur til þín. Og þá hver einn og einn maður er kominn til þín eftir því sem þú vilt þá verður allt fólkið með friði.“ 4Þetta ráð þóknaðist vel Absalom og öllum þeim elstu í Ísrael. 5Og Absalom sagði: „Kallið Húsaí þann Arachiter og heyrum vér hvað hann segir hér til.“ 6Og sem Húsaí kom fyrir Absalom þá sagði Absalom til hans: „Svoddan hefur Akítófel talað. Seg þú fram, skulum vér þetta gjöra eða ekki?“ 7Þá sagði Húsaí til Absalom:
„Eigi er þetta gott ráð sem Akítófel hefur útgefið að þessu sinni.“ 8Og Húsaí sagði framar meir: „Þú þekkir þinn föður vel og so hans menn að þeir eru sterkir og með beiskum hug so sem ein birna í skógi þá hún er rænd sínum húnum. So og veist þú að þinn faðir er hinn mesti kappi og forsómar sig ekki með sínu fólki. 9Sjá, ske má að hann hafi falist í einhverju hreysi eða fengið sér nokkurn samastað. Og ef so sker að þetta tekst illa með fyrsta þá mun þegar hver öðrum segja: Það skeði eitt slag á meðal þess fólks sem Absalom eftir-

fylgdi, [10]og mun þá þegar felmtra hverjum manni þó áður sé fullhugaður og hafi hjarta sem león. Því veit allt Ísraelsfólk að þinn faðir er sterkur og hinir hraustustu hermenn þeir sem með honum eru. [11]En það ráðlegg eg að þú safnir að þér öllum Ísrael frá Dan og allt til Berseba, svo marga sem sandur á sjávarströndu, og að þú farir sjálfur fyrir þeim. [12]Svo viljum vér falla yfir hann hvar sem vér finnum hann og vér viljum koma yfir hann svo sem þá dögg fellur á jörðu svo vér látum ekki einn lifa eftir af þeim öllum mönnum sem með honum eru. [13]En ef hann flýr í nokkra borg þá skal allur Ísraelsmúgur bera reip um þá borg og draga hana í díki svo þar skal ekki finnast einn steinn eftir.“ [14]Þá svaraði Absalom og hver maður í Ísrael: „Ráð Húsaí Arachiter er betra en Akítófels ráð.“ En DROTTINN lét það svo ske að Akítófels ráð þau inu góðu urðu hindruð so að DROTTINN léti koma ólukku yfir Absalom.

[15]Og Húsaí mælti til Sadók og Abjatar kennimanna og sagði þeim: „Svo og so ráðlagði Akítófel Absalom og þeir inu elstu af Ísrael en eg hefi so og svo ráðlagt. [16]Þar fyrir sendið nú sem skjótast af stað og látið Davíð vita af þessu og látið so segja honum: Vert þú ekki á þessari nóttu á völlum eyðimerkur heldur far þú yfir um so að kóngurinn skuli ekki uppsvelgjast og so allt fólkið sem er hjá honum.“ [17]Jónatan og Akímas stóðu hjá þeim brunni Rógel. Og ein ambátt gekk þangað og sagði þeim þetta. En þeir jafnsnart fóru og kunngjörðu þetta Davíð því þeir þorðu ekki að láta sjá sig að þeir væri í borginni. [18]En það skeði að einn smásveinn sá þá og hann undirvísaði það Absalom. En þeir gengu báðir sem skjótast í burt og komu í eins manns hús í Bahúrím. Hann hafði einn brunn í sínum garði og þar stigu þeir ofan í hann. [19]En ein kvinna tók klæði og breiddi það yfir munnann á brunninum og dreifði grjónum þar yfir svo ei skyldi merkja. [20]En sem Absalons menn komu til kvinnunnar í húsið þá spurðu þeir: „Hvar er Akímas og Jónatan?“ Kvinnan sagði til þeirra: „Þeir gengu héðan og yfir um vaðið á vatninu.“ En þá þeir höfðu leitað og ekki fundið þá fóru þeir aftur til Jerúsalem.

[21]En að þeim burtgengnum þá stigu þeir upp af brunninum, gengu í burt og kunngjörðu þetta Davíð kóngi og sögðu til Davíðs: „takið yður upp án allri dvöl og farið yfir um vatnið. Því Akítófel hefur svo og svo gefið út ráð um yður.“ [22]Þá reis Davíð upp og allt það fólk sem var hjá honum og gengu yfir Jórdan áður lýsti af degi og gengu allir yfir um Jórdan so þar varð ekki einn eftir.

[23]En sem Akítófel sá það að hans ráð höfðu öngvan framgang þá söðlaði hann sinn asna og bjó sig og fór heim í sinn stað og skipaði til allra hluta í sínu húsi og hengdi sig sjálfur til dauða og var jarðaður í síns föðurs gröf.

[24]Davíð kom til Mahanaím og Absalom dró yfir Jórdan og allir Ísraelsmenn með honum. [25]Absalom hafði sett Amasa í stað Jóab yfir herinn. En Amasa var þess manns son sem hét Jetra, einn Ísraelíti sem lá með Abigail dóttur Nahas, systir Serúja, sem var móðir Jóab. [26]Og Ísraelslýður og Absalom settu sínar herbúðir í Gíleað.

[27]Og sem Davíð var kominn í Mahanaím þá færði Sóbí son Nahas af sonum Ammón af Rabbat og Makír son Ammíel af Lódabar og Barsillaí Giliaditer af Róglím, [28]þeir færðu sængarklæði, munnlaugar, leirpotta, hveiti, bygg, mjöl, steikt ax, baunir, ertur, grjón, [29]hunang, smjör, naut og sauði og osta til Davíðs og til þess fólks sem með honum var, honum og því til fæðslu. Því þeir hugsuðu að fólkið mundi líða hungurmæðu og þosta í eyðimörku.

18 Og Davíð skoðaði lið sitt það
sem með honum var og setti
höfuðsmenn yfir þúsund og yfir hundrað. 2Hann setti Jóab höfðingja yfir
þriðjung fólksins og yfir þann annan
þriðjung setti hann Abísaí son Serúja,
bróður Jóab, og yfir þann þriðja þriðjung Ítaí Getither. Og kóngurinn sagði
til fólksins: „Eg vil og fara út með yður.“ 3En fólkið svaraði: „Nei, þú skalt
hvergi út fara því þó svo sé að vér flýjum eða falli helst af oss þá munu þeir
ekki hirða um það. En þú einn ert svo
sem tíu þúsundir af oss. Það er oss
betra að þú veitir oss lið af borginni.“
4Kóngurinn svaraði: „Hvað yður sýnist
best það vil eg gjöra.“ Kóngurinn gekk í
borgarhliðið og allt fólk dró út í riðlum,
hundruðum saman og þúsundum. 5Og
kóngurinn bauð Jóab og Abísaí og Ítaí
og sagði: „Farið minna vegna varlega
með sveininn Absalom.“ Og allur herinn heyrði það að kóngurinn bað alla
höfðingja um Absalom.

6En sem fólkið kom út á völlunа í
móti Ísrael þá hófst þegar orustan í
skógi Efraím 7og sneri mannfalli í lið
Ísraelsfólks so að Davíðs þénarar veittu
þeim mikið slag og felldu á þeim degi
tuttugu þúsundir manna. 8Og bardaginn riðlaðist um allt landið og skógurinn tapaði miklu fleirum þann dag
heldur en sverðið í hel sló. 9Og Absalom
mætti Davíðs sveinum og reið einum
múl. En sem múllinn kom undir eina
mikla og margkvíslótta eik festist hans
höfuð í eikinni og hékk hann svo í loftinu en hans múll rann fram undan honum. 10Þetta gat að líta einn maður.
Hann kunngjörði það Jóab og sagði:
„Sjá, eg sá Absalom hanga í einni eik.“
11Jóab svaraði manninum sem honum
sagði þetta: „Sjá, sást þú þetta? Því
slóstu hann þá ekki niður til jarðar og
skylda eg hafa gefið þér tíu silfurpeninga og eitt belti.“ 12Maðurinn svaraði
Jóab: „Þó þú hefðir vegið út í mína
hönd þúsund silfurpeninga þá vilda eg
þó ekki hafa lagt mínar hendur á
kóngsins son. Því kóngurinn bauð þér
og Abísaí og Ítaí oss áheyröndum og
sagði: Varðveitið mér sveininn Absalom. 13En hefða eg gjört þá ofdirfsku í
gegn sálu minni með því að ei má það
leynt vera fyrir kónginum þá mundir
sjálfur þú hafa staðið helst í móti mér.“
14Jóab svaraði: „Ekki má eg lengur tefja
hjá þér.“ So þreif Jóab þrjú spjót og
stakk þeim í brjóst Absalom þar hann
hékk lifandi í eikinni. 15Og tíu af Jóabs
skjaldsveinum kringdu um Absalom og
slógu hann í hel.

16Þá blés Jóab herblástur og stöðvaði
fólkið af flóttarekstrinum því Jóab vildi
þyrma fólkinu. 17Og þeir tóku Absalom
og köstuðu honum í eina gryfju þar í
skóginum, gjörðu mikinn grjóthaug
upp af honum. So flýði allur Ísraelslýður hver til sinna heimkynna.

18Absalom hafði uppreist einn stólpa
að hann lifði hver eð stendur í kóngsins
dal. Því hann sagði: „Eg á öngvan son,
þar fyrir skal þetta vera til minningar
mínu nafni.“ Og hann kallaði þann
stólpa eftir sínu nafni og hann kallast
inn til þessa dags Absaloms hönd.

19Akímaas son Sadók sagði: „Kæri,
látið mig hlaupa að segja kóngi að
DROTTINN hefur dæmt honum dóm um
sína óvini.“ 20Jóab sagði til hans: „Þú
ber honum engin góð tíðindi í dag.
Annan tíma skaltu tíðindi bera en ekki í
dag því kóngsins son er dauður.“ 21En
til Kúsí sagði Jóab: „Far þú og seg kóngi
hvað þú hefur séð.“ Og Kúsí laut Jóab
og rann af stað. 22Akímaas son Sadók
sagði þá í annað sinn til Jóab: „Hvað, en
ef eg hleyp eftir Kúsí?“ Jóab svaraði:
„Því vilt þú fara, minn son? Kom hingað
því að þú ber engin fagnaðartíðindi
þangað.“ 23„Hvað, en ef eg hleyp?“ Jóab
sagði til hans: „Hlaup þú.“ Akímaas
rann þann beinsta veg og komst fyrir
Kúsí.

24Davíð sat í millum tveggja dyra og
varðhaldsmaðurinn gekk upp á þakið

turnsins yfir múrnum og upplyfti sín augu og litaðist um og sá hann hvar einn maður hljóp. 25Og hann kallaði til kóngsins og sagði honum það. Kóngurinn svaraði: „Ef hann er einn þá mun hann segja góð tíðindi.“ 26Og sem þessi maður nálgast þá sá vörðurinn einn annan mann hlaupanda og hann kallaði þegar ofan í portið og sagði: „Sjá, enn kemur einn maður hlaupandi.“ Kóngurinn svaraði: „Þessi mun og góður sendiboði?“ 27Varðhaldsmaðurinn sagði: „Mér sýnist sem Akímaas son Sadók renni fyr.“ Og kóngurinn sagði: „Hann er góður maður og mun bera góðan boðskap.“

28Akímaas kallaði hátt og sagði til kóngsins: „Friður!“ Og hann féll fyrir kónginn á sína ásjónu fram til jarðar og sagði: „Blessaður sé Drottinn Guð sem hefur gefið þá menn undir þitt vald sem að upphófu sínar hendur í móti mínum herra kóngi.“ 29Kóngurinn svaraði: „Eru grið gefin sveininum Absalom?“ Akímaas svaraði: „Eg sá ös mikla þá Jóab, kóngsins þénari, sendi mig, þinn þénara, hingað og eigi veit eg hvað það var.“ 30Kóngurinn sagði: „Gakk þú þangað og statt þú þar.“ Og hann fór og stóð þar.

31Í þessu kom Kúsí og sagði: „Góð tíðindi ber eg, minn herra kóngur: Drottinn hefur dæmt fyrir þig í dag alla þá er risu upp í gegn þér.“ 32Þá sagði kóngurinn til Kúsí: „Er fritt sveininum Absalom?“ Kúsí svaraði: „Fari so allir míns herra kóngs óvinir sem sá sveinn og allir þeir sem setja sig upp í móti þér til hins vonda.“ 33Þá varð kóngurinn hryggur og gekk upp á loftsalinn í portinu grátandi og sagði svo: „Minn son Absalom, minn son, minn son Absalom! Guð gæfi að eg mætti deyja fyrir þig! Ó Absalom, minn son, minn son!“

19 Þetta fréttir Jóab: „Sjá, kóngurinn grætur og syrgir Absaloms dauða.“ 2Og snerist öllu fólkinu þess dags sigur í sút því að fólkið heyrði á þeim degi sagt: „Kóngurinn harmar sinn son.“ 3Og fólkið skaut sér undan á þeim degi svo það kom ekki í borgina eins líka og það fólk stelst í burtu hver til skammar verður nær það flýr úr bardaga. 4Og kóngurinn byrgði sitt andlit, kallaði hárri röddu: „Ó minn son Absalom, Absalom minn, son minn, son!“ 5Jóab gekk í húsið fyrir kónginn og sagði: „Á þessum degi hefur þú kinnroða gjört öllum þínum þénurum þeim sem í dag frelsuðu lít þitt, þinna sona, þinna dætra, þinna kvenna og þinna frillna, 6að þú elskar þá sem hata þig en hatar þá sem elska þig. Því að í dag sýnir þú það að ekki par hirðir þú um þína höfuðsmenn og þénara. Því eg merki sannlega í dag, hefði Absalom einnsaman lifað en vér værum allir dauðir þá mundi þér vel líka. 7Nú þá rís upp og gakk út og veit blíð viðmæli þínum þénörum. Því þar sver eg um við Drottin: Ef að gangir þú ekki út þá mun ekki einn maður vera eftir hjá þér þessa nótt í gegnum. Og það verður þér verra en allt það vonda sem áður hefur komið yfir þig frá þínum ungdómi og allt til þessa.“ 8Þá reis kóngurinn upp og setti sig í portið. Og allt fólkið frétti það að kóngurinn sæti í portinu. Kom þá allt fólkið fyrir kónginn það hjá honum var. En Ísrael var flúinn hver til síns heimilis. 9Og fólkið af Israelis kynkvíslum þráttaði sín í millum og sagði: „Kóngurinn hefur leyst oss af vorra óvina höndum og hann frelsaði oss af Philisteis höndum og hann varð nú að flýja landið fyrir Absalom. 10En Absalom er fallinn í bardaga, hvern vér höfðum smurt yfir oss. Því eru þér þá nú so kyrrir að þér leiðið ekki kónginn heim aftur?“

11En kóngurinn sendi til Sadók og Abjatar kennimanna og lét segja til þeirra: „Talið við þá elstu í Júda og segið: Því vilji þér vera þeir hinir seinustu

að leiða kónginn aftur í sitt hús?“ (Því
orð alls Israelis hús voru komin fyrir
kónginn í hans hús.) 12„Þér eruð mínir
bræður, mín bein og mitt hold. Og því
vilji þér þá vera hinir síðustu að leiða
kónginn aftur? 13Og segið til Amasa: Ert
þú ekki mitt bein og mitt hold? Guð láti
mig ske það og það ef þú skalt ekki vera
minn hershöfðingi yfir mér um alla
þína daga í Jóabs stað.“ 14Og hann
beygði allra manna hjörtu í Júda líka
sem einn maður væri. Og þeir sendu til
kóngsins: „Kom aftur, þú og allir þínir
þénarar.“ 15Síðan kom kóngurinn aftur.
En sem hann kom að Jórdan þá voru
Júdamenn komnir í Gilgal og fóru ofan
í móts við kónginn so þeir flytti
kónginn utan yfir Jórdan.

16Og Simeí son Gera, son Jemíní, sem
bjó í Bahúrím, hann skundar með Júda-
mönnum ofan í mót Davíð 17og þar var
þúsund manns með honum af Benja-
mín. Þar var sveinninn Síba af húsi Saul
með sínum fimmtán sonum og tuttugu
þrælum og þeir flýttu sér yfir Jórdan
fram á veg fyrir kónginn 18og tilreiddu
ferjur og flutninga að færa kóngsins
fólk yfir um og þeir gjörðu það hvað
honum þóknaðist. Og Símeí son Gera
féll fram fyrir kónginn þá hann var
kominn yfir Jórdan 19og sagði til kóngs-
ins: „Minn herra, reikna ekki rangindi
mín og minnst þú ekki á það að þinn
þénari styggði þig þann dag þá minn
herra kóngurinn gekk af Jerúsalem og
kóngurinn leggi það ekki á hjarta 20því
þinn þénari meðkennir nú að eg hefi
misgjört. Og sjá, eg er í dag þann fyrsti
sem kominn er af öllu Jósefs húsi að
fara ofan á móti mínum herra kóngin-
um.“ 21Abísaí son Serúja svaraði og
sagði: „Skyldi Símeí ekki þar fyrir deyja
sá sem bölvað hefur Christo Drottins?“
22Þá svaraði Davíð: „Hvað hefi eg með
yður, þér synir Serúja, að þér viljið í dag
vera mínir andskotar? Skyldi nokkur
maður á þessum degi láta sitt líf í Ísr-
ael? Eða meinar þú að eg veit ekki að eg
er orðinn kóngur í dag yfir Ísrael?“ 23Og
kóngurinn sagði til Símeí: „Eigi skalt þú
deyja.“ Og þar upp á sór kóngurinn eið.

24Mefíbóset sonur Saul kom og so
ofan í móti kónginum. Hann hafði ekki
hreinsað sínar fætur né sitt skegg og
ekki þvegið sín klæði frá þeim degi sem
kóngurinn hafði í burt gengið og allt til
þess dags sem hann kom nú aftur með
friði. 25En sem hann kom nú til Jer-
úsalem og mætti kónginum þá sagði
kóngurinn til hans: „Hvað kom þar til
að þú fórst ekki með mér, Mefíbóset?“
26Hann svaraði: „Minn herra kóngur,
minn þénari sveik mig. Því eg, þinn
þénari, þenkti: Eg vil söðla einn asna
mér til reiðar og fara so til kóngsins,
því þinn þénari er fótahrumur. 27Ofan á
þetta bar hann þinn þénara í róg við
minn herra kóng. En minn herra kóng-
ur er sem Guðs engill. Gjör hvað þér
sýnist 28því að allt mitt föðurs hús var
ekki annað en sem dauða fólk fyrir
mínum herra kónginum. Svo hefur þú
sett þinn þénara á meðal þeirra sem eta
af þínu borði. Hver réttindi hefi eg
framar meir eður hvað má eg tala við
kónginn?“ 29Kóngurinn sagði til hans:
„Hvað vilt þú meira tala um þín efni? Eg
hefi það sagt: Þú og Síba skuluð skipta
ökrunum ykkar í millum.“ 30Mefíbóset
sagði til kóngsins: „Hann má taka það
allt saman fyrst að minn herra kóngur-
inn er heim kominn með friði.“ 31Og
Barsillaí af Gíleað kom ofan frá Róglím
og færði kónginn yfir Jórdan og vildi
fylgja honum lengra. 32Barsillaí var
mjög hniginn á efra aldur, vel áttræður.
Hann veitti kóngi fæðslur þá stund sem
hann var í Mahanaím því hann var
vellauðigur maður. 33Og kóngurinn
sagði til Barsillaí: „Þú skalt fara hér yfir
um með mér, eg vil fæða þig svo þú
sért hjá mér í Jerúsalem.“ 34En Barsillaí
sagði til kóngsins: „Hvað er eftir af
aldri mínum að eg skyldi afgamall fara
upp með kónginum til Jerúsalem? 35Eg
er í dag áttatígi ára gamall. Hvernin

kann eg greina hvað sætt er eður súrt eður að smakka hvað eg et eða drekk eður heyra hvað söngmenn eða söngkvinnur syngja? Hvar fyrir skal eg, þinn þénari, vera lengur til þyngsla mínum herra kóngi? 36Þinn þénari skal fylgja kónginum skammt frá Jórdan. Hvar fyrir vill kóngurinn veita mér slík laun? 37Lát þinn þénara snúa aftur so að eg megi deyja í minni borg og grafinn vera í gröf míns föðurs og minnar móður. Sjá, þar er þinn þénari Kímeham. Lát hann fara með mínum herra kónginum og gjörðu við hann hvað þér líkar.“ 38Kóngurinn sagði: „Kímeham skal fara með mér yfir um og eg vil gjöra við hann hvað þér vel líkar og allt það sem þú girnist af mér vil eg gjöra þér.“ 39Og þá allt fólkið var komið yfir Jórdan og kóngurinn með þá kyssti kóngurinn Barsillaí og bað hann vel fara og hann hvarf aftur í sína borg. 40Og kóngurinn dró yfir um til Gilgal og Kímeham fór með honum. Og allt Júdafólk hafði flutt kónginn yfir um en af Ísraelsfólki var þar ekki nema helmingur. 41Og sjá, þá komu allir Ísraelsmenn til kóngsins og sögðu til hans: „Hvar fyrir hafa vorir bræður, menn Júda, stolið þér og hafa fært kónginn og hans hús yfir um Jórdan og alla Davíðs menn með honum?“ 42Þá svöruðu þeir af Júda Ísraelsmönnum: „Kóngurinn er oss nánari. Því eru þér þá reiðir um þetta? Eða meini þér að vér munum hafa þegið vistir eða gjafir af kónginum?“ 43Þá svöruðu þeir af Ísrael þeim af Júda: „Vér höfum tíu hluti meir til að telja við kónginn og við Davíð en þér. Því hefur þú svo óvirt mig að oss var ekki fyrst orð gjörð aðleiða vorn kóng aftur?“ En þeir af Júda töluðu harðlegar heldur en þeir af Ísrael.

20 Og þar var þá við einn nafnkunnugur Belíals maður. Hann hét Seba, son Bikrí, þess manns sem var af ætt Jemini. Hann þeytti sinn lúður og sagði: „Vér höfum ekkert hlutskipti af Davíð eður arf í syni Ísaí. Fari hver til sinna herbúða, ó Ísrael!“ 2Þá skildist allur Israelislýður við Davíð og eftirfylgdi Seba syni Bikrí. En Júdamenn fóru með sínum kóngi frá Jórdan og allt til Jerúsalem.

3En sem Davíð kóngur fór heim til Jerúsalem þá tók hann sínar tíu frillur sem hann hafði eftirlátið að gæta herbergja og hann setti þær í varðhald og fékk þeim atvinnu. En hann svaf ekki með þeim. Og voru so innluktar allt til síns dauðadags og lifðu ekkjulífi.

4Og kóngurinn sagði til Amasa: „Kalla þú á alla menn Júda að þeir séu komnir hér hinn þriðja dag. Þú skalt og sjálfur vera þar með.“ 5Og Amasa gekk strax og kallaði alla Júdamenn til samans en hann tafði yfir þann tíma sem kóngurinn setti honum fyrir. 6Þá sagði Davíð til Abísaí: „Nú mun seba son Bikrí gjöra oss meiri sorg en Absalom. Tak þú þíns herra þénara og far eftir honum svo að hann nái ekki styrkvum borgum og setji undan vorri augsýn.“ 7Þá fóru Jóabs menn út eftir honum, þar með þeir Crethi og Pleti og allir hinir hraustustu menn. Og þeir drógu út af Jerúsalem og fóru eftir Seba syni Bikrí. 8En sem þeir komu að þeim stóra steini í Gíbeon þá kom Amasa fram á veginn fyrir þá. Jóab hafði gyrt að sér sín klæði sem hann var í og var gyrður saxi þar utan yfir. Það hékk á hans læri í umgjörð og var laust í slíðrum. 9Þá sagði Jóab til Amasa: „Friður með þér, minn bróðir!“ Og Jóab tók í hans skegg með sinni hægri hendi og lét sem hann vildi kyssa hann. 10En Amasa gaf ekki gætur að Jóab hafði saxið í sinni hendi og hann stakk hann með því í kviðinn svo hans innyfli féllu á jörðina og hann stakk hann ekki utan eitt sinn og hann lét sitt líf.

Jóab og hans bróðir Abísaí sóttu eftir Seba syni Bikrí. 11Og þar gekk einn af Jóab sveitungum að honum og sagði: „Hver er þessi? Sá sem setti sig upp í

móti Jóab og vill vera Davíðs eftir Jóab?“ 12En Amasa lá í blóði mitt á veginum. En sem einn maður sá það að allt fólkið nam þar staðar þá kippti hann Amasa af veginum út á akurinn og breiddi klæði yfir hann. Því að hann sá að hver maður sem kom að honum þá nam hann þar staðar. 13En sem hann var nú tekinn af brautinni þá fór hver maður eftir Jóab að sækja eftir Seba syni Bikrí. 14En hann hafði farið um allar kynkvíslir Israelis, til Abel og Bet Maaka og um allt Haberím og þeir heimtust saman og fylgdu honum.

15Þeir komu og settust um hann í Abel og Bet Maaka og þeir hlóðu virkisgarð umhverfis borgina og gáfu sig að múrnum og allt fólkið sem var með Jóab kostgæfði sem mest að brjóta niður múrinn. 16Þá kallaði ein vísdómskvinna út af staðnum og sagði: „Heyrið, heyrið! Segið Jóab að hann komi hér nær. Eg vil tala við hann.“ 17Og sem hann kom til hennar þá sagði kvinnan: „Ert þú Jóab?“ Hann sagði: „Já.“ Hún sagði til hans: „Heyr þá orð þinnar þénustukvinnu.“ Hann sagði: „Eg heyri.“ 18Hún svaraði: „Forðum tíð sögðu menn: Hver sem spyrja vill, hann spyrji í Abel, og þá gekk það vel til. 19Eg er ein af þeim friðsamlegu og trúlyndu borgum í Ísrael og þú vilt í hel slá borgina og móðurina í Ísrael. Hvar fyri viltu uppsvelgja arfleifð DROTTINS?“ 20Jóab svaraði og sagði: „Langt sé frá því, langt sé frá því að eg vilji uppsvelgja og eyðileggja! 21Því er ekki svo háttað heldur er þar einn maður af Efraímsfjalli sem heitir Seba son Bikrí. Hann hefur reist sig upp í móti Davíð kóngi. Seljið hann einn í vort vald, þá vil eg draga frá borginni.“ Kvinnan svaraði Jóab: „Sjá, hans höfuð skal kastast til þín út yfir múrinn.“ 22Kvinnan kom inn til fólksins með sinni vísdómsræðu og þeir slógu höfuðið af Seba syni Bikrí og slengdu því til Jóabs. Þegar blés Jóab öllum hernum frá borginni og fór hver til síns heimilis. En Jóab kom aftur í Jerúsalem til kóngsins.

23Og Jóab var höfðingi yfir allan Ísraels her. Benaja son Jójada var skipaður höfðingi yfir þeim Chrethi og Plethi. 24Adóram var rentumeistari. Jósafat son Ahílúð var cantzeler. 25Seja var skrifari. Sadók og Abjatar voru kennimenn. 26Þar að auk var Íra Jairiter Davíðs kennimaður.

21 Þar var mikið hallæri á dögum Davíðs í þrjú samfelld ár. Og Davíð gekk til frétta fyrir auglit DROTTINS. Og DROTTINN sagði: „Fyrir sakir Saul og fyrir sakir þess blóðshúss að hann í hel sló þá Gibeonitas.“ 2Þá lét kóngurinn kalla til sín Gibeonitas og sagði til þeirra (En þeir Gibeoniter voru ekki af Israelissonum heldur voru þeir eftirleifar af Ammoreum þjóða. En Ísraelssynir höfðu svarið þeim en Saul lét slá þá í hel með sínu vandlæti vegna Ísraels og Júdasona); 3Davíð segir nú til þeirra Gíbeoníta: „Hvað skal eg gjöra yður og hvar með skal eg það forlíka að þér viljið velsigna DROTTINS arfleifð?“ 4Gibeoniter sögðu til hans: „Ekki girnunst vér gull eða silfur í gegn Saul og hans húsi og ekki heldur viljum vér að nokkur maður sé drepinn af Ísrael.“ Hann sagði: „Hvað vilji þér þá að eg skuli gjöra yður?“ 5Þeir svöruðu kónginum: „Sá maður sem oss fordjarfaði og að öngu gjörði þann viljum vér afmá að ei sé einn eftir af hans ætt í öllum landsálfum ísrael. 6Gefið oss fram sjö menn af hans húsi svo vér megum uppfesta þá fyrir DROTTNI í Gíbea Sauls, DROTTINS útvalda forðum.“ Kóngurinn sagði: „Eg vil gefa yður þá.“ 7En kóngurinn þyrmdi Mefíbóset, syni Jonataham, sonar Saul, sökum þess svardaga DROTTINS sem var í millum þeirra Davíð og Jónatan sonar Saul. 8En þá tvo sonu sem Rispa dóttir Aja hafði fætt Saul, Armóní og Mefíbóset, þar til fimm sonu Míkól, dóttur Saul, sem hún hafði fætt

Adríel, syni Barsillaí af Mahalót, [9]þessa
tók kóngurinn og gaf í þeirra Gibeonit-
is hendur. Og þeir hengdu þá upp á
fjallinu fyrir DROTTNI. Svo létu þessir sjö
líf sitt í einu og dóu í öndverðum korn-
skurðartíma þá menn tóku til að skera
upp bygg.

[10]Þá tók Rispa dóttir Aja eitt hárklæði
og breiddi yfir bjargið frá öndverðum
kornskurði þar til að vatn draup af
himni yfir þá og eigi lét hún fugla lofts-
ins setjast á þá um daga og eigi heldur
skógardýrin um nætur. [11]Og Davíð fékk
að vita hvað Rispa dóttir Aja, frilla Saul,
hafði gjört. [12]Og Davíð fór og tók bein
Saul og bein Jónatan af borginni Jabes í
Gíleað (sem þeir höfðu tekið af Betan-
stræti þar sem Filistearnir festu þá upp
á þeim tíma sem Philistei slógu Saul í
hel á fjallinu Gilbóa) [13]og hann flutti þá
þaðan og safnaði þeim öllum saman,
beinum Sauls og Jónatas og þeirra sem
hengdir voru [14]og þeir jörðuðu þá með
beinum Saul og hans sonar Jonathas í
Benjamínslandi til Sela í Kís, hans föð-
urs gröf. Og þeir gjörðu allt sem
kóngurinn bauð. Og so líknaði Guð
landinu.

[15]Philistei efla enn ófrið í móti Ísrael.
Og Davíð fór ofan og hans þénarar með
honum og börðust við Philisteos. Og
Davíð varð móður. [16]Og Jesbi af Nob
(hver að var einn af Rafasonum *(Ris-
um)* hvers spjót að vó þrjú hundruð
aura kopars og hans vopn voru öll ný),
hann ætlaði að drepa Davíð. [17]En Abísaí
son Serúja hjálpaði honum og drap
þann Philisteum. Þá sóru Davíðs menn
og sögðu: „Eigi skalt þú héðan í frá
ganga með oss í bardaga að ei beri svo
illa til að útslokkni ljós í Ísrael.“ [18]Eftir
þetta hófst enn bardagi í Nób með
Philisteis. Þar sló Sibekaí af Húsat Saf
hver og eð einn var af sonum Rafa.
[19]Hinn þriðja bardaga áttu þeir í Gób
við Philisteos í hverjum Elhanan son
Jaere Orgím af Betlehem sló Golíat
Gethither sem hafði eitt höggspjót
hvers skaft eð var sem vefjarrifur.
[20]Fjórða bardaga áttu þeir í Gat. Þar var
einn hár maður sem hafði sex fingur á
sínum höndum og sex tær á hvorum
sínum fæti, þeir eru fjórir og tuttugu.
Hann var og fæddur af ætt Rafa. [21]Og
þá hann talaði hæðilega við Ísrael þá sló
Jónatan hann, son Símea, bróðurson
Davíðs. [22]Þessir allir fjórir voru komnir
af Rafa *(risanum)* í Gat og féllu fyrir
Davíð og hans þénara höndum.

22 Og Davíð talaði orðin þessa lof-
söngs fyrir DROTTNI þann tíð að
DROTTINN hafði frelsað hann af hendi
allra hans óvina og af hendi Saul.

[2]Og mælti: DROTTINN er mitt bjarg og
mitt hæli og minn hjálpari. [3]Guð er
minn styrkur á hvern eg trúi, minn
skjöldur og horn minnar heilsu, minn
verndari og mitt athvarf, minn frelsari,
þú sem hjálpar mér frá öllu ranglæti.
[4]Eg vil lofa og ákalla DROTTIN, svo verð
eg frelsaður frá mínum óvinum.

[5]Því dauðans pínur höfðu spennt mig
og Belíals bekkir skelfdu mig. [6]Helvítis
harmkvæli höfðu spennt mig og dauð-
ans snörur voru fallnar yfir mig. [7]Í
minni neyð kallaði eg á DROTTIN og
hrópaði til míns Guðs og hann heyrði
mína raust af sínu musteri og mitt kall
kom fyrir hann til hans eyrna. [8]Jörðin
bifaðist og hrærðist, himinsins grund-
völlur hristist og bifaðist þá hann var
reiður. [9]Þar gekk reykur upp af hans
nösum og fortærandi eldur af hans
munni svo að þar af leiftraði. [10]Hann
beygði himnana og fór ofan og þar var
myrkur undir hans fótum. [11]Og hann
fór á kerúbím og flaug þangað og hann
sveimaði á vængjum vindsins. [12]Hans
tjald umhverfis hann var myrkur og
svartur skýjaklasi. [13]Af birtunni fyrir
honum þá brann með eldingu.
[14]DROTTINN dunaði af himninum og sá
allra Hæsti lét út sínar reiðarþrumur.
[15]Hann skaut sínum pílum og sundur-
dreifði þeim, hann lét eldingar fljúga og

hræddi þá. [16]Þá sáu menn vatsfossana
og jarðarinnar grundvellir opnuðust af
straffi DROTTINS, af blæstri andans hans
grimmdar.
[17]Hann sendi út af hæðunum að
sækja mig og hann dró mig út af mikl-
um vötnum. [18]Hann frelsaði mig frá
mínum óvinum og frá þeim sem mig
hötuðu og mér yfirsterkari voru. [19]Þeir
mig yfirféllu í minni mótgangstíð og
DROTTINN var mitt trúnaðartraust.
[20]Hann færði mig út á víðlendið, hann
frelsaði mig því að eg þóknaðist hon-
um.
[21]DROTTINN endurgeldur mér eftir
minni réttvísi, hann bitalar mér eftir
hreinleik minna handa. [22]Því eg held
DROTTINS vegu og er ekki óguðlegur í
móti mínum Guði. [23]Því eg hefi alla
hans dóma mér fyrir augum og eg
kasta ekki hans boðum frá mér [24]heldur
em eg flekklaus fyrir honum og eg
vakta mig fyrir syndinni. [25]Þar fyrir
launar DROTTINN mér eftir minni rétt-
vísi, eftir mínum réttindum fyrir hans
augum.
[26]Hjá þeim heilögu ert þú heilagur,
hjá þeim góðu ert þú góður, [27]hjá þeim
hreinu ert þú hreinn og hjá þeim þver-
snúnu ert þú þversnúinn. [28]Því þú hjálp-
ar því fátæka fólki og með þínum aug-
um niðurþrykktir þú þá hina hávu. [29]Því
þú, DROTTINN, ert mitt ljós, DROTTINN
upplýsir mín myrkur. [30]Því með þér
kann eg í gegnum að ganga hermanna-
fylkingar og í mínum Guði kann eg að
stökkva yfir múrinn.
[31]Guðs vegir eru lýtalausir, mál
DROTTINS er táhreint. Hann er skjöldur
allra þeirra sem á hann treysta.
[32]Því hver er Guð utan DROTTIN og
hver er styrkur utan vor Guð? [33]Guð
styrkir mig með krafti og vísar mér á
einn flekklausan veg. [34]Hann gjörir
mínar fætur svo sem hjartar fætur og
setur mig á mína vegu. [35]Hann kennir
mínum höndum að berjast og hann
lærir mína arma að spenna stálboga.
[36]Og þú gefur mér þinn hjálpræðis-
skjöld og þá þú auðmýkir mig þá gjörir
þú mig stóran. [37]Þú gefur mér nóg
gangrúm svo að mínir hælar skriðni
ekki. [38]Eg vil veita mínum óvinum eftir-
för og eyðileggja þá og eigi aftur snúa
fyrr en eg hefi gjört þá að öngvu. [39]Eg
vil fyrirkoma þeim og í sundurmerja þá
og þeir skulu eigi standa mér í mót,
þeir munu falla undir mínar fætur. [40]Þú
kannt að brynja mig með styrkleik í
bardaga, þú kannt að kasta þeim undir
mig sem setja sig upp í móti mér. [41]Þú
lætur mína óvini flýja undan mér so eg
eyðileggi þá sem mig hata. [42]Þeir kalla
en þar er enginn sem hjálpar, til
DROTTINS, en hann svarar þeim ekki.
[43]Eg vil melja þá so sem duft jarðar, so
sem öðrum gatnasaur vil eg sundur-
dreifa þeim og feykja þeim.
[44]Þú hjálpar mér frá orðaþrætum
fólksins og varðveitir mig til eins höf-
uðs á meðal heiðingjanna, eitt fólk sem
eg ekki þekki þjónar mér. [45]Það hefur
brugðist annarlegum sonum móti mér
og þeir hlýða mér með hlýðugum eyr-
um. [46]Þeir annarlegu synir eru að þrot-
um komnir og vafðir í þeirra böndum.
[47]DROTTINN lifir og lofaður veri minn
styrkur og Guð, styrkur míns hjálpræð-
is, skal upphefjast, [48]sá Guð sem gefur
mér hefndina og fleygir fólkinu undir
mig. [49]Hann hjálpar mér út frá mínum
óvinum, þú upphefur mig frá þeim sem
settu sig í móti mér, þú hjálpar mér frá
þeim ranglátu. [50]Þar fyrir vil eg þakka
þér, DROTTINN, á meðal heiðingjanna og
þínu nafni lofsyngja, [51]sá eð auðsýnir
sínum kóngi stórt hjálpræði og veitir
miskunn sínum smurða Davíð og hans
sæði ævinlega.

23 Þessi eru þau síðustu Davíðs
orð. Það segir Davíð, sonur
Ísaí, það segir sá maður sem settur er
til Krists Guðs Jakobs, það lystilega
psalmaskáldið Ísrael: [2]Andi DROTTINS
talaði fyrir mig og hans orð er skeð við

mína tungu. [3]Guð Ísraels sagði til mín,
Sá sterki Ísraels talaði, Sá réttferðugi
stjórnari á meðal mannanna, Sá stjórn-
ari í Guðs ótta. [4]Og líka sem ljósið er
um morgnana nær sólin gengur upp
um morguninn án skýja þar sem grasið
vex af jörðunni af skini hitans eftir
regnið.

[5]Því mitt hús er ekki so hjá Guði því
hann setti við mig einn sáttmála sem er
eilífur og í allan máta vel skikkaður og
varðveittur. Því öll mín hjálp og gjörn-
ingur er það og þar er ekkert sem ekki
vex. [6]En synir Belíal eru allir saman
sem útkastaðir þyrnir hverja eð mann
kann ekki að taka með höndunum
[7]heldur hver sem taka skal á honum
hann má hafa járn og spjótskaft í
hendinni. Og þeir skulu uppbrennast
með eldi í þeirra heimilum.

[8]Þessi eru nöfn Davíðs kappa:
Jasabeam son Hakmóní, sá yppasti á
meðal þriggja. Hann upplyfti sínu spjóti
og drap átta hundruð á einum tíma.

[9]Næst honum var Eleasar, son Dódó,
sonar Alóhí, meðal þeirra þriggja kappa
Davíðs. Þann tíð þeir brígsluðu Philiste-
is og voru þar samankomnir til bardaga
og þá Ísraelsmenn fóru upp [10]þá stóð
hann og sló Philisteos so lengi að hans
hönd þreyttist og krepptist að sverðinu
svo að hann gat hana ekki hrært. Og
DROTTINN gaf eina mikla hjálp á þeim
tíma so að fólkið sneri aftur að ræna
valinn eftir honum.

[11]Næst honum var Samma, son Age
Hararíters. Þá Philistei söfnuðust
saman í nokkru þorpi þá var þar einn
akur fullur bauna og þá fólkið flýði fyr-
ir Philisteis [12]þá gekk hann fram mitt á
akurinn og frelsaði þá og sló Philisteos
so DROTTINN gaf eina mikla hjálp.

[13]Og þessir þrír yppustu á meðal þrjá-
tígi komu ofan til Davíðs um korn-
skurðartíma í þann hellir Adúllam [14]en
fylkingar þeirra Philistinorum lágu í
Betlehem. [15]Og Davíð fékk lysting og
sagði: „Hver vill sækja mér vatn að
drekka af þeim brunni í Betlehem sem
að stendur hjá borgarhliði?“ [16]Þá brutu-
st þeir þrír kappar í gegnum Philisteis
herbúðir og tóku vatnið af brunninum
þeim sem var í Betlehem undir portinu,
þeir báru og færðu Davíð það. En hann
vildi ekki drekka það heldur hellti hann
því út fyrir DROTTNI [17]og sagði:
„DROTTINN forði mér að eg skyldi það
gjöra. Er það ekki þeirra manna blóð
sem settu sig í lífsháska og gengu þang-
að?“ Og hann vildi ekki drekka það.
Þetta gjörðu þeir þrír kappar.

[18]Abísaí, Jóbas bróðir, son Serúja, var
og yppastur á meðal þriggja. Hann upp-
lyfti sínu spjóti og sló þrjú hundruð.
Hann var og nafnkunnigur á meðal
þriggja [19]og sá inn dýrlegasti á millum
þeirra þriggja og var þeirra yppastur en
var þó ekki jafn við hina þrjá.

[20]Benaja, son Jójada, son Ísahil, var
allágætur í sínum gjörningum af Pap-
seel. Hann drap tvö Móabsleón og
hann gekk og drap eitt león í einum
brunni á snjótíma. [21]Hann drap einn
hræðilegan egypskan mann hver að
hafði eitt höggspjót í sinni hendi. En
hann gekk ofan til hans með staf og
kippti spjótinu af þess egypska hendi
og drap hann með hans eigin spjóti.
[22]Það gjörði Benaja, son Jójada. Og
hann var allfrægur á millum þeirra
þriggja kappa [23]og miklu ágætari en
þeir þrjátígi. En ekki kom hann til jafns
við þá þrjá. Og Davíð gjörði hann sitt
heimugligt ráð.

[24]Asahel, bróðir Jóab, er einn af þeim
þrjátígi. Elhanan, son Dódó af
Betlehem. [25]Samma Haraditer. Elíka
Haraditer. [26]Heles Paltiter. Íra, son Íkes
Tekoiter. [27]Abíeser Anthotiter. Mebúnaí
Husathiter. [28]Salmón Ahohiter.
Makeraí Nethophathiter. [29]Heleb son
Baena Nethophathiter. Ítaí son Ríbaí af
Benjamínsonum í Gíbea. [30]Benaja Pirg-
athoniter. Hídaí af læk Gaas. [31]Abi Al-
bon Arbathiter. Asmavet Barhumiter.
[32]Elíahaeba Saalboniter. Synir Jónatan

og Jasen. [33]Samma Haratiter. Ahíam son Sararar Haratiter. [34]lífelet son Ahasbaí sonar Maekatí. Elíam son Akítófel Giloniter. [35]Hesraí Carmeliter. Paeraí Arbiter. [36]Jegeal son Natan af Sóba. Baní Gaditer. [37]Seleg Ammoniter. Naharaí Beerothiter. Skjaldvseinn Jóab, sonar Serúja. [38]Íra Hethiter. Gareb Jetriter. [39]Úría Hethiter. Þessir allir saman eru að tölu sjö og þrjátígi.

24 Og DROTTINS reiði gramdist enn Ísrael og hann örvaði Davíð upp á meðal þeirra so hann sagði (til Jóab): „Far þú og tel Ísrael og Júda.“ [2]Og kóngurinn sagði til Jóab, síns stríðshöfuðsmanns: „Gakk um allar kynkvíslir Israelis frá Dan til Berseba og tel fólkið so eg megi vita hversu margt það er.“ [3]Þá sagði Jóab til kóngsins: „DROTTINN Guð því auki við þetta fólk so sem það er nú og hundraðfaldi þessa tölu í augliti míns herra kóngs. En hvað vill minn herra kóngurinn með slíku?“ [4]En það gekk fram sem kóngur vildi í móti Jóab og hershöfðingjunum. So fór Jóab og hershöfðingjarnir út frá kónginum að telja Israelisfólk. [5]Og þeir gengu yfir Jórdan og settu sínar tjaldbúðir í Aróer hægramegin hjá staðnum hjá Gaðslæk og til Jaeser [6]og komu til Gilíað og ofan (fóru þeir) í landið hjá Hadsí og komu til Danjaan og um kring Sídon [7]og komu til þess staðar Tiro og til allra borga Heviter og Cananiter og komu suður út mót Júda til Berseba [8]og fóru kringum allt landið og komu til Jerúsalem að liðnum níu mánuðum og tuttugu dögum. [9]Og Jóab fékk kónginum tölu alls fólksins það sem talið var og þar voru í Ísrael átta sinnum hundrað þúsundir vopnfærra manna og af Júda fimm sinnum hundrað þúsund manna.

[10]Og Davíð sló hans eigið hjarta þá fólkið var talið. Og Davíð sagði til DROTTINS: „Þunglega hefi eg syndgast að eg hefi þvílíkt gjört. Og nú, DROTTINN, tak burt ranglæti þíns þénara því eg gjörða mjög óviturlega.“ [11]Og sem Davíð stóð upp um morguninn þá kom orð DROTTINS til Gað spámanns hver ið var sjáandi Davíðs og sagði: [12]„Far og seg so til Davíðs: Svo segir DROTTINN: Eg set fyrir þig þrjá kosti, kjós þú einn af þeim hvern þú vilt að eg gjöri þér.“ [13]Gað kom til Davíðs og undirvísaði honum og sagði til hans: „Vilt þú að þar komi hallæri í landið sjö ár í samt eða að þú verðir sjálfur farflótta fyrir þínum óvinum þrjá mánuði so að þeir sæki eftir þér eða að þar komi þriggja daga drepsótt í landið? Hugsa þú nú og sjá til hvað eg megi segja þeim aftur sem mig sendi.“ [14]Davíð sagði til Gað: „Mjög þrengjunst eg. En betra er oss að falla í hendur DROTTINS (því hans miskunnsemd er stór) heldur en í mannanna hendur.“

[15]Svo sendi DROTTINN drepsótt í Ísrael frá morni og inn til ásetts tíma svo að þar dóu af fólkinu frá Dan og til Betseba sjötígi þúsundir manna. [16]Og sem Guðs engill útrétti sína hönd yfir Jerúsalem að fordjarfa hana þá angraði DROTTINN þá hörmung og sagði til engilsins þess sem fólkið sló: „Það nægist, halt nú þinni hendi.“ En DROTTINS engill var þá hjá lavagarði Arassna Jebusiter. [17]En sem Davíð sá engilinn þann sem sló fólkið þá sagði hann til DROTTINS: „Sjá, eg hefi syndgast, eg hefi misgjört. Hvað hafa þessir sauðir gjört? Snúist þín hönd á móti mér og míns föðurs húsi.“

[18]Og á þeirri sömu stundu kom Gað til Davíðs og sagði til hans: „Far upp og gjör DROTTNI altari í lavagarði Arassna Jebusiter.“ [19]Davíð gekk þegar upp svo sem Gað hafði sagt og DROTTINN hafði boðið. [20]Og sem Arassna leit við sá hann að kóngur kemur til hans með sínum þénurum og hann féll til jarðar fram á sitt andlit [21]og sagði: „Því kemur minn herra kóngurinn til síns þénara?“ Davíð svaraði: „Til þess að kaupa þinn

lavagarð af þér og gjöra DROTTNI þar
eitt altari so að þessi plága mætti
hverfa af fólkinu.“ [22]Arassna sagði til
Davíðs: „Minn herra kóngur taki og
fórnfæri so sem hann vill. Sjá, þar er
uxinn til brennifórnar og sleðinn og
okin uxans til eldiviðar.“ [23]Og Arassna
kóngur gaf kónginum allt. Og Arassna
sagði til kóngsins: „DROTTINN, þinn
Guð, meðtaki þitt heiti.“ [24]En kóngur-
inn sagði til Arassna: „Ekki skal so vera
heldur vil eg kaupa það af þér fyrir sitt
verð því að eg vil eigi færa DROTTNI
mínum Guði brennifórnir af því sem eg
þigg kauplaust.“

Síðan keypti Davíð lavagarðinn og
uxann fyrir fimmtígiskildinga silfurs.
[25]Og hann reisti DROTTNI þar eitt altari
og færði brennifórnir og þakklætis-
fórnir. Og DROTTINN varð líknsamur
landinu og plágunni linnti af Israelis-
fólki.

Endir þeirrar annarrar bókar Samuelis

FYRSTA BÓK KÓNGANNA
EINNIG ÞEKKT SEM HIN ÞRIÐJA BÓK KÓNGANNA

1 Og sem Davíð kóngur gjörðist nú
gamall og mjög hniginn á efra aldur sótti so kuldi hörund hans að af klæðayl mátti hann ekki vermast þótt hann væri fötum þakinn. 2Þá sögðu hans þénarar til hans: „Látið leita að stúlku nokkri sem að er jungfrú að hún standi fyrir kónginum og þjóni honum og sofi í hans faðmi og vermi minn herra kónginn.“ 3Og þeir leituðu á meðal allra kynkvísla Ísrael eftir fríðri ungri meyju og fundu Abísag af Súnem og leiddu hana fyrir kónginn. 4Og hún var mjög væn jómfrú og hún vermdi kónginn og þjónaði honum. En kóngurinn kenndi hana ekki.

5En Adónía son Hagít setti sig upp og sagði: „Ég vil vera kóngur.“ Og hann lét tilreiða sér vana og tók sér riddara og fimmtígi menn til fylgdar. 6En hans faðir vildi ekki straffa hann í sinni tíð so að hann segði: „Því gjörir þú so?“ Hann var og svo mjög fríður maður og Davíð hafði getið hann næst Absalom. 7Þessir voru í ráðagjörð með honum: Jóab son Serúja og Abjatar kennimaður, þeir hjálpuðu Adónía. 8En Sadók kennimaður og Benaja son Jójada og Natan spámaður og Símeí og Reí og Davíðs kappar allir voru ekki í samþykki með Adónía.

9Og þá Adónía offraði nautum og sauðum og feitu fé hjá Sóheletsteini hver að liggur hjá þeim brunni Rógel þá bauð hann öllum sínum bræðrum, kóngsins sonum, og öllum mönnum í Júda, kóngsins þénurum, þar til. 10En Natan og Benaja og kóngsins köppum og Salamone, sínum bróður, bauð hann ekki.

11Þá sagði Natan til Betsabe Salamóns móður: „Hefur þú ekki heyrt hvað fram fer að Adónía, sonur Hagít, er orðinn kóngur en vorr herra Davíð veit þar ekki af? 12Svo far nú, eg vil gefa þér heilræði so að þú frelsir þína sál og so Salomonis sál, þíns sonar. 13Þar fyrir gakk inn fyrir kónginn Davíð og seg þú til hans: Minn herra kóngur, hefur þú ekki lofað og svarið þinni þjónustukvinnu og sagt: Þinn son Salómon skal vera kóngur eftir mig og hann skal sitja í mínu hásæti? Því er þá Adónías orðinn kóngur? 14Sjá, á meðan þú ert enn þar og talar við kónginn þá vil eg koma þangað eftir þér og styðja þitt mál.“

15Og Betsabe fór og gekk inn fyrir kónginn í hans herbergi. Og kóngurinn var nú mjög gamall en Abísag af Súnem var og þjónaði honum. 16Sem Bersabe kom inn hneigði hún sig og laut kónginum. Kóngurinn sagði til hennar: „Hvað er þér?“ 17En hún sagði til hans: „Minn herra, þú hefur heitið þinni þjónustukvinnu við DROTTIN, þinn Guð, og so sagt: þinn son salómon skal vera kóngur eftir mig og sitja í mínu hásæti. 18En sjá nú, Adónías er orðinn kóngur en þú, minn herra kóngur, veist þar ekki par af. 19Hann hefur offrað uxum og fjölda sauða og alifé og bauð þar til öllum kóngsins sonum, svo og Abjatar kennimanni og Jóab hershöfðingja þínum. En ekki hefur hann boðið þínum þénara Salamon. 20En þú, minn herra kóngur, ert sá hvers atkvæða allur Ísrael bíður að þú undirvísir þeim hver þar skuli setjast í míns herra kóngsins sæti eftir hann. 21Og þá minn herra kóngur er sofnaður með sínum feðrum þá munu við son minn Salómon sek haldin.“

22Á meðan hún var enn nú að tala við kónginn þá kom Natan spámaður. 23Og þeir sögðu kónginum: „Sjá, Natan spámaður er kominn.“ Og sem hann kom

inn fyrir kónginn þá féll hann fram allur til jarðar [24]og sagði: „Minn herra kóngur, hefur þú so sagt: Adónía skal vera kóngur eftir mig og sitja í mínu sæti? [25]Því hann hefur farið í dag og offrað uxum og alifé og fjölda sauða og hann bauð öllum kóngsins sonum og höfuðsmönnum, þar með Abjatar kennimanni. Og sjá, þeir sitja nú, eta og drekka með honum og segja: Lukku fái Adónías kóngur! [26]En eigi bauð hann mér, þínum þénara og eigi Sadók kennimanni eða Benaja syni Jójada og ekki þínum þénara Salomone. [27]Er það svo bífalað af mínum herra kónginum og þú lést þinn þénara það ekki vita hver ið sitja skal yfir hásætisstóli míns herra kóngsins eftir hann?“

[28]Davíð kóngur svaraði og sagði: „Kallið Betsabe hingað.“ Og hún kom inn fyrir kónginn. Og sem hún stóð fyrir kónginum [29]þá svór kóngurinn og sagði: „so sannlega sem DROTTINN lifir sá sem mína sál hefur frelsað úr öllum nauðum: [30]eg vil gjöra það þennan dag sem eg hefi svarið þér við DROTTIN Guð ísraels og sagt að Salamon þinn son skal vera kóngur eftir mig og hann skal sitja í mínu hásætisstóli fyrir mér.“ [31]Þá hneigði hún sína ásjónu til jarðar, laut kónginum og sagði: „Minn herra Davíð kóngur fái lukku ævinlega.“

[32]Síðan sagði Davíð kóngur: „Kallið til mín Sadók kennimann og Natan spámann og Benaja son Jójada.“ En sem þeir komu inn fyrir kónginn [33]þá sagði kóngurinn til þeirra: „Farið og takið með yður yðars herra þénara og setjið minn son Salómon á minn múl og færið hann ofan til Gíhon. [34]Og Sadók kennimaður og Natan prophete skulu þar smyrja hann til kóngs yfir Ísrael. Og látið blása í lúðra og segið: Lukku fái Salómon kóngur! [35]Farið síðan upp eftir honum og komi hann og setjist í minn hásætisstól og sé kóngur fyrir mig. Og eg vil bjóða honum að hann skuli vera höfðingi yfir Ísrael og Júda.“ [36]Þá svaraði Benaja sonur Jójada kónginum og sagði: „Amen. DROTTINN míns herra kóngsins Guð segi svo. [37]Sem DROTTINN hefur verið með mínum herra kóngi Davíð so sé hann og með Salómoni að hans hásæti verði æðra en míns herra Davíðs kóngs hásæti.“

[38]Eftir þetta gengu þeir ofan, Sadók kennimaður og Natan spámaður og Benaja son Jójada og Creti og Pleti, og settu Salómon á múl Davíðs kóngs og færðu hann til Gíhon. [39]Og Sadók kennimaður tók viðsmjörshornið af tjaldbúðinni og smurði Salómon. Og þeir blésu í lúðra og allt fólkið sagði: „Lukku fái Salómon kóngur!“ [40]Og allt fólkið fór upp eftir honum og lýðurinn lék fyrir með allsháttuðum hljóðfærum og var fagnandi so að jörðin skalf af þeirra háreysti.

[41]En Adónía og allir þeir sem hann hafði innboðið og hjá honum voru heyrðu það hvað um var að lokinni veislu Adónía. Og þá Jóab heyrði lúðrablásturinn þá sagði hann: „Hverju gegnir þetta kall og háreysti í borginni?“ [42]En sem hann var þetta að tala þá kom Jónatan son Abjatar kennimanns. Og Adónía sagði: „Kom hingað því þú ert einn góður maður og munt bera góð tíðindi.“ [43]Jónatan svaraði og sagði til Adónía: „Já, vor herra Davíð kóngur hefur gefið Salómoni kóngsnafn [44]og hefur sent Sodók kennimann Natan spámann og Benaja son Jójada og Creti og Pleti með honum og þeir settu hann upp á kóngsins múl. [45]En Sadók kennimaður og Natan spámaður smurðu hann til kóngs í Gíhon og þeir fóru nú þaðan og upp hingað með gleði og því varð svoddan háreysti í staðnum. Og það er nú sá hávaði sem þér hafið heyrt. [46]Hér með situr Salómon í konunglegu hásæti [47]og kóngsins þénarar eru inn gengnir að blessa vorum herra Davíð kóngi og hafa sagt: Þinn Guð gjöri Salómoni eitt betra nafn

heldur en að þitt nafn er og gjöri hans veldisstól stærra heldur en þinn er. Og kóngurinn baðst fyrir í sinni sæng þar hann lá [48]og sagði svo: Lofaður sé DROTTINN, Guð Ísraels, hver eð lést þennan sitja í dag á mínum stóli þann sem að mín augu nú sjá.“

[49]Þá skelfdust allir þeir sem með Adónía voru og stóðu upp og fóru hver sinn veg. [50]En Adónía varð hræddur mjög fyrir Salómoni, stóð upp og gekk í burt í tjaldbúð DROTTINS og hélt um hornið á altarinu. [51]Og það var sagt Salómoni: „Sjá, Adónía óttast Salómon kóng og sjá, hann heldur um altarisins horn og segir: Salómon kóngur sverji mér í dag eið að hann skuli ekki slá sinn þénara í hel með sverði.“ [52]Salómon sagði: „Vilji hann vera frómur þá skal þar ekki falla eitt hár af honum á jörðina. En finnist nokkuð vont með honum þá skal hann deyja.“ [53]Síðan sendi Salómon kóngur þangað og lét leiða hann ofan frá altarinu. Og sem hann kom þá tilbað hann Salómon kóng. Og kóngurinn sagði til hans: „Far heim í þitt hús.“

2 Nú sem að nálgaðist andlátsdagur Davíðs þá bauð hann syni sínum Salómon og sagði: [2]„Eg geng götu allrar veraldar. Tak þú styrk og vert einn maður [3]að þú varðveitir boðorð DROTTINS og gangir á hans vegum og haldir hans skikkan, boðorð og réttindi og vitnisburði svo sem skrifað stendur í Móses lögmáli so þú megir vera forsjáll í öllu því sem þú gjörir, hvert sem þú snýr þér, [4]upp á það að DROTTINN staðfesti sitt orð sem hann talað hefur til mín, segjandi: Ef að þínir synir varðveita mína vegu og ef þeir ganga í sannleika fyrir mér af öllu sínu hjarta og af allri sinni sálu þá skal þar aldrei bresta mann af þér yfir Ísraels hásæti.

[5]Og þú veist vel hvað Jóab son Serúja gjörði mér, hvað hann gjörði þeim tveimur hershöfðingjum í Ísrael, Abner syni Ner og Amasa syni Jeter, hverja hann drap og úthellti ófriðarblóði í friði og lét stríðsblóð koma á sitt belti sem var um hans lendar og á hans skó sem að voru á hans fótum. [6]Gjör nú þar fyrir eftir þinni visku so að þú leiðir ekki hans gráhár með friði niður til helvítis. [7]Þú skalt veita sonum Barsillaí Giliadither miskunnsemi so að þeir eti við þitt borð því að þeir komu í móti mér þá að eg flýða fyrir Absaloni, þínum bróður. [8]Og sjá, þú hefur hjá þér Símeí, son Gera, sonar Jemini af Bahúrím, hver að skammarlega bölvaði mér á þeim tíma þá eg gekk til Mahanaím. En hann kom í móti mér hjá Jórdan. Þá sór ég honum við DROTTIN og sagði: Eigi vil eg slá þig í hel með sverði. [9]En þú skalt ekki láta hann vera saklausan því að þú ert einn vís maður og veist vel hvað þú skalt gjöra honum að þú leiðir hans grá hár með blóði til helvítis.“

[10]Svo sofnaði Davíð með sínum forfeðrum og var jarðaður í Davíðsborg. [11]En sá tími sem Davíð var kóngur yfir Ísrael eru fjörutígi ár. Hann var kóngur í Hebron sjö ár og þrjú og þrjátígi ár í Jerúsalem. [12]Og Salómon sat á hásætisstóli síns föðurs Davíðs og hans kóngsríki styrktist harla mjög.

[13]En Adónía son Hagít kom inn fyrir Betsabe, móður Salomonis. Og hún sagði til hans: „Kemur þú með friði?“ Hann sagði: „Já.“ [14]Og hann sagði: „Eg hefi nokkuð að tala við þig.“ Hún sagði: „Seg fram.“ [15]Hann svaraði: „Þú veist vel að kóngsríkið var mitt og er orðið míns bróðurs, af DROTTNI er það hans orðið. [16]Nú bið eg einnrar bónar af þér að þú viljir ekki afvirða mitt andlit.“ Hún sagði til hans: „Seg fram.“ [17]Hann svaraði: „Eg bið þig að þú viljir tala við kóng Salómon (því ei mun hann segja þér nei) að hann vilji gefa mér Abísag af Súnem til eiginkvinnu.“ [18]Betsabe svaraði: „Nú vel, eg vil tala við kónginn þinna vegna.“ [19]Og Betsabe gekk inn fyrir Salómon kóng að tala við hann

vegna Adónía. Og kóngurinn stóð upp og gekk í móti henni og laut henni og settist í hásæti sitt. Hann lét og taka annan stól handa sinni móður og hún sat til hans hægri handar. 20Og hún sagði: „Einnrar lítillrar bónar bið eg þig og bið eg að þú veitir mér hana.“ Kóngurinn sagði til hennar: „Bið, móðir mín, eg vil ei synja þér.“ 21Hún sagði: „Lát Abísag af Súnem gefast þínum bróður Adónía til eiginkvinnu.“ 22Þá svaraði Salómon kóngur og sagði til sinnar móður: „Hvar fyrir biður þú um Abísag af Súnem Adónía til eiginkonu? Bið þú honum og so kóngsríkisins því hann er minn bróðir og eldri en eg og hann hefur með sér Abjatar kennimann og Jóab son Serúja.“ 23Og Salómon kóngur sór við DROTTIN og sagði: „Guð gjöri mér það og það: Adónía skal hafa talað þetta í gegn sínu lífi. 24Og nú svo sannarlega sem DROTTINN lifir sá sem mig hefur staðfest og látið sitja á stóli míns föðurs Davíðs og gjörði mér eitt hús sem hann hafði sagt, að Adónía skal deyja þennan dag.“ 25Og Salómon kóngur sendi ofan Benaja son Jójada. Hann sló hann so að hann lét lífið.

26Og kóngurinn sagði til Abjatar kennimanns: „Far burt til þíns akurs í Anatót því að ú ert dauðans maður. En eg vil ekki slá þig í hel á þessum degi því þú barst DROTTINS Guðs örk fyrir Davíð, mínum föður, og þú leiðst (vos og erfiði) með mínum föður.“ 27Svo út rak Salómon Abjatar að hann mátti ekki vera lengur Guðs kennimann svo að uppfylldist orð DROTTINS sem hann hafði áður talað yfir hús Elí í Síló.

28Og þetta rykti kom fyrir Jóab því að Jóab hélt með Adónía og ekki með Absalon. Þá flýði Jóab í tjaldbúð DROTTINS og hélt um altarishorn. 29Og það var kunngjört Salómoni að Jóab væri flúinn í tjaldbúð DROTTINS „og sjá, hann heldur sér við altarið.“ Þá sendi Salómon Benaja son Jójada þangað og sagði: „Far þangað og drep þú hann.“ 30En sem Benaja kom til tjaldbúðar DROTTINS þá sagði hann til hans: „Svo segir kóngurinn: Far út héðan.“ Hann sagði: „Nei, hér vil eg deyja.“ Og Benaja kunngjörði þetta kónginum aftur og sagði: „So hefur Jóab talað og þvílíku svaraði hann mér.“ 31Þá sagði kóngurinn til hans: „Gjör þú svo sem hann sagði og drep þú hann og jarða hann so þú í burt takir það blóð sem Jóab hefur úthellt fyrir sakleysi frá mér og frá míns föðurs húsi. 32Og DROTTINN mun bitala honum hans blóð yfir hans höfuð að hann sló þá tvo menn í hel, þeir sem voru réttlátari en hann, og drap þá með sverði so að minn faðir Davíð vissi þar ekki af, sem var Abner son Ner, hershöfðingi yfir Ísrael, og Amasa son Jeter, hershöfðingi yfir Júda. 33Komi þeirra blóð yfir Jóabs höfuð og yfir hans afkvæmi ævinlega. En Davíð og hans sæði, hans hús og hans sæði, hafi frið af DROTTNI ævinlega.“ 35Og Benaja son Jójada gekk upp og sló hann í hel. Og hann var jarðaður í sínu húsi í eyðimörku. Og kóngurinn setti Benaja son Jójada til hershöfðingja yfir herinn í hans stað. So og setti kóngurinn Sadók prest í stað Abjatar.

36Eftir þetta sendi kóngurinn boð og lét kalla Símeí og sagði til hans: „Far þú og bygg þér upp eitt hús í Jerúsalem og bú þar og far ekki út þaðan neins staðar, hverki hingað né þangað. 37En á hverjum degi sem þú gengur út af þínu húsi og fer yfir um lækinn Kedron þá skalt þú víst vita að þú skalt deyja. Þitt blóð sé yfir þínu höfði.“ 38Símeí sagði til kóngsins: „Þessi orð eru góð. Svo sem minn herra kóngurinn hefur sagt, svo skal þinn þénari gjöra.“ Svo bjó Símeí í Jerúsalem langan tíma.

39Eftir þrjú ár varð sá atburður að tveir af þrælum Símeí hlupu til Akís, sonar Maeka, hver eð var kóngur í Gat, og það var Símeí undirvísað: „Sjá, þínir þrælar eru í Gat.“ 40So tók Símeí sig upp og söðlaði asna sinn og fór til Gat til

Akís að leita þræla sinna. En sem hann
kom þangað þá flutti hann þræla sína
frá Gat. 41Þetta fréttir Salómon að Símeí
var farinn frá Jerúsalem til Gat og var
kominn aftur.

42Þá sendi kóngur boð og lét kalla Sí-
meí og sagði til hans: „Hefi eg ekki
svarið þér við DROTTIN og vitnað fyrir
þér og sagt: Á hverjum degi sem þú fer
út af þínu húsi og gengur nokkurs stað-
ar hingað eður þangað þá máttu viss-
ulega vita að þú skalt deyja? En þú svar-
aðir mér: Þessi kostur þykir mér góður.
43Því hefur þú þá ekki haldið þig eftir
DROTTINS eiði og því boðorði sem eg
bauð þér?“ 44Og kóngurinn sagði til Sí-
meí: „Þú veist alla þá illsku sem þínu
sjálfs hjarta er vitanlegt, hvað þú gjörð-
ir mínum föður Davíð. DROTTINN hefur
bitalað þér þína illsku yfir þitt eigið höf-
uð. 45Og kóng Salómon sé blessaður og
Davíðs sæti staðfestist og styrkist fyrir
DROTTNI ævinlega.“ 46Og kóngurinn
bauð Benaja syni Jójada. Hann fór og
sló hann í hel. Og ríkið staðfestist til
handa Salómoni.

3 Og Salómon kóngur mægðist við
faraó kóng í Egyptalandi svo að
hann fékk dóttir pharaonis og flutti
hana í Davíðsborg þar til hann hafði
fullkomnað að byggja sitt hús og
DROTTINS hús og svo múrveggina allt
um kring í Jerúsalem. 2En fólkið offraði
enn þá á hæðunum því þá var enn ekki
byggt neitt hús nafni DROTTINS allt
þangað til.

3En Salómon elskaði DROTTIN og gekk
eftir siðum síns föðurs Davíð. Fyrir
utan það hann færði fórnir og reykelsi
á hæðunum. 4Og kóngurinn fór til Gí-
beon að fórnfæra þar því að þar voru
þær inu veglegustu hæðir og Salómon
offraði þúsund brennifórnum yfir það
altari.

5Og DROTTINN birtist Salómoni í Gíbe-
on um nátt í svefni og Guð sagði: „Bið
þú þess sem þú vilt að eg skuli gefa
þér.“ 6Salómon sagði: „Þú veittir mín-
um föður, þínum þénara Davíð, mikla
miskunn og líka sem hann gekk fyrir
þér í sannleika og réttlæti með einu
réttu hjarta. Og þú hefur varðveitt hon-
um þá miklu miskunn og gefið honum
einn son sem situr á hans veldisstóli
svo sem nú gefur raun vitni. 7Nú
DROTTINN, minn Guð, þú hefur sett þinn
þénara til kóngs í míns föðurs Davíðs
stað. So er eg nú ynglingur og veit
hverki að ganga út né inn. 8En þinn
þénari er á meðal þessa fólks sem þú
hefur útvalið hvert að so margt er að
enginn kann að telja eður reikna það
fyrir fjölda sakir. 9Því gef þínum þénara
eitt hlýðugt hjarta so að hann megi
dæma þitt fólk og grein að gjöra á milli
góðs og ills. Því hver kann að dæma
þennan mikla fólksfjölda?“

10Þetta þóknaðist DROTTNI vel að
Salómon bað um slíkt. 11Og Guð sagði
til hans: „Sökum þess að þú baðst um
þvílíkt en beiddir ekki um langa lífdaga
eða um ríkidæmi eða um líf þinna
óvina heldur um speki til að heyra
dóma, 12sjá, eg hefi gjört eftir þínum
orðum. Sjá, eg hefi gefið speki og skiln-
ing í þitt hjarta so að þinn líki hefur
ekki verið fyrir þig og eigi heldur skal
koma eftir þig. 13Hér um fram hefi eg
og gefið þér það sem þú baðst ekki um,
sem er auðæfi og dýrð, so að enginn
kóngur skal vera slíkur í þinni tíð so
lengi sem þú lifir. 14Og ef þú gengur á
mínum vegum og heldur mína setninga
og boðorð svo sem þinn faðir Davíð
gekk fyrir mínu augliti þá vil eg og gefa
þér langa lífdaga.“ 15En sem Salómon
vaknaði, sjá, þá formerkti hann að það
var einn draumur. Og hann kom til Jer-
úsalem og gekk fyrir sáttmálsörk
DROTTINS og offraði brennifórnum og
þakklætisfórnum og gjörði öllum sín-
um þénurum eina mikla veislu.

16Á þeim tíma komu tvær lausakonur
fyrir kónginn og stóðu frammi fyrir
honum. 17Og önnur þeirra tók til máls

og sagði: „Aufi, minn herra, eg og þessi kvinna bjuggum báðar saman í einu húsi og eg varð léttari þar í húsinu hjá henni. [18]En þrimur dögum þar eftir þá eg hafða fætt mitt barn varð hún og svo léttari. Og við vorum báðar svo að þar var engin annar í húsinu hjá okkur, utan við báðar. [19]Og þessarar kvinnu son deyði á náttarþeli því hún hafði þrengt að honum í svefni. [20]Og hún stóð upp um nóttina og tók minn son frá minni síðu þá þín þénustukvinna svaf og lagði mitt barn sér í fang en sinn hinn dauða son lagði hún mér á arm. [21]En þá eg stóð upp um morguninn að gefa mínum syni að sjúga, sjá, þá var hann dauður. En sem eg hugða vandlegana að með björtu ljósi og sjá, þá var þetta ekki minn sonur sem eg hafða fætt.“ [22]Hin önnur kvinnan svaraði: „Það er eigi so sem þú segir. Minn sonur lifir en þinn sonur er dauður.“ Hin sagði: „Það er ekki satt sem þú segir. Þinn sonur er dauður en minn sonur lifir.“ Með þessum hætti þrættu þær á fyrir kónginum. [23]Og kóngurinn sagði: „Þessi segir: Minn son lifir en þinn sonur er dauður. Sú önnur segir: Ekki so, þinn sonur er dauður en minn sonur lifir.“ [24]Þá sagði kóngurinn: „Færið mér eitt sverð.“ Og sem sverðið var komið fyrir kónginn [25]þá sagði hann: „Skiptið því lifanda barni í tvennt og fáið sinn helmingi hverri þeirra.“ [26]Þá sagði kvinnan til kóngsins sú sem barnið átti það sem lifanda var (því að hennar móðurlegt hjarta brann yfir hennar syni): „Aufi, minn herra! Gefðu henni barnið lifanda og drepið það ekki.“ En hin önnur sagði: „Njóti hvergi okkar þess, skiptið því í sundur.“ [27]Þá svaraði kóngurinn og sagði: „Gefið þessari lifanda barnið og drepið það ekki því að hún er móðir að því.“ [28]Og allur Ísrael heyrði þennan dóm sem kóngurinn hafði dæmt. Og þeir óttuðust kónginn því að þeir sáu að Guðs speki var með honum til að dæma.

4 Svo hafði nú Salómon kóngur einvald yfir öllum Ísrael. [2]Og þessir voru hans höfðingjar: Asarja sonur Sadók kennimanns, [3]Elíhóref og Ahía, synir Sísa, voru skrifarar, Jósafat son Ahílúð var canzeler, [4]Benaja son Jójada var hershöfðingi, Sadók og Abjatar voru kennimenn, [5]Asaría son Natan var yfir embættismönnunum, Sabúd son Natan kennimanns var vinur kóngsins, [6]Ahísar var hofgarðsmeistari, Adoníram son Abda var rentumeistari.

[7]Og Salómon setti tólf höfðingja yfir allt Ísraelsfólk. Þeir skyldu annast og halda kóngi borð og öllu hans húsi, sinn mánuð í árinu hver þeirra. [8]Og þessi voru þeirra nöfn: Sonur Húr á Efraímsfjalli, [9]sonur Deker í Makas og Saalbím og í Bet Semes og í Elon og Bet Hanan, [10]sonur Heseð í Arabót og hafði þar til með Sakó og allt Heferland. [11]Sonur Abínadab réð fyrir öllu landi allt til Dór og hann átti Tafat dóttur Salómons. [12]Baena son Ahílúð í Taenak og í Megiddó og yfir allt Bet Sean sem liggur hjá Sartana undir Jesreel frá Betsean og allt til Mehólasléttu jafngegnt Jackmeam. [13]Son Geber (hafði til forráða) Ramót og Jaírstað, son Manasse í Gíleað og landeign Argób sem liggur í Basan, sextígi stórar múraðar borgir og með járngrindum forsvaraðar. [14]Ahínadab son Iddó í Mahanaím. [15]Ahímahas í Neftalí. Og hann tók og Salómons dóttir Basmat til eiginkvinnu. [16]Baena son Húsaí í Asser og í Alót. [17]Jósafat son Parúa í Ísaskar. [18]Símeí son Ela í Benjamín. [19]Geber son Úrí í Gíleaðslandi, í Síhon Amoriters kóngs landi og Ógs kóngsins af Basan, var einn höfðingi í sama landi.

[20]En Júda og Ísrael voru óteljanlegir sem sjávarsandur og þeir átu og drukku og voru glaðir. [21]Svo var Salamón einvaldsherra yfir öllum kóngaríkjum frá vatninu og að landi Philistinorum og til Egipti landamerkja sem færðu honum gáfur og þjónuðu

honum alla hans lífdaga. [22]En til borðs
Salomonis var ætlað hvern dag þrjátígi
mæla hveitissalla og sextígi mæla
annars mjöls [23]og tíu aldir uxar og tutt-
ugu uxar haggengnir og hundrað sauð-
ir umfram hjörtu og hreindýr og stein-
geitur og annað alið fé. [24]Því hann hafði
einvald yfir öllum löndum á þessa síðu
vatsins, frá Tífsa og inn til Gasa, yfir öll-
um kóngum þeimmegin vatsins. [25]Og
hann hafði frið af öllum sínum undir-
gefnum umhverfis so að Júda og Ísrael
bjuggu fyrir utan ugg og ótta hver und-
ir sínu víntré og fíkjutré frá Dan allt til
Berseba so lengi sem Salómon hann
lifði.

[26]Og Salómon kóngur hafði fjörutígi
þúsund vagnhesta og tólf þúsund
riddarahesta. [27]Og áðurnefndir kóngs-
ins höfðingjar ólu og önnuðust þá. Þeir
héldu kóngi sjálfum borð, hver á sínum
tilsettum mánuði og létu ekkert vanta.
[28]Þeir fluttu og hafur og hey til fóðurs
handa hestunum og múlunum þar sem
kóngurinn var, hver á sínum tíma sem
honum var skipað.

[29]Og Guð gaf Salómoni mikla speki og
vísdómi og djúpsæi hjartans sem sand á
sjávarströndu. [30]Og Salómons speki og
vísdómur gekk langt umfram allra
manna vísindi í austurálfunni og allra
egypskra. [31]Og hann var spakari en allir
aðrir menn og vísari heldur en þeir
diktarar Etan, Esrahiter, Heman, Kalkal
og Darda. Og hann var nafnfrægur
meðal allra heiðingja allt um kring.
[32]Og hann samsetti þrjú þúsund orðs-
kviðu og hans vísur voru þúsund og
fimm betur. [33]Og hann talaði af trján-
um, frá sedrus í Líbanon inn til ísóp
sem vex úr veggjum. Hann talaði og
svo um fé og fugla, um skriðkvikindi,
um fiska. [34]Og þar komu menn af öllum
þjóðum að heyra Salómons speki, frá
öllum kóngum á jörðunni sem að heyrt
höfðu af hans speki.

5 Og Híram kóngur í Thiro hann
sendi sína þénara til Salomonis. Því
hann hafði spurt að þeir höfðu smurt
hann til kóngs í hans föðurs stað. Því
Híram elskaði Davíð alla hans lífdaga.
[2]Og Salómon sendi til Híram og lét
segja honum: [3]„Þú veist vel að minn
faðir Davíð mátti ekki byggja hús nafni
DROTTINS, síns Guðs, sökum ófriðar
sem var öllumegin í kringum hann þar
til að DROTTINN gaf þá alla undir sóla
hans fóta. [4]En nú hefur DROTTINN, minn
Guð, gefið mér frið öllumegin í kring
svo að hér er enginn andskoti og eigi
heldur nein hindran. [5]Sjá, so hef eg nú
hugsað að byggja nafni DROTTINS míns
Guðs eitt hús so sem DROTTINN hefur
talað til míns föðurs Davíðs þar hann
sagði: Þinn son hvern eg vil setja í þinn
stað í þitt sæti hann skal byggja mínu
nafni eitt hús. [6]Þar fyrir bjóð þú nú þín-
um þénurum að þeir höggvi mér sedru-
sviði af Líbanon og að þínir þénarar sé
með mínum þénurum. Og eg vil gjalda
þér laun þinna þénara svo sem þú
ákveður. Því að þú veist að hér er
enginn hjá oss sem svo kann að höggva
tré sem þeir Sidonither.“

[7]En sem Híram heyrði Salomonis orð
þá varð hann mjög glaður og sagði:
„Lofaður sé DROTTINN á þessum degi
hver að gaf Davíð einn vísan son yfir
þvílíkan fólksfjölda.“ [8]Og Híram sendi
til Salómon og lét segja honum:
„Heyrða eg þann boðskap sem þú send-
ir mér. Eg vil gjöra eftir allri þinni
beiðni um þá sedrusviðu og grenitré.
[9]Mínir þénarar skulu flytja þessa viðu
af Líbanon til sjávarins, síðan skal eg
leggja þá á flota á sjóinn og færa hann
til þess staðar sem þú lætur segja mér
og eg skal láta leysa viðuna þar en þú
skalt láta sækja þá þangað. En í því
skalt þú gjöra minn vilja að þú veitir
vistir mínum þénurum.“ [10]Svo gaf
Híram Salómoni sedrusviðu og grenitré eftir hans vilja. [11]Og Salómon gaf
Híram tuttugu þúsund mælir hveitis

handa hans þénurum og tuttugu mælir með steytt oleum. So mikið af Salómon Híram hvert ár. 12Og DROTTINN gaf Salómon vitru og vísdóm svo sem hann hét honum. Og þar var friður millum Híram og Salómon og þeir bundu sáttmál með sér.

13Og Salómon lagði manntal á allan Ísrael og það manntal var þrjátígi þúsundir manna. 14Og hann sendi þá til Líbanon, tíu þúsund hvern mánuð til skiptis, so þeir voru einn mánuð á Líbanon en tvo mánuði heima. Og Adoníram var settur höfðingi yfir þetta manntal. 15Og Salómon hafði sjötígir þúsundir þeirra manna sem að báru byrðar og áttatígi þúsundir sem að voru að viðartelgju á fjallinu 16umfram Salómons yppörstu verkstjóra hverjir að settir voru yfir arfiðið. Þeir voru að tölu þrjár þúsundir og þrjú hundruð þeir eð tilskipuðu og sögðu fyrir hverri vinnu.

17Og kóngurinn bauð að þeir skyldu uppbrjóta stóra og kostulega steina sem út mætti höggvast til hússins grundvallar. 18Og Salomonis byggingarmenn og Hírams og Giblím þeir hjuggu út og bjuggu til viðinn og steinana að smíða húsið.

6 Á því áttatíugnda ári hins fimmta hundraðs frá því að Ísraelslýður var útleiddur af Egyptalandi, á því fjórða ári ríkis Salómons kóngs yfir Ísrael, í þeim mánuði síf, það er sá annar mánuður, þá tók Salómon til að smíða hús DROTTINS.

2En það hús sem Salómon kóngur smíðaði DROTTNI var sextígi álna langt, tuttugu álna breitt og þrjátígi álna hátt. 3Og hann byggði eitt forhús fram af musterinu tuttugu álna langt eftir hússins breidd og tíu álna breitt fram af húsinu. 4Og hann gjörði glugga á húsinu, innan til víða og utan til mjóa. 5Og hann smíðaði lofthús í húsveggnum allt um kring, bæði um kring musterið og kórinn og gjörði enn veggi þar um kring utan til. 6Það neðsta lofthús var fimm álna vítt en annað sex álna vítt en það þriðja sjö álna vítt. Því hann reisti bjálka utan um kring húsið svo að þau komu ekki við veggi hússins.

7Og áður en húsið var smíðað þá voru steinarnir með öllu áður tilreiddir so að þar heyrðist hverki hamarshögg né auxarhljóð eður nokkra smíðatóla á meðan húsið var smíðað.

8Og þar voru einar dyr hægramegin mitt á húsinu og um svölur var að ganga í miðloftið og þaðan í það efsta loft. 9Og so byggði hann húsið og fullkomnaði það og hann þiljaði húsið með sedrustré, bæði hvolfið og veggina. 10Hann byggði og so enn ein göng ofanvert umhverfis allt húsið, fimm álna há. Og hann þakti húsið með sedrusviðum.

11Og orð DROTTINS skeði til Salómon og sagði: 12„Þetta er húsið það sem þú smíðar. Ef þú gengur í mínum boðum og gjörir eftir mínum réttindum og heldur öll mín boðorð og gengur eftir þeim þá vil eg staðfesta mitt orð við þig svo sem eg sagða til þíns föður Davíð. 13Og eg vil búa á millum Ísraelssona og eg vil ekki yfirgefa mitt fólk Ísrael.“

14So byggði Salómon húsið og fullkomnaði það. 15Og hann þiljaði veggina á húsinu innan til með sedrusfjölum neðan frá gólfinu og upp að þakinu og þiljaði það innan til með tré og lagði gólfið í húsinu með grenifjalir. 16Hann byggði svo á bak við húsið einn vegg af sedrustré, tuttugu álna langan upp frá gólfinu og undir þakið og byggði kórinn þar fyrir innan og það allrahelgasta. 17En musterisins hús fyrir framan kórinn var fjörutígi álna langt. 18En allt húsið innan til var ekki nema sedrusviður með renndum hnöppum og útskornum blómstrum svo að hvergi mátti sjá stein beran. 19En kórinn tilreiddi hann innan til í húsinu svo að þangað skyldi setjast sáttmálsörk DROTTINS.

[20]Og kórinn var tuttugu álna langur
og tuttugu álna breiður og tuttugu álna
hár, sleginn með klára gull. En altarið
þiljaði hann með sedrustré. [21]Og
Salómon þakti húsið innan allt með
kláru gulli. Hann lét aftur kórinn með
gylltum grindum og allt húsið var með
gulli þakið. [22]Þar með bjó hann og altarið með gull framan fyrir kórnum.

[23]Hann gjörði og í kórnum tvo kerúbím af olíuviðartrjám, tíu álna að hæð.
[24]Hver vængur kerúbím var fimm álna
langur svo að það var tíu álnir frá þeim
eina hans vængsenda og til þess annars
vængsenda, so var sá annar kerúbím.
[25]Hann hafði og so tíu álnir að lengd og
báðir kerúbím voru jafnir og eins smíðaðir [26]svo að hver kerúbím var tíu álna
hár. [27]Og hann setti þessa kerúbím í
miðju húsinu. Og kerúbím útbreiddu
sína vængi svo að vængur þess eina
kerúbím kom við vegginn og vængur
þess annars kerúbím snart og þann
annan vegg en í miðju húsinu kom hver
vængur við annan. [28]Og hann bjó þessa
kerúbím með gulli.

[29]Hann lét og útskera alla veggi musterisins með ýmislegum hagleik allt umhverfis með hnöppum og útskornum
kerúbím, pálmviðarblómstrum og laufverki so sem liti það og kæmi út úr
veggjunum. [30]Og hann lagði yfir hvolfið
með gull innan og utan.

[31]Og hann lét gjöra tvær hurðir á innganginum til kórsins af olíutré með
fimmstrendum dyrustólpum. [32]Og
hann lét útskera þar á með hagleik kerúbím, pálmviðarblómstur og laufverk
og bjó þær allar með gulli.

[33]Hann gjörði og í musterisins inngangi ferstrenda dyrustólpa af viðsmjörsviðartré [34]og tvennar hurðir af
grenitré og hver hurð hafði tvo vængi
og vængirnir héngu á þeirra hjörum.
[35]Og hann lét útskera þar á kerúbím,
pálmviðarblómstur og laufaverk og bjó
þær með gulli eins og það var bífalað.
[36]Hann byggði og svo einn kirkjugarð
með þremur skipunum úthöggvinna
steina og eitt lagið með skafið sedrustré.

[37]Á því fjórða ári í þeim mánaði síf var
grundvöllurinn hússins DROTTINS lagður [38]og á því inu ellefta ári í þeim
mánuði búl (það er sá áttundi mánuður) var húsið algjört svo sem það vera
skyldi. So að þeir voru að smíða það í
sjö ár.

7 En Salómon uppbyggði sitt hús í
þrettán ár og fullkomnaði það með
öllu. [2]Hann byggði eitt hús af Líbanonskógi, hundrað álna langt, fimmtígi
álna breitt og þrjátígi álna hátt, og lagði
bita og bjálka á stólpana á fjórum
skipönum sedrusviðarstólpa. [3]En þar
yfir (lagði hann) eitt herbergi af sedrus
á þá sömu stólpa sem voru fimm og
fjörutígir, já fimmtán í hverri skipan.
[4]Og þar voru gluggar þrísettir hvorir í
mót öðru, þrír í móti þrimur, og þeir
voru ferskeyttir á hvern veg. [5]Og allar
dyr og stólpar voru ferkantaðir með
plankaverki, og gluggi mót glugga
þrisvar og þrisvar.

[6]Hann byggði og eitt forbyrgi með
stólpum, fimmtígir álna langt og þrjátíu
álna breitt, og enn eitt forbyrgi fyrir
framan þetta með stólpum og þykkvum
bitum.

[7]Hann byggði og einn málstefnusal
að sitja dóma úti og þiljaði hann í rjáfur
og í gólf með sedrusviðartrjám.

[8]Hann gjörði og so sínu húsi eitt forbyrgi bak við salinn, með sama hagleik
smíðað. Hann gjörði og svo eitt hús líka
sem salinn handa pharaonisdóttur,
hverja Salómon hafði tekið sér til eiginkvinnu.

[9]Í öllum þessum húsum voru kostulegir steinar, úthöggnir eftir réttum
skammt og máta upp á allar síður, neðan frá grundvelli og upp undir þakið,
þar til og sá stóri garður utan til. [10]En
grundvöllurinn var og svo af kostulegum og stórum steinum, tíu og átta álna

að vexti [11]og það voru kostulega úthöggnir steinar eftir réttum skammti og sedrusviðir. [12]En sá stóri garður hafði allt um kring þrjár raðir úthöggvinna steina og eina röð af sedrusfjalviðarþili eins og sá garður hjá DROTTINS húsi innan til og sá salur sem stóð hjá húsinu.

[13]Og kóng Salómon sendi út og lét sækja Híram af Thiro [14]hver ed var sonur einnrar ekkju af ætt Neftalím og hans faðir hafði verið einn maður af Thiro. Hann var einn smiður og frábær hagleiksmaður á kopar, fullur af vísdómi, skilningi og kunnáttu að smíða allra handa smíði af málmi. Og sem hann kom til Salómons kóngs smíðaði hann allar hans smíðar. [15]Og hann gjörði tvo koparstólpa, átján álna háan hvorn fyrir sig, og einn þráður tólf álna vafðist um hvorn stólpa. [16]Og hann gjörði tvo hnappa steypta af kopar og setti þá ofan á stólpana og hvor hnappur var fimm álna hár. [17]Og þar var upp á hvorum hnappi ofan á stólpunum sjö laufviðastrengir fléttaðir líka sem hlekkir. [18]Og hann gjörði á hvorum hnappi tvær raðir með granataepli rétt um kring á einu bandi sem hnappurinn var búinn með. [19]Og hnapparnir voru líka sem rosa fyrir salnum, fjögra álna stórir. [20]En granataeplin voru tvö hundruð í röðum rétt um kring, ofan og neðan til þess bands sem gekk um kring miðjan hnappinn, á hvorum hnappnum á báðum stólpunum. [21]Og hann reisti upp stólpana fyrir forbyrgi musterisins. Og þann sem hann setti á hægri síðu kallaði hann Jakín en þann sem hann setti á vinstri síðu kallaði hann Bóas. [22]Og það stóð upp á stólpunum líka svo sem rósir. Svo var sá gjörningur stólpanna fullkomnaður.

[23]Og hann gjörði eitt koparhaf og það var kringlótt, tíu álna vítt frá öðrum barmi til annars og fimm álna hátt og ein snúra þrjátígi álna löng var um mælirinn allt um kring hafið. [24]Og þar voru knappar undir barminum kringum það sama haf sem var tíu álna vítt, rétt í kringum hafið, og þessir smáhnappar voru steyptir í tvær raðir. [25]Og það stóð upp á tólf uxum, þrimur var snúið í mót norðri, þrimur í mót vestri, þrimur í mót suðri og þrimur í mót austri. Og hafið stóð þar ofan á og allur aftari hlutur uxanna stóð inn undir koparhafinu. [26]Og þykktin á hafinu var þverarhandar en barmarnir þar á voru sem barmar á einum bikar, líka sem ein útsprungin rosa. Og það tók tvö þúsund bathos.

[27]Hann gjörði og svo tíu koparstóla, hvern fjögra álna langan og breiðan og þriggja álna háan. [28]Og stólarnir voru so gjörðir að þeir höfðu flatvegi á millum listanna [29]og utan á flatvegunum millum listanna voru león, uxi og kerúbím og flatvegirnir sem leónin og uxarnir voru upp á höfðu lista ofan og neðan og litla fætur þar upp á [30]Og hver stóll hafði fjögur koparhjól með koparauxlum og á þeim fjórum hornum voru fjórir hjólásar steyptir, hver gagnvart öðrum, neðan undir við hvern inni. [31]En hálsinn á miðjum stólnum var einnrar álnar hár og sívalur, hálfrar annarrar álnar víður og það voru doppur á hálslistunum sem voru með fjórum hornum en ekki kringlóttar. [32]En þau fjögur hjól stóðu upp með síðunum og hjólaásarnir voru upp með stólnum, hvert hjól var hálfrar annarrar álnar hátt. [33]Og hjólin voru líka sem vagnahjól og þeirra hjólásar og allt það hjólunum tilheyrði var allt með steyptan kopar. [34]Og fjórar axlir voru á hverju stólshorni á stólunum. [35]Og á hálsinum ofan á stólnum einnrar álnar háum rétt um kring voru listur og sina flatvegir á stólnum [36]og hann lét útgrafa þar sem slétt var á þeim sömum flatvegum og listum kerúbím, león og laufavið, hvert hjá öðru, rétt um kring þar upp á. [37]Eftir þessum máta gjörði hann þá tíu steypta stóla og höfðu allir einn máta

og mælir.[38]Og hann gjörði tíu koparkvarnir og þar gengu fjórutígi bath í hverja kvörn og var fjögra álna stór og þar var ein kvern á hverjum stól. [39]Og hann setti fimm stóla í það hægra horn í musterinu og þá aðra fimm við það vinstra horn. En koparhafið setti hann á þann hægra veg utan til í mót suðri.

[40]Og Híram gjörði og svo pönnur, skúflur, munnlaugar, og fullkomnaði so allan gjörninginn sem Salómon kóngur lét gjöra í DROTTINS húsi [41]sem voru þeir tveir stólpar og þeir böllóttu hnappar ofan á þeim tveimur stólpum og þær tvær fléttaðar snúrur að hylja þá tvo böllóttu hnappa á stólpunum [42]og þau fjögur hundruð granataepli á þeim tveimur fléttuðum laufviðarstrengjum, já, tvær raðir með granatepli á hvorum streng að hylja þá tvo böllóttu hnappa á stólpunum, [43]þar til koparhafið og tólf uxa und hafinu [44]og þá tíu stóla og tíu kvernir þar ofan á, [45]eldsgögnin, skúflurnar og munlaugaranar. Og öll þessi ker sem Híram gjörði kóng Salómoni til DROTTINS húss þau voru af kláru látúni. [46]Í takmarki hjá Jórdan lét kóngurinn steypa þau í leirugri jörðu millum Súkóg og Sartan. [47]Og Salómon lét öll ker vera óvegin sökum þyngdar þess ofurmikla kopars.

[48]Salómon gjörði og svo öll verkfæri sem heyrði til húsi DROTTINS, sem var eitt gullaltari, eitt gullborð sem fórnarbrauðin lágu upp á, [49]fimm kertastikur á hægri síðu og fimm kertastikur á þá vinstri síðu fyrir kornum af kláru gulli, með gullblómstrum, lömpum og ljósasöxum; [50]þar til skálir, diskar, munnlaugar, skeiðir og pönnur af kláru gulli. Og tengslin upp á dyrunum í húsinu innan til í því allrahelgasta og á hússins dyrum í musterinu voru af gulli.

[51]Svo var nú allur gjörningurinn fullkomnaður sem Salómon kóngur gjörði á DROTTINS húsi. Og Salómon færði þar inn allt það sem hans faðir Davíð hafði helgað af silfri, gulli og kerum og lagði það í féhirslur DROTTINS húss.

8 Þá samankallaði Salómon kóngur til sín þá elstu af Ísrael, þá inu yppustu af öllum ættum og feðranna höfðingja á meðal Ísraelssona til Jerúsalem að uppfæra DROTTINS sáttmálsörk af Davíðs stað, það er Síon. [2]Og allir Ísraelsmenn komu til samans fyrir kóng Salómon í þeim mánaði etaním á hátíðinni, það er sá inn sjöundi mánuður. [3]En sem allir þeir inu elstu af Ísrael komu þá tóku prestarnir örk DROTTINS upp [4]og báru hana upp og þar til vitnisburðarins tjaldbúð og öll helgidómsins verkfæri sem voru í tjaldbúðinni, það gjörðu prestarnir og Levítarnir. [5]En kóng Salómon og allur Ísraelssöfnuður sem saman var kominn til kóngsins, þeir gengu með honum fyrir örkinni og offruðu sauðum og nautum, so mörgum að mann kunni hverki að telja né reikna það.

[6]Svo báru prestarnir DROTTINS sáttmálsörk til síns staðar í kórinn í húsinu, í það allrahelgasta undir vængi þeirra kerúbím. [7]Því kerúbím útbreiddu vængina yfir þeim stað sem örkin stóð og huldu örkina og hennar stengur ofan til [8]og stengurnar voru svo langar að mann kunni að sjá á þeirra hnappa af helgidóminum fyrir framan kórinn. En þeir sem úti voru gátu ekki séð þá og hún er þar allt til þessa dags. [9]Og þar var ekkert í örkinni utan alleinasta þau tvö Móses steinspjöld sem hann lét í hana í Óreb þá að DROTTINN gjörði einn sáttmála með Ísraelssonu þá þeir voru útfarnir af Egyptalandi. [10]En sem prestarnir gengu út úr helgidóminum þá uppfylldi eitt ský hús DROTTINS [11]svo að prestarnir gátu ekki staðið að sínu embætti fyrir skýinu. Því dýrð DROTTIN uppfylldi hús DROTTINS.

[12]Þá sagði Salómon: „DROTTINN hefur talað að hann vildi búa í dimmunni. [13]Eg hefi þó byggt þér eitt hús til

íbyggingar og eitt sæti að þú skulir þar búa ævinlega.“ [14]Og kóngurinn sneri sínu andliti og blessaði allan Israelissöfnuð. En allur Ísraels almúgi stóð. Og kóngurinn sagði: [15]„Lofaður sé DROTTINN, Ísraels Guð, sem talaði með sínum munni til míns föðurs Davíðs og fullkomnaði það með sinni hönd og sagði: [16]Frá þeim degi er eg færði mitt fólk Ísrael af Egyptalandi hefi eg ekki útvalið nokkurn stað á meðal nokkrar Ísraels ættar að mér skyldi byggja eitt hús og að mitt nafn skyldi þar inni vera. En eg útvalda Davíð að hann skyldi vera yfir mitt fólk Ísrael. [17]Og minn faðir Davíð hafði huglagt sér að byggja DROTTNI, Ísraels Guði, eitt hús. [18]En DROTTINN sagði til míns föðurs Davíðs: Að þú hefur í sinni að byggja mínu nafni eitt hús, þá gjörðir þú vel að þú tókst þér það fyrir. [19]En þó skalt þú ekki byggja það hús heldur þinn sonur sem koma mun af þínum lendum, hann skal byggja mínu nafni eitt hús. [20]Og DROTTINN hefur staðfest sitt orð sem hann talaði því eg er uppkominn í stað míns föðurs Davíðs og sit á stóli Ísraels so sem DROTTINN sagði og eg hefi byggt DROTTINS Ísraels Guðs nafni eitt hús. [21]Og eg hefi tilreitt þar einn stað til arkarinnar í hverri að er Guðs sáttmáli sem han gjörði við vora forfeður þá hann færði þá af Egyptalandi.“

[22]Og Salómon gekk fram fyri Guðs altari í augliti alls Ísraels almúga og útbreiddi sínar hendur til himins [23]og sagði: „DROTTINN, Guð Ísraels, þar er enginn Guð þér líkur, hverki á himnum uppi og eigi heldur á jörðu niðri. Þú sem heldur þinn sáttmála og miskunnsemd við þína þénara, þeir sem ganga fyrir þér af öllu hjarta. [24]Þú sem og hélst við Davíð minn föður, þinn þénara, allt það þú honum tilsagðir. Þú talaðir það með þínum munni og fullkomnaðir það með þinni hönd sem sjá má á þessum degi. [25]Nú DROTTINN Guð Ísraels , halt þú við þinn þénara Davíð minn föður það þú talaðir til hans og sagðir: Þig skal ekki bresta einn mann fyrir mér sem skal sitja á Israelis stóli. Þó so að þínir synir varðveiti sína vegu og að þeir gangi fyrir mér so sem þú hefur gengið fyrir mér. [26]Nú Israelis Guð, staðfestist þitt orð sem þú talaðir til þíns þénara Davíðs míns föðurs.

[27]Hver má so þenkja að Guð búi hér á jörðunni? Sjá, himinninn og himnanna himnar eru þér of litlir, hvað skal þá þetta hús vera sem eg hefi uppbyggt? [28]Snú þér til bænar þín þénara og til hans grátlegrar beiðni, DROTTINN, minn Guð, upp á það þú heyrir lofgjörð og bæn þá sem þinn þénari gjörir í dag fyrir þér [29]svo þín augu sé opin yfir þessu húsi nátt og dag, yfir þessum stað sem þú hefur sagt um: Mitt nafn skal þar vera. Heyr þú þessa bæn sem þinn þénari biður í þessum stað [30]og að þú viljir heyra bænaákall þíns þénara og þíns fólks Ísraels sem þeir munu biðja í þessum stað, þá bænheyr þú þá þar þú býrð á himnum og nær þú þá bænheyrir þá viljir þú vera náðugur.

[31]Þegar nokkur syndgast í móti sínum náunga og tekur einn eið upp á sig með hverjum hann pliktar sig og sá eiður kemur fyrir þitt altari í þetta hús [32]að þú viljir þau heyra í himninum og dæm þú þínum þénara rétt, fordæmandi þann óguðlega og gjaldandi hans veg yfir hans höfuð og réttlætandi þann réttvísa til að gefa honum eftir sínu réttlæti.

[33]Þá þitt fólk Ísrael verður slegið af sínum óvinum sökum þess að það hefur syndgast í móti þér og ef þeir snúast til þín so að þeir meðkenna þitt nafn, biðja og beiða þig í þessu húsi, [34]þá bænheyr þú þá í himininn og vert náðugur syndum þíns fólks Ísraels og leið þá í landið aftur það sem þú hefur gefið þeirra forfeðrum.

[35]Þá að himinninn verður tilluktur svo að þar rignir ekki sökum þess að þeir hafa syndgast í móti þér og þeir

biðja þá í þessum stað og meðkenna þitt nafn og snúa sér frá sínum syndum sökum þess að þú plágar þá, [36]að þú viljir þá heyra í himininn og vera náðugur yfir syndum þinna þénara og þíns fólks Ísraels að þú vísir þeim þann góða veg á hverjum þeir skulu ganga og lát svo rigna yfir landið hvert þú hefur gefið þínu fólki til erfðar.

[37]Nær þá kemur hallæri eða drepsótt eður þurrkur eður bruni eður engisprettur eða kornormar á landið eða þeirra óvinir setjast um þeirra borgarhlið eða nokkursháttar plága eða sjúkdómur, [38]hver þá biður og beiðir hvað hann er fyrir mann af þínu fólki Ísrael, þeir sem formerkja þína plágu, hver í sínu hjarta, og útbreiða sínar hendur í þessu húsi, [39]að þú viljir bænheyra þá í himininn í þeim stað sem þú býr og viljir vera náðigur og gefa hverjum eftir því sem hann hefur gengið, líka sem þú þekkir hans hjarta, því að þú alleina þekkir allra mannasona hjörtu, [40]upp á það að þeir óttist þig ætíð so lengi sem þeir lifa í landinu því sem þú hefur gefið vorum forfeðrum.

[41]Nær og að nokkur framandi, hann sem ekki er af þínu fólki Ísrael, kemur af fjarlægum löndum fyrir sökum þíns nafns [42](því þeir munu heyra um þitt stóra nafn og um þína megtugu hönd og um þinn útrétta arm) og hann kemur og biðst fyrir í þessu húsi, [43]að þú viljir þá bænheyra í himninum í sæti þinnar byggingar og gjöra allt það sem sá framandi biður þig um upp á það að allar þjóðir á jörðunni megi þekkja þitt nafn og so óttast þig líka sem þitt fólk Ísrael og að þeir megi vita að þetta hús sem eg hefi byggt kallast eftir þínu nafni.

[44]Þá að þitt fólk dregur í stríð í móti sínum óvinum á þann veg sem þú sendir þá og þeir biðja til DROTTINS mót veginum til þess staðar sem þú útvaldir og til þess húss sem eg hefi byggt í þínu nafni, [45]að þú viljir þá heyra þeirra bænir og ákall í himininn og gjöra þeirra dóm.

[46]Og þá þeir syndgast í móti þér (því þar er enginn maður sem ei syndgast) og þú verður reiður og gefur þá í þeirra óvina hendur svo að þeir færa þá burt hertekna í þeirra óvinaland, langt í burt eða nálægt, [47]og þeir iðrast í sínu hjarta í landinu þar þeir sitja herteknir og þeir umvenda sér og grátbæna þig í þeirra herleiðingarlandi og segja: Vér höfum syndgast og gjört illa og vér vorum óguðlegir, [48]og þeir snúa sér svo til þín af öllu hjarta og af allri sinni sálu í sinna óvina landi sem burt hafa fært þá og biðja til þín á móti vegi til þeirra lands sem þú hefur gefið þeirra forfeðrum, til þess staðar sem þú útvaldir og til þess húss sem eg hefi byggt þínu nafni, [49]heyr þú þá þeirra bæn og grátbeiðni í himninum af þínu heimilissæti og dæm þeim rétt [50]og ver þínu fólki náðigur sem að syndgast hefur í móti þér og öllum þeirra misgjörningum með hverjum þeir hafa misbrotið í móti þér, að þú gefir þeim miskunnsemi fyrir þeim sem þá hertekna halda og að þú miskunnir þig yfir þá. [51]Því að þeir eru þitt fólk og þín erfð hverja þú færðir af Egyptalandi, af þeim járnofni. [52]Og að þín augu séu opin til bænaákalls þíns þénara og þíns fólks Israelis, að þú viljir heyra þá í öllu því hvað sem helst þeir biðja þig. [53]Því þú útvaldir þá þér til arfleifðar af öllu því fólki sem á jörðunni er so sem þú talaðir við Mosen, þinn þénara, þann tíma þú færðir vora forfeður af Egyptalandi, þú DROTTINN, GUÐ.“

[54]Og sem Salómon hafði endað allar þessar bænir og ákall fyrir DROTTNI þá reis hann upp frá altari DROTTINS og lét þá af að beygja sín kné og út að breiða sínar hendur í himininn [55]og fór til þess að blessa allan Israelissöfnuð með hárri raust, segjandi: [56]„Blessaður sé DROTTINN sem gefið hefur sínu fólki Ísrael hvíld sem hann hefur lofað og sagt

því þar vantar ekki eitt af hans góðum
orðum sem hann talaði fyrir sinn
þénara Mosen. 57DROTTINN, vor Guð,
veri með oss sem hann hefur verið með
vorum forfeðrum. Hann yfirgefi oss
ekki og taki ekki sína hönd frá oss 58so
að vér hneigjum vor hjörtu að honum
og að vér mættum ganga í öllum hans
vegum og halda hans boðorð, skikkanir
og réttindi sem hann hefur boðið vor-
um forfeðrum. 59Og þessi orð sem eg
hefi beðið fyrir DROTTNI mættu nálæg-
ast DROTTIN, Guð vorn, dag og nótt að
hann vilji skikka rétt sínum þénurum
og svo sínu fólki Ísrael, hverjum á sín-
um tíma, 60so að allt fólk á jörðunni
megi viðurkenna að DROTTINN er Guð
og enginn annar. 61Og að yðar hjörtu sé
réttskikkuð fyrir DROTTNI, vorum Guði,
til að ganga í hans setningum og að
halda hans boðorð so sem á þessum
degi skeður.“ 62Og kóngurinn og allur
Ísrael færðu fórnir fyrir DROTTIN. 63Og
Salómon færði þakklætisfórnir (þær
sem hann offraði DROTTNI): Tvö og tutt-
ugu þúsund uxa og hundrað og tuttugu
þúsund sauða. So vígðu þeir hús
DROTTINS, kóngurinn og allir Ísraels-
synir. 64Þann sama dag vígði og
kóngurinn miðgarðinn sem var fyrir
DROTTINS húsi því hann færði þar
brennioffur, matoffur og þakkoffurs-
feiti. Því það koparaltari sem stóð fyrir
DROTTNI var of lítið til brennioffursins,
matoffursins og til þakkoffursins
feitleika.

65Og Salómon hélt á þeim sama tíma
eina hátíð og allur Ísrael með honum,
einn mikill mannfjöldi, frá Hemat
landamerkjum og allt til Egipti lækjar,
fyrir DROTTNI, vorum Guði, í sjö daga og
enn aftur sjö daga, það voru fjórtán
dagar. 66Og hann lét fólkið fara þann
áttunda dag. Og þeir blessuðu kónginn
og gengu glaðir í burt til tjaldbúða
sinna og fagnandi í sínu hjarta yfir öllu
því góða sem DROTTINN hafði gjört sín-
um þénara Davíð og öllu sínu fólki Ísr-
ael.

9 Þá Salómon hafði fullkomnað að
byggja DROTTINS hús og kóngsins
hús og allt annað sem hann girntist og
hann hafði lyst til að gjöra 2þá birtist
DROTTINN honum í annað sinn svo sem
hann birtist honum í Gíbeon. 3Og
DROTTINN sagði til hans: „Eg hefi heyrt
þína bæn og ákall sem þú hefur beðið
mig og eg hefi helgað þetta hús sem þú
hefur byggt að eg vil setja mitt nafn þar
inni ævinlega og mín augu og mitt
hjarta skulu þar vera ætíð. 4Og ef þú
gengur fyrir mér sem þinn faðir Davíð
gekk með einu algjörðu og réttsinnuðu
hjarta og gjörir allt það sem eg hefi
boðið þér og heldur svo mín boðorð og
mín réttindi 5þá vil eg staðfesta þitt
kóngsríki og stól yfir Ísrael ævinlega
svo sem eg talaði til þíns föðurs Davíðs
og sagði: Þar skal ekki vanta einn mann
af Ísraels stóli. 6En ef þér snúið yður frá
mér, þér og yðrir synir, og haldið ekki
mín boðorð og mín réttindi sem eg
lagða fram fyrir yður heldur fari þér og
þjónið öðrum guðum og tilbiðjið þá 7þá
vil eg uppræta Ísrael af landinu því sem
eg hefi gefið þeim. Og það hús sem eg
hefi helgað til míns nafns, því vil eg
kasta frá mínu augliti. Og Ísrael skal
verða að orðskvið og ævintýri meðal
alls fólks. 8Og þetta húsið skal niður-
brjótast so að allir þeir sem þar framhjá
ganga, þeim mun blöskra, þeir munu
blístra og segja: Því hefur DROTTINN
gjört so þessu landi og þessu húsi? 9Þá
mun svarað verða: Af því að þeir fyrir-
létu DROTTIN, sinn Guð, hanns em færði
þeirra forfeður af Egyptalandi og tóku
sér aðra guði, tilbáðu þá og þjónuðu
þeim. Því hefur DROTTINN leitt allt þetta
ið vonda yfir þá.“

10En sem þau tuttugu ár voru liðin á
hverjum að Salómon byggði þau tvö
hús, DROTTINS hús og kóngsins hús 11(til
hvers smíðis Híram kóngur í Tyro

sendi Salómon kóngi sedrustré og grenitré og gull sem hann vildi) þá gaf kóng Salómon Híram tuttugu staði í Galílealandi. [12]Og Híram fór út af Tyro og vildi sjá þá sömu staði sem Salómon hafði gefið honum en þeir líköðu honum ekki [13]og sagði: „Hvað er það fyrir staði, minn bróðir, sem þú hefur gefið mér?“ Og hann kallaði þá land Kabúl inn til þessa dags. [14]Og Híram hafði sent kónginum hundrað og tuttugu centener gulls.

[15]Og það sama er summa af þeim skatti sem kóng Salómon tók upp til að byggja Guðs hús og sitt hús og Milló og Jerúsalems múrveggi og Hasór og Megiddó og Gaser. [16]Því faraó kóngur af Egyptalandi var farinn upp og hafði unnið Gaser og brennt hana með eldi og í hel slegið þá Cananiter sem bjuggu í staðnum og hafði gefið sinni dóttur, Salómons húsfrú, hana til einnrar gáfu. [17]So uppbygði Salómon Gaser og það neðra Bet Hóron [18]og Baelat og Tamar í landi eyðimerkur [19]og alla staði sem Salómon hafði korn hans út í og svo alla þá staði sem hann hafði sína vagna og þá staði sem hann hafði sína riddara út í og hvar hann hafði lyst til að byggja í Jerúsalem, í Líbanon og í öllu landi síns ríkis. [20]Og allt það fólk sem eftir var af þeim Amoriter, Hethiter, Peresiter, Heviter og Jebusiter, sem ekki voru af Ísraelssonum, [21]þeirra syni sem þeir létu eftir sig í landinu, hverja Ísraelssynir máttu ekki foreyða, þá gjörði Salómon skattgilda allt til þessa dags. [22]En af Ísraelsonum gjörði hann ekki neina þræla heldur lét þá blífa stríðsmenn og sína þénara, höfuðsmenn og riddara og setti þá yfir sína vagna og riddaralið. [23]Og þeir umboðsmenn sem voru yfir Salómons erindagjörðum, þeir voru fimm hundruð og fimmtígi sem stjórnuðu yfir fólkið og framfylgdu kóngs erindum.

[24]Og pharaonisdóttir ferðaðist upp frá Davíðsstað í sitt hús sem hann hafði látið byggja henni. Hann byggði og so Milló.

[25]Og Salómon offraði þrisvar sinnum hvert ár brennifórnum og þakklætisoffri yfir það altari sem hann byggði DROTTNI og gjörði reykelsi yfir það fyrir DROTTNI og so varð húsið fullkomnað.

[26]Salómon byggði og skipastól í Eseón Gaber sem liggur hjá Elót í fjöru þeirra rauða hafs í landi Edomiter. [27]Og Híram sendi sína þénara til skipa með Salomonis þénurum sem voru góðir farmenn og vel reyndir til sjós. [28]Og þeir komu til Ófír og fengu þar fjögur hundruð og tuttugu centener gulls og færðu það Salómon kóngi.

10 En sem Salómons rykti út af nafninu DROTTINS kom fyrir drottninguna af ríki Arabia þá kom hún að freista hans með djúpum spurningum. [2]Og hún kom til Jerúsalem með mjög miklu föruneyti, með úlföldum sem báru jurtir og mikið gull og dýrlega steina. Og sem hún kom inn til Salómons kóngs þá talaði hún við hann allt það hún hafði í sínu hjarta. [3]Og Salómon sagði henni það allt saman og þar var ekkert hulið fyrir kónginum að hann sagði eigi henni það.

[4]En sem drottningin af Arabiaríki sá allan Salómons vísdóm og húsið það hann hafði smíðað [5]og vistir til hans borðs og herbergin hans þénara og skipan þeirra er honum þjónuðu og þeirra klæðnað og hans skenkjara og hans brennifórnir sem hann offraði í DROTTINS hús þá gat hún ekki haldið sér lengur [6]og sagði til kóngsins: „Það er satt sem eg hefi heyrt í mínu landi um þína vitru og um þinn vísdóm. [7]En eg vilda ekki trúa því fyrr en eg kæmi sjálf að sjá það með mínum augum. Og sjá, það var mér ekki hálfpart af sagt, miklu meiri er þinn vísdómur og auðæfi en sú frægð sem eg heyrða. [8]Sælir eru þínir menn og þínir þénarar sem að alltíð standa fyrir þér og heyra þinn vísdóm.

[9]Lofaður verði DROTTINN, þinn Guð, hverjum þú líkaðir so vel að hann hefur sett þig upp á Ísraels stól fyrir því að DROTTINN elskar Ísrael ævinlega og setti þig til kóngs að þú skulir dæma dóma og réttindi.“ [10]Og hún gaf kónginum hundrað og tuttugu centener gulls og mjög margar kostulegar jurtir og dýrlega gimsteina. Þar fluttust ekki síðan svo margar kostulegar jurtir sem drottningin af ríki Arabia gaf Salómon kóngi.

[11]Þar með skip Híram sem færðu gull af Ófír, þau fluttu og mjög mikil hebentré og dýrlega steina. [12]Og kóngurinn lét gjöra pilara af því sama hebentré í DROTTINS húsi og í kóngsins húsi, so og hörpur og söngfæri til söngvaranna. Þar komu ekki upp frá því þvílík hebentré, þau voru og ekki heldur sén til þessa dags.

[13]Og Salómon konungur gaf drottningunni af ríki Arabia allt það hún vildi girnast og hún umbað, fráskildu því sem hann gaf henni sjálfur. Og hún sneri aftur í sitt land með sínu föruneyti. [14]Það gull sem Salómon fékk á hverju ári var að vigt sex hundruð sex og sextígi centener, [15]umfram það sem kom frá krömurum, kaupmönnum og þeim eð jurtir seldu og frá öllum kóngum af Arabia og frá þeim voldugu í löndunum. [16]Og Salómon kóngur lét gjöra tvö hundruð skjöldu af því inu besta gulli og þar voru sex hundruð stykki gulls á hverjum skildi [17]og þrjú hundruð buklara af því besta gulli, já þrjú pund gulls til hvers buklara. Og kóngurinn lagði þá í húsið sem gjört var af Líbanonskógi. [18]Og kóngurinn gjörði eitt mikið hásæti af filsbeinum og bjó það allt með því skærasta gulli. [19]Og hásætið hafði sex tröppur og höfuðið á stólnum var kringlótt á bak til og þar voru tvær bríkur á báðar síður hásætisins og tvær leónsinnur stóðu ofan á bríkunum. [20]Og þar stóðu tólf león á þeim sex tröppum á báðar síður. Þvílíkt var aldrei gjört í nokkru kóngsríki. [21]Öll kóng Salómons drykkjarker voru af kláru gulli og öll önnur ker í húsinu Líbanonskógs voru og af kláru gulli. Því að ei þótti silfur nokkurs vert í kóng Salómons tíð. [22]Fyrir því að kóngsins skip sem voru í samflota með Hírams skipum þau komu eitt sinn í þremur árum og fluttu gull, silfur, fílsbein, apynjur og páfugla.

[23]So miklaðist Salómon kóngur að auðæfum og vísdómi umfram alla aðra kónga á jörðunni. [24]Og allur heimurinn girntist að sjá Salómon svo þeir mætti heyra hans vísdóm sem Guð hafði gefið honum í hans hjarta. [25]Og hver maður færði honum ágætar gáfur, silfurker og gullker og brynjur, klæði, jurtir, hesta og múla, hvert ár.

[26]Og Salómon safnaði saman vögnum og riddaraliði svo hann hafði þúsund og fjögur hundruð vagna og tólf þúsundruð riddara og lét þá vera í vagnastöðunum og hjá kónginum í Jerúsalem. [27]Og kóngurinn gjörði það að ei var ónægra silfur í Jerúsalem en steinar og svo mikil sedrustré sem fíkjutré í eyðimerkurdölum. [28]Og Salómoni voru færðir hestar af Egyptalandi og allra handa vara. [29]Og kóngsins kaupmenn keyptu þá sömu vöru og færðu hana af Egyptalandi, já einn hvern vagn fyrir sex hundruð silfurpeninga og hvern hest fyrir hundrað og fimmtígi. Svo fluttust honum fyrir þeirra hendur frá kóngum þeirra Hetiter og kóngunum í Syria.

11 Salómon kóngur elskaði margar útlenskar kvinnur, dóttir pharaonis og af Moabitis, af Ammonitis, af Edomitis, af Zidonitis og af Hethitis, [2]um hvers háttar fólk þó að DROTTINN hafði sagt til Ísraelssona: „Gangið ekki til þeirra inn og látið þær ekki koma til yðar. Þær munu vissulega snúa yðrum hjörtum eftir sínum guðum.“ En til þessara varð Salómon upp-

tendraður með ástarelsku. [3]Og hann hafði sjö hundruð eiginkonur og þrjú hundruð frillur. Og hans kvinnur sneru hans hjarta. [4]Og þá hann var orðinn gamall sneru hans kvinnur hans hjarta afvega eftir annarlegum guðum so að hans hjarta var ekki algjört með DROTTNI, hans Guði, so sem hjarta hans föður Davíðs. [5]So gekk Salómon eftir Astarót sem var skúrgoð þeirra Sidoniter og eftir Mólek, þeirra Ammoríta svívirðing. [6]Og Salómon gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og eftirfylgdi ekki DROTTNI svo fullkomlega sem hans faðir Davíð. [7]Þá byggði Salómon eitt hof Kamos, Moabitis svívirðingu, á því fjalli sem liggur gegnt Jerúsalem og Mólek, skúrgoði Ammónssona. [8]Með sama hætti gjörði Salómon öllum sínum útlenskum kvinnum hverjar reykelsi gáfu og fórnir færðu sínum afguðum.

[9]Og DROTTNI mislíkaði mjög við Salómon að hann sneri sínu hjarta frá DROTTNI, Ísraels Guði, sem þó tvær reisur hafði birst honum [10]og bauð honum að hann skyldi ekki ganga eftir annarlegum guðum. En hann hélt þó ekki það sem DROTTINN bauð honum. [11]Og því sagði DROTTINN til Salómons: „Fyrir þá skuld að soddan er skeð hjá þér og þú hefur ekki haldið minn sáttmála og mín boðorð sem eg hefi boðið þér þá vil eg og slíta kóngsríkið frá þér og gefa það þínum þénara. [12]En þó vil eg ekki gjöra það á þínum dögum fyrir sökum þíns föðurs Davíð en af þíns sonar hendi vil eg slíta það. [13]Þó vil eg ekki slíta allt ríkið í burt. Eina kynkvísl vil eg gefa þínum syni fyrir sökum míns þénara Davíðs og svo sökum Jerúsalem hverja eg hefi útvalið.“

[14]Og DROTTINN uppvakti Salómoni einn mótstöðumann, Hadad af Edóm. Hann var af kónglegu sæði sem var í Edóm. [15]Því að í þann tíma sem Davíð var í Edóm og Jóab hershöfðingi fór upp að jarða þá sem slegnir voru þá drap hann allt mannkynið í Edóm. [16]Því Jóab og allt Ísraelsfólk var þar í sex mánuði, svo lengi sem hann fengi upprætt allt kallkyns í Edóm. [17]Þá flýði Hadad og nokkrir af þeim Edomitis, hans föðurs þénarar, með honum að þeir kæmi til Egyptalands. En Hadad var einn ungur maður. [18]Og þeir tóku sig upp frá Madían og komu til Paran og tóku með sér fólk af Paran og komu í Egyptaland til faraó kóngs af Egyptalandi. Og hann gaf honum herbergi og hélt honum borð og hann gaf honum eitt land. [19]Og Hadad kom sér í mikinn kærleika við faraó svo hann gifti honum systur sinnar kvinnu Tapenes drottningar. [20]Og Tapenes systir fæddi honum Genúbat, hans son. Og Tapenes fóstraði hann upp í pharaonis húsi og Genúbat var í pharaons húsi meðal pharaonis sona. [21]En sem Hadad spurði í Egyptalandi að Davíð var sofnaður með sínum feðrum og að Jóab hans hershöfðingi var og dauður þá sagði hann til pharaonis: „Leyf mér að fara í mitt land.“ [22]En pharao sagði til hans: „Hvað vantar þig hjá mér að þú vilt fara í þitt land?“ Hann svaraði: „Ekkert vantar mig en lát mig fara.“

[23]Guð uppvakti og so Salómoni einn mótstandara Resón son Eljada sem flúið hafði frá sínum herra Hadadeser kónginum af Sóba. [24]Og hann safnaði mönnum í móti honum og varð einn höfuðsmann fyrir stríðsfólkinu þá Davíð sló þá í hel og þeir fóru til Damasco og bjuggu þar og ríkti í Damasco. [25]Og hann var Ísraels mótstandari so lengi sem Salómon lifði. Það er sá skaði sem Hadad leið og því hafði hann síðan allar stundir hatur til Ísrael og var kóngur yfir Syria.

[26]Svo og Jeróbóam son Nebat sem var Ephrateus af Sareda, Salómons þénari. Og hans móðir hét Serúga og var ein ekkja. Hann upplyfti og sinni hönd móti kónginum. [27]En það var sökin því hann uppreisti sig í móti kónginum að þá Salamón byggði Milló þá til-

lukti hann Davíðs síns föðurs stað. 28Og Jeróbóam var einn góður stríðsmann. Og sem Salómon sá að þessi sveinn var duganlegur þá setti hann hann skatta-höfðingja yfir allt Jósefs hús. 29Og það skeði svo á þann tíma að Jeróbóam gekk út af Jerúsalem. Þá kom Ahía spámaður af Síló til hans á veginum og hafði einn einn nýjan kyrtil yfir sér og þeir voru báðir einir saman á akri. 30Og Ahía tók þann nýja kyrtilinn sem hann hafði yfir sér og reif hann í tólf parta 31og sagði til Jeróbóam: „Tak þá tíu parta til þín því so segir DROTTINN, Ísraels Guð: Sjá, eg vil rífa kóngsríkið af Salómons hendi og gefa þér þær tíu ættir. 32En hann skal hafa eina kynkvísl sökum míns þénara Davíðs og vegna borgarinnar Jerúsalem sem eg útvaldi af öllum Ísraels ættum. 33Sökum þess að þeir hafa forlátið mig og tilbeðið Astarót og afguð Sidoniorum, Kamos Móabíta afguð og Mólek Ammónsona afguð og hafa ekki gengið í mínum vegum að gjöra hvað mér var þægilegt, að halda mín boðorð og réttindi so sem Davíðs hans faðir. 34Eg vil ekki taka allt ríkið af hans hendi heldur vil eg gjöra hann að höfðingja alla hans lífsdaga fyrir skuld Davíðs míns þénara hvern eg útvalda hver að hélt mín boð og réttindi. 35Af hans sonar hendi vil eg kóngsríkið taka og gefa þér tíu ættir 36en hans syni eina kynkvísl so að Davíð, minn þénari, hafi ætíð eitt ljós fyrir mér í Jerúsalemborg hverja eg útvaldi mér svo að eg setji þar mitt nafn. 37En þig vil eg nú taka að þú skalt stjórna yfir allt það sem þitt hjarta hefur girnd á og þú skalt vera kóngur yfir Ísrael. 38Ef þú hlýðir nú öllu því sem eg býð þér og gengur í mínum vegum og gjörir það sem mér er þægilegt svo að þú haldir mín réttindi og boðorð so sem Davíð minn þénari gjörði þá vil eg vera með þér og byggja þér eitt staðfast hús sem eg byggða Davíð. Og eg vil gefa þér Ísrael 39og eg vil niðurþrykkja Davíðs sæði þess vegna en þó ekki eilíflega.“ 40Og Salómon leitaðist við að drepa Jeróbóam. Þá tók Jeróbóam sig upp og flýði í Egyptalandi til Sísak kóngsins í Egyptalandi og var í Egyptalandi allt til dauða Salomonis.

41En hvað sem meira er að segja um Salómon og allt hvað hann hefur gjört og hans speki, það er skrifað í Kroníku Salomonis. 42En sá tími sem Salómon ríkti í Jerúsalem yfir allan Ísrael, það voru fjörutígi ár. 43Og Salómon sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í borg síns föðurs Davíðs. Og hans son Róbóam tók kóngdóm eftir hann.

12 Og Róbóam fór upp til Síkem það allt Ísrael var kominn til Síkem að taka hann til kóngs. 2Og sem Jeróbóam son Nebat fréttir þetta þá hann enn var í Egyptalandi hvert hann hafði flúið fyrir Salómon kóngi þá kom hann aftur af Egyptalandi. 3Og þeir sendu í burt og létu kalla hann. Og Jeróbóam og allur Israelissöfnuður komu og töluðu við Róbóam og þeir sögðu: 4„Þinn faðir lagði þungt ánauðarok á oss. En gjör þú þá hörðu ánauðarþjónustu og það þunga ok nokkurn mun léttara sem hann lagði upp á oss. Þá viljum vér vera þér undirgefnir.“ 5En hann sagði til þeirra: „Farið burt allt til þess ins þriðja dags og komið svo aftur til mín.“ Þá gekk fólkið í burt.

6Og Róbóam kóngur hélt ráð við þá öldunga sem stóðu fyrir hans föður Salómoni þá hann lifði og sagði: „Hvað leggi þér mér til ráðs hvert svar vér skulum gefa þessu fólki?“ 7Þeir sögðu til hans: „Ef þú vilt gjöra þessu fólki eina þjónustu á þessum degi að vera þeim til vilja og hlýða þeim þá munu þeir verða þér undirgefnir alla þína daga.“ 8En hann yfirgaf öldunganna ráð sem þeir gáfu honum og hélt eitt ráð með þá ungu menn sem upp höfðu alist með honum og stóðu fyrir honum. 9Og hann

sagði til þeirra: „Hvað ráð leggi þér mér hverju vér skulum svara þessu fólki sem sagði til mín: Gjör það ánauðarok léttara sem þinn faðir lagði á oss?“ 10Og þeir ungu menn sem upp voru vaxnir með honum sögðu til hans: „Þú skalt svo svara fólkinu sem talar til þín og segir: Þinn faðir gjörði vort ok of þungt, gjör þú oss það nokkru léttara: Minn minnsti fingur skal vera þykkri en míns föðurs lendar. 11Og nú, minn faðir lagði þungt ánauðarok á yður en eg skal á auka á hans áklögur. Minn faðir lamdi yður með svipum. Eg vil lemja yður með höggormum.“

12Á þeim þriðja degi kom Jeróbóam og allt fólkið fyrir Róbóam svo sem kóngurinn hafði talað og sagt: „Komið aftur til mín á þeim þriðja degi.“ 13Og kóngurinn gaf fólkinu eitt hart og þungt svar og forsmáði það ráð sem öldungarnir gáfu honum 14en svaraði þeim svo sem þeir ungu menn ráðlögðu honum og sagði: „Minn faðir gjörði yðar ánauðarok þungt en eg vil gjöra það enn þyngra yfir yður. Minn faðir barði yður með svipum en eg vil berja yður með höggormum.“ 15Svo hlýddi kóngurinn ekki fólkinu því DROTTINN sneri því so að hann vildi staðfesta sitt orð það hann talaði til Jeróbóam sonar Nebat fyrir Ahía af Síló.

16En sem allur Ísraelssöfnuður sá það að kóngurinn vildi ekki heyra þeirra beiðni þá gaf fólkið kónginum andsvar og sagði: „Hvaða hlut eigum vér undir Davíð eða arfleifð undir syni Ísaí? Ísrael, far þú til þinna heimila en sjá þú til þíns húss, Davíð.“ Svo gekk Ísrael til sinna heimila 17að Róbóam hafði ekki ríki utan yfir Ísraelssonum þeim sem að bjuggu í Júdaborgum. 18Og þá kóngur Róbóam sendi Adóram sinn rentumeistara út þá grýtti allur Ísrael hann í hel með steinum. En Róbóam sté skyndilega á einn vagn og flúði til Jerúsalem. 19Í svoddan máta féll Ísrael frá Davíðs húsi allt inn til þessa dags. 20En sem allur Ísrael heyrði nú að Jeróbóam var aftur kominn þá sendu þeir menn út og létu kalla hann til alls safnaðarins og settu hann til kóngs yfir allan Ísrael. Og þar fylgdi enginn Davíðs húsi utan alleina kynþáttur Júda.

21En sem Róbóam kom til Jerúsalem þá safnaði hann saman öllu húsi Júda og Benjamín kynkvísl svo að hann hafði hundrað og áttatígir þúsundir ungra stríðsmanna og ætlaði að berjast við Ísrael og vinna ríkið aftur undir Róbóam Salómonsson. 22En Guðs orð kom til Semaja Guðs manns 23og sagði: „Tala þú til Róbóam Salómonssonar Júdakóngs og til alls hússins Júda og Benjamín og til þess annars fólks og seg: 24So segir DROTTINN: Eigi skulu þér fara upp og berjast á móti yðrum bræðrum, Israelissonum. Fari hver maður heim aftur því þetta er skeð af mér.“ Og þeir hlýddu DROTTINS orði og sneru aftur gengu í burt so sem DROTTINN hafði sagt.

25En Jeróbóam byggði upp Síkím á fjallinu Efraím og bjó þar og hann fór þar frá og uppbyggði Pnúel. 26En Jeróbóam hugsaði í sínu hjarta: „Kóngsríkið mun falla aftur undir Davíðs hús. 27Ef fólkið skal fara upp og færa fórnir í DROTTINS húsi til Jerúsalem þá mun fólksins hjarta snúa sér til þeirra herra, Róbóam Júdakóngs, en slá mig í hel og falla síðan aftur undir Róbóam kóng Júda.“ 28Og kóngurinn hélt eitt ráð og gjörði tvo kálfa af gulli og sagði til lýðsins: „Það er yður of þungt að fara upp til Jerúsalem. Sjá, það eru þínir guðir, Ísrael, sem leiddu þig af Egyptalandi.“ 29Og hann setti þann eina í Betel en annan setti hann í Dan. 30Og þetta varð til syndar því að fólkið gekk fyrir þann eina allt til Dan. 31Hann gjörði og hof á hæðunum og setti til presta af þeim lægstu ættum sem voru á meðal fólksins hverjir að ekki voru af Leví sonum. 32Hann setti og eitt hátíaðrhald

á þeim fimmtánda degi þess áttunda mánaðar í þá líking sem haldið var í Júda og færði fórnir yfir altarið. Svo gjörði hann og í Betel að menn offruðu kálfum þeim sem hann hafði gjört og hann setti presta í Betel til þeirra hæða sem hann hafði gjört. [33]Hann færði fórnir yfir það altari (sem hann hafði gjört) í Betel þann fimmtánda dag í þeim áttunda mánuði hvað hann sjálfur upphugsaði af sínu hjarta og hann setti Ísraelssonum hátíðarhöld á altarið svo að hann brenndi reykelsi.

13 Og sjá, einn Guðs maður af Júda kom til Betel eftir orði DROTTINS og Jeróbóam stóð hjá altarinu og brenndi rekelsi. [2]Og hann hrópaði í gegn altarinu fyri DROTTINS orð og sagði: „Altari, altari! So segir DROTTINN: Sjá, Davíðs húsi skal fæðast einn sonur að nafni Jósía. Hann skal offra hofprestum yfir þig hverjir að gjöra reykelsi á þér og hann skal brenna mannabeinum á þér.“ [3]Og á þeim sama degi gaf hann eitt teikn og sagði: „Þetta er mark þar til að DROTTINN talaði þetta. Sjá, altarið skal rifna og askan niðursteypast sem á því er.“

[4]Sem kóngurinn heyrði orð þessa Guðs manns sem kallaði í mót altarinu í Betel þá rétti hann út sína hönd af altarinu og sagði: „Grípið hann.“ Og hans hönd visnaði sú hann útrétti að honum svo hann gat ekki vikið henni aftur að sér. [5]Og altarið klofnaði, askan steyptist og niður af altarinu eftir því teikni sem guðsmaður hafði gefið eftir orðum DROTTINS. [6]Og kóngurinn svaraði og sagði til þessa guðsmanns: „Ákalla DROTTINS þíns Guðs auglit og bið fyrir mér so að mín hönd komi til mín aftur.“ Þá bað guðsmaður í augliti DROTTINS og kóngsins hönd kom til hans aftur og varð svo sem áður var hún. [7]Og kóngurinn talaði við þann guðsmann (og sagði): „Kom heim til borðs með mér, eg vil og gefa þér gáfur.“ [8]En guðsmaður sagði til kóngsins: „Þó þú vildir enn gefa mér hálfpart af þínu húsi þá vinn eg það ekki til að fara með þér. Því eg vil hverki eta brauð né drekka vatn í þessum stað [9]því það er mér so boðið fyrir orð DROTTINS og sagt: Þú skalt ei eta þar brauð né drekka vatn og eigi heldur fara um þann veg sem þú komst.“ [10]Og hann fór um annan veg og kom ekki aftur um þann veg sem hann hafði farið til Betel.

[11]Og þar bjó einn gamall spámaður í Betel. Hans sonur kom til hans og greindi honum alla þá gjörninga sem guðsmaður hafði framið þann dag í Betel og so þau orð sem hann hafði talað við kónginn. [12]Og þeirra faðir sagði til þeirra: „Hvern veg fór hann í burtu?“ Og hans synir vísuðu honum veginn þann sem guðsmaður hafði farið sem kominn var frá Júda. [13]Þá sagði spámaðurinn til sinna sona: „Söðlið minn asna.“ Sem þeir höfðu asnann söðlað þá settist hann þar yfir [14]og reið eftir guðsmanni og fann hann sitjandi undir einni eik og sagði til hans: „Ertu guðsmaður sem kominn er frá Júda?“ Hann sagði: „Já.“ [15]Hann sagði til hans: „Kom heim með mér og et brauð í mínu húsi.“ [16]Hann svaraði: „Eigi má eg snúa aftur með þér eða fara með þér. Eg vil ei heldur eta brauð né drekka vatn með þér í þessum stað. [17]Því so er sagt til mín fyrir DROTTINS orð: Þú skalt hvorki eta þar brauð né drekka vatn. Þú skalt eigi heldur fara aftur um þann sama veg sem þú fórst þangað.“ [18]Hann svaraði honum: „Eg er og svo einn spámaður svo sem þú og einn engill talaði við mig fyrir DROTTINS orð og sagði: Leið þú hann aftur með þér so að hann eti brauð og drekki vatn.“ En hann laug að honum [19]og leiddi hann heim aftur svo að hann át brauð og drakk vatn í hans húsi.

[20]Sem þeir sátu nú til borðs þá kom Guðs orð til spámannsins hver hann hafði aftur leitt [21]og hann kallaði til

þess guðsmanns sem var kominn af Júda og sagði: „So segir DROTTINN: Sökum þess að þú varst munni DROTTINS óhlýðugur og hélst ekki það boðorð sem DROTTINN þinn Guð bauð þér [22]og þú snerir aftur og ást brauð og drakkst vatn í þeim stað sem hann sagði þér af: Þú skalt þar hverki eta brauð né drekka vatn, þar fyrir skal þinn líkami ekki jarðast í þinna feðra gröf.“ [23]En sem hann hafði etið og drukkið þá var söðlaður spámannsins asni þess sem aftur hafði snúið. [24]Og þá hann var farinn mætti eitt león honum á veginum og drap hann. Og hans líkami lá á götunni og asninn stóð hjá honum. Leónið stóð og hjá líkamanum. [25]Og sem menn gengu þar framhjá sáu þeir líkamann liggjanda á götunni og leónið standanda hjá líkamanum. Og þeir komu og sögðu það í staðinn þar sem sá gamli spámaður bjó.

[26]Sem spámaðurinn heyrði þetta sá honum hafði aftur snúið þá sagði hann: „Það er sá guðsmaður sem DROTTINS munni var óhlýðugur. Því gaf Guð hann leóninu að leónið sundurreif og drap hann eftir þeim orðum sem DROTTINN sagði honum.“ [27]Og hann sagði til sinna sona: „Söðlið minn asna.“ Og sem þeir höfðu söðlað hann sté hann á bak og reið í burt [28]og fann hans líkama liggjanda á veginum og asnann og leónið standandi hjá líkamanum. Og leónið hafði ekki par etið af líkamanum og ekki heldur sundurrifið asnann. [29]Þá tók spámaðurinn þess guðsmanns líkama upp og lagði hann á asnann og flutti hann aftur og kom í þess gamla spámanns borg að gráta þar og jarða hann. [30]Og hann lagði líkamann í sína gröf og grét yfir honum: „Aví, minn bróðir!“ [31]Og sem þeir höfðu jarðað hann þá sagði hann til sinna sona: „Þá eg andast þá skulu þér jarða mig í þessari gröf sem þessi guðsmaður er lagður og leggið mín bein hjá hans beinum. [32]Því það mun ske sem hann hefur sagt fyrir DROTTINS orð móti altarinu í Betel og í móti öllum hofum hæðanna sem að eru í Samarie borgum.“

[33]Jeróbóam sneri sér ekki frá sínum vondu vegum eftir þetta heldur spillti hann sér hvað af öðru og gjörði hofpresta af þeim minnsta háttar mönnum meðal fólksins. Og hver sem að honum þóknaðist, þess hönd fyllti hann og sá varð prestur á hæðunum. [34]Og þetta varð Jeróbóams húsi til syndar svo að það spilltist og varð afmáð af jörðunni.

14 Á þeim tíma varð Abía sonur Jeróbóam sjúkur. [2]Og Jeróbóam sagði til sinnar kvinnu: „Tak þig upp og breyt þínum búningi svo að enginn merki að þú sért Jeróbóams kvinna og far burt til Síló. Sjá, þar er Ahía spámaður sem sagði mér fyrir að eg skyldi verða kóngur yfir þessu fólki. [3]Og tak tíu brauð og kökur með þér og eina krús með hunang og gakk til hans því hann mun segja þér hvert sveini þessum mun batna eður ei.“

[4]Og Jeróbóams kvinna gjörði svo, bjó sig til og fram kom í Síló og gekk í hús Ahía. En Ahía kunni ekki að sjá því hans augu voru sjónlítil af elli. [5]En DROTTINN sagði til Ahía: „Sjá, Jeróbóams húsfrú kemur og vill frétta þig eftir um sinn son því hann er sjúkur. Þar fyrir seg þú henni svo og svo.“ En sem hún kom nú inn lét hún sem væri hún önnur kvinna. [6]Og er Ahía heyrði til hennar fóta þá hún gekk inn um dyrnar þá sagði hann: „Kom hér inn, þú Jeróbóams kvinna, því vilt þú dyljast so sem ókunnug? Eg hef hart erindi að bera þér. [7]Far þú aftur og seg þú til Jeróbóam: Svo segir DROTTINN, Guð Ísraels: Eg hefi upphafið þig af fólkinu og setta eg þig höfðingja yfir mitt fólk Ísrael. [8]Og eg sleit kóngsríkið frá Davíðs húsi og gaf þér það. En þú hefur ekki verið svo sem minn þénari Davíð hver að hélt mín boð og gekk eftir mér af öllu

hjarta, gjörandi hvað mér var þægilegt.
9En þú hefur gjört illa fram yfir alla þá
sem verið hafa fyrir þér. Þú fórst og
gjörðir þér annarlega guði og steyptar
myndir að reita mig þar til með reiði og
kastaðir mér so á bak þér aftur. 10Sjá,
þar fyrir vil eg leiða ólukku yfir Jeró-
bóams hús og uppræta af Jeróbóam
jafnvel þann sem pissar í vegginn, þann
innilukta og yfirgefna í Ísrael. Og eg vil
burt sópa eftirkomendum Jeróbóams
húss, svo sem þá maður í burtu sópar
óklárindi, þar til þeir eru allir foreydd-
ir. 11Hver sem deyr í staðnum af Jeró-
bóam sveitungum, þann skulu hundar
upp éta en hver sem deyr út á akri,
þann skulu fuglar himins slíta því
DROTTINN hefur sagt þetta. 12So tak þig
upp og gakk heim. Og þá þú stígur þín-
um fæti innan borgar þá mun sveinn-
inn deyja 13og allur Ísrael skal gráta
hann. Því að þessi sveinn af Jeróbóam
kominn skal alleinasta gröft öðlast sök-
um þess að þar hefur nokkurt gott
fundist með honum fyrir DROTTNI,
Ísraels Guði, í Jeróbóams húsi.
14DROTTINN Guð mun uppvekja sér einn
kóng yfir Ísrael. Hann skal afmá Jeró-
bóams hús á þeim degi. Og hvað er nú
gjört? 15Og DROTTINN skal slá Ísrael líka
sem reyr hrærist í vatni og hann skal
uppræta Ísrael af þessu góða landi sem
hann gaf þeirra feðrum og hann mun
burt dreifa þeim yfir um vatnið sökum
þess að þeir gjörðu sér lunda og
styggðu DROTTIN þar með. 16Og hann
skal yfirgefa Ísrael fyrir Jeróbóams
synda sakir sem syndgaðist og kom Ísr-
ael til að syndgast.“

17Og Jeróbóams húsfrú stóð upp,
gekk burt og kom til Tirsa. En sem hún
sté yfir þrösköldinn húsdyranna þá
andaðist sveinninn. 18Og þeir jörðuðu
hann og allur Ísrael grét hann eftir
DROTTINS orðum sem hann hafði mælt
fyrir sinn þénara Ahía spámann. 19Hvað
meira er að segja um Jeróbóam, hvern-
in hann barðist og ríkti, sjá, það er
skrifað í Ísraelskónga kroníku. 20En sá
tími sem Jeróbóam ríkti var tvö og
tuttugu ár og hann sofnaði með sínum
feðrum og hans son Nadab varð kóng-
ur í hans stað.

21Róbóam son Salómons var kóngur í
Júda. Róbóam var fjörutígi ára gamall
þá hann varð kóngur og ríkti setyján ár
í Jerúsalemborg hverja eð DROTTINN út-
valdi af öllum Ísraels ættum að hann
vildi þar setja sitt nafn. Hans móðir hét
Naema, ein ammónítesk kvinna. 22Og
Júda gjörði það sem DROTTNI illa líkaði
og þeir uppvöktu hann meir til vand-
lætis en allir þeirra forfeður höfðu gjört
með þeim syndum sem þeir gjörðu.
23Því þeir uppbyggðu sér hæðir, stólpa
og lunda á öllum háum hæðum og und-
ir öllum blómguðum trjám. 24Þar voru
og saurlifnaðarmenn í landinu og þeir
frömdu allra heiðingja svívirðingar
hverja að DROTTINN hafði útrýmt fyrir
Ísraelssonum.

25En á því fimmta ári Róbóams kóngs
þá fór Sísak Egyptalandskóngur upp til
Jerúsalem 26og tók fjársjóðuna úr
DROTTINS húsi og úr kóngsins húsi og
allt það sem hann mátti hönd á koma
og hann tók alla þá gullskjöldu sem
Salómon hafði látið gjöra. 27En kóng
Róbóam lét gjöra aftur eirskjöldu og
fékk þá í hendur þeim æðstu skjald-
sveinum sem geymdu dyrnar á kóngs-
ins húsi. 28Og svo oft sem kóngurinn
gekk í DROTTINS hús þá báru fylgdar-
menn kóngs þessa skjöldu og báru þá
síðan aftur í skjaldsveinanna herbergi.

29Hvað sem meir er að segja um Ró-
bóam og það hann gjörði, sjá, það er
skrifað í Júdakónga kroníkubók. 30Og
ætíð var þar stríð millum Róbóam og
Jeróbóam á meðan þeir lifðu. 31Og Ró-
bóam sofnaði með sínum feðrum og
var jarðaður í Davíðsborg hjá sínum
feðrum. Hans móðir hét Naema af ætt
þeirra Ammonitarum. Og Abíam hans
son tók kóngdóm eftir hann.

15 Á því átjánda ári Jeróbóam kóngs, sonar Nebat, varð Abíam kóngur í Júda. [2]Og hann ríkti þrjú ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Maeka, dóttir Abísalom. [3]Og hann gekk í öllum síns föðurs syndum sem hann hafði gjört fyrir honum og hans hjarta var ekki fullkomlegt fyrir DROTTNI, hans Guði, svo sem Davíðs hans föðurs hjarta. [4]En DROTTINN, hans Guð, gaf honum ljós í Jerúsalem vegna Davíðs að hann uppvekti hans son eftir hann og héldi honum í Jerúsalem [5]sökum þess að Davíð gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist og veik ekki frá öllu því sem hann bauð honum alla hans lífdaga, fráteknum málum Úría Hethei. [6]Og þar var ófriður á millum Róbóam og Jeróbóam alla þeirra lífdaga. [7]En það fleira sem segja má um Abíam og allt það sem hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. Og þar var ófriður í millum Abíam og Jeróbóam. [8]Og Abíam sofnaði með sínum forfeðrum og þeir grófu hann í Davíðsborg. En Asa, hans son, varð kóngur í hans stað.

[9]Þá Jeróbóam hafði verið kóngur yfir Ísrael í tuttugu ár þá tók Asa ríki og kóngdóm yfir Júda. [10]Og hann ríkti eitt ár og fjörutígi í Jerúsalem. Hans móðir hét Maeka, dóttir Abísalom. [11]Og Asa gjörði það sem DROTTNI vel líkaði svo sem hans faðir Davíð. [12]Og hann burtrýmdi hórunarmenn úr landinu og sló niður öll skúrgoð í landinu sem hans feður höfðu gjört. [13]Auk þessa afsetti hann sína móður Maeka af því embætti Mipleset það hún gjört hafði í landinu. Og Asa upprætti hennar Mipleset og uppbrenndi hann hjá læknum Kedron. [14]En þeir tóku ei hæðirnar í burt. Þó var Asa hjarta réttilegt fyrir DROTTNI um alla hans daga. [15]Og það gull og silfur og ker sem hans faðir hafði helgað og hvað sem helgað var til DROTTINS húss það færði hann inn þangað. [16]Og þar var ófriður í millum Asa og Baesa Ísraelskóngs alla þeirra daga. [17]En Baeas Ísraelskóngur fór upp til Júda og reisti þar borg sem hét Rama svo að enginn skyldi komast, hverki út né inn af mönnum Asa Júdakóngs. [18]Þá tók Asa allt það gull og silfur sem eftir var orðið af fjársjóðum í húsi DROTTINS og af fjársjóðum í kóngsins húsi og fékk sínum sveinum það í hendur og sendi þá til Benhadad, sonar Tabrimon, sonar Hesíon, kóngsins í Syria, sem bjó í Damasco, og lét segja honum: [19]„Þar er einn sáttmáli millum mín og þín, á millum míns föðurs og þíns föðurs. Og því sendi eg þér þessar gjafir, gull og silfur, að þú bregðir upp þeim sáttmála sem þú hefur með Ísraelskóng Baesa so hann dragi frá mér.“ [20]Benhadad tók orðsendingum Asa kóngs og sendi sína höfuðsmenn í mót Ísraelsborgir og sló Jíon og Dan og Abel, Bet Maeka og allt til Kinerot, allt Neftalímland. [21]En sem Baesa það heyrði þá lét hann af að byggja Rama og fór aftur til Tirsa. [22]Síðan sendi kóng Asa boðskap um allt land Júda og sagði: „Þar skal enginn hafa afsökun.“ Og þeir tóku steinana og trén í burt frá Rama sem Baesa hafði byggt með og kóng Asa byggði þar með Geba Benjamín og Mispa. [23]Hvað meir er að segja af Asa og um alla hans magt og allt hvað hann gjörði og þeir staðir sem hann byggði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. Utan það að hann varð sjúkur í sínum fótum í sinni elli. [24]Og Asa sofnaði burt með sínum forfeðrum og var jarðaður með þeim í síns föðurs Davíðs stað og hans son Jósafat tók kóngdóm eftir hann.

[25]Og Nadab, son Jeróbóam, varð kóngur yfir Ísrael á því öðru ári Asa Júdakóngs. Og hann ríkti yfir Ísrael í tvö ár. [26]Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og fór allan feril síns föðurs og í hans syndum með hverjum að hann kom Ísrael til að syndgast.

[27]En Baesa, sonur Ahía af Ísaskars húsi sat á svikráðum við hann og sló hann í Gibeton sem að heyrði til þeim

Philisteis því að Nadab og allur Ísrael sat þá um Gibeton. 28So sló Baesa hann í hel á því þriðja ári eftir það að Asa varð kóngur í Júda og varð so kóngur í hans stað. 29En sem hann var orðinn kóngur þá sló hann gjörvallt Jeróbóams hús í hel og lét ekkert mannsbarn eftir lifa af ætt Jeróbóam þar til hann hafði eyðilagt hann eftir DROTTINS orði sem hann hafði talað fyrir Ahía sinn þénara af Síló 30sökum Jeróbóams synda þeirra sem hann gjörði og með hverjum hann kom Ísrael til að syndgast fyrir þá tilreitni með hverri hann styggði DROTTIN Ísraels Guð til reiði.

31En hvað meira er að segja um Nadab og allt það sem hann gjörði, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 32Og þar var ófriður millum Asa og Baesa Israeliskóngs á öllum þeirra dögum.

33Á því þriðja ári Asa Júdakóngs varð Baesa son Ahía kóngur yfir allan Ísrael í Tirsa fjögur og tuttugu ár. 34Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði, gekk í Jeróbóams vegum og í hans syndum með hverjum hann kom Ísrael til að syndgast.

16 Og orð DROTTINS kom til Jehú sonar Hananí móti Baísa og sagði: 2„Sökum þess að eg hef upphafið þig af dufti og leiri og setta þig höfðingja yfir mitt fólk Ísrael og þú gekkst á Jeróbóams vegum og komst mínu fólki Ísrael til að syndgast, að þú styggðir mig með þeirra syndum, 3sjá, þá vil eg burt taka eftirkomendur Baesa og hans húss eftirkomendur og eg vil setja þitt hús líka sem hús Jeróbóam sonar Nebat. 4Hver sem deyr af Baesa í staðnum, þann skulu hundar upp éta en hver sem deyr af hans út á mörkinni, þann skulu himinsins fuglar upp éta.“

5Hvað sem meir er að segja um Baesa og hvað hann gjörði og hans magt, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 6Og Baesa sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í Tirsa. Og hans son Ella varð kóngur í hans stað. 7Og DROTTINS orð kom til Jehú spámanns sonar Hananí móti Baesa og móti hans húsi og á móti öllu því vondu sem hann gjörði fyrir DROTTNI, að hann styggði hann fyrir sín handaverk, að hann skyldi verða sem Jeróbóams hús og þar fyrir að hann sló þennan í hel.

8Á því sjötta og tuttugasta ári Asa Júdakóngs varð Ella sonur Baesa kóngur yfir Ísrael í Tirsa tvö ár. 9Og hans þénari Simrí, höfuðsmaður yfir helmingi af hans vögnum, gjörði uppreist í móti honum. Og hann var í Tirsa, drakk og varð drukkinn í húsi Arsa sem var fóviti í Tirsa. 10Og Simrí kom þar inn og sló hann í hel á því sjöunda og tuttugasta ári Asa kóngs Júda og varð kóngur í hans stað.

11En sem hann var kóngur orðinn og sat í sínu hásæti þá sló hann allt Baesa hús og lét ekkert mannsbarn eftir lifa. Þar með drap hann hans frændur og vini. 12Svo eyðilagði Simrí Baesa hús allt saman eftir orði DROTTINS sem hann talað hafði yfir Baesa fyrir Jehú spámann 13fyrir sakir allra synda Baesa og hans sonar Ella sem þeir frömdu og komu Ísrael til að syndgast til að móðga og styggja DROTTIN, Ísraels Guð, með þeirra afguðadýrkan. 14En hvað meira er að segja um Ella og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku.

15Á því sjöunda og tuttugasta ári Asa kóngs varð Simrí kóngur í Tirsa í sjö daga. Því Ísraelsfólk sat þá um borg Philisteis Gibeton. 16En sem fólkið í herbúðum heyrði það að Simrí hafði gjört uppreist í móti kónginum og slegið hann í hel þá gjörði allur Ísrael á þeim sama degi Amrí stríðshöfuðsmann til kóngs yfir allan Ísrael í sínum herbúðum. 17Og Amrí fór upp og allur Ísrael með honum frá Gibeton og settist um Tirsa. 18En sem Simrí sá það að þeir mundu vinna staðinn þá gekk hann í

kóngshöllina og uppbrenndi sig sjálfan með kóngsins húsi. Og svo dó hann,
19fyrir sínar syndir sem hann hafði gjört að hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og gekk á Jeróbóams vegum og í hans syndum sem hann gjörði og kom Ísrael til að syndgast. 20En hvað meira er að segja um Simrí og hvernin hann gjörði eina uppreist, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku.

21Á þeim tíma skipti Ísrael sér í tvenna flokka. Helmingur fólksins eftirfylgdi Tibní syni Gínat og gáfu honum kóngsnafn en sá annar helmingur hélt með Amrí. 22En það fólk sem fylgdi Amrí varð aflameira en það fólk sem fylgdi Tbhní syni Gínat. Og Tibní féll en Amrí varð kóngur.

23Á því ellefta og tuttugasta ári Asa Júdakóngs varð Amrí kóngur yfir Ísrael í tólf ár og ríkti í Tirsa sex ár. 24Hann keypti það bjarg Samaria af Semer fyrir tvo sintener silfurs og reysti þar byggð og kallaði þá borg sem hann reisti Samaria eftir Semers nafni sem var herra yfir því fjalli.

25Amrí gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og var verri en allir þeir sem voru fyrir honum 26og gekk í öllum Jeróbóams vegum sonar Nebat og í hans syndum með hverjum að hann kom Ísrael til að syndgast að þeir styggðu DROTTIN, Guð Ísraels til reiði, með þeirra afguðadýrkan. 27En hvað meira er að segja um Amrí og allt það hann gjörði og hans magt sem hann framdi, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 28Og Amrí sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í Samaria. Og hans son Akab varð kóngur í hans stað.

29Á því áttunda og þrítuganda ári Asa Júdakóngs tók Akab son Amrí kóngdóm yfir Ísrael og ríkti yfir Ísrael í Samaria tvö og tuttugu ár 30og gjörði það DROTTNI illa líkaði, fram yfir alla þá sem verið höfðu fyrir hann. 31Hann lét sér eigi nægja að hann gekk í syndum Jeróbóam sonar Nabat. Þar til tók hann Jesabel, dóttir Etbaals kóngs af Sídon, sér til eiginkvinnu. Og hann fór að þjóna Baal og tilbað hann 32og reisti Baal eitt altari í Baals húsi hvert hann byggði honum í Samaria 33og plantaði einn lund. So að Akab gjörði framar meir að reita og styggja DROTTIN, Ísraels Guðs, en allir aðrir Ísraelskonungar þeir sem verið höfðu fyrir hann. 34Á þessum sama tíma byggði Híel af Betel Jeríkó. Og það kostaði hans hinn fyrsta son Abíram þá hann lagði grundvöllinn og hans yngsta son Segúb þá hann setti pörtin eftir DROTTINS orði sem hann hafði talað fyrir Jósúa son Nún.

17 Og Elías Thesbiter, einn af borgarmönnum Gíleaðs, sagði til Akab: „Svo sannarlega sem DROTTINN Ísraels Guð lifir, fyrir hverjum eg stend, þá skal þar hverki koma dögg né regn í þesi ár nema eg segi það.“ 2Og orð DROTTINS kom til hans og sagði: 3„Far burt héðan og snú þér í mót austri og fel þig hjá þeim læk Krít sem rennur í móti Jórdan. 4Og þú skalt drekka af læknum. En eg hefi boðið hröfnunum að þeir skuli færa þér mat.“ 5Og hann gekk af stað og gjörði eftir orði DROTTINS og fór þangað og setti sig hjá læknum Krít sem fellur að Jórdan. 6Og hrafnarnir færðu honum brauð og kjöt, bæði kveld og morgna, og hann drakk af læknum. 7Og það skeði so nokkrum dögum þar eftir að lækurinn þornaði upp því að ekkert regn kom á jörðina.

8Þá kom DROTTINS orð til hans og sagði: 9„Statt upp og gakk til Sarefta sem liggur hjá Sídon og vert þar. Því eg hefi boðið þar einni ekkju að hún skal fæða þig.“ 10Og hann stóð upp og gekk til Sarefta. Og sem hann kom að staðarportinu, sjá, þá var þar ein ekkja og var að safna sér brennivið. Og hann kallaði til hennar og sagði: „Sæk þú mér lítið vatn í keri so eg megi drekka.“ 11En sem hún fór að sækja vatnið kallaði hann og sagði: „Fær mér og einn munnbita

brauðs.“ 12En hún svaraði: „Svo sannarlega sem DROTTINN þinn Guð lifir þá hefi eg ekki bakað brauð utan mjöl svo mikið sem hafa má í hnefa sér í einu steinkeri og lítið viðsmjörs í krús. Og sjá, eg hefi saman tínt eitt skefli eða tvö og fer eg nú inn að búa þetta til matar fyrir mig og minn son svo við megum eta og deyja síðan.“ 13Elías sagði til hennar: „Óttast ekki, heldur far þú og gjör það sem þú sagðir en allt að einu, baka þú mér þó fyrst lítið þar af og fær mér það hingað. Eftir það skalt þú gjöra þér og þínum syni. 14Því að svo segir DROTTINN Ísraels Guð: Mjölið í steinkerinu skal ekki þrjóta og viðsmjör í krús skal og ei þverra allt til þess dags að DROTTINN skal láta rigna á jörðina.“ 15Hún gekk í burt og gjörði svo sem Elías bauð. Og hann át og hún og hennar hyski um nokkra tíma. 16Mjölið í steinkerinu þraut ekki og viðsmjörið í krúsinni þverraði ekki, eftir orðum DROTTINS sem hann talaði fyrir Eliam.

17Það bar til eftir þetta að sonur þessarar konu sýktist þar Elías var til herbergis og hans sjúkdómur varð svo mjög strangur að andin gekk upp af honum. 18Og hún sagði til Eliam: „Hvað hefi eg með þig, þú Guðsmaður? Þú ert kominn til mín að minna misgjörða verði minnst svo að minn sonur dæi.“ 19Hann sagði til hennar: „Fær mér hingað þinn son.“ Og hann tók sveininn af hennar skauti, gekk upp á þann sal sem hann var og lagði hann í sína sæng, 20ákallaði DROTTIN og sagði: „DROTTINN, minn Guð, hefur þú og svo hryggt þessa ekkju hverrar gestur eg er að þú i hel slær hennar son?“ 21Og hann breiddi sig þrjár reisur ofan yfir sveininn og kallaði til DROTTINS og sagði: „DROTTINN, minn Guð, lát þessa sveins önd koma til hans aftur.“ 22Og DROTTINN bænheyrði Eliam so að barnsins sál kom aftur til þess og það varð lifandi. 23Og Elías tók sveininn og bar hann ofan af salnum í húsið og fékk hann sinni móður og sagði: „Sjá þar, þinn sonur lifir.“ 24Og kvinnan sagði til Eliam: „Nú veit eg víst að þú ert einn Guðsmaður og orð DROTTINS er sannleikur í þínum munni.“

18 Og löngum tíma þar eftir þá kom orð DROTTINS til Eliam á því þriðja ári og sagði: „Far þú og sýn þig Akab svo eg láti rigna yfir jörðina.“ 2Og Elías fór af stað að hann léti Akab sjá sig. Og þar var mikið hallæri í Samaria. 3Og Akab kallaði Abdía sinn hofgarðsmeistara til sín. En Abdías óttaðist harla mjög DROTTIN. 4Því að þann tíma sem Jesabel drap Guðs spámenn þá tók Abdías hundrað spámenn og geymdi þá í hellum, hér fimmtígi og þar fimmtígi, og gaf þeim brauð og vatn. 5So sagði nú Akab til Abdías: „Reistu í gegnum landið til allra rennandi lækja og uppsprettna og vit ef vér mættum finna hey heystum og múlum svo að kvikfénaðurinn deyi eigi allur.“ 6Og þeir skiptu með sér landinu til yfirferðar. Akab fór alleina einn veg og Abdías þann annan veginn.

7En sem Abdías var nú á veg kominn, sjá, þá mætti Elías honum. Og sem hann þekkti hann þá féll hann fram á sína ásjónu og sagði: „Ert þú ekki minn herra Elías?“ 8Hann sagði: „Já. Far og seg þínum herra: Sjá, Elías er hér.“ 9Hann svaraði: „Hvað hef eg, þinn þénari, misgjört að þú vilt gefa mig í hendur Akab svo hann skuli slá mig í hel? 10Svo sannlega sem DROTTINN þinn Guð lifir þá er þar ekkert fólk eða konungsríki til hvers að minn herra hefur eigi sent að leita eftir þér. Og þá þeir sögðu: Hann er ekki hér, þá tók hann einn eið af því kóngsríki og fólki að þeir hefðu hvergi fundið þig. 11En nú segir þú: Far burt til þíns herra: Sjá, Elías er hér. 12Og þá eg fer nú í burtu frá þér þá má ske að Andi Guðs flytji þig í burtu í þann stað sem eg veit ekki en ef eg segi Akab til þín en hann fyndi þig þá ekki

eftir á þá mun hann slá mig í hel. En þinn þénari hefur óttast DROTTIN frá sínum barndómi. 13Er það ekki heyrumkunnigt orðið mínum herra hvað eg gjörði þá Jesabel drap DROTTINS spámenn að eg falda hundrað spámenn, í einum stað fimmtígi og í öðrum stað fimmtígi, í jarðholum og eg fædda þá með brauði og vatni? 14Og þú segir nú: Far og seg þínum herra: Elías er hér, so að hann slái mig í hel!“ 15Elías sagði: „Svo sannlega sem DROTTINN Sebaót lifir fyrir hvers augliti eg stend: Í dag vil eg sýna mig Akab.“ 16Síðan fór Abdías burt í móts við Akab og undirvísaði honum þetta.

17Og Akab gekk í móti Elía. Og þá Akab sá Eliam mælti Akab til hans: „Ert þú sá sem að sturlar Ísrael?“ 18Hann svaraði: „Eigi sturla eg Ísrael heldur þú og þíns föðurs hús með því að þér forlétuð DROTTINS boðorð og gangið eftir Baal. 19Nú vel, send þú nú út og lát samansafna öllum Ísrael til mín og þeim fjórum hundruðum og fimmtígi Baals prophetum upp á fjallið Karmel og þeim fjórum hundruðum lundanna spámönnum sem eta af Jesabels borði.“

20Svo sendi Akab út til allra Ísraelssona og kallaði saman spámennina upp á fjallið Karmel. 21Þá gekk Elías fram fyrir allt fólkið og sagði: „Hversu lengi vilji þér haltra á báðar síður? Sé DROTTINN Guð þá eftirfylgið honum en sé Baal það þá gangið eftir honum.“ En fólkið svaraði honum öngvu. 22Þá sagði Elías til fólksins: „Eg er nú alleina orðinn einn eftir af spámönnum DROTTINS en Baals spámenn eru fjögur hundruð og fimmtígi manna. 23Fáið oss nú tvo uxa og látið þá velja af öðrum hvorn þeir vilja og höggvi þeir hann í stykki og leggi upp á viðinn og láti öngvan eld þar undir. Eg vil taka annan uxann og leggja hann á viðinn og eigi heldur leggja þar eld undir. 24Síðan skulu þér kalla á yðars guðs nafn og eg vil kalla á nafn DROTTINS. Og hver sá Guð sem nú bænheyrir fyrir eldinn, sá skal vera Guð.“ Og allt fólkið svaraði og sagði: „Það er rétt.“

25Og Elías sagði til Baals spámanna: „Útveljið yður nú annan uxann og búið fyrri til fórnfæringar því þér eruð fleiri og kallið á yðars guðs nafn og leggið öngvan eld þar undir.“ 26Og þeir tóku þann uxa sem hann fékk þeim og bjuggu hann til og kölluðu á Baals nafn frá morni og inn til miðdags og sögðu: „Baal, bænheyr oss!“ En þar kom engin rödd og ekkert svar í móti. Og þeir höltröðu um kring altarið það þeir höfðu gjört. 27En sem kominn var miðdagur þá spottaði Elías þá og sagði: „Kallið hátt því hann er einn guð. Hann hefur nokkuð að hugsa eða gjöra eða má vera hann sé farinn nokkuð eða hann sofi svo að hann vakni.“ 28Og þeir kölluðu hátt og særðu sig með hnífum og handsöxum sem siður þeirra var til so að blóð rann um þá. 29En sem miðdagurinn var nú liðinn þá spáðu þeir þar til að fórnfæringartími var kominn en Baal gaf öngva raust og ekkert svar og eigi ansaði hann þeirra bænum.

30Þá sagði Elías til alls fólksins: „Komi allt fólkið hingað til mín.“ Og sem allt fólkið kom til hans þá bætti hann upp það DROTTINS altari sem niður var brotið 31og tók tólf steina eftir ættartölu sona Jakobs (til hvers að DROTTINS orð skeði og sagði: „Þú skalt kallast Ísrael“). 32Og hann byggði eitt altari í nafni DROTTINS af þeim steinum. Og hann gjörði eina vatnrás í kringum altarið so víða sem er tveggja kornmæla rúm. 33Og hann hlóð viðnum í bulung og sundraði uxann í stykki og lagði hann ofan á viðinn og sagði: „Sækið fjögur ker með vatn og ausið yfir brennifórnina og yfir viðinn.“ 34Og hann sagði: „Gjörið það annan tíma.“ Og þeir gjörðu svo í annað sinn. Og hann sagði: „Gjörið það enn í þriðja sinni.“ Og þeir gjörðu það í þriðja sinn 35so að vatnið rann í kringum altarið og gröfin varð

full af vatni. [36]Og þegar sá tími var kominn að offra skyldi matoffri þá gekk Elías spámaður fram og sagði: „DROTTINN, Abrahams, Ísaks og Ísraels Guð, lát það í dag kunnigt verða að þú ert alleina Guð í Ísrael og eg þinn þénari hafi allt þetta gjört eftir þínu orði. [37]Bænheyr mig, DROTTINN, bænheyr mig svo að þetta fólk megi vita að þú, DROTTINN, ert Guð og að þú hér eftir umsnúir þeirra hjörtum.“ [38]Þá féll eldur DROTTINS niður og uppbrenndi brennioffrið, viðinn, steinana og jörðina og so vatnið í díkinu. [39]En sem allt fólkið sá þetta féll það fram á sínar ásjónur og sagði: „DROTTINN er Guð, DROTTINN er Guð.“ [40]Þá sagði Elías til þeirra: „Handtakið Baals spámenn so að enginn af þeim komist undan.“ Og þeir höndluðu þá. Og Elías færði þá ofan til lækjarins Kíson og drap þá þar.

[41]Og Elías sagði til Akab: „Far þú upp, et og drekk því nú þýtur fyrir miklu regni.“ [42]En sem Akab fór upp að eta og drekka þá gekk Elías upp á Karmel þar sem það var hæst og lagðist á grúfu til jarðar og setti sitt höfuð á millum sinna hnéa. [43]Og hann sagði til síns þénara: „Gakk upp og horf í haf út.“ Hann gekk upp og hugði að og sagði: „Þar er ekkert að sjá.“ Og hann sagði: „Gakk aftur þangað“ sjö sinnum. [44]Og í sjöunda sinni sagði hann: „Sjá, þar dregur upp lítinn skýflóka úr hafinu líka sem eins manns hönd.“ Hann sagði: „Far upp og seg þú Akab að hann spenni fyrir sinn vagn og fari ofan so að regnið grípi hann eigi.“ [45]Og því næst áður en menn varði varð himininn dimmur af þykkvum skýjum og vindi og kom eitt ákaft regn. En Akab fór og kom til Jesreel. [46]Og hönd DROTTINS kom yfir Eliam og hann gyrti lendar sínar og fór undan Akab þar til að hann kom í Jesreel.

19 Og Akab sagði til Jesabel alla þá hluti sem Elías hafði gjört og hvernin hann hafði drepið alla Baals spámenn með sverði. [2]Þá sendi Jesabel eitt boð til Eliam og lét segja honum: „Guðirnir gjöri mér það og það ef eg gjöri ei á morgun þennan tíma þinni sál líka sem þú gjörðir eins þeirra sálu.“ [3]En sem hann þetta fornam tók hann sig upp og gekk burt þangað sem hans hugur vísaði honum og kom til Berseba í Júda og lét sinn þénara þar eftir vera.

[4]En hann gekk í burt í eyðimörkina eina dagleið og kom og setti sig undir eitt einibertré og beiddist þá að deyja og sagði: „Það er nóg. So tak nú mína sál, DROTTINN. Eigi em eg betri en mínir forfeður.“ [5]Og hann lagði sig undir einibertréð og sofnaði. Og sjá, engill DROTTINS tók á honum og sagði til hans: „Statt upp og snæð.“ [6]Og sem hann leit hjá sér þá var þar einn eldbakaður leifur hjá hans höfði og ein kanna með vatni. Og sem hann hafði etið og drukkið þá lagði hann sig niður aftur að sofa. [7]Og engill DROTTINS kom í annað sinn, tók á honum og sagði: „Statt þú upp og snæð því að þú átt langan veg fyri höndum að ganga.“ [8]Og hann stóð upp, át og drakk og gekk í styrkleik þeirrar fæðu fjörutígir daga og fjörutígir nætur allt til Guðs fjalls Hóreb.

[9]Og hann kom þar inn í einn hellir og var þar um nóttina. Og sjá, orð DROTTINS kom til hans og sagði til hans: „Hvað gjörir þú hér, Elía?“ [10]Hann sagði: „Eg hefi vandlætt vegna DROTTINS, Guðs Sebaót, því að Ísraelssynir hafa yfirgefið þinn sáttmála og niðurbrotið þín altari og slegið þína spámenn í hel með sverði og eg er alleina eftir orðinn og þeir sitja um að taka mig af lífi.“ [11]Hann sagði: „Far út héðan og gakk fyrir DROTTIN upp á fjallið“ og sjá, að DROTTINN gengur framhjá og eitt mikið og sterkt veður hvert eð fjallið klauf og bergið braut í sundur fyri DROTTNI en DROTTINN var ekki í jarðskjálftanum. [12]En eftir jarðskjálftann kom einn eldur en DROTTINN

var ekki í eldinum. Og eftir eldinn kom þar einn hægur og mjúkur vindblær.
13En sem Elías það heyrði þá dró hann klæði fyrir andlit sér og gekk fram í dyrnar á hellirnum og sjá, þar kom ein raust til hans og sagði: „Hvað gjörir þú hér, Elía?“ 14Hann sagði: „Eg hefi vandlætt vegna DROTTINS, Guðs Sebaót, því Ísraelssynir hafa forlátið þinn sáttmála, niðurbrotið þín altari og í hel slegið þína spámenn með sverði og eg einnsaman er eftir orðinn en þeir sitja um að taka mig af lífi.“ 15DROTTINN sagði til hans: „Far þú aftur sama veg um eyðimörku til Damscum og gakk þar inn og smyr Hasael til kóngs yfir Syriam 16og Jehú son Nimsí til kóngs yfir Ísrael og Eliseum son Safat af Abel Mehóla til eins spámanns í þinn stað. 17Og það skal ske að hver sem kemst undan sverði Hasael þann skal Jehú drepa og hver sem setur undan sverði Jehú þann skal Heliseus drepa. 18Og eg mun eftirláta sjö þúsund manna í Ísrael sem ekki hafa beygt sín kné fyrir Baal og hverra allra munnar ekki hafa kysst hann.“

19Og hann gekk þaðan og fann Heliseum son Safat. Hann var að erja fyrir sér með tólf uxum og hann var sjálfur á milli þeirra tólf uxa. Og Elías gekk til hans og lagði sinn möttul yfir hann. 20En hann yfirgaf uxana og rann eftir Elía og sagði: „Leyf mér að kyssa minn föður og móður, síðan vil eg eftirfylgja þér.“ Hann svaraði honum: „Far þú og kom aftur. Eg hefi nokkuð að gjöra með þig.“ 21Og hann skildi við hann og tók eitt par uxa og sæfði og sauð kjötið með trjánum sem voru á uxunum og gaf fólkinu það að eta. Síðan stóð hann upp, fylgdi Elía eftir og þjónaði honum.

20 Og Benhadad kóngur í Syria dró saman allt sitt herlið og þar voru tveir og þrjátígir kóngar með honum og hestar og vagnar og hann flutti sinn her upp og settist um Samariam og barðist á borgina. 2Og hann sendi boð til Akab Ísraelskóngs í borgina og lét svo segja honum: „So segir Benhadad: 3Þitt silfur og þitt gull er mitt og þínar kvinnur og þín bestu börn heyra mér til.“ 4Ísraelskóngur svaraði og sagði: „Minn herra kóngur, sé svo sem þú hefur sagt: Eg er þinn og allt það eg hefi.“ 5Og sendimenn komu aftur og sögðu: „Svo segir Benhadad: Sökum þess að eg sendi þér boð og lét segja þér: Þú skalt gefa mér þitt silfur og þitt gull, þínar kvinnur og þín börn 6þá vil eg senda mína sveina til þín á morgun um þennan sama tíma að þeir skulu rannsaka hús þitt og þinna þénara og þeir skulu taka í sínar hendur það allt sem þú hefur kært og bera það burt.“

7Þá kallaði kóngur alla landsins öldunga og þá inu elstu og sagði: „Hugleiðið og sjáið hvað vont hann hefur í sínu sinni. Hann sendi boð til mín eftir mínum kvinnum og börnum og eftir mínu gulli og silfri og eg hefi ekki neitað honum þess.“ 8Þá svöruðu allir þeir inu elstu og allt fólkið honum: „Þú skalt ekki játa eða samþykkjast þessu.“ 9Og hann sagði til sendiboða Benhadad: „Segið mínum herra kónginum: Allt það sem hann bauð sínum þénara í fyrstu, það vil eg gjöra en þetta kann eg ekki að gjöra.“ 10Sendimenn fóru og sögðu honum það aftur. Þá sendi Benhadad til hans og lét so segja honum: „Guðirnir gjöri mér það og það ef moldin af Samaria skal verða so mikil að sérhver fái einn hremming fullan af því öllu fólki sem mér eftir fylgir.“ 11Þá svaraði Ísraelskóngur og sagði: „Segið honum: Sá sem herklæðist hann skal ekki hrósa sér svo sem hinn sem herklæði hefur aflagt.“ 12En sem Benhadad það heyrði þar hann sat og drakk með kóngunum í sínum landtjöldum þá sagði hann til sinna þénara: „Búið yður til.“ Og þeir bjuggust í móti borginni.
13Og sjá, þar kom einn spámaður til

Akab Ísraelskóngs og sagði: „Svo segir DROTTINN: Þú hefur séð allan þennan ógrynni her? Sjá þú, á þessum degi vil eg gefa hann í þínar hendur so þú vitir að eg er DROTTINN.“ [14]Akab sagði: „Fyrir hvern?“ Spámaðurinn svaraði: „So segir DROTTINN: Fyrir þjónustumenn héraðshöfðingjanna.“ Hann sagði: „Hver skal vígið vekja?“ Spámaðurinn svaraði: „Þú.“ [15]Þá taldi hann skjaldsveina höfðingjanna og þeir voru að tölu tvö hundruð tveir og þrjátígir. En hann taldi eftir það alla Ísraelssonu, allt fólkið, sjö þúsund menn. [16]Og þeir drógu út um miðjan dag en Benhadad drakk og var drukkinn í sínu tjaldi með tveimur og þrjátígi kóngum hverjir eð komnir voru honum til liðs. [17]Og landshöfðingjasveinarnir fóru fyrst út. Benhadad sendi út og þeir undirvísuðu honum og sögðu: „Þar fara menn út af Samaria.“ [18]Hann sagði: „Grípið þá lifandi hvert sem þeir eru komnir friðar að beiðast eður að berjast.“ [19]En sem landshöfðingjasveinarnir voru komnir út þá fór herinn eftir þeim. [20]Og hver um sig drap þann sem honum mætti svo að þeir sýrlensku flýðu undan. En Ísrael rak flóttann eftir þeim. Og Benhadad kóngur af Syria komst á hest og flýði með riddörum. [21]Og Ísraelskóngur fór út og sló bæði hesta og vagna og fólkið með honum og veitti eitt mikið slag þeim Syris.

[22]Þá gekk einn spámaður til Ísraelskóngs og sagði til hans: „Far þú og afla þér styrks og sjá til hvað þú gjörir því kóngurinn af Syria mun draga her saman í móti þér aftur þegar þetta ár er úti.“

[23]Því kóngsins þénarar af Syria sögðu til hans: „Þeirra Guðir eru fjallanna Guðir og því yfirunnu þeir oss. En mættum vér berjast við þá á sléttlendi þá munum vér sigrast á þeim. [24]Gjör nú svo, tak kóngana burt hvern af sínum stað og gef þeim heimleyfi en set þú höfðingja í þeirra stað. [25]Bú þá þér og herlið so mikið sem það var er þú misstir frá þér og hesta og vagna eins sem þeir aðrir voru og lát oss berjast á jafnlendi við þá. Hvað skal gilda, vér viljum þá sigrast á þeim?“ Kóngurinn hlýddi þeirra ráðum og gjörði svo. [26]En sem það ár var nú liðið þá heimti Benhadad saman her sinn, þá Syros, og dró upp til Afekk að berjast við Ísrael. [27]Ísraelssynir bjuggust og svo til bardaga, tóku vistir með sér og fluttu her sinn í móti þeim og settu sínar herbúðir gagnvart þeim þvílíkast sem tvær litlar geitfjárhjarðir væri en Syri uppfylltu landið. [28]Þá gekk einn Guðsmaður fram og sagði til Ísraelskóngs: „So segir DROTTINN: Sökum þess að þeir sýrlensku hafa sagt að DROTTINN sé fjallaguð en ekki Guð dalanna því hefi eg gefið þennan mikla mannfjölda í þína hönd so þér vitið að eg er DROTTINN.“ [29]Og þeir hvorutveggju fylktu liði sínu í sjö daga. Á þeim sjöunda degi tókst bardaginn. Og Ísraelssynir slógu hundrað þúsund fótgönguliðs á einum degi af þeim Syris. [30]En þeir sem eftir lifðu flúðu til Afekk inn í staðinn. Og múrinn féll á þá sem undan komust og þeir voru að tölu sjö og tuttugu þúsund manns.

Benhadad flýði og inn í staðinn frá einu herbergi og til annars. [31]Þá sögðu hans þénarar til hans: „Sjá, vér höfum heyrt að Ísraels húss kóngar eru miskunnsamir kóngar. Því skulum vér íklæðast sekkjum og látum bönd um vor höfuð og göngum svo út fyrir Ísraels kóng. Ske má að hann láti þína önd lífi halda.“ [32]Og þeir færðu sig í hárklæði og létu bönd um höfuð sér og fóru til fundar við Ísraelskóngs og sögðu: „Benhadad, þinn þénari, lætur segja þér: Eg bið, lát mína sál halda lífi.“ Hann sagði: „Lifir hann enn nú þá er hann minn bróðir.“ [33]En mennirnir tóku strax þetta orð af hans munni og útlögðu það sér til góða og svöruðu: „Já, þinn bróðir Benhadad.“ Hann

sagði: „Farið og látið hann koma á
minn fund.“ Þá gekk Benhadad út til
hans og hann lét hann sitja hjá sér í sín-
um vagni. 34Og hann sagði til hans: „Eg
vil gefa þér nú aftur þær borgir sem
minn faðir tók frá þínum föður og gjör
þér stræti í Damasco líka sem minn
faðir gjörði í Samaria. Eg vil og gjöra
einn sáttmála við þig og láta þig
lausan.“ Og hann gjörði eitt friðarsátt-
mál við hann og gaf honum fararleyfi.

35Þá mælti einn af spámannanna son-
um til síns náunga fyrir DROTTINS orð
og sagði: „Kæri, slá þú mig.“ En hann
vildi ekki slá hann. 36Þá sagði hann til
hans: „Sökum þess að þú vildir ekki
hlýða röddu DROTTINS, sjá, þá skal eitt
león slá þig nær þú gengur frá mér.“ Og
sem hann gekk frá honum mætti hon-
um león og drap hann. 37Og hann fann
einn annan mann og sagði til hans:
„Kæri, slá þú mig.“ Og sá maður sló
hann og veitti honum sár. 38Þá gekk
spámaðurinn í burtu og kom á veginn
fyrir kóng og torkenndi sitt andlit með
moldu. 39En sem kóngurinn dró þar
framhjá þá kallaði hann til kóngsins og
sagði: „Þinn þénari fór til bardaga og
sjá, einn maður veik sér burt og leiddi
einn mann til mín og sagði: Geym þú
þenna mann en komist hann í burt þá
skal þitt líf vera í veði elligar skalt þú
gjalda eitt centener silfurs. 40Og þá þinn
þénari hafði nokkuð að gjöra hér og þar
þá var hinn allur í burt.“ Ísraelskóngur
sagði til hans: „Það er þinn dómur, þú
hefur sjálfur sagt það.“ 41Þá strauk hann
moldina af sínu andliti og Ísraelskóng-
ur þekkti hann að hann var einn af spá-
mönnunum. 42Og hann sagði til hans:
„So segir DROTTINN: Sökum þess að þú
lést þann bölvaða mann burt sleppa þá
skal þín sál vera í staðinn hans sálar og
þitt fólk í staðinn hans fólks.“ 43Eftir
það ferðaðist Ísraelskóngur þaðan með
þungu skapi og reiði í sitt hús og kom
til Samariam.

21 Þessu næst varð sá atburður að
Nabót í Jesreel átti einn víng-
arð í Jesreel hjá Akabs kóngs höllu í
Samaria. 2Og Akab talaði við Nabót og
sagði: „Gef mér þinn víngarð. Eg vil
gjöra mér einn kálgarð þar af sökum
þess að hann liggur svo í nánd við mitt
hús en eg vil gefa þér annan betra víng-
arð fyrir hann eða ef þú vilt það held-
ur þá vil eg gefa þér silfur fyrir hann,
svo mikið sem hann er verður.“ 3Nabót
svaraði Akab: „DROTTINN forði mér frá
því að eg gefi þér mína föðurs leifð.“
4Þá kom Akab heim með reiðum hug og
þungu geði sökum þess orðs sem Nebót
í Jesreel talaði til hans, segjandi: Eigi vil
eg gefa þér minna feðra arf (svo fékk
honum þetta mikils) að hann lagðist í
rekkju, snúandi sínu andliti (til veggjar)
og át ekki brauð.

5Jesabel hans kvinna fornam þetta.
Þá gekk hún inn til hans og mælti við
hann: „Hvað er þetta að svo hryggir
hug þinn að þú tekur ekki fæðslu til
þín?“ 6Hann svaraði henni: „Eg talaði
við Nabót Jesreeliter og sagði: Gef mér
þinn víngarð fyrir peninga eða viljir þú
það heldur þá vil eg gefa þér annan víng-
arð fyrir hann. En hann svaraði: Eigi
vil eg gefa þér minn víngarð. 7Þá sagði
Jesabel hans kvinna til hans: Hvað væri
Ísrael fyrir ríki ef þú gjörðir það? Rís
upp, tak fæðslu til þín og vert með
góðu geði, eg vil útvega þér þennan
víngarð Nabót af Jesreel.“

8Og hún lét skrifa eitt bréf undir
Akabs nafni og innsiglaði með hans
fingurgulli og sendi það til öldunga og
gæðinga í hans borg sem bjuggu hjá
Nabót. 9Á því bréfi var þessi boðskapur:
„Bjóðið föstu og setjið Nabót efst á mill-
um fólksins. 10Setjið síðan til tvo vonda
menn þá er bera falsvitni í móti hon-
um, segjandi: Þú hefur lastað Guð og
kónginn, og leiðið hann út fyrir
borgina og grýtið hann í hel.“ 11Og
öldungarnir og gæðingar hans borgar,
þeir sem bjuggu hjá honum, gjörðu sem

Jesabel bauð þeim, eins sem hún hafði skrifað í bréfinu því sem hún sendi til þeirra. [12]Og þeir létu boða föstu og settu Nabót efst á millum fólksins. [13]Síðan komu þar tveir argir skálkar, synir Belíals og stóðu rétt frammi fyrir honum og vitnuðu mót Nabót fyrir fólkinu og sögðu: „Nabót lastaði Guð og kónginn.“ Þá leiddu þeir hann út af borginni og lömdu hann í hel með grjóti. [14]Og þeir gjörðu boð Jesabel og létu segja henni: „Nabót er grýttur til dauða.“

[15]En sem Jesabel heyrði það að Nabót var í hel grýttur þá sagði hún til Akab: „Rís upp og eignast nú víngarð Nabót í Jesreel þann sem hann vildi ei selja þér fyrir peninga því að ekki lifir Nabót heldur er hann dauður.“ [16]En sem Akab heyrði að Nabót var dauður þá stóð hann upp og gekk ofan í víngarð Nabót Jesreeliters að eignast hann.

[17]Þá skeði orð DROTTINS til Eliam Thesbiter og sagði: [18]„Statt upp og far ofan til fundar við Akab Ísraelskóng sem er í Samaria. Sjá, hann er nú í víngarði Nabót, þangað er hann ofan genginn að eignast hann. [19]Og tala þú við hann og seg þú honum: Svo segir DROTTINN: Þú hefur í hel slegið og þar með þér til eignar tekið. Og þú skalt tala við hann og segja: So segir DROTTINN: Í þeim stað sem að hundarnir sleiktu Nabóts blóð þar skulu og hundar sleikja þitt blóð.“

[20]Og Akab sagði til Eliam: „Hefur þú nokkurn tíma fundið mig að vera þinn óvin?“ Hann sagði: „Já, eg hefi fundið það sökum þess að þú hefur selt þig til þess að gjöra ekki nema illt fyrir DROTTNI. [21]Sjá, eg vil og leiða ólukku yfir þig og burt taka þína eftirkomendur og eg vil drepa af Akab það sem pissar á vegg og það innilukta og síðasta í Ísrael. [22]Og eg vil gjöra þitt hús svo sem hús Jeróbóam sonar Nebat og sem hús Baesa sonar Ahie fyrir það að þú styggðir mig og komst Ísrael til að syndgast.“ [23]Og DROTTINN talaði og so um Jesabel og sagði: „Hundar skulu éta Jesabel innan Jesreels múrveggja. [24]Hver í staðnum deyr af Akab, þann skulu hundar uppéta og hver sem deyr utan staðar, þann skulu fuglar undir himninum uppéta.“

[25]Og þar var enginn maður sem so var öldungis seldur til að gjöra illt fyrir DROTTNI so sem Akab. Því að hans kvinna Jesabel eggjaði hann á það. [26]Og hann gjörði sig mjög svívirðilegan so að hann gekk í allan máta eftir skúrgoðum eins og þeir Amoriter hverja DROTTINN útrýmdi fyrir Israelissonum.

[27]En sem Akab heyrði þessi orð þá sundurreif hann sín klæði og tók eitthárklæði yfir sig og fastaði og svaf í svekk og gekk hryggðarlega fram. [28]Og orð DROTTINS kom til Eliam Thesbiten og sagði: [29]„Hefur þú eigi séð hversu Akab auðmýkir sig fyrir mér? Nú sökum þess að hann auðmýkir sig svo fyrir mér þá vil eg ekki leiða það vonda inn um hans daga. En á dögum hans sonar vil eg þessa ólukku koma láta yfir hans hús.“

22 Nú líða so þrjú ár í samt að enginn ófriður var í millum þeirra sýrlensku og Ísraels. [2]En á því þriðja ári fór Jósafat Júdakóngur til fundar við Ísraelskóng. [3]Og Ísraelskóngur sagði til sinna þénara: „Viti þér ekki að Ramót í Gíleað er vor eign en vér sitjum um kyrrt og vanrækjum að taka hana af kóngsins hönd í Sýrlandi?“ [4]Og hann sagði til Jósafat: „Vilt þú fara með mér að vinna aftur Ramót í Gíleað?“ Jósafat sagði til Ísraelskóngs: „Eg vil vera líka sem þú og mitt fólk er sem þitt fólk og mínir hestar líka sem þínir hestar.“

[5]Og Jósafat sagði til Ísraelskóngs: „Þó vil eg að þú leitir fyrst til orða DROTTINS.“ [6]Þá samansafnaði Ísraelskóngur spámönnunum sem voru fjögur hundruð að tölu og sagði til þeirra:

„Hvert skal eg fara að berjast á Ramót í Gíleað eður skal eg láta so búið standa?“ Þeir sögðu: „Far upp, DROTTINN skal gefa hana í kóngsins hendur.“ [7]Og Jósafat sagði: „Er hér enginn af DROTTINS spámönnum svo vér mættum spyrja hann að?“ [8]Kóngurinn sagði til Jósafat: „Hér er nú einn maður sem heitir Míkeas son Jimla af hverjum menn mega spyrja hvað DROTTINN vill. En eg hata hann það hann spáir mér einskis góðs heldur ætíð ills.“ Jósafat sagði: „Eigi skyldi kóngurinn svo tala.“ [9]Þá kallaði Israeliskóngur einn sinn herbergissvein og sagði: „Sæk þú sem skjótast Míkeas son Jimla.“ [10]Og Ísraelskóngur og Jósafat Júdakóngur sátu hver á sínum stóli skrýddir kónglegum skrúða og sátu fyrir portdyrum Samarieborgar á einum flöt. Og allir spámenn spáðu fyrir þeim. [11]Og Sedekía son Knaena hafði gjört sér járnhorn og sagði: „Svo segir DROTTINN: Með þessum skalt þú slá þá Syros þar til að þú afmáir þá.“ [12]Og allir spámennirnir spáðu með sama hætti og sögðu: „Far þú upp til Ramót í Gíleað og mun þér að góðu verða. DROTTINN mun gefa hana í kóngsins hendur.“

[13]En sendimaðurinn sem út var genginn að kalla Míkeam sagði til hans: „Sjá, spámenn segja allir með einum munni kóngi fyrir farsællega hluti. So lát nú þín orð samhljóða verða þeirra orðum og tala það sem gott er.“ [14]Míkeas svaraði: „Svo sannarlega sem DROTTINN lifir: Eg vil tala það sem DROTTINN segir mér.“ [15]Og sem hann kom nú fyrir kónginn þá sagði kóngurinn til hans: „Míkea, skulu vér fara til bardaga til Ramót í Gíleað eða skulu vér hvergi fara?“ Hann svaraði og sagði: „Já, far upp þangað og mun þér vel lukkast, DROTTINN skal gefa hana í kóngsins hendur.“ [16]Kóngurinn sagði enn eitt sinn til hans: „Eg særi þig að þú ekkert annað segir mér en það sem satt er í DROTTINS nafni.“ [17]Hann svaraði: „Eg sá allan Ísrael sundurtvístrast um fjöllin eins og sauði þeir sem öngvan hirðir hafa. Og DROTTINN sagði: Hafa þessir öngvan hirðir? Snúi hver heim aftur í sitt hús með friði.“ [18]Þá sagði Israeliskóngur til Jósafat: „Hefi eg ekki sagt þér það að þessi spáir mér einskis góðs heldur jafnan ills?“ [19]Þá svaraði Míkeas: „Heyr nú fyrir því orð DROTTINS: Eg sá DROTTIN sitja í sínu hásæti og allur himinsins her stóð fyrir honum til hægri og vinstri handar. [20]Og DROTTINN sagði: Hver vill ráðleggja það Akab að hann fari upp og falli í Ramót í Gíleað? Og einn sagði þetta en annar það. [21]Þá kom þar einn andi út og gekk fram fyrir DROTTIN og sagði: Eg vil koma honum til þess. [22]DROTTINN sagði til hans: Hvar með? Hann sagði: Eg vil fara út og verða einn lyga andi í munni allra hans spámanna. Hann sagði: Þú skalt koma honum þar til og þú skalt framkvæma það. Gakk út og gjör svo. [23]Sjá þú nú, DROTTINN hefur gefið einn lygianda í munn allra þinna spámanna og DROTTINN hefur talað illt í gegn þér.“

[24]Þá gekk fram Sedekía son Knaena og sló Míkeam pústur og sagði: „Hvað? Er Andi DROTTINS þá vikinn frá mér að hann tali við þig?“ [25]Míkeas svaraði: „Sjá, þú munt það sjá á þeim degi þá þú gengur úr einu herbergi til annars so þú megir fela þig.“ [26]Þá sagði Ísraelskóngur: „Takið Micheam höndum og látið hann vera hjá Ammon borgmeistara og hjá Jóas kóngsyni [27]og segið: Svo segir kóngurinn: Setjið þennan inn í myrkvastofu og nærið hann með sorgarbrauði og hryggðarvatni þar til að eg kem aftur með friði.“ [28]Míkeas svaraði: „Ef þú kemur aftur með friði þá hefur DROTTINN ekki talað fyrir mig.“ Og hann sagði: „Heyri það allur lýður.“

[29]Ísraelskóngur og Jósafat Júdakóngur fóru nú upp til Ramót í Gíleað. [30]Og Ísraelskóngur sagði til Jósafat: „Breyt þú þínum klæðabúnaði og gakk svo í bardaga með þínum klæðum sem þú

hefur á þig tekið.“ Og Ísraelskóngur skipti búningi og torkenndi sig og fór í bardaga. 31En kóngurinn af Syria bauð sínum höfðingjum sem stýrðu hans vögnum hverjir að tölu voru tveir og þrjátígir og hann sagði: „Berjist ekki móti neinum manni, hverki smám né stórum, utan alleinasta á móti Ísraelskóngi.“ 32En sem höfðingjarnir fyrir vögnönum sáu Jósafat þá ætluðu þeir að hann mundi vera Ísraelskóngur og þeir veittu honum harða aðsókn í bardaganum. Þá kallaði Jósafat upp. 33En sem þeir höfðingjarnir fyrir vögnunum formerktu að hann var ekki Ísraelskóngur þá sneru þeir þegar frá honum.

34En svo skeði að einn maður spannaði sinn boga, þó óvitandi á hvern hann stefndi, og örin nam staðar á kóngi Ísraels millum pansarans og sverðreimarinnar. Þá sagði hann til sveins þess sem vagninum stýrði: „Snú þinni hendi og vík mér úr bardaganum því eg er sár orðinn.“ 35Bardaginn hélst allan þann dag og kóngurinn stóð upp í vagninum í mót þeim Syris og dó á því sama kveldi. En blóðið flaut af sárinu mitt í vagninn. 36Og áður sól gekk til viðar rann kallari um herinn og sagði: „Fari hver í sína borg og til síns lands.“

37Svo lét nú Akab kóngur líf sitt og var fluttur til Samaria og þar var hann jarðaður. 38En sem þeir þvoðu vagninn hjá einni tjörn í Samaria (nærri því sem Nabót var grýttur) þá sleiktu hundar hans blóð. Skækjur þvoðu hann eftir orðum DROTTINS sem hann hafði talað.

39Hvað sem meira er að segja um Akab og allt það hann gjörði og um hans hús sem hann byggði af fílabeinum og um alla þá staði sem hann lét uppbyggja, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 40So sofnaði Akab með sínum feðrum en hans son Ahasía tók kóngdóm eftir hann. 41Og Jósafat son Asa varð kóngur yfir Júda á því fjórða ári Akabs Ísraelskóngs. 42Hann var hálffertugur þá hann varð kóngur og ríkti fimm og tuttugu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Asúba, dóttir Silhí. 43Og hann gekk allan veg síns föðurs Asa og veik ekki þar af og hann gjörði það DROTTNI vel þóknaðist. Þó tók hann ekki burt þær hæðir og fólkið offraði enn þá og brenndi reykelsi á hæðunum. 44Jósafat hélt frið við Ísraelskóng. 45Hvað meira er að segja af Jósafat, um hans magt, hvað hann hefur gjört og um hans hernað, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 46Hann útrýmdi hórkalla *(sodomites)* af landinu sem að eftir voru orðnar í tíð Asa hans föðurs.

47Þá var enginn kóngur í Edóm. 48Og Jósafat lét gjöra skipt til sjós sem skyldi fara til Ófír að sækja gull. En þau fóru ekki þangað því þau urðu í sundur slegin í Eseón Geber. 49Á þeim tíma sagði Ahasía son Akab til Jósafat: „Lát mína þénara fara með þínum þénurum á skipunum.“ En Jósafat vildi ekki. 50Og Jósafat sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður með sínum feðrum í borg Davíðs síns föðurs. Og Jóram hans son varð kóngur í hans stað. 51Ahasía son Akab varð kóngur yfir Ísrael í Samaria á því setyjánda ári Jósafat Júdakóngs og hann ríkti yfir Ísrael tvö ár. 52Hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og fór allan feril föður síns og móður og gekk eftir vegi Jeróbóams sonar Nebat sem Ísrael kom til að syndgast. 53Og hann þjónaði Baal og tilbað hann en styggði og reitti DROTTIN Ísraels Guð til reiði eins líka sem hans faðir gjörði.

Endir á þeirri Þriðju kóngabókinni.

ÖNNUR BÓK KÓNGANNA
EINNIG ÞEKKT SEM SÚ FJÓRÐA BÓK KÓNGANNA

1 Eftir andlát Akab féllu Moabiter
frá Ísrael. 2En það skeði svo að
Ahasía féll ofan um loftsvalir nokkrar
í sínum sal til Samaria og varð sjúkur.
Og hann sendi út menn og sagði til
þeirra: „Farið og spyrjið Baal Sebúb
að sem er guð í Akkaron hvort eg
mun lifna og verða heilbrigður af
þessum sjúkdómi?“ 3En engill
DROTTINS talaði við Elía Thesbiter:
„Rís upp og gakk á veginn fyrir kóngs
sendimenn af Samaria og seg til hans
sendimanna: „Er þar nú enginn Guð í
Ísrael að þér farið og spyrjið Baal Se-
búb guð þeirra í Akkaron? 4Þar fyrir
segir DROTTINN so: Eigi skaltu rísa úr
þeirri rekkju sem þú liggur í heldur
skalt þú vissilega deyja.“ Og Elías
gekk burt.

5En sem sendimenn komu til hans
aftur þá sagði hann til þeirra: „Því
komi þér aftur?“ 6Þeir svöruðu hon-
um: „Þar kom einn maður í móti oss
og sagði til vor: Snúið aftur til kóngs-
ins sem yður sendi og segið honum:
So segir DROTTINN: er þar þá enginn
Guð í Ísrael að þú sendir til frétta til
Baal Sebúb guð Akkaron? Þess vegna
skalt þú ekki rísa úr þessari rekkju
þar þú liggur það þú skalt dauða
deyja.“ 7Hann sagði til þeirra: „Hversu
var sá maður í hátt sem yður mætti
og sagði yður þetta?“ 8En þeir svör-
uðu honum: „Hann var í loðnu skinni
og hafði eitt ólarbelti um sínar lend-
ar.“ En hann svaraði: „Það er Elías
Thesbiter.“

9Og hann sendi til hans einn höf-
uðsmann yfir fimmtígir og með hon-
um þá fimmtígi (sem undir honum
voru). En sem þessi kom upp til hans,
sjá, þá sat hann efst á fjallinu. Og
hann sagði til hans: „Þú Guðsmaður,
kóngurinn segir að þú skulir koma
ofan.“ 10Elías svaraði þeim sama höf-
uðsmanni yfir fimmtígi og sagði: „Sé
eg Guðsmaður þá falli eldur af himni
og uppsvelgi þig og þína fimmtígi.“ Þá
féll eldur af himninum og uppbrenndi
hann og þá fimmtígi sem voru með
honum.

11Og enn sendi hann aftur annan
höfuðsmann til hans hver og settur
var yfir fimmtígir og fimmtígir menn
með honum. Og hann talaði til hans:
„Þú Guðsmaður, svo segir kóngurinn:
Kom sem skjótast ofan.“ 12Elías svar-
aði og sagði: „Sé eg Guðsmaður þá
falli eldur af himni og uppsvelgi þig
og þína fimmtígi.“ Þá féll eldur Guðs
af himni og uppsvalg hann og hans
fimmtígi.

13Síðan sendi hann aftur þann þriðja
höfuðsmann sem og var yfir fimmtígi
og með honum fimmtígir menn. Og
er hann kom upp til hans þá beygði
hann sín kné fyrir Elía, bað hann og
sagði til hans: „Þú Guðsmaður, vægðu
sálu minni og sálum þessara þinna
fimmtígir þénara. 14Sjá, þar féll eldur
af himni og uppbrenndi þá tvo fyrstu
höfðingja yfir fimmtígir með þeirra
fimmtígir mönnum. Lát nú mína sál
gilda nokkuð fyrir þér.“ 15Þá sagði
engill DROTTINS til Eliam: „Far ofan
með honum og óttast ekki.“ Og hann
reis upp og gekk ofan með honum til
kóngsins. 16Og hann sagði til hans:
„Svo segir DROTTINN: Fyrir sökum
þess að þú sendir boð og lést afspyrja
Baal Sebúb afguð þeirra í Akkaron so
sem þar væri enginn Guð í Ísrael
hvern þú megir að orði spyrja því
skalt þú nú ekki rísa úr þeirri rekkju
sem þú liggur í heldur skalt þú viss-
ilega deyja.“ 17Og so dó hann eftir

DROTTINS orði svo sem Elías hafði talað. Og Jóram tók kóngdóm eftir hann á öðrum ári Jóram sonar Jósafat Júdakóngs því hann átti öngvan son. [18]Hvað meira er að segja um Ahasía, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku.

2 En þegar sá tími kom að DROTTINN vildi upptaka Eliam í vindbylnum til himins þá gengu þeir tveir samt, Elías og Elíseus frá Gilgal. [2]Og Elías sagði til Eliseum: „Sit hér eftir það DROTTINN sendi mig til Betel.“ Eliseus sagði: „So sannlega sem DROTTIN lifir og þín sál þá skil eg ekki við þig.“ [3]Og sem þeir komu ofan til Betel þá gengu spámannanna synir sem voru í Betel út á móti Eliseo og sögðu til hans: „Veist þú það að DROTTINN vill á þessum degi taka þinn herra frá þínu höfði?“ Hann sagði: „Eg veit það og vel og verið hljóðir.“

[4]Og Elías sagði til hans: „Elisee, eg bið, vert hér eftir því DROTTINN hefur sent mig til Jeríkó.“ Hann sagði: „Svo sannarlega sem DROTTINN lifir og þín sál þá skilst eg ekki við þig.“ En sem þeir komu til Jeríkó [5]þá gengu spámannanna synir til Eliseum sem voru í Jeríkó og sögðu til hans: „Veist þú það að DROTTINN vill á þessum degi taka þinn herra frá þínu höfði?“ Hann sagði: „Eg veit það fullgjörla en hafið hljótt.“

[6]Og Elías sagði til hans: „Eg bið, vert þú eftir hér því DROTTINN hefur sent mig til Jórdan.“ Hann sagði: „So sannarlega sem DROTTINN lifir og þín sál, eg fyrirlæt þig ekki.“ Og þeir gengu tveir samt. [7]Og fimmtígir menn af spámannanna sonum fylgdu þeim eftir og stóðu gagnvart langt frá þeim en þeir stóðu báðir hjá Jórdan. [8]Þá tók Elías möttul sinn og vafði hann saman og sló honum á vatnið en það skiptist þegar í tvo staði svo þeir gengu báðir þurrum fótum þar yfir um. [9]En sem þeir komu yfir um þá sagði Elías til Eliseum: „Bið hvers þú vilt að eg veiti þér áður eg verð uppnuminn frá þér.“ Eliseus sagði: „Eg bið að þinn andi megi tvefaldast í mér.“ [10]Hann sagði: „Þess hefur þú beðið sem ei er auðveldlegt að veita. En allt að einu, ef þú sér mig þá eg verð numinn frá þér þá skal þér veitast bón þessi. En sjáir þú mig ekki þá sker það ekki.“ [11]En sem þeir gengu og töluðust við, sjá, þá kom þar einn eldlegur vagn með eldlegum hestum og skildi svo með þeim. Og Elías fór í vindbylnum til himins. [12]Eliseus leit eftir honum og kallaði: „Minn faðir, minn faðir, Ísraels vagn og hans formaður!“ Og hann sá hann ekki meir.

Og hann tók sín klæði og hreif þau sundur í tvo hluti. [13]Og hann tók möttul Elie sem féll frá honum, hvarf aftur og kom til Jórdanar [14]og tók þann sama möttul Elie sem féll frá honum og sló á vatnið og sagði: „Hvar er nú DROTTINN Elie Guð?“ Og hann sló í vatnið. Þá skiptist vatnið í tvo hluti og Eliseus gekk yfir um.

[15]Nú sem spámannanna synir það sáu sem voru í Jeríkó gegnt honum þá sögðu þeir: „Andi Elie hvílir yfir Eliseo.“ Og þeir gengu í mót honum, lutu honum og féllu til jarðar. [16]Og þeir sögðu til hans: „Sjá, hér eru fimmtígi hraustra manna á meðal þinna þénara. Lát þá fara að leita eftir þínum herra. Ske má að DROTTINS andi hafi tekið hann og sett hann niður nokkurs staðar á eitthvert fjall eður nokkurs staðar í einn dal.“ Hann sagði: „Látið þá hvergi fara.“ [17]En þeir neyddu hann svo lengi að hann lét það eftir þeim og sagði: „Fari þeir.“ Og þeir sendu fimmtígi menn af stað og þeir leituðu eftir honum í þrjá daga og fundu hann hvergi. [18]Og þeir komu aftur til hans. Og hann var í Jeríkó og sagði til þeirra: „Sagði eg ei yður að þér skylduð hvergi fara?“

[19]Og borgarmenn sögðu til Eliseum: „Sjá, þessi staður er góður íbúðar svo sem minn herra sér. En hér er vont vatn og jörð mjög ófrjósöm.“ [20]Hann sagði: „Færið mér hingað eina nýja skál og látið salt í hana.“ Og þeir færðu honum skálina. [21]Síðan gekk hann út til uppsprettunnar og varpaði saltinu í hana og sagði: „Svo segir DROTTINN: Þetta vatn gjörða eg heilnæmt. Þar skal enginn dauði eða nokkurs háttar ófrjóleikur vera héðan í frá.“ [22]Svo varð vatnið heilnæmt allt til þessa dags eftir þeim orðum sem Eliseus hafði sagt.

[23]Og hann gekk upp til Betel. Og sem hann var kominn á veginn þá gengu þar smásveinar út af staðnum og hæddu hann og sögðu til hans. „Stíg upp, skalli, stíg upp, skalli!“ [24]og sem hann leit við og sá þá þá bölvaði hann þeim í nafni DROTTINS. Þá komu þar tvö bjarndýr úr skóginum og slitu tvo og fjörutígi af þessum smásveinum. [25]Og hann gekk þaðan upp á fjallið Karmel og sneri þaðan til Samaria.

3 Jóram son Akab varð kóngur yfir Ísrael í Samaria á því átjánda ári Jósafat kóngs Júda og ríkti tólf ár. [2]Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði, þó eigi so sem hans faðir og hans móðir. Því hann burt tók Baals skúrgoð sem hans faðir lét gjöra. [3]En þó gekk hann fram eftir syndum Jeróbóam sonar Nebat sem Ísrael kom til að syndgast og lét þar ekki af.

[4]Og Mesa Móabítakóngur hafði fjölda sauða. Hann greiddi skatt Ísraelskóngi, hundrað þúsund lambareyfi og reyfi af hundrað þúsund hrútum. [5]En sem Akab var dauður þá féll kóngur Moabitarum frá Ísraelskóngi. [6]Síðan fór Jóram kóngur út af Samaria á þeim sama tíma og safnaði að sér öllum Ísrael. [7]Og hann sendi burt til Jósafat kóngs í Júdag og lét segja honum: „Kóngur þeirra Moabitarum er fallinn frá mér. Kom með mér að berjast við þá Moabites.“ Hann svaraði: „Eg vil koma, eg er sem þú og mitt fólk svo sem þitt fólk og mínir hestar svo sem þínir hestar.“ [8]Og hann sagði: „Um hvern veg viljum við fara upp þangað?“ Hann sagði: „Á þann veg sem liggur um Edóms eyðimörk.“

[9]Svo ferðuðust þeir Ísraelskóngur og kóngur Júda og kóngurinn af Edóm. Og sem þeir höfðu flutt her sinn sjö daga í samt þá hafði herinn og það kvikfé sem var með þeim ekkert vatn. [10]Þá sagði Ísraelskóngur: „Ó vei, DROTTINN hefur kallað þessa þrjá kónga saman að hann gefi þá í hendur Moabitarum.“ [11]Jósafat svaraði: „Er hér enginn spámaður DROTTINS so vér megum spyrja DROTTIN að ráðum fyrir hann?“ Þá svaraði einn af Ísraelskóngs þénurum og sagði: „Hér er Eliseus son Safat sem gaf vatn á Elías hendur.“ [12]Jósafat sagði: „Hjá honum er orð DROTTINS.“ Svo fóru þeir Ísraelskóngur og Jósafat og Edómskóngur ofan til hans.

[13]Þá sagði Eliseus til Ísraelskóngs: „Hvað hefur þú með mig? Far burt til spámanna föðurs þíns og móður þinnar.“ Ísraelskóngur svaraði honum: „Nei, því að DROTTINN hefur samansafnað þessum þremur kóngum að hann gefi þá í hendur þeirra Moabitarum.“ [14]Eliseus svaraði: „Svo sannarlega sem DROTTINN Sebaót lifir fyrir hvers augliti eg stend: Ef eg sæja ekki Jósafats andlit Júdakóngs skydla eg þig hverki augum sjá né líta. [15]En kallið til mín þann mann sem vel leikur psalterium.“ Nú sem sá maður tók að leika þá kom DROTTINS hönd yfir hann. [16]Og hann sagði: „Svo segir DROTTINN: Gjörið grafir hér og hvar hjá þessum læk. [17]Því so segir DROTTINN: Þér skuluð hverki sjá vind né regn, þó skal þessi lækur verða fullur af vatni svo að þér, yðrir þénar-

ar og yðvart kvikfé skal drekka þar af. [18]Þar með er það lítilsvert fyrir DROTTIN, hann skal og gefa Moabitas í yðar hendur [19]svo að þér munuð slá allar þeirra sterkustu borgir og alla útvalda staði. Þér skuluð og upphöggva öll ávaxtarsöm tré og þér skuluð byrgja alla vatsbrunna og hylja grjóti alla ágæta akra.“ [20]Árla morguns, um fórnfæringartíma, sjá, þá kom þar rennanda vatn á vegi sem liggur frá Edóm og uppfyllti landið með vatn.

[21]En sem allir Moabiter spyrja þetta að kóngar voru komnir með her í mót þeim þá kölluðu þeir alla þá til samans sem vopnum gátu valdið og fluttu herinn til sinna landamerkja. [22]Snemma morguns tóku Moabite sig upp og sólin gekk upp og skein á vatnið og voru þá vötn þeim Moabitis svo rauð að sjá sem blóð væri. [23]Þá sögðu þeir: „Það er blóð, kóngarnir hafa barist sín á milli og drepist niður. Móab, far nú og tak herfang!“ [24]En sem þeir komu til Ísraels herbúða þá stóð Ísrael upp og sló þá Moabiter og þeir flýðu fyrir þeim. En þeir komu og slógu Móab [25]og niðurbrutu borgirnar og hver kastaði sínum steini á alla góða akra og fylltu þá af grjóti og þeir tilbyrgðu allar vatsuppsprettur og hjuggu niður öll góð tré svo lengi að þar var ekki eftir utan steinarnir af múrnum. Og þeir gáfu sig til hans með valslöngum og slógu hann.

[26]En sem Moabiterkóngur sá að í óefni var komið fyrir honum þá tók hann sjö hundruð manna til sín, þá inu fræknustu, og vildi brjótast fram í mót kónginum af Edóm. En þeir gátu það ekki. [27]Síðan tók hann sinn frumgetinn son hver að verða átti kóngur í hans stað og offraði honum upp á múrnum til brennioffurs. Þá varð Ísrael mjög reiður og þeir drógu frá honum og sneru aftur í sitt land.

4 Og ein af eiginkonum spámannasona kallaði til Eliseum og sagði: „Þinn þénari, minn bóndi, er andaður. Svo veist þú að hann, þinn þénari, óttaðist DROTTIN. Nú kom þar einn maður sem átti skuld hjá honum og vill taka báða mína sonu til þrældóms.“ [2]Eliseus svaraði henni: „Hvað skal eg gjöra þér? Seg mér, hvað hefur þú í þínu húsi?“ Hún svaraði: „Þín þénustukvinna hefur ekki í sínu húsi nema eina viðsmjörskrús.“ [3]Hann sagði: „Far þú, bið þær konur að næstar búa að þær léni þér tóm ker eigi allfá. [4]Og gakk inn og loka þú dyrunum að þér og þínum sonum og skuluð þér láta af þessu viðsmjöri í öll kerin. Og þá þau eru full þá set þau frá þér.“ [5]Hún fór og lokaði dyrunum að sér og sínum sonum. Þeir færðu kerin til hennar en hún hellti í þau. [6]En þá kerin voru full þá sagði hún til síns sonar: „Fá mér enn eitt ker.“ Hann svaraði: „Hér eru ekki fleiri til.“ Þá stóð viðsmjörið. [7]Og hún gekk út og kunngjörði þetta Guðsmanni. Hann svaraði: „Far nú og sel þitt viðsmjör og bitala það sem þú ert skyldug. Síðan skalt þú og þínir synir hafa yður til atvinnu það sem meira er.“

[8]Og það skeði eitt sinn að Eliseus gekk til Súnem. Þar bjó ein rík kvinna, hún hélt honum herbergi og hann tók sína fæðu hjá henni. Og sem hann fór nú oftlega þann veg þá tók hann gisting hjá henni og þá hennar fæðu. [9]Og hún sagði til síns bónda: „Sjá, eg merki að þessi Guðsmaður er heilagur sem jafnan á veg um vor hús. [10]Því vil eg við gjörum honum eitt lítið herbergi og þiljum það og búum honum þar sæng og sæti, borð og kertistiku svo að nær hann kemur til vor þá megi hann vera þar.“

[11]Og það skeði svo einn tíma að hann kom þar inn og lagði sig í herbergið og tók þar hvíld. [12]Þá sagði

hann til síns þénara Gíesí: „Kalla þú á þessa súnaversku kvinnu.“ Og sem hann kallaði á hana þá kom hún fram fyrir hann. [13]Hann sagði til hans: „Seg til hennar: Sjá, þú hefur veitt oss allan þennan góðvilja. Hvað vilt þú að eg gjöri þér? Hefur þú nokkurt erindi þá vil eg flytja það fyrir kónginn eða fyrir hershöfðingjann.“ Hún svaraði: „Eg bý á millum míns fólks.“ [14]Hann sagði: „Hvað vill hún þá af mér þiggja?“ Gíesí svaraði: „Herra, hún hefur öngvan son en hennar maður er gamall.“ [15]Hann sagði: „Kalla þú á hana.“ Og sem hann kallaði hana þá gekk hún framan í dyrnar. [16]Og hann sagði: „Á þessum sama tíma að árinu liðnu þá skalt þú taka einn son í fang.“ Hún svaraði: „Ó nei, minn herra, þú Guðsmaður, bið eg þú kallsir ekki þína ambátt.“ [17]Og kvinnan varð þunguð og fæddi einn son á þeim sama tíma að árinu liðnu so sem Eliseus hafði sagt henni.

[18]En nú sem þessi sveinn var vaxinn þá bar svo til að hann gekk út til síns föðurs til kornskurðarmanna. [19]Og hann sagði til síns föðurs: „Ó mitt höfuð, mitt höfuð!“ Hann sagði til síns þénara: „Ber hann til sinnar móður.“ [20]Og hann tók hann og færði hann til sinnar móður. Og hún lagði hann í sitt skaut allt til miðdags, þá andaðist hann. [21]Hún gekk upp og lagði hann í sæng Guðsmanns, lét aftur dyrnar og gekk út. [22]Og hún kallaði á sinn bónda og sagði: „Send þú mér einn af þénörunum með eina ösnu. Eg vil fara til Guðsmanns og koma aftur.“ [23]Hann sagði: „Því vilt þú fara, nú er hverki nýr mánuður né sabatsdagur?“ Hún sagði: „Það er vel.“ [24]Og hún lét söðla ösnu og sagði til þénarans: „Keyr fast og tef mig ekki á ferðinni, gjör sem eg segi þér.“ [25]Hún fór af stað og kom til guðsmanns á fjallið Karmel. Og sem Guðsmaður sá hana þá sagði hann til síns þénara Gíesí: „Sjá, sú Sunamitis er þar. [26]Far þú í mót henni og spyr hana að hvert allt gengur vel hennar manni og hennar syni?“ Hún sagði: „Vel.“ [27]En sem hún kom til Guðsmanns á fjallið þá hélt hún um hans fætur. Gíesí gekk að og vildi hrinda henni þar frá. En Guðsmaður sagði: „Lát hana kyrra því hún er harmþrungin en DROTTINN leyndi mig því og lætur mig ekki vita það.“ [28]Hún sagði: „Nær bað eg um einn son af mínum herra? Bað eg ekki að þú skyldir ekki blekkja mig?“ [29]Hann sagði til Gíesí: „Gyrð þínar lendar og tak minn staf í þína hönd, far af stað (ef þér mætir nokkur þá heilsa honum ekki en ef nokkur heilsar þér þá svara þú honum öngvu) og legg minn staf yfir ásjónu sveinsins.“ [30]Móðir piltsins sagði: „So sannarlega sem DROTTINN lifir og þín sál, eg fyrirlæt þig ekki.“ Hann stóð upp og gekk eftir henni. [31]En Gíseí rann undan þeim og lagði stafinn yfir sveinsins ásjónu en þar skipaðist ekki par við. Og hann rann í móti honum aftur, undirvísaði honum og sagði: „Eigi reis sveinninn upp.“ [32]En sem Heliseus kom í húsið, sjá, á lá sveinninn dauður á hans sæng. [33]Og hann gekk inn þangað og lokaði dyrnar að þeim báðum og bað til DROTTINS. [34]Og hann sté upp (í sængina) og lagði sig yfir sveininn og lagði sinn munn við barnsins munn og sín augu við barnsins augu og sínar hendur við þess hendur og breiddi sig yfir hann so að barnsins líkami varð varmur. [35]Og hann stóð upp aftur og gekk aftur og fram um húsið og sté upp í annað sinn og breiddi sig yfir hann. Þá hnerraði sveinninn sjö sinnum. Því næst upplauk hann sínum augum. [36]Og hann kallaði á Gíesí og sagði: „Kalla þá Sunamitis.“ Og sem hann kallaði hana gekk hún inn til hans. Hann sagði: „Sjá, tak þar þinn son.“ [37]Þá kom hún og féll til fóta honum og tilbað fallandi öll til jarðar.

Og hún tók sinn son og gekk út.
38Elisue skom aftur til Gilgal. Þá varð
hallæri í landinu og spámannanna
synir bjuggu fyrir honum. Og hann
sagði til síns þénara: „Lát upp einn
stóran ketil og bú til búðarvörð
handa sonum spámanna.“ 39Þá gekk
einn út á akurinn að safna saman
jurtum og fann villivínkvistu og tíndi
þar af sinn kyrtil fullan með villivín-
viðaranga . Og sem hann kom þá skar
hann það í ketilinn til búðarvörðs því
þeir vissu ei hvað það var. 40Og sem
það var upp látið fyrir fólkið og þeir
átu þar af þá kölluðu þeir upp og
sögðu: „Ó Guðsmaður, dauði er í katl-
inum!“ Því þeir gátu ekki etið þar af.
41Þá sagði hann: „Færið mér mjöl.“ Og
hann kastaði því í ketilinn og sagði:
„Gefið nú fólkinu so það megi eta.“ Þá
var ekkert banvænt í katlinum.

42Og þar kom einn maður af Baal
Salísa færandi guðsmanni tuttugu
byggbrauð af sínum fyrsta ávexti í
sínu klæði og nýtt mjöl. En hann
sagði: „Gef þetta fólkinu að eta.“
43Hans þénari svaraði: „Hvernin skal
eg kunna að gefa það hundrað mönn-
um?“ Hann sagði: „Gef þú fólkinu svo
það neyti. Því að svo segir DROTTINN:
Menn munu eta og mun þó af ganga.“
44Hann lagði það fyrir þá og þeir átu
allir og þó gekk þar af eftir orði
DROTTINS.

5 Naaman hershöfðingi kóngsins í
Syria, hann var mikill maður og
máttugur og heiðarlegur haldinn fyr-
ir sínum herra. Því DROTTINN gaf far-
sæld í Syria fyrir hann og hann var
mikill hermaður en þó var hann lík-
þrár. 2Og víkingar af Syria höfðu herj-
að og höfðu hertekið eina unga mey
af Ísraelslandi hver að þjónaði Naam-
ans kvinnu. 3Hún talar so fyrir sinni
frú: „Guð gæfi að væri minn herra hjá
þeim spámanni sem er í Samaria, þá
mundi hann lækna hann af sinni lík-
þrá.“ 4Þá gekk (Naaman) inn fyrir
sinn herra og sagði honum: „Ein mær
af Ísraelslandi hefur svo og svo
talað.“ 5Kóngurinn svaraði: „Svo far
þú þangað, eg vil skrifa bréf til Ísrael-
skóngs.“

Og hann ferðaðist af stað og tók
með sér tíu centener silfurs og sex
þúsund gyllini og tíu hátíðadagsklæði
6og færði bréfið Ísraelskóngi. Þar stóð
þetta á: „Þá þetta bréf kemur til þín,
sjá, þá skalt þú vita að eg hefi sent
minn þénara Naaman til þín so að þú
gjörir hann heilan af sinni líkþrá.“ 7En
sem Ísraelskóngur hafði lesið bréfið
þá reif hann sín klæði og sagði: „Er eg
þá Guð svo eg megi deyða og lífga að
hann sendir til mín að eg skuli gjöra
þann mann heilan af sinni líkþrá?
Hugleiðið og skoðið hverra tilefna
hann leitar í móti mér.“

8Þegar Eliseus Guðsmaður heyrði
þetta að Ísraelskóngur hafði í sundur
rifið sín klæði þá sendi hann til hans
og lét segja honum: „Því reifst þú í
sundur þín klæði? Lát hann koma til
mín svo hann megi vita að hér er einn
spámaður í Ísrael.“ 9Svo kom Naaman
með sínum hestum og vögnum og
stóð fyrir Elisei húsdyrum. 10Þá sendi
Eliseus til hans og lét segja honum:
„Far þú og þvo þig sjö sinnum í ánni
Jórdan. Svo skal þitt hold verða heilt
og muntu hreinsast.“ 11Naaman varð
við þetta reiður, sneri í burt og sagði:
„Eg hugði að hann mundi ganga út til
mín og fara og ákalla nafn DROTTINS
síns Guðs og hafa hendur á mínum
líkama og lækna so líkþrána. 12Eru
ekki þau vötn Abana og Parpar í
Damasco betri en öll vötn í Ísrael svo
eg hefði mátt þvo mig í þeim og verða
hreinn?“ Og hann snerist til burtferð-
ar með reiði. 13Þá gengu að honum
hans sveinar, töluðu við hann og
sögðu: „Kæri faðir, þó að spámaður-
inn hafi boðið þér eitthvað torvelt þá
hæfði þér að gjöra það. Hvað miklu

framar nú það hann sagði til þín: Þvo þér og munt þú verða hreinn?“ [14]So fór hann ofan og þvoði sig sjö sinnum í Jórdan svo sem Guðsmaður hafði sagt og hans líkami varð skær líka sem eitt barnshold og hann varð hreinn.

[15]Og hann hvarf aftur til Guðsmanns með öllu sínu föruneyti. Og sem hann kom in þá gekk hann fram fyrir og sagði: „Sjá, eg veit sannlega að þar er enginn Guð í öllum löndum utan í Ísrael. Svo þigg nú þessa blessan af þínum þénara.“ [16]Hann svaraði: „So sannlega sem DROTTINN lifir fyrir hverjum eg stend, eg þigg það ekki.“ Og hann neyddi honum þar til en Guðsmaður vildi þess síður. [17]Þá sagði Naaman: „Leyfist ekki þínum þénara að taka af þessari jörðu so mikið sem tveir múlar mætti bera? Því að þinn þénari skal héðan í frá ekki færa fórnir eða brennifórnir annarlegum guðum heldur DROTTNI. [18]En það fyrirláti DROTTIN mér að eg tilbið hann í Rimmons húsi þá minn herra gengur inn í Rimmons hús að biðjast þar fyrir og hann styður sig við mína hönd.“ [19]Hann svaraði honum: „Far þú í friði.“

[20]Og sem hann var farinn frá honum eina mílu vegar þá sagði Gíesí þénari Elisei Guðsmanns: „Sjá, minn herra vægði þessum sýrlenska Naeman og hann vildi ekki þiggja neitt af honum það hann færði hönum. Svo sannarlega sem DROTTINN lifir, eg vil fara eftir honum og fá nokkuð af honum.“ [21]Síðan rann Gíesí eftir Naeman. En sem Naeman sá sér eftirför veitta þá stökk hann úr kerunni í móti honum og mælti: „Haga eg mér ei sem eg skylda?“ [22]Hann svaraði: „Já. Minn herra sendi mig til þín að eg skyldi segja þér: Sjá, nú strax komu tveir sveinar af spámannanna sonum til mín frá Efraímsfjalli. Gef þeim eitt centener silfurs og tvenn helgradagaklæði.“ [23]Naeman svaraði: „Tak þú heldur tvö centener.“ Og hann neyddi hann til að hann tók tvö centener silfurs í tveimur sekkjum og tvenn hátíðaklæði og skipaði til tvo af sínum sveinum, þeir báru það fyrir honum. [24]Og sem hann kom til Ófel þá tók hann það af þeirra höndum og lagði afsíðis í húsið en lét mennina fara aftur. [25]En sem þeir voru í burtu þá gekk hann inn fyrir sinn herra. Og Eliseus sagði til hans: „Hvaðan komst þú Gíesí?“ Hann sagði: „Þinn þénari hefur hvergi farið.“ [26]Hann svaraði: „Mundi mitt hjarta ekki fara þá maðurinn spratt úr kerunni og rann í móti þér? Var nú tími að taka silfur og klæðnað að kaupa þér með garða viðsmjörs og víns, sauði, naut, þræla og ambáttir? [27]En Naemans líkþrá skal festast við þig og þitt afkvæmi ævinlega.“ Og han gekk út frá honum snjóhvítur af líkþrá.

6 Spámannasynir sögðu til Elisei: „Sjá, þessi staður þar vér búum hjá þér er oss of þrönglendur. [2]Vér viljum fara til Jórdanar og taki hver sér þar tré svo vér mættum byggja oss þar bústað.“ En hann svaraði: „Farið þangað.“ [3]Og einn sagði: „Bið eg að þú viljir fara með þínum þénurum.“ Hann sagði: „Eg vil fara með yður.“ [4]Og hann fór með þeim. En sem þeir komu til Jórdanar tóku þeir til að höggva viðina. [5]Maður einn var að höggva tré, þá hraut öxin í vatnið. En hann kallaði upp og sagði: „Aví, minn herra, auxin hraut í vatnið! Þar með var mér léð hún.“ [6]Og Guðsmaður svaraði: „Hvar féll hún niður?“ Og hann vísaði honum það. Þá hjó hann eitt tré og snaraði því þangað, þá flaut öxin upp að trénu. [7]Og hann sagði: „Tak hana aftur.“ Og hann rétti út hönd sína og tók aftur öxina.

[8]Og það skeði svo að kóngurinn af Sýrlandi stríddi á Ísrael og ráðgaðist

við sína þénara og sagði: „Vér viljum setja vorar herbúðir hér og þar.“ [9]En Guðsmaður sendi til Ísraelskóngs og lét undirvísa honum: „Vara þig og far ekki til þess staðar því að Syri eru þar fyrir.“ [10]Þá sendi Ísraelskóngur burt til þess staðar sem Guðsmaður sagði honum, forsvaraði hann og hélt þar vaktara og gjörði það ekki eitt sinn eður tvær reisur einskostar.

[11]Kóngsins hjarta af Syria felmtraði við þetta og hann kallaði saman sína þénara og sagði til þeirra: „Vilji þér ekki segja mér hver af voru liði mun flúinn til Ísraelskóngs?“ [12]Þá sagði einn af hans þénurum: „Ekki er svo, minn herra kóngur, heldur Eliseus sá spámaður í Ísrael, hann segir Ísraelskóngi allt það sem þú talar í þínu svefnherbergi.“ [13]Hann sagði: „Farið og vitið hvar hann er svo eg megi senda þangað og láta taka hann.“ Og þeir undirvísuðu honum og sögðu: „Sjá, hann er í Dótan.“ [14]Þá sendi kóngurinn þangað hesta og vagna og mikinn styrk síns herliðs. Og sem þeir komu þar um nótt slógu þeir herskildi um borgina.

[15]En sem þénari Guðsmanns stóð upp mjög árla gekk hann út og sjá, þá sá hann her manna girða um borgina öllumegin með hestum og vögnum. Og þénarinn kunngjörði honum og sagði: „Aví, minn herra, hvað skulu við aðhafast?“ [16]Hann sagði: „Óttast ekki því að þeir eru fleiri sem oss veita lið heldur en þeir sem eru með þeim.“ [17]Og Eliseus féll til bænar og sagði: „DROTTINN, lúk upp hans augum að hann megi sjá.“ Og DROTTINN upplauk sveinsins augum og hann sá og sjá, að fjallið var fullt umbergis Eliseum af eldlegum hestum og vögnum. [18]Og er þeir komu niður til hans bað Elisei til DROTTINS og sagði: Slá þetta fólk með blindu! Og DROTTINN sló þá með blindu eftir Elisei orðum. [19]Og Eliseus sagði til þeirra: „Ekki er þetta vegurinn né sú borgin. Fylgið mér, eg vil vísa yður til þess manns sem þér leitið eftir.“ Og hann leiddi þá til Samariam.

[20]En sem þeir voru komnir í Samariam sagði Eliseus: „DROTTINN, lúk þú nú upp þeirra augum svo að þeir megi sjá.“ Og DROTTINN upplauk þeirra augum so þeir sáu og sjá, þeir voru í miðri Samaria. [21]En Ísraelskóngur, sem hann sá þá, þá sagði hann til Eliseum: „Minn faðir, skal eg slá þá?“ [22]Hann svaraði: „Ekki skalt þú slá þá en þá sem þú tekur með sveðri þínu og boga, þá sömu mátt þú slá. Set brauð og vatn fyrir þá so þeir megi eta og drekka og lát þá síðan fara til síns herra.“ [23]Þá var búin til mikil máltíð. Og sem þeir höfðu etið og drukkið þá lét hann þá fara og þeir drógu til síns herra. Og aldrei síðan kom sá stríðsher sýrlenskra í Ísraelsland.

[24]Og eftir þetta skeði svo að Benhadad kóngur af Syria dró saman allan sinn her og fór upp og settist um Samariam. [25]Og þar varð mikið hallæri í Samaria. Og þeir sátu um staðinn svo lengi að eitt asnahöfuð var selt fyrir áttatígi silfurpeninga og einn fjórðungur af kab með dúfnadrit var keypt fyrir fimm silfurpeninga. [26]En sem Ísraelskóngur gekk á múrnum kallaði ein kvinna til hans og sagði: „Hjálpa þú mér, minn herra kóngur!“ [27]Hann sagði: „Hjálpar ekki DROTTIN þér? Hvar með skal eg hjálpa þér? Af kornhlöðunni eða af vínþrúgunni?“ [28]Og kóngurinn sagði til hennar: „Hvað skaðar þig?“ Hún sagði: „Þessi kvinna sagði til mín: Gef þinn son fram og etum hann í dag en á morgun viljum við að við etum minn son. [29]Svo höfum við matgjört og etið minn son. Og eg sagði til hennar á öðrum degi: Tak nú þinn son og lát hann hingað so að við etum hann. En hún hefur falið sinn son.“ [30]En sem

kóngurinn heyrði kvinnunnar orð reif hann sín klæði þá hann gekk á múrnum. Þá sá allt fólkið að hann var klæddur í sekk innst klæða. [31]Og hann sagði: „Guð gjöri mér það og það ef höfuð Elisei sonar Safat skal vera í dag á honum!“

[32]Og Eliseus sat í sínu húsi og öldungarnir sátu hjá honum. Og kóngurinn sendi einn mann undan sér. En áður en sendimaðurinn kom til hans þá sagði hann til öldunganna sem hjá honum sátu: „Viti þér ekki að þessi manndrápasonurinn hefur sent hingað að sníða af mér mitt höfuð? Sjáið til þegar sendimaðurinn kemur, þá látið aftur dyrnar og leyfið honum ei inn að ganga. Sjá, hans herra kemur skjótt eftir honum.“ [33]En sem hann var þetta að tala við þá, sjá, þá kom sendimaðurinn til hans og sagði: „Sjá, slíkt illt kemur af DROTTNI. Hvað skal eg meir vona til DROTTINS?“

7 En Eliseus sagði: „Heyrið orð DROTTINS: Svo segir DROTTINN: Á morgun um þennan tíma skal einn mælir similiumjöls seljast fyrir einn sekel og tveir mælir byggs fyrir einn sekel í borgarhliði Samaria.“ [2]Þá svaraði einn af höfðingjum við hvers hönd að kóngurinn studdi sig og sagði til Guðsmanns: „Þó að DROTTINN gjöri glugga á himninum hvernin má þetta verða?“ Hann sagði: „Þú skalt það sjá með þínum augum og ekki eta þar af.“

[3]Og þar voru fjórir líkþráir menn úti fyrir borgarhliði. Þeir talast við sín á milli og segja svo: „Því viljum vér hér heljar bíða? [4]Þó vær viljum fara í borgina þá er þar hallæri og hungur so vér munum deyja þar. Ef bíðum vér hér þá munum vér og so deyja. Förum vér til herbúða þeirra sýrlenskra. Ef þeir láta oss lifa þá lifum vér en slái þeir oss í hel þá erum vér dauðir.“ [5]Þeir stóðu upp nær dögun og fóru að herbúðum sýrlenskra. Og sem þeir komu að þeim fremstu herbúðum, sjá, þá var þar enginn maður. [6]Því að DROTTINN hafði látið þá Syros heyra hestahneggjan, vagnagný og ókyrrleik óflýjanda hers so að hver sagði til annars: „Sjáið, Ísraelskóngur hefur leigt (sér til liðs) í móti oss Hethiters kóng og kóngana af Egyptalandi og eru þeir nú komnir yfir oss.“ [7]Og þeir hlupu upp og flúðu í dögunina frá sínum tjaldbúðum, hestum, ösnum og öllu því sem í herbúðum var að bjarga lífinu. [8]Nú sem þeir líkþráu menn komu í þær herbúðir er næst voru þá gengu þeir í eina tjaldbúðina, átu og drukku og tóku þar silfur, gull og klæðnað, gengu í burt og geymdu það. En sem þeir komu aftur gengu þeir í aðra tjaldbúð og báru þaðan slíkt og gengu burt og geymdu.

[9]Að síðustu töluðu þeir með sér: „Ei gjörum vér rétt. Þessi dagur er mikillra fagnaðartíðinda. Ef vér bíðum og þegjum allt til bjarts dags á morgun þá finnst vor misgjörningur. Fyrir því förum aftur, komum og kunngjörum þetta í kóngsins húsi.“ [10]Og sem þeir komu að porti borgarinnar kölluðu þeir á hliðvörslumenn borgarinnar og sögðu: „Vér komum í herbúðir þeirra Syris og sjá, þar var enginn maður og einskis manns mál heyrðu vér þar. En hestar og asnar voru bundnir og tjaldbúðirnar sem þær stóðu.“ [11]Þá kölluðu hliðverðir borgarinnar og kunngjörðu þetta inn í kóngsins höll. [12]Sem kóngurinn heyrði þetta stóð hann upp um nóttina og sagði til sinna þénara: „Eg kann segja yður hvað þeir Syri hafa gjört oss. Þeir vita að vér erum mjög að þrotum komnir af hungri. Því eru þeir farnir frá herbúðum og leynast í mörkum úti og hugsa að þá er vér göngum út af staðnum þá ætla þeir að höndla oss lifandi og komast so í borgina.“ [13]Þá

svaraði einn af hans þénurum og sagði: „Tökum vér þá fimm hesta sem afgangs eru hjá oss, hverjir að eftir eru (sjá, þeir eru eftir orðnir af öllum þeim fjölda í Ísrael var, hinir eru í burt) og sendum þá á njósn þangað.“ 14Síðan tóku þeir tvo vagna og hesta og sendu til sýrlenskra herbúða og sögðu: „Farið og skoðið.“ 15Og sem þeir fóru af stað komu þeir á þeirra för allt til Jórdanar og sjá, um alla vegu lágu ker og klæði er Syri höfðu kastað frá sér í flóttanum. En sem sendimenn komu aftur undirvísuðu þeir þetta kónginum. 16Gekk þá fólkið út og rænti herbúðir þeirra Syris. Og á þessum sama degi gekk mælir similumjöls fyrir einn sekel silfurs og tveir mælir byggs fyrir einn sekel eftir orðum DROTTINS.

17En kóngurinn tilsetti þann hertuga að vera í borgarhliði við hvers hönd kóngur hafði stutt sig og fólkið fóttrað hann til bana í borgarhliðinu svo sem Guðsmaður hafði sagt þá kóngurinn gekk ofan til hans. 18Og það skeði sem Guðsmaður sagði til kóngsins þá hann svo sagði: „Á morgun um þennan tíma skulu tveir mælir byggs kaupast fyrir einn syclum og einn mælir similiu mjöls skal og gilda einn syclum í Samaria borgarhliði.“ 19En þessi hertugi hafði svarað Guðsmanni og sagt: „Sjá, þó að DROTTINN gjörði glugga á himninum, hvernin má þvílíkt ske?“ Hann svaraði: „Sjá, þú skalt með þínum augum horfa á það en ekki eta þar af.“ 20Og það skeði so það hann varð fóttroðinn af fólkinu í borgarhliðinu og hann lét lífið.

8 Eliseus talaði við þá kvinnu hverrar son hann hafði lifanda gjört og sagði: „Tak þig upp og far héðan með þínu hyski og vert útlend hvar þú kannt því að DROTTINN mun láta koma hallæri yfir þetta land í sjö ár.“ 2Kvinnan bjó sig og gjörði sem guðsmaður sagði og fór burt með sínu hyski og útlendist í landi Philistinorum í sjö ár. 3En að þeim sjö árum liðnum þá kom kvinnan aftur af landi Philisteis. Og hún gekk út að kalla til húss síns og akurs fyrir kóngi. 4En kóngurinn var þá á tali við Guðsmanns þénara Gíesí og sagði: „Framseg þú mér öll þau stórmerki sem Eliseus hefur gjört.“ 5Og í því bili sem hann sagði kóngi hvernin hann hafði reist mann af dauða, sjá, þá kom sú kvinna í þann sama punkt hverrar son að lifandi var orðinn og kallaði á kóng um sitt hús og akra. Þá sagði Gíesí: „Minn herra kóngur, þessi er sú kvinna og þessi er hennar son sem Eliseus lífgaði.“ 6Þá spurði kóngurinn kvinnuna og hún sagði honum það. Síðan fékk kóngurinn til einn gelding og sagði honum: „Lát hana fá aftur allt það henni tilheyrir, so og alla ávöxtu hennar akra frá því hún flýði landið og allt til þessa.“

7Og Eliseus kom til Damascum. Þá lá Benhadad Sýrlandskóngur sjúkur og honum var undirvísað að Guðsmaður væri kominn þangað. 8Þá sagði kóngurinn til Hasael: „Far og tak gjafir með þér og gakk í mót Guðsmanni og spyr DROTTIN að fyrir hann og seg: Mun eg verða heill minnar sóttar?“ 9Hasael gekk í mót honum og tók gáfur með sér af allsháttuðum gersemum í Damasco og klyfjaði fjörutígi úlfalda þar með. En sem hann kom gekk hann inn til hans og sagði: „Þinn sonur Benhadad kóngur í Syria sendi mig til þín og lætur segja þér: Mun eg verða heill þessa sjúkdóms?“ 10Eliseus svaraði honum: „Far og seg honum: Þú skalt verða heill. En DROTTINN hefur sýnt mér að hann muni vissulega deyja.“ 11Og Guðsmaður hryggðist, bar sig illa og grét út af. 12Þá sagði Hasael til hans: „Því grætur minn herra?“ Hann svaraði: „Því eg veit

hverja illa hluti þú munt gjöra Ísraelssonum. Þú munt uppbrenna þeirra styrkvar borgir með eldi og slá þeirra æskumenn í hel með sverði og deyða þeirra ungbörn og í sundurrífa þeirra þungaðar kvinnur.“ 13Hasael svaraði: „Hvað! Er þinn þénari einn hundur að hann skuli gjöra svo stóra hluti?“ Eliseus sagði: „DROTTINN hefur opinberað mér það að þú skulir verða kóngur í Syria.“

14Eftir þetta gekk hann frá Eliseo og kom til síns herra. Og hann spurði hann að: „Hvað sagði Eliseus þér?“ Hann svaraði: „Hann sagði mér að þér skyldi batna.“ 15En annars dags þar eftir tók hann eitt sængarklæði og dýfði því í vatn og breiddi það yfir sig. Síðan dó hann. En Asahel varð kóngur í hans stað.

16Á því fimmta ári Jórams kóngs sonar Akab í Ísrael varð Jóram son Jósafat kóngur í Júda. 17Hann hafði tvo vetur um þrítugt þá hann varð kóngur og ríkti átta ár í Jerúsalem 18og leiddi sitt líf á Ísraelskónga vegum so sem Akabs hús gjörði. Því dóttir Akabs var hans kvinna og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði. 19En DROTTINN vildi ekki afmá Júda sökum síns þénara Davíðs svo sem hann hafði talað til hans og lofað að efa honum ætíð eitt ljós á meðal hans sona.

20En á hans tíma féllu Edómítar frá Júda og settu einn kóng yfir sig. 21Því að Jóram fór um Seír og allir vagnarnir með honum og hann tók sig upp um nótt og sló þá Edomiter sem voru í kringum hann, svo og líka höfðingja yfir vögnunum so að fólkið flýði til sinna heimila. 22Þá féllu Edómítar frá Júda allt til þessa dags. Og Líbna féll og svo frá á þeim sama tíma. 23Hvað meir er að segja um Jóram og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 24Og Jóram andaðist með sínum feðrum og var jarðaður í borg Davíðs. En hans son Ahasía varð kóngur eftir hann.

25Á því tólfta ári Jóram sonar Akab Ísraelskóngs varð Ahasía son Jóram kóngur í Júda. 26Ahasía hafði tvo um tvítugt þá hann varð kóngur og ríkti eitt ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Atalja dóttir Amrí Ísraelskóngs. 27Og hann gekk á vegum Akabs hús og gjörði það sem DROTTNI illa líkaði eins og Akabs hús. Því hann var mægður Akabs húsi.

28Og hann fór í stríð með Jóram syni Akab á móti Hasael kóngi af Sýrlandi til Ramót í Gíleað. En þeir sýrlensku slógu Jóram. 29Þá sneri Jóram kóngur aftur og lét lækna sig í Ísrael af þeim sárum sem þeir Syri höfðu veitt honum í Ramót þá hann barðist við kónginn af Syria. Og Ahasía sonur Jóram Júdakóngur fór ofan til fundar við Jóram son Akab til Jesreel því hann var krankur.

9 Og Eliseus spámaður kallaði á einn af spámannasonum og sagði til hans: „Gyrð þínar lendar og tak þessa viðsmjörskrús með þér og far til Ramót í Gíleað. 2Og þá þú kemur þangað þá munt þú þar sjá Jehú son Jósafat, sonar Nimsí. Gakk þú þar inn og bjóð þú honum að standa upp á meðal sinna bræðra og leið hann inn í það innsta herbergi. 3Og tak viðsmjörskrúsina og helltu henni yfir hans höfuð og seg: Svo segir DROTTINN: Eg hefi smurt þig til kóngs yfir Ísrael. Og þú skalt uppláta dyrnar og flýja og tefja ekki við.“

4Spámannaþénarinn fór til Ramót í Gíleað. 5Og sem hann kom þangað, sjá, þá sátu hershöfðingjarnir þar sem settir voru yfir herinn. Og hann sagði: „Eg hefi nokkuð erindi við þig, höfðingi.“ Jehú svaraði: „Við hvern á meðal vor allra?“ Hann sagði: „Við þig, þú höfðingi.“ 6Þá stóð hann upp

og gekk inn með honum í herbergið
og hellti viðsmjörinu yfir hans höfuð
og sagði til hans: „So segir DROTTINN
Ísraels Guð: Eg hefi smurt þig til
kóngs yfir DROTTINS fólk Ísrael. 7Og
þú skalt slá hús Akab þíns herra so eg
hefni spámannanna blóðs, minna
þénara, og allra DROTTINS þénara
blóðs af Jesabels hendi, 8svo að allt
Akabs hús eyðileggist. Og eg vil upp-
ræta af Akab hvert mannsbarn, þann
innilukta og þann síðasta í Ísrael. 9Og
eg vil gjöra Akabs hús eins so sem hús
Jeróbóam sonar Nebat og so sem hús
Baesa sonar Ahía. 10Og hundar skulu
upp éta Jesabel á Jesreels akri og
enginn skal jarða hana.“ Og að so töl-
uðu lét hann upp dyrnar og strauk út.

11En sem Jehú gekk út til síns herra
þénara þá sögðu þeir til hans:
„Hversu gengur? Því kom þessi hinn
galni til þín?“ Hann svaraði þeim:
„Þér þekktuð manninn vel og svo
hvað hann sagði.“ 12Þeir svöruðu:
„Það er ekki satt. Seg þú oss það.“
Hann sagði: „Svo og so talaði hann til
mín og sagði: Svo segir DROTTINN: Eg
hefi smurt þig til kóngs yfir Ísrael.“
13Þá hlupu þeir til og hver tók sín
klæði og breiddu þau undir hann á
þár hávu tröppur og blésu í lúðra og
sögðu: „Jehú er orðinn kóngur!“

14Eftir þetta samtók Jehú son Jósa-
fat, sonar Nimrí, það að veita mót-
gang Jóram. Jóram hafði setið um Ra-
mót í Gíleað með allan Ísrael móti Ha-
sael kóngi af Sýrlandi 15og Jóram kon-
ungur var þá kominn aftur að láta
græða sig í Jesreel af þeim sárum sem
Syri veittu honum þá hann barðist við
Hasael kóng af Syria. Og Jehú sagði:
„Ef yður svo líst þá skal enginn undan
komast af staðnum að bera njósn um
þetta til Jesreel.“ 16Og hann lét færa
sig til Jesreel því að Jóram lá þar. So
og var Ahasía kóngur Júda ofan far-
inn að sjá Jóram. 17En sem njósnar-
maðurinn sem var í Jesreels borgar-
turni sá flokk Jehú komanda þá sagði
hann: „Eg sé hóp manna.“ Þá svaraði
Jóram: „Kalla þú á einn reiðmann og
send í móti þeim og lát hann spyrja
þá að hvert þeir fara með friði.“
18Sendimaðurinn reið í móti honum
og sagði: „So segir kóngurinn: Fari
þér með friði?“ Jehú svaraði: „Hvað
varðar þig um frið? Snú þér og fylg
mér.“ Njósnarinn kunngjörði það og
sagði: „Sendimaður kom til þeirra og
kemur ekki aftur.“ 19Þá sendi hann
einn annan mann á hesti. Og sem
hann kom til hans sagði hann: „Svo
segir kóngurinn: Er friður?“ Jehú
sagði: „Hvað liggur þér magt á friði?
Snú þú aftur og fylg mér.“ 20Njósnar-
maðurinn kunngjörði það og sagði:
„Hann kom til þeirra og kemur ekki
aftur. Og líkt þyki mér að hér fari
Jehú son Nimsí því hann fer með
mikilli flýti.“ 21Þá sagði Jóram: „Búið
til minn vagn og spannið fyrir mína
hesta.“ Og þeir spenntu fyrir vagn-
ana. Og þeir ferðuðust út, Jóram
Ísraelskóngur og Ahasía Júdakóngur,
hvor á sínum vagni til móts við Jehú.
Og þeir fundu hann á akri Nabót Jes-
reeliter. 22Og þá Jóram sá Jehú sagði
hann: „Hvert er friður, Jehú?“ Hann
svaraði: „Hvaða friði? Enn nú vara
hórdómar móður þinnar Jesabel og
hennar fjölkynngi.“ 23Þá sneri Jóram
sinni hendi og flýði og sagði til
Ahasía: „Svik eru á ferðum, Ahasía!“
24Og Jehú þreif einn boga og laust öru
í millum herða Jóram so að pílan
flaug í gegnum hans hjarta og hann
steyptist áfram í kerrunni. 25Og Jehú
sagði til eins höfðingja síns sem hét
Bídikar: „Tak hann og snara þú hon-
um á akurpart Nabót Jesreeliter. Því
að það man eg að við fórum í einum
vagni eftir hans föður og DROTTINN
upplyfti þessum þunga yfir hann,
hvað skal gilda, sagði DROTTINN: 26Eg
vil bitala þér á þessum akri Nabóts
blóð og hans sona sem eg sá í gær?“

Þar fyrir tak hann nú og kasta honum
á akurinn eftir orðum DROTTINS.“
27En sem Ahasía Júdakóngur sá það
þá flýði hann á veginn til nokkurs
grasgarðs húss. En Jehú sótti eftir
honum og bauð og svo að drepa hann
og hann fór eftir honum allt til Súr
sem liggur hjá Jiblaam. En hann flýði
til Megiddó og dó þar. 28En hans
sveinar fluttu lík hans til Jerúsalem
og jörðuðu hann í sinni eigin gröf
með hans forfeðrum í borg Davíðs.
29En Ahasía tók ríki yfir Júda á því
ellefta ári Jóram sonar Akab.
30En sem Jehú kom til borgarinnar
Jesreel og Jesabel fornam það smurði
hún sitt andlit og prýddi sitt höfuð og
gægðist út um vindaugað. 31En sem
Jehú kom undir staðarportið sagði
hún: „Gekk vel Simrí sem að drap
sinn herra?“ 32Og Jehú leit upp að
glugganum og sagði: „Hver er þar hjá
mér?“ Þá sneru sér tveir eða þrír
geldingar til hans. 33Hann sagði: „Hr-
indið henni ofan.“ Og þeir köstuðu
henni ofan fyrir múrinn svo að henn-
ar blóð hraut á veggina og á hestana
og hestar tróðu hana undir fótum.
34En sem hann var inn kominn og
hafði etið og drukkið sagði hann:
„Farið og sjáið þá inu bölvuðu og
jarðið hana því hún er kóngsdóttir.“
35En sem þeir fóru af stað og vildu
jarða hana fundu þeir ekki par af
henni utan hausskelina og fæturnar
og hennar lófa. 36Og þeir komu aftur
og kunngjörðu það kónginum. Hann
svaraði: „Þetta er það sem DROTTINN
talaði fyrir sinn þénara Eliam Thesbit-
en, segjandi: Hundar skulu éta Jes-
abels hold á Jesreels akri.“ 37Svo varð
Jesabels hræ líka sem óþekkt á akri, á
Jesreels akri, svo að enginn mætti
það segja: „Þetta er Jesabel.“

10 Akab átti sjötígi sonu í Sam-
aria. Og Jehú skrifaði bréf og
sendi í Samariam til þeirra yppurstu
af þeim stað Jesreel og til þeirra elstu
og til þeirra sem fóstruðu sonu Akab,
svo látandi: 2 „Þá þessi bréf koma til
yðar, þér sem hafið yðars herra sonu
hjá yður, vagna víghesta, sterkar
borgir og vopnabúnað, 3þá sjáið yður
um hver yður líst best fallinn af son-
um yðar herra, þá setjið hann í
tignarsæti hans föðurs og stríðið svo
fyrir yðars herra húsi.“ 4En þeir urðu
mjög óttaslegnir og sögðu: „Sjá, tveir
kóngar gátu ekki staðið á móti hon-
um. Hvað munum vér þá mega standa
honum í móti?“ 5Og þeir sem voru
settir yfir húsið og yfir borgina og
þeir elstu og þeir sem fóstruðu sonu
Akab sendu aftur til Jehú og létu
segja honum: „Vér erum þínir þjónar,
vér viljum gjöra hvað helst sem þú
segir oss. Öngvan viljum vér til kóngs
setja. Gjör hvað best líkar þér.“ 6Eftir
þetta skrifaði hann annað bréf til
þeirra, svo látanda: „Svo framt sem
þér eruð mínir og vilji þér hlýða mín-
um orðum þá hálshöggvið alla sonu
yðars herra og færið mér þeirra höf-
uð á morgun um þetta mund til Jes-
reel.“ En kóngsins synir voru sjötígir
og þeir inu yppustu í staðnum fóstr-
uðu þá upp. 7Nú sem bréfið kom til
þeirra þá tóku þeir strax kóngsins
syni og drápu í einu sjötígi menn og
lögðu þeirra höfuð í karfir og sendu
þau til hans í Jesreel.
8Og sem sendimaður kom undirvís-
aði hann honum og sagði að kóngsins
sona höfuð væri komin. Hann svar-
aði: „Leggið þau í tvær hrúgur fyrir
portdyrum til morguns.“ 9En sem
hann gekk út um morguninn gekk
hann þangað og sagði til alls fólksins:
„Þér eruð réttlátir. Sjá, hafi eg gjört
uppreist í móti mínum herra og drep-
ið hann, hver hefur þá slegið alla
þessa í hel? 10So sjáið nú að þar er
ekki neitt af DROTTINS orði fallið á
jörð sem DROTTINN talaði á móti
Akabs húsi og DROTTINN hefur gjört so

sem hann talaði fyrir sinn þjón Eliam.“ 11Svo sló Jehú þá alla í hel þá sem eftirlifðu af Akabs húsi í Jesreel, alla hans gæðinga og alla hans frændur og hans presta, so lengi að þar varð ekki einn eftir.

12Og hann tók sig upp og fór af stað og kom til Samariam. Þar var eitt fjárhús á veginum. 13Þar fann Jehú Ahasía Júdakóngs bræður og sagði: „Hverjir eru þér?“ Þeir svöruðu: „Vér erum Ahasie bræður og viljum nú fara ofan að heilsa sonum kóngs og drottningarinnar.“ 14Og hann sagði: „Handtakið þá lifandi.“ Og þeir tóku þá lifandi og drápu þá hjá þeim brunni sem stóð hjá fjárhúsinu, tvo menn hins fimmtatigar, og þar lifði ekki einn eftir af þeim.

15En sem hann ferðaðist þaðan fann hann Jónadab son Rekab hver eð mætti honum og hann heilsaði honum og sagði til hans: „Er þitt hjarta rétt so sem mitt hjarta er með þínu hjarta?“ Jónadab svaraði: „Já.“ Hann mælti: „Sé það so, þá gef mér þína hönd.“ Og hann rétti honum höndina. Og hann tók han til sín og lét hann setjast upp hjá sér í vagninn 16og sagði: „Far með mér og sjá kapp míns vandlætis vegna DROTTINS.“ Og þeir fluttu hann með honum á hans eigin vagni. 17En sem hann kom í Samariam þá sló hann þá alla í hel sem þar voru og eftirlifðu af Akabs hyski, allt þar til þar var ekki eitt mannsbarn eftir lifandi, eftir þeim orðum sem DROTTINN sagði til Eliam.

18Og Jehú samansafnaði öllu fólkinu og lét segja til þeirra: „Akab dýrkaði Baal lítt, Jehú vill þjóna honum betur. 19Þar fyrir látið nú kalla saman hingað til mín alla Baals spámenn, alla hans þénara og alla hans presta svo að ei verði einn eftir. Því að eg hefi mikið offur að fórnfæra Baal. En sá sem ekki kemur hann skal missa lífið.“ En Jehú gjörði þetta til klókleika svo að hann fengi eyðilagt alla Baals þénara. 20Og Jehú sagði: „Helgið Baal þessa hátíð.“ Og þeir kölluðu þá saman. 21Og Jehú sendi til allra Ísraelíta og lét alla Baals þénara koma svo að þar sat ekki einn eftir sem ekki kom. Og þeir komu í Baals hof svo að húsið varð fullt sem mest mátti inni vera. 22Þá sagði hann til þeirra sem að settir voru fyrir skrúðahúsin: „Berið framklæði handa öllum Baals þénurum.“ Og þeir báru út klæðin. 23Þá gekk Jehú inn í Baals kirkju með Jónadab syni Rekab og sagði til hans: „Rannsakið og sjáið til að hér sé enginn þénari DROTTINS á meðal yðar heldur alleinasta Baals þénarar.“ 24En sem þeir komu inn að færa offur og brennifórnir þá setti Jehú áttatígir menn fyrir utan dyrnar og sagði: „Ef þér látið nokkurn af þeim mönnum undan komast sem eg gef nú undir yðar hendur þá skal þess sama líf vera í veði fyrir hann sem í burtu sleppur.“ 25En sem lokið var að fórnfæra þá sagði Jehú til sinna höfðingja og stríðsmanna: „Farið nú inn og drepið þá alla saman og látið öngvan komast út.“ Og þeir slógu þá alla með sverðseggjum og riddararnir og kapparnir köstuðu þeim burt. Og þeir gengu til Baals kirkju borgar 26og niðurbrutu og útbáru skúrgoðin af Baals kirkju og uppbrenndu þau. 27Og þeir brutu í sundur Baals skúrgoð með Baals hofi og gjörðu eitt saurugt náðhús þar af allt til þessa dags.

28Svo eyðilagði Jehú Baal af Ísrael. 29En Jehú lét ekki af Jeróbóams syndum sonar Nabat hver að Ísrael kom til að syndgast með þeim gullkálfum sem að stóðu í Betel og Dan. 30Og DROTTINN sagði til Jehú: „Sökum þess að þú hefur svo mikla stund lágt á að gjöra það sem mér hefur vel líkað og þú gjörðir í mót Akabs húsi allt það sem í mínu hjarta bjó þá skulu þínir synir sitja á Ísraels stóli inn til fjórða

liðs.“ 31En það geymdi Jehú ekki að
hann varðveitti að ganga í DROTTINS
Guðs Ísraels lögmáli af öllu sínu
hjarta því hann linnti ekki af Jeró-
bóams syndum sem kom Ísrael til að
syndgast.
32Á þeim sama tíma tók DROTTINN til
að láta sér leiðast Ísrael. Því Hasael
sló þá í öllum Israelis landsálfum 33frá
Jórdan mót sólarinnar uppkomu og
allt land Gíleað, Gað, Rúben og
Manasse, frá Aróer sem liggur hjá
Arnonlæk og Gíleað og Basan.
34En hvað meira er að segja af Jehú
og allt það hann hefur gjört og öll
hans magt, sjá, það er skrifað í Ísrael-
skónga kroníku. 35Og Jehú sofnaði
með sínum feðrum og þeir jörðuðu
hann í Samaria. Og Jóakas hans son
varð kóngur í hans stað. 36En sá tími
sem Jehú ríkti yfir Ísrael í Samaria
voru átta og tuttugu ár.

11 En Atalía móðir Ahasía þá hún
sá að sinn sonur var dauður
tók hún sig upp og lét drepa allt kon-
unglegt kyn. 2En Jóseba, dóttir Jóram
kóngs, Ahasía systir, hún tók Jóhas,
son Ahasía, og kom honum leynilega
undan frá kóngsins sonum sem í hel
voru slegnir með hans fóstru í eitt
svefnherbergi. Og hann var geymdur
fyrir Atalía svo hún gat ekki deytt
hann. 3Og hann var fæddur upp á
laun með sinni fóstru í húsi DROTTINS
sex ár. En Atalía var drottning í
landinu.
4En á því sjöunda ári sendi Jójada út
og tók til sín þá inu yppustu hund-
raðshöfðingja, höfuðsmenn og stríðs-
menn og bauð þeim að koma til sín í
DROTTINS hús og gjörði sáttmál við þá
og tók einn eið af þeim í DROTTINS
húsi og sýndi þeim kóng síns son. 5Og
hann bauð þeim og sagði: „Þetta er nú
það sem þér skuluð gjöra. Þriðji
partur af yður skal ganga á þvottdeg-
inum og halda vörð yfir kóngsins
húsi. 6En annar flokkur skal vera hjá
því porti Súr og hinn þriðji flokkur
hjá því porti sem liggur á bak stríðs-
mannabúðum. Þér skuluð og so halda
vörð yfir Massa húsi. 7En tvær sveitir
af yður öllum á þvottdegi skulu ætíð
halda vörð og fylgd kóngi í húsi
DROTTINS. 8Og þér skuluð vera í kring-
um kónginn, allir vopnaðir. Og ef
nokkur gengur inn um garð muster-
isins sá skal dauða deyja. En þér skuluð
vera hjá kónginum ætíð nær hann
gengur út og inn.“
9Og hundraðshöfðingjarnir gjörðu
allt það sem Jójada prestur bauð þeim
og þeir tóku sína menn að sér, þeir
sem inngengu í hátíðarhaldið, með
þeim sem útgengu frá hátíðarhaldinu
og komu til Jójada prests. 10En
presturinn fékk hundraðshöfðingjun-
um spjót og skjöldu sem átt hafði
Davíð kóngur og varðveitt voru í húsi
DROTTINS. 11Og fylgdarmenn stóðu í
kringum kónginn, hver með sinni
verju í sinni hendi, frá því hægra
horni hússins og að því vinstra horni
á mót altarinu og í kringum húsið.
12Og hann leiddi kóngsins son fram.
Og hann setti kórónu á hann og af-
henti honum vitnisburðinn og þeir
settu hann til kóngs og glöddust með
fagnaði og klöppuðu lófum saman og
sögðu: „Vor kóngur fái lukku!“
13En sem Atalía heyrði hark og há-
reysti fólksins þá kom hún með öðru
fólki í DROTTINS hús 14og sást um og
sjá, þá stóð kóngurinn við stólpann so
sem siður var til en söngvararnir og
spilmennirnir stóðu hjá kónginum og
allt landsfólkið var fagnandi og blésu
í básúnir. Þá reif Atalía í sundur í sín
klæði og sagði: „Svikræði, svikræði!“
15En Jójada prestur bauð þeim hund-
raðshöfðingjum hverjir að settir voru
yfir herinn og sagði til þeirra: „Leiðið
hana út af musterinu í garðinn og ef
nokkur fylgir henni þá drepið hann
með sverði.“ Því presturinn hafði

sagt: „Hún skal ekki deyja í DROTTINS húsi.“ [16]Og þeir lögðu hendur á hana og þeir færðu hana á þann veg sem kallast Hestahlið og liggur til kóngsins garðs og þar drápu þeir hana.

[17]Þá gjörði Jójada eitt sáttmál á millum DROTTINS og kóngsins og fólksins að þeir skyldu vera DROTTINS fólk. Svo og gjörði hann sáttmála í millum kóngsins og fólksins. [18]Eftir það gekk allt landsfólkið í Baals kirkju og niðurbraut hans altari og niðurbraut hans bílæti ofan í grunn og þeir slógu Natan Baals prest í hel fyrir altarinu. Og kennimaðurinn setti fyrirsjónarmenn yfir DROTTINS hús. [19]Og hann tók hundraðshöfðingjana og hermenn og allt fólkið landsins og þeir færðu kónginn ofan frá DROTTINS húsi og komu á veginn þann sem lá frá skutulsveinaportinu til kóngsins húss og hann setti sig í kóngsins hásæti. [20]Og allur landslýður varð glaður og borgin stöðvaðist. En þeir slógu Athaliam til dauðs hjá kóngsins húsi. [21]Og Jóas var sjö ára gamall þá hann tók kóngdóm.

12 Á því sjöunda ári Jehú varð Jóas kóngur og ríkti fjörutígir ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Sibea af Bersaba. [2]Og Jóas gjörði það sem rétt var og DROTTNI vel þóknaðist so lengi sem Jójada prestur lærði hann, [3]utan það að hann tók ekki í burt hæðirnar því að fólkið færði fórnir og brenndu reykelsi á hæðunum. [4]Og Jóas sagði til kennimannanna: „Allir þeir peningar sem helgaðir verða og berast í DROTTINS hús sem eru gengir og í gildi, þeir peningar sem hver maður gefur fyrir sinni sálu og allir þeir peningar sem hver maður gefur með sínum sjálfsvilja, að þeir skulu berast í DROTTINS hús, [5]þá taki prestarnir þá til sín, hver af sínum kunningjum. Og af því skulu þeir endurbæta hrörnandi hluti í DROTTINS húsi og sem þeir fórnina umbótar við þurfi.“ [6]En þá prestarnir höfðu ekki endurbætt það sem brotið var á DROTTINS húsi á því þriðja og tuttugasta ári Jóas kóngs [7]þá kallaði Jóas kóngur Jójada kennimann og alla prestana með honum fyrir sig og sagði til þeirra: „Því hafi þér ekki endurbætt það sem eg bauð yður á DROTTINS húsi? En frá þessu skal enginn yðar taka peninga af sínum kunningja. En leggið það fram til musterisins forbetrunar.“ [8]Og þetta samþykktu prestarnir að þeir skyldu öngva peninga taka af fólkinu og bæta þó það sem þurfti af musterinu.

[9]Þá tók Jóadas prestur eina féhirslu og gjörði eitt gat þar ofan upp á og setti hana hægra megin altarisins þar sem inn var gengið í DROTTINS hús. Og þeir prestar sem geymdu dyrnar lögðu þar í alla þá peninga sem gefnir urðu til DROTTINS húss. [10]En sem þeir sáu að þar var allmikið fé til samans komið þá kom kóngsins skrifari og sá ypparsti kennimaður þar upp og bundu féð til samans og reiknuðu það sem fundið var í DROTTINS húsi. [11]Og þeir lögðu féð til kostnaðar trésmiðum og öðrum smiðum sem smíðuðu að DROTTINS húsi, [12]múrmeisturum og steinklöppörum og að kaupa með tré og höggna steina svo að allt það sem brotið var á DROTTINS húsi skyldi endurbætast og allt það sem þeir fundu að þörf var að endurbætast skyldi á húsinu. [13]En þó lét hann ekki gjöra silfurskálir, psalterium, munnlaugar, hljóðfæri eða nokkur ker af gulli eður silfri í DROTTINS húsi af þeim peningum sem bárust til húss DROTTINS [14]heldur var það gefið þeim arfiðismönnum að þeir skyldu þar með endurbæta það sem brotið var af húsi DROTTINS. [15]En eigi stóðu þeir menn reikningsskap sem útgáfu féð smiðunum heldur höndluðu þeir á sína trú. [16]En það fé sem gafst í mis-

verkabætur eður syndaoffur, það var ekki borið í DROTTINS hús því að það heyrði prestunum til.

[17]Á þeim tíma fór Hasael kóngurinn af Syria og herjaði á borgina Gat og hann vann hana. En sem Hasael sneri sér og ætlaði að fara upp til Jerúsalem [18]þá tók Jóas Júdakóngur allt (gull og silfur) það sem hans foreldrar, Jósafat, Jóram og Ahasía kóngar í Júda, höfðu helgað og það hann hafði sjálfur helgað, þar til allt það gull sem menn fundu í DROTTINS húss féhirslu og í kóngsins húsi og sendi til Hasael Sýrlandskóngs. Við það hvarf hann frá Jerúsalem.

[19]Hvað meira er að segja um Jóas og allt það sem hann gjörði, það er skrifað í Júdakónga kroníku. [20]Og hans eigin þénarar tóku sig upp og gjörðu uppreist í gegn honum og drápu hann í húsinu Milló á þeim vegi ofan til Silla. [21]Því að Jósabar son Símeat og Jósabad son Sómer, hans eigin þénarar, þeir slógu hann í hel. Og hann var jarðaður með hans forfeðrum í Davíðs stað. Og Amasía hans son varð kóngur í hans stað.

13 Á því þriðja og tuttugasta ári Jóas, sonar Ahasía, Júdakóngs, varð Jóakas sonur Jehú kóngur yfir Ísrael í Samaria í seytján ár. [2]Og hann framdi það sem DROTTNI illa líkaði og gekk eftir syndum Jeróbóam sonar Nebat sem kom Ísrael til að syndgast og hann lét ekki þar af. [3]Og reiði DROTTINS gramdist yfir Ísrael og hann gaf þá undir hendur Hasaels kóngs af Syria og Benhadad sonar Hasael so lengi sem þeir lifðu. [4]En Jóakas baðst fyrir í augliti DROTTINS og DROTTINN bænheyrði hann. Því hann sá Israelis ánauð, hvernin að kóngurinn af Syria þrengdi þeim með margháttuðum aga og ófriði. [5]Og DROTTINN gaf Ísrael einn hjálparmann sem þá frelsti af valdi sýrlenskra so að Ísraelssynir bjuggu í sínum tjaldbúðum eins og áður. [6]En þó lögðu þeir ekki af Jeróbóams syndir hver eð Ísrael kom til að syndgast heldur gengu þeir fram í þeim. Því að þar stóð einn blótskógur í Samaria. [7]Og þar var ekki fleira eftir orðið af Jóakas fólki heldur en fimmtígi riddarar, tíu vagnar og tíu þúsund fótgönguliðs. Því að Sýrlandskóngur hafði fyrirkomið þeim öllum og hafði gjört þá sem agnir í sumarhlöðu.

[8]Hvað meira er að segja um Jóakas og allt hvað hann gjörði og hver hans magt var, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. [9]Og Jóakas sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í Samaria. Og hans son Jóas tók kóngdóm eftir hann.

[10]Á því seytjánda og tuttugasta ári Jóas Júdakóngs varð Jóas son Jóakas kóngur yfir Ísrael í Samaria sextán ár. [11]Og hann gekk illa í augliti DROTTINS því hann fylgdi Jeróbóams syndum sem kom Ísrael til að syndgast og hann gekk fram í þeim. [12]En hvað meira er að segja um Jóas og hvað hann gjörði og hans magt og hvernin hann stríddi með Amasía Júdakóng, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. [13]Og Jóas sofnaði með sínum feðrum. Og Jeróbóam sat á hans stóli. En Jóas var jarðaður í Samaria hjá Ísraelskóngum.

[14]Og það skeði að Guðsmaður Eliseus varð sjúkur so hann andaðist af þeirri sótt. Og Jóas Ísraelskóngur kom ofan til hans og grét fyrir honum og sagði: „Minn faðir, minn faðir, Israelis vagn og hans stjórn!“ [15]En Eliseus svaraði honum: „Tak þinn boga og örvar.“ Og sem hann tók bogann og örvarnar [16]og hann sagði til Ísraelskóngs: „Spanna þú upp bogann með þinni hendi.“ Og hann uppspannaði hann. Síðan lagði Eliseus sína hönd upp á kóngsins hönd [17]og sagði: „Opna glugginn í mót austri.“

Og hann opnaði glugginn. Þá sagði Eliseus: „Skjót þar út ör af boganum.“ Og hann skaut. Þá sagði Eliseus: „Sigurskeyti DROTTINS, ein sigurör í mót Syris! Og þú munt slá Syros í Afek þar til þeir verða að öngvu!“ 18Og hann sagði: „Tak nú pílurnar.“ Og sem hann tók þær sagði hann til Ísraelskóngs: „Slá þú nú á jörðina.“ Og hann sló í þrjár reisur og lét þá af. 19Það mislíkaði Guðsmanni við hann og sagði: „Hefðir þú slegið fimm eða sex sinnum þá skyldir þú hafa slegið þá Syris þar til þeir hefðu orðið að öngvu en nú munt þú slá þá í þrjár reisur.“

20En sem Eliseus var nú andaður og þeir höfðu jarðað hann þá féllu víkingar Moabitarum inn í landið á því sama ári. 21Og það skeði svo að þeir jörðuðu einn mann. Og sem þeir sáu víkinga köstuðu þeir manninum í Elisei gröf. Og sem hann féll niður og kom við bein Elisei þá varð hann lifandi og stóð upp á sínar fætur.

22Svo kvaldi nú Hasael kóngurinn af Syria Ísraelslýð svo lengi sem Jóakas lifði. 23En DROTTINN var þeim náðugur og sá aumur á þeim og sneri sér til þeirra sökum síns sáttmála sem hann hafði gjört við Abraham, Ísak og Jakob og vildi ekki eyða þeim og kastaði þeim ei frá sínu andliti allt til þessa dags.

24Og Hasael Sýrlandskóngur andaðist og hans son Benhadad varð kóngur í hans stað. 25Og Jóas snerist við og vann þær borgir af Benhadad Hasaelsonar hendi sem hann hafði með örlögum undir sig tekið frá Jóakas síns föðurs hendi. Og í þrjár reisur sló Jóas hann og vann aftur borgirnar Israeli.

14 Á öðru ári Jóas sonar Jóakas Ísraelskóngs varð Amasía son Jóas kóngur yfir Júda. 2Hann hafði fimm um tvítugt þá hann varð kóngur og ríkti níu og tuttugu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Jóada af Jerúsalem. 3Og hann gjörði það sem DROTTNI vel líkaði en þó ei með öllu sem hans faðir Davíð heldur so sem hans faðir Jóas. 4Því að hann tók ekki niður þær hæðir heldur leið hann að fólkið offraði og brenndi reykelsi enn nú á hæðum. 5En sem hann varð nú megtugur í sínu kóngsríki þá tók hann af lífi þá þénara sem slegið höfðu hans föður í hel. 6En sonu þessara manndrápara drap hann ekki eftir því sem það stendur skrifað í Móses lögbók þar DROTTINN bauð so og sagði: „Foreldrarnir skulu ekki deyja fyrir ranglæti barnanna og eigi börnin fyrir ranglæti foreldranna heldur skal hver og einn deyja fyrir sína sök.“ 7Hann sló og tíu þúsund af þeim Edomiter í þeim Saltdal og vann borgina Sela með stríði og kallaði hana Jakteel inn til þessa dags.

8Síðan sendi Amasía menn til Jóas, sonar Jóakas, sonar Jehú, kóngsins í Ísrael, með þeim boðum: „Kom hér og sjái hver okkar annan.“ 9En Jóas Ísraelskóngur sendi boð til Amasía Júdakóngs og lét segja honum svo: „Þistillinn sem er í Líbanon sendi boð til sedrustrésins í Líbanon með þessum orðum: Gef þú mínum syni þína dóttir til eiginkonu. En villidýrin í Líbanonskógi fóru til og tróðu þistilinn undir fótum. 10Þú hefur slegið þá Edomiter og því stærist þitt hjarta? Halt þú heiðri þínum og sit heima. Eða því sækir þú eftir ólukku svo að þú fallir og Júda með þér?“

11En Amasía hlýddi ekki þessum boðum. Svo fór Jóas Ísraelskóngur upp og þeir sáust, hann og Amasía Júdakóngur, í Bet Semes sem liggur í Júda. 12En Júda féll fyrir Ísrael svo að hver flýði til síns heimilis. 13Og Jóas Ísraelskóngur handtók Amasía Júdakóng, son Jóas, son Ahasie, í Bet Semes. Og hann kom til Jerúsalem og reif niður Jerúsalems múrveggi frá

Efraímsporti og allt til hornhliðs, fjögur hundruð álna langt. 14Og hann tók allt gull og silfur og þau ker sem fundust í DROTTINS húsi og alla fésjóðu úr kóngsins herbergi. Hér með tók hann og hans börn í gísling og fór svo aftur í Samariam. 15Hvað meira er að segja af Jóas, hvað hann gjörði og hver hans styrkur var og í hvern máta að hann stríddi í mót Amasía Júdakóngi, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 16Og Jóas sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í Samaria á meðal Israeliskónga. Og hans son Jeróbóam varð kóngur eftir hann.

17Amasía, son Jóas, kóngur Júda, lifði eftir dauða Jóas, sonar Akas, Ísraelskóngs, fimmtán ár. 18Hvað meira er að segja af Amasía, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 19Og þeir báru ráð saman í móti honum í Jerúsalem. En hann flýði til Lakís. Þá sendu þeir eftir honum til Lakís og drápu hann þar. 20Og þeir færðu hann á hestum og hann var greftraður í Jerúsalem hjá hans forfeðrum í Davíðsstað. 21Og allur Júdalýður tók Asaría til kóngs þá hann var sextán vetra gamall í staðinn síns föðurs Amasía. 22Hann byggði upp Elat og lagði hann aftur til Júda eftir það kóngurinn var sofnaður með sínum feðrum. 23Á fimmtánda ári Amazie sonar Jóas kóngsins í Júda varð Jeróbóam son Jóas kóngur yfir Ísrael í Samaria eitt og fjörutígi ár. 24Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði og lét ekki af öllum syndum Jeróbóam sonar Nebat hver að Ísrael kom til að syndgast. 25En hann vann aftur Ísraels landamerki frá Hemat og inn til hafsins sem að liggur við eyðimörku eftir DROTTINS Ísraels Guðs orði sem hann talaði fyrir sinn þénara Jóna spámann son Amitaí sem var af Gat Hefer. 26Því DROTTINN leit til Israelis ánauðar vesaldar, að þeir inniluktu og fyrirlátnu í burtu voru og þar var enginn sem hjálpaði Ísrael. 27En DROTTINN hafði ekki sagt að hann vildi eyðileggja Ísraels nafn undir himninum og því hjálpaði hann þeim fyrir Jeróbóam son Jóas.

28Hvað meira er að segja um Jeróbóam og allt það hann gjörði og hans hernaður og hvernin hann vann aftur Damscum og Hamt í Júda til Ísrael, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 29Og Jeróbóam sofnaði með sínum feðrum Ísraelskóngum. Og hans son Sakaría varð kóngur í hans stað.

15 Á því sjöunda og tuttugasta ári Jeróbóams Israeliskóngs tók Asaría sonur Amasía kóngdóm yfir Júda. 2Og hann var sextán ára gamall þá hann var til kóngs kjörinn og hann ríkti tvö og fimmtígi ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Jekalja af Jerúsalem. 3Og hann gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist í allan máta sem hans faðir Amasía 4fyrir utan það að hann aftók ekki hæðirnar. Því fólkið offraði enn þá og brenndi reykelsi á hæðum. 5En DROTTINN sló kónginn svo hann varð líkþrár allt til síns dauðadægurs og bjó einslega í einu sérlegu herbergi. En Jótam kóngson stjórnaði kóngsins húsi og dæmdi fólkið í landinu. 6Hvað meira er að segja um Asaría og allt hvað hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 7Og Asaría sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í Davíðsstað. En hans son Jótam varð kóngur í hans stað.

8Á því þrítugasta og áttunda ári Asaría Júdakóngs varð Sakaría son Jeróbóam kóngur yfir Ísrael í Samaria sex mánaði. 9Og hann gjörði það sem DROTTNI mislíkaði eins og hans forfeður höfðu gjört. Hann lét ekki af syndum Jeróbóam sonar Nebat hver að kom Ísrael til að syndgast. 10Og

Sallúm son Jabes reis upp í móti honum og sló hann fyrir fólkinu og drap hann og tók kóngdóm eftir hann. 11Hvað fleira er að segja af Sakaría, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 12Og þetta er það orð sem DROTTINN talaði til Jehú: „Þínir þénarar skulu sitja á Ísraels stóli inn til fjórða liðs.“ Og það skeði so.

13Og Sallúm son Jabes tók kóngdóm á því nítjánda og tuttugasta ári Asaría kóngs Júda og ríkti einn mánuð í Samaria. 14Því að Manahem son Gaddí fór upp frá Tirsa og kom til Samariam og sló Sallúm son Jabes í hel í Samaria og varð kóngur í hans stað. 15Hvað meira er að segja af Sallúm og um þau ráð sem hann samanbar, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 16Á þeim tíma sló Manahem borg Tiipsa og alla þá sem voru þar inni og hennar landamerki af Tirsa fyrir því að þeir vildu ekki láta upp borgarhlið fyrir honum. Og hann drap allar þungaðar kvinnur og sneið þær í sundur.

17Á því nítjánda og tuttugasta ári Asaría Júdakóngs varð Manahem son Gaddí kóngur yfir Ísrael og ríkti tíu ár í Samaria. 18Og hann gekk vondslega í augliti DROTTINS því han lét ekki af syndum Jeróbóam sonar Nebat í öllum sínum dögum hver eð kom Ísrael til að syndgast. 19Og Púl, kóngurinn af Assyria, kom þá í landið og Menahem skenkti Púl þúsund centener silfurs að hann héldi með honum og styrkti hann til ríkis. 20Og Menahem lagði fégjöld á þá ríkustu í Ísrael svo að hver af þeim skyldi gefa fimmtígi siclos silfurs kónginum af Assyria. Síðan dró kóngur af Assyria heim aftur og staðnæmdist ekki lengi í landinu. 21Hvað meira er að segja um Menahem og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku. 22Og Menahem sofnaði með sínum forfeðrum og Pekaja hans son tók kóngdóm eftir hann. 23Á því fimmtuganda ári Asaría kóngs í Júda tók Pekahía son Menahem kóngdóm yfir Ísrael í Samaria og var kóngur í tvö ár. 24Hann gjörði það sem DROTTNI illa þóknaðist því að hann féll ekki frá syndum Jeróbóam sonar Nebat sem Ísrael kom til að syndgast. 25En Peka son Remalie, einn hans hertugi, gjörði uppreist í móti honum og sló hann til dauðs í kóngsins sal í Samaria með Argób og Aríe og aðra fimmtígi menn með honum af Gíleaðssonum og hann varð kóngur í hans stað. 26Hvað meira er að segja af Pekahía og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku.

27Á því öðru og fimmtuganda ári Asaría kóngs Júda varð Peka son Remalía kóngur yfir Ísrael í Samaria í tuttugu ár. 28Og hann gjörði illt í augliti DROTTINS því hann lét ekki af syndum Jeróbóam sonar Nebat sem að Ísrael kom til að syndga.

29En í Peka Ísraelskóngs tíð kom Tíglat Pillesser kóngur af Assúr og vann Híon, Abel Bet Maaka, Janóa, Hedes, Hasór, Gíleað, Galilea og allt land Neftalí og flutti fólkið burt til Assyriam. 30En Hósea son Ela bar ráð saman móti Peka syni Remalía og sló hann í hel og varð kóngur í hans stað á því tuttugasta ári Jótam sonar Úsía. 31Hvað meira er að segja um Peka og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Ísraelskónga kroníku.

32Á því öðru ári Peka sonar Remalía Ísraelskóngs tók kóngdóm Jótam sonur Úsía Júdakóngs. 33Og hann var fimm og tuttugu ára gamall þá hann varð kóngur og hann ríkti sextán ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Jerúsa, dóttir Sadók. 34Og hann gekk fram í því sem DROTTNI vel líkaði eftir fótsporum Úsía föðurs síns 35nema það að hann braut ekki niður hæðirnar því fólkið offraði enn þá og brenndi reykelsi á hæðum uppi. Hann

uppbyggði hærra portið á húsi DROTTINS. 36Hvað meira er að segja um Jótam og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 37Á þeim tíma hóf DROTTINN upp að senda í ríki Júda Resím kóng af Syria og Peka son Remalía. 38Og Jótam sofnaði með sínum feðrum og varð jarðaður hjá sínum feðrum í borg síns föður Davíðs og Akas hans son tók ríki eftir hann.

16 Á seytjánda ári Peka sonar Remalía tók Akas sonur Jótam kóngdóm í Júda. 2Akas var tuttugu ára gamall þá hann varð kóngur og hann ríkti sextán ár í Jerúsalem. Og hann gjörði ekki það sem DROTTNI líkaði so sem hans faðir Davíð 3því að hann gekk á vegum Ísraelskónga. Þar til með lét hann sinn son fara í gegnum eldinn eftir heiðingjanna svívirðingum hverja að DROTTINN hafði útrekið fyrir Ísraelssonum. 4Og hann færði fórnir og brenndi reykelsi á hæðum og hálsum og undir hverjum blómguðu tré.

5Á þeim tíma fóru þeir Resín, kóngur af Syria, og Peka son Remalía, kóngur af Ísrael, upp að berjast á Jerúsalem og þeir settust um Akas en þeir gátu ekki unnið hann. 6Á þeim sama tíma vann Resín kóngur af Syria borg Elot aftur undir Syriam en rak á burt Gyðinga af borg Elot. En þeir Syri komu og unnu borgina og búa þar allt til þessa dags. 7Akas sendi boð til Tíglat Pillesser kóngsins af Assyria og lét segja honum: „Eg er þinn þénari og þinn son. Þar fyrir kom upp til mín og hjálpa mér af hendi þeirra Sýrlandskóngs og Ísraelskóngs hverjir upp hafa reist sig á móti mér.“ 8Og Akas tók allt það silfur og gull sem fannst í húsi DROTTINS og í féhirslum kóngsins herbergis og sendi þetta kónginum af Assyria til einnrar skenkingar. 9Og kóngurinn af Assyria hlýddi honum og dró upp til Damaskum og vann hana og flutti á burt borgarmennina til Kír og sló Resín í hel.

10En Akas kóngur dró í mót Tíglat Pillesser kónginum af Assyria til Damascum. Og sem hann sá þar eitt altari það sem var í Damasco þá sendi kóng Akas alla mynd þess altaris og hvernin það var gjört til Úría kennimans. 11Og Úría prestur byggði eitt altari og gjörði það eftir því sem Akas kóngur sendi honum frá Damasko þar til að kóng Akas kom frá Damasco. 12En sem kóngurinn kom frá Damsco og sá altarið þá færði hann fórnir þar yfir 13og upptendraði þar á sínar brennifórnir og matoffur og hellti þar yfir sínu drykkjaroffri og lét stökkva þakkoffursins blóði af því sem hann offraði yfir altarið. 14En koparaltari það sem stóð fyrir DROTTNI tók hann á burt svo það skyldi ekki standa á millum altarisins og DROTTINS húss og setti það utan hjá altarinu til norðurs. 15Og Akas konungur bauð Úría kennimanni og sagði: „Þú skalt uppkveikja brennioffur á því stóra altari um mornana og matoffur á kveldin og kóngsins brennioffur og hans matoffur og allt fólksins brennioffur í landinu með þeirra matoffri og drykkjaroffri og þú skalt stökkva öllu brennioffursins blóði og allra annarra fórna blóði þar upp á. En eg vil sjálfur hugsa hvað eg vil gjöra af því koparaltari.“ 16Úría kennimaður gjörði allt það sem kóng Akas bauð honum.

17Og kóng Akas braut síðurnar af stólunum og tók kvernunar þar ofan af. Og hann tók hafið af þeim koparuxum sem þar voru undir og setti það niður á bert steingólfið, 18so og þau sabbatstjöldin sem þeir höfðu byggt í húsinu og hann sneri þeim vegi frá kóng síns húsi til DROTTINS húss, kónginum af Assyria til vilja.

[19]En hvað meira er að segja um
Akas, hvað hann gjörði, sjá, það er
skrifað í Júdakónga kroníku. [20]Og
Akas sofnaði með sínum feðrum og
var jarðaður í hjá sínum feðrum í
borg Davíðs. En Esekías hans son tók
ríki eftir hann.

17 Á því tólfta ári Akas Júda-
kóngs varð Hósea son Ela
kóngur yfir Ísrael í Samaria í níu ár.
[2]Og hann gjörði illa hluti í augliti
DROTTINS en þó ekki sem Ísraels-
kóngar þeir sem fyrir honum voru.
[3]En það skeði að Salmanesser kóngur
af Assyria dró upp í mót honum og
Hósea varð honum handgenginn og
hann gaf honum skatta. [4]En sem
Assyriakóngur fékk að vita að Hósea
vildi bregða við hann sáttmálinu og
hann hefði sent boð til Só kóngsins af
Egyptalandi og sendi ekki kónginum
af Assyria sína skatta árlega sem
hann var vanur þá settist kóngur af
Assyria um hann, yfirvann hann og
lagði í fangelsi. [5]Síðan fór Assyria-
kóngur um allt land og til Samariam-
borgar og sat um hana í þrjú ár. [6]En á
því níunda ári Hósea vann kóngurinn
af Assyria Samariam og flutti Ísrael í
burt í Assyriam og setti þá í Hala og
Habor hjá því vatni Gósan og í borgir
Medorum.

[7]Því að á þeim tíma sem Ísraelssynir
syndguðust í mót DROTTNI þeirra Guði
hver að fært hafði þá af Egyptalandi
af kóng phraonis valdi og þeir dýrk-
uðu annarlega guði [8]og gengu eftir
heiðingjanna siðum en DROTTINN
hafði útrekið fyrir Ísraelssonu og so
sem Ísraelskóngar gjörðu. [9]Og
Ísraelssynir fegruðu sínar sakir á
móti DROTTNI sínum Guði þær þó sem
ekki voru góðar, sem voru þessar að
þeir byggðu hof og hæðir í öllum
borgum, bæði á köstulum og í sterk-
um stöðum. [10]Og þeir uppreistu alls
staðar bílæti og blótskóga á hæðum
og undir öllum blómguðum trjám [11]og
þeir brenndu þar reykelsi alls staðar á
hæðum eins og heiðingjar hverja
DROTTINN hafði útrekið frá þeim. Og
þeir gjörðu alls konar glæpi með
hverjum þeir styggðu DROTTIN til reiði
[12]og þjónuðu skúrgoðum um hvað að
DROTTINN hafði sagt til þeirra: „Eigi
skulu þér gjöra þvílíkt.“ [13]Og þá
DROTTINN vitnaði í Ísrael og í Júda
fyrir alla spámenn og sjáendur og lét
segja þeim: „Snúið frá yðrum vondum
vegum og haldið mín boðorð og
réttindi eftir því lögmáli sem eg bauð
yðrum feðrum og so sem eg sendi til
yðar fyrir spámennina, mína þénara.“
[14]En þeir voru honum ekki hlýðugir
heldur harðsvíruðust eins og þeirra
forfeður sem ekki trúðu á DROTTIN
þeirra Guð. [15]Hér með fyrirlétu þeir
hans boðorð og hans sáttmála sem
hann gjörði við þeirra forfeður og
hans vitnisburð sem hann vitnaði á
meðal þeirra og gengu í sínum hé-
góma og voru skynsemdarlausir líka
sem heiðingjar þeir sem að bjuggu í
kringum þá, um hverja að DROTTINN
bauð þeim að þeir skyldu ekki gjöra
sem þeir. [16]En þeir yfirgáfu öll boðorð
DROTTINS þeirra Guðs og gjörðu sér
tvo steypta kálfa og uppsettu lunda
og tilbáðu allan himinsins her og
þjónuðu Baal **Exódus 32:8** [17]og létu
sína syni og dætur ganga í gegnum
eldinn *(fórnuðu þeim fyrir falsguði)*
og fóru með fjölkynngi og spáfarar og
gáfu sig út til að gjöra allt það sem
DROTTNI illa líkaði, honum til reiði.
[18]Og því varð DROTTINN uppreistur til
mikillar reiði við Ísrael og kastaði
þeim frá sinni ásjónu so þar varð
enginn eftir utan alleina kynþáttur
Júda.

[19]So og hélt Júda ekki heldur
DROTTINS Guðs síns boðorð heldur
gekk eftir Ísraels siðum, þeim sem
þeir gjörðu. [20]Og því kastaði DROTTINN
öllu Ísraels sæði og þrengdi þeim og

gaf þá í ræningja hendur þar til að hann kastaði þeim frá sínu andliti.

[21]Því Ísrael var slitinn frá Davíðs húsi og þeir settu Jeróbóam son Nebat til kóngs. Hann sneri Ísrael frá DROTTNI og kom þeim mjög þunglega til að syndgast. [22]Svo gengu nú Ísraelssynir í öllum Jeróbóam syndum sem hann hafði uppbyrjað og ei létu þeir af [23]fyrr en DROTTINN kastaði Ísrael frá sínu andliti sem hann hafði sagt fyrir alla sína þénara og spámennina. So varð Ísraelslýður hertekinn og í burt fluttur í Assyriam af sínu landi allt til þessa dags.

[24]Og Assyriakóngur lét koma menn af Babýlon, af Kúta, af Ava, af Hema og af Sefarvaím og lét þá búa í borgum Samaria í staðinn Ísraelssona. Og þeir eignuðust Samariam og bjuggu í hennar stöðum. [25]En sem þeir tóku til þar að búa og óttuðust ekki DROTTIN þá sendi DROTTINN óarga dýr á meðal þeirra, þau drápu þá. [26]Og þeir komu á fund Assyriekóngs og sögðu honum: „Þeir heiðingjar sem þú hingað settir til að búa í Samariaborgum og öðrum borgum þar, þeir vita ekki af Guðs lögmáli í landinu. Því hefur hann sent óarga dýr á meðal þeirra og sjá, þau drepa þá fyrir því að þeir vita ekki að dýrka Guð þessa lands.“ [27]Þá bauð kóngurinn af Assyria og sagði: „Sendið einn af þeim kennimönnum þangað sem þaðan voru herteknir og fari hann og búi þar og kenni hann þeim þá Guðs þjónustugjörð sem þar er í landinu.“ [28]Þá kom einn af prestunum þangað hver að burt var fluttur af Samaria og bjó í Betel og hann kenndi þeim hvernin að þeir skyldu dýrka DROTTIN.

[29]En sérhver þjóð gjörði sér afguði og settu þau í þau hof sem voru á hæðunum sem þeir Samarie gjörðu, sérhvert fólk í sínum stað þar þeir bjuggu. [30]Þeir af Babýlon gjörðu Súkót Benót, þeir af Kút gjörðu Nergel, þeir af Hemat gjörðu Asíma, [31]þeir af Ava gjörðu Nibehas og Tartak, þeir af Sefarvaím brenndu sína syni fyrir Adramelek og Anamelek, skúrgoðum þeirra af Sefarvaím. [32]Og sökum þess þeir hræddust og einnin DROTTIN þá settu þeir sér presta millum sín á hæðirnar af þeim minnstu háttar og settu þá í húsin á hæðunum. [33]Með þessum hætti óttuðust þeir DROTTIN, þjónuðu og svo afguðum eftir siðvenju hvers fólks sem þeir voru komnir frá.

[34]Og allt til þessa dags þá breyta þeir eftir gömlum sið so að þeir hverki óttast DROTTIN og ei halda þeir þá siðu og setninga sem lögmálið býður hvert DROTTINN bauð sonum Jakob hverjum hann gaf Israelis nafn [35]og gjörði einn sáttmála við þá, bauð þeim og sagði: „Óttist ekki aðra guði og tilbiðjið þá ekki og þjónið þeim ekki og færið þeim ekki fórnir [36]heldur óttist DROTTIN sem færði yður af Egyptalandi með mikilli magt og útréttum armlegg. Óttist hann, ákallið hann og færið honum fórnir [37]og haldið þá siðu, þau réttindi, lögmál og boðorð sem hann lét uppskrifa yður að þér alltíð gjörið þar eftir og óttist ekki aðra guði. [38]Gleymið ekki þeim sáttmála sem hann gjörði við yður og óttist ekki aðra guði [39]heldur óttist DROTTIN yðvarn Guð því hann mun frelsa yður frá öllum yðar óvinum.“ [40]En þeir hlýddu því ekki heldur gengu þeir eftir sínum gömlum siðvana. [41]Svo óttuðust þessir heiðingjar Guð og þjónuðu líka sínum afguðum. Svo gjörðu og þeirra börn og þeirra barnabörn líka sem þeirra feður gjörðu og gjöra enn nú til þessa dags.

18 Á þriðja ári Hósea sonar Ela Ísraelskóngs tók Esekías son Akas kóngdóm yfir Júda. [2]Og hann var fimm og tuttugu ára gamall þá hann varð kóngur í Júda og hann

ríkti níu og tuttugu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Abí, dóttir Zacharie.
3Og hann gjörði hvað DROTTNI vel þóknaðist so sem hans faðir Davíð.
4Hann niðursló allar hæðir og sundurbraut þau skúrgoð og upphjó alla blótskóga og sundursló þann koparorm sem Móses hafði gjöra látið. Því að Ísraelssynir höfðu brennt fyrir honum reykelsi allt til þess dags. Og hann nefndi hann Nehústan.
Numeri 12:8 5Hann setti sína trú til DROTTINS Ísraels Guðs svo að eftir hann var ekki hans líki á meðal allra kónga Júda og ekki heldur hafði verið fyrir hann. 6Hann hélt sér að DROTTNI og veik hvergi af hans vegum og hélt hans boðorð sem DROTTINN hafði boðið Móse. 7Og DROTTINN var með honum og allt hafði hann sig forsjállega í öllum sínum meðferðum. Svo og féll hann frá kónginum af Assyria og var honum ekki undirgefinn. 8Hann sló og Philisteos allt til Gasa og allar þeirra landálfur, virki þeirra og vígskerðar borgir.

9Á því fjórða ári Ezechie Júdakóngs, það var á því sjöunda ári Hósea sonar Ela Ísraelskóngs, þá fór Salmanasar kóngur af Assyria upp í mót Samaria og settist um hana 10og vann hana að þrimur árum liðnum, á því sétta ári Ezechie, það er á því níunda ári Hosee Ísraelskóngs, þá varð Samaria unnin. 11Og Assyriakóngur flutti Ísrael burt með sér til Assyriam og setti þá í Hala og Habor hjá vatninu Gósan og í borgir þeirra Medorum 12fyrir því að þeir höfðu ekki hlýtt DROTTINS þeirra Guðs röddu og höfðu yfirtroðið hans sáttmála og allt það sem Móses Guðs þénari hafði boðið þeim, þar af höfðu þeir ekki par haldið né gjört.

13Á því fjórtánda ári Ezechie kóngs fór upp Sennakeríb kóngur af Assyria mót öllum sterkum borgum í Júda og vann þær. 14Þá sendi Esekías kóngur Júda til kóngsins af Assyria til Lakís og lét segja honum: „Eg hefi misgjört. Vík frá mér, eg vil bera hvað þú leggur upp á mig.“ Þá lagði kóngurinn af Assyria upp á Ezechiam Júdakóng að gjalda þrjú hundruð centener silfurs og þrjátígir centener gulls. 15Og Ezechias gaf allt það silfur sem fannst í húsi DROTTINS og það fé sem var í kóngsins féhirslum. 16Á sama tíma braut Ezechias hurðina á húsi DROTTINS og þær spengur sem hann hafði sjálfur látið smíða og gaf það Assyriakóngi.

17En Assyriakóngur sendi Tartan og Rabsacen frá Lakís til kóng Ezechiam með miklum hersafla til Jerúsalem og þeir fóru upp þangað. En sem þeir komu tóku þeir sér stöðu hjá vatsgröfunum nær því efsta fiskadíki sem er á vegi þess litunarakurs 18og kölluðu á kónginn. Þá kom út til tals við þá Eljakím son Hilkía, hofmeistarinn, og Sebna skrifari og Jóa son Assaf, kanselerinn. 19Þá sagði Rabsaces til þeirra: „Kæri, segið Ezechia kóngi: Svo segir sá mikli kóngur, kóngur af Assyria: Hvert er þitt hið mikla traust er þú treystir á? 20Meinar þú að þú hafir enn nokkra magt eða ráð hernað að halda? Upp á hvað treystir þú að þú ert fallinn frá mér? 21Sjá, setur þú þína von í brotnum reyrsprota Egyptalands hver eð þegar viknar ef nokkur styður sig við hann og flísast í hans hönd og stingur hana í gegnum? Eins er faraó Egyptakóngur öllum þeim sem honum treysta. 22En vilji þér og segja til mín: Vér höfum traust í DROTTNI vorum Guði, er hann þá ekki sá hvers hæðir og altari Ezechias hefur niðurbrotið og sagt til Júda og Jerúsalem: Fyrir þessu altari sem er í Jerúsalem skulu þér tilbiðja? 23Lofa þú mínum herra kónginum af Assyria: Eg vil fá þér tvö þúsund hesta ef þú kannt til að fá svo marga riddara til að ríða þeim. 24Hvernin mátt þú þá standa móti einum minnsta höfðingja

sem mínum herra er undirgefinn? Og þú treystir upp á þá egypsku vegna þeirra vagna og riddaraliðs. 25Eða meinar þú að eg sé kominn hingað án vilja DROTTINS að fordjarfa þinn stað? DROTTINN hefur boðið mér og sagt: Far upp til þess lands og eyðilegg það.“

26Þá sagði Eljakím son Hilkía og Sebna og Jóa til Rabsaca: „Tala þú við þína þénara á sýrlensku því að vér skiljum það mál vel en tala ekki við oss Gyðingamál sökum fólksins sem á múrnum stendur.“ 27En sá yppasti skenkjari sagði til þeirra: „Hefur minn herra nokkuð sent mig til þíns herra eða til þín að eg skyldi tala svoddan orð? Heldur til þeirra manna sem þar eru upp á múrnum að þeir eti með yður þeirra eigin saur og drekki þeirra eigið þvag.“

28So stóð sá yppasti skenkjari og hrópaði með hárri röddu á júðversku og sagði: „Heyrið þess megtuga kóngs orð, kóngsins af Assyria! 29Svo segir hann: Látið ekki kóng Ezechias svíkja yður því að ekki hefur hann mátt til að frelsa yður frá minni hendi. 30Og látið ei heldur Ezechiam gefa yður oftraust á DROTTNI þar hann segir: DROTTINN mun frelsa oss svo að þessi borg mun ekki gefast í Assyriakóngs hendur. 31Hlýðið ekki Ezechia! Því svo segir kóngurinn af Assyria: Meðtakið mína náð og gangið út til mín og gefist á mitt vald. Svo skal hver maður neyta af sínu víntré og fíkjutré og drekka vatn af sínum brunni 32þar til eg kem að færa yður burt í eitt land hvert að líka er sem yðart land, í hverju að er korn, vín, brauð, víngarðar, olíutré, viðsmjör og hunang. So skulu þér halda yðru lífi og ekki deyja. Hlýði ekki Ezechia því hann svíkur yður í því að hann segir: DROTTINN mun frelsa oss. 33Hafa nokkuð heiðingjanna guðir frelsað hver sitt land af Assyriakóngs hendi? 34Hvar eru guðir þeirra í Hemat og Arpad? Hvar eru guðir þeirra í Sefarvaím, Hena og Íva? Hafa þeir og frelsað Samariam af minni hendi? 35Hvar er nokkurs staðar í öllum löndum sá guð sem frelsað hefur sitt land af minni hendi so að DROTTINN megi frelsa Jerúsalem af minni hendi?“

36Og fólkið þagði og svaraði honum öngvu. Því að kóngurinn hafði boðið og sagt: „Svarið honum öngvu.“ 37Þá kom Eljakím son Hilkía, hofmeistarinn, og Sebna skrifari og Jóa son Assaf, kansélerinn til Ezechiam með sundurrifnum klæðum og sögðu honum öll orð Rabsacis.

19 En sem Ezechias kóngur heyrði þetta þá reif hann sín klæði og færði sig í einn sekk og gekk í hús DROTTINS. 2Og hann sendi Eljakím hofmeistara og Sebna ritara með þeim elstu kennimönnum, klædda sekkjum, til spámannsins Esaiam sonar Amos. 3Og þeir sögðu til hans: „So segir Ezechias: Þetta er hryggðarinnar ströffunar og guðlöstunar dagur. Börnin eru komin að fæðingu en þar er enginn máttur til að fæða. 4Ef að DROTTINN þinn Guð vildi heyra öll orð þessa ypparsta skenkjara hvern hans herra kóngurinn af Assyria sendi hingað að tala svo háðuglega um þann lifanda Guð og ásaka hann með þeim orðum sem DROTTINN þinn Guð hefur heyrt. So bið þú nú fyrir þeim sem eftir eru orðnir og enn eru til.“ 5En sem Ezechia kóngs þénarar komu til Esaiam 6þá sagði Esaias til þeirra: „Segið yðrum herra svo: Svo segir DROTTINN: Egii skalt þú hræðast þau orð sem þú heyrðir með hverjum kóngsins sveinar af Assyria guðlöstuðu mig. 7Sjá, eg vil gefa honum einn anda að hann skal heyra tíðindi og draga heim aftur í sitt land og eg vil fella hann með

sverði í sínu landi.“ [8]En sem Rabsaces kom aftur fann hann kónginn af Assyria. Hann barðist á Líbna því hann heyrði að hann var dreginn frá Lakís. [9]Og þá hann frétti af Tírhaka Blálandskóngi: „Sjá, hann er útkominn að berjast við þig“ þá sneri hann aftur. Og hann sendi boð til Ezechiam og lét segja honum: [10]„Segið so Ezechia Júdakóngi: Lát þú ekki þinn Guð svíkja þig á hvern þú treystir og segir: Jerúsalem skal ekki gefast í kóngsins hönd af Assyria. [11]Sjá, þú hefur heyrt hvað Assyriakóngar hafa gjört öllum löndum og foreytt þeim. Skyldir þú þá einn frelsast? [12]Hafa nokkuð heiðingjanna guðir frelsað þá sem mínir forfeður fordjörfuðu: Gósan, Haran, Resef og sonu Eden sem voru í Telassar? [13]Hvar er kóngurinn af Hemat, kóngurinn af Arpad og kóngurinn af staðnum Sefarvaím, Hena og Íva?“

[14]En sem Ezechias hafði meðtekið bréfin af sendiboðunum og lesið þau þá gekk hann upp til DROTTINS húss og útbreiddi þau fyrir DROTTNI. [15]Og hann bað til DROTTINS og sagði: „DROTTINN Guð Ísraels hver að situr yfir kerúbím, þú ert einn Guð yfir öllum kóngaríkjum á jörðunni, þú skapaðir himin og jörð. [16]DROTTINN, hneig þú þín augu og heyr, lát upp þín eyru og sjá og heyr Senakeríbs orð sem hann sendi hingað að hæða þann lifanda Guð. [17]En satt er það, DROTTINN: Assyriakóngar hafa drepið heiðingjana með sverði og þeirra lönd, [18]hafa og kastað þeirra guðum í eld. Því að það voru ekki guðir heldur handaverk manna, stokkar og steinar, og því hafa þeir fyrirkomið þeim. [19]En nú, DROTTINN vor Guð, hjálpa þú oss frá hans hendi so að öll kóngaríki á jörðunni megi vita að þú, DROTTINN, ert Guð alleina.“ [20]Þá sendi Esaias son Amos til Ezechiam og lét honum so segja: „Svo segir DROTTINN Ísraels Guð: Eg hefi heyrt hvers þú hefur beðið af mér um Sennakeríb Assyriakóng. [21]Þetta er það sem DROTTINN hefur talað í móti honum:

Jungfrúin Síonsdóttir forsmár þig og hæðir að þér, dóttir Jerúsalem hristir sitt höfuð eftir þér. [22]Hverjum hefur þú brígslað? Og hvern hefur þú guðlastað? Yfir hvern upphófst þú þína rödd? Þú hófst þín augu í gegn Þeim Heilaga í Ísrael. [23]Þú hæddir DROTTIN með þínum sendimönnum og sagðir: Eg em uppfarinn á hæðir fjallanna fyrir margfjölda minna vagna, hæst upp á Líbanon. Eg hefi afhöggvið hans hávu sedrustré og útvalin furutré og em kominn til Karmelsskógs ystu herbergja. [24]Eg hefi uppgrafið og útdrukkið þau annarlegu vötn og eg hefi uppþurrkað öll stöðuvötn með sólum minna fóta.

[25]En hefur þú ekki heyrt að fyrir löngu hefi eg þvilíkt gjört og af upphafinu hefi eg þetta allt reiðubúið? En nú hefi eg látið svo koma að þeir föstu staðir skyldu falla og verða að eyðigrjóthrúgu [26]og þeir sem búa þar úti skyldu verða máttlausir og hræddir og skammast sín og verða sem gras á akri og sem það græna hey á þakinu hver tað visnar áður en það er fullvaxið.

[27]Eg veit þitt heimili, þinn útgang og þinn inngang og að þú æðir í móti mér. [28]En fyrst að þú æðir svo í móti mér og þinn ofmetnaður er kominn upp fyrir mín eyru þá vil eg leggja einn hring í þínar nasir og eitt beisl í þinn munn og eg vil leiða þig þann sama veg aftur sem þú komst hingað.

[29]Og þetta skal vera þér til eins merkis að þú skalt fæðast á þessu ári við slíkt sem tilfæst en á öðru ári við það sem sjálft vex en á þriðja ári skulu þér sá og skera akra yðra og yðra víngarða planta og neyta þeira ávaxta. [30]En það sem á er eftir af húsi

Júda skal þá gróðursetjast og bera ávöxt. 31Því að þeir sem eftir blífa skulu koma af Jerúsalem og þeir af Síonsfjalli sem eru frelsaðir. Vandlæti DROTTINS Sebaót skal gjöra þetta.

32Og því segir DROTTINN svo um Assyriakóng: Eigi skal hann koma í þessa borg og engri ör skal hann skjóta þar inn og ei skal hann slá herskildi um hana og öngvar vígvélar skal hann setja þar um kring 33heldur skal hann fara þann veg aftur sem hann hingað kom og ei skal hann koma í þennan stað – DROTTINN segir það – 34og eg vil hlífa þessari borg og hjálpa henni fyrir mína skuld og sökum míns þénara Davíðs.“

35En á þeirri sömu nótt fór engill DROTTINS út og sló í hel hundrað þúsund og fimm og áttatígi þúsund manns í herbúðum þeirra Assyris. En sem þeir stóðu árla upp um morguninn, sjá, þá lá þar allt fullt með dauðra manna líkami. 36Síðan tók Sennakeríb Assyriakóngur sig upp og fór í burt og sneri til Niniven. 37En sem hann tilbað í húsi Nísrok síns guðs þá slógu hans synir Adramelek og Sareser hann í hel með sverði. Og þeir flúðu í landa Ararat. En hans son Asorhaddon varð kóngur í hans stað.

20 Á þeim tíma varð Ezechias dauðsjúkur. Og Esaias spámaður son Amos kom til hans og sagði: „So segir DROTTINN: Gjör skipan þíns húss því þú skalt deyja og ekki lifa.“ 2En hann sneri sinni ásjónu til veggjar, bað til DROTTINS og sagði: 3„DROTTINN, bið eg að þú minnist hversu að eg hefi gengið trúlega í þínu augliti og með algjörðu hjarta og hefi gjört það sem þér líkar.“ Og Ezechias grét beisklega. 4En áður en Esaias var kominn í miðjan staðinn þá kom DROTTINS orð til hans og sagði: 5„Snú þú aftur og seg til Ezechiam höfðingja míns fólks: So segir DROTTINN Guð þíns föðurs Davíðs: Eg hefi heyrt þína bæn og séð þín tár. Sjá, eg vil gjöra þig heilbrigðan. Á þriðja degi (frá þessu) skalt þú uppganga til húss DROTTINS. 6Og eg vil lengja lífdaga þína um fimmtán ár og frelsa þig og þessa borg frá þeim Assyriakóngi og eg vil hlífa þessari borg sakir mín og sakir míns þénara Davíðs.“ 7Og Esaias sagði: „Færið mér deig af fíkjum.“ Og sem þeir komu með það þá lögðu þeir það þar yfir sem sárindin voru og hann varð heilbrigður. 8Ezechias sagði til Esaiam: „Hvað skal eg hafa að marki að DROTTINN vill gjöra mig heilbrigðan so að eg skuli ganga til DROTTINS húss á hinum þriðja degi?“ 9Esaias svaraði: „Haf þetta til marks af DROTTNI að DROTTINN skal gjöra það sem hann hefur sagt: Viltu að skugginn gangi fram eða aftur um tíu línur?“ 10Ezechias svaraði og sagði: „Það er auðvelt að láta skuggann ganga tíu línur fram og það vil eg ei heldur vil eg að hann skuli ganga tíu línur aftur á bak.“ 11Þá kallaði Esaias spámaður til DROTTINS. Og skugginn gekk tíu gráður til baka á Akab sigurverki sem hann var áður framgenginn.

12Á þeim tíma sendi Berodak son Baledan, sonar Baledan, kóngurinn af Babýlon bréf og skenkingar til Ezechiam því að hann hafði heyrt að Ezechias hafði verið sjúkur. 13Og Ezechias varð glaður við þeirra komu og sýndi þeim allar sínar gersemar: Silfur, gull, dýrlegar jurtir og það besta oleum og allt það hann hafði í sínum féhirslum. Þar var ekkert í hans húsi og ekkert undir hans valdi að hann sýndi þeim það eigi. 14Þá kom Esaias spámaður til Ezechia kóngs og sagði til hans: „Hvað hafa þessir menn sagt og hvaðan eru þeir komnir til þín?“ Ezechias svaraði: „Þeir eru komnir af fjarlægu landi til mín, frá Babýlon.“ 15Hann sagði: „Hvað hafa

þeir séð í þínu húsi?“ Ezechias svaraði: „Þeir hafa séð allt það sem í mínu húsi er og þar er ekki neitt í mínum fjársjóðum sem eg sýnda þeim eigi.“
16Þá sagði Esaias til Ezechiam: „Heyr þú orð DROTTINS: 17Sjá, sá tími kemur að allt þetta skal burt flytjast til Babýlon af þínu húsi hvað í því er og það sem þínir forfeður hafa samansafnað allt til þessa dags svo þar skal ekkert eftir látið verða – segir DROTTINN. 18Þar með synir þínir sem komnir eru frá þér og þú hefur getið, þeir skulu hertakast og vera herbergjasveinar í kóngsins höllu af Babýlon.“ 19Þá sagði Ezechias til Esaiam: „Það er gott sem DROTTINN hefur talað.“ Og hann sagði enn framar: „Haldist aðeins friður og sannleikur um mína daga.“
20Hvað meira er að segja af Ezechia og um alla hans magt og um það fiskdíki og það hversu hann veitti vatni inn í borgina, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 21Og Ezechias sofnaði með sínum feðrum en Manasses hans son varð kóngur í hans stað.

21 Manasses var tólf vetra gamall þá hann tók kóngdóm og ríkti fimm og fimmtígi ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Hefsiba. 2Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði, eftir heiðingjanna svívirðingum, hverja að DROTTINN útrak fyrir Ísraelssonum. 3Og hann sneri sér og uppbyggði þær hæðir sem Ezechias hans faðir hafði niðurbrotið og uppreisti Baals altari og gjörði blótskóga svo sem gjört hafði Ísraelskóngur Akab og tilbað allsháttaðan himins her og þjónaði honum. 4Og hann reisti eitt altari í húsi DROTTINS um hvert að DROTTINN sagði: „Eg vil setja mitt nafn í Jerúsalem.“ 5Og hann byggði öllum himinsins her altari í báðum görðunum sem að voru í kringum DROTTINS hús. 6Og hann lét sinn son ganga í gegnum eldinn *(fórnaði syni sínum)*, hann gaf gætur að fuglamáli og teiknum, hann setti fítonsmenn og táknaútleggjara og gjörði margt þvílíkt mjög mikið sem DROTTNI illa líkaði, honum til reiði. 7Hann setti og eitt blótskúrgoð sem hann hafði gjört í það hús um hvert að DROTTINN hafði sagt til Davíðs og til hans sonar Salómons: „Í þetta hús og í Jerúsalem sem eg útvaldi af öllum Israelis ættum vil eg setja mitt nafn ævinlega. 8Og eigi vil eg láta Ísraels fætur meir hrærast af landinu því sem eg gaf þeirra forfeðrum. Þó með því móti að þeir haldi og gjöri eftir öllu því sem eg hefi boðið þeim og eftir öllu því lögmáli sem Móses minn þénari bauð þeim.“ 9En þeir hlýddu ekki heldur villti Manasses þá so þeir gjörðu meiri illskur en þeir heiðingjarnir hverja DROTTINN hafði eyðilagt fyrir Israelissonum.
10Þá talaði DROTTINN fyrir sína þénara spámennina og sagði: 11„Sökum þess að Manasses kóngur af Júda hefur gjört soddan svívirðingar og meiri illskur og ódáðir heldur en þeir Amoriter gjörðu sem að voru fyrir honum og hefur komið Júda til að syndgast með sínum skúrgoðum, 12þar fyrir segir DROTTINN Israelis Guð so: Sjá, eg vil leiða ólukku yfir Jerúsalem og Júda og hver það heyrir, það mun gnísta í báðum hans eyrum. 13Og eg vil draga mælivað Samarie og þungan Akabs húss yfir Jerúsalem og eg vil afþurrka Jerúsalem líka sem einn maður þurrkar eitt fat og hvelfir því. 14En þó vil eg láta nokkuð af minni arfleifð blífa eftir og gefa þá í sinna óvina hendur svo þeir skulu verða öllum sínum óvinum að ráni og herfangi 15sökum þess að þeir gjörðu það sem mér illa líkaði og hafa styggt mig frá þeim degi sem þeirra forfeður fóru af Egyptalandi og allt til þessa dags.“

16Og Manasses hellti út miklu saklausu blóði og uppfyllti alla Jerúsalem, að auk þeirra synda með hverjum hann kom Júda til að syndgast svo þeir gjörðu það sem DROTTNI illa líkaði.
17Hvað meir er að segja um Manassen og allt það sem hann hefur gjört og hans syndir sem hann framdi, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku.
18Og Manasses sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í þeim grasgarði sem lá hjá hans húsi, sem var í grasgarði Úsía. Og Amón hans son varð kóngur í hans stað.
19Amón hafði tvo vetur um tvítugt þá hann varð kóngur og hann ríkti tvö ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Mesulemet, dóttir Hárus af Jatba.
20Og hann gjörði það sem DROTTNI illa þóknaðist eins sem Manasses hans faðir
21og hann fór allan feril föður síns og þjónaði þeim afguðum sem faðir hans þjónaði og bað til þeirra
22en gleymdi DROTTNI Guði sinna forfeðra og gekk ekki á vegum DROTTINS.
23Og hans eigin þénarar báru ráð saman í móti Amón og slógu kónginn í hel í hans eigin húsi.
24En landsfólkið drap þá alla sem þvílíka uppreist gjörðu í móti kónginum. Síðan setti landsfólkið Jósíam hans son til kóngs í hans stað.
25En hvað meir er að segja um Amón, hvað hann gjörði, sjá það er skrifað í Júdakónga kroníku.
26Og hann var jarðaður í hans gröf í garði Ussa, og Jósias hans son tók ríki eftir hann.

22 Jósías var átta vetra gamall þá hann tók kóngdóm og hann ríkti ellefu og tuttugu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Jedída, dóttir Adía af Baskat.
2Og hann gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist og gekk í öllum Davíðs síns föðurs vegum og veik hvorki til hægri né vinstri handar.
3En á því átjánda ári Josie kóngs þá sendi kóngurinn Safan son Asalías, sonar Mesúlam, skrifara, burt í DROTTINS hús og sagði:
4„Far upp til þess æðsta kennimanns Hilkía so að menn gefi það fé sem inn er komið í hús DROTTINS hverju dyravarðhaldsmenn musterisins hafa samansafnað af fólkinu
5að þeir gefi það arfiðurunum, þeir sem smíða í húsi DROTTINS að endurbæta það sem brotið er
6að því sem eru timburmenn, byggingsmenn og múrmeistarar og þeir sem að kaupa skulu tré og úthöggna steina til að bæta húsið með.
7Þó skulu menn ei taka reikningsskap af þeim fyrir þá peninga sem þeim gefast í þeirra hendur heldur skulu þeir höndla með þá með dyggð og trú.“
8En sá æðsti kennimann Hilkía sagði til Safan skrifara: „Eg hefi fundið lögbókina í húsi DROTTINS.“ Og Hilkía fékk Safan bókina að hann skyldi lesa í henni.
9Og Safan skrifari bar hana til kóngsins og talaði við hann og sagði: „Þínir þénarar samansöfnuðu þeim peningum sem fundust í húsinu og gáfu þá arfiðismönnunum, þeim sem skikkaðir eru til að erfiða í húsi DROTTINS.“
10Og Safan skrifari talaði til kóngsins og sagði: „Hilkía kennimaður fékk mér eina bók.“ Og Safan las hana fyrir kónginum.
11En sem kóngurinn heyrði orð lögmálsbókarinnar þá reif hann sín klæði.
12Og kóngurinn bauð Hilkía kennimanni og Ahíkam syni Safan og Akbór syni Míkía og Safan skrifara og Ahasía kóngsins þénara og sagði:
13„Farið og aðspyrjið DROTTIN um mig og fólkið og um allan Júda vegna orða þessarar bókar sem fundin er. Því að þar er ein mikil reiði DROTTINS upptendruð yfir oss sökum þess að vorir forfeður hafa ekki hlýtt orðum þessarar bókar so að þeir gjörðu allt það sem skrifað er í henni.“
14Þá gekk Hilkía kennimaður, Ahíkam, Akbór,

Safan og Asaja til Huldu spákonu sem var hústrú Sallúm sonar Tíkúa, sonar Haram, sem klæðin geymdi og hún bjó í Jerúsalem í þeim öðrum parti og þeir töluðu við hana. 15Hún sagði til þeirra: „Svo segir DROTTINN Guð Ísraels: Segið þeim manni sem yður sendi hingað: 16So segir DROTTINN: Sjá, eg vil leiða ólukku yfir þennan stað og hans innbyggjara, öll þau lögmálsins orð sem Júdakóngur hefur látið lesa. 17Fyrir því að þeir hafa fyrirlitið mig en fært fórnir annarlegum guðum, reitandi mig til reiði með öllum þeirra handaverkum. Þar fyrir skal mín reiði upptendrast í móti þessum stað og ekki útslokkna. 18En þér skuluð svo segja Júdakóngi sem að sendi yður hingað að ganga til frétta við DROTTIN: Svo segir DROTTINN Guð Israelis: 19Fyrir því að þitt hjarta klökknaði fyrir þau orð sem þú heyrðir og þú auðmýktir þig fyrir DROTTNI þá þú heyrðir hvað eg hafði talað mót þeim stað og hans innbyggjurum að þeir skyldu verða eyðilagðir og bölvaðir og þú reifst þín klæði í sundur og grést fyrir mér, so hefi eg og heyrt það, segir DROTTINN. 20Því vil eg safna þér til þinna feðra að þú skalt berast til þinnar grafar með friði svo að þín augu skulu ekki sjá alla þá ólukku sem eg vil leiða yfir þennan stað.“ Og þeir sögðu þetta kónginum aftur.

23 Og kóngurinn sendi út og allir öldungar af Júda og Jerúsalem komu til hans. 2Og kóngurinn gekk upp í hús DROTTINS og allir menn af Júda og allir innbyggjarar í Jerúsalem með honum, kennimennirnir og spámennirnir og allt fólkið, bæði smáir og stórir. Og þar voru lesin fyrir þeirra eyrum öll orð sáttmálsbókarinnar sem fundin var í húsi DROTTINS. 3Og kóngurinn gekk upp á eina háa tröppu og gjörði eitt sáttmál fyrir DROTTNI að þeir skyldu ganga eftir DROTTNI og halda hans boðorð, hans vitnisburði og réttindi af öllu hjarta og af allri sálu og að uppreisa þessi sáttmálans orð sem skrifuð stóðu í þessari bók. Og allt fólkið gekk undir þennan sáttmála.

4Og kóngurinn bauð Hilkía æðsta kennimanni og þeim öðrum prestum annarrar skipanar og dyravörslumönnum þeim sem stóðu fyrir portdyrum musterisins að þeir skyldu taka af Guðs musteri öll þau ker sem að gjörð voru til Baals, blótskóganna og so til alls himinsins hers. Og hann brenndi það allt saman upp fyri utan Jerúsalem í dalnum Kedron. En askan af því var borin til Betel. 5Hann tók og í burt alla þá Camarím sem Júdakóngar höfðu stiftað að brenna skyldi reykelsi á hæðum, í borgum Júda og í kringum Jerúsalem og þá sem brenndu reykelsi fyrir Baal, sólu og tungli, plánetum og öllum himinsins her. 6Og hann lét færa þann blótskóg af DROTTINS húsi, út af Jerúsalem í læk Kedron og uppbrenndi hann þar og gjörði að ösku en kastaði öskunni í almennings grafir. 7Og hann braut ofan þau hóruhús sem stóðu upp hjá húsi DROTTINS í hverjum að konurnar gjörðu tjöld til þeirra afguðalunda.

8Og hann lét koma alla kennimenn af Júdastöðum og saurgaði þær hæðir þar prestarnir brenndu reykelsi á, frá Geba og allt til Berseba. Og hann niðurbraut þær hæðir sem voru í borgarhliðunum sem að voru í portdyrum Josue staðs fóvitans sem voru til vinstri handar þá gengið var í staðarins port. 9Þó höfðu ekki enn þeir hæðaprestar offrað yfir DROTTINS altari í Jerúsalem en þeir átu aðeins ósýrð brauð á meðal sinna bræðra. 10Hann saurgaði og Tófet í Hinnomsonadal að enginn léti sinn son eða sína dóttir fara í gegnum eldinn fyrir Mólok. 11Hann tók og þá hesta í burt

sem Júdakóngar höfðu sett sólunni í DROTTINS húss inngangi hjá Netan Melek herbergjasveini sem var í Parvarím; hann uppbrenndi sólarinnar vagna með eldi.

[12]Og kóngurinn niðurbraut það altari sem stóð upp á Akas sal sem Júdakóngur hafði gjört og þau altari sem Manasses hafði gjört í þeim tveimur DROTTINS húss görðum og hann gekk þar frá og kastaði þeirra ösku í lækinn Kedron. [13]Kóngurinn saurgaði og þær hæðir sem voru utan fyrir Jerúsalem til hægri handar hjá Mashítbjargi og Salómon Ísraelskóngur hafði byggt Astarót, svívirðingu þeirra af Sídon og Kamos, svívirðingu Móab, og Milkóm, svívirðingu sona Amón. [14]Og hann sundursló líkneskin og eyðilagðilundana og fyllti þeirra staði með mannabein. [15]Svo og það altari í Betel og það hof sem Jeróbóam son Nebat gjörði sem kom Ísrael til að syndga. Það sama altari braut hann niður og þær hæðir og uppbrenndi það hof allt saman að ösku. Hann uppbrenndi og alla blómgaða lunda.

[16]Og Jósías sneri sér við og sá þær dauðra manna grafir sem voru á fjallinu. Þá sendi hann þangað og lét taka beinin af gröfunum og brenndi þau yfir altarinu og saurgaði það eftir DROTTINS orði svo sem Guðsmaður hafði sagt sá það fyrir sagði. [17]Og hann sagði: „Hvað er það fyrir legstein sem eg sé?“ Og fólkið í staðnum sagði til hans: „Þetta er þess Guðsmanns gröf sem kom að Júda og þetta sagði fyrir það sem þú hefur gjört þessu altari í Betel.“ [18]Og hann sagði: „Látið hann liggja, hræri enginn við hans bein.“ So urðu hans bein kyrr með spámannsins beinum sem kom af Samaria. [19]Hann tók og öll hof og í burt hæðir í borgum Samarie sem að Ísraelskóngar höfðu gjört DROTTNI til reiði og breytti við þau í allan máta sem hann gjörði í Betel. [20]Og hann fórnfærði alla þá hofpresta sem þar voru yfir altarinu og brenndi so mannabein þar upp á og kom til Jerúsalem aftur.

[21]Og kóngurinn bauð fólkinu og sagði: „Haldið nú páska DROTTNI yðrum Guði svo sem það er skrifað í þessari sáttmálsbók.“ [22]Og þar voru öngvir svoddan páskar *(passover)* haldnir sem þessir frá dögum dómaranna sem að dæmt höfðu Ísrael og um alla daga Ísraels- og Júdakónga. [23]En á því nítjánda ári Jósía kóngs voru þessir páskar haldnir fyrir DROTTNI í Jerúsalem.

[24]Og Jósía afmáði alla menn sem höfðu samband við framliðna og særðu fram illa anda og þá eð fóru með spáfarar, öll bílæti og öll skúrgoð og allar svívirðingar sem sáust í Júdalandi og Jerúsalem til þess að hann mætti upprétta lögmálsins orð sem að skrifuð stóðu í bókinni hverja Hilkía kennimaður fann í DROTTINS húsi. [25]Þar var enginn kóngur fyrir hann sem hans líki væri hver að svo út af öllu hjarta og öllu hugskoti og af öllum mætti sneri sér svo til DROTTINS eftir öllu Moyses lögmáli og ei kom nokkur eftir hann sem hans líki væri.

[26]Þó sneri DROTTINN sér ekki frá sinni mikilli grimmdarreiði sem hann var styggður með yfir Júda fyrir allt það ið vonda með hverju Manasses hafði uppvakið hann. [27]Og DROTTINN sagði: „Eg vil og burttaka Júda frá minni augsjón svo sem eg burtkastaði Ísrael. Eg vil og burtkasta þeim stað hvern eg útvaldi sem er Jerúsalem og því húsi um hvert eg sagði: Mitt nafn skal þar vera.“ [28]Hvað meira er að segja um Jósía og allt það hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. [29]Á hans dögum fór faraó Nekó kóngur af Egyptalandi upp í móti kónginum af Assyria til þess vats Euphrates. En kóngur Jósías dró

í móti honum og andaðist í Megiddó eftir það hann hafði séð hann. 30Og hans þénarar færðu hann dauðan frá Megiddó og fluttu hann til Jerúsalem og jörðuðu hann í sinni gröf. En landsins fólk tók Jóakas son Jósía og smurðu hann og settu hann til kóngs í síns föðurs stað. 31Jóakas hafði þrjú ár um tvítugt þá hann varð kóngur og ríkti þrjá mánuði í Jerúsalem. Hans móðir hét Hamútal, dóttir Jeremie af Líbna. 32Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði svo sem hans forfeður höfðu gjört. 33En faraó Nekó tók hann til fanga í Riblat í landi Hemas svo hann skyldi ekki ríkja í Jerúsalem og hann lagði skattgjald upp á landið, hundrað centener silfurs og eitt centener gulls. 34Og faraó Nekó setti Eljakím son Josie til kóngs í síns föðurs stað Jósía og sneri hans nafni og lét hann heita Jójakím. En hann tók Jóakas og færði hann í Egyptaland. Þar andaðist hann. 35Og Jójakím gaf faraó það silfur og gull. Þó lagði hann fégjald á landið so hann mætti útgefa sama silfur eftir pharaonis bífalningu. Hann lagði þetta fjárgjald silfurs og gulls á hvern mann í landinu eftir sínum mætti so að hann mætti það gefa faraó Nekó.

36Jójakím hafði fimm ár og tuttugu þá hann varð kóngur og hann ríkti ellefu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Sebúda, dóttir Pedaja af Rúma. 37Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði svo sem hans forfeður gjörðu.

24 Á hans dögum fór upp Nabúgodonosor kóngur af Babýlon og Jójakím varð honum skattgildur í þrjú ár. Og hann sneri sér og féll frá honum. 2Og DROTTINN lét koma yfir hann stríðsfólk af Kaldea, af Syria, af Móab og af sonum Ammón og lét þá koma í Júda svo að þeir skyldu fyrirkoma honum, eftir orði DROTTINS sem hann hafði talað fyrir spámennina, sína þénara. 3Það kom svo yfir Júda eftir DROTTINS orðum að hann varpaði þeim frá sinni ásjónu sökum Manasses synda sem hann hafði gjört 4og fyri sökum þess saklausa blóðs sem hann úthellti og fyllti Jerúsalem með saklaust blóð. Það vildi DROTTINN ekki fyrirgefa. 5Hvað meira er að segja um Jójakím og allt hvað hann gjörði, sjá, það er skrifað í Júdakónga kroníku. 6Og Jójakím sofnaði með sínum feðrum og hans son Jójakín varð kóngur í hans stað. 7Og kóngur Egyptalands fór ekki þaðan í frá af sínu landi því kóngurinn af Babýlon hafði tekið frá honum allt það sem Egyptalandskóngur átti, frá Egyptalandslæk og allt að vatninu Euphrates.

8Jójakín var átján ára gamall þá hann varð kóngur og hann ríkti þrjá mánuði í Jerúsalem. Hans móðir hét Nehústa, dóttir Elnatan af Jerúsalem. 9Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði so sem hans faðir hafði gjört.

10Á þeim tíma fóru þénarar Nabogodonosor kóngs af Babýlon upp til Jerúsalem og komu til staðarins og settust um hann með herskildi. 11Og sem Nabogodonosor kom til borgarinnar með sínum þénurum þá settist hann um borgina. 12En Jójakín kóngurinn af Júda gekk út í móti kónginum af Babýlon með sinni móður, með sínum þénurum og með sínum höfðingjum og herbergissveinum. Og kóngurinn af Babýlon tók hann á því áttunda ári hans ríkis. 13Og hann tók í burt þaðan alla þá fésjóðu sem voru í DROTTINS húsi og í kóngsins húsi og braut í sundur öll gullker sem Salómon Ísraelskóngur hafði gjöra látið og sett í musteri DROTTINS, svo sem DROTTINN hafði sagt. 14Og hann herleiddi alla Jerúsalem, alla höfðingja, alla styrkvustu menn, tíu þúsund hertekna og alla trésmiði og allshátta smiði svo hann lét öngvan

eftir vera nema fátækt almúgafólk í landinu. 15Og hann flutti Jójakín og kóngsins móður, kóngsins kvinnur og hans herbergjasveina til Babýlon. Hér með flutti hann og þá inu megtugu af landinu og af Jerúsalem í herleiðing til Babýlon 16og sjö þúsund trésmiði og hagleiksmenn, alla sterkustu stríðsmenn og flutti þá alla í Babýlon. 17En Babýlonskóngur setti Natanja hans föðurbróður til kóngs í hans stað og sneri hans nafni og kallaði hann Sedekía.

18Sedekías hafði eitt ár og tuttugu að aldri þá hann varð kóngur og hann ríkti ellefu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Hamútal, dóttir Jeremie af Líbna. 19Og hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði so sem Jójakím gjörði. 20Því það skeði so með Jerúsalem og Júda af DROTTINS reiði þar til að hann kastaði þeim frá sinni ásjónu. Og Sedekías féll frá kónginum í Babýlon.

25 En það skeði so á níunda ári hans ríkis, á þeim tíunda mánuði og þann tíunda dag, þá kom Nabogodonosor kóngur af Babýlon með allri sinni magt og dró fyrir Jerúsalem og settist um borgina og reisti vígvélar í kringum hana. 2Og þeir sátu um borgina allt til ellefta árs kóngsins Sedekía. 3En í þeim níunda degi, fjórða mánaði varð eitt megnt hungur í borginni svo að landsins almúgi hafði ekkert að eta. 4Þá brutust þeir inn í staðinn og allir stríðsmenn flýðu um nótt að þeim vegi sem lá í millum þeirra tveggja múra, út um portið hjá kóngsins grasgarði. En þeir Chaldei lágu um staðinn. Og Sedekías flýði á þann veg sem liggur til eyðimerkur. 5En her þeirra Chaldeis sóttu eftir kónginum og gátu gripið hann á því sléttlendi hjá Jeríkó og allt það stríðsfólk sem var með honum í sundurdreifðist frá honum. 6En þeir gripu kónginn og færðu hann í Riblat til kóngsins af Babýlon og þeir felldu dóm yfir hann. 7Og þeir drápu sonu Sedekía fyrir hans augum og þeir blinduðu hann báðum augum og bundu hann með járnviðjum og fluttu hann til Babýlon.

8Á sjöunda degi í þeim fimmta mánuði, það er það nítjánda ár Nabogodonosor kóngs af Babýlon þá kom Nebúsaradan hershöfðingi, kóngsins þénari af Babýlon, til Jerúsalem. 9Og hann brenndi upp DROTTINS hús og kóngsins hús og öll hús í Jerúsalem og öll þau stærstu hús brenndi hann upp með eldi. 10Og allur her þeirra Chaldeorum sem var með hershöfðingjanum braut niður allan múrinn í kringum Jerúsalem. 11En það annað fólk sem eftir var orðið í staðnum og þeir sem gáfu sig til kóngsins af Babýlon og það annað múgafólk flutti Nebúsaradan hofmeistari í burtu 12en lét eftir í landinu vera það fólk sem minnsta háttar var, víngarðsmenn og akurkalla.

13Og þeir Chaldei sundurbrutu þá koparstólpa sem stóðu í DROTTINS húsi og sólana og það koparhaf sem sett var hjá DROTTINS húsi og færðu koparinn í Babýlon 14og eldgögnin, sleifarnar, knífana, skeiðirnar og öll koparkerin sem til þjónustunnar voru höfðu tóku þeir burt. 15So og tók hofmeistarinn þau glóðarker og munnlaugar sem smíðaðar voru af gulli og silfri, 16tvo stólpa, eitt haf og þá stóla sem Salómon hafði gjört í DROTTINS húsi. En koparinn varð ekki veginn af öllum þessum kerum. 17Hver stólpi var átján álna hár og hans hnappar þar ofan á voru af kopar, þriggja álna háir, og laufaviðurinn og granateplin rétt um kring hnappana, það var allt af kopar. Eins var sá annar stólpinn með sínum laufavið.

18Og hofmeistarinn tók þann fyrsta kennimann Seraja og Sefanja þann

annan kennimann og þrjá dyravarðveislumenn [19]og einn gelding af borginni sem var settur yfir stríðsmennina og þá fimm menn sem alltíð stóðu fyrir kónginum og fundnir voru í staðnum og Sófer stríðshöfuðsmann sem lærði fólkið í landinu að berjast og að auk sextígi menn af landsins fólki sem fundust í staðnum. [20]Þetta tók hofmeistarinn Nebúsaradan og færði þá til kóngsins af Babýlon til Riblat. [21]Og Babýlonskóngur lét slá þá þar í hel í landi Hemat. So varð Júda burt fluttur af sínu landi.

[22]En Nabogodonosor kóngur af Babýlon setti Gedalía son Ahíkam, sonar Safan, yfir það fólk sem hann lét eftir vera í landi Júda. [23]En sem allt stríðsfólkið, höfuðsmennirnir og allir aðrir heyrðu það að kóngurinn hafði sett Gedaliam þá komu þeir til Gedalía til Mispa, sem var Ísmael son Netanja og Jóhanan son Karea og Seraja sonur Tanhúmet Nethophathiter og Jaesanja son Maechati, með sína menn. [24]Og Gedalía sór þeim og þeirra mönnum og sagði til þeirra: „Óttist ekki þó þér gefið yður undir þá Chaldeos. Verið í landinu og verið þar með Babýlonskóngi undirgefnir. Þá skal það ganga yður vel.“

[25]En á þeim sjöunda mánaði kom Ísmael son Netanja, sonar Elísama, af konunglegri ætt, og tíu menn með honum og slógu Gedalía í hel og þar til þá Gyðinga og Chaldeos sem voru hjá honum í Mispa. [26]Þá tók sig upp allt fólkið, bæði smáir og stórir og þeir yppustu sem voru fyrir stríðsfólkinu, og komu í Egyptaland því að þeir óttuðust þá Chaldeos.

[27]En á því seytjánda og tuttugasta ári eftir það að Jójakín kóngur af Júda var í burt fluttur, þann sjöunda og tuttugasta dag á þeim tólfta mánuði þá upphóf Evíl Meródak kóngur af Babýlon á fyrsta ári síns ríkis höfuð Jójakín Júdakóngs af myrkvastofu [28]og talaði vingjarnlega við hann og setti hans stól yfir allra þeirra kóngastóla sem voru hjá honum í Babýlon. [29]Og hann umskipti hans fangelsisklæðum. Og hann át brauð ætíð hjá honum alla sína lífsdaga. [30]Og hann skipaði hans kost sem honum var jafnlega gefinn af kónginum daglega dags alla hans lífstíð.

Endir á Fjórðu kóngabókinn

I. PARALIPOMENON
SÚ FYRSTA KRONÍKUBÓKIN

1 Adam, Set, Enos, 2Kainan, Mahelaleel, Jared, 3Henok, Metúsala, Lamek, 4Noe, Sem, Kam, Jafet.

5Synir Jafet eru þessir: Gómer, Magóg, Madaí, Javan, Túbal, Mesek og Tíras. 6Synir Gómer eru þessir: Askenas, Rífat, Tógarma. 7En synir Javan voru þessir: Elísa, Tarsisa, Kitím, Dódaním.

8Synir Kam voru þessir: Kús, Mísraím, Pút og Kanaan. 9En synir Kús eru Seba, Hevíla, Sabta, Ragema, Sabteka. Synir Ragema eru Skeba og Dedan. 10Kús gat Nimrod, hann tók til að verða megtugur á jörðunni. 11Mísraím gat Lúdím, Anamím, Lehabím, Naftúhím, 12Patrúsím, Kaslúhím af hverjum Filistím og Kaftórím eru komnir. 13Og Kanaan gat Sídon sinn hinn fyrsta son, Het, 14Jebusij, Amorij, Gilgosi, 15Hevi, Archi, Simi, 16Arvadi, Zemari og Hemathi.

17Synir Sem eru þessir: Elam, Assúr, Arpaksad, Lúd, Aram, Ús, Húl, Geter og Masek. 18Og Arpaksad gat Sala. Sala gat Eber. 19En Eber gat tvo syni og hét sá fyrri Peleg því að jörðin skiptist í hans tíð og hans bróðir hét Jaktan. 20En Jaktan gat Almódat, Salef, Hasarmavet, Jara, 21Hadóram, Úsal, Diklag, 22Ebal, Abímael, Skeba, 23Ófír, Hevíla og Jóbab. Þessir eru allir synir Jaktan.

24Sem, Arpaksad, Sala, 25Eber, Peleg, Regú, 26Serúg, Nahor, Tara 27og Abram hver að er Abraham.

28En synir Abrahams eru þeir Ísak og Ísmael. 29Og þessi er þeirra ættkvísl: Fyrsti son Ísmael var Nebajót, Kedar, Abdeel, Míbsam, 30Misma, Dúma, Masa, Hadad, Tema, 31Jetúr, Nafis, Kedma. Þessir allir voru synir Ísmael. 32En synir Kethure, frillu Abraham, eru þessir: Hún fæddi Símram, Jaksan, Medan, Madían, Jisbak og Súa. Og synir Jaksan voru Skeba og Dedan. 33En synir Midían voru Efa, Efer, Enok, Abída og Eldaa. Þessir allir eru synir Keture.

34Abraham gat Ísak. En synir Ísak voru þeir Esaú og Ísrael. 35En synir Esaú voru Elífas, Regúel, Jeús, Jaelan og Kóra. 36Synir Elífas voru Teman, Ómar, Sefí, Gaetam, Kenas, Timna og Amalek. 37Synir Regúel voru Nahat, Sera, Samma, Misa.

38Synir Seír eru Lótan, Sóbal, Síbeon, Ana, Díson, Eser og Dísan. 39Synir Lótan eru Góri, Hómam og Timna var systir Lótan. 40Synir Sóbal voru Alean, Manahat, Ebal, Sefí, Ónam. Synir Síbeon voru Aja og Ana. 41Son Ana: Díson. Synir Díson voru Hamram, Esban, Jetran og Kran. 42Synir Eser voru Bilan, Sahevan og Jaekan. Synir Dísan voru Ús og Aram.

43En þessir eru þeir kóngar sem ríkt hafa í landi Edóm áður en nokkur kóngur ríkti á meðal Ísraelssona: Bela son Beór og hans staður hét Dínhaba. 44En sem Bela andaðist þá varð Jóbas son Sera af Basra kóngur í hans stað. 45En sem Jóbab andaðist þá varð Húsam af landi Thamniter kóngur í hans stað. 46En sem Húsam var dauður þá varð Hadad son Bedad kóngur í hans stað hver að sló þá Madianiter í landinu Moabitarum og hans staður hét Avít. 47En sem Hadad andaðist þá varð Samla af Masrek kóngur eftir hann. 48Sem Samla deyði þá varð Saul af Rehóbót hjá vatninu kóngur í hans stað. 49En sem Saul deyði þá tók kóngdóm Baal Hanan son Akbor eftir hann. 50Sem Baal Hanan var dauður þá varð Hadad kóngur í hans stað og hans staður hét Pagí en

hans kvinna hét Mehetabeel, dóttir Madret, dóttur Mesahab. 51En sem Hadad deyði þá urðu hertugar í Edóm: Sá hertugi Timna, hertugi Alía, hertugi Jetet, 52hertugi Ahalíbama, hertugi Ela, hertugi Pínon, 53hertugi Kenas, hertugi Teman, hertugi Mibsar, 54hertugi Magdeel, hertugi Íran. Þessir voru hertugar í Edóm.

2 Þessir eru synir Israelis: Rúben, Símeon, Leví, Júda, Ísaskar, Sebúlon, 2Dan, Jósef, Benjamín, Neftalí, Gað og Asser.

3Þessir eru synir Júda: Ger, Ónan, Sela. Þessir þrír voru honum fæddir af dóttir þeirra kananísku kvinnu Súa. En Ger fyrsti sonur Júda var illur fyrir DROTTNI og því sló DROTTINN hann í hel. 4En Tamar hans mágkona fæddi honum Peres og Sera. Svo að synir Júda voru fimm með öllu.

5Synir Peres voru Hesróm og Hamúl. 6Synir Sera voru Simrí, Etam, Heman, Kalkól, Dara. Og þessir allir voru fimm. 7Synir Karmí voru Akar sem að sturlaði Ísrael því hann syndgaðist þá hann stal því sem bannfært var. 8Sonur Etan var Asarja.

9En synir Hesróm sem honum voru fæddir voru Jerahmeel, Ram og Kalúbaí. 10Ram gat Amínadab. Amínadab gat Nahesson hver að var höfðingi yfir Júda. 11Nahesson gat Salma. Salma gat Bóas. 12Bóas gat Óbeð. Óbeð gat Ísaí.

13Ísaí gat Elíab, sinn fyrsta son, Abínadab annan, Simía hinn þriðja, 14Netaneel fjórða, Raddaí hinn fimmta, 15Ósem þann sjötta og Davíð hin sjöunda. 16En Serúja og Abígail voru þeirra systur. Synir Serúja voru Abísaí, Jóab og Asahel, þeir þrír. 17En Abígail fæddi Amasa en Jeter sá Ísmaelíti var faðir Amasa.

18Kaleb son Hesróm gat Asúba með sinni kvinnu og Jerígót. Og þessir voru hans synir: Jeses, Sóbab og Ardon. 19En sem Asúba andaðist þá tók Kaleb Efrat og hún gat honum Húr. 20En Húr gat Úrí en Úrí gat Besaleel. 21Þar eftir svaf Hesróm hjá dóttir Makír, föður Gíleað, og tók hana þá hann var sextígi ára gamall og hún fæddi honum Segúb. 22Og Segúb gat Jaír. Hann átti þrjár og tuttugu borgir í landinu Gíleað. 23Og hann fékk af þeim Gesúr og Aran staði Jaír, þar með Kenat með sínum smástöðum sem voru sextígi. Allir þessir eru synir Makír, föður Gíleað. 24En sem Hesróm deyði í Kaleb Efrata þá lét Hesróm sína húsfrú Abía eftir sig og hún fæddi honum Assúr, föður Tekóa.

25Jerahmeel fyrsti son Hesróm átti syni. Hans fyrsti son Ram, Búna, Óren, Ósem, Ahía. 26Og Jerahmeel hafði enn aðra kvinnu. Hún hét Atara og hún var móðir Ónam. 27En synir Ram þess fyrsta sonar Jerahmeel voru þeir Maas, Jamen og Eker. 28Og Ónam átti syni: Samaí og Jada. Nadab og Abísúr eru synir Samaí. 29En kvinna Abísúr hét Abíhaíl og hún fæddi honum Aban og Mólíd. 30Synir Nadab voru Seled og Appaím. En Seled andaðist barnlaus. 31Sonur Appaím var Jesei. Og son Jesei var sesan. Son Sesan var Ahelaí. 32En synir Jada, bróðir Samaí, eru Jetei og Jónatan. Og Jeter deyði barnlaus. 33En synir Jónatan eru Pelet og Sasa. Þessir eru synir Jerahmeel.

34Sesan hafði öngva sonu heldur dóttir. Og Sesan hafði einn egypskan þénara sem hét Jarrha. 35Og þessum Jarrha gaf Sesan sína dóttir til eigink vinnu og hún fæddi honum Ataí. 36Ataí gat Natan. Natan gat Sabad. 37Sabad gat Eflal. Eflal gat Óbeð. 38Óbeð gat Jehú. Jehú gat Asarja. 39Asarja gat Hales. Hales gat Eleasa. 40Eleasa gat Síssemaí. Síssemaí gat Sallúm. 41Sallúm gat Jekamja. Jekamja gat Elísama.

42Synir Kaleb, bróður Jerahmeel eru þessir: Meesa hans fyrsti son. Hann er faðir Síf og sona Maresa, föður Hebron. 43Synir Hebron eru Kóra, Tapúa, Rekem

og Sama. [44]Sama gat Raham, föður Jarkaam. Rekem gat Samaí. [45]En son Samaí hét Maon en Maon var faðir Bet Súr. [46]Og Efa, frilla Kaleb, hún fæddi Haran, Mósa og Gases. Og Haran gat Gases. [47]Og synir Jahdaí voru Rekem, Jótam, Gesan, Pelet, Efa og Saaf. [48]Og Maeka, frilla Kaleb, fæddi Seber og Tírhena. [49]Og hún fæddi einnin Saaf, föður Madmanna og Seva, föður Makbena og föður Gíbea. En Aksa var dóttir Kaleb.

[50]Og þetta voru synir Kaleb: Húr hinn frumgetni af Efrata, Sóbal faðir þeirra af Kirjat Jearím, [51]Salma faðir Betlehem, Haref faðir Bet Gader. [52]Og Sóbal, faðir Kirjat Jearím, hafði syni og hann sá hálft Manúhót. [53]En af þeirri ætt Kirjat Jearím voru Jehtriter, Puthiter, Sumathiter og Misrahiter. Af þessum eru þeir Zaregathiter og Esthaoliter komnir. [54]Synir Salma eru Betlehem og þeir Netophatiter, Jóabs húss kóróna og hálfpart af þeim Manahthiter af þeim Zareither. [55]Og sú skrifaraætt sem bjó í Jabes eru þeir Thiriathiter, Simeathiter, Suchathiter. Það eru þeir Keniter sem komnir eru af Hamat, föður Bet Rekab.

3 Þessir eru synir Davíðs sem honum fæddust í Hebron: Sá frumgetni var Ammón af Ahínóam af Jesreel, sá annar Daníel af Abígail af Karmel, [2]en þriðji Absalon sonur Maeka hver að var dóttir kóngsins Talmaí af Gesúr, en fjórði var Adónía sonur Hagít, [3]en fimmti Safatja af Abítal, en sjötti Jetríam af hans eiginkvinnu Egla. [4]Þessir sex voru honum fæddir í Hebron. Því hann ríkti þar í sjö ár og sex mánuði en í Jerúsalem ríkti hann þrjú og þrjátígi ár. [5]Og þessir synir voru honum fæddir í Jerúsalem: Símea, Sóbab, Natan, Salómon, þessir fjórir af Betsúa, dóttur Ammíel. [6]Þar til Jebehar, Elísama, Elífalet, [7]Nóga, Nefeg, Japía, [8]Elísama, Eljada og Elífalet, níu saman. [9]Þetta eru allt synir Davíðs, að auk þeirra sona sem hann átti við sínum frillum. Og Tamar var þeirra systir.

[10]En Salómon átti Róbóam, hans son var Abía, hans son var Assa, hans son var Jósafat, [11]hans son var Jóram, hans son var Ahasía, hans son var Jóas, [12]hans son var Amasía, hans son var Asaría, hans son var Jótan, [13]hans son var Akas, hans son var Esekías, hans son var Manasse, [14]hans son var Amón, hans son var Jósía.

[15]En synir Jósía voru þessir: Inn fyrsti Jóhanan, annar Jójakím, þriðji Sedekía, fjórði Sallúm. [16]En Jekanja var son Jójakím. Hans son var Sedekía.

[17]En þeir synir Jekanja sem fanginn varð voru Sealtíel, [18]Malkíram, Pedaja, Senneasar, Jekamja, Hósama, Nebadja. [19]Sóróbabel og Símeí voru synir Pedaja. Nesúllam og Hananja og þeirra systir Selómít voru börn Sóróbabel, [20]þar til og Hasúba, Óhel, Berekía, Hasabja, Júsab Heses, þeir fimm. [21]En synir Hananja voru þeir Platía, Jesaja. Hans son var Resaja, hans son var Arnan, hans son var Óbadía, hans son var Sakanja, en son Sakanía var Semaja. [22]Og synir Semaja voru Hatus, Jegeal, Baría, Nearía, Safat, þeir sex. [23]En synir Nearía voru þeir Elíóenaí, Hiskía, Asríkam, þeir þrír. [24]Og synir Elíóenaí voru Hódaí, Eljasíb, Plaja, Akúb, Jóhanan og Delaja og Ananí, þeir sjö.

4 Synir Júda voru Peres, Hesrón, Karmí, Húr og Sóbal. [2]En Rehaja son Sóbal gat Jahat. En Jahat gat Ahúmaí og Lahad. Þessi er Saregathiter ættkvísl. [3]Og þetta er ætt Etam: Jesreel, Jesma, Jedbas og þeirra systir hét Haselelpóní, [4]Pnúel faðir Gedór og Eser faðir Húsa. Það eru synir Húr, frumgetins sonar Efrata, föður Betlehem.

[5]En Ashúr, faðir Tekóa, hafði tvær kvinnur, Hellea og Naera. [6]En Naera fæddi honum Ahúsam, Hefer, Temní og Ahastari. Þessir eru synir Naera. [7]Og synir Hellea voru Seret, Jesóhar og Etn-

an. 8En Kós gat Anúb og Hasóbeba og
Aharhel, Harúmsona ættkvísl.
9Jaebes var veglegri en hans bræður
og hans móðir kallaði hann Jaebes því
hún sagði: „Með sorg hefi eg hann
fæddan.“ 10Og Jaebes kallaði á Ísraels
Guð og sagði: „Ef þú blessar mig og
víkkar út mín landamerki og þín hönd
verður með mér og lætur svo ske að
það hið vonda sturlar mig ekki.“ Og
Guð veitti honum hans bón.
11En Kalúb, bróðir Súha, gat Mehír,
hann er faðir Estón. 12Og Estón gat Bet
Rafa, Pasea og Tehinna sem var faðir
Nahas staðar. Þetta eru þeir menn af
Reka.
13En synir Kenas voru þeir Atníel og
Seraja. En sonur Atníel hét Hatat. 14En
Meonotaí gat Ofra. Og Seraja gat Jóab
sem var faðir þeirra trésmiða í þeim dal
því að þeir voru trésmiðir. 15En synir
Kaleb sonar Jefúnne voru Írú, Ela og
Naam. Sonur Ela var Kenas. 16Og synir
Jehaleel voru Síf, Sífa, Tirja og Asareel.
17En synir Esra voru Jeter, Mered, Efer
og Jalon og Tahar, María, Samaí og Jes-
bak, faðir Estemóa. 18Og hans kvinna
Judia fæddi Jered föður Gedor, og
Heber föður Sóhó, Jekútíel föður
Sanóa. Þessir voru synir Bitja, dóttir
faraó, hverja Maret tók. 19En synir
þeirrar kvinnu Hódíja, systur Naan,
föður Kegíla, voru Garmí og Estemóa af
Maekat. 20Og synir Símon voru Amm-
on, Rinna og Ben Hanan, Tílon. En syn-
ir Jesei voru Sóhet og Ben Sóhet.
21Og synir Sela sonar Júda var Er föð-
ur Leka og Laeda faðir Maresa og sú
línvefjaraætt í húsi Asbea, 22þar til með
Jókím og þeir menn af Kóseba, Jóas,
Saraf, höfðingjar í Móab, og í Jasúbí
Lahem, svo sem gamlar ræður hlýða.
23Þeir voru leirkerasmiðir og bjuggu á
millum þeirra plantaranna í görðunum
hjá kónginum sökum hans verka og
komu og voru þar.
24Synir Símeon voru Nemóel, Jamín,
Jaríb, Sera og Saul. 25Hans son var
Sallúm, hans son var Mibsam en hans
son var Misma. 26En sonur Mismas var
Hamúel, hans son var Sakúr og hans
son var Símeí. 27En Símeí hafði sextán
syni og sex dætur en hans bræður
höfðu ekki mörg börn. Og hans ætt-
hringur jók sig ekki svo sem Júdasynir.
28Og þeir bjuggu í Bersaba, Mólada,
Hasar Súal, 29Bílha, Esem, Tólad, 30Betú-
el, Harma, Siklag, 31Bet Markabót, Has-
ar Sússem, Bet Bíerí, Saaraím. Þetta
voru þeirra staðir allt til daga Davíðs
kóngs. 32Þar með þorp þeirra: Etam,
Aín, Rimmon, Tóken, Asan, þeir fimm
staðir 33og öll þau þorp sem að voru í
kringum þessa staði allt að Baal. Það
eru þeirra heimili og þeirra ættleifð á
meðal þeirra sjálfra.
34Og Mesósab, Jamlek og Jósa son
Amasía, 35Jóel, Jehú sonur Jósibja, son-
ar Saraja, sonar Asíel, 36Elíóenaí, Jea-
kóba, Jósóhaja, Asaja, Adíel, Ísmael og
Benaja, 37Sísa son Sífeí, sonar Alon, son-
ar Jedaja, sonar Simrí, sonar Semaja.
38Þessir voru þeir nafnkunnugu höfð-
ingjar í þeirra ætt og í þeirra feðra húsi
og þeir margfölduðust mjög. 39Og þeir
drógu í burt svo þeir kæmi til Gedor að
austanverðum dalnum og leituðu að
haglendi handa sínum hjörðum. 40Og
þeir fundu feitt og gott haglendi og eitt
land bæði vítt og breitt, spakt og
frjósamt því að þeir af Kam höfðu búið
þar forðum. 41En þeir sem nú eru skrif-
aðir komu í Ezechie Júdakóngs tíð og
slógu hinna annarra tjaldbúðir og
heimili sem þar urðu fundnir og for-
eyddu þeim inn til þessa dags og bjuggu
í þeirra stöðum því að þar var ágætt
haglendi fyrir fé. 42Og þar gengu út af
sonum Símeon fimm hundruð manns
allt til fjallsins Seír með sínum höfð-
ingjum: Platja, Naerja, Refaja og Úsíel,
synir Jesei, 43og slógu þá í hel sem eftir
höfðu orðið af þeim Amalechiter og
bjuggu þar inn til þessa dags.

5 Þetta eru synir Rúben frumgetna
sonar Ísraels því hann var fyrsti
son Ísraels. En sökum þess að hann
saurgaði síns föður sæng varð hans
frumtign gefin sonum Jósefs sonar Ísr-
ael og hann var ekki reiknaður fyrir
þann hinn frumgetna. [2]En Júda sem var
megtugur á meðal sinna bræðra, hon-
um var gefið höfðingjadæmið fram fyr-
ir hinn, en Jósef frumtignin. [3]Svo eru
nú synir Rúben þess fyrsta sonar Ísrael:
Hanok, Pallú, Hesróm og Karmí. [4]Og
sonur Jóel var Semaja, hans son var
Góg, hans son var Semeí, [5]hans son var
Míka, hans son var Neaja, hans son var
Baal, [6]hans son var Beera hvern að
Tíglat Pilnesser kóngurinn af Assyria
flutti í burt hertekinn. Og hann var
einn höfðingi meðal þeirrar Rúbens
ættar. [7]En hans bræður eftir þeirra kyn-
slóð, þá þeir voru reiknaðir á meðal
sinna ættmanna, þá höfðu þeir Jeíel og
Sakaría til höfðingja. [8]Og Bela sonur
Asan, sonar Sema, sonar Jóel sem bjó í
Aróer og allt inn til Nebó og Baal Meon
[9]og hann bjó í móti austri allt til að
kemur að þeirri eyðimörku sem liggur
að vatni Euphrates. Því að þeirra kvikfé
var mikið í Gíleaðlandi. [10]Og þeir færðu
stríð á móti þeim Hagarenis í tíð Saul
svo að þeir Agareni féllu fyrir þeirra
höndum og þeir bjuggu í þeirra tjald-
búðum í öllum eystra parti af Gílead.

[11]Og synir Gað bjuggu þvert yfir frá
þeim í landi Basan inn til Salka. [12]Jóel
inn yppasti og Safan þar næst, Jaenaí
og Safat í Basan. [13]Og þeirra bæður eftir
þeirra feðra húsi voru Míkael,
Mesúllam, Seba, Jóraí, Jaekan, sjá, og
Eber, þeir sjö. [14]Þessir eru synir Abíhaíl
sonar Húrí, sonar Jaróa, sonar Gíleað,
sonar Míkael, sonar Jesísaí, sonar
Jahdó, sonar Bús. [15]Ahí son Abdíel, son-
ar Gúní, hann var hinn yppasti í þeirra
feðra húsi. [16]Og þeir bjuggu í Gíleað út í
Basan og í þeirra þorpum og í öllum
forstöðum Saron inn til þeirra endi-
marka. [17]Þessir voru allir taldir á dög-
um Jótam Júdakóngs og Jeróbóam
Ísraelskóngs.

[18]Synir Rúben og Gað og hálf ætt
Manasses, þeir voru stríðsmenn og
höfðu bæði skjöld og sverð, kunnu og
að spenna boga og voru mjög
vopnkænir. Þessir voru fjórar og fjöru-
tígir þúsundir sjö hundruð og sextígi
þeir sem færir voru að fara í bardaga.
[19]Þessir drógu út til bardaga í móti þeim
Hagarenis en þeim komu til hjálpar
Jetúr, Nafes og Nódab. [20]Og Hagareni
féllu í þeirra hendur og alir þeir sem
voru með þeim. Því þeir hrópuðu til
Guðs í bardaganum og hann bænheyrði
þá því þeir treystu upp á hann. [21]Og
þeir tóku þeirra kvikfé, fimm þúsund
úlfalda, tvö hundruð og fimmtígi þús-
undir sauða, tvö þúsund asna og hund-
rað þúsund mannasálir. [22]Því þar féllu
margir sárir því að það var Guðs bar-
dagi. Og þeir bjuggu í þeirra stöðum
allt til þess að þeir voru herleiddir.

[23]En hálf ætt Manassessona bjó í
landinu frá Basan og allt til Baal
Hermon og Senír og að fjallinu Hermon
og þeir voru margir. [24]Og þessir voru
höfðingjar fyrir þeirra feðra húsum:
Efer, Jeseí, Elíel, Asríel, Jeremía, Hóda-
vja og Jahdíel. Þetta voru voldugir
magtarmenn og nafnkunnugustu höfð-
ingjar í þeirra feðra húsum. [25]En þá þeir
syndguðust í móti þeirra feðra Guði og
frömdu hóranir með fólksins afguðum
í landinu hverja Guð hafði þó eyðilagt
fyrir þá [26]þá uppvakti Guð Israelis anda
Púel hver að var kóngur í Assyria og
anda Tíglat Pilnesses kóngsins af Assyr-
ia og þeir burtfluttu sonu þeirra Rúben,
Gað og þá hálfa Manasses ætt og fluttu
þá til Hala og Habór og Harar og til
þess vatsins Gósan allt til þessa dags.

6 Synir Leví voru Gerson, Kahat,
Merarí. [2]En synir Kahat voru
Amram, Jesehar, Hebron og Úsíel.
[3]Synir Amram voru Aron, Móse og
María. Synir Aron voru Nadab, Abíúð,

Eleasar og Ítamar. [4]Eleasar gat Píneas. Píneas gat Abísúa. [5]Abísúa gat Búkí. Búkí gat Úsí. [6]Úsí gat Saraja. Saraja gat Merajót. [7]Merajót gat Amarja. Amarja gat Ahítób. [8]Ahítób gat Sadók. Sadók gat Ahímaas. [9]Ahímaas gat Asarja. Asarja gat Jóhanan. [10]Jóhanan gat Asarja sem að var kennimaður í því húsi sem að Salómon byggði í Jerúsalem. [11]Asarja gat Amarja. Amarja gat Ahítób. [12]Ahítób gat Sadók. Sadók gat Sallúm. [13]Sallúm gat Hilkía. Hilkía gat Asaría. [14]Asaría gat Seraja. Seraja gat Jósadak. [15]En Jósadak var og fangaður þann tíð sem DROTTINN lét Júda og Jerúsalem flytjast í burt fangaða af Nabúgodonosor.

[16]Svo eru nú þessir synir Leví: Gerson, Kahat og Merarí. [17]En synir Gerson hétu Líbní og Símeí. [18]En synir Kahat hétu Amram, Jesehar, Hebron og Úsíel. [19]En synir Merarí hétu Mahelí og Músí. Þessi er ætt Levítanna á meðal þeirra feðra: [20]Sonur Gerson var Libní, hans son var Jahat, hans sonur var Sima, [21]hans sonur var Jóa, hans sonur var Íddó, hans sonur var Sera, hans sonur var Jeatraí. [22]En sonur Kahat var Amínadab, hans sonur var Kóra, hans sonur var Assír, [23]hans sonur var Elkana, hans sonur var Abjasaf, hans sonur var Assír, [24]hans sonur var Tahat, hans sonur var Úríel, hans son var Úsía, hans son var Saul. [25]Synir Elkana voru Amasaí, Ahímót [26]og Elkana. Hans son var Elkana af Sóf, hans son var Nahat, [27]hans son var Elíab, hans son var Jeróham, hans son var Elkana, [28]hans son var Samúel hvers frumgetinn sonur eð var Vasní og Abía. [29]Son Merarí var Mahelí, hans son var Líbní, hans son var Símeí, hans son var Úsa, [30]hans son var Símea, hans son var Haggía, hans son var Asja.

[31]En þessir eru þeir sem að Davíð skikkaði til að syngja í húsi DROTTINS þar sem örkin var sett. [32]Og þeir þjónuðu fyrir vitnisburðarins tjaldbúð syngjandi þar til að Salómon byggði DROTTNI hús í Jerúsalem og stóðu í sínu embætti eftir sinni skikkan. [33]Og þetta eru þeir sem þar stóðu og þeirra synir: Af sonum Kahat var Heman sá söngvari son Jóel, sonar Samúel, [34]sonar Elkana, sonar Jeróham, sonar Elíel, sonar Tóa, [35]sonar Súf, sonar Elkana, sonar Mahat, sonar Amasaí, [36]sonar Elkana, sonar Jóel, sonar Asarja, sonar Sefanía, [37]sonar Taat, sonar Assír, sonar Abjassaf, sonar Kóra, [38]sonar Jesear, sonar Kaat, sonar Leví, sonar Ísrael. [39]Og hans bróðir Assaf stóð við hans hægri hönd. En sá Assaf var sonur Berekía sonar Símea, [40]sonar Míkael, sonar Baeseja, sonar Malkía, [41]sonar Atní, sonar Sera, sonar Adaja, [42]sonar Etan, sonar Sima, sonar Símeí, [43]sonar Jahat, sonar Gersom, sonar Leví. [44]En þeirra bræður, synir Merarí, stóðu til vinstri síðu, sem var Etan sonur Kúsí, sonar Abdí, sonar Mallúk, [45]sonar Hasabja, sonar Amasja, sonar Hilkía, [46]sonar Amsí, sonar Baní, sonar Samer, [47]sonar Mahelí, sonar Músí, sonar Merarí, sonar Leví. [48]Og Levítarnir þeirra bræður voru settir til allra handa embætta í tjaldbúðarhúsi Guðs. [49]En Aron og hans synir offruðu reykelsi yfir brennioffursins altari og yfir reykelsisaltari og þeir voru til allsháttaðra gjörninga í því allrahelgasta og til að forlíka Ísrael so sem Móses Guðs þénari hafði boðið. [50]Þessir eru synir Aron: Hans son Eleasar, hans son var Píneas, hans son var Abísúa, [51]hans son var Búkí, hans son var Úsí, hans son var Serahja, [52]hans son var Merajót, hans son var Amaría, hans son var Ahítób, [53]hans son var Sadók, hans son var Ahímaas.

[54]Og þessi eru þeirra heimili og sæti í þeirra landsálfum, sem eru synir Aron af Chahathither slekti. Því að hluturinn féll þeim til. [55]Og þeir gáfu þeim Hebron í Júdalandi og hennar forstaði þar í kring. [56]En þeir gáfu Kaleb syni Jefúnne staðarins akra og hans þorp. [57]So gáfu þeir nú sonum Aron þessa frelsisstaði:

Hebron og Líbna með þeirra forstöðum, Jater og Estemóa með þeirra forstöðum, [58]Hílen, Debír, [59]Asan og Bet Semes með þeirra forstöðum. [60]Og af Benjamíns ætt: Geba, Alemet og Anatót með þeirra forstöðum. So að allir staðirnir í þeirra ætt voru þrettán.

[61]En þeir aðrir synir Kahat í þeirra frændleifð af því hálfu Manasses slekti fengu tíu staði í sinn hlut. [62]Synir Gersom í sínu slekti fengu af Ísaskar slekti og af Assers slekti og af Neftalí slekti og af Manasse slekti í Basan þrettán staði. [63]Synir Merarí í þeirra ættleifð fengu eftir hlutfalli af Rúben slekti og Gað slekti og af Sebúlon slekti tólf staði. [64]Og Ísraelssynir gáfu Levítunum og svo staði með sínum forstöðum eftir hlutfallinu. [65]Og af Júdasonar slekti og af Símeonsona slekti og af Benjamínsona slekti þá staði sem þeir nefndu við nafn.

[66]En þeir sem voru af Kahatsona ætt þeir fengu borgir í sínum landamerkjum af Efraíms ætt. [67]So gáfu þeir þeim frelsisstaði: Síkem á Efraímsfjalli, Geser, [68]Jakmeam, Bet Hóron, [69]Ajolon og Gað Rimon með þeirra forstöðum, [70]þar til með af því hálfu Manasses slekti Aner og Bíleam með þeirra forstöðum.

[71]En sonum Gersom gáfu þeir af því hálfu Manasses slekti Gólan í Basan og Astarót með þeirra forstöðum, [72]af Ísaskar slekti Kedes, Dabrat, [73]Ramót og Anem með þeirra forstöðum, [74]af Asser slekti Masal, Abdón, [75]Húkok og Reób með þeirra forstöðum, [76]af Neftalí slekti Kedes í Galilea, Hammón og Kirjataím með þeirra forstöðum. [77]Þeim öðrum sonum Merarí gáfu þeir af Sebúlons ætt Rimónó, Tabór með þeirra forstöðum. [78]Og hinumegin Jórdanar gegnt Jeríkó austur frá Jórdan af Rúben slekti Beser í eyðimörku, Jaksa, [79]Kedemót og Mepaat með þeirra forstöðum, [80]af Gaað ætt Ramót í Gíleað, Mahanaím, [81]Hesbon og Jaeser með þeirra forstöðum.

7 Synir Ísaskar voru þeir Tóla, Púa, Jasúb og Simron, þeir fjórir. [2]En synir Tóla voru Úsí, Refaja, Jeríel, Jahemaí, Jebsam og Samúel, höfðingjar í þeirra feðra húsi af Tóla. Og hið voldugasta fólk í þeirra ætt voru taldir á Davíðs dögum tvær og tuttugu þúsundir og sex hundruð. [3]Synir Úsí voru Jesraja. En synir Jesraja voru Míkael, Óbadía, Jóel og Jesía, þeir fimm, og voru allir höfðingjar. [4]En með þeim á meðal þeirra ættar í þeirra feðra húsi voru sex og þrjátígi þúsundir, það fólk sem var fært í stríð. Því að þeir höfðu margar kvinnur og börn. [5]Og þeirra bræður af öllu Ísaskar slekti, hraustir bardagamenn, voru sjö og áttatígi þúsundir og voru allir reiknaðir.

[6]Synir Benjamín voru Bela, Beker og Jedíael, þeir þrír. [7]En synir Bela voru Esbón, Úsí, Úsíel, Jerímót og Írí, þeir fimm höfðingjar í feðranna húsi, voldugt fólk. Þeir voru reiknaðir tvær og tuttugu þúsundir fjórir og þrjátígi. [8]Synir Beker voru Semíra, Jóas, Elíesser, Elíóenaí, Amrí, Jeremót, Abía, Anatót og Alamet. Þessir allir voru synir Beker. [9]Og þeir voru reiknaðir í þeirra ætt eftir höfuðsmönnunum í þeirra feðra húsi tuttugu þúsundir og tvö hundruð ágætt stríðsfólk. [10]En synir Jedíael voru þessir: Bílhan. Synir Bílhan voru Jehús, Benjamín, Ehúð, Knaena, Setan, Tarsis og Ahísaar. [11]Þeir voru allir synir Jedíael, höfuðsmenn í þeirra feðra húsi, hraustir stríðsmenn, seytján þúsundir og tvö hundruð bardagamenn. [12]En Súpím og Húpím voru synir Ír og Húsím var son Aher.

[13]Synir Neftalí voru Jahsíel, Gúní, Jeser og Sallúm, synir Bíla. [14]En synir Manasses eru þessir: Esríel sem hans frilla fæddi honum, Aramía að nafni, hann gat Makír, föður Gíleað. [15]Og Makír gaf Húpím og Súpím kvinnur. Hans systir hét Maeka. Hans annar son hét Selafehað. Og Selafehað hafði dætur. [16]Og Maeka hústrú Makír fæddi

einn son. Þann kallaði hún Peres og hans bróðir hét Sares, hans synir voru þeir Úlam og Rakem. 17Og sonur Úlam var Bedan. Þessir voru synir Gíleað sonar Makír, sonar Manasses. 18Og hans systir Móleket fæddi Íshúd, Abíeser og Mahela. 19Og Semída átti þessa sonu: Ahean, Síkem, Líkí og Aníam.

20Þessir voru synir Efraím: Sútela. Hans son var Bered, hans son var Tahat, hans son var Eleada, hans son var Tahat, 21hans son var Sabad, hans son var Sútela, hans synir voru Eser og Elead. En þeir menn í Gat, landsins innbyggjarar, slógu þá í hel því að þeir voru til samans útfarnir að taka þeirra kvikfé. 22Og Efraím þeirra faðir syrgði þá lengi og hans bræður komu og hugguðu hann. 23Eftir það kenndi hann sína kvinnu og hún varð þunguð og fæddi einn son. Þann kallaði hún Bría því að það gekk illa til í hans húsi. 24Hans dóttir var Seera. Hún byggði upp það neðsta og efsta Bet Hóron og Úsen Seera. 25Hennar synir voru Refat og Resef. Hans son var Tela, hans son var Tahan, 26hans son var Laedan, hans son var Amíúd, hans son var Elísama, 27hans son var Nún, hans son var Jósúa.

28En þeirra eign og heimili var Betel með sínum dætrum austur að Naeram og Geser með hennar dætrum í mót vestri og Sekem og hennar dætur inn til Asa og hennar dætur. 29Og hjá Manassessonum Bet Sean og hennar dætur, Taenak og hennar dætur, Megiddó og hennar dætur, Dór og hennar dætur. Út í þessum borgum bjuggu synir Jósef, sem voru synir Ísrael.

30Synir Asser voru þessir: Jemna, Jesva og Jesvaí, Bría og þeirra systir Sera. 31Synir Bría voru Heber og Malkíel, hann er faðir Birsavít. 32Og Heber gat Jaflet, Sómer, Hótam og Súa þeirra systir. 33Synir Jaflet voru Passa, Bímehal og Assvat, það voru synir Jeflet. 34Synir Sómer voru Ahí, Rahga, Jehúba og Aram. 35Og synir Helem hans bróður voru Sófa, Jemna, Seles og Amal. 36Synir Sófa voru Súa, Harnefer, Súal, Berí, Jemra, 37Beser, Hód, Sama, Silsa, Jetran og Beera. 38Synir Jeter voru Jefúnne, Pispa og Ara. 39Synir Úlla voru Ara, Haníel og Risja. 40Þessir allir voru synir Asser, útvaldir höfðingjar í þeirra feðra húsi, megtugir menn og hertugar yfir höfðingjunum, og voru reiknaðir að tölu þeir sem herfærir voru sex og tuttugu þúsundir manna.

8 Benjamín gat Bela sinn fyrsta son, Asbal annan, Ara þann þriðja, 2Nóa hinn fjórða, Rafa þann fimmta. 3En Bela átti þessa syni: Addar, Gera, Abíhúd, 4Abísúa, Naeman, Ahóa, 5Gera, Sfúfan og Húram. 6Þessir eru synir Ehúð þeir sem voru feðranna höfðingjar á meðal borgaranna í Geba og drógu burt til Manahat, 7sem var Naeman, Ahía og Gera. Hann færði þá í burt og hann gat Úsa og Ahíúd. 8En Seharaím gat í landi Móab þá hann hafði látið fara frá sér Húsím og Baera sínar kvinnur 9og hann gat þá af Hódes sinni kvinnu Jóbab, Síbja, Mesa, Malkam, 10Jeús, Sakía og Mirma. Þessir voru hans synir, höfðingjar í feðranna húsum. 11Og hann gat af Húsím Abítób og Elpaal. 12Eber, Míseam og Samad voru synir Elpaal. Hann uppbyggði Ónó og Lód og hennar dætur. 13En Bría og Sama voru þeir yppustu feður á meðal borgaranna í Ajalon. Þeir útrýmdu þá í Gat. 14Og hans bróðir var Sasak, Jerímót, 15Sebadía, Arad, Ader, 16Míkael, Jespa og Jóha: Það eru synir Bría. 17Og Sebadía, Mesúllam, Hiskí, Heber, 18Jeslía, Jóbab: Þessir eru synir Elpaal. 19Jakím, Sikrí, Sabdí, 20Elínaí, Siltaj, Elíel, 21Adaja, Braja og Simrat: Þessir eru synir Símeí. 22Jespan, Eber, Elíel, 23Abdón, Sikrí, Hanan, 24Hananja, Elam, Antótía, 25Jefdeja og Pnúel: Þessir eru synir Sasak. 26Samseraí, Seharía, Atalía, 27Jaeresja, Elía og Sikrí: Þessir eru synir Jeróham. 28Þessir

eru nú yppustu feðranna höfðingjar af
þeirra ætt og bjuggu í Jerúsalem.
29En í Gíbeon bjó faðir Gíbeon og
hans kvinna hét Maeka. 30En Abón var
hans fyrsti son, Súr, Kís, Baal, Nadab,
31Gedor, Ahjó, Seker 32og Míklót. En
Míklót gat Símeja og bjó í Jerúsalem
þvert yfir frá sínum bræðrum hjá þeim.
33Ner gat Kís en Kís gat Saul. Saul gat
Jónatan, Melkísúa, Abínadab og Esbaal.
34En sonur Jónatan var Meríbaal. Merí-
baal gat Míka. 35Synir Míka voru Píton,
Melek, Taerea og Ahas. 36Og Ahas gat
Jóadda. Jóadda gat Alemet, Asmavet og
Simrí. Simrí gat Mósa. 37Mósa gat Bínea
og hans son var Rafa, hans son var Ele-
asa, hans son var Asel. 38Ase hafði sex
syni. Þeir hétu so: Esríkam, Bokrú,
Jesmael, Searja, Abadía og Hanan. Þeir
voru allir synir Asel. 39Synir hans bróð-
ur Esek voru Úlam, hans fyrsti son,
annar Jeús, sá þriðji Elífelet. 40En synir
Úlam voru manna sterkastir og kænir
með boga. Þeir höfðu og marga syni og
sonarsyni, hundrað og fimmtígi. Þessir
allir eru af sonum Benjamín.

9 Og allt Ísraelsfólk var reiknað og
sjá, það er uppskrifað í Ísraels- og
Júdakónga bók og nú burtflutt til Bab-
ýlon sökum þeirra misgjörninga. 2Þeir
hverjir eð áður bjuggu í þeirra eignum
og borgum sem var Ísrael, prestarnir,
Levítarnir og Nethíním. 3En þar bjuggu
nokkrir af Júdasonum í Jerúsalem,
nokkrir af sonum Benjamín og nokkrir
af sonum Efraím og Manasses hverjir
að voru af sonum Peres sonar Júda.
4Og þessi var Útahí, sonur Amíhúd,
sonar Amrí, sonar Imrí, sonar Baní. 5En
af Síloní: Asaja þann fyrsti son og aðrir
hans synir. 6Af sonum Sera komu Jegú-
el og hans bræður, sex hundruð og níu-
tígir. 7Af sonum Benjamín: Sallú sonur
Mesúllam, sonar Hódavja, sonar Has-
snúa. 8Og Jebneja, son Jeróam og Ela
son Úsí, sonar Míkrí. Og Mesúllam son
Sefatja, sonar Regúel, sonar Jebneja,
9þar með þeirra bræður í þeirra ætt, níu
hundruð fimmtígi og sex. Og allir þess-
ir menn voru ættarhöfðingjar í þeirra
feðra húsum.
10En af prestunum: Jedía, Jójaríb,
Jakín. 11Og Asarja sonur Hilkía, sonar
Mesúllam, sonar Sadók, sonar Merajót,
sonar Ahítób, einn höfðingi í húsi Guðs.
12Og Adaja son Jeóram, sonar Pashúr,
sonar Malkía. Og Maessaí sonur Adíel,
sonar Jahsera, sonar Mesúllam, sonar
Messillemet, sonar Immer. 13Þar með
þeirra bræður þeir yppustu í þeirra
feðra húsi, þúsund sjö hundruð og sex-
tígi, manna sterkastir til handverks-
embættis í húsi Guðs.
14En af Levítunum: Af sonum Merarí:
Semaja son Hasúb, sonar Asríkam, son-
ar Hasabja. 15Og Bakbakar sá trésmiður
og Galal og Matanía son Míka, sonar
Sikrí, sonar Assaf. 16Og Óbadía sonur
Semaja, sonar Jedútún. Og Berekía son
Assa, sonar Elkana, hverjir að bjuggu í
þeim Netophatiters þorpum.
17En Sallúm, Akúb, Talmon, Ahíman
og þeirra bræður voru dyraverðir og
Sallúm var þeirra höfðingi. 18Því að hér
til dags höfðu synir Leví vaktað kóngs-
ins port austan til. 19Og Sallúm sonur
Kóre, sonar Abjassaf, sonar Kóra, og
hans bræður af hans föðurs húsi þeir
Choriter, verkstjórar, áttu að taka var á
dyrum tjaldbúðarinnar og þeirra feður í
herbúðum DROTTINS og skyldu taka
vara á inngöngunni. 20Og Pínees son El-
easar var höfðingi yfir þeim því að
DROTTINN var áður með honum. 21En
Sakaría son Meselemja var vaktari fyrir
tjaldbúðarinnar vitnisburðardyrum.
22Allir þessir voru útvaldir til varðhalds
í portdyrunum, tvö hundruð og tólf.
Þeir voru reiknaðir í þeirra þorpum. Og
Davíð og Samúel sjáandi skikkuðu þá
fyrir þeirra trú að þeir 23og þeirra synir
skyldu taka vara upp á DROTTINS húsi,
sem var á húsi tjaldbúðarinnar, so að
þeir geymdu það. 24Og þessir sömu
dyravaktarar voru settir í fjórum átt-

um: Í mót austri, mót vestri, mót suðri
og mót norðri. 25En þeirra bræður voru
í þeirra þorpum en skyldu þó koma hjér
inn þann sjöunda dag og vera hjá þeim
alltíð. 26Því að þessum fjórum Levitis
var trúað til dyravarðveislunnar og þeir
voru settir yfir fjárhirsluna og fjár-
sjóðuna í húsi Guðs. 27Og um nætur
voru þeir í kringum hús Guðs því þeim
bar að halda vaktina og upplúka dyrun-
um hvern morgun. 28En sumir af þeim
voru settir yfir kerin til embættisins því
þeir báru þau út og inn eftir tölunni.
29En sumir af þeim voru skikkaðir yfir
kerin og yfir öll heilög verkfæri, yfir
similiumjöl, yfir vín, yfir oleum, yfir
reykelsi, yfir smyrslin. 30En nokkrir af
prestanna sonum gjörðu reykelsi.
31Matitja af Levítunum, fyrsti sonur
Sallúm Choriter, var trúað til eldgagn-
anna. 32Og af Chahathiter þeirra bræðr-
um voru tilskikkaðir þeir eð skyldi til-
reiða skoðunarbrauðin að þeir tilreiddu
þau alla sabbatsdagana.

33Þessir eru höfðingjar söngvaranna
meðal Levítanna feðra, útvaldir yfir fé-
hirsluna. Því dag og nótt voru þeir þar
yfir að höndla. 34Þessir eru þeir yppustu
feður á meðal Levítanna í þeirra ætt og
þessir bjuggu í Jerúsalem.

35Jeíel, faðir Gíbeon, bjó í Gíbeon.
Hans hústrú hét Maeka 36og hans fyrsti
son Abdón, Súr, Kís, Baal, Ner, Nadab,
37Gedór, Ahajó, Sakaría, Míklót. 38Og
Míklót gat Símeam og þeir bjuggu í
kringum sína bræður í Jerúsalem. 39Og
Ner gat Kís. Kís gat Saul. Saul gat Jónat-
an, Malkísúa, Abínadab, Esbaal. 40Merí-
baal var son Jónatan. Og Meríbaal gat
Míka. 41Synir Míka voru Píton, Melek,
Taerea og Ahas. 42Ahas gat Jaera. Jaera
gat Alemet, Asmavet og Simrí. Simrí
gat Mósa. 43Mósa gat Bínea og hans son
var Rafaja, hans son var Eleassa, hans
son var Asel. 44En Asel hafði sex sonu
og hétu Bokrú, Ísmael, Searja, Óbadía
og Hanan. Þessir eru synir Asel.

10 En Philistei börðust við Ísrael.
En þeir af Ísrael flýðu fyrir
Philisteis og féllu slegnir á fjallinu Gil-
bóa. 2Og Philistei nálguðust Saul og
hans syni og slógu Jónatan, Abínadab
og Malkísúam, sonu Saul. 3Var þá hörð-
ust aðsókn að Saul og bogmennirnir
komu að honum og særðu hann með
sínum skotum. 4Þá sagði Saul til síns
skjaldsveins: „Bregð þú þínu sverði og
legg þú mig í gegnum með því svo að
þessir óumskornu komi ei og veiti mér
háðung.“ En hans skjaldsveinn vildi
ekki því hann varð hræddur. Þá tók
Saul sjálfur sitt sverð og féll þar á. 5En
sem hans skjaldsveinn sá þetta að Saul
var dauður féll hann og svo á sitt sverð
og lét sitt líf. 6Svo lét Saul sitt líf og
hans þrír synir og þar féll allt hans hús.
7En sem Ísraelsmenn sem voru í dölun-
um sáu það að þeir voru flúnir og að
Saul og hans synir voru dauðir þá yfir-
gáfu þeir sína staði og héldu á flótta en
Philistei komu og bjuggu í þeim.

8Annars dags komu Philistei að ræna
valinn og fundu Saul og hans sonu
liggjandi á fjallinu Gilbóa. 9Þá flettu þeir
Saul sínum klæðum og tóku hans höfuð
og hans vopn og sendu í kringum allt
Philisteiland og létu það kunngjöra fyr-
ir þeirra afguðum og þeirra fólki. 10Og
þeir lögðu hans vopn í sinna guða hús
en hans höfuð festu þeir upp í Dagóns
húsi. 11En sem þeir menn í Jabes Gílead
heyrðu allt það sem Philistei höfðu
gjört Saul 12þá tóku þeir sig upp, allir
hinir hraustustu, og tóku líkama Saul
og hans sona og fluttu þá til Jabes og
jörðuðu þeirra bein undir einni eik sem
stóð í Jabes og föstuðu í sjö daga.

13Svo lét nú Saul líf sitt fyrir sakir
misgjörninga sinna sem hann hafði
framið í móti DROTTNI að hann hafði
ekki haldið DROTTINS orð og hann sótti
ráð hjá þeirri spáfararkonu 14en vonaði
ekki til DROTTINS. Því hann sló hann í
hel og sneri kóngsríkinu til Davíðs son-
ar Ísaí.

11 Og allur Israelislýður samansafnaðist til Davíðs í Hebron og sagði: „Sjá, vér erum þín bein og þitt hold. 2Þú hefur og svo áður fært Ísrael út og inn þá eð Saul kóngur var enn á dögum. So hefur og DROTTINN þinn Guð sagt þér: Þú skalt fæða mitt fólk Ísrael og þú skalt vera höfðingi yfir mínu fólki Ísrael.“ 3Og allir öldungar í Ísrael komu til kóngsins í Hebron. Og Davíð gjörði eitt sáttmál við þá í Hebron fyrir DROTTNI. Og þeir smurðu Davíð til kóngs yfir Ísrael eftir því sem DROTTINN hafði sagt fyrir Samúel.

4Og Davíð fór og allur Ísrael með honum til Jerúsalem (það er Jebús) því Jebusiter bjuggu þar í landinu. 5En Davíð vann kastalann Síon, það er Davíðs borg. 6Þá sagði Davíð: „Hver sem fyrst veitir slag þeim Jebusiter hann skal vera höfðingi og hertugi.“ Þá uppsté fyrstur Jóab son Serúja og varð höfuðsmaður. 7En Davíð vann kastalann og bjó þar og er því kallaður borg Davíðs. 8Og hann byggði borgina allt um kring, frá Milló og so allt umhverfis. En Jóab gaf þeim líf sem eftirlifðu í staðnum. 9Og Davíð fór vaxandi og þróaðist og DROTTINN Sebaót var með honum.

10En þessir voru þeir yppustu á meðal Davíðs kappa, þeir sem ærlega héldu með honum í hans kóngsríki meðal alls Ísraels so að þeir tæki hann til kóngs eftir orði DROTTINS yfir Ísrael. 11Og þessi er talan á Davíðs köppum. Jasabeam son Hakmóní, hann var yppasti á millum þrjátígi. Hann upplyfti sínu spjóti og sló þrjú hundruð í einu. 12Næst honum var Eleasar sonur Dódó Ahohiter. Hann var einn af þeim þrimur köppum. 13Þessi var með Davíð þá þeir hæddu hann og Philistei söfnuðust saman til stríðs. Og þar var eitt akurlendi fullt með bygg og fólkið hélt á flótta undan Philisteis. 14En þeir gengu mitt á akurlendið og vörðu það og slógu Philisteos. Og DROTTINN veitti eina stóra hjálp. 15En þeir þrír af þeim þrjátígi sem yppastir voru fóru ofan til Davíðs að því bjargi sem stóð nærri þeim hellir Adúllam. En herbúðir þeirra Philisteis voru í Refaímdal 16en Davíð var í virkinu en fólk þeirra Philisteis var þá í Betlehem. 17Og Davíð fékk lysting og sagði: „Hver vill gefa mér að drekka vatn af þeim brunni í Betlehem sem er hjá borgarhliði?“ 18Þá brutust þessir þrír í gegnum Filisteanna herbúðir og jusu vatnið úr brunninum í Betlehem undir portinu, tóku það og báru til Davíðs. En hann vildi eigi drekka það, utan hellti því út fyri DROTTNI 19og sagði: „Það láti DROTTINN langt frá mér vera að eg skyldi þvílíkt gjöra og drekka þessara manna blóð í þeirra lífsháska. Því þeir hafa sótt mér það með lífsháska.“ Þar fyrir vildi hann eigi það drekka. Þetta gjörðu þeir þrír kappar.

20Abísaí bróðir Jóab, hann var þann yppasti meðal þeirra þriggja. Og hann upplyfti sínu spjóti og sljó þrjú hundruð. 21Og hann var ágætur á meðal þriggja og hann inn þriðji var haldinn enn veglegri en þeir tveir og var þeirra hinn yppasti. En þó var hann ekki til jafns við hina þrjá.

22Benaja son Jójada, sonar Íshaíl, hinn starfstóri, af Kabseel. Hann sló tvö león þeirra Moabitarum og hann gikk ofan og drap eitt león mitt í brunninum um snjótíma. 23Hann sló og svo einn egypskan mann sem var fimm álna hár og hafði eitt höggspjót í hendi, so stórt sem einn vefjarrifur. En hann gekk ofan til hans með einn staf og tók spjótið af hans hendi og sló hann í hel með sínu eigin spjóti. 24Það gjörði Benaja son Jójada. Og hann var frægur á millum þriggja kappa 25og var þann veglegasti af þeim þrjátígi og kom þó ekki við þá þrjá. En Davíð gjörði hann sinn heimugligan ráðgjafa.

26En þessir eru Davíðs hraustustu kappar: Asael bróðir Jóab, Elhanan son Dódó af Betlehem, 27Samót Haroiter,

Heles Peloniter, [28]Ísra sonur Ekes Tekoiter, Abíeser Anthohiter, [29]Síbekaí Husathiter, Ílaí Ahohiter, [30]Meraí Netophathiter, Heled son baena Netophatiter, [31]Itaí son Ríbaí af Gíbea, sona Benjamín, Benaja Pirgathoniter, [32]Húraí af Gaasbeken, Abdíel Arbathiter, [33]Asmavet Baherumiter, Eljaba Saalboniter, [34]Hasem son Gisonither, Jónatan son Sage Hararíter, [35]Ahíam sonur Sakar Hararíter, Elífal sonur Úr, [36]Hefer Macheratiter, Ahía Peloniter, [37]Hessró Carmeliter, Naeraí son Asbaí, [38]Jóel bróðir Natan, Míbehar son Hagrí, [39]Seleg Ammoniter, Naheraí Berothiter skjaldsveinn Jóab sonar Serúja, [40]Íra Jethriter, Gareb Jethriter, [41]Úría Hetiter, Sabd son Ahelaí, [42]Adína son Sísa Rubeniter höfuðsmaður yfir þeim Rubeniter og þrjátígi voru undir honum, [43]Hanan son Maeka og Jósafat Mathoniter, [44]Úsía Ashrathiter, Samma og Jaíel synir Hótam Aroethiter, [45]Jedíael son Simrí, Jóha hans bróðir Thisiter, [46]Elíel Maheviter, Jeríbaí og Jósavía synir Elnaam, Jetma Moabiter, [47]Elíel, Óbeð, Jaesíel af Mesóbaja.

12 Þessir menn komu til Davíðs til Siklag þá hann var enn inniluktur fyrir Saul syni Kís. Og þeir voru á meðal þeirra kappa sem hjálpuðu honum til stríðsins [2]og voru góðir bogmenn, vígir á báðar hendur að kasta steinum og skjöta örum: Af bræðrum Saul sem voru af Benjamín: [3]Ahíeser þann yppasti og Jóas synir Samaja Gibeathiter, Jesíel og Pelet synir Asmavet, Baraka og Jehú Anthotiter, [4]Jesmaja Gibeoniter sterkastur á meðal þrjátígi og yfir þrjátígi, Jeremía, Jahesíel, Jóhanan, Jósabad Gederathiter, [5]Eleúsaí, Jerímót, Bealía, Samarja, Safatja af Haróf. [6]Elkana, Jeseja, Asareel, Jóeser, Jasabeam, Choriter, [7]Jóela og Sabadja synir Jeróham af Gedór, [8]Af sonum Gað flúðu til Davíðs í þau virki í eyðimörkinni sterkir kappar og stríðsmenn, hafandi bæði skjöld og spjót, grimmir að sjá sem león og fljótir sem hreindýr á fjöllum. [9]Sá hinn fyrsti hét Esser, annar Óbadía, þriðji Elíab, [10]fjórði Masmanna, fimmti Jeremía, [11]sjötti Ataí, sjöundi Elíel, [12]áttundi Jóhanan, níundi Elísabad, [13]tíundi Jeremía, ellefti Makbanaí. [14]Þessir voru af sonum Gað, höfðingjarnir yfir hernum. Sá hinn minnsti var yfir hundrað en sá yppasti yfir þúsund. [15]Þessir eru þeir sem gengu yfir Jórdan í þeim fyrsta mánaði þá hún var full á báða bakka og flóði um allar grundir, bæði í mót austri og í mót vestri. [16]Og þar komu af sonum Benjamín og af Júda til þess virkis sem Davíð var. [17]Og Davíð gekk út til þeirra, svaraði og sagði: „Ef þér komið til mín í friði að veita mér lið þá skal mitt hjarta vera með yður. En ef þér komið með slægð og viljið vera í móti mér þó að þar sé ekkert ranglæti með mér þá sjái Guð vorra forfeðra það og straffi það.“

[18]En andinn gaf sig í Amasaí brjóst, höfuðsmanns á meðal þrjátígi, og sagði: „Davíð, þínir erum vér og vér höldum með þér, þú son Ísaí. Friður, friður veri með þér, friður veri með þínum hjálparmönnum því að þinn Guð hjálpar þér.“ Þá tók Davíð þá til sín og setti þá til höfuðsmanna yfir stríðsfólkið.

[19]Og af kynkvísl Manasse féllu nokkrir til Davíðs þá hann kom með Philisteis í mót Saul í stríð og barðist ei með þeim. Því höfðingjar þeirra Philistinorum létu hann fara frá sér með ráði og sögðu: „Ef hann fellur í lið með sínum herra Saul þá má það kosta vorn háls.“

[20]Þá hann kom nú aftur til Siklag þá féllu til hans af Manasse Adna, Jósabad, Jedíael, Míkael, Jósabad, Elíhú, Siltaí, höfðingjarnir yfir þúsund í Manasse. [21]Og þessir hjálpuðu Davíð á móti víkingum því þeir voru allir hinir sterkustu kappar og voru hershöfðingjar. [22]Og hvern dag komu nokkrir til Davíðs honum til liðs þar til að þar varð mikill

her, líka sem Guðs her. [23]Og þessi er talan á hershöfðingjum sem komu til Davíðs í Hebron að snúa kóngsríki Saul til hans eftir orðum DROTTINS: [24]Synir Júda sem báru skjöld og spjót voru sex þúsund og átta hundruð búnir til bardaga. [25]Synir Símeon, hraustir kappar til hernaðar, sjö þúsund og hundrað. [26]Synir Leví, fjórar þúsundir og sex hundruð, [27]og sá höfðingi Jóajada á meðal þeirra, af ætt Aron, og með honum þrjár þúsundir og sjö hundruð. [28]Sadók hinn ungi, einn hraustur kappi með sínu föðurs húsi: Tveir og tuttugu höfðingjar. [29]Synir Benjamín, bræður Saul: Þrjár þúsundir. Því að allt til þess tíma fylgdu enn margir húsi Saul kóngs. [30]Synir Efraím: Tuttugu þúsund og átta hundruð, sterkir kappar, nafnfrægir menn í sinna feðra húsum. [31]Sú hálf ætt af Manasse, átján þúsundir, hver við sitt nafn, komu að taka Davíð til kóngs. [32]Synir Ísaskar sem voruhyggnir menn og vissu hvað Ísraelslýður skyldi gjöra í sérhverri tíð, tvö hundruð höfuðsmenn, og allir þeirra bræður hlýddu þeirra orðum. [33]Af Sebúlon, þeir sem herfærir voru, búnir með allrahanda vopnum til bardaga, fimmtígi þúsund, komu til liðs með einföldu hjarta. [34]Af Neftalí, þúsund höfðingjar og sjö og þrjátígi þúsundir með þeim hverjir að bæði höfðu skjöld og spjót. [35]Af Dan, tuttugu og átta þúsund og sex hundruð búnir til bardaga, [36]Af Asher, búnir til bardaga fjörutígi þúsundir. [37]Hinumegin Jórdanar af þeim sonum Rúben, Gað og af hálfri Manasses ætt með allsháttuðum stríðsvopnum, hundrað og tuttugu þúsundir.

[38]Allir þessir stríðsmenn, tilbúnir til bardaga, komu af öllu hjarta til Hebron að taka Davíð til kóngs yfir allan Ísrael. Og allir aðrir í Ísrael höfðu eitt hjarta að Davíð væri til kóngs tekinn. [39]Og þeir voru hjá Davíð í þrjá daga, átu og drukku, því þeirra bræður höfðu reitt þar til fyrir þeim. [40]Og þeir sem næstir þeim voru þar í kring, til Ísaskar, Sebúlon og Neftalí, þeir fluttu þangað á ösnum, úlföldu, múlum og uxum til matar brauð, mjöl, fíkjur, rúsín, vín, oleum, uxa, sauði, yfirgnæfanlega, því fögnuður var í Ísrael.

13 Og Davíð hélt ráðstefnu við höfuðsmennina hverjir settir voru yfir þúsund og yfir hundrað og við alla höfðingjana [2]og sagði til alls Ísraelssafnaðar: „Ef það þóknast yður og sé það að af DROTTNI Guði vorum þá viljum vér senda út boð alls staðar til annarra vorra bræðra um allt Ísraelsland og til prestanna og Levítanna í stöðunum þar sem þeir hafa forstaði að þeir safnist saman til vor. [3]Og vér viljum taka vors Guðs örk aftur til vor því að á meðan Saul lifði hirtum vér ekki um hana.“ [4]Allur söfnuðurinn svaraði að þeir vildu svo gjöra því að þetta þóknaðist öllu fólkinu vel.

[5]Því safnaði Davíð saman öllu Ísraelsfólki, frá Sehor Egyptalands allt til Hemat, að sækja Guðs örk til Kirjat Jearím. [6]Og Davíð fór upp og allur Ísrael með honum til Kirjat Jearím sem liggur í Júda til að sækja DROTTINS örk þangað sem situr yfir kerúbím þar yfir sem hans nafn ákallast. [7]Og þeir settu DROTTINS örk upp á einn nýjan vagn og færðu hana frá húsi Abínadab. Og Úsa og hans bróðir ráku vagninn. [8]En Davíð og allt Ísraelsfólk lék fyrir DROTTNI með öllu megni, með söngvum og hörpum og psallterio, með trumbum, með cymbaalis og með básúnum.

[9]En sem þeir komu á það sléttlendi sem kallast Kídon þá útrétti Úsa sína hönd og vildi halda við örkinni því að uxarnir gengu afvega. [10]Þá gramdist DROTTINN Úsa og sló hann fyrir það að hann útrétti sína hönd til DROTTINS arkar og hann féll þar dauður niður fyrir Guði. [11]En sem Davíð sá það varð hann hryggur að DROTTINN gjörði svoddan skarð á Úsa og kallaði þann stað Peres

Úsa allt til þessa dags. 12Og á þeim sama
degi óttaðist Davíð Guð og sagði:
„Hvernin má eg flytja Guðs örk til
mín?“ 13Og því lét hann ekki færa Guðs
örk í Davíðsstað heldur veik henni í hús
Óbeð Edóm Githiter. 14Svo var Guðs örk
hjá Óbeð í hans húsi þrjá mánuði. Og
DROTTINN blessaði hús Óbeð Edóm og
allt hvað hann hafði.

14 Og Híram kóngurinn í Tyro
sendi menn til Davíðs og sedrus-
viðu, múrmeistara og trésmiði að þeir
skyldu byggja honum eitt hús. 2En Dav-
íð merkti nú að DROTTINN hafði staðfest
hann til kóngs yfir Ísrael. Því hans ríki
hófst upp sökum hans fólks Ísrael.

3Og Davíð tók sér enn fleiri kvinnur í
Jerúsalem og gat fleiri syni og dætur.
4Og þeir sem honum fæddust í Jer-
úsalem hétu svo: Sammúa, Sóbab, Nat-
an, Salómon, 5Ebehar, Elísúa, Elífalet,
6Nóga, Nefeg, Jafía, 7Elísamma, Ba-
eljada, Elífalet.

8En sem Philistei heyrðu það að Davíð
var smurður til kóngs yfir allan Ísrael
drógu þeir allir upp og sóttu eftir Dav-
íð. En sem Davíð heyrði það fór hann í
móti þeim. 9En Philistei voru komnir og
lágu í dalnum Rafaím. 10Davíð leitaði
ráðs til Guðs og sagði: „Skal eg draga í
móts við Philisteos og vilt þú,
DROTTINN, gefa þá í mínar hendur?“ En
DROTTINN svaraði honum: „Far upp. Eg
hefi gefið þá í þínar hendur.“ 11Og sem
þeir drógu upp til Baal Prasím þá sló
Davíð þá þar og sagði: „Guð hefur í
sundur dreift mínum óvinum fyrir
mínar hendur svo sem þá vötn í
sundurskiljast.“ Þar af kallaði hann
þann sama stað Baal Prasím. 12Og þar
létu þeir eftir sína afguði en Davíð bauð
að brenna þá upp með eldi.

13Philistei söfnuðust saman í annað
sinn og lögðu sig niður í dalnum. 14En
Davíð spurði enn Guð að. Guð svaraði
honum: „Þú skalt ekki draga upp eftir
þeim heldur umkring þú þá svo þú
megir koma í móts við þá rétt fyrir frá
mórbertrjánum. 15Og þegar þú heyrir
að þýtur í efstu toppum á mórbertrján-
um, far þá til bardaga því að Guð er þá
útfarinn undan þér að slá her þeirra
Philistinorum.“ 16Og Davíð gjörði sem
Guð bauð honum og sló herbúðir
Philistinorum frá Gíbeon inn til Gaser.
17Og Davíðs nafn víðfrægðist um öll
lönd og DROTTINN lét hans ótta koma
yfir alla heiðingja.

15 Og hann byggði sér eitt hús í
borg Davíðs og hann tilreiddi
þann stað þar eð Guðs örk skyldi
standa og byggði eina tjaldbúð yfir
henni. 2Þá sagði Davíð: „Enginn skal
bera Guðs örk nema Levítarnir. Því að
DROTTINN útvaldi þá til að bera Guðs
örk og að þjóna honum ævinlega.“ 3Og
því safnaði Davíð öllum Ísrael til sam-
ans í Jerúsalem að þeir skyldu flytja
Guðs örk upp til þess staðar sem hann
hafði henni tilreitt. 4Og Davíð saman-
kallaði syni Aron og Levítana. 5Af son-
um Kahat var höfðingi Úríel með hans
bræðrum, hundrað og tuttugu. 6Af son-
um Merarí var Asaja höfðingi með hans
bræðrum, tvö hundruð og tuttugu. 7Af
sonum Gerson: Jóel hershöfðingi með
hans bræðrum, hundrað og þrjátígi. 8Af
sonum Elísafan: Semaja höfðingi með
hans bræðrum, tvö hundruð. 9Af son-
um Hebron: Elíel höfðingi með hans
bræðrum, áttatígi. 10Af sonum Úsíel:
Amínadab með hans bræðrum, hund-
rað og tólf. 11Og Davíð kallaði Sadók og
Abjatar kennimenn og Levítana sem
voru Úríel, Asaja, Jóel, Semaja, Elíel og
Amínadab 12og sagði til þeirra: „Þér sem
eruð þeir yppustu feður Levítanna,
helgið yður nú með yðar bræðrum so
þér berið DROTTINS Ísraels Guðs örk
upp hingað í þann stað sem eg hefi til-
reitt henni. 13Því áður þá þessir voru
ekki nálægir þá gjörði DROTTINN vor
Guð eitt skarð á meðal vor því að vér
leituðum ekki hans svo sem oss bar.“

14So helguðu sig nú prestarnir og
Levítarnir að þeir bæri DROTTINS Guðs
Israelis örk. 15Og Levítarnir báru hana á
sínum öxlum á stöngunum so sem
Móses hafði boðið eftir orði DROTTINS.
16Og Davíð talaði til þeirra yppustu
Levíta að þeir skyldu skikka sínum
bræðrum til söngvara með strengja-
hljóðfærum, með psallterium, hörpum
og hvellum cymbalis að þeir skyldu
syngja hárri röddu með gleði. 17Þá settu
Levítarnir til Heman son Jóel og af
hans bræðrum Assaf son Berekía og af
sonum Merarí þeirra bræðrum Etan
son Kúsaja 18og þeirra bræður með
þeim í annarri skipan, sem var Sakar-
ías, Ben, Jaesíel, Semíramót, Jehíel,
Únní, Elíab, Benaja, Maeseja, Matitja,
Elífeleja, Míknea, Óbeð Edóm og Jeíel
dyravörslumenn. 19Því að Heman, Asaf
og Etan voru söngvarar og hljómuðu
klárlega með eirlegum cymbaalis 20en
Sakarías, Asíel, Semíramót, Jehíel,
Únní, Elíab, Maeseja og Benaja með
psallterio eftir að syngja. 21En Matitja,
Elífeleja, Miknea, Óbeð Edóm, Jeíel og
Asasja voru með hörpur af átta strengj-
um að syngja fyrir þeim 22og Kenanja sá
ypparsti söngmeistari Levítanna til að
undirvísa þeim sönglistina, því hann
var inn lærðasti. 23Og Berekía og Elk-
ana voru dyraverðir fyrir örkinni. 24En
Sakanja, Jósafat, Netaneel, Amasaí,
Sakarías, Benaja og Elíeser prestarnir
blésu í sínar trametur fyrir Guðs örk.
Og Óbeð Edóm og Jehía voru dyraverð-
ir arkarinnar.

25Svo gekk Davíð og þeir inu elstu í
Ísrael og höfðingjarnir yfir þúsund upp
að sækja sáttmálsörk DROTTINS og færa
hana af húsi Óbeð Edóm með gleði.
26Og sem Guð hjálpaði Levítönum þeim
sem báru Guðs örk þá offruðu menn sjö
uxum og sjö hrútum. 27Og Davíð var
klæddur einum línkyrtli og svo allir
Levítarnir sem örkina báru og söng-
mennirnir og Kenanja söngmeistari
með söngmönnönum. Davíð var og
klæddur lífkyrtlinum. 28So flutti nú all-
ur Israelislýður DROTTINS sáttmálaörk
með gleði, með básúnum, trametum og
fögrum cymbalis, psallterio og hörp-
um.

29En sem DROTTINS sáttmálsörk kom
inn í Davíðsstað þá leit Míkól dóttir
Saul út um einn glugga. Og sem hún sá
að Davíð kóngur lék og dansaði þá fyr-
irleit hún hann í sínu hjarta.

16 En sem þeir höfðu nú inn fært
Guðs örk settu þeir hana í tjald-
búðina þá sem Davíð hafði gjöra látið
og færðu brennifórnir og þakklætis-
fórnir fyrir Guði. 2En sem Davíð hafði
fullkomnað þakklætisoffrið og brenni-
offrið þá blessaði hann fólkið í nafni
DROTTINS. 3Og hann útskipti sérhverj-
um manni í Ísrael, bæði körlum og kon-
um, einu brauði og einu stykki af kjöti
og einnri nyt fullri víns.

4Og hann setti nokkra af Levítunum
fyrir örk DROTTINS til að þjóna þar, að
prísa, vegsama og lofa DROTTIN Guð
Ísraels, 5sem var Assaf sá fyrsti, annar
Sakaría, Jeíel, Semíramót, Jeíel,
Matitja, Elíab, Benaja, Óbeð Edóm og
Jeíel, með psallterio og hörpum og
Assaf með vel hljóðandi cymbalis 6og
Benaja og Jehasíel prestar með trame-
tum, alltíð fyrir Guðs sáttmálsörk.

7Á þeim tíma samdi Davíð fyrst til
þakklætis DROTTNI fyrir Assaf og hans
bræður:

8Þakkið DROTTNI, boðið hans nafn,
kunngjörið hans gjörninga meðal fólks-
ins. 9Syngið, spilið og diktið um öll hans
dásemdarverk. 10Vegsamið hans
heilaga nafn, þeirra hjörtu gleðji sig
sem leita að DROTTNI. 11Leitið að
DROTTNI og að hans magt, leitið ætíð
eftir hans andliti. 12Minnist á hans
dásemdarverk sem hann hefur gjört, á
hans stórmerki og á hans orð. 13Israelis
sæði, hans þjónar, þér synir Jakobs,
hans útvaldir. 14Hann er DROTTINN vor
Guð, hann er dómari yfir allri ver-

öldinni. 15Minnist ævinlega á hans sáttmála, hvað hann hefur lofað í þúsund ættir, 16hvern hann gjörði við Abraham, og á hans eið við Ísak. 17Og hann setti það Jakob til eins boðorðs og Ísrael til eins eilífs sáttmála 18og sagði: „Eg vil gefa þér Kanaansland, yðart erfðahlutskipti. 19Þá þér voruð fáir að tölu og litlir og útlendir þar inni. 20Og þeir drógu frá einu fólki til annars og frá einu kóngaríki til annars fólks. 21Öngvan mann lét hann þeim skaða gjöra og hann straffaði kóngana fyrir þeirra skuld: 22„Komið ei við mína smurða og gjörið mínum spámönnum ekkert illt.“

23Öll lönd, syngið DROTTNI, kunngjörið daglega hans hjálpráð. 24Framteljið hans dýrð meðal heiðingjanna og dásemdarverk hans á meðal fólksins. 25Því að DROTTINN er mikill og mjög loflegur og dýrlegur yfir alla aðra guði. 26Allir heiðingjanna guðir eru skúrgoð en DROTTINN gjörði himnana. 27Þar er dýrð og vegsemd fyrir honum, magt og fögnuður í hans stað.

28Þér þjóðir, færið DROTTNI hingað, færið DROTTNI hingað heiður og magt. 29Veitið dýrð DROTTINS nafni, veitið honum gáfur og komið fyrir hann og tilbijðið DROTTIN í heilagri prýði. 30Öll veröldin óttist hann. Hann tilreiddi jarðarkringluna að hún skyldi ekki hrærast. 31Himinninn gleðji sig og jörðin fagni og segi menn meðal heiðingjanna: „DROTTINN ríkir.“ 32Hafið þjóti upp og hvað þar inni er og akrarnir gleðji sig og allt sem er á þeim. 33Látið og öll tré gleðja sig í skóginum fyrir DROTTNI því hann kemur að dæma jörðina.

34Þakki þér DROTTNI því að hann er góður og hans miskunnsemi varir að eilífu 35og segið: „Hjálpi oss Guð vor frelsari og samansafni oss og frelsi oss frá heiðingjunum svo vér mættum þakka þínu heilaga nafni og þér lof segja.“ 36Lofaður sé DROTTINN Ísraels Guð frá eilíf til eilífðar. Og allt fólkið segi: „Amen“ og lofi DROTTIN. 37Svo lét hann nú Assaf og hans bræður þar eftir hjá sáttmálsörkinni DROTTINS að þjóna fyrir örkinni alltíð hvern dag til skiptis. 38En Óbeð Edóm og hans bræður, átta og sextígi, og Óbeð Edóm son Jedítún og Hósa setti hann dyraverði. 39En Sadók kennimann og hans bræður prestana skikkaði hann fyrir DROTTINS tjaldbúð á hæðina í Gíbeon 40að þeir skyldu daglega offra DROTTNI brennifórnir yfir brennifórnaraltari kveld og morgin sem það stendur skrifað í DROTTINS lögmáli 41sem hann bauð Ísrael og Heman og Jedítún með þeim og þá aðra útvalda sem með nafni voru nefndir til að þakka DROTTNI að hans miskunnsemd varir eilíflega. 42Og Heman og Jedítún sungu með trametum og cymbalis og með Guðs strengleikum. En hann setti syni Jedítún til dyravarðhaldsmanna.

43Síðan gekk allt fólkið í burt, hver í sitt hús. Davíð sneri og í burt að blessa sitt hús.

17 Það skeði þá Davíð bjó í sínu húsi að hann sagði til Natan spámanns: „Sjá, eg bý í einu sedrusviðarhúsi en DROTTINS sáttmálsörk er undir tjaldþaki.“ 2Natan svaraði Davíð: „Allt hvað þér býr í hjarta, það gjör þú því að Guð er með þér.“ 3En á þeirri nótt kom orð DROTTINS til Natan og sagði: 4„Far og seg til míns þénara Davíðs: Svo segir DROTTINN: Ekki skaltu mér hús til íbúðar byggja. 5Því eg hefi ekki búið í nokkru húsi frá þeim degi að eg útleidda Ísraelssyni allt til þessa dags heldur var eg þar sem tjaldbúðin var og landtjaldið 6hvar sem eg hefi gengið á meðal alls Ísraels. Hefi eg og nokkurn tíma talað til nokkurs dómara í Ísrael hverjum eg bauð að fæða mitt fólk og sagt: Því byggi þér mér ekki eitt hús af sedrusviði? 7Þar fyrir seg nú til míns þénara Davíðs: Svo segir DROTTINN Sebaót: Eg tók þig úr haganum þar þú

eftirfylgdir hjörðinni að þú skyldir vera
einn höfðingi yfir mitt fólk Ísrael. [8]Og
eg hefi verið með þér hvert sem þú hef-
ur farið og þína óvini hefi eg upprætt
fyrir þér og eg hefi gjört þér eitt nafn
svo sem að þeir inu stóru á jörðunni
hafa. [9]Og eg vil gefa stað mínu fólki Ísr-
ael og eg vil planta það að það búi þar
svo það hrærist ekki framar meir. Og
það vonda fólk skal ekki meir þrykkja
það undir so sem áður [10]frá þeim tíma
sem eg bauð að þar skyldu vera dóm-
endur yfir mitt fólk Ísrael. Og eg vil
niðurþrykkja alla þína óvini og segja
þér að DROTTINN vill upp byggja þér eitt
hús. [11]En þegar þínir dagar eru úti að
þú fer héðan til þinna feðra þá vil eg
upp vekja þitt sæði eftir þig sem að
vera skal einn af þínum sonum. Hans
ríki vil eg staðfesta. [12]Hann skal byggja
mér eitt hús og eg vil staðfesta hans
stól eilíflega. [13]Eg vil vera hans faðir og
hann skal vera minn son. Og minni
miskunnsemi vil eg ei svipta frá honum
so sem eg tók hana frá þeim sem eð var
fyrir þig [14]heldur vil eg setja hann í mitt
hús og í mitt ríki eilíflega og hans stóll
skal eilíflega stöðugur standa.“ [15]Og þá
Natan hafði talað eftir öllum þessum
orðum og þessari sýn við Davíð

[16]þá kom Davíð kóngur og var fyrir
DROTTNI og sagði: „Hver em eg,
DROTTINN Guð, og hvað er mitt hús það
þú hefur veitt mér slíkt? [17]Og það hefur
þér þótt vera of lítið, Guð, heldur hefur
þú talað um þíns þénara hús í framtíð-
inni. Og þú hefur álitið mig svo sem í
eins manns mynd hver að er í hæðinni
DROTTINN Guð. [18]Hvað skal Davíð nú
meir segja til þín að þú vegsamir þinn
þénara? Þú þekkir þinn þjón.
[19]DROTTINN, vegna þíns þjóns, eftir þínu
hjarta hefur þú gjört alla þessa mikla
hluti að opinber yrði öll þessi stór-
merki. [20]DROTTINN, enginn er þinn líki
og enginn er Guð utan þú um hvern vér
höfum heyrt með vorum eyrum. [21]Og
hvar er nokkuð fólk á jörðunni slíkt
sem þitt fólk Ísrael að Guð sjálfur er
farinn til að endurleysa sér eitt fólk og
að gjöra sér sjálfum eitt nafn af miklum
og hræðilegum gjörningum, að burt-
drífa heiðingjana frá þínu fólki hvert þú
frelsaðir af Egyptalandi? [22]Og gjörðir
þér þitt fólk Ísrael til eins fólks að eilífu
og þú, DROTTINN, ert orðinn þeirra Guð.
[23]Nú DROTTINN, það orð sem þú talaðir
um þinn þénara og um hans hús, sé það
ævinlega satt og gjör sem þú hefur sagt
[24]og að þitt nafn sé satt og ævinlega
stórt so menn megi segja: DROTTINN
Sebaót er Ísraels Guð, hann er Guð í Ísr-
ael, og hús þíns þénara Davíðs verði
staðfest fyrir þér. [25]Því þú, DROTTINN,
hefur upplokið eyrum þíns þénara að
þú viljir byggja honum eitt hús. [26]Þar
fyrir hefur þinn þénari fundið það
traust að hann biður þig. [27]Tak nú til að
blessa hús þíns þénara svo að það sé
ævinlega fyrir þér. Því að hvað þú
blessar, DROTTINN, það er blessað eilíf-
lega.“

18 Eftir þetta sló Davíð Philisteos
og undirlagði þá. Hann tók Gat
og hennar dætur af hendi Philistinor-
um. [2]Hann sló og þá Moabiter svo að
Davíð gjörði þá sér undirgefna og þeir
færðu honum skenkingar.

[3]Hann sló Hadadeser kónginn af
Sóba í Hemat þá hann fór að útvíðka
sitt ríki af vatninu Euphrates. [4]Og Dav-
íð vann þúsund vagna frá honum og sjö
þúsund riddara og tuttugu þúsund fót-
gönguliðs. Og Davíð lesti alla þeirra
vagna en hélt eftir hundrað vögnum.
[5]Og þeir Syri af Damasco komu til liðs
við Hadadesser kónginn af Sóba. En
Davíð sló af þeim Syris tvær og tuttugu
þúsundir manna. [6]Og hann setti fólk í
Damasco í Syria og þeir Syri urðu Davíð
undirgefnir og færðu honum skenk-
ingar. Því að DROTTINN hjálpaði Davíð
hvert helst sem hann fór. [7]Davíð tók og
þá gullskjöldu sem Hadadesers þénarar
höfðu haft og flutti þá til Jerúsalem.

[8]Davíð tók og af borgum Hadadeser, Tíbebat og Kún, mjög mikinn kopar af hverjum Salómon gjörði það koparhafið, stólpana og þau koparkerin.

[9]En sem kóngurinn Tógú af Hemat heyrði það að Davíð hafði slegið og niður lagt alla magt kóngsins Hadadeser af Sóba [10]þá sendi hann sinn son Hadóram til Davíðs kóngs og lét heilsa honum og blessa, að hann hafði barist við Hadadeser og sigrað hann því að Tógú hafði átt ófrið við hann. [11]Og Davíð kóngur helgaði DROTTNI öll þau gullker, silfurker og koparker og það silfur og gull sem hann hafði tekið frá heiðingjunum, hverjir ed voru Edomiter, Moabiter, Ammoniter, Philistei og Amalekítar.

[12]En Abísaí son Serúja sló átján þúsundir af þeim Edomitis í Saltdalnum [13]og setti fólk eftir í Idumea svo að allir Idumei voru Davíð undirgefnir. Því DROTTINN hjálpaði Davíð hvert helst sem hann fór.

[14]Svo ríkti nú Davíð yfir allan Ísraelslýð og dæmdi lög og réttindi öllu sínu fólki. [15]Jóab son Serúja var hershöfðingi. Jósafat son Ahílúð var canzeler. [16]Sadók son Akítób og Abímelek son Abjatar voru kennimenn. Súsa var ritari. [17]Benaja son Jójada var settur yfir Chreti og Plethi. Og fyrstu synir Davíðs voru ætíð hjá kóngsins hönd.

19 Eftir þetta andaðist Nahas Ammónsona kóngur og hans son varð kóngur í hans stað. [2]Þá mælti Davíð: „Eg vil veita miskunn Hanón syni Naas því hans faðir veitti mér miskunn.“ Og Davíð sendi menn þangað að hugga harm hans eftir sinn föður. En sem Davíðs þénarar komu í Ammónsona land til Hanón að hugga hann [3]þá sögðu höfðingjar sona Ammón til Hanón: „Hyggur þú að Davíð hafi til sæmdar föður þínum sent huggendur til þín? Já, hans þénarar eru komnir til þín að rannsaka og umskoða og að njósna um þitt land.“ [4]Þá tók Hanón Davíðs þénara og lét raka þeirra skegg og skar af þeim hálf klæðin allt að þjóhnöppum og sendi þá svo aftur. [5]En þeir gengu af stað og létu undirvísa þetta Davíð. Og hann sendi í móti þeim (því mennirnir voru mjög lýttir) og kóngurinn sagði: „Verið í Jeríkó þar til yðar skegg vaxa. Eftir það komið aftur.“ [6]Og er synir Ammón sáu það að þeir höfðu misgjört við Davíð þá sendu þeir, bæði Hanón og Ammónsynir, þúsund centener silfurs að leigja sér vagna og riddaralið af Mesopotamia, af Maeka og af Sóba. [7]Og þeir leigðu tólf og tuttugu þúsund vagna og kóng Maeka með sínu fólki. Þeir komu og settu herbúðir hjá Medba. Og synir Ammón söfnuðust saman af þeirra borgum og komu til bardagans. [8]En sem Davíð spurði þetta þá sendi hann Jóab með allan sinn stríðsher og sína kappa. [9]Og synir Ammón voru útfarnir og fylktu liði sínu fyrir utan staðarportið. En kóngarnir sem komnir voru þeim til liðs fylktu þeirra liði sér í lagi á völlunum. [10]Þá Jóab sá nú það að honum var búinn bardagai á bak og fyrir útvaldi hann alla hina hraustustu menn af Ísrael og fylkti liði sínu í mót þeim Syris. [11]En fyrir það fólk sem afgangs var setti hann sinn bróður Abísaí og þeir fóru í móti Ammónsonum [12]og sagði: „Ef að þeir Syri bera mig ofurliði þá kom mér til hjálpar en ef Ammónsynir verða þér yfirsterkari þá vil eg hjálpa þér. [13]Vert styrkur og berjumst hraustlega vegna vors fólks og vors Guðs staðar. DROTTINN gjöri hvað honum þóknast.“ [14]Og Jóab með það fólk sem var hjá honum réðst til bardaga í móti Syris og þeir flýðu fyrir honum. [15]Og sem synir Ammón sáu það að þeir af Siria flýðu þá héldu þeir og á flótta fyrir hans bróður Abísaí og fóru í borgina. En Jóab hvarf aftur til Jerúsalem. [16]Sem þeir af Syria sáu ófarar sínar fyrir Ísrael þá sendu þeir út boð og létu sækja þá Syros sem

voru hinumegin vatsins. Og Sófak stríðshöfuðsmaður Hadadeser var höfðingi yfir þeim. [17]En sem Davíð spurði það kallaði hann saman allan Israelislýð og dró yfir Jórdan. En sem hann kom til þeirra þá bjóst hann í mót þeim. Og Davíð réðist til bardaga við Syros og þeir áttu orustu við hann [18]en Syri flýðu fyrir Ísrael. Og Davíð sló í hel af Syris sjö þúsund vagna og fjörutígi þúsund fótganganda liðs. Þar með drap hann Sófak hershöfðingja. [19]En sem þénarar Hadadesser sáu að þeir voru slegnir af Ísrael þá gjörðu þeir sátt við Davíð og hans þénara. Og þeir Syri vildu ekki upp þaðan veita lið Ammónsonum.

20 Og þá árið var umliðið á þeim tíma þá kóngar voru vanir að fara í hernað þá fór Jóab með her og allan styrk herliðsins og eyddi land Ammónsona og fór og settist um borg Rabba. En Davíð varð eftir í Jerúsalem. Og Jóab sló Rabba og braut hana niður. [2]Og Davíð tók þeirra kóngs kórónu af hans höfði og hún vóg eitt centener gulls og var sett með dýrmætustu gimsteinum og hún var sett á Davíðs höfuð. Hann flutti og mikið herfang af borginni. [3]En fólkið það sem þar var inni leiddi hann út og skipti því í sundur með sögum og með járnkrókum og fleygum. So gjörði Davíð við allar borgir Ammónsona. Og Davíð fór með fólkinu heim aftur í Jerúsalem.

[4]Þar eftir hófst enn mikið stríð í móti Philisteis í Gaser. Þann tíma sló Sibekaí Husathiter þann mann sem hét Sípaí sem var af risanna sonum og hann lægði þeirra ofstopa. [5]Enn annan bardaga átti hann við Philisteis. Þá sló Elhanan son Jaír Lahemí bróður Golíat Gathiter hvers spjótskaft var sem einn vefjarrifur. [6]Og enn aftur varð bardagi í Gat. Þar var einn stór maður sem hafði sex fingur og sex tær, þeir er að tölu fjórir og tuttugu. Hann var og svo fæddur af risakyni. [7]Hann hæddi að Ísrael en Jónatan son Semaja bróður Davíðs sló hann í hel. [8]Þessir voru komnir af risunum í Gat og féllu fyrir höndum Davíðs og hans þénara.

21 Og Satan reis upp í móti Ísrael og skaut Davíð í hug að hann léti telja Ísraelslýð. [2]Og Davíð sagði til Jóab og til höfðingjanna fólksins: „Farið og teljið Ísrael frá Berseba og allt til Dan og kunngjörið mér það aftur að eg viti hversu margur að hann er.“ [3]Jóab svaraði: „DROTTINN hundraðfaldi sitt fólk fram yfir það sem nú er það margt. En minn herra kóngur, eru þeir ekki allir míns herra þénarar? Hvar fyrir vill minn herra vita þetta? Því skal skuld koma á Ísrael?“ [4]En það gekk fram sem kóngur vildi í móti Jóab. Og Jóab fór af stað og reisti í gegnum allan Ísrael og kom til Jerúsalem. [5]Og hann fékk Davíð manntal fólksins. Og allur Ísrael var ellefu sinnum hundrað þúsund manns sem vopnfærir voru. En af Júda fjórum sinnum hundrað þúsund og sjötígi þúsundir vopnfærra manna. [6]En Leví og Benjamín taldi hann ekki með þessum því að Jóab gjörði nauðugur þessa kóngsskipan.

[7]En þetta mislíkaði Guði og hann sló Ísrael. [8]Og Davíð sagði til Guðs: „Eg hefi þunglega syndgast að eg gjörði slíkt. En tak nú burt misgjörning þíns þénara því að eg hefi gjört mjög fávíslega.“ [9]Og Guð DROTTINN talaði með Gað Davíðs sjáanda og sagði: [10]„Far þú, tala við Davíð og seg þú honum: Svo segir DROTTINN: Þrjá hluti legg eg fyrir þig, kjós þú hvern þú vilt að eg gjöri þér.“ [11]Og þá Gað kom til Davíðs sagði hann til hans: „Svo segir DROTTINN: Kjós þér [12]hvort þú vilt þriggja ára hallæri eða að þú flýir þrjá mánaði fyrir þínum fjandmönnum og fyrir sverði þinna óvina að það grípi þig eða að DROTTINS sverð og drepsótt gangi um í þrjá daga í landinu að engill DROTTINS slái í hel í öllum

Ísraels landsálfum. So sjá nú til hversu eg skal svara þeim sem mig útsendi.“ 13Davíð sagði til Gað: „Mjög þrengjunst eg. En þó kýs eg að falla í hönd DROTTINS því að hans miskunn er mjög mikil en ekki vil eg falla í mannanna hendur.“

14Þá lét DROTTINN drepsótt koma yfir Ísrael so þar féllu sjötígi þúsundir manna af Ísraelsfólki. 15Og Guð sendi engilinn til Jerúsalem að slá hana. Og þá hann var að slá leit DROTTINN til og hann angraðist yfir því inu vonda og sagði til engilsins sem sló fólkið: „Það er nóg, þín hönd láti af.“ En engill DROTTINS stóð hjá lauagarði Arnan Jebusiter. 16Og Davíð upplyfti sínum augum og sá engil DROTTINS standa á millum himins og jarðar og hafði brugðið sverð í sinni hendi og rétti það yfir Jerúsalem. Þá féll Davíð fram til jarðar og þeir inu elstu með honum, klæddir sekkjum. 17Og Davíð sagði til Guðs: „Hvert er eg eigi sá sem bauð að telja fólkið? Eg er sá sem syndgaðist og gjörði það hið vonda – hvað hafa þessir sauðir gjört? DROTTINN Guð minn, snúist þín hönd í gegn mér og míns föðurs húsi en lát þitt fólk eigi slást.“

18Engillinn sagði til Gað og bauð honum að segja Davíð að hann skyldi stíga upp og reisa DROTTNI eitt altari í lauagarði Arnan Jebusither. 19Og Davíð gekk upp eftir orði Gað sem hann sagði til hans í nafni DROTTINS. 20En sem Arnan snerist við og sá engilinn og hans fjórir synir með honum fóru þeir að fela sig því að þeir voru að þreskja hveiti. 21En sem Davíð gekk til Arnan leit Arnan við og sá Davíð. Hann gekk út af lauagarðinum og féll til jarðar og laut Davíð. 22Og Davíð sagði til Arnan: „Gef mér þinn lauagarð so eg megi byggja altari DROTTNI. Fyrir fulla peninga skalt þú gefa mér hann so að plágan megi takast af fólkinu.“ 23Arnan svaraði Davíð: „Tak hann til þín og gjör, herra kóngur, hvað þér þóknast. Sjá, eg gef uxana til brennioffurs og okin til viðar og hveiti til matoffurs, það gef eg allt saman.“ 24Davíð kóngur sagði til Arnan: „Ekki skal svo vera heldur vil eg kaupa þetta fyrir fulla peninga. Því að ei vil eg taka það sem þér tilheyrir fyrir DROTTNI og eigi heldur gefa það sem eg þigg kauplaust til brennifórnar.“ 25So gaf Davíð Arnan fyrir lauagarðinn sex hundruð sekel gulls að vikt. 26Og Davíð reisti DROTTNI þar eitt altari og færði þar yfir brennifórnir og þakklætisfórnir. Og sem hann ákallaði DROTTIN þá bænheyrði hann hann af himni fyrir eldinn yfir brennioffursins altari. 27Og DROTTINN sagði til engilsins: „Lát þitt sverð í sínar slíðrir.“

28Á þeim sama tíma þá Davíð sá það að DROTTINN hafði bænheyrt hann í þeim lauagarði Arnan Jebusiter þá plagaði hann að færa þar fórnir. 29Því að DROTTINS tjaldbúð sem Móses gjörði í eyðimörkinni og það brennifórnaaltarið var í þann tíma á hæðinni í Gíbeon 30og gat Davíð ekki farið þangað að leita Guðs, so var hann hræddur orðinn fyrir sverði DROTTINS engils.

22 Og Davíð sagði: „Hér skal DROTTINS Guðs hús vera og þetta altarið til brennifórna Ísrael.“ 2Og Davíð bauð að samansafna þeim útlendingum sem voru í Israelislandi og hann skikkaði af þeim steinsmiði að úthöggva steina til Guðs húss bygging. 3Og Davíð lét tilbúa mikið járn til naglanna, til hurðanna í portunum og til alls þess sem negla þurfti og svo mikinn kopar að eigi varð veginn. 4So og sedrustré óteljanleg því að þeir af Sídon og Tyro færðu Davíð mikinn sedrusvið. 5Því Davíð sagði: „Minn son Salómon er barn og lítils máttar en húsið það sem DROTTNI á að byggjast skal vera stórt so að hans nafn og dýrð upphefjist í öllum löndum. Því vil eg tilbúa það sem hann þarf.“ Og Davíð samansafnaði miklum efnum áður en hann

andaðist. 6Og Davíð kallaði sinn son
Salómon fyrir sig og bauð honum að
byggja DROTTINS Ísraels Guðs hús 7og
sagði til hans: „Minn son, eg hefi haft í
sinni að byggja nafni DROTTINS míns
Guðs eitt hús. 8En DROTTINS orð kom til
mín og sagði: Þú hefur úthellt miklu
blóði og verið mikill bardagamaður.
Þar fyrir mátt þú ekki byggja mínu
nafni hús því að þú hefur úthellt miklu
blóði á jörð fyrir mér. 9Sjá, sá sonur
sem þér skal fæðast hann skal vera
kyrrlátur maður því eg vil gefa honum
hvíld fyrir öllum hans óvinum allt um
kring því hann skal heita Salómon. Því
eg vil gefa frið og ró í Ísrael um alla
hans lífdaga. 10Og hann skal byggja
mínu nafni hús. Hann skal vera minn
sonur og eg vil vera hans faðir og hans
konunglegan stól vil eg staðfesta yfir
Ísrael ævinlega. 11Nú þar fyrir, minn
son, sé DROTTINN með þér og vert þú
lukkusamur so að þú byggir DROTTNI
þínum Guði eitt hús sem hann hefur
talað um þig. 12DROTTINN mun og svo
gefa þér hyggindi og skilning og hann
mun bjóða þér um Ísrael að þú haldir
DROTTINS Guðs þíns lögmál. 13Því þá
munt þú vera lukkusamur nær þú held-
ur þig til að gjöra eftir þeim boðum og
réttindum sem Guð bauð Móse að læra
Ísrael. Ver hraustur og hugdjarfur, ótt-
ast ekki og vert óhræddur. 14Sjá þú, eg
hefi í minni fátækt gefið til DROTTINS
húss kostnaðar hundrað þúsund
centener gulls og þúsund sinnum þús-
undcentener silfurs, þar með kopar og
járn án tölu því það er meira en það
verði reiknað. 15Eg hefi og ætlað til tré
og steina, þar mátt þú við auka. So og
hefur þú marga arfiðara, steinhöggvara
og trésmiði bæði á tré og steina og alls-
háttaðar hagleiksmenn á allra handa
arfiði, 16á gull, silfur, kopar og járn,
hvað óteljanlegt er. Svo tak þig nú upp
og fullkomna þetta. DROTTINN mun
vera með þér.“ 17Og Davíð bauð öllum
Israelishöfðingjum að þeir skyldu
hjálpa hans syni Salómoni og sagði:
18„Er eigi DROTTINN yðar Guð með yður
og hefur hann ei gefið yður frið og ró
allra vegna? Því að hann hefur gefið
landsins innbyggjara í yðar hendur og
landið er unnið undir DROTTIN og undir
hans fólk. 19Svo gefið nú yðar hjörtu og
yðar sálir til þess að þér leitið DROTTINS
yðars Guðs. Og takið yður upp að
byggja DROTTNI einn helgidóm þar inn
megi láta DROTTINS örk og Guðs heilögu
ker í húsið hvert eð uppbyggjast skal
nafninu DROTTINS.“

23 Svo setti nú Davíð sinn son
Salómon til kóngs yfir Ísrael þá
hann var orðinn gamall og saddur af
lífdögum.

2Og Davíð samansafnaði öllum höfð-
ingjum í Ísrael og so prestum og Levít-
um. 3Og hann lét telja Levítana, tvítuga
og þaðan af eldri. Og þeirra tala, höfuð
fyri höfuð, var átján og tuttugu þúsund-
ir hraustra manna. 4Af þeim voru
skikkaðar tvær þúsundir og tuttugu að
þjóna í DROTTINS húsi og sex þúsund
fyrirsjónarmenn og dómarar 5og fjórar
þúsundir dyravörslumanna og fjórar
þúsundir þeirra sem lofa DROTTIN á alls
kyns hljóðfæri sem hann hafði gjört til
lofgjörðar. 6Og Davíð greindi þá í sund-
ur eftir sonum Leví sem voru Gerson,
Kahat og Merarí.

7Synir Gerson voru Laedan og Símeí.
8En synir Laedan: Sá fyrsti Jehíel, Setan
og Jóel, þeir þrír. 9En synir Símeí voru
Salómít, Hasíel og Haran, þeir þrír.
Þessir voru þeir höfðingjar á meðal
feðranna af Laedan. 10Og þessir voru og
so synir Símeí: Jahat, Sína, Jeús og Bría,
þessir fjórir voru og synir Símeí: 11Jahat
þann fyrsti, Sísa annar. En Jeús og Bría
höfðu ekki marga sonu og því voru þeir
reiknaðir fyrir eins föðurs hús.

12Synir Kahat voru Amram, Jessehar,
Hebron og Úsíel, þeir fjórir. 13Synir
Amram voru Aron og Móses. Og Aron
varð fráskilinn so að hann var helgaður

til þess allrahelgasta, hann og hans synir ævinlega, að veifa reykelsi fyrir DROTTNI, að þjóna og að blessa í DROTTINS nafni ævinlega. 14Synir Móse, þess Guðs manns, voru reiknaðir í Levítanna ætt. 15Og hans synir voru Gerson og Elíeser. 16Synir Gerson: Þann fyrsti var Sebúel. 17Synir Elíeser: Þann fyrsti var Rehabja. Og Elíeser hafði öngva aðra sonu. En synir Rehabja voru mjög margir. 18Synir Jesehar var Salómít þann fyrsti. 19Synir Hebron voru Jería þann fyrsti, Amarja annar, þriðji Jesahíel, fjórði Jakmeam. 20Synir Úsíel voru inn fyrsti Míka og annar Jesía. 21Synir Merarí voru Mahelí og Músí. Synir Mahelí voru Eleassar og Kís. 22Eleasar deyði og hafði ekkert afkvæmi af sonum til, utan dætur, og synir Kís, þeirra bræður, tóku þær. 23Synir Músí voru Mahelí, Eder og Jeremót, þeir þrír.

24Þetta eru synir Leví meðal þeirra feðra húsa og þeir æðstu feður sem að reiknaðir voru með nöfnum, höfuð fyrir höfuð, hverjir að frömdu þjónustugjörðina í DROTTINS húsi, tuttugu ára og þaðan af eldri. 25Því Davíð sagði: „DROTTINN Israelis Guð hefur gefið sínu fólki hvíld og mun búa í Jerúsalem ævinlega.“ 26Og synir Leví voru taldir á meðal Levítanna tvítugir og þaðan af eldri, þeir eð ekki þurftu að bera tjaldbúðina og öll hennar ker 27heldur eftir Davíðs seinustu orðum: 28Að þeir skyldu standa undir Aronsona höndum til að þjóna í DROTTINS húsi út í garðinum og að kistunni og að hreinsuninni og að allsháttar helgidómi, að allri þjónustugjörð í DROTTINS húsi: 29Að skoðunarbrauðunum, að similiumjöllinu, að matoffrinu, að ósýrðum kökum, að pönnum, að ristum, að öllum viktum og mælir 30og að standa á mornana að þakka og lofa DROTTIN, eins og á kveldin, 31og að færa DROTTNI allar brennifórnir, á þvottdögum, nýmánuðum og hátíðum, eftir tölu og skikkan að alldödli fyrir DROTTNI 32og að þeir skyldu halda vakt hjá vitnisburðarins og helgidómsins tjaldbúð og synir Aron og þeirra bræður að þeir þjóni í húsi DROTTINS.

24 En þessi varð skikkan sona Aron. Synir Aron voru þeir Nadab, Abíhú, Eleasar og Ítamar. 2En Nadab og Abíhú dóu fyrr en þeirra faðir og áttu engin börn. En Eleasar og Ítamar urðu prestar. 3Og Davíð skipti þeim Sadók af sonum Eleasar og Ahímelek af sonum Ítamar eftir þeirra ölu og embætti. 4Og þar voru miklu fleiri höfðingsmenn fundnir á millum sona Eleasar en á meðal sona Ítamar. Og hann skipti þeim so að sextán voru af sonum Eleasar til höfðingja settir í þeirra feðra húsi og átta af sonum Ítamar í þeirra feðra húsi. 5Og hann skipti þeim eftir hlutfalli fyrir því að hvortirtveggja, bæði af sonum Eleasar og Ítamar, voru höfðingjar í helgidóminum og yppastir fyrir Guði. 6Og Semaja ritari son Netaneel af Levítunum hann skrifaði þá upp fyrir kónginum og þeim yppustu og fyrir prestinum Sadók og fyrir sonum Ahímelek syni Abjatar og fyrir þeim yppustu feðrum á millum prestanna og Levítanna, sem var eins föðurs hús fyrir Eleasar og það annað fyrir Ítamar.

7En sá fyrsti hlutur féll yfir Jójaríb, sá annar yfir Jedaja, 8þriðji yfir Harím, fjórði yfir Seórím, 9fimmti yfir Malkía, sjötti yfir Mejamím, 10sjöundi yfir Hakos, áttundi yfir Abía, 11níundi yfir Jesúa, tíundir yfir Sekanja, 12sá ellefti yfir Eljasíb, sá tólfti yfir Jakím, 13þrettándi yfir Húva, fjórtandi yfir Jesebeab, 14fimmtándi yfir Bilga, sextándi yfir Immer, 15seytjándi yfir Heser, átjándi yfir Hapíses, 16nítjándi yfir Petahía, tuttugasti yfir Jeheskel, 17fyrsti og tuttugasti yfir Jakín, annar og tuttugasti yfir Gamúl, 18þriðji og tuttugasti yfir Delaja, fjórði og tuttugasti yfir Maasja. 19Þetta er þeirra skipan eftir

þeirra embætti að þeir gangi í DROTTINS
húsi hver eftir sinni ordu undir þeirra
föður Aron so sem DROTTINN Guð
Ísraels hafði boðið þeim.
[20]En þeir aðrir synir Leví sem afgangs
voru af sonum Amram var Súbael. En
af sonum Súbael var Jehdeja. [21]En með
sonum Rehabía var Jesía þann fyrsti.
[22]En meðal Jeseharíter var hans son
Slómót. En á millum sona Slómót var
Jahat. [23]Synir Hebron voru Jería þann
fyrsti, Amaría sá annar, Jehasíel þann
þriðji, Jakmean sá fjórði. [24]Son Úsíel
var Míka. En með sonum Míka var
Samír. [25]Jesía var bróðir Míka. Með
sonum Jesía var Sakaría. [26]Synir Merarí
voru þeir Mahelí og Músí hvers son eð
var Jaesía. [27]Son Merarí af Jaesía, hans
son var Sóham, Sakúr og Íbrí. [28]En
Mahelí átti Eleasar því hann hafði
öngvan son. [29]Af Kís: Sonur Kís var Jer-
ahmeel. [30]Synir Músí voru Mahelí, Eder
og Jeremót. Þetta eru synir Leví eftir
þeirra feðra húsum. [31]Og þar voru lagð-
ir hlutir yfir þá hjá þeirra bræðrum,
sonum Aron, fyrir Davíð kóngi og
Sadók og Ahímelek og fyrir þeim ypp-
ustu feðrum á meðal prestanna og
Levítanna, svo vel þeim minnsta bróðir
sem þeim yppasta meðal feðranna.

25 Og Davíð og hershöfðingjarnir
fráskildu til embættisþjón-
ustunnar sonu Assaf, Heman og
Jedítún, þá spámenn, með hörpur,
psallterium og cimbalis, og þeir voru
taldir til gjörningsþjónustu eftir sínu
embætti. [2]Á meðal sona Assaf var
Sakúr, Jósef, Netanja, Assarela, synir
Assaf undir hendi Assaf, hver að spáði
hjá kónginum. [3]Af Jedítún. Synir
Jedítún voru Gedalja, Sórí, Jesaja,
Hasabía, Matitja, þessir sex voru undir
þeirra föður Jedítún með sínum hörp-
um sem spáðu, þakkandi og lofandi
DROTTIN. [4]Af Heman. Synir Heman voru
Búkía, Matanja, Úsíel, Sebúel, Jerímót,
Hananja, Hananí, Elíata, Gidaltí,
Rómamtí Eser, Jasbekasa, Mallótí,
Hótír og Maesíót. [5]Þessir allir voru syn-
ir Heman, kóngsins sjáanda, í Guðs orði
að upphefja hornið. Því að Guð hafði
gefið Heman fjórtán syni og þrjár dæt-
ur. [6]Þessir allir voru undir hendi sinna
feðra, Assaf, Jedítún og Heman, að
syngja í DROTTINS húsi með cymbalis,
psalterio og hörpum eftir embættis-
gjörðinni í húsi DROTTINS hjá kónginum.
[7]Og þeirra tala og þeirra bræðra
sem menntir voru í söngnum DROTTINS,
allir saman meistarar, voru að tölu tvö
hundruð átta og áttatígi. [8]Og þeir köst-
uðu hluti um þeirra embætti, so fyrir þá
hinu minnstu sem fyrir þá hina helstu,
fyrir þá hina lærðu líka sem fyrir lær-
isveinana.
[9]Og inn fyrsti hlutur féll yfir Jósef
sem var af Assaf, sá annar yfir Gedalja
og hans bræður og syni og þeir voru
tólf, [10]en þriðji yfir Sakúr og yfir hans
syni og bræður og þeir voru tólf, [11]en
fjórði yfir Jesrí og hans syni og bræður
og þeir voru tólf, [12]en fimmti yfir Net-
anja og yfir hans syni og bræður og
þeir voru tólf, [13]en sjötti yfir Búkía,
hans syni og bræður, og þeir voru tólf,
[14]en sjöundi yfir Jesreela, hans syni og
bræður, og þeir voru tólf, [15]en áttundi
yfir Jesaja, hans syni og bræður, og þeir
voru tólf, [16]en níundi yfir Matanja, hans
syni og bræður, og þeir voru tólf, [17]en
tíundi yfir Símeí, hans syni og bræður,
og þeir voru tólf, [18]en ellefti yfir
Asareel, hans syni og bræður, og þeir
voru tólf, [19]en tólfti yfir Hasabía, hans
syni og bræður, og þeir voru tólf, [20]en
þrettándi yfir Súbael, hans syni og
bræður, og þeir voru tólf, [21]en fjórtándi
yfir Matitja, hans syni og bræður, og
þeir voru tólf, [22]en fimmtándi yfir Jer-
emót, hans syni og bræður, og þeir
voru tólf, [23]en sextándi yfir Ananja,
hans syni og bræður, og þeir voru tólf,
[24]en seytjándi yfir Jasbekasa, hans syni
og bræður, og þeir voru tólf, [25]en átj-
ándi yfir Hananí, hans syni og bræður,

og þeir voru tólf, [26]en nítjándi yfir Mallóti, hans syni og bræður, og þeir voru tólf, [27]en tuttugasti yfir Elíata, hans syni og bræður, og þeir voru tólf, [28]en fyrsti og tuttugasti yfir Hótír, hans syni og bræður, og þeir voru tólf, [29]en annar og tuttugasti yfir Gidaltí, hans syni og bræður, og þeir voru tólf, [30]en þriðji og tuttugasti yfir Mahesíót, hans syni og bræður, og þeir voru tólf, [31]en fjórði og tuttugasti yfir Rómamtíeser, hans syni og bræður, og þeir voru tólf.

26 Af skipan dyravörslumanna. Á meðal þeirra Choriter var Meselemja son Kóre af sonum Assaf. [2]En synir Meselemja voru þessir: Sá frumgetni Sakaría, annar Jedíael, þriðji Sebadja, fjórði Jatníel, [3]fimmti Elam, sjötti Jóhanan og inn sjöundi Elíóenaí. [4]En synir Óbeð Edóm voru þessir: Sá frumgetni Semaja, annar Jósabad, þriðji Jóa, fjórði Sakar, fimmti Netaneel, [5]sjötti Ammíel, sjöundi Ísaskar, áttundi Pegúltaí. Því Guð hafði blessað hann. [6]Og hans son Semaja gat og sonu hverjir að stjórnuðu í sinna feðra húsi því þeir voru manna sterkastir. [7]Svo voru þeir nú synir Semaja Atní, Refael, Óbeð og Elsabad hvers bræður að voru sterkastir menn, Elíhú og Samakja. [8]Þessir allir voru af sonum Óbeð Edóm. Og þeir með þeirra sonum og bræðrum voru sterkir menn og vel skikkaðir til þjónustu og þessir voru tveir og sextígi af Óbeð Edóm. [9]Meselemja hafði átján syni og bræður, þeir voru manna sterkastir. [10]En Hóssa af sonum Merarí átti sonu: Þann yppasta Simrí því að hann átti ekki frumgetinn son og því setti hans faðir hann til höfðingja, [11]sá annar var Hilkía, þriðji Tebalja, fjórði Sakaría. Allir synir Hóssa og bræður voru þrettán.

[12]Þessi er skipan á dyravarðhaldsmönnunum að varðhaldshöfðingjarnir svo sem þeirra bræður þjóni jafnan í DROTTINS húsi. [13]Og hlutirnir voru lagðir so vel fyrir þann minnsta sem þann stærsta í þeirra feðra húsi, til hverra portdyra. [14]Sá hlutur í mót austri féll yfir Meselemja. Þar var og kastaður hlutur fyrir hans son Sakaría hver eð var mjög ráðklókur og honum hlotnaðist í mót norðri. [15]En Óbeð Edóm mót suðri og hans sonum hjá húsi Esúpím. [16]Og Súpím og Hóssa mót vestri hjá porti því sem gengið var upp brennioffursins stræti so að vaktin stóð hver hjá annarri. [17]Í mót austri voru sex af Levítunum. Mót norðri fjórir um daga, móti suðri fjórir um dag. En hjá Esúpím voru tveir og tveir. [18]Hjá Parbar mót vestri fjórir á strætinu og tveir hjá Parbar. [19]Þessi er skipan dyravarðveislumannanna meðal sona þeirra Choriter og sona Merarí.

[20]En af Levítunum var Ahía settur yfir fésjóðu Guðs húss og yfir þá fésjóðu sem helgaðir voru. [21]Af sonum Laedan sonar Gerson. Af Laedan voru yppustu feður þeir Jehelither.

[22]Og synir Jeheliter voru Setan og hans bróðir Jóel, settir yfir fésjóðu DROTTINS húss. [23]Af Amramiter, Jezehariter, Hebroniter og Usieliter [24]var Sebúel son Gersón, sonar Móse, höfðingi yfir fjársjóðuna. [25]En hans bróðir Elíeser hafði einn son sem var Rehabja, hvers son var Jesaja, hvers son var Jóram, hvers son var Sikrí, hvers son var Selómít. [26]Sá sami Selómít og hans bræður voru settir yfir allt það heilaga liggjanda fé sem kóng Davíð helgaði og þeir yppustu feður á meðal höfðingja yfir þúsund og yfir hundrað og hershöfðingjarnir. [27]Af stríðinu og af herfanginu höfðu þeir það helgað til þess að endurbæta DROTTINS hús með. [28]Og allt hvað Samúel sjáandi og Saul son Kís og Abner son Ner og Jóab son Serúja höfðu heilagt gjört og allt það sem helgað var, það var undir Selómít og hans bræðra hendi. [29]Af Jesseharíter var Kenanja og hans synir skikkaðir til þénustu utan til yfir Ísrael,

embættismenn og dómarar. 30En á
meðal þeirra Hebroniter var Hasabja
og hans bræður, þúsund og sjö hund-
ruð merkilegir menn, skikkaðir til
þjónustu yfir Ísrael hinumegin Jórdan-
ar mót vestri til allsháttaðrar DROTTINS
þjónustu og að þjóna kónginum. 31Á
meðal Hebroníta var Jedía þann ypp-
asti í Hebroniter ætt meðal þeirra
feðra. Og á því fertuganda ári Davíðs
kóngs þá var leitað og fundnir hraustir
menn í Jaesar út í Gíleað. 32Og þeirra
bræður merkilegir að tölu tvö þúsund
og sjö hundruð, höfðingjar yfir þeirra
feðra húsum. Og Davíð setti þá yfir
sonu Rúben og Gað og hálfa Manasse
ætt til allra erinda Guðs og kóngsins.

27 En Ísraelssynir eftir þeirra tölu
voru feðranna höfðingjar yfir
þúsund og hundrað og embættismenn
sem þjónuðu kónginum eftir þeirra
skipan, gangandi út og inn, einn á
hverjum mánaði á öllum mánuðum
ársins. Og hver skipan hafði fjórar og
tuttugu þúsundir manna. 2Jasabeam
son Sabdíel var settur yfir þá fyrstu
skipan og undir hans hendi voru fjórar
og tuttugu þúsundir manns. 3Af sonum
Peres var sá höfðingi yfir alla stríðs-
höfðingja í þeim fyrsta mánaði. 4Dódaí
Ahohiter var settur yfir skipan þess
annars mánaðar og Miklót var höfðingi
yfir hans skipan og undir hans skipan
voru fjórar og tuttugu þúsundir. 5Bena-
ja son Jójada prests var höfðingi þess
þriðja mánaðar og undir hans skipan
voru fjórar og tuttugu þúsundir. 6Hann
er Benaja hinn sterkasti á meðal þrjá-
tígi og yfir þrjátígi og hans skipan var
undir hans syni Ammísadab. 7Asael
bróðir Jóab var sá fjórði í þeim fjórða
mánaði og eftir hann Sabadja hans son
og undir hans skipan voru fjórar og
tuttugu þúsundir. 8Samehúd Jesrahiter
var í þeim fimmta mánaði og undir
hans skipan voru fjórar og tuttugu þús-
undir. 9Íra son Kís Thekoiter var sjötti í
þeim sjötta mánaði og undir hans skip-
an voru fjórar og tuttugu þúsundir.
10Heles Peloniter af sonum Efraím var í
þeim sjöunda mánaði og í hans skipan
voru fjórar og tuttugu þúsundir. 11Si-
bekaí Husathiter af ætt Saritarum var
þann áttundi í þeim áttunda mánuði og
undir hans skipan voru fjórar og tutt-
ugu þúsundir. 12Abíeser Antothiter af
sonum Jemini var þann níundi í þeim
níunda mánaði og undir hans skipan
voru fjórar og tuttugu þúsundir.
13Maheraí Nethophathiter af Serahiter
var sá tíundi í þeim tíunda mánaði og
undir hans skipan voru fjórar og tutt-
ugu þúsundir. 14Benaja Pirgathoniter af
sonum Efraím var sá ellefti í þeim ell-
efta mánaði og undir hans skipan voru
fjórar og tuttugu þúsundir. 15Heldaí
Netophathiter af Atníel var sá tólfti í
þeim tólfta mánaði og undir hans skip-
an voru fjórar og tuttugu þúsundir.

16En þessir voru yfir Ísraels ætt:Á
meðal sona Rúben var höfðingi Elíeser
son Sikrí, á meðal sona Símeon var
Sefatja son Maeka, 17á meðal Levítanna
Hasabía son Kemúel, á meðal Aroníta
var Sadók, 18á meðal Júda var Elíhú af
bræðrum Davíðs, á meðal Ísaskar var
Amrí son Míkael, 19á meðal Sebúlon var
Jesmaja son Óbadía, á meðal Neftalí
var Jerímót son Asríel, 20á meðal sona
Efraím var Hósea son Asasía, á milli
hálfrar Manasse ættar var Jóel son
Pedaja 21og enn á milli hálfrar Manasse
ættar í Gíleað var Jeddó son Sakaría, á
meðal Benjamín var Jeasíel son Abner,
22á meðal Dan var Asareel son Jeróham.

Þessir eru höfðingjar yfir Ísraels ætt-
kvíslum. 23En Davíð reiknaði þá ekki í
töluna sem voru fyrir innan tvítugs
aldurs því að DROTTINN hafði mælt að
hann vildi auka og margfalda Ísrael svo
sem stjörnur á himnum. 24En Jóab son
Serúja hafði tekið til að telja en full-
komnaði það þó ekki því að reiði var
fallin yfir Ísrael þar fyrir og því kom
ekki talan í Davíðs kóngs kroníku.

[25]Asmavet son Adíel var settur yfir kóngsins féhirslur. Og Jónatan son Úsía var yfir þeim fésjóðum sem voru í landinu og í stöðunum, í kauptúnum og köstulum. [26]Esrí son Kelúb var yfirsettur akurverksmennina að erja landið. [27]Símeí Ramathiter var yfir víngarðsmönnum. Sabdí Siphimiter var yfir vínkjöllurum og vínsins liggjanda fé. [28]Baalhanan Gaderiter var yfir viðsmjörsviðargörðunum og yfir aldingörðunum í dölunum. Jóas var yfir því jurtranna liggjanda fé. [29]Sítan Saroniter var yfir hagauxum sem gengu í Saaron. En Safat son Adlaí var yfir uxunum sem gengu á láglendinu. [30]Óbíl Ismaeliter var yfir kamelunum en Jehedía Meronothiter var yfir ösnunum. [31]Jases Hagariter var yfir sauðunum. Þessir allir voru höfðinjgjar yfir Davíðs kóngs góssi.

[32]En Jónatan föðurbróðir Davíðs hann var ráðgjafi og hofmeistari og kanzeler. Og Jehíel son Hakmóní var hjá sonum kóngsins. [33]Akítófel var og kóngsins ráðgjafi. Húsaí Arachiter var kóngsins vinur. [34]Eftir Akítófel var Jójada son Benaja og Abjatar. En Jóab var kóngsins hershöfðingi.

28 Og Davíð samankallaði til Jerúsalem alla þá æðstu af Ísrael, sem var höfðingja kynkvíslanna og höfðingja yfir þær skipanir sem þjónuðu kónginum, höfðingja yfir þúsund og yfir hundrað, höfðingja yfir kóngsins góss og fé og yfir hans syni, herbergjasveina, stríðsmenn og alla inu bestu menn. [2]Og Davíð kóngur stóð á sína fætur og sagði: „Heyrið mig, mínir bræður og mitt fólk. Eg hefi haft í sinni að byggja eitt hús (í hverju að DROTTINS sáttmálsörk skyldi hvílast) og eina fótskör vorum DROTTNI og eg hafða allt til búið til þessarar byggingar. [3]En Guð lét segja mér: Ekki skalt þú byggja mínu nafni hús það þú ert bardagamaður og hefur úthellt blóði. [4]Nú hefur DROTTINN Israelis Guð útvalið mig af öllu húsi míns föðurs að eg skyldi vera kóngur yfir Ísrael ævinlega. Því hann útvaldi Júda til hertugadóms og af húsi Júda míns föðurs húss og á meðal míns föðurs sona hafði hann þóknan á mér að hann setti mig til kóngs yfir allan Ísrael. [5]Og á meðal allra minna sona (því að DROTTINN hefur gefið mér marga sonu) þá hefur hann útvalið Salómon minn son að hann skuli sitja í konunglegu hásæti DROTTINS yfir Ísrael. [6]Og hann hefur talað til mín: Þinn sonur Salómon skal mitt hús byggja og garð því að eg hefi útvalið mér hann til míns sonar og eg vil vera hans faðir. [7]Og hans ríki vil eg staðfesta ævinlega ef hann er staðfastur að hann breyti eftir mínum boðorðum og réttindum so sem þennan dag. [8]Nú fyrir öllum Ísrael, fyrir öllum DROTTINS söfnuði, og að áheyranda Guði vorum þá haldið og uppspyrjið öll DROTTINS yðvars Guðs boðorð svo þér megið eignast það góða land og láta það yðrum sonum til erfðar eftir yður ævinlega.

[9]Og þú, minn son Salómon, þekkja skalt þú þinn föðurs Guð og þjóna honum af öllu hjarta og með einnri viljugri sálu. Því að DROTTINN rannsakar allra manna hjörtu og undirstendur hugskotsins hugrenningar. Ef þú leitar hans þá munt þú finna hann en ef þú fyrirlætur hann þá mun hann burtvarpa þér ævinlega. [10]Sjá nú því til því að DROTTINN hefur útvalið þig að þú skulir byggja eitt hús til helgidómsins. Vert styrkur og fullkomna það.“

[11]Og Davíð gaf Salómoni syni sínum eina fyrirmynd, hvernin smíða skyldi forhúsið, musterið og hans hús og herbergin og salinn og svefnhúsin inann til og náðarstólshúsið. [12]Þar með eina líking og fyrirmynd upp á allt það sem hann hafði í sínu sinni sem var á DROTTINS húss garði og á öllum herbergjum þar um kring og á því liggjandi fé í Guðs húsi og á þeim helguðu fésjóð-

um, [13]á prestanna og Levítanna skipan og á allri embættisþjónustugjörð í DROTTINS húsi. Gullið (lét hann til) eftir gullsvigt til allsháttaðra verkfæra í hverju embætti og silfur eftir vigt til allra handa silfurkera í sérhverri þjónustugjörð. [14]Og gull til gulllegra kertastikna og til gulllegra lampa, gull að vigt til sérhverrar kertastiku og sérhvers lampa. Hann gaf og svo silfur til silfurljósastikna og þeirra lampa og eftir hverrar kertastiku embætti. [15]vigt þeirra gulllegu kertastikna og gulllegu lampa, eftir þyngd sérhvörs kertastikna og hans lampa, og silfurljósastjökunum, eftir þyngd sérhvörs kertastjaka og hans lampa, eftir brúkun hvörs eins ljósastjaka. [16]Hann gaf og gull til fórnarbrauðsins borðs, til hvers borðs sína vigt, svo og líka silfur til silfurborðanna. [17]Klárt gull til krókanna, munnlauganna og kannanna og til gullbikara, hverjum bikar sína vigt, og til silfurbikaranna, hverjum bikar sína vigt, [18]og til reykelsisaltarisins það allra klárasta gull í sinni vigt og eina mynd þess gyllta kerúbím vagns so hann útbreiddi vængina og huldi sáttmálsörkina DROTTINS ofanvert. [19]„Allt þetta var mér gefið“ – sagði hann – „skrifað af hendi DROTTINS að eg skyldi skilja allar smíðar þessarar fyrirmyndar.“

[20]Og Davíð sagði til síns sonar Salómon: „Vert þú hughraustur og tak styrk og gjör þetta. Óttast ekki og vert ekki efasamur. Guð DROTTINN, minn Guð, mun vera með þér og hann mun ekki taka sína hönd frá þér og eigi heldur yfirgefa þig þar til að þú hefur fullkomnað allan gjörning til þénustugjörðar í DROTTINS húsi. [21]Sjá þú, prestanna og Levítanna skipanir til alls embættis í Guðs húsi eru með þér og til allra þessara gjörninga og þeir eru reiðubúnir með þeirra visku til allra embættanna, so og höfðingjarnir og allt fólkið til alls þess sem þú býður.“

29 Og Davíð kóngur sagði til alls safnaðarins: „Guð hefur útvalið Salómon, einn af mínum sonum, sem enn nú er bæði ungur og lítill. En gjörningurinn er stór. Því að þetta er ekki eins manns heimili heldur Guðs DROTTINS. [2]En eg hefi af öllu megni til lagt allan kostnað til þessa Guðs húss smíðis: Gull til gulllegra kera, silfur til silfurkera, kopar til koparkera, járn til járnsmíðis, tré til trésmíðis, onixsteina, greypta gimsteina og mislita steina og allra handa dýrmæta steina og mikla gnótt marmarasteina. [3]Að auk þessa hefi eg gefið af mínu eigin góssi til míns Guðs húss af mínum frjálsa vilja gull og silfur, þrjú þúsund centener gulls af Ófír og sjö þúsund centener klárt silfur. Það gef eg til Guðs heilaga húss, [4]auk alls þess sem eg hefi skikkað til að búa með hússins veggi [5]so að þar sé gull sem gull skal vera, þar silfur sem silfur skal vera og til allsháttaðs smíðisgjörnings fyrir smiðanna hendur. Og hver er nú sjálfviljugur til að fylla sína hönd í dag fyrir DROTTNI?“

[6]Þá voru feðranna höfðingjar og Ísraels ættar höfðingjar og höfðingjar yfir þúsund og yfir hundrað og so höfðingjar yfir kóngsins eignum vel viljugir [7]og gáfu til embættanna í Guðs húsi fimm þúsund centener gulls og tíu þúsund gyllini og tíu þúsund centener silfurs, átján þúsund centener kopars og hundrað þúsund centener járns [8]og hjá hverjum helst sem steinar urðu fundnir þá gáfu þeir þá til Guðs húss fjársjóða undir Jehíel Gersoniters hönd. [9]Og fólkið var fagnandi að þeir voru so sjálfviljugir því þeir gáfu DROTTNI af öllu hjarta sjálfviljugir. Og Davíð kóngur gladdi sig mikillega [10]og lofaði Guð og sagði fyrir öllum almúganum: „Lofaður sé DROTTINN Ísrael vorra feðra Guð ævinlega. [11]Þér ber veldið og maktin, dýrðin, sigur og þakkargjörð. Því allt það sem er á himni og jörðu, það er þitt. Ríkið er þitt og þú

ert upphafinn yfir alla höfðingja. 12Þín
eru auðævin, þín er dýrðin. Þú stjórnar
yfir alla hluti, magt og styrkur er í þinni
hendi og það stendur í þinni hendi að
gjöra manninn stóran og sterkan. 13Nú
vor Guð, vér þökkum þér og göfgum
þitt hið dýrðarlega nafn.

14Því hvað er eg, hvað er mitt fólk að
vér skyldum hafa magt til þvílíkt viljug-
lega að gefa sem nú sker? Því að það er
allt komið af þér og af þinni eigin hendi
höfum vér það gefið þér. 15Því að vér
erum gestir og framandi fyrir þér, líka
sem allir vorir forfeður. Vort líf á
jörðunni er líka sem skuggi og þar er
engin dvöl. 16DROTTINN vor Guð, öll
þessi gnótt sem vér höfum til búið að
byggja þér með eitt hús til þíns heilaga
nafns, það er komið af þinni hendi og
það er allt saman þitt. 17Minn Guð, eg
veit að þú rannsakar hjörtun og elskar
einfaldleika. Því hefi eg af einu einföldu
hjarta gefið þér þetta viljuglega og með
gleði hefi eg nú séð þitt fólk það sem nú
er hér að það hefur gefið þér sjálfviljug-
lega. 18DROTTINN vorra feðra,
Abrahams, Ísaks og Ísraels Guð, varð-
veittu ævinlega soddan sinni í hjarta
þíns fólks og tilreið þú þeirra hjörtu til
þín. 19Og gef mínum syni Salómoni eitt
algjört hjarta að hann haldi þín boð,
þinn vitnisburð og þín réttindi að gjöra
það allt saman og að byggja þetta hús
sem eg hefi tilsett.“

20Og Davíð sagði til alls almúgans:
„Lofið DROTTIN yðarn Guð.“ Og allur
söfnuðurinn lofaði DROTTIN Guð sinna
feðra, þeir hneigðu sig og tilbáðu
DROTTIN og kónginn. 21Og þeir færðu
DROTTNI fórnir. Og að öðrum morni
offruðu þeir til brennifórnar þúsund
uxum, þúsund sauðum, þúsund lömb-
um, með þeirra drykkjarfórn. Og
mannfjöldinn af Ísrael offraði, 22átu og
drukku með stórum fagnaði þann sama
dag fyrir DROTTNI.

Og þeir tóku Salómon son Davíðs til
kóngs í annað sinn og smurðu hann
DROTTNI til eins höfðingja og Sadók til
kennimanns.

23So sat Salómon í DROTTINS hásæti,
einn kóngur í síns föðurs stað Davíðs,
og varð lukkusamur. Og allur Israelis
almúgi var honum hlýðinn. 24Og allir
höfðingjarnir og þeir inu voldugustu og
allir synir Davíðs kóngs urðu undir-
gefnir Salómon kóngi. 25Og DROTTINN
miklaði Salómon mjög fyrir öllum Ísr-
ael og gaf honum eitt lofsamlegt kóngs-
ríki, þvílíkt að enginn fyrir hann hafði
haft í Ísrael.

26Svo var nú sonur Jesaí Davíð kóng-
ur yfir allan Ísrael. 27En sá tími sem
hann ríkti yfir Ísrael eru fjörutígi ár.
Hann ríkti sjö ár í Hebron, þrettán ár
og tuttugu í Jerúsalem 28og andaðist í
góðri elli, saddur af dögum, ríkdómi og
æru. Og Salómon hans son varð kóngur
í hans stað. 29En Davíðs kóngs gjörn-
ingar, bæði þeir fyrstu og síðustu, sjá,
þeir eru skrifaðir í Gjörningabók Samú-
els sjáanda og á meðal Gjörninga Natan
spámanns og á Bók Gað þess sjáanda
30og allt hans kóngsríki, magt og tími,
hvað fram er liðið á hans dögum, bæði í
Ísrael og í öllum öðrum kóngaríkjum í
landinu.

Endir á þeirri Fyrri Kroníkubókinni.

II. PARALIPOMENON
SÚ AUNNUR KRONÍKUBÓKIN

1 Og Salómon son Davíðs styrktist í
sínu ríki og DROTTINN hans Guð var
með honum og miklaði hann meir og
meir. 2Þá talaði Salómon við allan Ísrael
og við höfuðsmennina yfir þúsund og
hundrað, við dómendur og alla höfð-
ingja í Ísrael og þá æðstu feður 3að þeir
færi af stað, Salómon og allur mann-
söfnuðurinn með honum, til þeirra
hæðar sem var í Gíbeon. Því þar var
Guðs vitnisburðartjaldbúð hverja
Móses Guðs þénari hafði gjört í eyði-
mörku. 4Því Davíð hafði flutt Guðs örk
upp frá Kirjat Jearím þangað sem hann
hafði búið um hana því hann hafði upp-
reist eina tjaldbúð til hennar í Jer-
úsalem. 5En það koparaltari sem Bes-
aleel son Úrí, sonar Húr, gjört hafði,
það var þar fyrir tjaldbúð DROTTINS. 6Og
Salómon og allur söfnuðurinn plagaði
að sækja þangað. Og Salómon offraði
yfir það koparaltari fyri DROTTNI sem
stóð fyrir sáttmálstjaldbúðinni þúsund
brennifórnum.

7Á þeirri sömu nótt birtist Guð
Salómoni og sagði til hans: „Bið þú mig
þess sem þú vilt að eg gefi þér.“
8Salómon svaraði Guði: „Þú hefur veitt
mikla miskunnsemi mínum föður Dav-
íð og þú hefur sett mig til kóngs í hans
stað. 9Svo lát nú, DROTTINN Guð, þín orð
verða að sannindum sem þú sagðir til
míns föðurs Davíðs. Því að þú hefur
sett mig til kóngs yfir þitt fólk sem so
margt er sem duft á jörðu. 10Gef mér nú
þar fyrir visku og skilning so eg kunni
að ganga út og inn fyrir þessu fólki. Því
hver kann að dæma þetta þitt hið mikla
fólk?“ 11Þá sagði Guð til Salómon: „Sök-
um þess að þú hefur þetta í sinni og
baðst ei um ríkdóm, eigi heldur um
auðæfi eður dýrð eður um líf þinna
óvina eður um langa lífdaga heldur
baðst þú um visku og skilning svo þú
megir dæma mitt fólk yfir hvert eg hefi
sett þig til eins kóngs, 12svo sé nú þér
gefin viska og skilningur. Þar til með vil
eg gefa þér ríkdóm, auðæfi og dýrð að
þinn líki skal eigi verið hafa á meðal
kónganna fyrir þig og eigi heldur mun
vera eftir þig.“ 13Eftir það kom Salómon
frá þeirri hæð sem var í Gíbeon til Jer-
úsalem, frá sáttmálans tjaldbúð, og
ríkti yfir Ísrael.

14Og Salómon safnaði sér vögnum og
riddörum so að hann fékk þúsund og
fjögur hundruð vagna og tólf þúsund
riddara og lét þá vera í vagnastöðunum
og hjá kónginum í Jerúsalem. 15Og
Salómon gjörði það að svo var mikið
gull og silfur í Jerúsalem sem steinar
og sedrusviður svo sem mórbertré á
mörkunum. 16Og Salómon kóngi fluttu-
st hestar af Egyptalandi og allsháttuð
vara. Og kóngsins kaupmenn keyptu
þessa vöru og fluttu hana út af Egypta-
landi, 17já einn vagn fyrir sex hundruð
silfurpeninga, einn hest fyrir hundrað
og fimmtígi. So færðu þeir og til allra
Hethiters kónga og til kónganna í Syr-
ia.

2 Og Salómon ásetti sér að byggja
DROTTINS nafni eitt hús og sínu
kóngsríki eitt hús. 2Og hann aftaldi sjö-
tígi þúsund manna til að bera byrðar og
áttatígi þúsund steinhöggvara á fjallinu
og þrjú þúsund og sex hundruð verk-
stjóra (sem settir voru) yfir þá. 3Og
Salómon sendi til Híram kóngsins í
Tyro og lét segja honum:„Líka sem þú
gjörðir við minn föður Davíð og þú
sendir honum sedrusviðu að byggja sér
sjálfum eitt hús í hverju hann bjó, svo

gjör þú mér. [4]Sjá, eg vil byggja DROTTINS míns Guðs nafni eitt hús hvert eð honum skal helgað verða að brenna fyrir honum sætan reykelsisilm og þau skoðunarbrauðin til að reiða og brennioffur á morna og kveld, á sabbatsdögum, á tunglkomuhátíðum og á DROTTINS vors Guðs hátíðum. [5]Og það hús sem eg vil byggja skal vera stórt því að vor Guð er stærri en allir aðrir guðir. [6]En hver mun það megna að byggja honum hús? Því að himinninn og allir himnanna himnar taka hann ekki. Hver em eg þá að eg muni honum hús byggja? Heldur eins kostar til þess að brenna fyrir honum reykelsi. [7]Þar fyrir send mér nú einn hagleiksmann á allra handa arfiði, á gull, silfur, kopar, járn, skarlat, purpura, gult silki og sá sem kann að útgrafa með þeim högum mönnum sem hér eru hjá mér í Júda og Jerúsalem hverja minn faðir Davíð hefur tilfengið. [8]Og send mér nú sedrustré, grenivið og hebentré af Líbanon. Því eg veit að þínir þénarar eru vel hagir á tré. Og sjá, mínir þénarar skulu vera með þínum þjónum [9]so þeir höggvi mér viðu sem mesta því að það húsið sem eg vil byggja skal vera mikið og veglegt. [10]Og sjá, eg vil gefa smiðunum, þínum þénurum, sem að trén höggva tuttugu þúsund coros hveiti og tuttugu þúsund coros byggs og tuttugu þúsund batha vín og tuttugu þúsund batha af viðsmjöri.“

[11]Þá sagði Híram kóngur fyrir skrift og sendi til Salómon: „Fyrir því að DROTTINN elskar sitt fólk þá hefur hann sett þig til kóngs yfir það.“ [12]Og Híram sagði enn framar: „Lofaður sé DROTTINN Israelis Guð hver eð skapað hefur himin og jörð að hann gaf Davíð kóngi einn vísan, hygginn og skilningsríkan son hver eð byggja skal DROTTNI eitt hús og sínu kóngsríki einn sal.

[13]Svo sendi eg nú þér einn vísan mann hver að hefur gott forstand, Híram Abíf, [14]hver að er einnrar kvinnu son af dætrum Dan og hans faðir var af Tyro. Hann kann smíða gull, silfur, kopar, járn, stein, tré, skarlat, gult silki, lín, purpura og að útgrafa allra handa gröft, hvað sem mann setur honum fyrir með þínum smiðum og með kóng Davíðs míns herra, þíns föðurs, hagleiksmönnum. [15]Því bið eg nú að minn herra sendi hveiti, bygg, viðsmjör og vín til sinna þénara svo sem hann hefur lofað, [16]svo viljum vér höggva tré á Líbanon, svo mjög sem þaurf gjörist og vér viljum færa þau til sjávar í flota til Joppen. En þar frá máttu flytja þau til Jerúsalem.“

[17]Og Salómon taldi alla framandi menn í Ísraelslandi eftir það að Davíð hans faðir hafði talið þá. Og þar fundust hundrað og fimmtígi þúsundir þrjú þúsund og sex hundruð. [18]Og hann skikkaði sjötígi þúsund af þeim til að bera byrðar og áttatígi þúsund til að höggva steina á fjöllum og þrjár þúsundir og sex hundruð setti hann til verkstjóra að halda fólkinu til þjónustu.

3 Og Salómon tók til að byggja DROTTNI hús í Jerúsalem á fjallinu Moría þar sem Davíð hans föður var tilvísað, þar sem Davíð hafði fyrirbúið í lauagarði Arnan Jebusiter. [2]Og hann hóf að byggja annan dag í þeim öðrum mánuði á fjórða ári síns ríkis. [3]Og Salómon lagði so grundvöllinn til að byggja DROTTINS hús, fyrst lengdina sextígi álna og breiddina tuttugu álna og forhúsið jafnt við breiddina á húsinu var tuttugu álna langt en hæðin var hundrað og tuttugu álna. [4]Og hann bjó það innan af kláru gulli. En það stóra hús þakti hann með grenitré og bjó það með það besta gull [5]og gjörði þar upp á pálmavið og svo sem keðjur samfastar hverjar við aðra. [6]Hann setti húsið með gimsteina til prýði. Og gullið var það skírasta [7]og hann sló bitana utan til og veggina og dyrnar með gull og hann lét útskera kerúbím á veggjunum.

[8]Hann gjörði og hús þess allrahelgasta hvers lengd eð var tuttugu álna eftir hússins breidd, það var og tuttugu álna breitt, og bjó það með það allra besta gull, nær sex hundruð centener. [9]En til saums fékk hann þeim tuttugu siclos gulls að vigt. Hann sló og svo salina með gull. [10]Hann lét og gjöra í húsi þess allrahelgasta tvo kerúbím útskorna og forgyllti þá. [11]En lengdin vængjanna á kerúbím voru tuttugu álnir so að hver vængur var fimm álnir og tók að húsveggnum. Og sá annar vængur var fimm álna og tók að hinum öðrum vængnum kerúbím. [12]Svo hafði og sá annar kerúbím einn væng fimm álna langan og tók að hússins vegg en annar vængur, einnin fimm álna langur, kom við vænginn á öðrum kerúbím, [13]so að þessir vængir kerúbím voru útbreiddir tuttugu álna langir að lengd. Og þeir stóðu á sína fætur og þeirra andlit snerist fram í húsið. [14]Hann gjörði og eitt fortjald af skarlati, purpura og guðvef og gjörði kerúbím þar upp á. [15]Hann gjörði og tvo stólpa fyrir húsinu, fimmtán og tuttugu álna að hæð, og knappa þar ofan á, fimm álna. [16]Hann gjörði og hlekkjagjörning til kórsins og festi þá ofan á stólpana og hann gjörði hundrað granataepli og festi þar á hlekkjagjörninginn. [17]Og hann uppreisti stólpana fyrir framan musterið, þann eina hægramegin en þann annan vinstramegin, og kallaði þann sem hægramegin var Jakín en þann sem var til vinstri handar Bóas.

4 Hann gjörði og eitt koparaltari, tuttugu álna langt og breitt og tíu álna hátt. [2]Hann gjörði og það steypta haf, tíu álna vítt frá einum barmi og til þess annars, kringlótt og fimm álna hátt og ein snúra þrjátígi álna löng lá um kring það. [3]Þar voru uxamyndir undir því um kring og þar voru tvær raðir með knappa í kringum hafið (það sem tíu álna vítt var) og voru steyptir með því. [4]Og það stóð svo yfir tólf uxum so að þrír horfðu í norður og þrír í vestur, þrír í suður og þrír í austur. Og hafið stóð ofan á þeim og allur aftari hlutur uxanna snerist inn undir. [5]Þess þykkt var þverar handar og barmarnir voru svo sem á öðrum bikar og útbreidd rosa og í það gekk þrjú þúsund batha. [6]Og hann gjörði tíu kvernur og setti fimm af þeim hægramegin, aðrar fimm vinstramegin, að í þeim skyldi þvo allt það sem brennifórnunum tilheyrði. En í hafinu þvoðu prestarnir sig.

[7]Hann gjörði og tíu ljósastikur af gulli svo sem þær skyldu vera og setti þær í musterið, fimm til hægri handar og fimm til vinstri handar. [8]Hann gjörði og tíu borð og setti þau í musterið, fimm á hægri síðu og fimm á vinstri síðu, og hann gjörði hundrað skálir af klára gulli. [9]Hann gjörði og einn garð fyrir prestana og eitt mikið gangrúm og dyr á gangrúminu og sló dyrnar með kopar. [10]Og hann setti hafið hægramegin mót austri sunnan til.

[11]Og Híram gjörði pönnur, sleifar og skálir. Svo fullkomnaði Híram arfiðið sem hann smíðaði Salómon kóngi til Guðs húss, [12]sem var þeir tveir stólparnir með sínum listum og hnöppum ofan á báðum stólpunum [13]og þeir báðir snúnu laufviðarstreingir til að hylja hnappana ofan á stólpunum og þau fjögur hundruð granataepli á þeim báðum snúnum laufstrengjum, tvær raðir granataepli á hvorum streng, og huldu báðar listurnar á hnöppunum sem voru á stólpunum. [14]Og hann gjörði stólana og katlana á stólunum [15]og eitt haf og tólf uxa þar undir, [16]þar til með potta, sleifar, króka. Og öll þeirra ker gjörði Híram Abíf Salómon kóngi til Guðs húss af klárum kopar. [17]Í héraði hjá Jórdan lét kóngurinn steypa þetta í leirjörðu í millum Súkót og Saredata. [18]Og Salómon gjörði ofurmörg þessi ker svo að enginn mann kuni að vita

vigtina á koparnum. 19Og Salómon
gjörði öll kerin til Guðs húss, sem var
það gullaltari, borðið og skoðunar-
brauðin þar upp á, 20ljóstastikunar með
þeirra lömpum, af kláru gulli, 21að þær
skyldu lýsa fyrir kórnum svo sem til-
heyrði og blómstrin á lömpunum og
ljósasöxin, það var allt af besta gulli.
22Svo og þar með knífarnir, munn-
laugar, skeiðirnar og skálirnar var af
kláru gulli. Og dyrnar til þess allrahelg-
asta og dyrnar á musterisins húsi voru
gulllegar.

5 Svo var allt arfiðið fullkomnað sem
að Salómon gjörði á húsi DROTTINS.
Og Salómon kóngur bar inn þangað allt
það sem hans faðir Davíð hafði helgað,
sem að var silfur og gull og allra handa
ker, og lagði það í féhirslur Guðs húss.

2Þá samankallaði Salómon alla inu
elstu í Ísrael, allra kynkvísla höfðingja
og feður á meðal Ísraelssona til Jer-
úsalem að þeir skyldu færa upp
DROTTINS sáttmálsörk af Davíðsstað
sem að var Síon. 3Og allir Ísraelsmenn
söfnuðust saman til kóngsins á hátíð-
inni, það var í þeim sjöunda mánaði.
4Og allir inu elstu í Ísrael komu og
Levítarnir tóku upp örkina 5og báru
hana með vitnisburðarins tjaldbúð og
þann allan heilagan umbúnað sem var í
tjaldbúðinni báru prestarnir og
Levítarnir upp með.

6En Salómon kóngur og allur Israelis-
söfnuður sem til hans var kominn of-
fraði sauðum og uxum fyrir örkinni,
svo mörgum að enginn kunni að telja
eða reikna það. 7Svo var nú DROTTINS
sáttmálsörk borin af prestunum í sinn
stað inn í kórinn hússins, í það
allrahelgasta, undir vængi kerúbím
8svo að kerúbím útbreiddu sína vængi
yfir þann stað sem örkin var og ker-
úbím huldu örkina og hennar stengur
ofanvert. 9En stengurnar voru svo
langar að sjá mátti á knappana á þeim
fyrir framan kórinn en utan til sáust
þeir ekki. Og hún var þar allt til þessa
dags. 10Og ekki neitt var í örkinni utan
þau tvö steinspjöld sem Móses lét í
hana í Hóreb þá að DROTTINN gjörði
einn sáttmála við Ísraelssonu þá þeir
fóru af Egyptalandi. 11En sem prestarn-
ir gengu nú út af helgidóminum (því
allir prestar sem til samans voru helg-
uðu sig og þeirra skikkan var þá enn
ekki haldin) 12og Levítarnir með öllum
þeim sem voru undir Assaf, Heman,
Jedítún, þeirra synir og bræður,
skrýddir í línklæði, sungu með cimbal-
is, psalterio og hörpum standandi fyrir
austan altarið og hundrað og tuttugu
prestar hjá þeim sem að blésu í sínar
trametur. 13Og er þeir sungu til samans,
bæði með hljóðunum og so trametun-
um undir eins, þá var að heyra svo sem
ein hljóð væri allra þeirra, lofandi og
vegsamandi DROTTIN. Og sem þeir hófu
upp hljóðin með básúnunni, cimbalis
og öðrum strengjaleik og lofuðu
DROTTIN,

það hann er góður
og hans miskunnsemi varir ævinlega,

þá varð DROTTINS hús fullt af þoku 14svo
að prestarnir gátu ekki staðið og þjón-
að fyrir þokunni. Því að dýrð DROTTINS
uppfyllti Guðs hús.

6 Þá sagði Salómon: „DROTTINN hefur
talað að hann vildi búa í dimm-
unni.

2Eg hefi að vísu byggt eitt hús þér til
íbúðar og einn stað þar þú búir að ei-
lífu.“ 3Og kóngurinn sneri sinni ásján
og blessaði allan Israelissöfnuð því að
allur Ísraelssöfnuður stóð. 4Og hann
sagði: „Lofaður sé DROTTIN Ísraels Guð
sem með sínum munni hefur talað til
míns föðurs Davíðs og hefur nú full-
komnað það, segjandi: 5Frá þeim tíma
að eg útleidda mitt fólk af Egyptalandi
hefi eg öngva borg útvalið í öllum
Ísraels ættum til að byggja eitt hús svo
að mitt nafn skyldi þar vera og eg hefi
öngvan annan mannútvalið að vera

höfðingja yfir mitt fólk Ísrael [6]en Jerúsalem hefi eg útvalið að mitt nafn skal þar vera og eg hefi útvalið Davíð að hann sé yfir mitt fólk Ísrael. [7]Og þá minn faðir Davíð hafði nú í hug að byggja DROTTINS Guðs Israelis nafni eitt hús [8]þá sagði DROTTINN til míns föðurs Davíð: Þú gjörðir vel að þú hafðir í sinni að byggja mínu nafni eitt hús. [9]En þó skalt þú ekki byggja það hús heldur þinn sonur sá eð koma skal af þínum lendum, hann skal byggja mínu nafni eitt hús. [10]Svo hefur nú DROTTINN staðfest sín orð er hann talaði. Því að eg er kominn í míns föðurs Davíðs stað og sit upp á Israelis stóli eftir orðum DROTTINS og eg hefi byggt DROTTINS Ísraels Guðs nafni eitt hús. [11]Og eg hefi sett þangað örkina í hverri að DROTTINS sáttmáli er sá hann hefur gjört við Israelissonu.“

[12]Og hann gekk fram fyrir altari DROTTINS fyrir öllum Israelissöfnuði og útbreiddi sínar hendur. [13]Því Salómon hafði gjört einn koparstól og setti hann á mitt gangrúmið, fimm álna langan og breiðan og þriggja álna háan, upp á honum stóð hann og féll niður á sín kné fyrir öllum Ísraels almúga og upplyfti sínum höndum í himininn [14]og sagði: „DROTTINN Guð Ísraels, þar er enginn Guð þér líkur, hverki á himni né á jörðu, þú sem heldur sáttmála og miskunnsemi við þína þénara þá sem ganga fyrir þér af öllu hjarta. [15]Þú hefur efnt við þinn þénara Davíð það þú honum til sagðir. Þú hefur talað það með þínum munni og fullkomnað það með þinni hendi svo sem sjá má þennan dag. [16]Nú DROTTINN Guð Ísreals, halt við þinn þénara, minn föður Davíð, það þú talaðir við hann og sagðir: Eigi skal af þér vanta einn mann fyrir mér hver eð sitja skal á Israelis stóli. Þó svo framt að þínir synir geymi sína vegu það þeir gangi í mínu lögmáli, líka sem þú hefur gengið fyrir mér. [17]Nú DROTTINN Guð Ísraels, lát þitt orð vera satt það þú talaðir til Davíðs þíns þénara. [18]Er nú þá trúlegt að Guð búi hjá mönnunum á jörðunni? Sjá, himinninn og allir himnanna himnar taka þig ei. Hvernin skyldi þá þetta hús sem eg hefi gjört það mega gjöra? [19]En snú þér nú, DROTTINN Guð minn, til bænar þíns þénara og til hans beiðni svo að þú viljir heyra þá bæn og ákall sem þinn þénari gjörir fyrir þér [20]og að þín augu séu opin yfir þessu húsi dag og nótt og yfir þessum stað hvar þú hefur sagt að þú vildir setja þitt nafn, að þú viljir heyra þá bæn sem þinn þénari mun biðja í þessum stað. [21]Þar fyrir heyr nú þíns þénara bæn og þíns fólks Ísraels bænir og beiðslur sem þeir biðja í þessum stað og heyr það af þínu heimili himninum og nær þú það heyrir þá vert þú miskunnsamur.

[22]Ef að nokkur maður syndgast í mót sínum náunga og á hann er einn eiður lagður sem hann skal sverja og eiðurinn kemur fyrir þitt altari í þetta hús, [23]bænheyr þú þá af himninum og dæm þínum þénara rétt og að þú viljir bitala þeim óguðlega hans vegi yfir hans höfuð og réttlæta þann hinn réttferðuga svo að þú endurgjaldir honum eftir sínu réttlæti.

[24]Nær þitt fólk Ísrael verður yfirunnið af sínum óvinum fyrir það þeir hafa syndgast í móti þér og þeir snúa sér og meðkenna þitt nafn, biðja og beiðast fyrir í þessu húsi, [25]þá bænheyr þú af himninum og vert þú náðugur yfir syndir þíns fólks Ísraels og leið þá aftur í landið það þú gafst þeim og þeirra feðrum.

[26]Nær eð himinninn til byrgist og þar rignir ekki því að þeir hafa syndgast í móti þér og þeir biðja í þessum stað og meðkenna þitt nafn og snúa sér frá sínum syndum eftir það þú hefur lítillækkað þá, [27]þá bænheyr þú þá af himninum og vert náðugur syndum þinna þénara og þíns fólks Ísrael og kenn þeim þann góða veginn á hverjum eð þeir skulu ganga og lát rigna á þitt land sem þú

gafst þínu fólki til eignar. [28]Nær þar
kemur hallæri í landið eða drepsótt eða
þurrkur, bruni, engisprettur, kálormar
eða nær þeirra óvinir setjast um þeirra
borgarhlið í landinu eða nokkurs staðar
er nokkur plága eða sjúkdómur, [29]hver
sem þig biður þá og grábænir af hvers
kyns mönnum á millum alls þíns fólks
Ísrael, meðkennandi sína plágu og ves-
öld, og hann útbreiðir sínar hendur í
þessu húsi, bænheyr þú þann þá af
himninum af þínu heimili og sæti [30]og
vert þá náðugur og gef sérhverjum eftir
sínum öllum vegi so sem þú þekkir
hans hjarta vera (því að þú alleina
þekkir hjörtu allra mannanna sona)
[31]upp á það að þeir óttist þig og gangi í
þínum vegum alla daga, svo lengi sem
þeir lifa í því landinu sem þú hefur gef-
ið vorum feðrum.

[32]Og ef nokkur framandi sem ekki er
af þínu fólki Ísrael kemur af fjarlægu
landi sökum þíns mikla nafns og vold-
ugrar handar, sökum þess útrétta arms,
og tilbiður í þessu húsi, [33]bænheyr þú
þá hann af himninum, af sæti þíns
heimilis, og gjör allt það sem sá fram-
andi biður þig, upp á það að allt fólk á
jörðu megi viðurkenna þitt nafn og ótt-
ast þig, líka sem þitt fólk Ísrael, og að
þeir megi vita að þetta hús sem eg hefi
byggt er kallað eftir þínu nafni.

[34]Nær þitt fólk dregur í stríð móti sín-
um óvinum á þann veg sem þú sendir
þá og þeir biðja til þín á veginum til
þessa staðar sem þú útvaldir og til
þessa húss sem eg byggða þínu nafni,
[35]heyr þá bænir þeirra af himninum og
hjálpa þeim til þeirra réttar.

[36]Nær að þeir og syndga í móti þér
(því að þar er enginn mannanna sem
ekki syndgast) og þú reiðist þeim og
gefur þá undir þeirra óvina hendur so
þeir færa þá hertekna í burt í eitt annað
land, hvert heldur það er langt eða
skammt í burtu, [37]og í því landi snúa
þeir sér í sínum hjörtum þar þeir eru
fangaðir og snúast til þín og tilbiðja þig
í þeirra herleiðingarlandi og segja: Vér
höfum syndgast, vér höfum misgjört og
verið óguðlegir, [38]og ef þeir snúa sér til
þín af öllu sínu hjarta og af allri sinni
sálu í þeirra herleiðingarlandi þá þeir
eru í fangelsi lagðir og biðja á mót veg-
inum sem liggur til þeirra lands sem þú
gafst þeirra feðrum og til þess staðar
sem þú hefur útvalið og til þess húss
sem eg hefi byggt þínu nafni, [39]heyr þú
þá þeirra bænir af himninum, af þínu
heimilissæti, og hjálpa þeim til þeirra
réttar og vert þínu fólki náðugur sem
að syndgast hefur í móti þér. [40]Svo lát
nú, minn Guð, þín augu vera opin og lát
þín eyru gefa gætur að þeim bænum
sem beðnar eru í þessum stað.

[41]Og nú, DROTTINN Guð, tak þig upp til
þinnar hvíldar, þú og örk þíns styrk-
leika. DROTTINN Guð, lát þína presta
vera ískrýdda hjálpræðinu og lát þína
heilögu gleðja sig í því hinu góða.

[42]DROTTINN Guð, snú þú eigi þínu and-
liti burt frá þínum smurða. Minnst þú
miskunnar þeirrar sem þú lofaðir Davíð
þínum þénara.“

7 En sem Salómon hafði endað sína
bæn þá féll eldur ofan af himnum
og brenndi upp brennioffrið og þær
aðrar fórnir. Og DROTTINS dýrð upp-
fyllti húsið [2]svo prestarnir gátu ekki
gengið inn í musteri DROTTINS svo lengi
sem DROTTINS dýrð uppfyllti DROTTINS
hús. [3]Og allir Ísraelssynir sáu eldinn
ofan falla og DROTTINS dýrð yfir húsið
og þeir féllu á sín kné og á sínar ásjónir
til jarðar fram á steingólfið og báðust
fyrir og þökkuðu DROTTNI

því að hann er góður
og hans miskunnsemi varir eilíflega.

[4]En kóngurinn og allt fólkið færði fórn-
ir fyrir DROTTNI. [5]Því Salómon kóngur
fórnfærði tvö og tuttugu þúsund uxa
og hundrað og tuttugu þúsund sauði og
vígðu so Guðs hús, bæði kóngur og allt
fólkið. [6]En prestarnir stóðu í sínu varð-
haldi og Levítarnir með DROTTINS hljóð-

færum sem Davíð kóngur lét gjöra til lofgjörðar DROTTNI að hans miskunnsemi varir eilíflega. Og þeir léku Davíðs psalma með sínum höndum og prestarnir blésu í sína básúna frammi fyrir þeim en allur Ísrael stóð. 7Og Salómon helgaði miðgarðsrúmið sem var fyrir DROTTINS húsi því hann hafði þar offrað brennifórnirnar og þakklætisins offurs feitleika sökum þess að það koparaltari sem Salómon lét gjöra var ekki so stórt að það tæki allar brennifórnir, matarfórnir og feitleika.

8Og á þessum tíma hélt Salómon mikið hátíðarhald í sjö daga og allur Ísrael með honum, einn mjög mikill söfnuður, frá Hemat og til Egiptilækjar. 9Og á þeim áttunda degi hélt hann eina samkomu. Því að altarisins vígslu héldu þeir í sjö daga og so hátíðina í sjö daga. 10En á þeim þriðja og tuttugasta degi þess sjöunda mánaðar lét hann fólkið fara til sinna tjaldbúða með gleði og fagnaði yfir öllu því inu góða sem DROTTINN hafði veitt Davíð og Salómon og sínu fólki Ísrael. 11Svo fullkomnaði Salómon kóngur DROTTINS hús og kóngsins hús og allt það annað sem hann hafði í sinni að gjöra í DROTTINS húsi og í sínu húsi lukkusamlega.

12Og DROTTINN birtist Salómon um nótt og sagði til hans: „Eg hefi heyrt þína bæn og hef útvalið mér þennan stað til eins fórnfæringar húss. 13Sjá, nær eg byrgi himininn svo þar rignir ekki eða eg býð engisprettum upp að éta landið eða eg læt koma drepsótt á meðal fólksins 14so að mitt fólk auðmýki sig hvert kallað er eftir mínu nafni, og ef þeir biðja og leita míns andlits og snúa sér frá sínum vondu vegum þá vil eg heyra þá af himninum og fyrirgefa þeim þeirra syndir og lækna þeirra land. 15So skulu nú mín augu vera opin og mín eyru skulu gæta að þeim bænum sem beðnar eru í þessum stað. 16Því hefi eg nú útvalið þetta hús og það heilagt gjört að mitt nafn skal vera þar ævinlega og mín augu og mitt hjarta skulu alltíð vera þar. 17Og ef þú gengur fyrir mér svo sem þinn faðir Davíð gekk svo að þú gjörir allt það sem eg bífala þér og heldur mín boðorð og réttindi, 18þá vil eg staðfesta þinn konunglegan stól líka sem eg hefi lofað þínum föður Davíð og sagt: Þig skal ekki vanta einn mann hver að sé höfðingi yfir Ísrael.

19En ef þér frásnúið yður og yfirgefið mín réttindi og boðorð sem eg hefi lagt fyrir yður og þér farið til að þjóna öðrum guðum og tilbiðjið 20þá þá skal eg upprykkja þeim af mínu landi sem eg hefi gefið þeim. Og þetta hús sem eg hefi helgað mínu nafni, því skal eg burtkasta frá mínu andliti að það verði að orðskvið og dæmisögu á meðal allra þjóða. 21Og þetta hús sem var það hæsta skal verða að undran öllum þeim sem þar ganga framhjá og þeir munu segja: Því hefur DROTTINN farið svo með þetta land og með þetta hús? 22Þá mun svarað verða: Fyrir því að þeir hafa fyrirlitið DROTTIN þeirra feðra Guð, þann sem þá útleiddi af Egyptalandi, og hafa gefið sig til annarlegra guða, tilbeðið þá og þjónað þeim. Þar fyrir hefur hann leitt alla þessa ólukku yfir þá.“

8 Og að tuttugu árum liðnum á hverjum Salómon byggði DROTTINS hús og sitt hús, 2þar eftir byggði hann þær borgir sem Híram gaf Salómoni og lét Israelissonu búa í þeim.

3Og Salómon fór til borgar Hemat Sóba og efldi hana. 4Og hann byggði Tadmor í eyðimörkinni og alla kornstaðina sem hann byggði í Hemat. 5Hann byggði þá hina Efri og Neðri Bet Hóron að það voru sterkar borgir með múrveggjum, portum og grindum. 6Og Baelat og alla kornstaði sem hann hafði og alla vagnastaði og þá riddarastaði og allt það sem Salómon hafði lyst til að byggja, bæði í Jerúsalem og upp á Líbanon og í öllu sínu ríki. 7Allt það fólk sem eftir var orðið af þeim Hethiter,

Amoriter, Pheresiter, Heviter og Jebusiter, sem ekki var af Ísraelssonum
8 og þeirra synir sem þeir höfðu látið eftir sig í landinu hverja Israelissynir höfðu ekki eyðilagt, þessa gjörði Salómon sér skattgilda inn til þessa dags. 9 En Salómon lét öngvan af Israelisþjónum þjóna til hans arfiðis heldur lét hann þá vera stríðsmenn og höfðingja yfir sína vagna og riddara.
10 Og þeir yppustu höfðingjar Salómons kóngs sem stjórnuðu yfir fólkið voru að tölu tvö hundruð og fimmtígi.

11 Og Salómon lét flytja dóttir pharaonis frá Davíðsborg í það hús sem hann hafði byggt henni. Því hann sagði: „Mín kvinna skal ekki búa í Davíðs Ísraels kóngs húsi því það er helgað fyrst að örk Drottins hefur þar inn komið.“

12 Eftir það offraði Salómon Drottni brennifórnum yfir Drottins altari það hann hafði byggt fyrir framan forhúsið
13 svo að yfir því skyldi fórnir færast daglega eftir Móses boði, á þvottdögum, á nýmánuðum og á tilsettum hátíðum, þrjár reisur um árið, sem var á sætubrauðshátíðinni, á vikuhátíðinni og á laufskálahátíðinni. 14 Og hann skikkaði prestana í þeirra skipan til þeirra embættis svo sem hans faðir Davíð hafði tilsett og Levítana í þeirra skipan að lofa og þjóna fyrir kennimönnunum, hverjir á sínum degi, og dyraverðina í sinni skipan, hvern í sínum dyrum, því Davíð Guðsmaður hafði so bífalað. 15 Og þeir gleymdu öngvu boði kóngsins um prestana, Levítana og um alla hluti og um fésjóðuna.

16 So hafði Salómon allan kostnaðinn tilbúinn frá þeim degi sem grundvöllurinn var lagður til Drottins húss og þar til hann hafði fullkomnað það að Drottins hús var með öllu búið.

17 Síðan fór Salómon til Eseon Geber og til Elót hver eð liggur við hafið rauða í landinu Idumea. 18 Og Híram sendi honum skip með sínum þénurum hverjir eð voru farmenn miklir. Og þeir fóru með Salómons þénurum til Ófír og fluttu þaðan fjögur hundruð og fimmtígi centener gulls og færðu það til Salómons kóngs.

9 En þegar drottningin af ríki Arabia heyrði það rykti Salomonis þá kom hún með miklu föruneyti til Jerúsalem, með úlföldum sem báru jurtir, gull og mikinn fjölda gimsteina, til að reyna Salómon með djúpum spurningum. En sem hún kom til Salómon talaði hún við hann allt það hún hafði ætlað sér.
2 Og kóngurinn sagði henni allt það hún spurði að og þar var ekkert hulið fyrir Salómoni að hann segði henni það eigi.
3 Og sem drottningin af Arabiaríki sá speki Salomonis og það hús sem hann hafði byggt 4 og vistir til hans borðs og herbergi hans sveina, hans þjónustumanna skipanir og þeirra klæðnað, hans skenkjara og þeirra klæðnað og hans sal þar sem upp var gengið til Drottins húss, þá gat hún ekki lengur haldið sér.

5 Og hún sagði til kóngsins: „Allt er það satt sem eg hefi heyrt í mínu landi um þitt framferði og um þinn vísdóm.
6 En eg vilda ekki trúa þeirra orðum fyrr en nú að eg kom og hefi sjálf séð það með mínum augum. Og sjá, mér hefur ekki verið helmingur sagður af þínum mikla vísdómi. Hann er meiri með þér heldur en það rykti sem eg hefi heyrt.
7 Sælir eru þínir menn og sælir eru þínir þénarar sem ætíð standa frammi fyrir þér og heyra þinn vísdóm. 8 Drottinn þinn Guð sé lofaður hver að elskaði þig og hefur sett þig í sitt hásæti til kóngs Drottins þíns Guðs. Af því að þinn Guð elskar Ísrael að hann upphefji hann ævinlega, þar fyrir setti hann þig til kóngs yfir þá að þú skalt fremja dóm og réttindi.“ 9 Og hún gaf kónginum hundrað og tuttugu centener gulls og mjög miklar kostulegar jurtir og dýrmæta steina. Þar voru öngvar jurtir þvílíkar sem þessar hverjar drottningin af ríki

Arabia gaf Salómoni kóngi. [10]So og þénarar Híram og þeir sveinar Salomonis, þeir fluttu gull af Ófír, þeir fluttu og svo hebentré og dýrmæta gimsteina. [11]Og Salómon lét gjöra gráður af þessu hebentré í húsi DROTTINS og í kóngsins húsi, svo og hörpur og psalteria til söngvaranna. Svoddan viður hafði ekki fyrr sén verið í landinu Júda.

[12]Og Salómon kóngur gaf drottninginunni af ríki Arabia allt það hana girnti og hún baðst eftir fyrir utan það sem hún hafði fært kónginum. Og hún sneri aftur og fór heim í sitt land með sínum þénörum.

[13]En það gull sem Salómoni var fært árlega var sex hundruð sextígi og sex centener. [14]Þar að auk sem kramarar og kaupmenn færðu honum. Og allir kóngar af Arabia og herrar og höfðingjar í löndunum færðu bæði gull og silfur til Salómon. [15]Af hverju að kóng Salómon gjörði tvö hundruð skjöldu af því besta gulli, en sex hundruð gyllini fóru til hvers skjaldar, [16]og þrjú hundruð buklara af því besta gulli, og á hvern einn buklara fóru þrjú hundruð gyllini. Og kóngurinn lét þá í það hús Libanusskógs. [17]Og kóngurinn lét gjöra mikið hásæti af fílabeinum og bjó það allt utan með klárt gull. [18]Og hásætið hafði sex gráður og einn fótstallur af gulli upp við hásætið. Og hásætið hafði tvær bríkur, sína til hverrar handar, tveim megin hásætisins, og á bríkunum stóðu tvö león. [19]Og tólf león stóðu á þeim sex gráðum á báðar síður. Þvlíkt smíði var aldrei gjört í nokkru kóngaríki.

[20]Og öll Salómons kóngs drykkjarker voru af gulli og öll önnur ker Libanusskógshúss voru af kláru gulli. Því að ei þótti silfur nokkurs vert á dögum Salomonis. [21]Því að kóngsins skip sigldu yfir hafið með þénurum Híram og komu eitt sinn í þrimur árum og fluttu gull, silfur, fílsbein, apynjur og páfugla. [22]Svo var nú Salómon kóngur megtugri en allir aðrir kóngar á jörðunni af auðæfum og speki. [23]Og allir kóngar á jörðu girntust að sjá Salómons andlit og að heyra hans speki hverja Guð hafði honum gefið í hans hjarta. [24]Og sérhver þeirra færði honum skenkingar, silfurker og gullker, klæði, brynjur, jurtir, hesta og múla árlega. [25]Og Salómon hafði fjögur þúsund vagnhesta og tólf þúsund riddara og þá setti hann í vagnborgirnar og hjá kónginum í Jerúsalem. [26]Og hann var einn herra yfir öllum kóngum, frá Vatninu og allt til Philisteilands og inn til egypskra landamerkja. [27]Og svo var mikil gnótt á silfri í Jerúsalem sem á grjóti og svo mikill sedrusviður sem mórbertré á mörkum. [28]Og honum fluttust hestar af Egyptalandi og af öllum löndum.

[29]En það sem meira er að segja um Salómon, bæði hans ið fyrsta og hið síðasta, sjá, það er skrifað í Natan spámanns kroníku og í Spádómi Ahía af Síló og í Sjónum Jeddí þess sjáanda mót Jeróbóam syni Nebat. [30]Og Salómon ríkti í Jerúsalem yfir allan Ísrael í fjörutígi ár. [31]Og Salómon sofnaði með sínum feðrum og þeir jörðuðu hann í borg Davíðs síns föðurs. Og Róbóam hans son tók kóngdóm eftir hann.

10 Róbóam fór til Síkem því að allur Ísrael var þar kominn að taka hann til kóngs. [2]En sem Jeróbóam son Nebat sem var í Egyptalandi heyrði það (því að hann hafði flúið þangað undan Salómon) þá kom hann aftur af Egyptalandi. [3]Og þeir sendu boð og létu kalla hann. Og Jeróbóam kom með öllum Ísrael og talaði við Róbóam og sagði: [4]„Þinn faðir lagði þungt ánauðarok á oss. Svo gjör þú nú þá hörðu ánauðarþjónustu þíns föðurs og hans þunga ok nokkrum mun léttara sem hann lagði á oss. Þá viljum vér þjóna þér.“ [5]Og hann sagði til þeirra: „Eftir þrjá daga komið aftur til mín.“ Og fólkið gekk í burt.

6Og Róbóam ráðgaðist um við þá
öldunga sem staðið höfðu fyri hans
föður Salómon meðan hann lifði og
sagði: „Hvaða ráð gefi þér hvert svar að
eg skuli gefa þessu fólki?“ 7Þeir svöruðu
og sögðu: „Ef þú sveigir til við þennan
lýð og talar linlega við þá og með mjúk-
um orðum þá verða þeir alla ævi þér
undirgefnir.“ 8En hann fyrirlét öldung-
anna ráð sem þeir gáfu honum og ráðg-
aðist um við þá æskumenn sem upp
höfðu vaxið með honum og stóðu fyrir
honum 9og sagði: „Hvaða ráð leggi þér
að eg skuli svara þessu fólki sem talaði
við mig og sagði: Gjör það ok léttara
sem þinn faðir lagði á oss?“ 10En þeir
æskumenn sem upp voru vaxnir með
honum svöruðu og sögðu: „Svo skalt þú
segja til fólksins sem talað hefur við þig
og sagt: Þinn faðir gjörði vort ok of
þungt. Gjör þú oss það léttara, þá seg
þú so: Minn hinn minnsti fingur skal
vera þykkri en míns föðurs lendar.
11Hafi minn faðir lagt þungt ok á yður
þá skal eg gjöra það enn þyngra. Minn
faðir lamdi yður með svipum en eg vil
slá yður með höggormum.“

12Nú sem Jeróbóam kom aftur og allt
fólkið á þeim þriðja degi til Róbóam eft-
ir því sem kóngurinn hafði boðið og
sagt: „Komið aftur til mín á þeim þriðja
degi“ 13þá svaraði kóngurinn þeim
harðlega. Og Róbóam kóngur yfirgaf
öldunganna ráð 14og talaði við þá so
sem þeir æskumenn ráðlögðu og sagði:
„Hafi minn faðir gjört yðvart ok þungt
þá vil eg gjöra það enn þyngra. Minn
faðir agaði yður með svipum en eg vil
slá yður með höggormum.“ 15Og
kóngurinn hlýddi ekki fólkinu því að
það var svo tilsett af Guði upp á það að
DROTTINN vildi staðfesta sitt orð það
hann talaði við Ahía af Síló til Jeróbóam
sonar Nebat.

16Og sem allur Ísrael merkti að
kóngurinn vildi ekki hlýða þeim þá
svarað fólkið kónginum og sagði:
„Hvaða hlutskipti eigum vér undir Dav-
íð eða arf undir syni Ísaí? Fari hver
maður af Ísrael til sinna heimkynna en
sjá þú fyrir þínu húsi, Davíð.“ Og allur
Ísrael fór hver til síns heimilis.

17En Róbóam kóngur ríkti alleinasta
yfir Ísraelssonum þeim sem bjuggu í
Júdastöðum. 18Og Róbóam kóngur út-
sendi sinn skattahöfðingja Hadóram en
Ísraelssynir grýttu hann í hel. Og Ró-
bóam kóngur sté með flýti á sinn vagn
og flúði til Jerúsalem. 19Svo féll Ísrael
frá Davíðs húsi allt til þessa dags.

11 En þá Róbóam kom til Jer-
úsalem þá safnaði hann að sér
öllu húsi Júda og Benjamín, hundrað og
áttatígi þúsundum ungra og hraustra
stríðsmanna, að berjast við Ísrael og að
vinna ríkið aftur undir Róbóam. 2En
DROTTINS orð kom til Semaja guðs-
manns og sagði: 3„Seg þú til Róbóam
sonar Salómon kóngsins í Júda og til
alls Ísraels sem er í Júda og Benjamín:
4Svo segir DROTTINN: Eigi skulu þér
ferðast upp þangað og ei heldur berjast
í móti yðrum bræðrum. Fari hver til
sinna heimkynna því að þetta er skeð af
mér.“ Þeir hlýddu orði DROTTINS og létu
af þeirri herför í móti Jeróbóam.

5Og Róbóam bjó í Jerúsalem en
byggði fasta staði í Júda, 6sem var
Betlehem, Etam, Tekóa, 7Bet Súr, Sókó,
Adúllam, 8Gat, Maressa, Síf, 9Adóraím,
Lakís, Aseka, 10Sarega, Ajalon og Hebr-
on. Þessar voru inu sterkustu borgir í
Júda og Benjamín. 11Og hann gjörði
þær sterkar og setti höfðingja fyrir þær
og lagði þar inn vistir, viðsmjör og vín.
12Og hann lagði vopn, skjöldu og spjót í
allar borgir og gjörði þær rammbyggð-
ar. Og hann ríkti yfir Júda og Benjamín.

13En prestarnir og Levítarnir komu til
hans af öllum Ísrael og af öllum sínum
landsálfum 14því að þeir yfirgáfu sína
forstaði og sínar eignir og komu í Júda
til Jerúsalem. Því að Jeróbóam og hans
synir útrýmdu þá so að þeir máttu ekki
fremja þeirra prestlegt embætti fyrir

DROTTNI. 15En hann tók sér presta til
þeirra hæða og til þeirra djöfla og kálfa
sem hann lét gjöra. 16Og margir komu
eftir þeim af öllum Israelis ættum
hverjir sín hjörtu gáfu til þess að leita
DROTTINS Ísraels Guðs í Jerúsalem og að
færa sínar fórnir DROTTNI þeirra feðra
Guði. 17Og þeir efldu ríki Júda og
styrktu Róbóam son Salómon í þrjú ár
því að þeir gengu á vegi Davíðs og
Salómons í þrjú ár.

18Og Róbóam tók sér til eiginkvinnu
Mahelat dóttir Jerímót sonar Davíðs og
Abíhaíl dóttir Elíab sonar Ísaí. 19Hún
fæddi honum þessa sonu: Jehús,
Samarja og Saham. 20Eftir það tók hann
Maeka dóttir Absalom. Hún fæddi hon-
um Abía, Ataí, Sísa og Selómít. 21En Ró-
bóam hafði Maeka dóttir Absalom ást-
kærari heldur en allar aðrar sínar eigin-
kvonur og frillur. Því hann hafði átján
eiginkvinnur og sextígi frillur 22og
hann gat átján og tuttugu sonu og sex-
tígi dætur. Og Róbóam setti Abía son
Maeka til eins höfuðs og höfðingja á
meðal sinna bræðra því hann ætlaði sér
að setja hann til kóngs. 23Og hann
efldist og varð megtugri en hans allir
synir í landi Júda og Benjamín og í öll-
um föstum stöðum. Og hann gaf þeim
ofurmiklar vistir og tók fjölda eigin-
kvenna.

12 En nú sem ríki Róbóam kóngs
efldist og staðfestist þá
gleymdi hann DROTTINS lögmáli og allur
Ísrael með honum. 2En á því fimmta ári
Róbóam kóngs þá fór Sísak kóngurinn
af Egyptalandi upp til Jerúsalem (því að
þeir höfðu misgjört við DROTTIN) 3með
tólf hundruð vagna og með sextígi þús-
und riddara en það fólk sem kom með
honum af Egyptalandi, Líbía, Súkím og
af Blálandi var óteljanlegt fyrir fjölda
sakir. 4Og hann yfirvann allar þær
sterkustu borgir í Júda og kom fyrir
Jerúsalem. 5Þá kom Semaja spámaður
til Róbóam og til höfðingjanna í Júda,
hverjir samn höfðu safnast í Jerúsalem
og flýðu fyrir Sísak, og sagði til þeirra:
„Svo segir DROTTINN: Þér hafið yfirgefið
mig, þar fyrir skal eg og yfirgefa yður í
hendur Sísak.“ 6Þá auðmýktu Ísraels
höfðingjar sig með kónginum og
sögðu: „DROTTINN er réttlátur.“ 7Og sem
DROTTINN sá það að þeir auðmýktu sig
þá kom orð DROTTINS yfir Semaja og
sagði: „Þeir hafa nú auðmýkt sig. Því vil
eg ekki fordjarfa þá heldur vil eg veita
þeim nokkra litla hjálp so að mín reiði
skal ekki drjúpa yfir Jerúsalem fyrir
Sísak. 8Þó skulu þeir vera honum undir-
gefnir so að þeir viti hver mismunur
það er að þjóna mér eða að þjóna
kóngaríkjum jarðarinnar.“

9Svo fór nú Sísak Egyptakóngur upp
til Jerúsalem og tók burt fésjóðuna sem
að voru í húsi DROTTINS og það liggj-
anda fé sem lá í kóngsins húsi og flutti
það allt í burt með sér. Hann tók og þá
gullskjöldu sem Salómon hafði látið
gjöra, 10í hverra stað að kóng Róbóam
lét gjöra koparskjöldu og bauð um þá
höfðingjum hirðmannanna hverjir að
tóku vara upp á kóngsins húsdyrum.
11Og so oft sem kóngurinn gekk í
DROTTINS hús þá komu hirðmennirnir
og báru skjölduna og létu þá síðan aftur
í hirðmanna herbergi. 12Og af því að
hann auðmýkti sig þá sneri reiði
DROTTINS frá honum so að hann varð
ekki með öllu afmáður því að þar
fannst enn nokkuð gott eftir í Júda.

13Svo styrktist nú ríki Róbóam í Jer-
úsalem og hann ríkti þar. Róbóam hafði
eitt ár og fjörutígi þá hann varð kóngur
en hann ríkti seytján ár í Jerúsalem í
þeim stað sem DROTTINN hafði útvalið
af öllum Israelis ættum að hann vildi
þar setja sitt nafn. Hans móðir hét Na-
ema og var ammóneskrar ættar. 14Og
hann gjörði illa hluti og skikkaði ekki
sínu hjarta að leita DROTTINS.

15Og Róbóams gjörningar, bæði þeir
fyrstu og síðustu, þeir eru skrifaðir í
Gjörningabók Semaja propheta og hjá

Iddó sjáanda og upptеiknaðir. Og þar var ófriður millum Róbóam og Jeróbóam alla þeirra lífsdaga. 16Og Róbóam sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður í borg Davíðs og hans son Abía tók ríki eftir hann.

13 Á því átjánda ári Jeróbóams kóngs þá varð Abía kóngur yfir Júda 2og ríkti þrjú ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Míkaja dóttir Úríel af Gíbea.

Og þar upphófst eitt stríð á millum Abía og Jeróbóam. 3Og Abía bjó sig til bardaga með fjögur hundruð þúsund ungra og hraustra stríðsmanna. Jeróbóam bjóst og til bardaga með átta sinnum hundrað þúsund ungra og röskra stríðsmanna. 4Og Abía bjó sig til á fjalli Hemaraím sem liggur á fjallbyggðum Efraím og sagði: „Heyr mig, Jeróbóam. 5Viti þér ekki að DROTTINN Guð Ísraels hefur gefið Davíð ríki yfir Ísrael ævinlega, honum og hans sonum, til eins fasts sáttmála? 6En Jeróbóam son Nebat þénari Salómon, sonar Davíðs, hóf sig upp og hann gjörði uppreist í móti sínum herra. 7Og margt lausingjafólk og synir Belíals gáfu sig til hans og hann styrkti þá móti Róbóam syni Salómon. Því Róbóam var ungur og blauðhjartaður so hann kunni ekki að verja sig fyrir þeim. 8Nú hugsi þér að setja yður upp í móti ríki DROTTINS undir sonum Davíðs fyrir því að þér eruð mjög margir og hafið þá gullkálfa til afguða sem Jeróbóam gjörði yður. 9Hafi þér ekki útrekið sonu Arons, Guðs presta, og Levítana og hafið gjört yður sjálfum presta svo sem þjóðir landsins? Hver sem kemur með ungan uxa og sjö sauði að fylla sína hönd hann verður þeirra prestur sem ekki eru guðir. 10En DROTTINN vor Guð er með oss hvern vér ekki yfirgefum og þeir kennimenn sem þjóna DROTTNI, synir Arons og Levítarnir í þeirra skikkan. 11Og þeir færa DROTTNI brennifórnir hvern morgun og hvert kveld, so og þann sæta reykelsisilm og tilreiða brauðin og það hreina borð, svo og reiðubúa þeir gullstikuna með sínum lömpum so það upptendrist hvern aftan. Því að vér varðveitum boðorð Guðs vors DROTTINS hvern þér hafið yfirgefið. 12Sjá, Guð er með oss fremst í vorri fylkingu og hans prestar sem blása í lúðra og blása hvellt á móti yður. Þér Ísraelssynir, berjist ei á móti DROTTNI yðra feðra Guði því það mun ekki lukkast yður.“

13Og Jeróbóam hafði gjört launsátur á bak til við þá so að hann kæmi á baki þeim og væri þeim svo bæði á bak og fyrir. 14En sem Júda sneri sér við, sjá, þá kom her í móti þeim bæði á bak og fyrir. Þá kölluðu þeir til DROTTINS og prestarnir blésu í sína lúðra 15og hver maður í Júda æpti herópi. Og sem þeir æptu upp allir þá skelfdi Guð Jeróbóam og allan Ísrael fyrir Abía og Júda 16svo að Ísraelssynir flýðu fyrir Júda og Guð gaf þá í þeirra hendur 17so að Abía og hans fólk veitti þeim mikið slag og þar féllu af Ísrael fimm sinnum hundrað þúsund hraustra stríðsmanna. 18Svo var Ísraelslýður undirlagður á þeim sama tíma. En synir Júda urðu hughraustir því þeir treystu upp á DROTTIN þeirra feðra Guð. 19En Abía sótti eftir Jeróbóam og vann hans borgir frá honum: Betel með hennar dætrum, Jesana með hennar dætrum og Efron með hennar dætrum. 20Og upp frá þessu hafði Jeróbóam öngvan styrk svo lengi sem Abía lifði en DROTTINN plágaði hann svo að hann dó. 21En sem Abía efldist í sínu ríki þá tók hann sér fjórtán eiginkvinnur og gat tvo og tuttugu sonu og sextán dætur. 22En hvað fleira er að segja af Abía, af hans vegum og hans gjörningum, það er skrifað í Historiu Iddó spámanns.

14 Og Abía sofnaði með sínum feðrum og þeir jörðuðu hann í Davíðsborg og Assa hans son varð kóngur í hans stað og á hans dögum

var friður í landinu um tíu ár. [2]Og Assa gjörði það sem rétt var og þakknæmilegt fyrir DROTTNI hans Guði. [3]Hann braut niður þau annarlegu altari og hæðirnar og sundursló bílætin og upphjó lundana. [4]Hann lét segja Júda að þeir skyldu leita DROTTINS þeirra feðra Guðs og breyta eftir lögmálinu og boðorðunum. [5]Og hann burt tók þær hæðir og afguðina úr öllum borgum í Júda því að ríkið var í friði undir honum. [6]Og hann lét byggja sterkar borgir í Júda því að landið var stilli og ekkert stríð hófst upp í móti honum á þeim árum því DROTTINN gaf honum frið. [7]Og hann sagði til Júda: „Látum oss byggja þessar borgir og styrkjum þær með steinveggjum, turnum, portum og grindum á meðan friður er í landinu. Því að vér höfum leitað DROTTINS vors Guðs og hann hefur gefið oss frið allt um kring.“ Svo tóku þeir til að byggja og það gekk fram lukkusamlega.

[8]Assa hafði einn mikinn her hver eð bar skjöld og spjót: Af Júda þrisvar sinnum hundrað þúsund manna, af Benjamín tvisvar sinnum hundrað þúsund og áttatígi þúsundir sem að skjöld báru og kænir voru með boga og þetta var allt hið valdasta stríðsfólk. [9]Og Sera af Blálandi dró út í móti þeim með einn mjög mikinn her. Hann hafði tíu sinnum hundrað þúsund manns, þar að auk þrjú hundruð vagna, og kom allt til Maresa. [10]Og Assa dró í mót honum. Og þeir bjuggust til bardaga í dalnum Sefata hjá Maresa. [11]Og Asa kallaði á DROTTIN sinn Guð og sagði: „DROTTINN, enginn er mismunur fyrir þér að hjálpa mörgum eður þeim sem magtarlausir eru. Hjálpa oss, DROTTINN vor Guð, því vér vonum á þig og vér erum komnir í þínu nafni móti þessum stóra mannfjölda. DROTTINN vor Guð, enginn mann má sér nokkuð í móti þér.“ [12]Og Guð plágaði þá blálensku fyrir Assa og fyrir Júda. [13]Og Assa og hans fólk sem var með honum ráku flóttann allt til Gerar og þeir blálensku féllu svo að enginn af þeim var lifandi eftir og þeir voru í hel slegnir af DROTTNI og af hans her og þeir tóku þar ógrynni fjár. [14]Hann sló alla staðina í kringum Gerar því að DROTTINS ótti féll yfir þá. Og þeir ræntu allar borgir því að þær voru fullar herfangs. [15]Og þeir slógu niður féhúsin og fengu ógrynni sauða og úlfalda og komu svo aftur í Jerúsalem.

15 Eftir þetta kom Andi Guðs yfir Assarja son Óbeð. [2]Hann gekk út í mót Assa og sagði til hans: „Heyr mig Assa og allur Júda og Benjamín. DROTTINN er með yður því að þér eruð með honum og þá þér leitið að honum lætur hann yður finna sig. En ef þér yfirgefið hann þá mun hann yfirgefa yður. [3]Þar skulu líða margir dagar í Ísrael að þar mun enginn sannur Guð vera, enginn prestur sá sem kennir og ekkert lögmál. [4]Og þá þeir snúa sér í sinni neyð til DROTTINS Guðs Ísraels og leita að honum þá mun hann láta sig finna. [5]Og á þeim tíma skal þeim ekki vegna vel sem að ganga út og inn því þar skal verða ein stórmikil hörmung yfir öllum þeim sem búa á jörðunni. [6]Því eitt fólk skal berjast í móti öðru og einn staður í mót öðrum því Guð skal skelfa þá með alls kyns angist. [7]En þér skuluð vera með einu góðu geði og takið ekki yðar hendur þar frá því yðar gjörningur hefur sín laun.“

[8]En sem Assa heyrði þessi orð og spádóm Óbeð spámanns þá styrktist hann og í burt tók allar svívirðingar af öllu Júda- og Benjamínslandi og svo líka af þeim borgum sem hann hafði unnið á fjallinu Efraím og hann endurbætti altari DROTTINS það sem stóð fyrir DROTTINS fordyrum. [9]Og hann samansafnaði öllum Júda og Benjamín og þeim útlendu af Efraím, Manasse og Símeon því margir af þeim í Ísrael féllu til hans þá þeir sáu að DROTTINN hans Guð var með honum. [10]Og þeir söfnuðust

saman í Jerúsalem í þeim þriðja mánuði á fimmtánda ári ríkis Assa [11]og færðu DROTTNI þann sama dag fórnir af því herfangi sem þeir höfðu heimfært, sjö hundruð uxa og sjö þúsund sauði, [12]og þeir bundu samtök með sér að leita DROTTINS þeirra feðra Guðs af öllu hjarta og af allri sálu. [13]Og hver sá sem ekki vildi leita DROTTINS Ísraels Guðs hann skyldi missa lífið, meiri háttar og minni, bæði menn og kvinnur. [14]Og þeir sóru DROTTNI með hárri rödd, og með gleðiópi, og með trumbum og básúnum. [15]Og allur Júda varð glaður yfir eiðnum því að þeir höfðu svarið af alúð síns hjarta og þeir leituðu hans af öllum vilja og hann lét þá finna sig og DROTTINN gaf þeim frið umhverfis.

[16]Og kóng Assa afsetti sína móður Maeka afvaldinu því hún hafði stiftað Mipleset í einum lundi. Og Assa afmáði hennar Mipleset og braut það í sundur og brenndi það í læknum Kedron. [17]En þær hæðir í Ísrael voru ekki burt teknar. Þó var Assa hjarta rétt alla hans daga. [18]Og hann flutti inn í Guðs hús það sem hans faðir hafði helgað og það hann sjálfur hafði helgað, silfur, gull og ker. [19]Og þar var enginn ófriður inn til þess fimmtánda og tuttugasta árs Assa kóngs.

16 Á því sextánda og tuttugasta ári Assa kóngs þá dró Baesa Ísraels kóngur út í mót Júda og byggði upp Rama að hamla Assa kóngi að fara út og inn. [2]En Assa tók af þeim fésjóðum sem voru í DROTTINS húsi og so í kóngsins húsi, silfur og gull, og sendi til Benhadad kóngsins í Syria hver að bjó í Damasco og lét segja honum: [3]„Þar er sáttmál í milli mín og þín og milli míns og þíns föðurs. Þar fyrir hefi eg sent þér silfur og gull að þú slítir vináttu við Baesa Ísraels kóng svo hann víki frá mér.“ [4]Benhadad hlýddi orðsendingu Assa kóngs og sendi sína stríðshöfðingja á móti Ísraels stöðum og þeir slógu Ejon, Dan og Abel Maím og alla Neftalí kornstaði. [5]En sem Baesa heyrði það þá hætti hann að byggja Rama og lét af sínum gjörningi. [6]Síðan tók kóng Assa allan Júdaher til sín og lét draga þá steina og þá viðu frá Rama með hverju Baesa ætlaði að byggja staðinn en Assa byggði af þessu efni Geba og Mispa.

[7]Á þeim tíma kom Hanaí spámaður til Assa Júdakóngs og sagði til hans: „Sökum þess að þú settir þitt traust til kóngsins af Sýrlandi en treystir ekki upp á DROTTIN þinn Guð, þar fyrir er kóngsins her af Syria sloppinn úr þinni hendi. [8]Eða voru ekki þeir hinu blálensku og þeir af Libia einn ofurmáta mikill mannfjöldi með vögnum og riddaraliði? Þó gaf DROTTINN þá í þínar hendur því að þú settir þitt traust á hann. [9]Því augu DROTTINS sjá alla jörðina og hann styrkir þá sem trúa á hann af öllu hjarta. Fávíslega gjörðir þú, þar fyrir munt þú héðan í frá hafa ófrið.“ [10]En sem Assa heyrði þessi orð varð hann reiður við spámanninn, lét taka hann og setja í myrkvastofu því að honum mislíkaði mjög við hann vegna þess sem hann gjört hafði. Og Assa niðurþrykkti nokkru af fólkinu á þeim tíma. [11]En kóngs Assa gjörningar, bæði þeir fyrstu og hinu síðustu, sjá, þeir eru skrifaðir í Júda- og Israeliskónga bók. [12]Og Assa fékk fótaverk og varð sjúkur þar af á því níunda og þrítuganda ári hans ríkis og hans krankdómur jókst meir og meir. Og hann leitaði ekki DROTTINS í sínum sjúkdómi heldur læknara. [13]Svo sofnaði Assa með sínum feðrum og andaðist á hinu fyrsta og fertugasta ári síns kóngdóms [14]og var jarðaður í sinni gröf, þeirri hann lét sjálfur gjöra í Davíðsstað. Og þeir lögðu hann í sína rekkju hverja þeir höfðu áður fyllt með góðum reykelsisilm og tilbjuggu allsháttuð dýrleg smyrsl eftir smyrslamakarans kunnáttu og gjörðu stórt bál yfir honum.

17 Og hans son Jósafat varð kóngur í hans stað og hann varð megtugur mót Ísrael. [2]Hann setti stríðsfólk í allar sterkar borgir Júda, skikkaði og so embættismenn alls staðar um Júdaland og í Efraímsborgir sem hans faðir Assa hafði unnið. [3]Og DROTTINN var með Jósafat því að hann gekk í öllum vegi síns föðurs Davíðs og hann leitaði ekki eftir Baalím [4]heldur eftir sinna feðra Guði og gekk eftir hans boðorðum en ekki eftir Israelis verkum. [5]Og því staðfesti DROTTINN hans ríki. Og allir í Júda færðu honum gjafir og hann hafði ofurmikinn ríkdóm og mikla vegsemd. [6]Og sem hans hjarta var orðið öruggt í vegi DROTTINS eftir það tók hann hæðir og lunda í burt af Júda.

[7]Og á því þriðja ári síns ríkis útsendi hann sína höfðingja Benhaíl, Óbadía, Sakaría, Netaneel og Míkaja að þeir skyldu kenna í stöðum Júda. [8]Og Levíta sendi hann með þeim, Samajam, Netajam, Sebadjam, Asahel, Semíramót, Jónatan, Adónían, Thobían og Tob Adónía, og með þeim prestana Elísama og Jóram. [9]Og þeir kenndu fólkinu í Júda og höfðu lögmálsbók DROTTINS með sér og ferðuðust í kring um allar borgir Júda og lærðu fólkið.

[10]Og ótti DROTTINS féll yfir öll kóngaríki í landinu sem að voru í kringum Júda so þeir voguðu ekki að berjast á móti Jósafat. [11]Þeir Philistei færðu Jósafat gáfur, mikinn þunga silfurs. Og þeir af ríkjum Arabia færðu honum sjö þúsund og sjö hundruð hrúta og sjö þúsund og sjö hundruð hafra. [12]So efldist Jósafat að hans afli óx meir og meir. Hann byggði mörg slot og kornstaði í Júda [13]og hafði mikla gnótt allskyns forráða í stöðum Júda og stríðsmenn og voldugt fólk í Jerúsalem. [14]Og þessi var skipan í þeirra feðra húsi þeir sem að voru yppastir yfir Júda, yfir þúsund: Hertugi Adna og með honum voru þrisvar sinnum hundrað þúsund, það valdasta lið. [15]Næst honum var höfðingi Jóhanan, með honum voru tvisvar sinnum hundrað þúsund og áttatígi þúsund. [16]Næst honum var Amasja son Síkrí hver eð var helgaður DROTTNI og með honum voru tvö hundruð þúsund hraustra stríðsmanna. [17]En af sonum Benjamín var Eljad mikill hermaður og með honum tvö hundruð þúsund, hverjir útbúnir voru með boga og skjöldu. [18]Næst honum var Jósabad og með honum voru hundrað og áttatígi þúsund útbúnir til bardaga. [19]Þessir allir voru með kónginum. Fyrir utan þá menn sem kóngurinn hafði sett í sterkar borgir í allri Judea.

18 Og Jósafat hafði mikinn ríkdóm og mikla dýrð og hann tengdist með mægðum við Akab. [2]Og að tveimur árum liðnum fór hann ofan til Akab í Samaría. Og Akab kóngur lét slátra til hans og til þess fólks sem með honum var fjölda fjár og uxa. Og hann ráðlagði honum að ferðast upp til Ramót í Gíleað. [3]Og Akab Israelis kóngur sagði til Jósafat Júdakóngs: „Far þú með mér til Ramót í Gíleað.“ Hann svaraði: „Eg er so sem þú og mitt fólk so sem þitt fólk, vér viljum fara með þér til bardaga.“

[4]En Jósafat sagði til Ísraelskóngs: „Leita þú til orða DROTTINS um ráð í dag.“ [5]Og Israeliskóngur samansafnaði spámönnum, fjórum hundruðum að tölu, og sagði til þeirra: „Skulum vér ferðast til bardaga í Ramót Gíleað eða skal eg láta svo búið standa?“ Þeir sögðu: „Far þú upp þangað, DROTTINN skal gefa hana í kóngsins hönd.“ [6]Þá sagði Jósafat: „Er hér ekki neinn af DROTTINS spámönnum so vér megum spyrja hann að?“ [7]Ísraelskóngur sagði til Jósafat: „Er hér einn maður fyrir hvern að vér mættum spyrja DROTTIN. En mér er illa við hann því að hann spáir mér einskis góðs heldur jafnan ills og það er Míkeas son Jemla.“ Jósafat svar-

aði: „Kóngurinn tali ekki svo.“ 8Og Ísraelskóngur kallaði einn sinn herbergjasvein og sagði: „Far sem skjótast og kalla á Míkeam son Jemla.“ 9Og Israeliskóngur og Jósafat kóngur Júda sátu báðir saman, hver á sínum stól, skrýddir konunglegum skrúða, á flöt nokkrum fyrir portdyrum Samaria og allir spámenn spáðu fyrir þeim. 10Og Sedekía son Knaena gjörði sér járnhorn og sagði: „Svo segir DROTTINN: Með þessu skalt þú steyta þá Syros þar til þú eyðileggur þá.“ 11Og allir spámennirnir spáðu með sama hætti og sögðu: „Far upp þangað, það skal lukkast vel, DROTTINN skal gefa þá í kóngsins hönd.“ 12Og sendimaðurinn sem var í burt genginn að kalla á Míkeam kom til hans, talaði við hann og sagði: „Sjá, spámenn segja allir kóngi fyrir með einum munni farsællega hluti. Eg bið að þú látir þín orð og vera samhljóða þeim og tala þú það sem gott er.“ 13Míkeas svaraði og sagði: „So sannarlega sem að DROTTINN lifir: Hvað minn Guð segir mér, það skal eg tala.“ 14Og sem hann kom til kóngsins segir kóngurinn til hans: „Míkea, skulu vér fara að berjast í Ramót Gíleað eða skal eg hvergi fara?“ Hann svaraði: „Já, far upp þangað og skal þér að góðu verða, það skal gefast í þínar hendur.“ 15Þá svaraði kóngurinn honum: „Eg særi þig enn einu sinni að þú segir mér ekki annað en hvað satt er í nafni DROTTINS.“ 16Þá sagði hann: „Eg sá allan Ísrael í sundurtvístrast á fjöllum uppi líka sem sauðir þeir sem öngvan hirðir hafa. Og DROTTINN sagði: Hafa þessir öngvan herra? Snúi hvör og einn aftur með friði.“ 17Þá sagði Ísraelskóngur til Jósafats: „Sagða eg þér ekki að hann spáir mér einskis góðs heldur ills?“

18Og hann sagði: „Þar fyrir heyri þér orð DROTTINS: Eg sá DROTTINN sitja á hans tignarstóli og allur himinsins her stóð til hans hægri og vinstri handar. 19Og DROTTINN sagði: Hver vill ráðleggja Akab Ísraelskóngi það að hann fari upp og falli í Ramót Gíleað? En sem einn sagði þetta en annar það 20þá kom þar einn andi fram og gekk fyrir DROTTIN og sagði: Eg vil koma honum til þess. Og DROTTINN sagði til hans: Með hverju móti? 21Hann svaraði: Eg vil fara út og vera einn lygiandi í allra hans spámanna munnum. Og DROTTINN sagði: Þú munt koma honum þar til og þú munt koma því til leiðar. Far burt og gjör so. 22Sjá nú, DROTTINN hefur gefið einn lygianda í mun þessara þinna spámanna og DROTTINN hefur talað illt í gegn þér.“

23Þá gekk Sedekía son Knaena fram og sló Míkeam pústur og sagði: „Um hvern veg er Andi DROTTINS genginn frá mér að hann talar við þig?“ 24Míkeas sagði: „Sjá, þú munt sjá það á þeim degi nær þú fer hús af húsi að fela þig.“ 25Þá sagði Ísraelskóngur: „Takið Míkeam og látið hann vera hjá Ammon staðarins fóvita og hjá Jóas kóngssyni 26og segið: Svo segir kóngurinn: Leggið þennan í myrkvastofu og fæðið hann með sorgarbrauði og hryggðarvatni þar til að eg kem aftur með friði.“ 27Míkeas sagði: „Ef þú kemur með friði aftur þá hefur DROTTINN eigi talað fyrir mig.“ Og hann sagði: „Heyri það allur lýður.“

28Kóng Ísrael og Jósafat kóngur Júda fóru nú upp til Ramót í Gíleað. 29Og Ísraelskóngur sagði til Jósafat: „Eg vil breyta klæðabúnaði mínum og fara svo til bardaga en haf þú þín eigin klæði.“ Og Ísraelskóngur torkenndi sig og fór so í bardagannn. 30En Syriakóngur bauð sínum yppurstum riddörum segjandi: „Þér skuluð ekki berjast, hverki í mót einum né öðrum, smám eða stórum, utan alleinasta í mót Ísraelskóngi.“ 31Nú sem þeir yppustu riddarar sáu Jósafat þá ætluðu þeir að Ísraelskóngur mundi það vera og þeir slógu hring um hann og veittu honum harða aðsókn. En Jósafat kallaði upp og DROTTINN hjálpaði honum og Guð sneri þeim frá

honum. 32Því þá þeir yppustu af
riddaraliðinu sáu að það var ekki Ísrael-
skóngur þá sneru þeir frá honum.
33So bar til að einn mann spannaði
sinn boga, óvitandi á hvern hann
stefndi, og skaut Ísraelskóng millum
brynjunnar og sverðreimarinnar. Þá
sagði hann til síns vagnmanns: „Snú
þinni hendi og flyt mig úr bardaganum
því eg er sár orðinn.“ 34Og það varð
hörð orusta á þeim sama degi og Ísrael-
skóngur stóð í sínum vagni á mót þeim
Syris allt til kvelds og andaðist um sól-
arsetur.

19 En Jósafat kóngur Júda kom
heim aftur með friði til Jer-
úsalem. 2Og Jehú sjáandi son Hananí
gekk út í mót honum og sagði til Jósa-
fat kóngs: „Skalt þú svo veita lið þeim
óguðlega og elska þá sem hata
DROTTIN? Og því er reiði DROTTINS yfir
þér. 3En þó er þar nokkuð gott fundið
hjá þér að þú hefur upphöggvið lunda
af landinu og hefur tilbúið þitt hjarta að
leita Guðs.“
4So var Jósafat í Jerúsalem. Og hann
fór út í annað sinn á meðal fólksins frá
Bersaba allt til fjallsins Efraím og leiddi
þá aftur til DROTTINS þeirra feðra Guðs.
5Og hann setti dómendur í landið, í all-
ar sterkar borgir Júda, nokkra í hverja
borg, 6og hann sagði til dómandanna
„Gaumgæfið hvað þér gjörið því að ei
dæmi þér mannanna dóma heldur
DROTTINS og hann er með yður í dómin-
um. 7Látið því DROTTINS ótta vera hjá
yður og varðveitið yður og gjörið það
því að þar er ekkert ranglæti hjá
DROTTNI vorum Guði, eigi heldur mann-
greinarálit og ei tekur hann gjafir.“
8Og Jósafat skikkaði í Jerúsalem af
Levítunum og prestunum og af þeim
yppustu feðrum í Ísrael yfir DROTTINS
dóma og yfir málaferlin og lét þá búa í
Jerúsalem. 9Og hann bauð þeim og
sagði: „Gjörið so í DROTTINS ótta alla
hluti trúlega með algjörðu hjarta. 10Í öll-
um þeim málefnum sem koma fyrir yð-
ur frá yðar bræðrum sem búa í þeirra
borgum, í millum blóðs og blóðs, í mill-
um lögmáls og boðorða, í millum setn-
inga og réttinda, skulu þér undirvísa
þeim svo að þeir syndgist ekki í móti
DROTTNI og að ei komi reiði yfir yður og
yðar bræður. Gjörið svo og þá munu
þér ekki syndgast. 11Sjá, Amarja kenni-
maður er sá yppasti yfir yður í öllum
málefnum DROTTINS. Svo er Sebadja son
Ísamel höfðingi í Júda húsi í öllum
kóngsins málaferlum. Svo hafi þér
embættismenn og Levítana fyrir yður.
Styrkist og gjörið þetta og DROTTINN
mun vera með þeim góðu.“

20 Eftir þetta tóku sig saman syn-
ir Móabs og synir Ammón og
þeir af Ammúním með þeim til að
stríða í mót Jósafat. 2Og einn maður
kom og kunngjörði þetta Jósafat og
sagði: „Einn óvígur her er kominn á
móti þér af Syria hinumegin hafsins og
sjá, þeir eru í Haseson Tamar, það er
Engaddí.“ 3En Jósafat varð óttasleginn
og skikkaði sitt andlit til að leita
DROTTINS og hann lét þjóða eina föstu
yfir allan Júda. 4Og menn Júda komu til
samans að leita DROTTINS og þeir komu
af öllum stöðum Júda að leita DROTTINS.
5Og Jósafat gekk á millum mannsafn-
aðarins Júda og Jerúsalem í húsi
DROTTINS fyrir þeim nýja garði og sagði:
6„DROTTINN vorra feðra Guð, ert þú ekki
Guð í himninum og DROTTINN í öllum
heiðingja kóngaríkjum? Og í þinni
hendi er magtin og styrkleikinn og þar
er enginn sem kann að standa í móti
þér. 7Hefur þú eigi, vor Guð, útrekið
þessa lands innbyggjara fyrir þínu fólki
Ísrael og hefur gefið það sæði
Abrahams vinar þíns ævinlega 8að þeir
skyldu búa þar inni og þeir hafa og
byggt þér þar inni einn helgidóm þínu
nafni og svo sagt: 9Nær að nokkur
ólukka, sverð, refsing, drepsótt eður
hallæri kemur yfir oss þá skulum vér

standa í þessu húsi fyrir þér (því að þitt nafn er í þessu húsi) og kalla til þín í vorri neyð, þá viljir þú bænheyra og hjálpa oss? [10]Sjá, nú eru synir Ammón og Móab og þeir af fjallinu Seír, yfir hverja þú lést Ísraelssyni ekki draga þá þeir ferðuðust af Egyptalandi heldur urðu þeir að víkja frá þeim og ekki eyðileggja þá, [11]og sjá, nú láta þeir oss gjalda þess og koma að útskúfa oss af þinni erfð sem þú hefur gefið oss. [12]Vor Guð, vilt þú ekki dæma þá? Því að enginn kraftur er með oss á móti svo stórum mannfjölda sem nú kemur í móti oss. Vér vitum ekki hvað vér skulum gjöra heldur rennum vér vorum augum til þín.“

[13]Og allur Júda stóð fyri DROTTNI með þeirra sonum, kvinnum og börnum. [14]Og DROTTINS Andi kom yfir Jesahíel son Sakaría, sonar Benaja, sonar Jeíel, sonar Matanja Levíta af sonum Assaf, mitt á millum almúgans, [15]og sagði: „Hugleiðið það þér allir af Júda og þér innbyggjarar í Jerúsalem og svo Jósafat kóngur: Svo segir DROTTINN til yðar: Þér skuluð ekki hræðast né óttast þennan mikla mannfjölda því að þér berjist ekki heldur DROTTINN. [16]Á morgun skulu þér fara ofan til þeirra og sjá, að þeir draga upp hjá Sís og þér skuluð mæta þeim hjá reyrnum í læknum þvert yfir frá eyðimörku Jerúel. [17]Því að eigi munu þér neina orustu heyja. Farið aðeins þangað, standið og munu þér sjá DROTTINS hjálpráð sem koma mun yfir yður. Júda og Jerúsalem, óttast ekki og verið ekki hræddir. Farið á morgun út á móti þeim og mun DROTTINN vera með yður.“

[18]Þá féll Jósafat allur til jarðar á sitt andlit og allur Júda og innbyggjarar í Jerúsalem fyrir DROTTIN og tilbáðu DROTTIN. [19]Og Levítarnir af sonum Kahathiter og af sonum Korither hófu upp að lofa DROTTIN Ísraels Guð með hárri raustu í himininn. [20]Og snemma morguns tóku þeir sig upp og drógu út til Tekóaauðnu. Og sem þeir ferðuðust þá stóð Jósafat og sagði: „Heyrið mig, þér af Júda og þér innbyggjarar af Jerúsalem: Trúið á DROTTIN yðarn Guð, svo megi þér vera óhræddir, og trúið hans spámönnum, þá skal yður allt vel lukkast.“ [21]Og hann undirvísaði fólkinu og setti söngvarana fyrir DROTTNI að þeir lofuðu hann með heilagri prýði að þeir færi undan fylkingunum og segði:

„Þakkið DROTTNI
því að hans miskunnsemi varir eilíflega.“

[22]Og sem þeir upphófu lof og þakkargjörð þá lét DROTTINN þau launsátur sem komin voru í mót Júda falla yfir sonu Ammón og Móab og yfir þá af fjallinu Seír og slógu þá. [23]Því að synir Ammón og Móab risu upp mót þeim af fjallinu Seír og drápu þá og afmáðu þá. Og sem þeir höfðu eytt þeim af fjallinu Seír þá snerust þeir á sjálfs síns vopn innbyrðis og drápust niður.

[24]En sem Júda kom til Mispe að eyðimörkinni þá sneri hann sér í móti hernum og sjá, að þar lá alt fullt af dauðra manna líkömum so að enginn hafði undan komist. [25]Og Jósafat kom með sínu fólki og skipti þeirra herfangi og þeir fengu þar ógrynni auðæfa, klæði og kostulegar gersemar, svo þeir gátu ei allt burt borið og svo var þetta herfang mikið að í þrjá daga gátu þeir ekki útskipt því. [26]Þann fjórða dag komu þeir til samans í þeim dal Bereka því þeir lofuðu þar DROTTIN. Þar fyrir heitir sá dalur Lofsdalur allt til þessa dags. [27]Eftir þetta sneri hver maður af Júda og Jerúsalem heim aftur og Jósafat fyrstur og komu til Jerúsalem með fagnaði því að DROTTINN hafði gefið þeim eina gleði yfir sínum óvinum. [28]Og þeir komu inn í Jerúsalem með psalterium, hörpum og hljóðfærum til DROTTINS húss. [29]Og ótti Guðs kom yfir öll kóngaríki í löndunum þá þeir heyrðu að DROTTINN hafði barist í mót Israelis óvinum. [30]So stilltist ríki Jósafat

og Guð gaf honum frið allt umhverfis.
[31]Og Jósafat ríkti yfir Júda og hann var fimmtán ára og tuttugu að aldri þá hann tók kóngdóm en hann ríkti fimm og tuttugu ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Asúba dóttir Sílhí. [32]Og hann fór allan feril síns föðurs Assa og lét ekki af að gjöra það sem DROTTNI líkaði vel.
[33]Utan þær hæðir voru ekki burt teknar sökum þess að fólkið hafði enn ekki snúið sínu hjarta til DROTTINS þeirra feðra Guðs.

[34]En það sem meira er að segja um Jósafat, bæði það ið fyrsta og síðasta, það er skrifað í Gjörningabók Jehú sonar Hananí sem hann hefur skrifað í Israeliskónga bók.

[35]Eftir það forlíktust þeir Jósafat Júdakóngur og Ahasía Israeliskóngur hver eð var óguðlegur í sínum gjörningum.
[36]Og þeir samtóku að gjöra skip sem skyldi fara á sjóinn og þeir gjörðu skipin í Eseón Gaber. [37]En Elíeser son Dódana af Maresa spáði mót Jósafat og sagði: „Sökum þess að þú bast sáttmál við Ahasía þá hefur DROTTINN í sundurslegið þinn gjörning.“ Og skipin brotnuðu í sundur so þau máttu ekki á sjó fara.

21 Og Jósafat sofnaði með sínum feðrum og var jarðaður með þeim í borg Davíðs og hans son Jóram tók kóngdóm eftir hann. [2]Og hann átti marga bræður, allir synir Jósafat: Asarjam, Jehíel, Sakaríam, Asarjam, Míkael og Sefatja. Þessir allir voru synir Jósafat Júdakóngs. [3]Og þeirra faðir gaf þeim margar gáfur í silfri, gulli og gersemum og sterkar borgir í Júda. En Jóram gaf hann ríkið því hann var frumgetinn. [4]Nú sem Jóram var staðfestur yfir síns föðurs kóngsríki og varð megtugur þá drap hann alla sína bræður með sverði, svo og nokkra af höfðingjum í Ísrael. [5]Jóram hafði þrjátígi og tvö ár þá hann varð kóngur og ríkti átta ár í Jerúsalem. [6]Og hann gekk á Ísraelskónga vegum so sem Akabs hús gjörði. Því dóttir Akabs var hans eiginkvinna. Og hann gjörði það sem DROTTNI mislíkaði. [7]En þó vildi DROTTINN ekki með öllu eyðileggja Davíðs hús sökum þess sáttmála sem hann hafði bundið við Davíð og sem hann hafði lofað að gefa honum og hans sonum ætíð eitt ljós.

[8]Á hans dögum féllu Edomiter frá Júda og settu einn kóng yfir sig. [9]Því að Jóram var farinn yfir um með sínum höfðingjum og allir vagnar með honum og hann tók sig upp á náttarþeli og sló Edóm allt um kring þar hann var og þá hinu yppustu fyrir vögnunum [10]og því féllu Edomiter frá Júda allt til þessa dags. Þennan sama tíma féllu og Líbna frá honum. Því hann fyrirleit DROTTIN Guð sinna feðra.

[11]Og gjörði hæðir á fjöllum Júda og kom innbyggjurum í Jerúsalem til að fremja hór og afvegaleiddi Júda. [12]Og þar kom eitt bréf til hans frá Elía spámanni. Það var svo látandi: „Svo segir DROTTINN Guð þíns föðurs Davíðs: Sökum þess að þú hefur ekki gengið á vegi þíns föðurs Jósafat og eigi heldur á vegi Asa Júdakóngs [13]heldur hefur þú gengið í Ísraelskónga vegum og gjörir það að innbyggjendur Júda og Jerúsalem fremja hór eftir Akabs húss hórdómi, þar að auk hefur þú drepið þína bræður af þíns föðurs húsi hverjir eð betri voru en þú, [14]sjá, so skal DROTTINN slá þig með stórri plágu, þitt fólk, þín börn, þínar kvinnur og allt það þú átt [15]og þú skalt hafa inn versta sjúkdóm í þínum iðrum þar til að innyflin skulu af sjúkdómi falla frá þér dag frá degi.“

[16]Svo uppvakti DROTTINN í mót Jóram anda Philisteorum og Arabum sem að liggja hartnærri Blálandi. [17]Og þeir drógu upp til Júda, yfirunnu hana og í burt færðu allt það fé sem að fannst í kóngsins húsi, þar með hans syni og hans kvinnur, svo hann hélt ekki eftir neinum sínum syni utan Jóakas hver að

var hans yngsti son. [18]Og eftir allt þetta
sló DROTTINN hann í hans iðrum með
sjúkdómi ólæknanlegum [19]og það var-
aði dag frá degi þar til tvö ár voru liðin,
þá féllu hans iður frá honum af hans
sjúkleika so hann dó illum dauða. Og
þeir brenndu ekkert bál yfir honum svo
sem þeir höfðu gjört yfir hans forfeðr-
um. [20]Hann var tólf og tuttugu ára gam-
all þá hann varð kóngur og hann ríkti
átta ár yfir Jerúsalem. Og hann gekk
ekki réttilega. Og þeir jörðuðu hann í
Davíðsstað en þó ekki á meðal annarra
kóngaleiða.

22 Eftir dauða Jóram tóku þeir í
Jerúsalem Ahasía hans yngsta
son til kóngs í hans stað. Því að þeir
víkingar sem komu af Arabia þeir
höfðu í hel slegið alla hans eldri bræður
og því varð Ahasía son Jóram kóngur í
Júda. [2]Og Ahasía hafði tvo um fertugt
þá hann varð kóngur og hann ríkti eitt
ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Atalía
dóttir Amrí. [3]Hann gekk og á vegum
Akabs húss því hans móðir hélt honum
þar til að hann varð óguðlegur [4]og því
gjörði hann það sem DROTTNI illa líkaði,
líka sem hús Akabs. Því þeir voru hans
ráðuneyti eftir hans föðurs dauða, hon-
um til fordjörfunar, en hann gekk eftir
þeirra ráðum. [5]Og hann fór með Jóram
syni Akab Ísraelskóngi í bardaga til Ra-
mót í Gíleað á móti Hasael kóngi af Syr-
ia. En þeir af Syria særðu Jóram sárum
[6]so hann sneri aftur að láta græða sig í
Jesreel því han hafði sár það hann fékk
í Rama þá hann barðist með Hasael
kóng af Syria. Og Ahasía son Jóram
kóngur Júda fór ofan til fundar við
Jóram son Akab til Jesreel sem sjúkur
lá.

[7]Því Guð vildi að Ahasía skyldi verða
það til ólukku að hann kom til Jóram
og dró so út með Jóram mót Jehú syni
Nimsí hvern DROTTINN hafði smurt til
þess að eyðileggja Akabs hús. [8]En sem
Jehú var að eyða húsi Akab þá fann
hann nokkra höfðingja af Júda og af
Ahasía bræðrasonum, þeir eð þjónuðu
Ahasía, og hann sló þá í hel. [9]En hann
leitaði eftir Ahasía og fann hann þar
hann hafði falið sig í Samaria. Og þeir
færðu hann til Jehú, hann sló hann í hel
og var síðan jarðaður. Því þeir sögðu:
„Hann er son Jósafat sem leitaði eftir
DROTTNI af öllu sínu hjarta.“ Og þar
voru öngvir fleiri til eftir af Ahasía húsi
sem kóngar yrði.

[10]En sem Atalía móðir Ahasías sá að
hennar son var dauður þá tók hún sig
upp og drap allt konunglegt slekti í
Júda húsi. [11]En Jósabeat kóngsins systir
tók Jóas son Ahasía og stal honum í
burt frá kóngsins sonum sem í hel voru
slegnir og faldi hann með fóstru sinni í
einu svefnherbergi. Svo fal Jósabeat
hann hver ed var dóttir Jóram kóngs
og kvinna Jójada kennimanns að hann
varð eigi sleginn í hel af Atalía. [12]Og
hann var geymdur með þeim í
DROTTINS húsi sex ár, so lengi sem Atal-
ía var drottning í landinu.

23 En á því sjöunda ári tók Jójada
eitt öruggt sinni fyrir sig og
kallaði til sín hundraðshöfðingjana,
sem var Asarja son Jeróham, Ísmael
son Jóhanan, Asarja son Óbeð, Maeseja
son Adaja og Elísafat son Sikrí, og
gjörði eitt sáttmál við þá. [2]Og þeir
reistu um kring í Júda og söfnuðu öll-
um Levítunum til samans af öllum
borgum Júda og þeim yppurstu feðrum
í Ísrael að þeir skyldu koma til Jer-
úsalem. [3]Og allur almúginn gjörði eitt
sáttmál við kónginn í Guðs húsi. Og Jó-
jada sagði til þeirra: „Sjáið, kóngsins
son skal vera kóngur so sem DROTTINN
hefur talað um sonu Davíð. [4]Þar fyrir
skulu þér svo gjöra. Sá hinn þriðji
partur af yður sem kemur til þvottdags-
helgarinnar skal vera á meðal prest-
anna og Levítanna sem eru varðhalds-
menn portanna. [5]Annar þriðjungur skal
vera í kóngsins húsi og sú hin þriðja

sveit skal vera við það port sem kallast Grundvallarport. En allt fólkið skal vera í garðinum fyrir DROTTINS húsi. 6Og enginn skal ganga inn í hús DROTTINS utan þeir prestar og Levítar sem þar þjóna, þeir skulu inn ganga því að þeir eru helgaðir, en allt fólkið annað skal gæta að DROTTINS varðhaldi. 7Og Levítarnir skulu skipa sér í kringum kónginn, allir alvopnaðir. Og hver sem gengur inn í húsið sá skal deyja. Og þeir skulu vera hjá kónginum þá hann gengur út og inn.“

8Og Levítarnir og allur Júda gjörði allt svo sem Jójada prestur bauð þeim og hver tók sitt fólk sem gekk til þvottdagshelgarinnar með þeim sem frá gengu um þvottdaginn. Því Jójada kennimaður lét ekki þær tvær sveitir skiljast að. 9Og Jójada kennimaður fékk þeim yppustu hundraðshöfðingjum spjót og skildi og kóng Davíðs vopn sem að voru í Guðs húsi. 10Og hann skipaði fólkinu hvern með sínu vopni í sinni hendi að þeir skyldu halda stöðu frá því hægra horni musterisins og til hins vinstra fyrir altarinu og musterinu, allt í kringum kónginn. 11Og þeir framleiddu son kóngsins og settu kórónuna á hann og vitnisburðinn og settu hann til kóngs. Og Jójada með sínum sonum smurði hann og þeir sögðu: „Kónginn ske lukka!“

12Sem Atalía heyrði háreysti fólksins þess sem skundaði til að lofa kónginn þá gekk hún til fólksins í DROTTINS hús. 13Og sem hún skyggndist um, sjá, þá stóð kóngurinn í sínum stað í innganginum og þeir yppustu og fólkið stóð í kringum kónginn og allur landsins almúgi var glaður og blésu í sínar básúnur og sungu lofgjörð með allra handa strengjaleik þá reif hún í sundur sín klæði og sagði: „Svik, svik!“ 14En Jójada prestur gekk út með þeim æðstu hundraðshöfðingjum sem voru yfir hernum og sagði til þeirra: „Leiðið hana af musterinu út yfir garðinn og hver sem henni fylgir eftir sá skal deyðast með sverði.“ Því presturinn bauð að hún skyldi ekki líflátast í húsi DROTTINS. 15En sem þeir lögðu hendur á hana og komu fyrir hesta portsins inngang hjá kóngsins húsi þar aflífuðu þeir hana.

16Og Jójada gjörði einn sáttmála milli sín og almúgans og kóngsins að þeir skyldu vera DROTTINS fólk. 17Eftir það gekk allt fólkið inn í hús Baal og brutu það niður. Þeir brutu og í sundur hans altari og bílæti og drápu Matan Baalsprest fyrir altarinu. 18Og Jójada tilsetti embættismenn í húsi DROTTINS á meðal prestanna og Levítanna svo sem Davíð hafði áður skikkað í Guðs húsi að færa DROTTNI brennifórnir, eins og skrifað stendur í Móseslögum, með fagnaði og lofsöngum sem Davíð hafði diktað. 19Hann setti og dyraverði fyrir portið á DROTTINS húsi so að enginn skyldi innkoma þar sem óhreinn væri að nokkru. 20Eftir það tók hann þá yppustu hundraðshöfðingja og þá hinu mestu höfðingja og allan landslýðinn og leiddu kónginn ofan frá DROTTINS húsi og færðu hann inn um það háa port sem liggur til kóngsgarðsins, settu hann í kóngs hásæti 21og allur landsins almúgi var glaður og borgin stilltist. En Atalía varð drepin með sverði.

24 Jóas var sjö ára þá hann varð kóngur og hann ríkti fjörutígi ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Síbja af Berseba. 2Og Jóas gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist so lengi sem Jójada prestur lifði. 3Og Jójada kvongaði hann tveimur kvinnum svo hann átti bæði syni og dætur.

4Þar eftir tók Jóas til að endurbæta DROTTINS hús, 5safnaði saman prestum og Levítum og sagði til þeirra: „Farið út til allra staða Júda og samansafnið peningum af öllum Ísrael til að endurbæta yðvars DROTTINS hús árlega og flýtið yður að gjöra það.“ En Levítarnir höfðu öngvan flýtir. 6Þá lét kóngurinn kalla á

Jójada prestahöfðingja og sagði: „Því gæti þér ekki að Levítunum að þeir innfæri skattinn af Júda og Jerúsalem svo sem Móses þénari DROTTINS skikkaði að mann skyldi samansafna í Ísrael til vitnisburðarins tjaldbúðarinnar? [7]Því að sú óguðlega Atalía og hennar synir hafa ofanrifið Guðs hús og allt það sem helgað var í húsi DROTTINS. Með því hafa þeir prýtt hof Baals.“

[8]Þá bauð kóngurinn að þar skyldi gjörast ein örk og hún skyldi setjast í dyrnar utan fyrir húsi DROTTINS. [9]Og þeir létu úthrópa í Júda og Jerúsalem að inn skyldi leggjast sá skattur DROTTINS sem Ísrael var upp á lagður í eyðimörkunni af Móse Guðs þénara. [10]Þá glöddust allir höfðingjarnir og allt fólkið færði og bar skattinn til erkurinnar þar til hún var full. [11]En sem sá tími kom að Levítarnir skyldu örkina frambera eftir kóngsins skipan þá þeir sáu að þar voru miklir peningar í kom kóngsins skrifari og sá sem hafði bífalning af þeim ypparsta presti og helltu fénu úr örkinni, báru hana síðan aftur í sinn stað. Slíkt gjörðu þeir alla daga og í slíkan máta safnaðist saman ógrynni fjár. [12]En kóngurinn og Jójada gáfu féð verkstjórum sem settir voru fyrir arfiði í DROTTINS húsi. Þeir leigðu steinhöggvara og trésmiði til að endurbæta Guðs hús og meistara á járn og kopar að endurbæta hús DROTTINS. [13]Og erfiðismennirnir erfiðuðu svo að húsbótin gekk vel fram fyrir þeirr ahönd og þeir gjörðu Guðs hús með öllu ferðugt og vel til reika. [14]En sem þeir höfðu það fullkomnað færðu þeir kónginum peninga og Jójada, þá sem af gengu. Af hverjum þeir létu gjöra ker í hús DROTTINS, ker til þénustunnar og til brennioffursins, skeiðir, gullker og silfurker. Og þeir offruðu brennifórnum allan tíma í DROTTINS húsi so lengi sem Jójada lifði.

[15]En sem Jójada var orðinn mjög gamall þá andaðist hann þá hann hafði hundrað ár og þrjátígi betur. [16]Og þeir jörðuðu hann í Davíðsstað meðal kónganna því að hann hafði verðskuldað gott við Ísrael, við Guð og hans hús.

[17]En sem Jójada kennimaður var andaður þá komu höfðingjar af Júda og tilbáðu kónginn og hann hlýddi þeim. [18]Og þeir yfirgáfu hús DROTTINS Guðs þeirra feðra og þjónuðu lundum og afguðum. Þá féll reiði yfir Júda og Jerúsalem sökum þessarar syndar. [19]Og hann sendi spámenn til þeirra svo þeir skyldu snúa sér aftur til DROTTINS og þeir vitnuðu fyrir þeim en þeir vildu ekki heyra þá.

[20]Og Andi Guðs kom yfir Sakaríam son Jójada kennimanns. Hann gekk upp fyrir fólkið og sagði til þess: „Svo segir Guð: Því ofurtroði þér DROTTINS boðorð hvað ekki lukkast yður? Því að þér hafið yfirgefið DROTTIN, so mun hann og yfirgefa yður.“ [21]En þeir veittu honum árás og grýttu hann í hel eftir kóngsins skipan í DROTTINS húss garði. [22]Og Jóas konungur minntist eigi á þá miskunn sem Jójada hans faðir veitti honum heldur lét hann nú drepa hans son. En sem hann deyði þá sagði hann: „DROTTINN sjái þetta og útkrefji þess!“

[23]En sem það ár var úti þá kom stríðsfólk af Syria og féll inn í Júda og Jerúsalem og fordjörfuðu þá yppustu höfðingja á meðal fólksins en sendu allt þeirra herfang til kóngsins í Damasco. [24]Því að þeir af Syria höfðu lítið lið. Þó gaf DROTTINN mikinn her í þeirra hendur því að þeir höfðu yfirgefið DROTTIN Guð sinna feðra og þeir ströffuðu mjög Jóas. [25]Og þá þeir fóru frá honum létu þeir hann eftir vera með miklum sjúkdómi. Og hans eigin þénarar bundu sín ráð á móti honum til hefndar blóðsins sona Jójada kennimanns og drápu hann í sinni eigin sæng. Og hann dó og var jarðaður í Davíðsstað en þó ekki á meðal kónganna. [26]En þessir voru þeir sem samanbáru ráðin móti honum: Sabad son Símeat af Ammón og

Jósabad son Simrít af Móab. [27]En hans synir og það fé sem saman var safnað á hans dögum og Guðs húss endurbæting, sjá, það er skrifað í Kónganna historiubók. Og hans son Amasía varð kóngur í hans stað.

25 Amasía tók kóngdóm eftir sinn föður þá hann hafði fimm ár og tuttugu en hann ríkti níu ár og tuttugu í Jerúsalem. Hans móðir hét Jóadan af Jerúsalem. [2]Hann gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist en þó ekki af öllu hjarta. [3]En sem hann var staðfestur í sínu ríki þá sló hann sína þénara í hel þá sem áður höfðu drepið hans föður. [4]En þeirra sonum gjörði hann ekki grand því að so stendur skrifað í Móses lögmáli, þar að DROTTINN svo býður: „Feðurnir skulu eigi deyja fyrir synina, eigi heldur synirnir fyrir feðurna, heldur skal hver deyja fyrir sína eigin synd.“

[5]Og Amasía samankallaði Júda og setti af þeim yfir þeirra feðra hús höfðingja yfir þúsund og yfir hundrað meðal alls Júda og Benjamín og hann reiknaði þá sem voru tvítugir og þaðan af eldri og fann þeirra tölu þrisvar sinnum hundrað þúsund útvaldra sem færir voru til bardaga að bera bæði skjöld og spjót. [6]Þar að auk tók hann til sín af Ísrael hundrað þúsund sterkra stríðsmanna fyrir hundrað centener silfurs. [7]En þar kom einn Guðsmaður til hans og sagði: „Þú kóngur, lát ekki Ísraelsher fara með þér því DROTTINN er ekki með Ísrael, eigi heldur með öllum sonum Efraím. [8]Því ef þú kemur í bardaga að sýna hreysti þína þá mun Guð láta þig falla fyrir þínum óvinum. Því að hjá Guði er magtin til að hjálpa og svo til að láta falla.“ [9]Amasía kóngur svaraði þessum Guðsmanni: „Hvað skal þá gjöra af þeim hundrað centener sem eg hefi gefið stríðsmönnum af Ísrael?“ Guðsmaður svaraði: „DROTTINN hefur meira en þetta það sem hann kann að gefa þér.“ [10]Eftir þetta skildi Amasía það stríðsfólk frá sér sem til hans var komið af Efraím að það færi til sinna heimkynna. Þetta gramdist fólkinu við Júda og fór heim aftur til sinna heimkynna með grimmum hug.

[11]En Amasía fékk styrking og færði út sinn her ogi dró í þann stað sem kallaðist Saltdalur og sló þar tíu þúsund af sonum Seír. [12]Og synir Júda tóku til fanga af þeim tíu þúsund manna lifandi og leiddi þá upp á eina fjallsgnípu og þeir hrundu þeim ofan fyrir fjallsgnípuna svo þeir brustu allir í sundur. [13]En það stríðsfólk sem Amasía gaf orlof til heimferðar að þeir færi ekki í stríð með hans fólki það settist niður um borgir Júda allt frá Samaria og til Bet Hóron og slógu þar í hel þrjár þúsundir manns og tóku þar mikið herfang.

[14]Nú sem Amasía kom aftur frá því slagi sem hann veitti þeim Edomiter þá færði hann með sér afguði sona Seír og setti þá sér til guða, dýrkaði þá og tilbað þá og brenndi fyrir þeim reykelsi. [15]Þá kom reiði DROTTINS yfir Amasía og sendi til hans einn spámann hver eð sagði til hans: „Því leitar þú að þess fólks guðum sem að eigi gátu hjálpað sínu fólki af þinni hendi?“ [16]En sem hann talaði þetta við hann þá sagði kóngurinn: „Hafa menn sett þig til kóngs ráðgjafa? Lát af so að eg slái þig ekki.“ Þá hætti spámaðurinn og sagði: „Merki eg vel að Guð hefur ásett sér að fordjarfa þig fyrst þú gjörðir þetta og vilt eigi að hlýða mínum ráðum.“

[17]Amasía Júdakóngur hafði ráð ráðgjafa sinna og sendi orð Jóas Israeliskóngi syni Jóakas, sonar Jehú, og lét segja so: „Kom og sjái hvor okkar annan.“ [18]En Jóab Israeliskóngur sendi til Amasía kóngs Júda og lét segja honum: „Þyrnirunnurinn í Líbanon sendi sedrus í Líbanon þessa orðsending: Gef þína dóttir mínum syni til kvinnu. En villudýrin í Líbanon hlupu yfir um þyrni-

runninn og tráðu hann undir fótum.
19Þú hugsar: Sjá, eg hefi slegið þá Edomitas. Af því metnast þitt hjarta og stærir sig. Vert þú heima eða því leitar þú eftir ólukku svo þú fallir og Júda með þér?“
20En Amasía hlýddi hans boðskap ekki því það skeði af DROTTNI að þeir skyldu gefast í óvina hendur fyrir það þeir höfðu leitað Edomiters skúrgoða.
21Þá fór Jóas Israeliskóngur upp og þeir sáu hver annan, hann og Amasía kóngur Júda, í Bet Semes sem liggur í landi Júda.
22En Júda féll fyrir Ísrael og flýði hver til sinna tjaldbúða.
23En Jóas son Jóakas Ísraelskóngur tók til fanga Amasía son Jóas kóng Júda í greindum stað Bet Semes og flutti hann til Jerúsalem. Og hann niðurbraut staðarmúrinn frá Efraímsporti og allt að því porti sem stóð við hornið, fjögur hundruð álna langt.
24Hann tók og í burt það gull og silfur og öll þau ker þau sem voru í DROTTINS húsi hjá Óbeð Edóm og alla fésjóðu í kóngsins húsi og hann flutti börnin í gísling með sér í Samariam.

25Og Amasía son Jóas kóngur Júda lifði fimmtán ár eftir dauða Jóas sonar Jóakas Ísraelskóngs.
26En hvað meira er að segja af Amasía, bæði það fyrsta og hið síðsta, sjá, það er skrifað í Bók Júda- og Ísraelskónga.
27En frá þeim tíma sem að Amasía gaf sig frá Guði þá báru þeir ráð saman í móti honum í Jerúsalem en hann flýði til Lakís. Þangað sendu þeir eftir honum og létu drepa hann þar
28og fluttu hann so á hestum og grófu hann hjá sínum feðrum í borg Júda.

26 Þá tók allur lýður Júda Úsíam, hann var þá sextán ára gamall, og settu hann til kóngs í síns föðurs stað Amasía.
2Hann uppbygði Elót og kom henni aftur undir Júda eftir það kóngurinn var sofnaður með sínum feðrum.
3Úsía var sextán ára þá hann varð kóngur og hann ríkti tvö og fimmtígi ár í Jerúsalem. Hans móðir hét Jekalja af Jerúsalem.
4Og hann gjörði það sem DROTTNI vel líkaði eins og hans faðir Amasía hafði gjört
5og hann leitaði Guðs so lengi sem Sakaría lifði hver að var menntur í Guðssýnum. Og svo lengi sem hann leitaði DROTTINS þá lét Guð allt vel lukkast fyrir honum.

6Og hann dró út í bardaga mót þeim Philisteis og niðurbraut múrinn í Gat og múrinn í Jabne og múrinn í Asdód en uppbyggði staði í Asdód og þar í kringum og á meðal Philisteis.
7Því DROTTINN hjálpaði honumí mót Philisteis, mót þeim Arabis, mót þeim í Gúr Baal og móti þeim Meuniter.
8En þeir Ammoniter færðu Úsía gáfur og hann varð nafnfrægur allt til Egyptalands því hann efldist meir og meir.
9Og Úsía byggði einn turn í Jerúsalem hjá Hornporti og Dalporti og hjá öðrum hornunum og gjörði þá sterka.
10Hann byggði og kastala í eyðimörku og gróf marga brunna. Því hann var vellauðigur að kvikfé, bæði í dölunum og á sléttunni. Hann setti og akurmenn og víngarðsmenn á fjöllunum og hjá Karmel því hann hafði mikla lyst á akurvinnu.
11Og Úsía hafði mikið herlið stríðsmanna sem fóru í bardaga og reiknaðir voru undir hendi Jeíel skrifara og Maesja embættismanns og Hananja kóngsins höfuðsmanna.
12Og þeirra yppasta feðra tala af sterkum stríðsmönnum voru tvær þúsundir og sex hundruð.
13Og undir þeirra hendi var her þrisvar sinnum hundrað þúsund sjö þúsund og fimm hundruð vopnfærra manna að hjálpa kónginum í móti sínum óvinum.
14Og Úsía fékk þeim fyri allan herinn skildi, spjót, hjálma, brynjur, boga og steinslöngur.
15Og hann gjörði í Jerúsalem alls kyns vígvélar sem að vera skyldi í turnum og á hornum til að skjóta út með pílum og fleygja stórum steinum. Og hans rykti barst víða út því að DROTTINN hjálpaði honum sérlega þar til að hann varð mjög megtugur.

16En sem Úsía kóngur var megtugur
orðinn þá metnaðist hann í sínu hjarta
sér sjálfum til glötunar því hann
gleymdi DROTTNI og gekk inn í musteri
DROTTINS og vildi offra reykelsi yfir
reykelsisaltarinu. 17En Asaría kenni-
maður gekk eftir honum og áttatígi
DROTTINS kennimenn með honum,
hraustir menn 18hverjir að stóðu í móti
Úsía kóngi og sögðu til hans: „Eigi ber
þér að veifa reykelsi fyrir DROTTNI held-
ur prestunum, sonum Aron, þeir sem
þar eru helgaðir reykelsi að veifa. Gakk
þú út af helgidóminum því að þú hefur
misgjört og það verður þér enginn
heiður fyrir Guði DROTTNI.“ 19Úsía varð
reiður og hann hélt á glóðarkerinu í
sinni hendi. Og sem hann hótaði kenni-
mönnunum strax kom út líkþrá í hans
enni fyrir prestanna augsýn í húsi
DROTTINS, rétt frammi fyrir reykelsisalt-
arinu. 20Og Asaría kennimannahöfðingi
sneri sér til hans og allir prestarnir og
sjá, þá var komin út spitelska í hans
enni og þeir hrundu honum þaðan.
Hann flýtti sér og svo sjálfur að ganga
út því hans plága var af DROTTNI. 21Svo
varð nú kóng Úsía líkþrár allt til síns
dauða og hann bjó í einu sérlegu húsi,
líkþrár, fyrir hverja hann var útrekinn
af Guðs húsi. Og Jótam hans son sá fyr-
ir kóngsins húsi og dæmdi fólkið í
landinu. 22Hvað sem meira er að segja
um Úsíam, bæði það fyrsta og síðsta,
það hefur Esajas spámður son Amos
uppskrifað. 23Og Úsía sofnaði með sín-
um feðrum og þeir grófu hann hjá hans
feðrum í akrinum hjá kónganna leiðum
því þeir sögðu: „Hann er líkþrár.“ Og
Jótam hans son tók ríkið eftir hann.

27 Jótam var fimm og tuttugu ára
þá hann varð kóngur og hann
ríkti sextán ár í Jerúsalem. Hans móðir
hét Jerúsa dóttir Sadók. 2Hann gjörði
það sem DROTTNI vel líkaði svo sem
hans faðir Úsía hafði gjört, utan það að
hann gekk ekki í Guðs musteri. Og fólk-
ið mannspilltist enn. 3Hann uppbyggði
portdyrnar á húsi DROTTINS og hann
reisti mikla bygging yfir múrnum Ófel.
4Og hann uppbyggði staðina á Júda-
fjalli, hann byggði og slot og turna í
skógunum. 5Og hann barðist við kóng
Ammónsona og vann sigur á þeim svo
að Ammónsynir gáfu honum það sama
ár hundrað centener silfurs, tíu þúsund
coros hveitis og tíu þúsund coros
byggs. Á því öðru ári skenktu Ammón-
synir honum slíkt hið sama og svo líka
á því þriðja ári. 6Svo varð Jótam mjög
megtugur því hann greiddi götu sína
réttilega fyrir DROTTNI sínum Guði.

7En hvað meira er að segja um Jótam,
af hans bardögum og hans vegum, sjá,
það er skrifað í Israelis- og Júdakónga
bók. 8Hann var fimm ára og tuttugu þá
hann varð kóngur og ríkti sextán ár í
Jerúsalem. 9Og Jótam sofnaði með sín-
um feðrum og var jarðaður í Davíðs-
stað. En Akas hans son varð kóngur eft-
ir hann.

28 Akas var tvítugur að aldri þá
hann varð kóngur og hann
ríkti sextán ár í Jerúsalem. Hann gjörði
ekki hvað rétt var í augliti DROTTINS so
sem Davíð hans faðir hafði gjört 2held-
ur gekk hann á Ísraelskónga vegum.
Hér að auk steypti hann sér Baals-
myndir 3og hann offraði reykelsi fyrir
Baalím í dal sona Hinnom og hann
brenndi sína syni í eldi eftir heiðingj-
anna svívirðilegum sið, hverja
DROTTINN hafði útrekið fyrir Israelis-
sonum. 4Hann færði fórnir og reykelsi
á hæðum og undir öllum blómguðum
eikum. 5Þar fyrir gaf DROTTINN Guð
hann í kóngsins hönd af Syria og þeir
slógu hann og fluttu burt mikinn fjölda
af hans föngurum og höfðu þá til
Damascum.

Hann var og gefinn undir kóngsins
hönd af Ísrael so hann veitti honum eitt
stórt slag. 6Því að Peka son Remalja sló í
Júda hundrað og tuttugu þúsundir á

einum degi, alla hrausta stríðsmenn, fyrir því að þeir fyrirlétu DROTTIN þeirra feðra Guð. 7Og á þeim tíma drap Sikrí, einn voldugur maður af Efraím, Maesja son kóngsins og Asríkam þann yppasta höfðingja fyrir kóngsins húsi og Elkana þann sem næstur var kónginum.

8Og Israelissynir hertóku tvö hundruð þúsund kvinnur, syni og dætur og tóku þar með ógrynni fjár frá þeim og fluttu það herfang til Samariam. 9Og þar var í það sinn spámaður DROTTINS sem hét Óbeð. Hann gekk út í móti þeim sama her sem kom til Samaria og sagði til þeirra: „Sjáið, fyrst að DROTTINN yðra feðra Guð er orðinn reiður yfir Júda þá gaf hann þá í yðar hendur. En þér hafið svo gimmrlega drepið þá svo það tekur upp í himininn. 10Nú hugsi þér að þrykkja undir yður syni Júda og Jerúsalem til þræla og ambátta. Eru þér nokkuð saklausir fyrir DROTTNI yðrum Guði? 11Þar fyrir hlýðið mér nú og færið þá herteknu aftur þá sem þér hafið burtleitt frá yðrum bræðrum. Því að reiði DROTTINS hangir yfir yður.“

12Þá tóku sig upp nokkrir af þeim yppustu af sonum Efraím, Asarja son Jóhanan, Berekía son Mesillamót, Jehiskía son Sallúm og Amasa son Hadlaí, í móti þeim sem komu frá bardaganum 13og sögðu til þeirra: „Eigi skulu þér færa þá herteknu hingað því vilji þér koma skuldu yfir oss fyrir DROTTNI svo að þér gjörið vorar syndir þess stærri? Því að vor synd er áður nógu stór og reiðin hangir yfir Ísrael.“ 14Þá lét stríðsfólkið alla fangana lausa en lögðu herfangið fram fyrir höfðingjana og fyrir allan söfnuðinn. 15Þá uppstóðu þeir menn sem fyrr voru nefndir og tóku þá fangana og þá alla sem naktir voru af þeim, klæddu þá af herfanginu og skæddu þá og gáfu þeim bæði mat og drykk og smurðu þá og alla þá sem veikir voru settu þeir á asna og færðu þá til Jeríkó, til þess pálmviðarstaðar, hjá þeirra bræðrum og þeir komu aftur í Samariam.

16Á þeim sama tíma sendi Akas kóngur til kóngsins af Assúr að hann skyldi veita honum lið. 17Og þeir Edomiter komu enn einu sinni aftur og slógu Judam og hertóku nokkra. 18Og Philistei féllu í staðina sunnan til á móti Júda og unnu Bet Semes, Ajalon, Gederót og Sókó með þeirra dætrum og Timna með hennar dætrum og Gimsó með hennar dætrum og bjuggu þar. 19Því að DROTTINN niðurþrykkti Júda fyrir skuld Akas Júdakóngs sökum þess að hann gjörði Júdanakinn og hann misgjörði á móti DROTTNI. 20Og Tíglat Pilnesser kóngurinn af Assúr kom í móti honum, settist um hann og veitti honum ekki styrk. 21Því tæmdi Akas hús DROTTINS og kóngsins hús og höfðingjanna og gaf gáfur kónginum af Assúr en það hjálpaði honum ekki par.

22Hér að auk í neyðinni jók Akas yfirtroðslur sínar fyrir DROTTNI 23og offraði til skúrgoða í Damasco sem hann höfðu slegið og sagði: „Kóngsins guðir af Syria hjálpuðu þeim, því vil eg þeim offra so þeir hjálpi mér.“ Þar þeir þó voru honum og öllum Ísrael til falls. 24Og Akas samansafnaði öllum kerum sem voru í Guðs húsi og sló þau í sundur og lukti dyrnar á húsi DROTTINS og gjörði sér altari á hverri hyrningu í Jerúsalem. 25Og í borgum Júda gjörði hann hæðir hér og hvar til að offra annarlegum guðum og reitti svo til reiði DROTTIN Guð sinna feðra.

26Hvað sem nú meira er að segja um hann og um alla hans vegu, bæði þá fyrstu og síðustu, sjá, það er skrifað í Júda- og Ísraelskónga bók. 27Og Akas sofnaði með sínum feðrum og þeir grófu hann í borg Jerúsalem en eigi í gröfum Israeliskónga. Og hans son Esekías varð kóngur í hans stað.

29 Esekías kóngur hafði fimm um tvítugt þá hann varð kóngur og

ríkti níu ár og tuttugu í Jerúsalem. Hans móðir hét Abía dóttir Zacharie. 2Og hann gjörði það sem DROTTNI vel þóknaðist svo sem hans faðir Davíð.

3Á fyrsta mánaði og á því fyrsta ári síns kóngsríkis lét hann upp dyrnar á húsi DROTTINS og endurbætti þær. 4Og hann framleiddi kennimenn og Levíta og samansafnaði þeim á það breiða stræti mót austri 5og sagði til þeirra: „Þér allir kennimenn og Levítar, heyrið mér: Helgið yður nú so að þér megið og helga DROTTINS Guðs yðvars feðra hús og berið öll óhreinindi út af helgidóminum sem þar er innkomin. 6Því að vorir forfeður hafa misgjört og gjörðu það sem DROTTNI vorum Guði illa líkaði og hafa yfirgefið hann. Því þeir sneru sínu andliti frá DROTTINS tjaldbúð og sneru sínu baki við henni 7og hafa læst dyrunum á forhúsinu, útslökktu lampana og brenndu ekkert reykelsi, færðu og ekki brennifórnir Ísraels Guði í helgidóminum. 8Og sökum þvílíks er DROTTINS reiði komin yfir Júda og Jerúsalem so hann hefur gefið þá í sundurdreifing og í foreyðslu so að menn blístra að þeim so sem þér sjáið með yðrum augum. 9Því að sjáið, þess vegna eru vorir feður fallnir fyrir sverði, vorar kvinnur, synir og dætur herteknar. 10Nú hefi eg það í mínu sinni að eg vil gjöra eitt sáttmál við DROTTIN Ísraels Guð svo að hans reiði og grimmd víki frá oss. 11Nú mínir synir, verið eigi tregir því að yður hefur DROTTINN útvalið að þér skuluð standa fyrir honum og þjóna honum og brenna fyrir honum reykelsi.“

12Þá tóku Levítarnir sig upp, Mahat son Amasaí og Jóel son Asarja af sonum Kahat. En af sonum Merarí: Kís son Abdí og Asarja son Jehaleel. En af sonum Gerson: Jóab son Simma og Eden son Jóa. 13Og af sonum Elísafan: Simrí og Jeíel. Og af Assaf: Sakaría og Matanja. 14Og af sonum Heman: Jehíel og Semeí. Og af sonum Jedítún: Semaja og Úsíel. 15Og þeir samansöfnuðu sínum bræðrum og helguðu sig og gengu inn eftir kóngsins boði og eftir DROTTINS orði að hreinsa hús DROTTINS. 16Og kennimennirnir gengu inn í musteri DROTTINS að hreinsa það og báru allan þann óhreinleika (sem fundinn var í húsi DROTTINS) út í garðinn fyrir utan hús DROTTINS. En Levítarnir tóku það og báru út í lækinn Kedron. 17Og þeir tóku til á þeim fyrsta degi þess fyrsta mánaðar að helga sig en á þeim áttunda degi í sama mánuði gengu þeir inn í DROTTINS forhús og helguðu hús DROTTINS í átta daga svo að allt var fullkomnað á sextánda degi í fyrsta mánaði. 18Eftir það gengu þeir inn fyrir kóng Esekíam og sögðu: „Vér höfum hreinsað allt hús DROTTINS: Brennioffursaltarið og öll þess ker, borðið skoðunarbrauðanna og öll þau ker þar heyra til 19og þau ker sem kóng Akas saurgaði þá hann var kóngur þá hann misgjörði, þau höfum vér helgað og tilbúið. Sjá, þau eru öll sett fyrir altari DROTTINS.“

20Snemma morguns tók kóngurinn sig upp og samansafnaði öllum þeim yppustu höfðingjum í staðnum og gekk upp í hús DROTTINS 21og hafði upp þangað sjö yxn, sjö hrúta, sjö lömb og sjö hafra til syndaoffurs fyrir kóngsríkið, fyrir helgidóminn og fyrir Júda. Og hann bauð prestunum, Arons sonum, að þeir skyldu færa fórnir yfir altari DROTTINS. 22Prestanir sæfðu uxana og tóku blóðið og stökktu því yfir altarið. Þeir slátruðu og hrútum og stökktu blóðinu á altarið og þeir slátruðu lömbunum og stökktu blóðinu á altarið. 23Síðan leiddu þeir hafrana fram til syndaoffurs fyrir kónginn og almúgann og þeir lögðu sínar hendur yfir þá. 24Og prestarnir sæfðu þá og stökktu blóðinu á altarið til að forlíka allan Ísrael. Því að kóngurinn hafði so boðið að þeir skyldu færa brennioffur og syndaoffur fyrir allan Ísraelslýð. 25Og hann skikkaði Levítana í DROTTINS húsi með

cymbaalis, psalterio og hörpum svo sem Davíð hafði bífalað og Gað kóngsins sjáandi og Natan spámaður því það var DROTTINS boð fyrir hans spámenn. [26]Og Levítarnir stóðu með allsháttuðum strengjahljóðfærum Davíðs og prestarnir með sínum lúðrum. [27]Og Esekías bauð þeim að færa brennioffur yfir altarið. Og á þeim sama tíma þá þeir tóku til að færa brennioffur þá upphófu þeir og lofsöngva DROTTINS með lúðrum og á allra handa strengjaleikum Davíðs Ísraelskóngs. [28]En allur almúginn baðst fyrir en söngvararnir með sinn allsháttaðan söng og þeir eð í lúðra blésu með sínar básúnur voru að því þar til að brennioffrið var fullkomnað. [29]En að því fullkomnuðu þá laut kóngurinn niður og allir þeir sem hjá honum voru og báðust fyrir. [30]Og Esekías kóngur og höfðingjarnir báðu Levítana að lofa DROTTIN með lofsöngvum Davíðs og Assaf sjáanda. Og þeir lofuðu Guð með gleði, féllu á kné og báðust fyrir.

[31]Þá svaraði Esekías og sagði: „Þér hafið nú uppfyllt yðar hendur DROTTNI. Farið nú og berið hingað fórnir og lofgjörðaroffur í hús DROTTINS.“ Og almúginn bar fram fórnir og lofgjörðaroffur og brennifórnir af sjálfviljugu hjarta. [32]En talan á þeim brennifórnum sem almúginn bar fram var sjötígi uxar, hundrað hrútar og tvö hundruð lamba og það allt saman var offrað til brennifórnar DROTTNI. [33]Hér að auk helguðu þeir sex hundruð uxa og þrjú þúsund sauði. [34]En prestarnir voru of fáir svo þeir gátu ekki tekið skinnin af öllum brennifórnum og því tóku þeir Levítana sína bræður til sín svo lengi sem þessi þjónusta var ekki úti og þar til að prestarnir helguðu sig. Því að Levítana var auðveldara að helga en kennimennina. [35]En brennioffrið var mikið með þakkaroffursins feitleika og drykkjaroffrið til brennioffursins. Og í þvílíkan máta varð embættið fullkomnað í húsi DROTTINS. [36]Og Esekías gladdist með öllu fólkinu að þjónustugjörð Guðs var úti því að það skeði so skjótlega.

30 Og Esekías sendi til alls Ísraels og Júda og skrifaði bréf til Efraím og Manasse að þeir skyldu koma til DROTTINS húss í Jerúsalem til að halda páska *(passover)* DROTTNI Israelis Guði. [2]Kóngurinn hélt og eitt ráð við sína höfðingja og við allan söfnuðinn í Jerúsalem og kom það ásamt með þeim að þeir skyldu halda páska í öðrum mánuði [3]því þeir þóttust ekki geta haldið þá í þeirri sömu tíð því að kennimennirnir voru ekki svo margir helgaðir sem vera áttu, svo og var ekki fólkið komið saman til Jerúsalem. [4]Þetta líkaði kónginum vel og öllum söfnuðinum. [5]Og þeim kom það saman að láta slíkt út berast um allan Ísrael frá Berseba og allt til Dan að þeir skyldu koma og halda DROTTINS Ísraels Guðs páska í Jerúsalem. Því að þeir höfðu ekki í langa tíma páska haldið so sem skrifað stendur. [6]Og sendiboðarnir hlupu með flýti með bréfum frá kónginum og hans hershöfðingjum um allan Ísrael og Júda eftir kóngsins skipan og sögðu: „Þér Ísraelssynir, snúið aftur til DROTTINS Guðs Abrahams, Ísaks og Ísraels, so mun hann snúa sér til þeirra sem eftir eru, þeir sem enn eru eftir undan kóngsins höndum í Assyria. [7]Verið ekki sem yðar feður og bræður hverjir að sér sneru frá DROTTNI þeirra feðra Guði og hann gaf þá í glötun so sem þér sjálfir sjáið. [8]Verið nú eigi svo harðhnakkaðir svo sem yðar forfeður heldur gefið DROTTNI yðar hönd og komið til hans helgidóms sem hann hefur helgað ævinlega og þjónið DROTTNI yðrum Guði, þá mun hans grimmdarreiði létta af yður. [9]Því ef þér snúið yður til DROTTINS þá mun yðar bræður og börn fá miskunnsemd af þeim sem þá halda hertekna og munu koma aftur í sitt land. Því að DROTTINN

yðar Guð er náðigur og miskunnsamur og mun ekki snúa sínu augliti frá yður ef þér snúið yður til hans.“
10Og þeir hlauparar gengu frá einum stað og til annars í öllu landi Efraím og Manasse og allt til Sebúlon. En þeir hæddu og spottuðu þá. 11Þó voru þeir nokkrir sem sig auðmýktu af Asser, Manasse og Sebúlon og komu til Jerúsalem. 12En í Júda var Guðs hönd svo hann gaf þeim eitt samhugað hjarta að gjöra eftir kóngsins boði og höfðingjanna út af DROTTINS orði.
13Og þar kom ofurmargt fólk til samans í Jerúsalem að halda þá sætubrauðshátíð í þeim öðrum mánuði, einn mjög mikill fólksfjöldi. 14Og þeir fóru til og niðurbrutu þau altari sem voru í Jerúsalem og öll þau altari yfir hverjum reykelsi var offrað og köstuðu þeim öllum í lækinn Kedron. 15Og þeir sæfðu páskana þann fjórtanda dag í þeim öðrum mánuði. Og prestarnir og Levítarnir meðkenndu sínar skammir og helguðu sig báru brennifórnir í DROTTINS hús. 16Og þeir stóðu í sinni skipan svo sem þeim heyrði eftir Móse Guðsmanns lögmáli. Og prestarnir tóku blóðið af Levítanna höndum og þeir stökktu því. 17Því þeir voru margir í söfnuðinum sem ekki höfðu helgað sig. Því slátruðu Levítarnir páskunum fyrir alla þá sem ekki voru hreinir að þeir skyldu verða helgaðir fyrir DROTTNI. 18Þar var og margt fólk af Efraím, Manasse, Ísaskar og Sebúlon þeir sem ekki voru hreinir og þeir átu páskalambið ekki svo sem skrifað stendur. Því að Esekías bað fyrir þeim og sagði: „DROTTINN sá sem góður er hann mun miskunna sig 19yfir alla þá sem af öllu hjarta leita DROTTINS þeirra feðra Guðs en eigi fyrir heilagleik hreinsunarinnar.“ 20Og DROTTINN bænheyrði Ezechiam og helgaði fólkið. 21Svo héldu Israelissynir, þeir sem fundnir voru í Jerúsalem, þá sætubrauðshátíð með miklum fögnuði. En prestarnir og Levítarnir lofuðu DROTTIN alla daga, magt DROTTINS með hljóðfærum. 22Og Esekías talaði hjartnæmilega við alla Levítana hverjir skilning höfðu á DROTTNI og þeir átu sjö daga hátíðarhaldsfórnirnar og offruðu þakkaroffri og þökkuðu DROTTNI þeirra feðra Guði.
23Og öllum almúga kom það ásamt að halda skyldi enn aðra sjö daga og þeir héldu aðra sjö daga með fagnaði. 24Því Esekías kóngur Júda gaf almúganum þúsund uxa og sjö þúsund sauða en höfðingjarnir gáfu almúganum þúsund uxa og tíu þúsund sauða. Svo helgaði sig mikill fjöldi kennimanna. 25Allur söfnuður í Júda gladdist af fagnaði, prestarnir og Levítarnir og sá allur almúgi sem kominn var af Ísrael og þeir útlendu sem komnir voru af Ísraelslandi og þeir sem bjuggu í Júda. 26Og þar var einn stór fögnuður í Jerúsalem hvílíkur ekki verið hafði allt í frá dögum Salómon kóngs sonar Davíðs í Jerúsalem. 27En prestarnir og Levítarnir stóðu upp og blessuðu fólkið og þeirra rödd bænheyrðist og þeirra bæn kom inn fyrir hans heilögu tjaldbúð í himninum.

31 En sem þetta var nú allt fullkomnað þá fór allur Ísrael sem fannst í Júdaborgum og sundurbrutu skúrgoðin og niðurhjuggu lundana og brutu niður altarin á hæðunum sem þeir fundu í öllum Júda, Benjamín, Efraím og Manasse, allt þar til að það var allt eyðilagt. Eftir það reistu Israelissynir aftur til sinna eigna og staða.
2En Esekías kóngur skikkaði prestana og Levítana hvern til sinnar þénustu í sínu embætti, bæði prestana og Levítana, til brennifórnanna og þakklætisfórnanna, að þeir skyldu þjóna, þakka og lofa í herbúðardyrum DROTTINS. 3Og kóngurinn gaf sinn part af sínu góssi til brennioffurs, bæði á morna og kveld, til sabbatsdaga, til kalendasdaga og til

annarra hátíða, so sem skrifað stendur
í lögmáli DROTTINS. 4Og hann sagði til
fólksins þess sem bjó í Jerúsalem að all-
ir skyldu gefa prestunum og Levítunum
þeirra hlut til þess að þeir mættu þess
fastara halda við lögmál DROTTINS. 5Og
sem þetta kóngsins boð barst út þá
gáfu Ísraelssynir stórmikinn fyrsta
ávöxt af korni, víni, viðsmjöri, hunangi
og af allsháttuðum ávexti sem af mörk-
inni innkom og allra handa tíundir alls
jarðargróða nóglega. 6Líka og svo
gjörðu Ísraels- og Júdasynir sem
bjuggu í Júdastöðum, færðu og tíundir
af uxum og sauðum og svo tíund af því
sem helgað var og þeir höfðu DROTTNI
sínum Guði og söfnuðu þessu saman
hér og þar í hrúgur. 7Í þeim þriðja
mánuði tóku þeir til að leggja þetta til
samans en í þeim sjöunda mánuði full-
komnuðu þeir þetta. 8En sem Esekías
kóngur og höfðingjar gengu inn og sáu
soddan samsafnan þá lofuðu þeir
DROTTIN og hans fólk Ísrael. 9Og Esek-
ías spurði prestana og Levítana að um
þessa samansafnan. 10En Asarja sá ypp-
arsti kennimaður í húsi Sadók svaraði
og sagði til kóngsins: „Frá þeim tíma
sem menn tóku til að bera fram frum-
fórnir í hús DROTTINS þá höfum vér etið
og saddir orðið og þó er enn so mikið
afgangs. Því að DROTTINN hefur blessað
sitt fólk, því er þetta afgangurinn.“
11Þá bauð kóngurinn að kornhlöður
skyldu smíðast hjá húsi DROTTINS. 12Og
sem þær voru búnar þá lögðu þeir þar
inn bæði frumfórnirnar og tíundirnar
og annað það sem helgað var trúlega.
Og sá Levíti sem hét Kananja var skikk-
aður til eins höfðingja þar yfir og Símeí
hans bróðir annar 13og Jehíel, Asasja,
Nagat, Asahel, Jerímót, Jósabat, Elíel,
Jesmakja, Mahat og Benaja voru tilsett-
ir af Kananja og Símeí hans bróðurs
hendi eftir kóngsins Ezechie skipan. En
Asarja var höfðingi í Guðs húsi. 14En
Kóre son Jenna sá Levíti dyravörður í
mót austri var yfirsettur það sem Guði
var gefið af frjálsum sjálfs vilja, frum-
burði og það sem helgað var í það
allrahelgasta. 15Og undir hans hendi
voru þessir: Eden, Minjamín, Jesúa,
Semaja, Amarja og Sakaría í prestanna
stöðum, að þeir skyldu gefa þeirra
bræðrum eftir þeirra skikkan, þeim
minnsta svo sem þeim hinum stærsta.
16Þar með þeim sem voru reiknaðir af
kallkyni, þriggja ára gamlir og þaðan af
eldri, á millum allra þeirra sem gengu í
Guðs musteri, hver á sínum degi til síns
embættis í þeirra varðhaldi eftir þeirra
skikkan. 17En þeir sem reiknaðir voru
fyrir prestana í þeirra feðra húsi,
tvítugir og þaðan af eldri í þeirra varð-
haldi eftir þeirra skikkan, 18svo og þeir
sem reiknaðir voru á millum þeirra
sona, kvenna og dætra með öllum al-
múganum. Því þeir helguðu trúlega það
heilaga. 19Þar voru og menn með nafni
tilnefndir meðal sona Arons prests á
ökrunum og í forstöðum allra staðanna
að þeir skyldu gefa öllu kallkyni á með-
al prestanna einn part og svo líka öllum
þeim sem reiknaðir voru á meðal Levít-
anna.
20Svo gjörði Esekías í öllum Júda og
gjörði hvað gott og rétt og sannarlegt
var fyrir DROTTNI sínum Guði. 21Og í öll-
um hans gjörningum sem hann upphóf
til þjónustugjörðar í Guðs húsi eftir lög-
málinu og boðorðunum að leita síns
Guðs, það gjörði hann af öllu hjarta og
því hafði hann lukku.

32 Eftir þessa atburði og þvílíkan
sannleika kom Sennakeríb
kóngur af Assyria með her inn í land
Júda og settist um þær sterku borgir og
vildi vinna þær. 2Og sem Esekías kóng-
ur sá það að Sennakeríb kom og að
hann ætlaði að stríða á Jerúsalem 3þá
kom honum það ásamt með sínum
höfðingjum og magtarmönnum að þeir
skyldu uppfylla alla vatsbrunna sem
voru utan borgar. Og þeir styrktu hann
til. 4Kom þá saman mikill mannfjöldi og

byrgðu alla þá vatsbrunna og rennandi vötn sem í landinu voru og sögðu að kóngurinn af Assyria skyldi ekki finna mikið vatn nær hann kæmi. 5Og kóngurinn styrktist, lét bæta alla múrveggi allt um kring hvar þeir voru brotnir og reisti turna þar yfir og hann byggði enn einn annan steinvegg þar utan fyrir og styrkti Milló hjá borg Davíðs og tilbjó alls kyns vopn og verjur. 6Og hann setti hershöfðingja yfir fólkið og kallaði þá til sín á það breiða stræti hjá staðarins porti og talaði hjartnæmilega við þá og sagði: 7„Hafið gott traust og verið óskelfdir. Óttist ekki né hræðist kónginn af Assyria, ei heldur þann mikla mannfjölda sem með þeim eru. 8Með honum er holdlegur armleggur en DROTTINN vor Guð er með oss til að hjálpa oss og berjast fyrir oss.“ Og fólkið styrktist við þessi orð Esekie kóngs af Júda.

9Þar eftir sendi Sennakeríb kóngur af Assyria sína þénara til Jerúsalem (en hann sjálfur lá fyrir Lakís með sinn her) til Esekiam kóngs og til alls fólksins sem var í Jerúsalem og lét svo segja þeim: 10„So segir Sennakeríb kóngur af Assyria: Á hverjum hafi þér traust, þér sem búið í þeim umkringda stað Jerúsalem? 11Esekías tælir yður með orðum að hann selji yður í dauðann, hungur og þosta þar hann segir: DROTTINN vor Guð skal frelsa oss af hendi kóngsins af Assyria. 12Er ekki Esekías sá inn sami sem í burt hefur tekið hans hæðir og altari og sagt til Júda og Jerúsalem: Fyrir einu altari skulu þér tilbiðja og þar yfir reykelsi brenna? 13Viti þér ekki hvað eg og mínir forfeður hafa gjört öllum þjóðum allra landa? Hafa nokkuð heiðingjanna guðir í nokkrum löndum getað frelsað þeirra lönd af minni hendi? 14Hver er sá á meðal allra heiðingjaguða sem að mínir feður hafa foreytt að þeir hafi frelsað sitt fólk frá minni hendi svo að yðar Guð skyldi geta frelsað yður undan mínu valdi? 15Látið ekki Esekiam svíkja yður né ráðleggja yður þetta og trúið honum ekki. Því ef að enginn af öllum heiðinna kónga guðum gat sitt fólk frelsað frá mér og minna feðra hendi, hvað miklu síður mun yðar Guð geta frelsað yður undan mínu valdi!“

16Og margt annað meira töluðu hans sendiboðar í móti DROTTNI Guði og í móti hans þjón Esekia. 17Hann skrifaði og bréf til háðungar DROTTNI Israelis Guði og talaði um hann og sagði: „Svo sem heiðingjanna guðir í löndunum hafa ekki frelsað sitt fólk undan mínu valdi, svo skal eigi heldur sá Guð Esekie frelsa hans fólk undan minni hendi.“ 18Og þeir kölluðu með háreysti á Gyðingamál til fólksins í Jerúsalem sem var upp á múrnum að gjöra fólkið hrætt og skelft svo þeir gætu unnið borgina. 19Og þeir töluðu á móti Guði Jerúsalem líka sem á móti heiðingjanna skúrgoðum á jörðu sem að eru handaverk mannanna.

20En Esekías kóngur og Esajas spámaður son Amos þeir báðu í mót þessari guðlastan og kölluðu upp í himininn. 21Og DROTTINN sendi sinn engil hver eð sló alla magtarmenn hersins og höfðingjana og höfuðsmenn í Assyriakóngs herbúðum so hann fór heim aftur í sitt land með sneypu. En sem hann gekk inn í síns guðs hús slógu hann í hel þeir með sverði sem komnir voru af hans eigin lífi.

22Svo hjálpaði DROTTINN Esekia kóngi og þeim í Jerúsalem af hendi Sennakeríb kóngs af Assyria og af allra hendi og hann varðveitti þá alla umhverfis 23svo að margir báru DROTTNI gáfur til Jerúsalem og so Esekia Júdakóngi gersemar. Og eftir þetta varð hann miklaður hjá öllum heiðingjum.

24Á þeim dögum krenktist Esekía kóngur og varð dauðsjúkur. Og hann bað DROTTIN og hann bænheyrði hann og gaf honum eitt teikn. 25En Esekías bitalaði ekki eftir því svo sem honum

var gefið því að hans hjarta metnaðist. Sökum þess féll reiði yfir hann og yfir Júda og Jerúsalem. 26En Esekías auðmýkti sig og lagði af metnað síns hjarta, svo og líka þeir í Jerúsalem. Þar fyrir kom reiði DROTTINS ekki yfir þá so lengi sem Esekías lifði.

27Esekía kóngur var mjög stórauðigur og dýrlegur og safnaði sér fésjóðu af gulli, silfri, gimsteinum, dýrlegum kryddum, skjöldum og allra handa kostulegum gersemum, 28so og kornhlöðum til kóngsins inntekta, víns og viðsmjörs, húsum og stöllum fyrir allsháttaðan fénað, svo og sauðahúsum fyrir sauðfé. 29Hann byggði borgir og hafði óteljanlegar hjarðir bæði nauta og sauða. Því Guð gaf honum mjög mikil auðæfi. 30Hann er sá Esekías sem byrgði aftur uppsprettubrunninn í Gíhón en veitti vatninu niður undir vestur að borg Davíðs. Því að Esekías lukkaðist allt það sem hann gjörði. 31En þá sendimenn af Babýlon voru sendir til hans að spyrja hann að þeim undrum sem skeð höfðu í landinu þá yfirgaf Guð hann so að hann freistaði hans upp á það að allt það sem var í hans hjarta yrði opinbert.

32Hvað meira er að segja um Esekíam og hans miskunnsemdir, sjá, það er skrifað í Sýn Esaje spámanns sonar Amos og í Júda- og Ísraelskónga bókum. 33Og Esekías sofnaði með sínum feðrum og þeir jörðuðu hann upp yfir öðrum leiðum Davíðssona. En allur Júda og þeir í Jerúsalem gjörðu hans útför vegsamlega. Og hans son Manasses varð kóngur eftir hann.

33 Manasses var tólf vetra gamall þá hann varð kóngur og hann ríkti fimm og fimmtígi ár í Jerúsalem 2og gjörði það sem DROTTNI illa líkaði, eftir heiðingjanna svívirðingum hverja að DROTTINN útrak fyrir Israelissonum. 3Og hann sneri sér svo að hann uppbyggði þær hæðir aftur sem hans faðir Esekías hafði niðurbrotið. Hann reisti Baal altari, gjörði lunda og tilbað allan himinsins her og þjónaði honum. 4Hann reisti og altari í húsi DROTTINS, um hvert að DROTTINN hafði talað: „Í Jerúsalem skal mitt nafn vera ævinlega.“ 5Hann byggði og ölturu í báðum DROTTINS húss forgörðum til allsháttaðs himins hers 6og lét sína syni ganga í gegnum eld *(fórnaði þeim)* í dalnum Ben Hinnom. Hann útvaldi sérdeilis daga og gaf gætur að fuglamáli og hafði hjá sér galdra- og fjölkynngismenn og gjörði margt það sem DROTTNI illa líkaði, honum til mikillar reiði. 7Hann setti skúrgoð og líkneski sem hann hafði gjöra látið í Guðs hús, um hvað að DROTTINN hafði sagt til Davíðs og Salómon hans sonar: „Í þessu húsi til Jerúsalem hverja eg hefi útvalið af öllum Israelis kynkvíslum vil eg setja mitt nafn ævinlega. 8Og eg vil eigi framar meir láta Ísrael víkja sínum fæti af landinu hvört eg gaf feðrum þeirra, svo framt sem þeir halda sér til að gjöra allt það sem eg hefi boðið þeim við Mosen í öllu lögmálinu, boðum og réttindum.“ 9En Manasses villti Judam og Jerúsalem og gjörði enn verr en þeir heiðingjar sem DROTTINN hafði í eyði lagt fyrir Israelissonum.

10Og þá DROTTINN lét tala við Manasses og hans fólk þá gáfu þeir öngvar gætur að því. 11Þar fyrir lét DROTTINN koma yfir þá kóngsins hershöfðingja af Assyria. Þeir settu Manassen í fjötur og bundu hann með viðjum og fluttu hann til Babýlon. 12En sem hann var kominn í þá angist þá bað hann til DROTTINS síns Guðs og auðmýkti sig mjög fyrir Guði sinna feðra 13og ákallaði og bað hann. Og Guð heyrði bæn hans og færði hann aftur í Jerúsalem í sitt ríki. Þá meðkenndi Manasses að DROTTINN væri Guð.

14Eftir það lét hann uppbyggja þann ysta steinvegg hjá Davíðsstað vestan frá Gíón þar gengið er að Fiskaporti og

all um kring til Ófel og gjörði hann mjög háan og skikkaði höfuðsmenn í fasta staði í Júda [15]og lét í burt taka þá annarlega guði og þau skúrgoð úr húsi DROTTINS og öll altari þau hann hafði byggt á DROTTINS húss fjalli og í Jerúsalem og kastaði þeim út fyrir borgina. [16]En altari DROTTINS endurbætti hann og offraði þar á þakkaroffri og lofgjörðaroffri og bauð Júda að þeir skyldu þjóna DROTTNI Israelis Guði. [17]En þó offraði fólkið á hæðunum samt, þó DROTTNI Guði sínum.

[18]Hvað sem meira er að segja um Manasses og um hans bæn til Guðs og um orð þeirra sjáandanna sem töluðu við hann í nafni DROTTINS Ísraels Guðs, sjá, það er á meðal Ísraelskónga Gjörninga. [19]Og líka hans bæn og ákall og hans allar syndir og misgjörningar og þeir staðir á hverjum hann byggði þær hæðir og setti þá lunda og afguði fyrr en hann gjörði iðran, sjá, það er allt skrifað í Gjörningum sjándanna. [20]Og Manasses sofnaði með sínum feðrum og þeir jörðuðu hann í hans húsi. En Amón hans son varð kóngur í hans stað.

[21]Amón hafði tvo um tvítugt þá hann varð kóngur og hann ríkti tvö ár í Jerúsalem. [22]Og hann gjörði það sem DROTTNI illa þóknaðist eins sem hans faðir Manasses hafði gjört. Og Amón færði fórnir til allra afguða þeirra sem hans faðir hafði gjöra látið og þjónaði þeim. [23]Eigi auðmýkti hann sig fyrir DROTTNI svo sem hans faðir Manasses auðmýkti sig því að hann jók syndum og misgjörðum. [24]Og hans eigin þénarar bundu ráð saman á móti honum og drápu hann í hans eigin húsi. [25]En landsfólkið drap þá alla sem í þeim ráðum höfðu verið á móti Amón kóngi. Og landsfólkið tók Jósíam hans son til kóngs í hans stað.

34 Jósías var átta vetra gamall þá hann varð kóngur og hann ríkti eitt og þrjátígi ár í Jerúsalem. [2]Hann gjörði það sem DROTTNI vel líkaði og fór allan feril Davíðs föður síns og veik hverki út af til vinstri né hægri handar. [3]Því að á áttunda ári síns ríkis þá hann var enn barn að aldri upphóf hann að leita Guðs síns föðurs Davíðs. Og á tólfta ári upphóf hann að hreinsa Júdam og Jerúsalem af hæðum og blótskógum, skúrgoðum og útskornum myndum. [4]Hann lét og niðurbrjóta fyrir sér Baalsaltari og lét afhöggva það bílæti sem þar stóð ofan á. Hann braut og í sundur alla lunda og skúrgoð og bílæti og gjörði það að ösku og jós henni yfir grafir þeirra sem þeim höfðu áður offrað. [5]Hann brenndi og prestanna bein á ölturunum og hreinsaði svo Júda og Jerúsalem, [6]að auk þessa í borgum Manasse og Efraím og Símeon og allt til Neftalí í þeirri eyðimörku allt um kring. [7]En sem hann hafði nú niðurbrotið ölturin og lundana og sundurslegið afguðana og afhöggvið öll bílæti um allt Israelisland þá kom hann aftur til Jerúsalem.

[8]Á hinu átjánda ári síns kóngdóms þá hann hafði hreinsað landið og húsið þá sendi hann Safan son Assalja og Maeseja staðarins fóvita og Jóa son Jóakas canzelerinn að endurbæta DROTTINS Guðs hús. [9]Og þeir komu til Hilkía þess yppasta kennimanns og fengu honum þá peninga sem færðir voru til Guðs húss hverja að Levítarnir sem að voru dyraverðir höfðu saman safnað af Manasse, Efraím og af öllum þeim sem eftir voru orðnir í Ísrael og af öllum Júda og Benjamín og af þeim sem bjuggu í Jerúsalem [10]og afhentu þá verkamönnum sem að skikkaðir voru í DROTTINS hús. Og þeir gáfu það þeim sem smíðuðu að DROTTINS húsi og hvar það var niður fallið, þá skyldu þeir forbetra húsið. [11]Þessir inu sömu gáfu það trésmiðum og múrmeisturum og að kaupa úthöggna steina og hefluð tré til bjálkanna í þeim húsum sem Júda-

kóngar höfðu fordjarfað. 12Og allir
þessir arfiðismenn frömdu trúlega sína
þjónustu. En yfir þá voru þessir til-
sjónarmenn settir: Jóhat og Óbadía
Levítar af sonum Merarí, Sakaría og
Mesúllam af sonum Kahathiter. Þeir
skyldu tilsjá að gjörningurinn fram-
kvæmdist, og voru allir Levítar sem
kunnu að leika á hljóðfæri. 13Þeir sem
settir voru yfir burðarmennina og þá
sem að fylgdu að verkinu í hverju emb-
ætti, þeir voru Levítar, skrifarar, emb-
ættismenn og dyraverðir.

14En sem þeir tóku út peningana sem
inn voru lagðir í DROTTINS hús þá fann
Hilkía kennimaður lögmálsbók
DROTTINS þá sem út hafði gefið Móses.
15Og Hilkía svaraði og sagði til Safan
skrifara: „Eg hefi fundið lögmálsbók í
húsi DROTTINS.“ Og Hilkía fékk Safan
bókina. 16En Safan bar hana fyri
kónginn og kunngjörði kónginum og
sagði: „Allt það gefið er í þinna þénara
hendur það gjöra þeir. 17Og þeir hafa
tekið saman það fé sem fundist hefur í
húsi DROTTINS og gáfu þeim sem settir
voru fyrir arfiðið, svo og þeim sem
frömdu gjörninginn.“ 18Og Safan skrif-
ari undirvísaði kónginum og sagði:
„Hilkía kennimaður fékk mér eina
bók.“ En sem Safan las í henni fyrir
kónginum.

19Og kóngurinn heyrði lögmálsins
orð þá reif hann klæði sín í sundur.
20Og kóngurinn bauð Hilkía og Ahíkam
syni Safan og Abdón syni Míka og Safan
skrifara og Asaja sveini kóngsins og
sagði til þeirra: 21„Farið og afspyrjið
DROTTIN fyrir mig og fyrir þá sem eftir
eru orðnir í Ísrael og fyrir Júda vegna
bókarinnar orða sem fundin er. Því að
reiði DROTTINS er mikil sem uppkveikt
er yfir oss að vorir forfeður hafa ei
haldið orð DROTTINS og eigi gjört það
sem skrifað stendur í þessari bók.“

22Þá gekk Hilkía og þeir aðrir sem út
voru sendir af kónginum til Hulda spá-
konu, kvinnu Sallúm, sonar Takehat,
sonar Hasra þess klæðageymara, sem
bjó í Jerúsalem í öðrum parti, og töluðu
við hana. 23En hún svaraði þeim: „So
segir DROTTINN Israelis Guð: Segið þeim
manni sem yður útsendi til mín: 24So
segir DROTTINN: Sjá, eg vil leiða ólukku
yfir þennan stað og hans innbyggjara,
allar þær bölvanir sem að standa skrif-
aðar í þessari bók sem að lesin var fyrir
Júdakóngi, 25sökum þess að þeir hafa
yfirgefið mig og brennt reykelsi fyrir
annarlegum guðum, reitt mig og styggt
með öllum þeirra handaverkum. Og
mín reiði skal uppkveikjast yfir þessum
stað og skal ekki útslökkt verða. 26Þér
skuluð so segja kóngi Júda þeim sem
yður útsendi að spyrja DROTTIN: Svo
segir DROTTINN Ísraels Guð um þau orð
sem þú heyrðir: 27Sökum þess að þitt
hjarta er orðið klökkt og þú auðmýktir
þig fyrir Guði þá þú heyrðir hans orð á
móti þessum stað og hans innbyggjur-
um og þú lítillættir þig fyrir mér og
sundurreifst þín klæði og grést fyrir
mér þá hefi eg bænheyrt þig – segir
DROTTINN. 28Sjá, eg vil safna þér til
þinna feðra so þú skalt leggjast í þína
gröf með friði so að þín augu skulu eigi
sjá alla þá ólukku sem eg vil senda yfir
þennan stað og hans innbyggjara.“ Og
þeir sögðu kónginum þetta aftur.

29Eftir þetta sendi kóngurinn út og lét
samankoma alla ina elstu í Júda og Jer-
úsalem. 30Og kóngurinn gekk upp í
DROTTINS hús og allt fólk Júda og inn-
byggjarar í Jerúsalem, þar með prest-
arnir og Levítarnir og allur almúginn,
bæði smáir og stórir. Og öll þau orð
sem stóðu í sáttmálsbókinni þeirri sem
fundin var í DROTTINS húsi voru lesin
fyrir þeirra eyrum. 31Og kóngurinn stóð
í sínum stað og gjörði einn sáttmála
fyrir DROTTNI, að þeir skyldu ganga eft-
ir DROTTNI og halda hans boðorð, vitn-
isburði og réttindi af öllu hjarta og af
allri sálu og gjöra eftir öllum þessum
sáttmálsorðum sem skrifuð eru í
þessari bók. 32Og allir þeir sem fundust

í Jerúsalem og í Benjamín stóðu þar og Jerúsalems innbyggjarar gjörðu eftir DROTTINS þeirra feðra Guðs sáttmála. [33]Og Jósías tók burt allar svívirðingar úr öllu landinu sem Israelissonum tilheyrði og kom því til leiðar að allir þeir sem voru fundnir í Ísrael þjónuðu DROTTNI sínum Guði. So lengi sem Jósías lifði viku þeir hvergi frá DROTTNI þeirra feðra Guði.

35 Og Jósías hélt DROTTNI páska í Jerúsalem og fórnfærði páskaoffur á þeim fjórtánda degi í þeim fyrsta mánaði. [2]Og hann skipaði prestana til þeirra varðhalds og styrkti þá í þeirra embætti í húsi DROTTINS. [3]Og hann sagði til Levítanna hverjir eð lærðu allan Ísrael og helgaðir voru DROTTNI: „Setjið þá heilögu örk í húsið það sem Salómon son Davíðs Israelis kóngur byggði. Og þér skuluð eigi bera hana á yðrum öxlum. Þjónið nú DROTTNI yðrum Guði og hans fólki Ísrael. [4]Skiptið yðra feðra húsum í skipanir so sem það er skrifað af Davíð Israeliskóngi og hans syni Salómon [5]og standið í helgidóminum eftir skikkan yðra feðra húsa á meðal yðvarra bræðra, sona fólksins, og eftir skikkan feðra húsanna á meðal Levítanna. [6]Sæfið páskana og gjörið yður helga og tilreiðið yðar bræður að þeir gjöri eftir DROTTINS orði sem hann bauð fyrir Mosen.“

[7]Og Jósías gaf öllu fólkinu sem þar var um páskahátíðina lömb og kið af hjörðunum, að tölu þrjátígi þúsundir og þrjár þúsundir uxa, þetta allt saman af kóngsins góssi. [8]Hans höfðingjar gáfu og viljuglega fyrir fólkið, fyrir prestana og Levítana (sem var Hilkía, Sakaría og Jehíel, höfðingjar í Guðs húsi á meðal kennimanna) til páskanna, tvö þúsund og sex hundruð lömb og kið, þar til þrjú hundruð uxa. [9]En Kananja, Semaja, Nataneel og hans bræður, Hasabja, Jehíel og Jósabad, hverjir yppastir voru Levítanna, þeir gáfu Levítunum til páskahaldsins fimm þúsund lömb og kið og þar til fimm hundruð uxa. [10]Svo var nú Guðs þjónusta tilskikkuð og prestarnir stóðu í sínum stað og Levítarnir í sínum eftir kóngsins boði. [11]Og þeir fórnfærðu páskalambið og kennimennirnir tóku blóðið af þeirra höndum og stökktu því en Levítar tóku skinnin af fórnunum [12]og gjörðu brennifórnir þar af svo þeir mættu gefa það á meðal þeirra feðra húsanna á meðal almúgans til offurs DROTTINS svo sem það er skrifað í Móses bók. Svo gjörðu þeir og með uxana. [13]Og þeir steiktu páskalambið á eldi eftir því sem vera átti. Exódus 12:8-9 En hvað sem helgað var það matgjörðu þeir í pottum, kötlum og pönnum og þeir gjörðu það fljótlega fyrir almúgann. [14]Eftir það bjuggu þeir og til fyrir sig og prestana. Því að kennimennirnir, Aronsynir, höfðu nóg að gjöra með brennioffrið og feitina allt til nætur og því urðu Levítarnir að tilreiða nokkuð fyrir sig og fyrir prestana, sonu Aron. [15]Og söngvararnir, synir Assaf, stóðu í þeirra stað eftir skipan Davíðs og Assaf og Heman og Jedítún kóngsins sjáanda. Og dyraverðirnir í sérhverju porti, þeir viku ekki frá sínu embætti því að Levítarnir, þeirra bræður, matreiddu til fyrir þá.

[16]Svo varð öll Guðs þjónustugjörð skikkuð á þeim sama degi, að halda páska og gjöra brennifórnir á altari DROTTINS eftir bífalningu Jósías kóngs. [17]Svo héldu Israelissynir þeir sem þar voru páska á þeim tíma og þá sætubrauðshátíð í sjö daga. [18]Þar voru öngvir þvílíkir páskar haldnir í Ísrael sem þessir frá dögum Samúel spámanns og enginn Ísraelskóngur hafði haldið svoddan páska sem Jósías hélt og prestarnir og Levítarnir og allur Júda og þeir sem þar við voru af Ísrael, svo og þeir sem bjuggu í Jerúsalem. [19]Og þessir páskar voru haldnir á því átjánda

ári Josie kóngs. [20]En sem Jósías hafði endurbætt musterið þá ferðaðist Nekó kóngur af Egyptalandi upp að berjast í Karkemis hjá Euphraten. En Jósías dró út í móti honum. [21]En hann sendi boð til hans og lét segja honum: „Hvað hefi eg með þig, þú kóngur Júda? Eigi kom eg þér í mót heldur að berjast í móti öðru húsi. Og Guð sagði að eg skyldi flýta mér. Lát af að gjöra í móti Guði þeim sem er með mér svo hann slái þig ekki í hel.“ [22]En Jósías leit ekki af honum heldur bjó sig til stríðs í móti honum og vildi ekki hlýða orðum Nekó út af Guðs munni heldur fór og barðist við hann á þeim völlum Megiddó. [23]En bogmenn skutu Jósíam kóng. Og kóngurinn sagði til sinna þénara: „Flytjið mig út bardaganum því eg er orðinn mjög sár.“ [24]Og hans þénarar tóku hann af vagninum og létu hann í hans annan vagn og fluttu hann til Jerúsalem. Og hann andaðist og var jarðaður í gröf sinna feðra. Og allur Júda og Jerúsalem syrgðu fráfall Josie. [25]Jeremías grét og Jósíam og það varð siðvani í Ísrael, sjá, það er skrifað meðal sorgarsöngvanna.

[26]Hvað meira er að segja um Jósía og hans miskunnsemd, svo sem skrifað stendur í DROTTINS lögmáli [27]og hans gjörningar, hinir fyrstu og síðustu, sjá, það er skrifað í Ísraels- og Júdakónga bók.

36 Og landsfólkið tók Jóakas son Jósía til kóngs í síns föðurs stað í Jerúsalem. [2]Jóakas hafði þrjú ár og tuttugu þá hann varð kóngur og hann ríkti þrjá mánuði í Jerúsalem. [3]Því að kóngurinn af Egyptalandi afsetti hann í Jerúsalem og lagði á landið skatt, hundrað centener silfurs og eitt centener gulls. [4]Og Egyptalandskóngur setti Eljakím hans bróðir til kóngs yfir Júda og Jerúsalem og sneri hans nafni og lét kalla hann Jójakím.

[5]Jójakím hafði fimm ár og tuttugu þá hann varð kóngur og hann ríkti ellefu ár í Jerúsalem og gjörði það sem DROTTNI hans Guði illa líkaði. [6]En Nabúgodonosor kóngurinn af Babýlon fór út í mót honum og batt hann viðjum og flutti hann til Babýlon. [7]Og Nabúgodonosor tók úr húsi DROTTINS nokkur ker og flutti til Babýlon og lagði þau í sitt musteri í Babýlon.

[8]Hvað meira er að segja um Jójakím og hans svívirðingar sem hann gjörði og með honum voru fundnar, sjá, það er skrifað í Ísraels- og Júdakónga bók. Og hans Jójakín varð kóngur í hans stað. [9]Jójakín var átta ára þá hann varð kóngur og hann ríkti þrjá mánuði og tíu daga í Jerúsalem og gjörði það sem illt var í augliti DROTTINS. [10]En að ári liðnu þá sendi Nabogodonosor eftir honum og lét hafa hann til Babýlon og með honum þau kostulegustu ker, föt og bikara af húsi DROTTINS. Og hann setti Sedekíam hans bróður til kóngs yfir Júda og Jerúsalem.

[11]Sedekías hafði eitt ár og tuttugu þá hann varð kóngur og hann ríkti ellefu ár í Jerúsalem. [12]Hann framdi það sem DROTTNI hans Guði illa líkaði og vildi ekki auðmýkja sig fyrir Jeremía spámanni hver ið talaði fyrir honum af DROTTINS munni. [13]Þar með féll hann og frá Nabogodonosor kóngi í Babýlon hver ið lét hann sverja sér eið við Guð. Og hann þverskallaðist og forherti sitt hjarta að hann vildi ei snúa sér til DROTTINS Guðs Ísraels. [14]Og allir þeir yppustu á meðal kennimannanna og almúginn syndgaðist stórlega eftir allsháttuðum svívirðingum heiðingjanna og saurguðu hús DROTTINS hvert hann hafði helgað í Jerúsalem.

[15]Og DROTTINN þeirra feðra Guð sendi til þeirra í tíma fyrir sína sendiboða því hann hlífði sínu fólki og sínu heimili. [16]En þeir spottuðu Guðs sendimenn og forsmáðu hans orð og hæddu hans spámenn þar til að Guðs reiði kom yfir hans fólk so þar var engin lækning.

17Því að hann færði kónginn af Kaldealandi yfir þá, hann lét slá í hel með sverði þeirra æskumenn í húsi þeirra helgidóms, hann gaf ekki grið, hverki æskumönnum né jómfrúm, eigi gömlum né örvasa mönnum, því hann gaf þá alla í hans hendur. 18Svo og öll ker af Guðs húsi, bæði smá og stór, svo og líka fjársjóðuna í húsi DROTTINS og so fjársjóðu kóngsins og hans höfðingja, það allt saman lét hann flytja til Babýlon. 19Og þeir uppbrenndu Guðs hús og niðurrifu alla múrveggi kringum Jerúsalem, alla þeirra sali brenndu þeir upp með eldi og alla þeirra inu kostulegustu eign fordjörfuðu þeir. 20En þeir sem sverðið gátu forðast og eftir urðu þá fluttu þeir til Babýlon og þeir urðu hans og hans sona þénarar þar til að kóngur af Persia tók ríki, 21svo að DROTTINS orð skyldi fullkomnast fyrir munn Jeremía, þar til að landið hafði haldið sína hvíldardaga. Því að allur sá tími sem þessi foreyðsla stóð yfir þá var sabbatum allt til þess að sjötígi ár voru úti.

22En á því fyrsta ári Cyri kóngs af Persialandi – so að DROTTINS orð skyldi fullkomnast sem hann hafði talað fyrir munn Jeremie – þá uppvakti DROTTINN anda Cyri kóngsins af Persialandi að hann lét úthrópa um allt sitt kóngsríki og so með bréfum og sagði: 23„Svo segir Cyrus kóngur af Persialandi: DROTTINN Guð af himnum hefur gefið mér öll kóngaríki í löndunum og hann hefur boðið mér að byggja sér eitt hús í Jerúsalem í Júda. Hver sem nú er á meðal yðar af öllu hans fólki með honum, sé DROTTINN hans Guð og fari hann upp.“

Endir á þeirri Annarri Kroníkubókinni

BÓKIN ESDRA

1 Á því fyrsta ári Cyri kóngs í Persialandi so að uppfylltist orð DROTTINS sem hann hafði talað fyrir munn Jeremía spámanns þá uppvakti DROTTINN anda Cyri kóngsins í Persia svo hann lét úthrópa um allt sitt kóngsríki og so með bréfum, so segjandi: [2]„So segir Cyrus kóngur í Persia: Guð DROTTINN himinsins hefur gefið mér öll kóngaríki í löndunum og hann hefur bífalað mér að eg skylda byggja honum eitt hús í Jerúsalem í Júdalandi. [3]Hver þar er á meðal yðar af hans fólki, með honum sé hans Guð og hann skal reisa upp til Jerúsalem í Júdaland og uppbyggja DROTTINS Israelis Guðs hús. Hann er Guð sem er í Jerúsalem. [4]Og allir aðrir í öllum stöðum, hvar helst þeir búa, þá skulu þess staðarmenn þeim hjálpa með silfur og gull, góss og peninga með einum frjálsum vilja til Guðs húss í Jerúsalem.“ [5]Þá tóku sig upp höfðingjar feðranna af Júda og Benjamín og svo prestarnir og Levítarnir og allir þeir hverra anda Guð uppvakti að fara upp og byggja DROTTINS hús í Jerúsalem. [6]Og allir þeir sem voru í kringum þá styrktu þeirra hendur með silfurkerum og gullkerum, með góss og fé og gersemum, auk þess sem þeir sjálfviljuglega gáfu. [7]Og Cyrus kóngur tók fram kerin DROTTINS húss sem Nabogodonosor hafði burt flutt frá Jerúsalem og hafði sett í síns Guðs hús. [8]En Cyrus kóngur tók þau út fyrir hönd Mitridatis rentumeistara og taldi þau í hendur Sesbasar höfðingja Júda. [9]Og þetta er þeirra tala: Þrjátígi munnlaugar af gulli, þúsund silfurmunnlaugar, níu og tuttugu knífar, [10]þrjátígi gullbikarar og þeir aðrir silfurbikarar fjögur hundruð og tíu og önnur ker þúsund, [11]svo að öll ker bæði af gulli og silfri voru fimm þúsund og fjögur hundruð. Sessbasar flutti þau öll upp með þeim sem fóru úr herleiðingunni af Babýlon til Jerúsalem.

2 Þessir eru landsins synir sem voru úr herleiðingunni hverja Nabogodonosor kóngur af Babýlon hafði hertekið og komu nú aftur í Jerúsalem og Júda, hver í sinn stað. [2]Og þeir komu með Sóróbabel, Jesúa, Nehemía, Seraja, Reelja, Mardókaí, Bilsan, Mispar, Bigevaí, Rehúm og Baena.

Þetta er manntal Ísraelsfólks. [3]Synir Parees: Tvö þúsund hundrað sjötígi og tveir. [4]Synir Efatja: Þrjú hundruð sjötígi og tveir. [5]Synir Ara: Sjö hundruð sjötígi og fimm. [6]Synir Pahat Móab meðal sona Jesúa, Jóab: Tvö þúsund átta hundruð og tólf. [7]Synir Elam: Þúsund tvö hundruð fimmtígi og fjórir. [8]Synir Satú: Níu hundruð fjörutígi og fimm. [9]Synir Sakaí: Sjö hundruð og sextígi. [10]Synir Baní: Sex hundruð fjörutígi og tveir. [11]Synir Bebaí: Sex hundruð tuttugu og þrír. [12]Synir Asgad: Þúsund tvö hundruð tuttugu og tveir. [13]Synir Adónikam: Sex hundruð sextígi og sex. [14]Synir Bigevaí: Tvö þúsund fimmtígi og sex. [15]Synir Adín: Fjögur hundruð fimmtígi og fjórir. [16]Synir Ater af Esekía: Átta og níutígi. [17]Synir Besaí: Þrjú hundruð tuttugu og þrír. [18]Synir Jóra: Hundrað og tólf. [19]Synir Hásúm: Tvö hundruð tuttugu og þrír. [20]Synir Gibbar: Níutígi og fimm. [21]Synir Betlehem voru hundrað tuttugu og þrír. [22]Menn Netófa: Fimmtígi og sex. [23]Þeir menn af Anatót: Hundrað tuttugu og átta. [24]Synir Asmavet: Fjörutígi og tveir. [25]Þeir synir af Kirjat Jearím, Kafíra og Beerót: Sjö hundruð fjörutígi og þrír. [26]Þeir synir af Rama og Gaba: Sex hundruð tuttugu og einn. [27]Þeir menn af Mikmas: Hundrað tuttugu og tveir. [28]Þeir menn af Betel og Haí: Tvö hundruð tuttugu og þrír. [29]Synir Nebó:

Fimmtígi og tveir. [30]Synir Magbís: Hundrað fimmtígi og sex. [31]Synir Elam hins annars: Þúsund tvö hundruð fimmtígi og fjórir. [32]Synir Harím: Þrjú hundruð og tuttugu. [33]Þeir synir Lód, Hadíd og Ónó: Sjö hundruð tuttugu og fimm. [34]Synir Jeríkó: Þrjú hundruð fjörutígi og fimm. [35]Þeir synir Senaa: Þrjár þúsundir sex hundruð og þrjátígi.

[36]Prestanna synir, Jedaja af húsi Jesúa: Níu hundruð sjötígi og þrír. [37]Synir Immer: Þúsund fimmtígi og tveir. [38]Synir Pashúr: Þúsund tvö hundruð fjörutígi og sjö. [39]Synir Harím: Þúsund og seytján.

[40]Levítarnir, synir Jesúa og Kadmíel, af sonum Hódavja: Sjötígi og fjórir. [41]Söngvararnir, synir Assaf: Hundrað og tuttugu og átta. [42]Synir dyravörðarann, synir Sallúm, synir Ater, synir Talmón, synir Akúb, synir Hatíta, synir Sóbaí: Þessir allir voru hundrað níu og þrjátígi.

[43]Þeir Nathinei: Synir Síha, synir Hasúfa, synir Tabbaót, [44]synir Kerós, synir Síaa, synir Padón, [45]synir Lebana, synir Hagaba, synir Akúb, [46]synir Hagab, synir Samlaí, synir Hanan, [47]synir Giddel, synir Gahar, synir Reaja, [48]synir Resín, synir Nekóda, synir Gasam, [49]synir Úsa, synir Pasea, [50]synir Asna, synir Meóním, synir Nefúsím, [51]synir Bakbúk, synir Hakúfa, synir Harhúr, [52]synir Baslút, synir Mehíra, synir Harsa, [53]synir Barkóm, synir Sísera, synir Tamat, [54]synir Nesía, synir Hatífa.

[55]Synir þénara Salomonis: Synir Sótaí, synir Sóferet, synir Perúda, [56]synir Jaala, synir Darkón, synir Giddel, [57]synir Sefatja, synir Hattil, synir Pokeret af Sebaím, synir Ami. [58]Allir Nathinei og synir þénara Salomonis voru til samans þrjú hundruð níutígi og tveir.

[59]Og þessir fóru og upp með Mítel, Mela, Tel, Harsa, Kerúb, Addón og Immer, en þeir gátu ekki sagt til sinna feðra húsa og ekki til þeirra sæðis, hvert þeir voru af Ísrael, [60]synir Delaja, synir Tobía, synir Nekóda: Sex hundruð fimmtígi og tveir.

[61]Og af prestanna sonum: Synir Habaja, synir Hakos, synir Barsillaí sem tók sér eina kvinnu af dætrum Barsillaí Gileaditer og var nefndur eftir því sama nafni. [62]Þeir leituðu eftir skráningu sinnar fæðingar og fundu ekki. Þar fyrir voru þeir reknir frá kennimannskapnum. [63]Og Hatírsata sagði til þeirra að þeir skyldu ekki eta af því allrahelgasta fyrr en sá prestur upprisi sem hefði ljósið *(Urim)* og réttinn *(Thummin)*.

[64]En allur almúginn svo sem einn maður var tvær og fjörutígi þúsundir þrjú hundruð og sextígi. [65]Að auk þeirra þrælar og ambáttir, þeir voru sjö þúsund þrjú hundruð þrjátígi og sjö. Og þeir höfðu tvö hundruð söngvara og söngkvinnur, [66]sjö hundruð sex og þrjátígi hesta, tvö hundruð fimm og fjörutígi múla, fjögur hundruð fimm [67]og þrjátígi úlfalda, sex þúsund sjö hundruð og tuttugu asna.

[68]Og nokkrir af þeim yppustu feðrum, þegar þeir komu til DROTTINS húss í Jerúsalem, þá voru þeir fúsir til DROTTINS húss að uppbyggja það aftur í sínum stað. [69]Og þeir gáfu eftir sínum efnum til fjársjóðar gjörningsins: Eitt og sextígi þúsund gyllini og fimm þúsund pund silfurs og hundrað kennimannaklæði.

[70]Og prestarnir og Levítarnir og nokkrir af fólkinu og söngvararnir og dyraverðirnir og þeir Nethinem settist niður í þeirra staði og allur Ísrael í sínar borgir.

3 En sem sá hinn sjöundi mánuður var kominn og Israelissynir voru í sínum stöðum kom fólkið til samans í Jerúsalem so sem einn maður. [2]Og Jesúa son Jósedek og hans bræður kennimennirnir tóku sig upp og Sóróbabel son Sealtíel og hans bræður og byggðu

Ísraels Guðs altari til að offra brennifórnum þar yfir so sem það stendur skrifað í Móse Guðsmanns lögmáli. 3Og þeir tilreiddu altarið á sínum grundvelli (því þar var ein hræðsla á millum þeirra sökum fólksins í landinu) og þeir offruðu DROTTNI brennioffur yfir því kveld og morna. 4Og þeir héldu laufskálahátíð eftir því sem skrifað stóð og færðu brennioffur hvern dag eftir talinu svo sem tilheyrði, hvern dag sitt offur. 5Því næst þær daglegu brennifórnir og nýju mánuði og alla DROTTINS hátíðisdaga sem að heilagir voru og allsháttaðar sjálfviljugar fórnir sem þeir færðu DROTTNI af sínum frjálsa vilja. 6Á þeim fyrsta degi í þeim sjöunda mánuði tóku þeir til að færa Guði brennifórnir. En grundvöllur Guðs musteris var þá ekki enn lagður. 7Og þeir gáfu steinhöggvurum og trésmiðum mat og drykk og viðmsjör og þeim í Sídon og Tyro að þeir skyldu flytja sedrusviðu af Líbanon yfir hafið til Joppen eftir bífalning Cyri kóngs í Persia.

8Á öðru ári eftir það að þeir komu til Guðs húss í Jerúsalem, í þeim öðrum mánaði, þá upphóf Sóróbabel son Sealtíel og Jesúa son Jósedek og hinir aðrir af þeirra bræðrum, prestar og Levítar og allir þeir sem komnir voru úr herleiðinguni til Jerúsalem, og skipuðu til Levítana frá tuttugu árum og þar yfir að þeir skyldu framfylgja verklaginu í DROTTINS húsi. 9Og Jesúa stóð með sínum sonum og bræðrum og Kadmíel með sínum sonum og synir Júda sem einn maður að framfylgja arfiðinu á Guðs húsi, sem var synir Henadad með þeirra sonum og þeirra bræðrum Levítunum.

10Nú sem byggingameistararnir lögðu grundvöllinn til Guðs musteris þá stóðu prestarnir skrýddir með trametum og Levítarnir, synir Assaf, með cymbalis og lofuðu DROTTIN með Davíðs Ísraelskóngs diktum 11og sungu til samans með hymnum og lofsöngvum DROTTINS

að hann er góður

og hans miskunnsemi varir ævinlega yfir Ísrael.

Og allt fólkið kallaði hátt og lofaði DROTTIN að Guðs húss grundvöllur var lagður. 12En margir af þeim gömlu prestum og Levítum og þeim yppustu feðrum sem séð höfðu það fyrra húsið og að húsið var lagt með grundvelli fyrir þeirra augum, þá grétu þeir hárri röddu. En margir aðrir kölluðu upp af fögnuði 13so að menn gátu ekki greint á milli fagnaðarkallsins fyrir gráti fólksins. Því að fólkið hljóðaði so hátt að þeirra kall heyrðist langan veg.

4 Nú sem óvinir þeirra Júda og Benjamín heyrðu það að herleiðingarinnar synir uppbyggðu DROTTINS Guðs Israelis musteri 2þá komu þeir til Sóróbabel og til þeirra yppustu feðra og sögðu svo til þeirra: „Vér viljum og byggja með yður því að vér leitum yðvars Guðs svo sem þér og vér höfum ei honum offrað frá þeim tíma að Assarhaddon kóngurinn af Assyria færði oss hingað.“ 3En Sóróbabel og Jesúa og þeir aðrir yppustu feður yfir Ísrael svöruðu þeim: „Ekki hæfir það oss og yður að byggja vors Guðs hús heldur viljum vér alleina byggja hús DROTTINS Ísraels Guðs svo sem Cyrus kóngur af Persia bauð oss.“

4Þá hamlaði fólkið í landinu Júdafólks hendi og skelfdi þá frá uppbyggingunni. 5Og þeir leigðu ráðgjafara á móti þeim svo þeir hindruðu þeirra ráð svo lengi sem Cyrus kóngur af Persia lifði, allt til þess að Daríus kóngur ríkti í Persia. 6Því þá Assverus var kóngur, í upphafi hans kóngdóms, skrifuðu þeir eina ákæru á móti þeim í Júda og Jerúsalem.

7Og á dögum Artaxerxes skrifaði Bíslam, Mitirdates, Tabeel og þeir aðrir af þeirra ráðaneyti til Artaxerxis kóngs

af Persialandi. Og bréfið var skrifað á sýrlensku og var so útlagt á sýrlensku.
8Rehúm canzeler og Simsaí skrifari skrifuðu sama bréf mót Jerúsalem til Artaxerxes kóngs: 9„Vér Réhum canzeler og Simsaí skrifari og aðrir þess ráðuneytis af Dína, af Aparsak, af Tarplat, af Persem, af Arak, af Babýlon, af Súsan, af Díha og af Elam 10og það annað fólk sem sá mikli nafnkunnugi Assnafar hingað færði og setti hér niður í Samariaborgum og í öðrum héruðum þessumegin vatsins og í Kanaan.“ 11Og bréfið það þeir sendu til Artaxerxes kóngs hlýddi svo: „Þínir þénarar og þeir menn sem eru hinumegin vatsins og í Kanaan. 12Það sé kónginum viturlegt að Gyðingarnir þeir sem komnir eru hingað til vor frá þér til Jerúsalem, í þann styrjaldarfulla og vonda stað, þeir byggja upp þann sama stað og reisa hans múrveggi og færa þá upp af grundvelli. 13Þá sé það nú kónginum viturlegt að ef þessi staður verður uppbyggður og að nýju með múrveggjum gjörður þá munu þeir hverki gefa þér skatt né skyldur né árlega rentu og þeirra áform mun kónginum ekki skaðlaust vera. 14Og fyrir þessa grein, vér allir sem fyrr með vorum niður að brjóta þetta musteri, þá höfum vér ekki lengur viljað sjá upp á kóngsins skaða og því sendum vér héðan að kóngurinn fái að vita það 15og að menn leiti í annálum þinna feðra, svo munt þú finna í þeim sömu annálum að þessi staður hefur ætíð verið upphlaupsamur, kónginum og landinu skaðsamur og hefur fyrir langri ævi svo ætíð skeð að hann hefur og so komið öðrum til affalls og því hefur og þessi staður verið eyðilagður. 16Þess vegna gjörum vér kóngi það vitanlegt: Ef þessi staður verður uppbyggður og hans múrveggir reistir þá heldur þú öngvu eftir fyrir þeim þessumegin vatsins.“ 17Þá sendi kóngurinn svar aftur til Rehúm canzeler og Simsaí skrifara og til þeirra annarra sem voru í þeirra ráði og í Samaria bjuggu og til hinna annarra sem hinumegin vatsins voru: „Friður og heilsan. 18Það bréf sem þér senduð oss það var opinberlega lesið fyrir mér. 19Svo og er af mér bífalað að leitast skyldi (í annálabókum). Og menn hafa so fundið að þessi staður hefur af gamalli tíð upsett sig á móti kóngunum, þeir hafa og ætíð gjört uppreist og affall þar inni. 20Og svo hafa þar verið megtugir kóngar í Jerúsalem hverjir ríkt hafa yfir öllu því sem hinumegin vatsins verið hefur og hafa uppborið skatta og skyldur, skenkingar og árlegar inntektir. 21Þar fyrir gjörið nú eftir þessari bífalningu: Hamlið þessum mönnum so að þessi staður verði ekki uppbyggður þar til að það er af mér bífalað. 22Svo sjáið nú til að þér forsómið yður ekki hér út í svo að kóngurinn fái öngvan skaða.“

23Nú sem bréf Artaxerxes kóngs var lesið fyrir Rehúm og Simsa skrifara og þeirra ráðgjöfum þá fóru þeir jafnsnart upp til Jerúsalem til Gyðinganna og tálmuðu þeim með magt og valdi. 24Svo forhindraðist byggingin á Guðs húsi í Jerúsalem svo þar gjörðist ekki par að inn til þess annars árs Darii kóngs af Persia.

5 En þeir spámenn Haggeus og Sakarías son Iddó spáðu til Gyðinganna sem voru í Júda og Jerúsalem í Ísraels Guðs nafni. 2Þá tók sig upp Sóróbabel son Sealtíel og Jesúa sonur Jósedek og tóku til að byggja Guðs hús í Jerúsalem og Guðs spámenn voru með þeim sem að styrktu þá.

3Á þeim tíma kom til þeirra Tatnaí landsfóviti þessumegin vatsins og Starbosnaí og þeirra ráðgjafar og sögðu svo til þeirra: „Hver hefur bífalað yður að reisa þetta hús og að uppbyggja þess múra?“ 4Þá sögðu vér þeim hvað þeir menn hétu sem að buðu þessa bygging. 5En augu Guðs þeirra komu yfir

öldunga Gyðinga að þeir hömluðu þeim ekki þar til þetta mál kæmi fyrir Darium og ein skrift þar upp á fengist aftur.

[6]En svo hljóðaði það bréf sem Tatnaí landsfóviti þessumegin vatsins og Starbosnaí og þeirra ráð af Aparsak sem að voru þessumegin vatsins sendu til Darium [7]og þau orð hljóðuðu svo sem þeir sendu til hans: „Dario kóngi allur friður. [8]Það sé kónginum vitanlegt að vér komum í Gyðingaland til húss þess mikla Guðs hvert að menn byggja nú upp með allra handa steinum og leggja sterka bjálka í veggina. Og þessi gjörningur gengur mjög fast fram undir þeirra hendi. [9]Vér spurðum þá hinu elstu að og sögðum so til þeirra: Hver hefur leyft yður að byggja þetta hús og uppmúra þess veggi? [10]Vér spurðum og hvað þeir hétu svo vér mættum kunngjöra þér það. Og vér höfum uppskrifað þeirra manna nöfn sem yppastir voru af þeim. [11]En þeir gáfu oss svoddan andsvör og sögðu: Vér erum þénarar þess Guðs sem ræður yfir himin og jörð og vér byggjum það hús sem áður fyrir mörgum árum var byggt, hvert einn megtugur Israeliskóngur hafði reist og uppbyggt. [12]En þá vorir forfeður styggðu Guð á himnum þá gaf hann þá í hönd Nabogodonosor kóngs af Babýlon úr Kaldea og hann niðurbraut þetta húys en burtflutti fólkið með sér í Babýlon. [13]En á því fyrsta ári ríkis Cyrus kóngs í Babýlon þá bauð Cyrus kóngur að þetta Guðs hús skyldi uppbyggjast. [14]Því að þau gullker og silfurker sem áður voru í þessu sama Guðs húsi hver Nabogodonosor kóngur tók burt úr Guðs musteri í Jerúsalem og lét þau í sitt musteri í Babýlon þau tók Cyrus kóngur burt þaðan og afhenti þau Sessbasar með nafni því að hann setti hann landsstjórnara [15]og hann sagði til hans: Tak þessi ker og fær þú þau með þér til þess musteris í Jerúsalem og lát Guðs hús byggjast í sínum stað. [16]Þá kom þessi sami Sessbasar og lagði fyrst grundvöll þessa Guðs húss í Jerúsalem. Og frá þeim tíma var tekið til að byggja þetta hús og er enn eigi fullbyggt. [17]Og ef það kónginum sýnist so þá láti hann leita í fésjóðahúsum kóngsins af Babýlon hvert það finnst svo bífalað af Cyro kóngi að byggjast skyldi Guðs hús í Jerúsalem og sendist oss kóngsins meining um þetta.“

6 Þá bauð Darius kóngur að leita skyldi í kanselíið í kóngsins féhirsluhúsum sem voru í Babýlon. [2]Þá fannst í Ahmeta á því sloti sem liggur í Meden ein bók og í henni stóð einn gjörningur so skrifaður: [3]„Á því fyrsta ári Cyri kóngs bauð Cyrus kóngur að byggja Guðs hús í Jerúsalem, í þeim stað sem menn offruðu, að leggja grundvöllinn sextígi álna háan og sextígi álna breiðan [4]og þrjá veggi af allra handa steinum og einn vegg af tré og að kostnaðurinn skyldi gefast af kóngsins húsi. [5]Þar með þau Guðs húss gullker og silfurker sem að Nabogodonosor tók af musterinu í Jerúsalem og hafði með sér í Babýlon, þau skulu leggjast aftur so þau sé höfð aftur í musterið Jerúsalem í sinn stað í Guðs húsi.“

[6]„Þar fyrir víkið langt frá þessum mönnum, þú Tatnaí landsfóviti hinumegin vatsins og Starbosnaí og allt yðart ráð af Aparsak, þér sem eruð á hina síðu vatsins. [7]Látið það Guðs hús uppbyggjast svo að Gyðinganna landsins fóvitar og þeirra öldungar megi uppbyggja Guðs hús í sínum stað. [8]Það er og bífalað af mér hvað gefast skal öldungunum af Júda svo að þeir uppbyggi Guðs hús, sem er að þeim skal gefast af kóngsins góssi og rentu hinumegin vatsins, vandlega, og þeirra verk skal ekki forhindra. [9]Og ef þeir hafa þörf á kálfum, lömbum eða höfrum til brennifórna að fórnfæra Guði á

himnum, hveiti, salt, vín og viðsmjör eftir prestanna siðvenju í Jerúsalem, þá skal þeim gefast það daglega svo sem tilheyrir svo að það skal eigi forsómast, [10]svo að þeir megi offra Guði í himninum til eins sæts ilms og biðji fyrir kóngsins lífi og hans sona. [11]Svoddan bífalning er gefin af mér. Og hver sá maður sem að umbreytir þessari vorri skipan, af hans húsi skal takast einn bjálki og skal uppreisast og sá hinn sami skal þar á hengjast og hans hús skal vera forbrotið sökum þess gjörnings. [12]En Guð sá sem býr í himninum hann fyrirfari öllum kóngum og öllu fólki sem útrétta sínar hendur til að breyta og brjóta Guðs hús í jerúsalem. Eg Daríus hefi þetta boðið og vil að þetta skal vandlega framkvæmast.“

[13]Þetta gjörði Tatnaí landsfóviti hinumegin vatsins vandlega og Starbosnaí og þeirra ráðuneyti til hverra Daríus kóngur hafði sent. [14]Og þeir hinu elstu af Gyðingum uppbyggðu Guðs musteri so það gekk fast fram eftir spádómi Haggei og Sakarei sonar Iddó spámanna og þeir byggðu og uppreistu eftir Ísraels Guðs bífalning og eftir skipan Cyri, Darii og Artaxerxes kónga af Persia. [15]Og þeir fullkomnuðu húsið inn til þess þriðja dags í adarmánaði, það var á því sjötta ári ríkis Darri kóngs.

[16]Og Ísraelssynir, prestarnir og Levítarnir og þeir aðrir sem úr fangelsinu komu héldu vígslu Guðs húss með gleði. [17]Og þeir offruðu í kirkjuvígslunni Guðs húss hundrað kálfa, tvö hundruð lamba, fjögur hundruð hafra og til syndoffurs fyri allan Ísrael tólf kjarnhafra eftir ættartölu Israelissona [18]og skikkuðu prestunum í sínar skipanir og Levítana í sitt varðhald að þjóna þeim Guði sem er í Jerúsalem, svo sem skrifað stendur í Mósesbók.[19]Og herleiðingarinnar synir héldu páska þann fjórtánda dag í þeim fyrsta mánuði. [20]Því að prestarnir og Levítarnir höfðu hreinsað sig svo þeir voru allir hreinir svo sem einn maður. Og þeir sæfðu páska fyrir alla herleiðingarsonu og fyrir prestana þeirra bræður og fyrir sig. [21]Og Ísraelssynir þeir sem komnir voru úr herleiðingunni og allir þeir sem sig höfðu skilið frá heiðingjanna saurugleika í landinu að leita DROTTINS Guðs Ísraels, þeir átu [22]og héldu ósýrðra brauða hátíð í sjö daga með fagnaði. Því að DROTTINN hafði gjört þá glaða og snúið kóngsins hjarta af Assyria til þeirra so þeir yrðu styrkvir í Guðs húss gjörningi, sem er Ísraels Guð.

7 Eftir þetta á dögum Artaxerxes kóngs í Pesia þá kom af Babýlon Esdra son Seraja, sonar Assaría, sonar Hilkía, [2]sonar Sallúm, sonar Sadók, sonar Akítóf, [3]sonar Amarja, sonar Asarja, sonar Merajót, [4]sonar Seraja, sonar Úsí, sonar Búkkí, [5]sonar Abísúa, sonar Pínees, sonar Elíasar, sonar Aron þess yppasta kennimanns, [6]hver eð var vel skikkanlega skriftlærður í Móses lögmáli sem Drottinn Guð hafði gefið Ísrael. Og kóngurinn gaf honum allt það hann girntist eftir hans DROTTINS Guðs hendi sem yfir honum var.

[7]Og þar fóru nokkrir af Israelissonum, prestar og Levítar, söngvarar, dyraverðir og Netením upp til Jerúsalem á því sjöunda ári Artaxerxes kóngs. [8]Og þeir komu til Jerúsalem á þeim fimmta mánuði, það var á sjöunda ári kóngsins. [9]Því að á þeim fyrsta degi hins fyrsta mánaðar byrjaði hann sína reisu frá Babýlon og þann fyrsta dag í þeim fimmta mánuði kom hann til Jerúsalem eftir góðri Guðs hönd sem yfir honum var. [10]Því að Esdra setti sér í hjarta að leita lögmáls DROTTINS og að gjöra það og að kenna Ísrael boðorðin og réttindin.[11]Og þetta er innihald þess bréf sem kóngurinn Artaxerxes gaf Esdra kennimanni þeim

skriftlærða sem að var einn lærari í DROTTINS orði og í hans boðorðum í Ísrael: 12„Artaxerxes, kóngur allra kónga, Esdra kennimanni og þeim skriftlærða í Guðs lögmáli af himninum. Friður og heilsan. 13Svo er skipað af mér að allir þeir sem velviljugir eru til í mínu ríki af Ísraelsfólki, prestar og Levítar að ferðast til Jerúsalem þeir skulu fara með þér 14því þú ert sendur af kónginum og af þeim sjö ráðgjöfum að vitja Júda og Jerúsalem eftir Guðs lögmáli hvert að er undir þinni hendi 15og að þú takir með þér silfur og gull það sem kóngurinn og hans ráðgjafar viljuglega gefa Ísraels Guði hvers heimili að er í Jerúsalem. 16Og tak nú með þér allra handa gull og silfur það þú kannt að fá í öllum Babilonis landsálfum og það sem fólkið og prestarnir vilja viljuglega gefa til Guðs húss í Jerúsalem. 17Tak það allt saman með þér og kaup með athygli með þeim sömu peningum kálfa, lömb, hafra, matoffur og drykkjaroffur svo það offrist yfir altarið í yðar Guðs húsi í Jerúsalem. 18Þar að auki hvað þér og þínum bræðrum þykir vel vera að kaupa skuli með þeim peningum sem yfir eru eða hvað af þeim skuli gjörast þá gjör það eftir yðvars Guðs vilja. 19Og þau ker sem þér eru gefin til þjónustugjörðar í þíns Guðs húsi þau skalt þú afhenda frá þér fyrir Guði í Jerúsalem. 20Og hvað sem meira þörf gjörist til þíns Guðs húss og þér heyrir til út að gefa þá lát þú gefast af kóngsins fésjóðum.

21Eg Artaxerxes kóngur hefi bífalað skattahöfðingjum hinumegin vatsins að hvað sem helst Esdra kennimaður, skriftlærður í Guðs lögmáli af himnum, krefur af yður þá gjörið það án dvalar 22allt til hundrað centener silfurs, hundrað coros hveitis og hundrað coros víns og hundrað coros viðsmjörs og salt skulu þér ekki mæla. 23Allt það sem heyrir til Guðs lögmáli af himninum þá skal það gjörast vandlega svo að eigi komi reiði yfir kóngsins ríki og hans syni. 24Það skulu þér og vita að þér hafi öngva magt að leggja nokkurn skatt, toll eður árlegt útgjald upp á nokkurn kennimann, Levíta, söngvara, dyravörð, Nethíním og þénara í Guðs húsi.

25En þú, Esdra, skalt eftir þínum Guðs vísdómi setja dómendur og fóvita af þeim sem eru undir þinni hendi að dæma yfir öllu því fólki sem er hinumegin vatsins, alla þá sem vita þíns Guðs lögmál og hverjir þau ekki vita, þeim skulu þér kenna það 26og allir þeir sem ekki gjöra þíns Guðs lögmál með athygli og kóngsins þeir skulu fá sinn dóm fyrir sinn gjörning, hvert það er heldur til dauðans eða til útlegðar eða til síns góss fortöpunar eða til fangelsis.“

27(Þá sagði Esdra:) Lofaður sé DROTTINN Guð vorra feðra sem að því líkt hefur gefið kónginum í hjarta að hann vill so prýða Guðs musteri í Jerúsalem. 28Og hann hefur hneigt sína miskunnsemd til mín fyrir kónginum og hans ráðsherrum og öllum kóngsins vildarmönnum. Og eg varð hughraustur fyrir DROTTINS míns Guðs hönd sem yfir mér var og samansafnaði höfðingjunum að þeir færi upp með mér.

8 Þessi eru höfðingjar feðranna húsa hverjir reiknaðir voru sem að fóru upp með mér frá Babýlon á þeim tíma sem kóng Artaxerxes ríkti. 2Af sonum Pínees Gersóm. Af sonum Ítamar Daníel. Af sonum Davíðs Hattús. 3Af sonum Sekanja og sonum Pareós Sakaría og með honum voru reiknaðir hundrað og fimmtígi kallmenn. 4Af sonum Pahat Móab Elíóenaí son Seraja og með honum tvö hundruð kallmenn. 5Af sonum Sekanja son Jehasíel og með honum þrjú hundruð kallmenn. 6Af sonum Abín Eded son Jónatan og með honum fimmtígi kallmenn. 7Af sonum Elam Jesaja son Atalja og með honum sjötígi

kallmenn. [8]Af sonum Sefatja Sebadía son Míkael og með honum áttatígi kallmenn. [9]Af sonum Jóab Óbadía son Jehíel og með honum tvö hundruð og áttatígi kallmenn. [10]Af sonum Selómít son Jósifja og með honum hundrað og sextígi kallmenn. [11]Af sonum Bebaí Sakaría son Bebaí og með honum átta og tuttugu kallmenn. [12]Af sonum Asgad Jóhanan sá yngsti son og með honum hundrað og tíu kallmenn. [13]Af síðustu sonum Adónikam, þeir hétu Elífelet, Jehíel og Semaja og með þeim sextígi menn. [14]Af sonum Bagevaí Útaí og Sabúd og með þeim sjötígi kallmenn.

[15]Og eg safnaði þeim til vatsins sem rennur til Aheva og þar vorum vér í þrjá daga. Og þá eg leitaði meðal fólksins og prestanna þá fann eg öngvan Levíta þar. [16]Þá senda eg af stað Elíeser, Aríel, Semaja, Elnatan, Jaríb, Elnatan, Natan, Sakaría og Mesúllam þá yppustu og Jójaríb og Elnatan þá lærendur. [17]Og eg útsenda þá til Iddó sem var höfðingi í Kaspía að þeir skyldu sækja oss þénara til vors Guðs húss. Og eg lagði fyrir þá hvað þeir skyldu tala með Iddó og hans bræður þá Nethíním í Kaspía. [18]Og þeir færðu oss eftir vors Guðs góðri hendi sem yfir oss var einn lærðan mann af sonum Mahelí sonar Leví, sonar Ísrael, Serebja með sínum sonum og bræðrum, þeir voru átján, [19]og Hasabíam og Jesaja með honum af sonum Merarí með sínum bræðrum og þeirra sonum tuttugu [20]og af þeim Nethíním sem Davíð og höfðingjarnir settu til að þjóna Levítunum tvö hundruð og tuttugu, alla nefnda með nafni.

[21]Og þá eg þar var hjá því vatni Aheva lét eg boða eina föstu svo að vér auðmýktum oss fyrir vorum Guði að biðja hann um réttan veg fyrir oss og vor börn og allt það oss tilheyrði. [22]Því að eg skammaðist mín að biðjast eftir fylgdarmönnum og riddaraliði af kónginum oss til verndar fyrir óvinum á veginum. Því að vér höfðum áður sagt fyrir konunginum: „Vor Guðs hönd er yfir öllum þeim sem hans leita til góða og hans sterkleiki og reiði yfir þeim sem hann yfirgefa.“ [23]Og vér föstuðum og báðum um þetta vorn Guð. Og hann bænheyrði oss.

[24]Og eg útvaldi tólf af þeim yppustu kennimönnum, Serbjam og Hasabíam og tíu af þeirra bræðrum með þeim, [25]og eg vó þeim þar út silfur og gull og kerin sem gefin voru í vors Guðs hús hver að kóngurinn og hans ráðsherrar, höfðingjarnir og allir Israelismenn sem þar fundust höfðu gefið til upplyftingarinnar. [26]Og eg vóg þeim í þeirra hendur upp á vigt sex hundruð og fimmtígi centener silfurs og í silfurkerum hundrað centener silfurs og hundrað centener gulls [27]og tuttugu bikara af gulli hverjir að vógu þúsund gyllini og tvo kostuleg koparker, svo klár sem gull. [28]Og eg sagði til þeirra: „Þér eruð DROTTNI helgaðir, svo eru og kerin heilög, líka svo gull og silfur það sem viljuglega er gefið DROTTNI yðra feðra Guði. [29]Þar fyrir vakið nú og varðveitið þetta þar til þér vegið það út aftur fyrir þeim yppurstum kennimönnum og Levítum og þeim helstum feðrum á meðal Ísrael í Jerúsalem í Guðs húss hirslu.“ [30]Síðan meðtóku kennimennirnir og Levítarnir þetta hið sama vegna silfur, það gull og þau ker og allt annað það sem afhent var og færðu það til Jerúsalem í Guðs hús.

[31]Síðan tókum vér oss upp frá Ahevavatni þann tólfta dag í þeim fyrsta mánaði og fórum á veginn til Jerúsalem. Og vors Guðs hönd var með oss og frelsaði oss frá vorra óvina höndum og frá þeim sem sátu um oss á veginum. [32]Svo komum vér til Jerúsalem og vorum þar þrjá daga. [33]En á þeim fjórða degi var silfrið, gullið og kerin allt saman vegið í vors Guðs húsi fyrir hendur Meremót sonar Úría kennimanns og með honum var Eleasar son Píneas og með þeim Jesabad son

Jesúa og Nóadja sonur Benúí Levíta,
34hver eftir sinni tölu og sinni vigt. En
vigtin var uppskrifuð öll á þeim tíma.
35En þeir herleiðingarsynir sem
komnnir voru af fangelsinu offruðu
Íraels Guði brennifórnum, tólf uxum
fyrir allan Ísrael, sex og níutígi hrút-
um, sjö lömbum og sjötígi og tólf höfr-
um til syndoffurs, allt saman til brenni-
fórnar fyrir DROTTNI. 36Síðan afhentu
þeir kóngsins embættismönnum og
landsfóvitum þessumegin vatsins
kóngsins boðskap. og þeir upphófu síð-
an fólkið og Guðs hús.

9 Eftir þetta allt gengu þeir hinu
yppörstu til mín og sögðu:
„Ísraelsfólk, prestarnir og Levítarnir
eru eigi skildir frá fólkinu í landinu eft-
ir þeirra svívirðingum, sem er Chan-
aniter, Hetiter, Pheresiter, Jebusiter,
Ammoniter, Moabiter, Egyptar og Am-
orítaþjóðir, 2því að þeir hafa tekið
þeirra dætur og syni og samanblandað
því heilaga sæði við landsins fólk og
hendur höfðingjanna og ráðsherranna
voru helstar í þessum misgjörningi.“
3En sem eg heyrði þetta þá reif eg mín
klæði og minn möttul, eg reif og mitt
hár og skegg og sat einsamall. 4En allir
þeir sem óttuðust Israelis Guðs orð
söfnuðust til mín sökum þvílíkrar
stórrar yfirtroðslu. Og eg sat einsamall
allt til kveldoffurs.
5En um kveldsoffrið stóð eg upp af
minni hryggð, sundurrífandi mín klæði
og mitt yfirfat og fallandi á mín kné og
útbreiddi mínar hendur til DROTTINS
míns Guðs 6og sagði: „Minn Guð, eg
skömmunst mín og hef ekki djörfung
að upplyfta mínum augum til þín, minn
Guð, því að vorar syndir eru vaxnar
yfir vort höfuð og vor misgjörningur
tekur allt í himininn. 7Frá vorra for-
feðra dögum höfum vér verið í stórum
sökum allt til þessa dags og fyrir sakir
vorra misgjörninga erum vér og vorir
kóngar og kennimenn gefnir undir
annarlegra kónga hendur í öðrum
löndum, undir sverðið, til herleiðingar,
til ráns og kinnroða, svo sem enn sker
á þessum degi. 8En nú er oss ein lítil og
fljótleg náð sken af vorum DROTTNI
Guði að þar er enn nú nokkuð af oss
eftir orðið so að hann gefi oss einn
nagla í sínum heilaga stað svo að vor
Guð upplyfti vor augu og gæfi oss eitt
lítið líf í vorum þrældómi. 9Því vér
erum þénarar en vor Guð yfirgefur oss
ekki í vorum þrældómi og hann hefur
snúið sinni miskunnsemi til vor fyrir
kóngunum í Persia að þeir hafa látið
oss lifa og hafa upphafið vors Guðs hús
og endurbætt þess niðurfall og gefið
oss eina girðing í Júda og Jerúsalem.
10Nú hvað skulum vér segja, vor Guð,
sökum þess að vér höfum yfirgefið þín
boð 11sem þú hefur boðið og sagt við
þína þénara og spámenn: Það land í
hvert þér komið til að eignast það það
er eitt saurugt land sökum fólksins
óhreinleika sem í landinu er og þeirra
margfaldlegra svívirðinga með hverj-
um þeir hafa það fullt gjört með alls-
háttuð óhreinindi bæði hér og þar.
12Svo skulu þér nú ekki gefa þeirra
dætur yðrum sonum, eigi heldur skulu
þér taka þeirra sonu til yðra dætra og
leitið ekki þeirra friðar né góða æv-
inlega svo að þér verðið megtugir og etið
af þeim gæðum í landinu og gefið það
yðar afkvæmi til arfs ævinlega. 13Og
sökum alls þess sem nú er komið yfir
oss fyri vorra vondra misgjörninga
sakir og sökum vorra stórra synda þá
hefur þú, vor Guð, þyrmt vorum illsk-
um og gefið oss eina frelsan so sem
það stendur fyrir vorum augum. 14En
vér höfum umsnúið oss og forlétum
þín boð og gjörðum tengdir við fólk
þessara svívirðinga. Viltu þá vera reið-
ur við oss þar til það er með öllu úti að
þar er ekkert eftir og að engin viðhjálp
verður? 15DROTTINN Israelis Guð, þú ert
réttlátur því að vér erum eftir orðnir til
að frelsast so sem það á þessum degi

fyrir sjónum er. Sjá nú, vér erum fyrir þér með vora skuld því enginn kann að standast fyrir þér þess vegna.“

10 En sem Esdra hafði so beðið og játað grátandi og lá fyrir Guðs húsi þá samansafnaðist einn mikill mannfjöldi til hans af Ísrael, menn, kvinnur og börn, því fólkið grét mjög beisklega. [2]En Sekanja son Jehíel af sonum Elam, þá hann sá þvílíkt sagði hann til Esdram: „Nú vel, vér höfum misgjört í móti vorum Guði í því að vér höfum tekið oss annarlegar eiginkvinnur af landsins fólki. Enn skal Ísrael hafa von vegna þessa. [3]Gjörum því eitt sáttmál við vorn Guð að vér látum frá oss allar þessar kvinnur og það sem fætt er af þeim, eftir DROTTINS ráði og þeirra sem að óttast vors Guðs boðorð svo að vér gjörum eftir lögmálinu. [4]Því tak þig upp, það ber þér, vér viljum fylgja þér, ver hughraustur og gjör það.“ [5]Þá stóð Esdra upp og tók einn eið af þeim yppustum kennimönnum og Levítum og af öllum Ísrael að þeir skyldu gjöra eftir þessum orðum. Og þeir sóru eiðinn.

[6]En sem Esdra stóð upp fyrir Guðs húsi gekk hann inn í herbergi Jóhanan sonar Eljasíb og þá er hann kom þar þá vildi hann einskis brauðs neyta né vatn drekka því hann grét þeirra yfirtroðslu sem í fangelsinu höfðu verið. [7]Og þér létu úthrópa í Júda og Jerúsalem til allra þeirra sem fangaðir höfðu verið að þeir skyldu samansafnast til Jerúsalem [8]og hver sem ekki kæmi innan þriggja daga, eftir ráði og boði þeirra hinna yppustu og elstu, þeirra eignir skyldu uppnæmar verða og sá skyldi útrekast frá samlagi þeirra herteknu.

[9]Þá komu saman allir menn af Júda og Benjamín til Jerúsalem í þrjá daga, það var á þeim tuttugasta degi í þeim níunda mánuði. Og allt fólkið sat á því stræti sem lá til Guðs húss, skalf og bifaði sökum þessa málefnis og sökum regns. [10]Og Esdra kennimaður reis upp og sagði til þeirra: „Þér hafið misgjört í því að þér tókuð annarlegar eiginkvinnur og hafið aukið hér með Israelis synd. [11]Þar fyrir viðurkennið nú DROTTIN yðra feðra Guð og gjörið það honum þóknast og skiljið yður frá landsins fólki og frá þeim annarlegu eiginkvinnum.“ [12]Þá svaraði allur almúginn og sagði með hárri raustu: „Verði so sem þú hefur sagt oss. [13]En fólkið er margt og votviðri er so að fólkið má eigi standa úti. So er það og eigi heldur eins dags verk eður tveggja því að fjöldi af oss hefur framið þennan misgjörning. [14]Látum oss tilsetja vora höfðingja meðal alls almúgans að þeir allir sem eru í vorum stöðum og til sín hafa tekið annarlegar kvinnur að þeir komi á tilsettum tíma og með þeim öldungar af sérhverjum stað og þeirra dómendur þar til að vors Guðs reiði verndast frá oss sökum þessarar syndar.“ [15]Þá voru tilsettir Jónatan son Assahel og Jóhasía son Tikúa yfir þetta málefni og Mesúllam og Sabitaí Levítar hjálpuðu þeim.

[16]Og herleiðingarsynir gjörðu so. Og Esdra kennimaður og þeir yppustu feður í þeirra feðra húsi og þeir allir sem nú eru nefndir skildu þá að og settu sig hér til á þeim fyrsta degi í þeim tíunda mánaði að rannsaka þetta málefni. [17]Og þeir fullkomnuðu þetta hjá öllum mönnum þeir sem höfðu annarlegar kvinnur tekið allt til þess fyrsta dags í þeim fyrsta mánaði.

[18]Og þar urðu fundnir meðal prestanna sona sem að tekið höfðu annarlegar kvinnur, sem að voru á meðal sona Jesúa sonar Jósedek og hans bræðra Maeseja, Elíeser, Jaríb og Gedalja. [19]Og þeir gáfu sína hönd þar upp á að þeir skyldu útleiða þessar kvinnur og gefa einn hrút til syndaoffurs fyrir þeirra sök. [20]Á meðal sona Immer Hananí og Sebadja. [21]Á meðal sona Harím Maeseja, Elía, Semaja,

Jehíel og Úsía. [22]Á meðal sona Pashúr Elíóenaí, Maeseja, Ísmael, Netaneel, Jósabad og Eleasa. [23]Á meðal Levítanna Jósabad, Símeí, Kelaja (hann er Klíta), Petahja, Júda og Elíeser. [24]Á meðal söngvaranna Eljasíb. En á meðal dyraverðanna Sallúm, Telem og Úrí. [25]Af Ísrael á meðal sona Pareos: Ramja, Jesía, Malkía, Mejamín, Eleasar, Malkía og Benaja. [26]Á meðal sona Elam: Matanja, Sakaría, Jehíel, Abdí, Jerímót og Elía. [27]Á meðal sona Satú: Elíóenaí, Eljasíb, Matanja, Jerímót, Sabad, Asísa. [28]Á meðal sona Bebaí: Jóhanan, Hananja, Sebaí og Atlaí. [29]Á meðal sona Baní: Mesúllam, Mallúk, Adaja, Jasúb, Sóal og Jaremót. [30]Á meðal sona Pahat Móab: Adna, Kelal, Benaja, Maeseja, Matanja, Besaleel, Benúí og Manasse. [31]Á meðal sona Harím: Elíeser, Jesía, Malkía, Semaja, Símeon, [32]Benjamín, Mallúk og Samarja. [33]Á meðal sona Hasúm: Mattnaí, Matata, Sabad, Elífelet, Jeremaí, Manasse og Semeí. [34]Á meðal sona Baní: Maedaí, Amram, Húel, [35]Benaja, Kelúm, Bedaja, [36]Naja, Neremót, Eljasíb, [37]Matanja, Matnaí, Jaesaú, [38]Baní, Benúí, Símeí, [39]Selemja, Natan, Adaja, [40]Maknadbaí, Sasaí, Saraí, [41]Asareel, Selemja, Samarja, [42]Sallúm, Amarja og Jósef. [43]Á meðal sona Nebó: Jeíel, Matitja, Sabad, Sebína, Jaddaí, Jóel og Benaja. [44]Þessir höfðu allir tekið framandi kvinnur og þar voru nokkrar þær kvinnur af þessum sem börn höfðu fætt.

Endir á bókinni Esdra.

NEHEMÍAS BÓK

1 Þessir eru gjörningar Nehemía sem
var sonur Hakalía. Það skeði í þeim
mánaði kíslef á því tuttugasta ári að eg
var á slotinu Súsan. 2Þá kom Hananí,
einn af mínum bræðrum, og nokkrir
menn með honum frá Júda. Og eg
spurða þá að: „Hvernig gengur
Gyðingunum sem að frelsaðir eru og
eftir eru orðnir af því fangelsi?“ Svo og
líka hvernin að til gengi í Jerúsalem.
3En þeir svöruðu mér og sögðu að þeir
sem eftir eru af herleiðingunni, þeir
eru þar í landinu í stórri ólukku og fyr-
irlitningu. Múrveggir Jerúsalem eru
niðurbrotnir og staðarins port upp-
brennd með eldi.

4En sem eg heyrði svoddan orð sat
eg, grét og syrgði í tvo daga og fastaði
og eg baðst fyrir í augliti Guðs á himn-
um 5og sagði: „Drottinn Guð á himn-
um, þú hinn mikli og hræðilegi Guð
sem að heldur sáttmála og miskunn við
þá sem elska þig og þín boðorð varð-
veita, 6lát þín eyru merkja þetta og að
þín augu séu opin so að þú heyrir bæn
þíns þénara sem eg bið í augliti þínu
dag og nótt fyrir þínum þénörum
Ísraelssonum og eg meðkenni marg-
faldar syndir Israelissona sem vér höf-
um gjört í móti þér, 7líka svo eg og míns
föðurs hús höfum og syndgast. Vér
erum og svo fordjarfaðir að vér höfum
ekki haldið þau boðorð, bífalningar og
réttindi sem þú hefur boðið þínum
þénara Mosi. 8En minnst þú á það orð
sem þú bauðst þínum þénara Móse og
sagðir: Nær þér misgjörið og gangið af
mínum boðorðum þá vil eg dreifa yður
á millum heiðingjanna. 9En ef þér snúið
yður til mín og haldið mín boðorð og
gjörið þau – og þó þér væruð útreknir
til hins yðsta heimsins enda, þá vil eg
þó safna yður saman og færa yður til
þess staðar sem eg hefi útvalið hvar að
mitt nafn skal búa. 10Þeir eru þó þínir
þénarar og þitt fólk hvert þú hefur
frelsað með þinni mikilli magt og þinni
megtugri hendi. 11Ó Drottinn, lát þín
eyru gætur gefa að bæn þíns þénara og
að bæn þinna þénara, þeir sem girnast
að óttast þitt nafn, og gef þínum þjón í
dag lukku og gef honum miskunn fyrir
þessum manni.“ Því að eg var kóngsins
skenkjari.

2 Á því tuttugasta ári Artaxerxes
kóngs í þeim mánuði Níssan þá að
vínið stóð fyrir honum þá tók eg vínið
og rétta eg það að kónginum og eg sá
mjög sorglega út fyrir honum. 2Þá sagði
kóngurinn til mín: „Því ert þú so dapur
að sjá en ert þó ekki sjúkur? Það er eigi
þess kyns heldur ert þú hugsjúkur.“ Og
eg varð mjög óttasleginn 3og sagði til
kóngsins: „Minn herra kóngur lifi æv-
inlega. Skyldi eg ekki dapur vera? Því
sú borgin sem minna feðra greftrarhús
er í liggur í eyði og hennar port eru
uppbrennd með eldi.“ 4Þá sagði
kóngurinn til mín: „Eftir hverju beiðist
þú þá?“ Þá bað eg Guð á himnum 5og
sagði til kóngsins: „Sé það kóngsins vilji
og þóknist þinn þénari þér að þú viljir
þá senda mig til Júda, til minna feðra
legstaðar, að eg mætti uppbyggja
hann.“ 6Þá svaraði kóngurinn mér og
drottningin sem sat hjá honum:
„Hversu lengi verður þú á leiðinni og
nær vilt þú koma aftur?“ Og það þókn-
aðist kónginum og hann gaf mér farar-
leyfi. 7Og eg setti honum ákveðinn
tíma. Og eg sagða til kóngsins: „Sé það
kóngsins vilji þá gefi hann mér bréf til
landsfóvitanna sem hinumegin vatsins
eru að þeir fylgi mér þar yfir um þar til
eg kem í Judeam, 8so og bréf til Assaf
kóngsins höfðingja yfir skógunum, að
hann gefi mér viðu til bjálka til port-
anna í kóngsins herbergi sem er hjá
musterinu og staðarmúrunum og til
þess hússins í hvert eg fer.“ Og kóngur-
inn gaf mér eftir því sem míns góða

Guðs hönd var yfir mér. [9]Og sem eg kom til landsfóvitanna hinumegin vatsins fékk eg þeim kóngsins bréf. Og kóngurinn sendi höfuðsmenn og riddaralið með mér. [10]En sem Saneballat Horoniter og Tobías einn Ammoniter þénari heyrðu þvílíkt þá gramdist þeim mjög við þetta að þar var einn maður kominn sá nokkurs góðs vildi leita Israelissonum. [11]En sem eg kom til Jerúsalem og hafði verið þar í þrjá daga [12]tók eg mig upp um nótt og fáir menn með mér því að eg sagða öngvum manni hvað minn Guð hafði gefið mér í sinni að gjöra í Jerúsalem og þar var engin lifandi skepna með mér utan það dýr sem eg reið á. [13]Og eg reið um nóttina út af því Dalsportinu hjá Drekabrunni og til þess Mykjuports og það angraði mig að Jerúsalem múrveggir voru so niðurbrotnir og borgarhliðin svo uppbrennd. [14]Og eg gekk yfir til Brunnportsins og til kóngsins fiskidíkis og þar var ekkert rúm að mitt dýr kynni að ganga fram undir mér. [15]Þá fór eg um nóttina að læknum og það angraði mig að eg sá svo til múranna. Eftir það sneri eg mér og kom svo heim aftur að Dalportinu. [16]En fyrirmennirnir vissu ekki hvert eg var farinn eða hvað eg gjörða. Því að allt hér til hafða eg ekki neitt sagt Gyðingunum, prestunum, ráðsherrunum og þeim yppustu eður nokkrum öðrum sem voru að verkinu.

[17]Þá sagða eg til þeirra: „Þér sjáið í hverri ólukku að vér erum staddir að Jerúsalem er í eyði og hennar port eru uppbrennd með eldi. Komið og byggjum upp múra Jerúsalem svo vér séum ekki lengur svo forsmáðir. [18]Og eg kunngjörði þeim öllum míns Guðs hönd hver eð góð var yfir mér, svo og kóngsins orð sem hann sagði til mín. Og þeir andsvöruðu: „Tökum oss upp og uppbyggjum þá.“ Og vér byggðum og þeirra hendur styrktust til hins góða. [19]En sem þeir Senaballat Horonites og Tobía sá Ammonites þénari af Gósem af Arabia heyrði þetta þá spottuðu þeir oss og sögðu: „Hvað er það sem þér gjörið? Vilji þér enn falla frá kónginum?“ [20]Þá svaraði eg þeim og sagða: „Guð á himnum mun láta oss þetta vel lukkast því vér, hans þénarar, höfum tekið oss upp til þessarar byggingar. En þér eigið ekkert hlutskipti né réttindi né nokkra minning í Jerúsalem.“

3 Og Eljasíb kennimannahöfðingi tók sig upp með sínum bræðrum prestunum og uppbyggðu Sauðaportið. Þeir helguðu það og bjuggu um portdyrnar og helguðu það allt til turnsins Mea sem er allt að turni Hananeel. [2]Næst honum byggðu menn af Jeríkó og hjá honum Sakúr son Imrí. [3]En synir Senaja byggðu upp Fiskiportið og þöktu það og settu þar fyrir hurð, lása og grindurnar. [4]Og næst þeim uppbyggði Meremót son Úría, sonar Hakós, og Mesúllam son Berekía Mesesa sonar Beel byggði hjá þeim. Næst þeim byggði Sadók son Baena. [5]Næst þeim byggðu þeir af Tekóa. En þeirra voldugir lögðu ekki sína hálsa undir þjónustu þeirra HERRA.

[6]Það gamla port uppbyggði Jójada son Passea og Mesúllam son Besódía. Þeir þöktu það og settu fyrir hurð, lása og grindur. [7]Næst honum byggði Melatja af Gíbeon og Jadón af Merónó, þeir menn af Gíbeon og Mispa hjá landsfóvitans stóli á þá síðu vatsins. [8]Næst honum uppbyggði Úsíel gullsmiður son Harhaja. Næst honum byggði Hananja sonur smyrslamakarans og þeir byggðu Jerúsalem allt að þeim breiða múr. [9]Hjá honum byggði Refaja son Húr höfðingi hálfs fjórðungs í Jerúsalem. [10]En hjá honum byggði Jedaja son Harúmap þvert yfir frá hans húsi. Næst honum byggði Hattús son Habenja. [11]En Malkía son Harím og Hasúb son Pahat Móab byggðu tvo parta

og turninn hjá Onenum. [12]Hjá honum byggði Sallúm son Halóhes, höfðingi yfir hálfum fjórðungi í Jerúsalem, hann og hans dætur.

[13]Dalportið byggði Hanúm og borgararnir af Sanóa, þeir byggðu þær og settu dyr fyrir með lásum, grindum, þúsund álna af múrnum allt til Mykjuportsins. [14]En Mykjuportið uppbyggði Malkía son Rekab fjórðungshöfðingi víngarðsins. Hann byggði það og setti fyrir hurðir, lása og grindur.

[15]En Brunnportið byggði Sallúm son Kal Hóse, höfðingi í Mispa. Hann byggði það og þakti, lét fyri hurð, lás og grind, þar með múrinn hjá Sílóa, fiskadíkið hjá kóngsins aldingarði allt að þeim tröppum sem liggja niður hjá Davíðsstað. [16]Næst honum byggði Nehemía son Asbúk, höfðingi yfir hálfri Het Súr, allt til Davíðs grafar og allt að fiskadíki Asvía og allt að kappaherbergi. [17]Þar næst byggðu Levítarnir: Rehúm son Baní. Næst honum byggði Hasabja höfðingi hálfs þorpsins Kegíla í sínum fjórðungi. [18]Næst honum byggðu þeirra bræður Bavaí son Hanadad hálfshlutarhöfðingi í Kegíla. [19]Næst honum byggði Eser son Jesúa, höfðingi í Mispa, tvo hluti allt að því viki sem liggur hjá vopnahúsinu. [20]Næst honum á bjarginu byggði Barúk son Sebaí tvo hluti af vikinu allt til húsdyra Eljasíb yppasta kennimanns. [21]Næst honum byggði Jerímót son Úría sonar Hakós tvo hluti frá Eljasíb húsdyrum og allt til endans á Eljasíb húsi. [22]Næst honum byggðu prestarnir og þeir menn sem komnir voru af mörkunum. [23]Eftir þá byggði Benjamín og Hasúb þvert frá þeirra húsum. Næst honum byggði Asarja son Maeseja, sonar Ananja, hjá sínu húsi. [24]Næst honum byggði Benúí son Neadad tvo parta frá Assaría húsi allt til þess afkima sem var hjá horni staðarins. [25]Palal son Úsaí mót horninu og að þeim háa turni sem sést frá kóngsins húsi hjá myrkvastofugarðinum. Næst honum byggði Pedaja son Pareos. [26]En þeir Nethíním bjuggu hjá Ófel allt til Vatsportsins í móti austri þar sem turninn stendur fram. [27]Honum næst byggðu þeir af Tekóa tvo hluti mót þeim stóra turni þá fyrst hann framkemur og allt að múrnum Ófel.

[28]En frá Hestaportinu byggði hver kennimannanna gegnt sínu húsi. [29]Næst því byggði Sadók son Immer gegnt sínu húsi. Næst honum byggði Semaja son Sekanja dyravörður í mót austri. [30]Næst honum byggði Hananja son Selmía og Hanúm son Salaf þann sjötti tvo hluti. Eftir hann byggði Mesúllam son Berekía gegnt hans fé-hirslu. [31]Næst honum byggði Malkía son gullsmiðsins allt að húsi Nethíním og kaupmanna gegnt Ráðhúsporti og til salsins hjá horninu. [32]En gullsmiðirnir og kaupmenn uppbyggðu millum salsins og Sauðaportsins.

4 En þegar Saneballat frétti þetta að vér byggðum upp múrinn varð hann styggur og mjög reiður, hæddi Gyðingana [2]og sagði sínum bræðrum og þeim megtugum í Samaria: „Hvað gjöra þeir vanmegtugu Gyðingar? Eða skal þeim líðast þetta? Skulu þeir offra? Skulu þeir þvílíkt framkvæma á einum degi? Skulu þeir þá steina lifandi gjöra sem ekki eru annars en forbrennd öskudyngja?“ [3]En Tobías Ammoniter sem var næstur honum sagði: „Látið þá byggja – ef að refar fara þangað, þeir skyldu vel geta rifið niður þeirra steinveggi!“ [4]Heyr, vor Guð, hversu vér erum forsmáðir! Lát þú spott þeirra koma þeim í koll og gef þá í forsmán í þeirra herleiðingarlandi. [5]Lát ekki hyljast þeirra misgjörninga og afmá ekki þeirra syndir fyrir þér. Því að þeir hafa sturlað byggingarfólkið.

[6]En vér byggðum múrinn og settum hann aldeilis saman og til hans hálfrar hæðar og fólkið fékk hugarhressing til að erfiða. [7]Þá Saneballat, Tobía og þeir

Arabi og Ammoniter og Asdoditer
heyrðu það að múrinn í Jerúsalem var
endurbættur og þeir voru teknir til að
bæta það sem brotið var urðu þeir mjög
reiðir. 8Og allir þeir bundu með sér eitt
ráð að þeir vildu koma og stríða á mót
Jerúsalem og gjöra þeim umsátur þar
inni. 9En vér báðum til Guðs vors og
settum vökumenn og vaktara yfir múr-
num nótt og dag í móti þeim.

10Þá sagði Júda: „Menn eru þreyttir af
byrðum en moldir eru miklar svo vér
getum ekki byggt upp á múrnum.“
11Vorir mótstandarar sögðu: „Þeir skulu
hverki sjá né vita af fyrr en vér komum
mitt á millum þeirra og sláum þá í hel
svo að hindrist þeirra gjörningur.“ 12En
þá þeir Gyðingar sem bjuggu hjá þeim
komu vel tíu sinnum til vor og sögðu
oss þetta úr öllum áttum þar þeir
bjuggu í kringum oss 13þá skipaði eg
fólkinu niður á bak við múrinn í graf-
irnar eftir þeirra ætterni með þeirra
sverðum, spjótum og bogum. 14Og eg sá
til og tók mig upp og sagða til ráðs-
herrana og höfðingjanna og til fólksins:
„Óttist þá ekki. Þenkið á þann mikla og
ógurlega GUÐ og stríðið fyrir yðar
bræður, syni, dætur, kvinnur og heim-
ili.“

15En þá vorir óvinir heyrðu að vér
vorum orðnir þessa vísir þá gjörði Guð
þeirra ráðagjörð að öngvu. En vér allir
snerum til múrsins aftur, hver til síns
arfiðis. 16Og það skeði eftir þann dag að
hálfpart af þeim ungu mönnum erf-
iðuðu en annar helmingur af þeim hélt
á spjótunum, sverðunum, bogunum,
skjöldum og brynjum. Og þeir yppustu
stóðu til baka af öllu Júda húsi. 17Þeir
sem byggðu upp múrinn og báru byrð-
ar frá þeim sem lögðu upp á þá, með
einni hendi frömdu þeir arfiði en með
annarri héldu þeir á vopnunum. 18Og
allir þeir sem voru að byggja höfðu sín
sverð bundin við síðu og byggðu so. En
sá sem blés í básúnuna, hann stóð hjá
mér. 19Og eg sagða til ráðsherranna og
þeirra yppörstu og þess annars fólks:
„Þessi gjörningur er mikill og víður en
vér erum aðskildir langt hver frá öðr-
um upp á múrnum. 20Þar fyrir í hverj-
um stað sem þér heyrið nú lúðurinn
gella þá safnist þangað til vor. Vor Guð
mun berjast fyri oss.

21So viljum vér arfiða upp á vorn
gjörning.“ Og helmingur fólksins hélt á
vopnunum frá því að dagaði á morna
og allt til kvelds þá stjörnur sáust. 22Og
eg sagða til fólksins í þann tíma að hver
og einn skyldi vera með sína þénara á
næturnar í Jerúsalem so vér mættum
halda vörð um nætur en erfiða dagana.
23En eg og mínir bræður og mínir
sveinar og þeir menn sem vöktu eftir
mér, vér fórum ekki af vorum klæðum
og hver yfirgaf að lauga sig.

5 Þar upphófst mikið kall með fólk-
inu á meðal þeirra kvenna í mót
þeirra bræðrum. 2Og þar voru nokkrir
sem svo sögðu: „Vorir synir eru margir
og vorar dætur eru margar, tökum
korn oss til fæðslu svo vér megum lifa.“
3En sumir sögðu svo: „Setjum til panta
vora akra, hús og víngarða svo vér
megum fá korn í þessari hallæristíð.“
4Sumir sögðu svo: „Tökum til láns pen-
inga af kóngsins skatti og setjum í
borgun vora akra og víngarða. 5Því að
vorra bræðra líf er svo sem vort líf og
þeirra barna so sem vorra barna,
annars verðum vér að gefa vora sonu
og dætur í þrældóm. Og alla reiðu eru
þar komnar nokkrar af vorum dætrum
í þrældóm og vér höfum ekki með
hverju vér megum leysa þær. So eru og
vorir akrar og víngarðar komnir undir
aðra.“

6En þá eg heyrða þeirra kall og slík
þeirra orð varð eg mjög reiður. 7Og eg
tók það ráð í mínu hjarta að eg straffaði
ráðsherrana og þá yppörstu og eg
sagða til þeirra: „Vill hver yðar einn
útokra annan?“ Og eg safnaði miklum
almúga í móti þeim 8og sagði til þeirra:

„Vér höfum keypt vora bræður Gyðingana eftir vorum mætti sem að seldir voru heiðingjum. Og þér viljið selja yðar bræður sem vér höfum keypt til vor?“ Þá þögðu þeir og gátu öngvu svarað. 9Og eg sagða: „Það er ekki rétt sem þér gjörið. Skyldu þér ekki ganga í Guðs ótta svo heiðingjarnir vorir óvnir brígsli oss ekki? 10Eg og mínir bræður og mínir þénarar höfum lánað þeim korn og peninga en okrið létum vér eftir vera. 11Þar fyrir gefið þeim aftur þennan dag þeirra akra, víngarða, viðsmjörsgarða og hús og þann hundraðasta part peninga á korni, víni og viðsmjöri sem þér hafið okrað af þeim.“ 12Þeir svöruðu: „Vér viljum gefa þá aftur og einskis krefja af þeim og vér viljum gjöra allt svo sem þú hefur sagt.“ Og eg kallaði á kennimennina og tók einn eið af þeim að þeir skyldu so gjöra. 13Eg úthristi minn barm og sagði: „Svo úthristi Guð hvern mann frá sínu húsi og frá sínu arfiði, hver sem ekki uppfyllir þessi orð, að hann sé úthristur og tómur.“ Og allur söfnuðurinn sagði: „Amen.“ Og þeir lofuðu DROTTIN. Og fólkið gjörði og svo sem sagt var.

14En frá þessum tíma sem mér bífalað var að vera einn landsfóviti í Gyðingalandi, sem var frá tuttugasta ári og til þess tólfta og tuttugasta árs Artaxerxes kóngs, það eru tólf ár. Þá fædda eg mig og mína ekki af landsfóvitakosti 15því þeir fyrri landsfóvitar sem verið höfðu fyrir mér höfðu þvingað fólkið og tekið brauð og vín frá því, þar með fjörutígi siclos silfurs. Svo og létu þeir sína þénari veita fólkinu yfirgang. En eg gjörði ekki svo fyrir sökum Guðs ótta. 16Og eg erfiðaði að múrveggjasmíðinu og keypti öngvan akur og allir mínir þénarar urðu að koma þangað að erfiða. 17Og að auk þessa voru af Gyðingunum og þeim æðstu mönnum hundrað og fimmtígi við mitt borð hverjir komnir voru til mín frá heiðingjunum sem í kringum oss eru. 18Og eg hafði til borðhalds hvern dag einn uxa og sex útvalda sauði og fugla og allsháttað vín ofurmikið innan hvers tíunda dags. Þó krafða eg ekki landsfóvitans kostar því að þjónustan var þung fólkinu. 19Minn Guð, minnst þú mín til hins góða eftir öllu því sem eg hefi gjört þessu fólki.

6 Nú sem Saneballat, Tobía og Gósem Arabiter og aðrir vorir óvinir spurðu þetta að eg hefði uppbyggt múrinn og bætt so að þar fannst hvergi sprunga á múrnum (en eigi hafða eg þá enn búið um hurðirnar í hliðunum) 2þá sendi Saneballat og Gósem boð til mín og létu segja mér: „Kom og setjum vorn fund með oss á landsbyggðunum á þeim velli Ónó.“ En þeir þenktu að gjöra mér illt. 3Eg sendi þeim boð aftur og lét segja þeim: „Eg hefi mikið arfiði fyrir höndum, eigi kann eg að koma þangað, annars forsómast það verk ef eg tek mína hönd þar frá og fer eg ofan til yðar.“ 4Þeir sendu mér boð vel í fjórar reisur með sömum orðum en eg gaf þeimið sama svar aftur. 5Í fimmta sinn sendi Saneballat sinn eigin þénara til mín hver eð hafði eitt opið bréf í sinni höndu 6í hverju að svo stóð: „Það er komið fyrir heiðingjana og Gósem hefur það sagt að þú og Gyðingarnir þenkja sér að gjöra uppreist og því keppist þú við að byggja þennan múr að þú vilt vera þeirra kóngur fyrir þetta. 7Þú hefur og sett til spámennina sem skyldu úthrópa í Jerúsalem um þig og segja: Hann er kóngur Gyðinga! Nú mun slíkt koma fyrir kónginn. Þar fyrir kom nú og látum oss ráðgast hver við annan hér um.“ 8En eg sendi honum boð aftur og lét svo segja: „Ekki er svo skeð sem þú segir. Soddan hefur þú uppkveikt í þínu hjarta.“ 9Því þeir vildu allir gjöra oss hrædda og þenktu að vér mundum taka vorar hendur frá verkinu og arfiða ekki meira. En eg styrkti því meir mína hönd.

[10]Og eg kom í Semaja hús, sonar Delaja, sonar Maethabel, og hann hafði lukt sig inni og sagði: „Látum oss koma saman í Guðs hús, mitt í musterinu, og lokum aftur musterisins dyrum. Því að þeir munu koma og slá þig í hel og í nótt koma þeir að deyða þig.“ [11]Eg svaraði: „Skal minn líki flýja? Skal slíkur maður sem eg er fara í musterið að forða lífi sínu? Eg vil ekki fara þangað.“ [12]Því eg merkta vel að Guð hafði ekki útsent hann því að hann spáði þessa um mig. En Tobía og Saneballat höfðu gefið honum peninga [13]og því tók hann peningana að eg skyldi vera hræddur og svo gjöra og syndgast so þeir hefði nokkuð illt að brígsla mér með. [14]Minn Guð, minnst þú á Tobía og Saneballat eftir þessum þeirra gjörningum og á þann spámann Nóadja og á þá aðra spámenn sem mig vildu hræða.

[15]Síðan urðu múrveggirnir albúnir þann fimmta og tuttugasta dag í elúlmánuði, á tólf og fjörutígi dögum. [16]Og sem allir óvinir vorir það heyrðu þá óttuðust allir heiðingjar þeir sem í kringum oss voru svo öll þeirra hreysti féll. Því að þeir merktu að soddan gjörningur var af Guði. [17]Og á þeim tímum voru þeir margir af Júda höfðingjum að þeirra bréf gengu til Tobiam og frá Tobía til þeirra. [18]Því að þar voru margir í Júda sem voru eiðsvarar hans því hann var mágur Sakanja sonar Ara og hans Jóhanan hafði dóttir Mesúllam sonar Berekía. [19]Og þeir hældu honum fyrir mér og fluttu honum mín orð. Og Tobías sendi bréf að skelfa mig.

7 Þá vér höfðum nú uppbyggt múrveggina þá bjó eg um borgarhliðin og tilsetti varðhaldsmenn, söngvara og Levítana. [2]Og eg bífalaði mínum bróður Hananí og Hananja, þeim hallarfóvita í Jerúsalem (því hann var einn trúfastur maður og guðhræddur fram yfir marga aðra) [3]og eg sagða til þeirra: „Eigi skulu upplátast Jerúsalems port fyrr en heitt er orðið af sólu. Og þá enn er verið að arfiða, þá skulu portin aftur afturlykjast og strengjast.“ [4]Og þar voru vökumenn settir af borgarmönnum Jerúsalem hver upp á sinni vakt og hjá sínu húsi. Því borgin var víð, rúm og stór en fólk var fátt í henni og húsin voru ekki byggð.

[5]Og minn Guð gaf mér í hjarta að eg samansafnaði ráðsherrunum og höfðingjönum og svo fólkinu að reikna það. Og eg fann eitt skráð manntal þeirra sem áður voru komnir [6]og eg fann í því skrifað að þetta eru landsins synir sem upp eru komnir af fangelsinu hverja Nabúgodonosor kóngur af Babýlon hafði í burt flutt og þjuggu í Jerúsalem og í Júda, hver í sinni borg [7]og voru komnir með Sóróbabel, Jesúa, Nehemía, Asarja, Raamja, Nahemaní, Mardókeó, Bilsan, Misperet, Bigevaí, Nehúm og Baena. Þetta var talan á Ísraelsfólki: [8]Synir Pareos voru tvö þúsund hundrað sjötígi og tveir. [9]Synir Sefatja voru þrjú hundruð sjötígi og tveir. [10]Synir Ara voru sex hundruð fimmtígi og tveir. [11]Synir Pahat Móab á meðal sona Jesúa og Jóab voru tvö þúsund átta hundruð og átján. [12]Synir Elam þúsund tvö hundruð fjórir og fimmtígi. [13]Synir Satú átta hundruð fimm og fjörutígi. [14]Synir Sakaí sjö hundruð og sextígi. [15]Synir Benúí sex hundruð fjörutígi og átta. [16]Synir Bebaí sex hundruð tuttugu og átta. [17]Synir Asgad tvö þúsund þrjú hundruð tuttugu og tveir. [18]Synir Adónikam sex hundruð sextígi og sjö. [19]Synir Bigevaí tvö þúsund sextígi og sjö. [20]Synir Adín sex hundruð fimmtigi og fimm. [21]Synir Ater af Hiskía níutígi og átta. [22]Synir Hasún þrjú hundruð tuttugu og átta. [23]Synir Besaí þrjú hundruð tuttugu og fjórir. [24]Synir Haríf hundrað og tólf. [25]Synir Gíbeon voru níutígi og fimm. [26]Mennirnir af Betlehem og Netófa hundrað áttatígi og átta. [27]Mennirnir af Anatót hundrað tuttugu og átta.

[28]Mennirnir af Bet Asmavet fjörutígi og tveir. [29]Mennirnir af Kirjat Jearím, Kafíra og beerót sjö hundruð fjörutígi og þrír. [30]Mennirnir af Rama og Gaba sex hundruð tuttugu og einn. [31]Mennirnir af Mikmas hundrað tuttugu og tveir. [32]Mennirnir af Betel og Aí hundrað tuttugu og þrír. [33]Mennirnir af annarri Nebó fimmtígi og tveir. [34]Þeir synir annarrar Elam þúsund tvö hundruð fimmtígi og fjórir. [35]Synir Harím þrjú hundruð og tuttugu. [36]Synir Jeríkó þrjú hundrað fjörutígi og fimm. [37]Synir Lód Hadíd og Ónó sjö hundruð tuttugu og einn. [38]Synir Senaa þrjú þúsund níu hundruð og þrjátígi.

[39]Prestarnir synir Jedaja af húsi Jesúa níu hundruð sjötígi og þrír. [40]Synir Immer þúsund fimmtígi og tveir. [41]Synir Pashúr þúsund tvö hundruð fjörutígi og sjö. [42]Synir Harím þúsund og seytján.

[43]Levítarnir: Synir Jesúa af Kadmíel á meðal sona Hódva sjötígi og fjórir. [44]Söngvararnir, synir Assaf hundrað fjörutígi og átta. [45]Dyraverðirnir voru synir Sallúm, synir Ater, synir Talmon, synir Akúb, synir Hatíta, synir Sóbaí, allir til samans hundrað þrjátígi og átta.

[46]Nethíním, synir Síha, synir Hasúfa, synir Tabaót, [47]synir Kerós, synir Sía, synir Padón, [48]synir Líbana, synir Hagaba, synir Salmaí, [49]synir Hanan, synir Gíddel, synir Gahar, [50]synir Reja, synir Resín, synir Nekóda, [51]synir Gasam, synir Úsa, synir Passea, [52]synir Besaí, synir Negúním, synir Nefúsím, [53]synir Bakbúk, synir Hakúfa, synir Harhúr, [54]synir Baslít, synir Mehída, synir Harsa, [55]synir Barkós, synir Sísera, synir Tama, [56]synir Nesía, synir Hatífa.

[57]Synir Salómons þénara voru synir Sótaí, synir Sóferet, synir Prída, [58]synir Jaela, synir Darkón, synir Gíddel, [59]synir Sefatja, synir Hatíl, synir Pókeret af Sebaím, synir Ammón. [60]Allir synir Nethíním og Salomonis þénara voru þrjú hundruð níutígi og tveir.

[61]Þessir ferðuðust og upp: Mítel, Mela, Tel, Harsa, Kerúb, Addón og Immer. En þeir kunnu ekki að segja til um hús sinna feðra eða þeirra ætt hvert þeir væri af Ísrael. [62]Synir Delaja, synir Tobía og synir Nekóda sex hundruð fjörutígi og tveir. [63]Og af prestunum voru synir Hóbaja, synir Hakós, synir Barsillaí, hverjir að tóku eina kvinnu af Barsillaí dætrum Gileaditer og fengu þar af nafn. [64]Þessir leituðu eftir registur sinnar fæðingar og þá þeir fundu það ekki voru þeir útreknir frá kennimannskapnum. [65]Og Hatírsata sagði til þeirra að þeir skyldu ei eta af því allrahelgasta fyrr en einn prestur uppkomi með ljósið *(Urim)* og réttinn *(Thummin)*.

[66]Allur þessi almúgi svo sem einn maður var fjörutígi þúsundir tvö þúsund þrjú hundruð og sextígi, [67]auk þeirra þénarar og ambáttir, það var að tölu sjö þúsund þrjú hundruð þrjátígi og sjö. Þeir höfðu og tvö hundruð fjörutígi og fimm söngvara og söngkvinnur [68]og sjö hundruð þrjátígi og sex hesta, tvö hundruð fjörutígi og fimm múla, [69]fjögur hundruð þrjátígi og fimm úlfalda, sex þúsund sjö hundruð og tuttugu asna.[70]Og nokkrir af þeim yppustum feðrum lögðu kostnað til gjörningsins. Hatírsata gaf í féhirsluna þúsund gyllini og fimmtígi skálir, fimm hundruð og þrjátígi prestakyrtla. [71]Og nokkrir af þeim yppustu feðrum gáfu til fjársjóðarins og til gjörningsins tuttugu þúsund gyllini, tvö þúsund og tvö hundruð pund silfurs. [72]Og það annað almúgafólk gaf tuttugu þúsund gyllini og tvö þúsund pund silfurs og sjö og sextígi prestakyrtla.

[73]Og prestarnir, Levítarnir, dyraverðirnir, söngvararnir og þeir aðrir af fólkinu og þeir Nethíním og allur Ísrael, bjó í sínum stöðum.

8 Nú sem sá hinn sjöundi mánuður
var kominn og allir Ísraelssynir
voru í sínum stöðum samansafnaðist
allur almúginn svo sem einn maður á
því breiða stræti sem liggur fyrir
Vatsportsdyrunum og sagði til Esdra
hins skriftlærða að hann skyldi láta
sækja Móses lögmálsbók sem að
DROTTINN hafði boðið Ísrael. 2Og Esdra
kennimaður bar lögmálsbókina fram
fyrir allan almúgann, bæði menn og
kvinnur og alla þá sem hana kunnu að
skilja, á þeim fyrsta degi þess sjöunda
mánaðar. 3Og hann las í henni á því
breiða stræti hvert eð lá fyrir
Vatsportinu frá því að lýsti um
morguninn og inn til miðdags, fyrir
köllum og konum og hverjum þeim
sem skilja kunni. Og allt fólkið sneri
sínum eyrum til lögmálsbókarinnar.
4En Esdra sá skriftlærði stóð upp á ein-
um háum tröppum af tré hverjar þeir
höfðu gjört að prédika á. Og þar stóðu
hjá honum Matitja, Sema, Anaja, Úría,
Hilkía og Maeseja til hægri handar. En
hjá hans vinstri stóð Padaja, Nísael,
Malkía, Hasúm, Hasbadana, Sakaría og
Mesúllam. 5Og Esdra opnaði bókina
fyrir öllu fólki því hann stóð upp yfir
öllu fólkinu. Og sem hann upplauk
henni þá stóð allt fólkið. 6Og Esdra lof-
aði DROTTIN þann mikla Guð en allt
fólkið svaraði: „Amen, amen“ með sín-
um uppréttum höndum og beygðum
knjám og tilbáðu DROTTIN, fallandi til
jarðar. 7En Jesúa, Baní, Serebja, Jamín,
Akúb, Sabtaí, Hódaja, Maeseja, klíta,
Asarja, Jósabad, Hanan, Plaja og
Levítarnir komu fólkinu til að hugleiða
og gaumgæfa lögmálið. Og fólkið stóð
hver í sínum stað. 8Og þeir lásu Guðs
lögmálsbók klárlega og skilmerkilega
so að allir máttu skilja það þeir lásu.

9Og Nehemías (sem er Hatírsata) og
Esdra kennimaður sá skriftlærði og
Levítarnir sem eggjuðu fólkið til að
hugleiða, þeir sögðu til alls almúgans:
„Þetta er sá dagur sem er helgaður
DROTTNI yðar Guði. Verið því ekki
hryggvir og grátið ekki.“ Því að allt
fólkið grét þá það heyrði lögmálsins
orð. 10Því sagði hann til þeirra: „Farið
og etið af því feita og drekkið af því
hinu sæta, sendið þeim og nokkuð sem
ekki hafa neitt tilreitt því að þessi dag-
ur er helgaður vorum Guði. Þar fyrir
sturlið yður ekki því að gleði DROTTINS
er yðar styrkur.“ 11Og Levítarnir stilltu
allt fólkið og sögðu: „Hafið hljótt því að
þessi dagur er heilagur, hryggist ekki.“
12Og allt fólkið gekk burt að eta og
drekka og sendu einn part þar af og
gjörðu sér einn mikinn fögnuð. Því að
þeir höfðu skilið þau orð sem að lesin
vorur fyrir þeim.

13Og annars dags komu þeir yppustu
feður til samans með öllu fólkinu og
kennimennirnir og Levítarnir til
Esdram þess skriftlærða að hann skyldi
undirvísa þeim í lögmálsins orðum.
14Og þeir fundu skrifað í lögmálinu að
DROTTINN hafði boðið fyrir Mosen að
Ísraelssynir skyldu búa í laufskálum á
þeirri hátíð í þeim sjöunda mánuði.
15Og þeir létu það opinberlega kunn-
gjörast og útberast um allar þeirra
borgir og í Jerúsalem og sögðu: „Farið
út á fjöllin og safnið viðsmjörsviðar-
greinum og öðrum laufviðargreinum af
hörðum trjám, mirrutrjám, pálmviðar-
trjám og greinum af þykkvum trjám
svo vér megum gjöra oss laufskála eftir
því sem skrifað stendur.“

16Og fólkið gekk út, sóttu viðina og
gjörðu sér laufskála hver á sínu þaki og
í sínum garði og í garðinum hjá Guðs
húsi og á því breiða stræti hjá
Vatsportinu og á því breiða stræti hjá
Efraímsporti. 17Og sá allur almúgi af
þeim sem komnir voru aftur af fangels-
inu gjörðu laufskála og byggðu þar í.
Því að Ísraelssynir höfðu ekki so gjört
síðan Jósúa son Núns var og allt til þessa
dags. Og þar var ein mjög stór gleði.
18Þar var og lesið í Guðs lögmálsbók
hvern dag frá þeim fyrsta degi allt til

hins síðasta. Og þeir héldu hátíðina í sjö
daga en á hinum áttunda degi héldu
þeir samkomuna svo sem tilheyrði.

9 Á þeim fjórða og tuttugasta degi
þess sama mánaðar komu Israelis-
synir til samans með föstu og í sekkjum
og höfðu ausið moldu yfir sig. [2]Og þeir
skildu Israelissæði frá öllum öðrum
annarlegum sonum og gengu fram og
játuðu sínar syndir og sinna feðra mis-
gjörðir. [3]Og þeir stóðu upp í sinni stöðu
og þar var lesið fyrir þeim fjórar reisur
um daga í DROTTINS þeirra Guðs lög-
málsbók. Og þeir játuðu sig og tilbáðu
fyrir DROTTNI þeirra Guði fjórum sinn-
um daga. [4]Og Levítarnir stóðu upp á
gráðunum, sem að voru Jesúa, Baní,
Kadmíel, Sebanja, Búní, Serebja, Baní
og Kenaní og kölluðu hárri röddu til
DROTTINS þeirra Guðs [5]og þeir Levítar
Jesúa, Kadmíel, Baní, Hasabenja, Sere-
bja, Hódía, Sebanja, Petahja og sögðu:

„Standið upp og lofið DROTTIN yðvarn
Guð frá eilífð til eilífðar og lofi þeir þitt
dýrðarfulla nafn sem er upphafið með
allri blessan og lofgjörð! [6]DROTTINN, þú
ert alleina, þú hefur skapað himininn
og alla himnnanna himna með öllum
þeirra her, jörðina og allt það sem á
henni er, sjóinn og allt það í honum er.
Alla hluti gjörir þú lifandi og himinsins
her tilbiður þig.

[7]Þú ert sá DROTTINN sem útvaldir
Abram og útleiddir hann frá Úr í Kald-
ealandi og kallaðir hann Abraham. [8]Og
þú fannst hans hjarta trúfast fyrir þér
og þú gjörðir eitt sáttmál við hann að
gefa hans sæði land þeirra Chananiter,
Hethiter, Ammoriter, Pheresiter,
Jebusiter og Girgositer og þú hefur ent
þín orð því þú ert réttlátur. [9]Og þú sást
til eymdar vorra feðra í Egyptalandi og
heyrðir þeirra kall hjá því rauða hafi
[10]og gjörðir teikn og stórmerki á phara-
one og öllum hans þénurum og á öllu
fólki í landinu. Því að þú vissir dramb-
semi þeirra sem þeir sýndu þínum lýð.
Og þú gjörðir honum eitt nafn svo sem
það er enn í dag. [11]Og þú í sundurskipt-
ir sjónum fyrir þeim svo þeir gengu
þurrum fótum mitt í gegnum sjóinn en
kastaðir þeirra ofsóknurum niður í
djúpið so sem steini í mikið vatn. [12]Þú
leiddir þá um daga með einum ský-
stólpa en um nætur með eldlegum
stólpa að lýsa þeim þann veg sem þeir
skyldu fara. [13]Þú stést niður á fjallið
Sínaí og talaðir við þá af himninum og
gafst þeim réttlætisdóma og eitt rétt
lögmál, góð boðorð og setninga. [14]Þú
kunngjörðir þeim þinn heilagan sabbat,
bauðst þeim boðorð, setninga og lög-
mál fyrir Mosen þinn þénara. [15]Og þú
gafst þeim brauð af himnum þá þá
hungraði, lést og uppspretta vatn af
hellusteini þá þá þysti og talaðir til
þeirra að þeir skyldu reisa þangað og
eignast landið yfir hvert þú upplyftir
þinni hendi og gafst þeim það.

[16]En vorir feður urðu drambsamir og
harðsvíraðir svo að þeir vildu ekki
hlýða þínum boðorðum. [17]Og þeir vildu
ekki heyra þau og minntust ekki á þau
stóru undur sem þú gjörðir við þá held-
ur urðu þeir þess þrjóskari og köstuðu
upp einu höfði að snúa sér aftur til
þeirra þrældóms í þeirra óþolinmæði.
En þú, minn DROTTINN, fyrirgafst þeim
það og varst þeim náðugur, miskunn-
samur og þolinmóður af mikilli mis-
kunnsemi og yfirgafst þá ekki. [18]Og þó
að þeir gjörðu steyptan kálf og sögðu:
Þetta er þinn Guð sem útleiddi þig af
Egyptalandi! og gjörðu stóra guðlastan,
[19]þó samt yfirgafst þú þá ekki í eyði-
mörkinni fyri þína miskunnsemi. Og sá
skýstólpi veik ekki frá þeim um dagana
og vísaði þeim réttan veg og eigi heldur
eldsstólpinn um nætur að lýsa þeim á
veginn þann sem þeir gengu. [20]Og þú
gafst þeim þinn góðan anda að undir-
vísa þeim. Og þú vildir ekki taka þitt
manna frá þeirra munni og þú gafst
þeim vatn þá þá þysti. [21]Í fjörutígi ár
fæddir þú þá í eyðimörkinni so þá

skorti ekkert. Þeirra klæði fyrndust ekki og þeirra fætur bólnuðu ekki.
22Þú gafst þeim kóngaríki og þjóðirnar og skiptir þeim hingað og þangað svo þeir eignuðust land Síhon kóngsins í Hesbon og land Óg kóngsins í Basan.
23Og þú fjölgaðir þeirra afkvæmi svo sem stjörnur á himni og þú fluttir þá inn í það land sem þú hafðir lofað þeirra feðrum að þeir skyldu fara þangað og eignast það.
24Og börnin fóru þangað og tóku landið undir sig. Þú niðurþrykktir þá Chananiter landins innbyggjara fyrir þá og gafst þá í þeirra hendur, þeirra kónga og landsins fólk, svo þeir fóru með þá sem þeir vildu.
25Og þeir yfirunnu styrkvar borgir og eitt feitt land og tóku til eignar húsin full af allsháttuðum auðæfum, úthöggna brunna, víngarða, viðsmjörsgarða og aldintré og þeir átu og urðu mettir og feitir og lifðu í lystingum fyrir þína mikla gæsku.
26En þeir urðu óhlýðugir og þrálátir í móti þér og köstuðu þínu lögmáli á bak sér aftur. Og þeir drápu þína spámenn sem vitnuðu fyrir þeim að þeir skyldu snúa sér til þín og gjörðu miklar guðlastanir fyrir þér.
27Því gafst þú þá í þeirra óvina hendur og þeirra sem þá þjáðu. Og þeir kölluðu til þín á sínum hrellingartíma og þú heyrðir þá af himninum ofan og af þinni mikilli miskunnsemi gafst þú þeim frelsara þá sem þeim hjálpuðu af þeirra óvinahöndum.
28En þá þeir voru komnir til sinnar hvíldar sneru þeir sér og gjörðu illt í þínu augliti. Þá yfirgafstu þá í hendur þeirra óvinum, þeir drottnuðu yfir þeim. En sem þeir sneru sér og kölluðu til þín þá bænheyrðir þú þá af himninum og hjálpaðir þeim margar reisur af þinni mikilli miskunnsemi.
29Þú lést bjóða þeim að þeir skyldu snúa sér til þíns lögmáls. En þeir voru drambsamir og hlýddu ekki þínum boðorðum og syndguðust í móti þínum réttindum (hver ef að maðurinn gjörir þá lifir hann í þeim). Þeir sneru sínu baki frá og þverskölluðust og voru ekki hlýðnir.
30Þetta leiðst þú þeim í mörg ár og lést vitna þeim fyrir þinn anda í þínum spámönnum en þeir tóku það ekki sér til eyrna. Þar fyrir gafstu þá í fólksins hendur í landinu.
31En sökum þinnar mikillrar miskunnsemdar afmáðir þú þá eigi með öllu og eigi heldur yfirgafst þú þá því að þú ert náðugur og miskunnsamur Guð.
32Nú vor Guð, þú mikli Guð, styrkur, hræðilegur, þú sem heldur sáttmálann og miskunnsemi, akta þú eigi lítilsverða alla þá armæðu sem yfir oss er komin og vora kónga, höfðingja, presta, propheta, feður og yfir allt fólkið, frá kóngsins tíma í Assyria og allt til þessa dags.
33Þú ert réttlátur í öllu því sem þú hefur látið yfir oss koma því þú gjörðir rétt en vér höfum verið óguðlegir.
34Og vorir kóngar, höfðingjar, kennimenn og feður hafa eigi breytt eftir þínum lögum, eigi heldur aktað þín boðorð og vitnisburði sem þú lést votta fyrir þeim.
35Þeir þjónuðu þér ekki í þeirra ríki og í þínu stóra góssi sem þú gafst þeim og í því víða og feita landi það þú gafst þeim og þeir sneru ekki frá sínu vondu athæfi.
36Sjá, vér erum þjónar í dag og í því landi sem þú gafst vorum feðrum að þeir æti land síns ávöxt og gæði, sjá, þar inni eru vér nú þénarar
37og það margfaldar sínar inntektir kóngunum hverja þú settir yfir oss fyrir vorar syndir. Og þeir drottna yfir vora líkami og fénað eftir sínum vilja og vér erum í stórri neyð.
38Og í öllu þessu þá gjörum vér eitt statt sáttmál og skrifum það og látum vora höfðingja, Levíta og presta innsigla það.“

10 Og þeir eð innsigluðu voru þessir: Nehemía Hatírsata son Hakalja og Sedekía,
2Seraja, Asarja, Jeremía,
3Pashúr, Amrja, Malkía,
4Hattús,

Sebanja, Mallúk, [5]Harím, Meremót, Óbadía, [6]Daníel, Gintún, Barúk, [7]Mesúllam, Abía, Mejamín, [8]Maeseja, Bilgaí og Semaja, það voru kennimennirnir. [9]En Levítarnir voru þessir: Jesúa son Asanja, Binúí á meðal sona Henadad, Kadmíel [10]og þeirra bræður, Sekanja, Hódía, Klíta, Plaja, Hanan, [11]Míka, Rehób, Hasabja, [12]Sakúr, Serebja, Sebanja, [13]Hódía, Baní, Benínú. [14]En höfðingjar fólksins voru: Pareos, Pahat Móab, Elam, Satú, Baní, [15]Búní, Asgad, Bebaí, [16]Adónía, Bigvaí, Adín, [17]Ater, Hiskía, Asúr, [18]Hodíja, Hasúm, Besaí, [19]Haríf, Anatót, Nevbaí, [20]Magpías, Mesúllam, Hesír, [21]Mesesabeel, Sadók, Jaddúa, [22]Platja, Hanan, Ananja, [23]Hósea, Hananja, Hasúb, [24]Halóhes, Pílha, Sóbek, [25]Rehúm, Asabna, Maeseja, [26]Ahía, Hanan, Anan, [27]Mallúk, Harím og Baena.

[28]Og það annað fólk: Prestarnir, Levítarnir, dyraverðirnir, söngvararnir, Nethíním og allir þeir sem sig höfðu skilið frá fólkinu í landinu til Guðs laga með sínum kvinnum, sonum og dætrum, allir þeir sem það gátu undirstaðið og þeirra megtugu lofuðu þessu sinna bræðra vegna. [29]Og þeir komu að sverja og skuldbinda sig með sínum eiði að þeir skyldu ganga í Guðs lögmáli því sem þeim var gefið fyrir Mosen Guðs þénara, að þeir vildu halda og gjöra eftir öllum Guðs vors DROTTINS boðorðum, réttindum, státútum, [30]og að vér skyldum ekki gefa landsins innbyggjurum vorar dætur, eigi skyldum vér heldur taka þeirra dætur til vorra sona [31]og þá fólkið í landinu flutti um sabbatsdaga vöru og allsháttaða atvinnu til kaups þá skyldu vér ekki taka það af þeim um þvottdaginn og aðra helga daga og að vér á því sjöunda ári skyldum láta allra handa þyngsl vera frí,

[32]og lögðum eitt boðorð upp á oss að vér skyldum árlega gefa hinn þriðja hlut af einum sekel til þjónustugjörðarinnar í vors Guðs húsi, [33]sem er til skoðunarbrauða, til daglegs matoffurs, til daglegrar brennifórnar um sabbatinn, til kalendahátíða og helgra daga og til þeirra sem helguðust, til syndaoffurs með hverju Ísrael blífur forlíktur og til allra handa gjörnings í vors Guðs húsi. [34]Og vér köstuðum hluti á meðal kennimannanna, Levítanna og fólksins um viðarins offur hvað menn skyldi árlega færa til vors Guðs húss eftir vorra feðra húsi í tilsettan tíma til að brenna á DROTTINS vors Guðs altari svo sem skrifað stendur í lögmálinu [35]og árlega fram að bera þann fyrsta vors landsgróða og allra trjánna fyrstan ávöxt til Guðs húss [36]og þá frumgetnu af vorum sonum og af vorum fénaði svo sem skrifað stendur í lögmálinu og vora frumburði af vorum nautum og sauðum, að vér skyldum færa allt þetta til vors Guðs húss til kennimannanna þeirra sem þjónuðu í húsi DROTTINS [37]og að vér skyldum bera fram hið fyrsta af voru deigi og af vorum upplyftingum af allra handa trésávöxtum, vín og viðsmjör til kennimannanna í hirsluna hjá vors Guðs húsi og tíund af voru landi til Levítanna að Levítarnir skyldu hafa tíund af öllum stöðum þar vér hefðum akurvinnu. [38]Og presturinn, son Aron, skal og hafa með Levítunum af Levítanna tíundum so að Levítarnir skulu uppfæra tíund af þeirra tíundum í vors Guðs hús í örkina í féhirsluhúsinu. [39]Því að Ísraelssynir og synir Leví skulu uppfæra upplyfting kornsins, vínsins og viðsmjörsins í hirsluna þar eð helgidómskerin eru og prestarnir sem þar þjóna og dyraverðirnir og söngvararnir so að vér yfirgefum ekki vors Guðs hús.“

11 Og höfðingjar fólksins bjuggu í Jerúsalem en það annað fólk kastaði hlutum þar um að tíundi partur af þeim skyldi fara til Jerúsalem og búa þar í þeim heilaga stað, hinir níu partar í borgunum. [2]Og almúginn blessaði alla

þá menn sem að voru lostuglega viljugir til að búa í Jerúsalem.

[3]Þessir eru landsins höfðingjar sem bjuggu í Jerúsalem. En í borgum Júda bjó hver á sínu góssi í sínum stað, sem var Ísrael, prestarnir, Levítarnir, Nethíním og synir Salomonis þénara. [4]Og í Jerúsalem bjuggu nokkrir af sonum Júda og af Benjamín. Af sonum Júda: Ataja son Úsía, sonar Sakaría, sonar Amarja, sonar Sefatja, sonar Mahelaleel, af sonum Pares. [5]Maeseja son Barúk, sonar Kal Hóse, sonar Hasaja, sonar Adaja, sonar Jójaríb, sonar Sakaría, sonar Siloni. [6]Allir synir Pares sem bjuggu í Jerúsalem voru fjögur hundruð sextígi og átta sterkir menn.

[7]Þessir eru synir Benjamín: Sallú son Mesúllam, sonar Jóed, sonar Pedaja, sonar Kólaja, sonar Maeseja, sonar Ítíel, sonar Jesaja. [8]Og eftir hann Gabaí, Sallaí, níu hundruð tuttugu og átta. [9]Og Jóel son Sikrí var þeirra forstandari. Og Júda son Hasmóa var settur yfir þann annan part staðarins.

[10]En af prestunum (bjuggu þar): Jedaja son Jójaríb, Jakín, [11]Saraja son Hilkía, sonar Mesúllam, sonar Sadók, sonar Merajót, sonar Ahítób, var höfðingi í Guðs húsi. [12]Og hans bræður sem þjónuðu í musterinu, þeir voru átta hundruð tuttugu og tveir. Og Adaja son Jeróham, sonar Plalía, sonar Amsí, sonar Sakaría, sonar Pashúr, sonar Malkía. [13]Og hans bræður voru inu ypustu á meðal feðranna, þeir voru tvö hundruð fjörutígi og tveir. Og Amassaí son Asareel, sonar Ahúsaí, sonar Mesillemót, sonar Immer [14]og hans bræður, miklir magtarmenn, voru hundrað tuttugu og átta. Og Sabdíel son Gedólím var þeirra höfðingi.

[15]Af Levítunum: Semaja son Hasúb, sonar Asríkam, sonar Hasabja, sonar Búnní [16]og Sabtaí og Jósabad af Levítunum. Þessir voru settir yfir alla þá þjónustu sem hið ytra var að þjóna í Guðs húsi. [17]Og Matanja son Míka, sonar Sabdí, sonar Assaf, sem var hföðingi lofs og þakkargjörðar í bæninni. Og Bakbúkía sá annar á meðal sinna bræðra og Abda, son Sammúa, sonar Galal, sonar Jedítún. [18]Allir Levítarnir í þeim helga stað voru tvö hundruð áttatígi og fjórir.

[19]En dyraverðirnir voru Akúb, Talmon og þeirra bræður sem tóku vara á dyrunum hundrað sjötígi og tveir. [20]En þeir aðrir af Ísrael, kennimenn og Levítar voru í öllum Júdastöðum, hver á sinni erfð. [21]Og þeir Nethíním sem bjuggu í Ófel og Gispa þeir voru yfir þeim Nethíním.

[22]En sá hinn yppasti yfir Levítönum var Úsí son Baní, sonar Hasabja, sonar Matanja, sonar Míka. Af sonum Assaf voru söngvarar til þjónustu í Guðs húsi. [23]Því það var kóngsins bífalning yfir þeim að söngvararnir skyldu trúlega höndla hvern dag svo sem tilheyrði. [24]Og Petaja sonur Mesesabeel af sonum Sera, sonar Júda, hann var kóngsins bífalningsmaður til allra þeirra gjörninga sem fólkið skyldi gjöra.

[25]Og synir Júda sem voru hið ytra í þorpum og býjum í þeirra landi, þeir bjuggu nokkrir í borg Kirjat Arba og hennar dætrum og í Díbon og hennar dætrum og í Kapseel og í hennar þorpum [26]og í Jesúa, Mólada, Bet Palet, [27]Hasar Súal, Berseba og hennar dætrum, [28]í Siklag og Mókóna og hennar dætrum, [29]í En Rimmon, Sarega, Jeremút, [30]Sanóa, Adúllam og þeirra þorpum, í Lakís og hennar héruðum, Aseka og hennar dætrum. Og þeir reistu byggðir frá Berseba og allt til dalsins Hinnom. [31]En synir Benjamín af Gaba bjuggu í Mikmas, Aja, Betel og hennar dætrum [32]og í Anatót, Nób, Ananja, [33]Hasór, Rama, Gitaím, [34]Hadíd, Síbóím, Neballat, [35]Lód, Ónó, í þeim Smiðadal. [36]Og nokkrir Levítarnir sem höfðu part í Júda bjuggu á meðal Benjamín.

12 Þessir eru þeir kennimenn og
Levítar sem uppkomu með
Sóróbabel syni Sealtíel og Jesúa, Seraja,
Jeremía, Esra, 2Amarja, Mallúk, Hattús,
3Sekanja, Rehúm, Meremót, 4Iddó, Gin-
tói, Abía, 5Mejamín, Maadja, Bilga,
6Semaja, Jójaríb, Jedaja, 7Sallú, Amok,
Hilkía og Jedaja. Þessir voru höfðingjar
meðal kennimannanna og þeirra
bræðra á dögum Jesúa.

8En Levítar voru þessir: Jesúa, Benúí,
Kadmíel, Serebja, Júda, Matanja. Þessir
voru settir yfir lofsöngvaembættið,
hann og hans bræður. 9Bakbúkía og
Únní og þeirra bræður voru hjá þeim til
varðhaldsins. 10Jesúa gat Jójakím, Jó-
jakím gat Eljasíb, Eljasíb gat Jójada,
11Jójada gat Jónatan, Jónatan gat
Jaddúa. 12Og í tíð Jójakím voru þessir
yppstu feður á meðal kennimannanna:
Af Seraja var Meraja, af Jeremía var
Hananja, 13af Esra var Mesúllam, af
Amarja var Jóhanan, 14af Mallúk var
Jónatan, af Sebanja var Jósef, 15af
Harím var Adna, af Mejarót var Helkaí,
16af Iddó var Sakaría, af Gintón var
Mesúllam, 17af Abía var Sikrí, af Meja-
mín og Módía var Piltaí, 18af Bilga var
Sammúa, af Semaja var Jónatan, 19af
Jójaríb var Matnaí, af Jedaja var Úsí,
20af Sallaí var Kalla, af Amok var Eber,
21af Hilkía var Hasabja, af Jedaja var
Netaneel.

22Og á dögum Eljasíb, Jójada, Jóhan-
an og Jaddúa voru þessir yppstu feður
á meðal Levítanna og kennimennirnir,
skrifaðir allt til ríkis Darii af Persia. 23En
synir Leví voru skrifaðir í annálum allt
til daga Jóhanan sonar Eljasíb. 24Og
þessir voru inu yppustu á meðal Levít-
anna: Hasabja, Serebja og Jesúa son
Kadmíel og þeirra bræður hjá þeim til
lofgjörðar og þakklætis so sem Davíð
Guðsmaður hafði boðið, hvört varðhald
hjá öðru. 25Matanja, Bakbúkía, Óbadía,
Mesúllam, Talmón, Akúb, þeir voru
dyraverðir og varðhaldsmenn í portun-
um og fordyrunum. 26Þessir voru í tíð
Jójakím sonar Jesúa, sonar Jósadak og
á dögum Nehemía landshöfðingja og
Esdra kennimanns þess skriftlærða.

27En til vígslu múranna í Jerúsalem
voru kallaðir Levítarnir úr öllum þeirra
takmörkum svo þeir skyldu koma til
Jerúsalem og halda vígsluna með gleði
og þakkargjörð, með söng, cymbalis,
psallterio og hörpum. 28Og söngvar-
anna synir söfnuðust til samans af öll-
um landsálfum kringum Jerúsalem og
af Nethopati kauptúnum 29og af húsi
Gilgal og af héruðum í Gíbea og
Asmavet. Því að söngvararnir höfðu
byggt sér bæi í kringum Jerúsalem.
30Og prestarnir og Levítarnir hreinsuðu
sig, þeir hreinsuðu og fólkið, portin og
turnana.

31Og eg lét höfðingja Júda uppstíga á
múrinn og eg tilsetta tvo stóra choros
þeir eð sungu lofgjörðir. Þeir gengu
upp á múrnum til hægri síðu og allt að
Mykjuportinu. 32En Hósaja og helm-
ingurinn af Júda höfðingjum gengu eft-
ir þeim. 33Og Asarja, Esra, Mesúllam,
34Júda, Benjamín, Semaja og Jeremía.
35Og nokkrir af prestanna sonum með
þeirra hljóðfærum, Sakaría son Jónat-
an, sonar Semaja, sonar Matanja, sonar
Míkaja, sonar Sakúr, sonar Assaf 36og
hans bræður Semaja, Asareel, Mílalalí,
Gílalaí, Maaí, Netaneel, Júda, Hananí
með Davíðs Guðsmanns hljóðfærum.
Og Esdra sá skriftlærði var fyrir þeim
við Brunnportið. 37Og þeir gengu hjá
honum upp að tröppunum til Davíðs-
borgar á þann múr sem liggur til Dav-
íðs húss til Vatsportsins í mót austri.

38Sá annar þakkargjörðarkór gekk
þvert yfir frá þeim og eg eftir þeim og
helmingurinn af fólkinu upp á múrinn í
frá Ofnturni allt til þess breiða múrs.
39Og frá Efraímsporti og til þess gamla
ports og til Fiskiportsins og allt til turns
Hananeel og til turns Mea allt til Sauða-
portsins og námu staðar í Myrkvastofu-
portinu. 40Og so stóðu þeir tveir þakk-
lætiskórar í Guðs húsi og helmingurinn

af þeim yppustu með mér. [41]Og prestarnir sem voru Eljakím, Maeseja, Minjamín, Míkaja, Elíóenaí, Sakaría, Hananja, með hljóðfærin [42]og Maeseja, Semaja, Eleasar, Úsí, Jóhanan, Malkía, Elam og Asór. Og söngvararnir sungu með háum hljóðum en Jesaja var forstandari. [43]Og á þessum sama degi voru færðar miklar fórnir og allir voru glaðir því að Guð hafði gjört þeim eina mikla gleði, bæði kvinnur og börn glöddust og þeirra fögnuður í Jerúsalem heyrðist langa vegu í burtu.

[44]Á þessum tíma voru nokkrir menn skikkaðir yfir féhirsluna þar sem inni voru upplyftingaroffur, fyrstu ávextir og tíundirnar, að þeir skyldu samansafna því af ökrunum og um staðina og út að skipta því eftir lögmálinu á meðal kennimannanna og Levítanna. Því að Júda hafði gleði og af kennimönnunum og Levítunum að þeir stóðu og tóku vara upp á Guðs þjónustu og á þeirra hreinsunarvarðhaldi. [45]En söngvararnir og dyraverðirnir stóðu eftir Davíðs og hans sonar Salomonis skikkan. [46]Því að í tíð Davíðs og Assaf voru skikkaðir þeir yppustu söngvarar í lofgjörðarsöngnum og þakklætissöngnum til Guðs. [47]En allur Ísrael gaf söngvurunum og dyravörðunum part í tíð Sóróbabel og Nehemie, hvern dag sinn hlut. Og þeir gáfu það sem helgað var til Levítanna. En Levítarnir gáfu það helgað var til Aronssona.

13 Og á þessum tíma var lesin Mósesbók fyrir fólksins eyrum og þar fannst skrifað inni að Ammoniter og Moabiter skyldu aldrei koma í Guðs samkundu [2]sökum þess að þeir komu ekki í móti sonum Ísrael með brauðum og vatn og þar fyrir að þeir til fengu Balaam mót þeim að hann skyldi bölva þeim en vor Guð sneri þeirri bölvan í blessan. [3]En sem þeir heyrðu svoddan lögmál skildu þeir alla framandi menn frá Ísrael.

[4]Og áður hafði Eljasíb kennimaður lagt í féhirsluna húss Drottins offur Tobía. [5]Því hann hafði gjört þeim eina stóra hirslu hvar út í þeir höfðu áður lagt matoffur, reykelsið, kerin og tíundirnar af korninu, víninu og viðsmjörinu eftir boði Levítanna, söngvaranna og dyravörslumannanna og þar með og einnin prestanna upplyftingar. [6]En um þetta bil var eg ekki í Jerúsalem þá þeir frömdu þvílíkt. Því að á því tólfta og tuttugasta ári Artaxerxes kóngs af Babýlon kom eg til kóngsins og eftir nokkra daga fékk eg mína bón af kónginum að fara til Jerúsalem. [7]Og eg merkta að það var ekki gott sem Eljasíb hafði gjört við Tobía að hann gjörði honum eina hirslu í garðinum hjá Guðs húsi [8]og það mislíkaði mér mjög. Og eg kastaði öllum kerum Tobie húss út úr kistunni [9]og bauð þeim að hreinsa hana. Og eg lét þangað aftur kerin Guðs húss, matoffur og reykelsi.

[10]Og eg fornam að Levítanna partur var þeim ekki gefin og því voru Levítarnir og söngvararnir í burt flýðir hver til síns akurs og arfiðis. [11]Þá ávítaði eg þá yppustu og sagði: „Því yfirgefum vér Guðs hús?“ En eg heimti þá saman og skikkaði þá í sínar stöður. [12]Þá færði allur Júda þeim tíundir af korni, víni og viðsmjöri í kornhlöðurnar. [13]Og eg setta yfir kornhúsin Selemja kennimann og Sadók þann skriftlærða og af Levítunum Pedaja og undir þeirra hönd Hanan son Sakúr, sonar Matanja, því þeir voru reyndir að trú. Og þeim var bífalað að útskipta því með þeirra bræðrum.

[14]Minn Guð, minnst þú mín fyrir það og afmá ekki mín miskunnarverk sem eg hefi gjört við míns Guðs hús og við hans varðveitingar.

[15]Á þeim sama tíma sá eg í Júda að þeir tráðu vínþrúgur um sabbatsdaginn og innfærðu bindini og asna klyfjaða með vín, vínber, fíkjur og allsháttaðar byrðir og fluttu þetta til Jerúsalem á

sabbatsdeginum. Og eg vitnaði fyrir
þeim á þeim sama degi þá þeir seldu
fæðslurnar. 16Þar bjuggu og nokkrir af
Tyro. Þeir fluttu þangað fisk og allshátt-
aða vöru og seldu það sonum Júda og
Jerúsalem um þvottdaginn. 17Þá straff-
aði eg og ásakaði þá yppurstu í Júda og
sagði til þeirra: „Hver er illska þessi
sem þér gjörið að þér brjótið sabbats-
daginn? 18Gjörðu eigi vorir feður svo og
vor Guð leiddi alla þessa ólukku fir oss
og yfir þennan stað? Og þér aukið enn
meiri reiði yfir Ísrael í því að þér brjótið
þvottdaginn.“

19Og þegar portin í Jerúsalem voru
upplátin um þvottdaginn þá bauð eg að
láta þau aftur og bífalaði að þeim skyldi
ekki upplokið fyrr en eftir sabats-
daginn. Og eg skikkaði nokkra af mín-
um þénurum til staðarportanna að þar
skyldu öngvar byrðar berast inn um
sabatsdagana. 20Þá voru kramararnir
og kaupmennirnir um nóttina utan fyr-
ir Jerúsalem með allra handa vöru og
það skeði eitt sinn eða tvisvar. 21Þá
vitnaði eg fyrir þeim og eg sagði til
þeirra: „Því eru þér á náttarþeli í kring-
um múrana? Ef þér gjörið það enn eitt
sinn þá skal eg leggja hendur á yður.“
22Og frá þeim tíma komu þeir ekki á
þvottdögum. Og eg sagða til Levítanna
sem voru hreinir að þeir skyldu koma
og geyma portin og helga sabats-
daginn.

Minn Guð, minnst þú mín fyrir þetta
og þyrm mér eftir þinni mikilli mis-
kunn.

23Eg sá og á þeim sama tíma að
Gyðingarnir tóku sér eiginkonur af
Asdód, Ammón og Móab. 24Og þeirra
synir töluðu að helmingi tungumál
þeirra í Asdód en kunnu ekki að tala
Gyðingamál heldur töluðu þeir hvers
fólks máltæki. 25Og eg ávítaði þá og
bölvaði þeim og sló nokkra af þeim og
fóttrað þá. Og eg lét þá sverja mér eið
við Guð: „Þér skuluð ekki gefa yðar
dætur þeirra sonum eða taka þeirra
dætur til yðvara sona eður til yðar
sjálfra. 26Hefur ekki Salómon Israelis-
kóngur syndgast í þessu? Og þar var þó
enginn kóngur honum líkur á millum
margra heiðingja og hann var kær sín-
um Guði og Guð setti hann til eins
kóngs yfir allan Ísrael. Þó komu þær
útlensku kvinnur honum til að syndg-
ast. 27Hafi þér ekki það heyrt að þér
gjörið mikla vonsku og þér misgjörið
við vorn Guð í því að þér takið
útlenskar kvinnur?“

28Og einn af sonum Jójada sonar
Eljasíb ypparsta kennimanns, hann
hafði gjört tengdir við Senaballat
Horoniter. En eg rak hann frá mér.
29Minnst þú þeirra, minn Guð, sem að
saurga kennimannskapinn og prest-
anna sáttmálann og Levítanna.

30So hreinsaði eg þá af öllum
útlendingum og setti varðhald presta
og Levíta, hvern til sinnar þjónustu, 31til
að offra viðinum í tilsettan tíma og
frumfórnum. Minnst þú á mig, minn
Guð, til hins góða.

Endir á bók Nehemía

BÓKIN ESTER

1 Það skeði á dögum Assveri hver eð ríkti yfir hundrað sjö og tuttugu þjóðlöndum, frá India og allt til Blálands. [2]Og sem hann sat á sínu kónglegu hásæti í þeim kónglega stað Súsan [3]á þriðja ári hans ríkis gjörði hann eitt gestaboð öllum sínum höfðingjum og þénurum og þeim villdustu af Persia og Media, landstjórnurum og þeim æðstu mönnum í sínum löndum [4]og vildi hér með láta sjá sína kónglega dýrð og mikilsháttar ríkdóm síns tignarveldis um marga daga, sem var hundrað og áttatígi dagar. [5]Og sem þessir dagar fengu enda gjörði kóngurinn eitt gestaboð öllu því fólki sem var á Súsansloti, bæði smám og stórum, í sjö daga í því hósi sem var í aldingarðinum hjá kóngsins húsi. [6]Þar héngu hvít, rauð og gul tjöld af silki og skarlati á marmarastólpum, á guðvefjar- og skarlatsstögum fest í silfurhringa. Bekkirnir voru af gulli og silfri en gólfið var lagt með gulum, grænum, hvítum og svörtum marmarasteinum. [7]Og þénararnir báru drykkinn inn í gulllegum kerum og aldrei í sömum heldur í öðrum og öðrum kerum. Og kóngsins vín var yfirgnæfanlegt svo sem kóngsins tign tilheyrði. [8]Og að öngvum var haldið hvað mikið hver skyldi drekka því kóngurinn hafði svo boðið öllum sínum þénurum í sínu húsi að hver skyldi gjöra sem honum best líkaði. [9]Og hans drottning Vastí gjörði og svo einnin eitt kvennagestaboð í þeim konunglega sal Assveri kóngs.

[10]Og á þeim sjöunda degi sem kóngurinn var orðinn glaður af víni þá bauð hann Mehúmam, Bista, Harbóna, Bigta, Abagta, Setar og Karkas, þessum sínum sjö herbergjasveinum, þeir eð Assvero kóngi þjónuðu, [11]að þeir skyldu sækja Vastí drottningu og leiða hana inn fyrir kónginn með sinni kónglegri kórónu svo að höfðingjarnir og allur lýður mætti sjá hennar fegurð, því hún var harla væn. [12]En Vastí drottning vildi ekki koma eftir skipan kóngsins sem hann bauð henni fyrir sína herbergjasveina. Þá varð kóngurinn mjög reiður svo hans grimmd brann í hans hjarta.

[13]Og kóngurinn talaði við þá vísustu hverjir að best vissu landsins rétt og ætíð voru kónginum nálægir, því að konungleg málaferli urðu jafnan að koma fyrir þá hyggnustu. [14]En þessir voru kónginum næstir: Karsena, Setar, Admata, Tarsís, Meres, Marsena og Memúkan, sjö höfðingjar Persarum og Medorum, hverjir að sáu kóngsins andlit og fyrstu sæti höfðu í ríkinu, [15]hvern dóm að dæma skyldi um Vastí drottningu fyrir það að hún hafði ekki gjört eftir kóngsins boði sem hann bauð fyrir sína herbergjasveina. [16]Þá sagði Memúkan að áheyranda kónginum og höfðingjunum: „Vastí drottning hefur ekki alleinasta misgjört við kónginn heldur og svo við alla höfðingjana og við allar þjóðir þær sem að eru í öllum löndum Assveru kóngs. [17]Því að þessi drottningarinnar breytni mun útberast til allra kvenna so að þær munu fyrirlíta sína menn undir þeirra augu og munu svo segja: Assverus kóngur bauð sinni drottningu Vastí að koma fyrir sig en hún vildi ekki. [18]So munu allar höfðingjakvinnur í Persia og Meden segja til allra kóngsins höfðingja þá þær spyrja og frétta hvað drottningin hefur gjört. Svo mun þar af koma nóg reiði og fyrirlitning. [19]Nú þar fyrir ef kónginum virðist svo þá láti hann útganga eitt konunglegt boð og láti það skrifa eftir lögmáli Persarum og Medorum hvert að órjúfanlegt er að Vastí skuli ekki meir koma fyrir Assverum kóng heldur að kóngurinn gefi annarri hennar ríki sem henni er næst hver að betri er en hún [20]og að þetta kóngsins bréf sem gjört verður útberist um allt hans ríki sem mjög er vítt svo að allar kvinnur

hafi og haldi sína menn í heiðri hvert þeir eiga að sér meira eða minna.“ [21]Þetta ráð þóknaðist kónginum vel og so öllum hans höfðingjum. Og kóngurinn lét gjöra hér um eftir orðum Memúkan. [22]Og þegar strax voru bréfin send út um öll kóngsins lönd, í sérhvert land eftir þess skrifi og til sérhvers fólks eftir þess tungumáli, að hver maður skal vera ráðandi í sínu eigin húsi og að þetta skyldi útberast eftir hvers fólks tungumáli.

2 Þá þetta var skeð og reiði rann af Assvero kóngi þá minntist hann á Vastí, hvað hún hafði gjört og hvör dómur gengið hafði yfir hana. [2]Þá sögðu kóngsins þénarar þeir sem honum þjónuðu: „Menn skulu leita kónginum eftir fríðum jómfrúm [3]og að kóngurinn setji tilsjónarmenn um öll lönd hans ríkis þeir ed samansafni öllum ungum vænum meyjum til Súsanslots, í frúrstofuna undir hönd kóngsins geldings sá sem varðveitir kvinnurnar, að hann gefi þeim þeirra skart, [4]og hver sú mey sem kónginum þóknast verði hún drottning í staðinn Vastí.“ Þetta líkaði kónginum vel og hann bauð að gjöra svo.

[5]Og þar var einn maður í borginni Súsan, Gyðingaættar. Hann hét Mardokeus son Jaír, sonar Símeí, sonar Kís, af ætt Jemini. [6]Hann hafði verið fluttur frá Jerúsalem þá Jekonja Júdakóngur var fangaður hvern Nabogodonosr flutti til Babýlon. [7]Hann var fóstri Hadassa hver að öðru nafni hét Ester, hún var hans bróðurdóttir, því hún hafði misst bæði föður og móður og hún var mjög væn og fríð jungfrú. Og þá hennar faðir og móðir önduðust þá tók Mardokeus hana að sér í dóttur stað. [8]Þá þetta kóngsins boð og lögmál barst út og margar meyjar voru hafðar til borgar Súsan og í hendur fengnar Hegí geldingi þá var og Ester leidd til kóngsins húss undir hendur Hegí sá ed kvinnurnar geymdi. [9]Og þessi ungmey þóknaðist honum og hún fann náð fyrir honum. Og hann flýtti sér með hennar búning so hún fengi sinn part. Hann gaf henni sjö fínar jungfrúr af kóngsins húsi og þann besta samastað sem var í frúrstofunni valdi hann henni og hennar ungmeyjum. [10]En Ester sagði honum ekki frá sínu fólki né frá sinni ætt því Mardokeus hafði boðið henni að hún skyldi láta öngvan þar af vita. [11]Og Mardokeus gekk daglega í forgarðinn hjá jungfrúrherberginu að hann vildi vita hvert Ester gekk vel og hvað um hana liði.

[12]Og þá ásettur tími hverrar jungfrúr var komin að hún skyldi koma til Assverus kóngs eftir það hún hafði verið tólf mánuði að prýða sig (því að þeirra starfstími skyldi hafa svo langa tíð, sem var sex mánuði skyldi þær smyrja sig með mirru og balsamum og aðra sex mánuði með öðrum dýrlegum smyrslum og eftir það skyldu þær vera fullprýddar) [13]og so skyldi hver jungfrú til kóngsins í senn ganga og hvað hún vildi það skyldu menn gefa henni sem ganga skyldi með henni frá jungfrúrherberginu til kóngsins húss. [14]Og þegar nokkur kom inn um kveldið gekk hún aftur um morguninn frá honum í þá aðra frúrstofu undir hönd Saasgas sem var kóngsins geldingur hver ed varðveitti kóngsins frillur. Og hún mátti ekki koma aftur til kóngsins nema kóngurinn vildi og léti kalla á hana með nafni.

[15]Og sem sá tími kom að Ester dóttir Abíhael bróðurdóttir Mardokei (hverja hann hafði tekið sér til dóttur) skyldi koma til kóngsins þá bað hún einskis utan hvað sem Hegí kóngsins geldingur kvennavaktari sagði. Og Ester fann náð hjá öllum sem hana sáu. [16]Og Ester var leidd til Assverus kóngs í hans konunglegan sal á þeim tíunda mánuði sem heitir tebet, á sjöunda ári hans ríkis. [17]Og kóngurinn elskaði Ester fram yfir

allar kvinnur og hún fann náð og miskunn fyri honum fram yfir allar jungfrúr. Og hann setti þá konunglegu kórónu á hennar höfuð og gjörði hana að drottningu í staðinn Vastí. 18Og kóngurinn gjörði öllum sínum höfðingjum og þénurum eitt mikið gestaboð og það gestaboð var gjört vegna Ester. Og eftir þetta gaf hann löndunum hvíld og skenkti út kónglegar gáfur.

19Og sem í annað sinn var samansafnað jungfrúnum sat Mardokeus í kóngsins portdyrum. 20En Ester hafði enn ekki sagt til sinnar ættar og eigi heldur kunngjört um sitt fólk því Mardokeus hafði svo boðið henni. Því að Ester gjörði eftir hans orðum, líka so sem þá hann var hennar fóstri. 21Og á þeim sama tíma sem Mardokeus sat í kóngsins porti voru tveir tilsettir af kóngsins herbergissveinum, Bigtan og Teres, að vakta portdyrnar. Þeir urðu reiðir og leituðu við að leggja sínar hendur á Assverum. 22Þessa varð Mardokeus vísari og hann undirvísaði það Ester drottningu en Ester sagði það kónginum Mardokei vegna. 23Og þá menn rannsökuðu þvílík efni þá hittist það satt vera. Og þeir urðu báðir hengdir á gálga. Og þetta var skrifað í kóngsins annálabók.

3 Eftir þetta gjörði Assverus kóngur Aman megtugan. Hann var sonur Medata, Agagither, og upphóf hann og setti hans sæti upp yfir alla höfðingja sem hjá honum voru. 2Og allir kóngsins þénarar sem voru í kóngsins porti beygðu sín kné og tilbáðu Aman því kóngurinn hafði so boðið. En Mardokeus beygði ekki sín kné, tilbað hann og ekki. 3Þá sögðu kóngsins sveinar Mardokeo sem voru í kóngsins porti: „Því brýtur þú kóngsins boð?“ 4Og sem þeir sögðu það daglega til hans en hann vildi ekki hlýða þeim að þá undirvísuðu þeir þetta Aman að þeir vildu reyna hversu staðfastur Mardokeus væri í þessu, því hann hafði sagt þeim að hann væri Gyðingur. 5Og sem Aman sá að Mardokeus beygði ekki sín kné fyrir honum og vildi ekki tilbiðja hann varð hann bólginn af reiði. 6Og honum þótti einskisvert að leggja sínar hendur á Mardokeum alleina því þeir höfðu undirvísað Aman fólk Mardokei, heldur hugsaði Aman að fyrirkoma Mardokei fólki, öllum Gyðingum sem að voru í öllu Assverus kóngsríki.

7Á þeim fyrsta mánuði, það er sá mánuður níssan, á tólfta ári Assveri kóngs, var hlutfalli kastað fyrir Aman frá einum degi til annars og frá þeim mánuði og til þess tólfta mánaðar sem var sá mánuður adar. 8Og Aman sagði til Assverus kóngs: „Hér er eitt fólk og dreifist út á meðal allra þjóða í öllum löndum þíns ríkis og þeirra lögmál er fráleitara en allra annarra þjóða og þetta fólk breytir ekki eftir kóngsins lögmáli og eigi er það líðanlegt kónginum að láta það so fara. 9Og ef að kónginum virðist svo þá skrifi hann að þetta fólk sé drepið. Svo vil eg vega tíu þúsund centener silfurs í embættismanna hendur svo það leggist í kóngsins fésjóð.“ 10Þá tók kóngurinn sinn hring af sinni hendi og fékk Aman syni Medata Agagither, óvin Gyðinga. 11Og kóngurinn sagði til Aman: „Það silfur skal þitt vera og svo fólkið svo þú gjörir við það hvað þér líkar.“

12Þá voru kallaðir kóngsins skrifarar, á þrettánda degi þess fyrsta mánaðar og það var skrifað svo sem Aman bífalaði til allra kóngsins höfðingja og til landsins fóvita hér og þar í öllum löndum og til höfðingja sérhverrar þjóðar í löndunum hér og þar eftir ríki og tungumáli sérhvers fólks undir Assveri kóngs nafni og var innsiglað með kóngsins hring. 13Og þessi bréf voru útsend fyrir hlaupara um öll lönd kóngsins að menn skyldu afmá, drepa og í hel slá alla Gyðinga, bæði unga og gamla, börn og konur, á einum degi, sem er á

þrettánda degi í þeim tólfta mánuði, það var sá mánuður adar, og að ræna öllum þeirra auðæfum. 14So var nú hljóðandi þessi skrift að þeim var bífalað í öllum löndum að birta þetta fyrir öllu fólki, að það skyldi vera reiðubúið á þeim sama degi. 15Og hlaupararnir gengu með skyndi af stað eftir kóngsins skipan. Og eitt boð var uppslegið á sjálfu slotinu Súsan. Og kóngurinn og Aman sátu og drukku en borgin Súsan sturlaðist.

4 Þá Mardokeus fréttir allt það sem skeð var þá reif hann sín klæði og færði sig í sekk og ösku og gekk út mitt í staðinn, grétt hátt og aumlega 2og kom fyrir kóngsins port, en enginn mátti sá ganga inn um kóngsins port sem einn sekk yfir sér hafði. 3Og í öllum löndum þar kóngsins boð og orð komu þá var einn mikill harmur á meðal Gyðinga og margir föstuðu, grétu og syrgðu og lágu í sekk og ösku.

4Þá komu þjónustumeyjar Ester og hennar geldingar og undirvísuðu henni þetta. Þá varð drottningin mjög óttaslegin. Og hún sendi Mardokeo klæði að íklæðast og færa sig af sekknum. En hann vildi ekki meðtaka þau. 5Þá lét Ester kalla til sín Hatak hver eð var einn af kóngsins geldingum sem henni var settur til þjónustu og bauð honum að hann skyldi ganga til Mardokeum og vita af honum hvað á ferðum væri og því hann léti svo. 6Þá gekk Hatak út til hans á stræti borgarinnar fyrir kóngins porti. 7Og Mardokeus sagði honum allt hvað títt var, hvernin að Aman hefði lofað að leggja silfur í kóngsins hirslur til glötunar Gyðingum. 8Og hann fékk honum eina útskrift af þessari bífalningu sem uppfest var í Súsan að þá skyldi eyðileggja og bað að hann skyldi sýna Ester þessa skrift og að kunngjöra henni að Mardokeus bæði hana að ganga inn fyrir kónginn og gjöra eina bæn til hans og biðja fyrir sínu fólki. 9Og nú sem Hatak kom inn aftur og kunngjörði Ester Mardokei orð 10þá sagði Ester til Hatak og bauð honum að segja svo Mardokeo: 11„Öllum kóngsins þénurum er það vitanlegt og öllu fólki í kóngsins landi að hver sá maður sem gengur inn í kóngsins höll til kóngsins, hvert það er heldur maður eður kvinna, sem ekki er kallaður, hann skal strax deyja (nema svo sé að kóngurinn rétti að honum sína gullspíru svo að hann haldi lífinu). En í þrjátígi daga hefi eg ekki kölluð verið inn fyrir kónginn. 12Og þá þessi orð Ester voru sögð Mardokeo 13þá bauð Mardokeus að segja Ester aftur þessi orð: „Ei skalt þú hugsa að þú munir aðeins frelsa þitt líf fyrir það að þú ert í kóngsins húsi heldur en allir aðrir Gyðingar. 14Og þó þú viljir þegja á þessum tíma þá mun þó Gyðingum koma frelsan og hjálp úr einhverjum öðrum stað en þú og þitt föðurs hús mun þá fyrirfarast. Og hver veit nema þú sért fyrir þess tíma sakir komin til kóngsríkisins?“ 15Þá bauð Ester að segja Mardokeo: 16„Far og kalla saman alla Gyðinga þá sem nú eru í Súsan og fastið fyrir mig svo þér hverki etið né drekkið í þrjá daga og þrjár nætur. Eg og mínar þjónustumeyjar skulum gjöra líka svo. Og þá vil eg ganga inn fyrir kónginn í móti lögmálinu; ef eg dey, þá dey eg.“ 17Mardokeus gekk í burt og gjörði allt það sem Ester hafði honum boðið.

5 Og á þeim þriðja degi skrýddist Ester konunglegum skrúða og gekk inn í forgarðinn að kóngsins höllu innan til gegnt kóngsins herbergi. Og kóngurinn sat í sínu kónglega hásæti gagnvart húsdyrunum. 2Og þegar kóngurinn sá Ester drottningu standandi í forgarðinum fékk hún náð fyrir hans augliti. Og kóngurinn útrétti gullspíruna þá hann hafði í sinni hendi í mót Ester. Hún gekk að og snart oddinn á spírunni. 3Þá sagði kóngurinn

til hennar: „Ester drottning, hvað er þér? Og hvers beiðist þú? Þó þú biðjir mig um helft míns ríkis þá skal þér gefast það.“ [4]Ester svaraði: „Ef það þóknast svo kónginum þá bið eg að kóngurinn komi í dag og svo Aman til þess gestaboðs sem eg hefi tilbúið.“ [5]Kóngurinn sagði: „Farið sem skjótast og kallið á Aman að hann gjöri so sem Ester hefur sagt.“ Og sem kóngurinn og Aman voru komnir til gestaboðsins hvert Ester hafði tilbúið [6]sagði kóngurinn til Ester þá hann hafði nú drukkið vín: „Hver er þín bæn Ester? Hvað þú vilt skal þér veitast þó það væri helmingurinn míns kóngsríkis, þá skal það ske.“ [7]Þá svaraði Ester og sagði: „Mín bæn og bón er það: [8]Hafi eg fundið náð fyrir kónginum og ef það líkar kónginum að veita mér mína bæn og að gjöra sem eg bið þá komi kóngur og Aman til þess gestaboðs sem eg vil reiðubúa fyrir þeim. So vil eg gjöra á morgun eftir kóngsins orði.“

[9]Svo gekk Aman út á þeim degi, glaður og með góðum huga. En sem hann sá Mardokeum í kóngsins porti, að hann stóð ekki upp og hrærði sig hvergi úr sínu sæti fyri honum varð hann bólginn af reiði við Mardokeum. [10]En hann stillti sig þó. Og sem Aman kom heim þá sendi hann út og lét samankalla sína vini og sína hústrú Seres [11]og framtaldi fyrir þeim sína ríkdóms dýrð og fjölda sinna sona og svo allt saman hversu kóngurinn hafði gjört hann formegtugan fram yfir alla kóngsins höfðingja og þénara. [12]Einnin sagði Aman: „Og drottningin Ester lét öngvan koma til gestaboðsins með kónginum utan mig, eg er og svo boðinn til hennar á morgun aftur með kónginum. [13]En allt þetta nægist mér ekki svo lengi sem eg sé þann Gyðing Mardokeum sitja hjá kóngsins porti.“ [14]Þá svaraði hans kvinna Seres honum og allir hans vinir: „Bjóð þú að reisa skuli upp eitt tré fimmtígi álna hátt og seg þú á morgun til kóngsins að Mardokeus sé hengdur á því. So kemur þú glaður til gestaboðsins með kónginum.“ Þetta líkaði Aman vel og hann lét tilbúa tréð.

6 En á þeirri nótt gat kóngurinn ekki sofið og hann bauð að sækja skyldi kroníkur og annálabækur. [2]Og þá hann lét lesa þær fyrir sér þá kom þar að sem skrifað var hvernin að Mardokeus hafði undirvísað um þá tvo kóngsins herbergjasveina, Bigtana og Teres, þeir ið gættu kóngsins dyra, hversu þeir höfðu borið ráð saman með sér að leggja sínar hendur á Assverum kóng. [3]Og kóngurinn sagði: „Hverja æru eða hvað gott höfum vær gjört Mardokeo fyrir þetta?“ Sveinarnir kóngsins svöruðu: „Ekkert hefur hann þar fyri fengið.“ [4]Og kóngurinn sagði: „Hver gengur þar úti í garðinum?“ (Því að Aman gekk í garðinum utan fyrir kóngsins herbergi því hann vildi segja kónginum að hann léti hengja Mardokeum á það tré sem hann hafði tilbúið honum.) [5]Og kóngsins sveinar svöruðu: „Sjá, Aman er hér í garðinum.“ Kóngurinn svaraði: „Látið hann koma hingað.“ [6]Nú sem Aman var inn kominn þá talaði kóngurinn til hans: „Hvað skal gjöra þeim manni hvern kóngurinn vill vegsama?“ Og Aman hugsaði með sér: „Hvern mun kóngurinn annan vilja vegsama heldur en mig?“ [7]Og hann svaraði kónginum: „Sá maður sem kóngurinn vill heiðraðan hafa hann skal hér koma [8]og íklæðast þeim kónglegum klæðnaði sem kóngurinn plagar að bera, svo og sé sóttur sá hestur sem kóngurinn sjálfur ríður á og skal setja kóngsins krónu á hans höfuð. [9]Og þetta sé afhent, bæði klæðnaðurinn og hesturinn, í hendur einum höfðingja af kóngsins höfðingjum. Sá sami skal klæða þann mann sem kóngurinn vill heiðraðan hafa og láta hann ríða um stræti borgarinnar og sé svo úthrópað fyrir honum: So skal gjöra þeim manni sem

kóngurinn vill heiðraðan hafa!“
10Kóngurinn sagði til Aman: „ Far strax
og tak klæðin og hestinn sem þú hefur
sagt og gjör þetta sem þú mæltir Mar-
dokeo Gyðingi sem hér situr fyrir
kóngsins portdyrum. Og lát ekki eitt
bregðast af öllu þessu sem þú talað hef-
ur.“ 11Þá tók Aman klæðin og hestinn
og færði Mardokeum og lét hann ríða
um stræti borgarinnar og kallaði hátt
fyrir honum: „Þennan heiður skal sá
maður fá hvern kóngurinn vill heiðra!“
12Og Mardokeus kom aftur fyrir
kóngsins port. En Aman fór sem skjót-
ast heim til síns húss, syrgjandi og með
huldu höfði. 13Og hann greindi sinni
kvinnu Seres og so öllum sínum vinum
frá öllu þessu sem hann hafði hent. Þá
svöruðu honum hans spekingar og
hans kvinna og sögðu til hans: „Ef að
Mardokeus er af Gyðingakyni fyrir
hverjum þú ert tekinn að falla, þá munt
þú eigi megna að standa honum í móti
heldur munt þú falla fyrir honum.“ 14Og
er þeir voru að tala þetta við hann þá
komu kóngsins geldingar og neyddu
Aman að hann skyldi koma til þess
gestaboðs sem Ester hafði reiðubúið.

7 Þá að kóngurinn var nú kominn og
Aman til gestaboðsins þess sem
drottningin Ester hafði tilreitt 2þá sagði
kóngurinn enn annan daginn aftur til
Ester þá hann var gleðikenndur af víni:
„Hvers beiðist þú, Ester drottning, að
eg skuli veita þér og hver er bón þín?
Þó þú biðjir um helming míns ríkis þá
skal það ske.“ 3Ester drottning svaraði
og sagði: „Hafi eg fundið náð fyrir þínu
augliti, kóngur, og ef það líkar kóngin-
um þá gef mér mitt líf fyrir skuld minn-
ar bænar og svo mínu fólki vegna
minnar beiðslu. 4Því að vér erum seldir,
eg og mitt fólk, so vér skulum eyði-
leggjast, drepast og í hel slást. Og Guð
gæfi að vér værum seldir til þræla og
ambátta, so munda eg þegja um það, so
mundi og óvinurinn öngvan skaða
kónginum gjöra.“ 5Þá svaraði Assverus
kóngur og sagði til Esterar drottningar:
„Hver er sá eður hvar er hann hvers
hjarta slíkt dirfðist að taka sér fyrir að
gjöra?“ 6Ester svaraði: „Sá óvinur og
mótstandari er þessi hinn vondi
Aman!“ En Aman varð hræddur við
kónginn og drottninguna. 7Og kóngur-
inn stóð upp frá gestaboðinu og frá vín-
inu með reiðum hug og gekk í aldin-
garðinn hjá höllinni. Og Aman stóð upp
og bað Ester drottningu um líf sitt því
hann sá að honum var alla reiðu ólukka
reiðubúin af kónginum. 8Nú sem
kóngurinn kom inn aftur úr aldin-
garðinum inn í salinn þar gestaboðið
stóð þá lá Aman á bekknum þar sem
Ester sat. Þá sagði kóngurinn: „Vill
hann og svo slá drottninguna í hel hér í
mínu húsi hjá mér?“ Jafnsnart sem
kóngurinn talaði þetta þá byrgðu þeir
Amans andlit. 9Og Harbóna, einn af
herbergjasveinum kóngsins, sagði:
„Sjáið, þar stendur eitt tré í Amans
garði, fimmtígi álna hátt, hvert hann
hefur tilbúið Mardoko sá sem gott
talaði kóngsins vegna.“ Þá sagði
kóngurinn: „Hengið hann sjálfan þar
á.“ 10Og so hengdu þeir Aman í þeim
gálga sem hann hafði tilbúið Mardoko.
Og so stöðvaðist kóngsins reiði.

8 Og á þeim degi gaf Assverus kóng-
ur Ester drottningu Amans hús,
óvinar Gyðinga. Og Mardokeus kom
fyrir kónginn því Ester hafði sagt hon-
um að hann væri hennar föðurbróðir.
2Og kóngurinn tók af sér eitt fingurgull
sem hann hafði tekið aftur af Aman og
gaf það Mardokeo. Og Ester setti Mar-
dokeum yfir hús Aman.
3Og Ester drottning talaði enn framar
meir til kóngsins og féll til fóta honum
og bað með gráti að hann vildi í burt
taka illsku Aman Agagiter og hans upp-
sátur sem hann hafði hugsað í gegn
Gyðingafólki. 4Þá rétti kóngurinn
gullspíruna að Ester. En hún stóð upp

og gekk til kóngsins [5]og sagði: „Ef það þóknast kónginum og hafi eg fundið náð fyrir honum og líki honum það þá látið bréf út ganga svo hljóðanda að þér afturkallið bréf og ráðagjörð Aman sonar Medata Agagiter sem hann skrifaði að Gyðingafólk skyldi drepið verða í öllum kóngsins löndum. [6]Því hvernin má eg horfa á það vonda sem koma mun yfir mitt fólk? Eða hvernin má eg sjá upp á það að mín ætt skal so fyrirfarast?“ [7]Þá sagði Assverus kóngur til drottningarinnar Ester og til Mardokeum Gyðings: „Sjá, eg hefi gefið Ester hús Aman en hann bauð eg að hengja í gálga því að hann lagði sínar hendur á Gyðingafólk. [8]Þar fyrir skrifi þið nú vegna Gyðinga svo sem ykkur líkar undir kóngsins nafni og innsiglið það með kóngsins hring.“ Því að allt það sem skrifað er undir kóngsins nafni og er síðan innsiglað með hans eigin hring það mátti enginn mann afturkalla.

[9]Þá voru kallaðir kóngsins skrifarar á þeim sama tíma, á þeim þriðja mánaði, það er sá mánuður sívan, á þeim þriðja og tuttugasta degi þess mánaðar. Og bréfin voru so skrifuð sem Mardokeus bífalaði, til Gyðinganna og til höfðingjanna, hirðstjóranna og til allra höfuðsmanna í löndunum frá Indialandi og allt til Blálands, sem var hundrað sjö og tuttugu lönd, hverju landi eftir sinni skrift og hverju fólki eftir sínu tungumáli, og svo til Gyðinganna eftir þeirra skrift og tungumáli.

[10]Og þetta var skrifað undir kóngsins Assverus nafni og so innsiglað með hans eigin gullhring. Og hann sendi bréfin með ríðandi sendimönnum á ungum múlum, [11]í hverjum bréfum að kóngurinn gaf Gyðingum leyfi að verja sig fyrir sínum óvinum hvar í borgum sem þeir væri og heimtast saman og verja líf sitt og eyðileggja og drepa alla magt þess fólks og lands sem á þá stríddi, með þeirra kvinnum og börnum, og að ræna þeirra góssi [12]á einum degi í öllum kóngsins Assveri löndum, sem var sá þrettándi dagur í þeim tólfta mánaði, það er sá mánuður adar. [13]Og innihald bréfanna er þetta, að ein bífalning væri útgefin yfir öll lönd og skyldi opinberast öllu fólki að Gyðingarnir væri viðbúnir á þeim degi að hefna sín á sínum óvinum. [14]Og þeir sendiboðar riðu sem mest og skjótast á sínum múlum eftir skipan kóngsins. Og þessi bífalning var uppslegin á Súsansloti. [15]Og Mardokeus gekk út frá kónginum í konunglegum klæðum, gulum og hvítum, og klæddur einum möttli af silki og purpura og hafandi eina stóra gullkórónu. Og borgin Súsan gladdist og varð fagnandi. [16]En Gyðingum var komið ljós og fögnuður, gleði og dýrð. [17]Og í öllum löndum og borgum hvert helst sem kóngsins orð og boðskapur kom þá varð þar gleði og fögnuður á meðal allra Gyðinga, gestaboð og gleðidagar. Og margir af landsfólkinu gjörðust Gyðingar því að ótti Gyðinga féll yfir þá.

9 Á þeim tólfta mánuði, sem er sá mánuður adar, á þeim þrettánda degi hvern kóngsins orð og skipan höfðu ákveðið að þar skyldi ske, á þeim sama degi þá óvinir Gyðinganna vonuðu að yfirfalla þá þá snerist það so að Gyðingarnir tóku að verða yfirsterkari sínum óvinum. [2]Þá samansöfnuðust Gyðingarnir í þeirra borgum í öllum kóngs Assveri löndum að leggja hendur á þá sem þeim vildu vont. Og enginn þorði að standa þeim í mót því að þeirra ótti var kominn yfir allt fólkið. [3]Og allir höfuðsmenn í landinu, höfðingjar og landstjórnarar og allir kóngsins embættismenn upphófu Gyðingana því ótti Mardokei féll yfir þá. [4]Því að Mardokeus var nú orðinn megtugur í kóngsins garði og hans rykti barst út um öll lönd með því hann miklaðist daglega og varð meiri. [5]So slógu nú Gyðingarnir alla sína óvini með sverðs-

slagi, drápu þá og slógu þá í hel og gjörðu við óvini sína eftir sínum vilja. 6Og í höfuðborginni Súsan slógu Gyðingarnir fimm hundruð manns í hel og drápu þá. 7Hér með drápu þeir og so Parsandata, Dalfón, Aspata, 8Pórata, Adalja, Arídata, 9Parmasta, Aríssaí, Arídaí og Jaesata, 10þessa tíu sonu Aman sonar Medata, óvinar Gyðinganna. En þeir lögðu ekki sínar hendur á þeirra góss. 11En á þeim sama tíma spurði kóngurinn hversu margt fólk að slegið var á Súsansloti. 12Og kóngurinn sagði til Ester drottningar: „Gyðingarnir hafa slegið fimm hundruð menn í hel og drepið á Súsansloti, og þá tíu sonu Aman. Hvað þenkir þú að þeir muni gjöra annars staðar í kóngsins löndum? Hvað vilt þú nú að þér veitist meira eða hvers biður þú enn framar meir?“ 13Ester svaraði: „Ef það þóknast kónginum þá leyfi hann Gyðingum að so sem þeir hafa gjört í dag so megi þeir gjöra og á morgun í Súsan, að þeir hengi upp á tré tíu sonu Aman.“ 14Og kóngurinn bauð að svo skyldi ske. Og þessi bífalning var uppslegin í Súsan og þeir tíu synir Aman voru hengdir. 15Og Gyðingarnir söfnuðust til samans í Súsan á þeim fjórtánda degi í mánuði adar og drápu þá enn þrjú hundruð manns í Súsan. En þeirra góss ræntu þeir ekki.

16En þeir aðrir Gyðingar í kóngsins löndum komu til samans að verja líf sitt og að þeir mætti hafa frið fyrir sínum óvinum og þeir drápu af þeirra óvinum fimm og sjötígi þúsundir. En þeirra eignir létu þeir kyrrar. 17Það skeði á þeim þrettánda degi í mánuði adar. En þeir hvíldust á fjórtánda degi í sama mánuði og þann dag héldu þeir með gleði og gestaboðum. 18En þeir Gyðingar sem voru í Súsan voru komnir til samans bæði þann þrettánda og fjórtánda dag og hvíldust á þeim fimmtánda degi. Og þann dag héldu þeir með gleði og gestaboðum. 19Þar fyrir héldu þeir Gyðingar sem bjuggu í smástöðum og kauptúnum þann fjórtánda dag í adarmánuði gestaboð og gleðidaga og hver sendi öðrum skenkingar á þessum degi.

20Og Mardokeus bréfsetti þessa gjörninga og sendi bréfin til allra Gyðinga sem voru í öllum kóngs Assveri löndum, bæði nærri og fjarri, 21að þeir skyldu meðtaka og halda þann fjórtánda og fimmtánda dag í mánuði adar ætíð á hverju ári 22á þeim dögum á hverjum Gyðingarnir höfðu fengið frið og rósemd fyrir sínum óvinum og eftir þeim mánuði á hverjum þeirra hörmung snerist til fagnaðar og þeirra sorg til gleðidaga, að þeir skyldu halda þá daga með gleði og gestaboðum og að senda hver öðrum gáfur og skenkingar og gefa þeim fátæku.

23Og Gyðingarnir samtóku að gjöra það sem þeir höfðu uppbyrjað og það sem Mardokeus skrifaði þeim til, 24hvernin Aman son Madata Agagiter, óvinur allra Gyðinga, hafði huglagt að fyrirkoma öllum Gyðingum og lét kasta hlutum að hræða þá og fyrirkoma þeim, 25svo og hvernin að Ester gekk inn fyrir kónginn og hann bauð með bréfum að hans vonda uppsátur það hann hafði hugsað í móti Gyðingum snerist yfir hans eigið höfuð og hversu hann og hans synir með honum voru hengdir á gálga. 26Af þessu kölluðu þeir þessa daga Púrím af hlutfallsins nafni, eftir öllum orðum þessa bréfs og hvað þeir höfðu sjálfir séð og til þeirra kom. 27Og Gyðingarnir uppsettu þetta og tóku það upp á sig og sitt afkvæmi og á alla þá sem sig gáfu til þeirra að þeir skyldu í öngvan máta yfirgefa að halda þessa tvo daga árlega eftir því sem þeir voru skrifaðir og staðfestir, 28að þessir tveir dagar skyldu ekki forgleymast heldur skyldu þeir haldast hjá þeirra barnabörnum og hjá öllum þeirra ættmönnum í öllum löndum og borgum. Þessir eru þeir dagar hverjir ekki skulu yfirtroðast á meðal Gyðingalýðs og að

þeirra minning skal í öngvan máta niðurfalla hjá þeirra sæði.

[29]Og Ester drottning, dóttir Abíhaíl, og Mardokeus Gyðingur skrifuðu mjög vandlega að staðfesta þetta annað bréf um púrím. [30]Og þau sendu bréfin til allra Gyðinga um lönd Assveri kóngs, sem voru að tölu hundrað tuttugu og sjö, með orðum kærleiks og sannleika, [31]að þeir skyldu staðfesta þessa daga púrím á sínum tilsettum tíma so sem Mardokeus Gyðingur hafði tilsett þeim og Ester drottning, so sem þeir höfðu undirbúið á þeirra sálir og þeirra sæði, að halda þessa gjörninga föstunnar og þeirra kalls. [32]Og Ester bífalaði að staðfesta þessa gjörninga Púrím og að þeir skyldu skrifast í eina bók.

10 Og Assverus kóngur lagði skatt á löndin og eyjar sjávarins. [2]En allir hans gjörningar, veldi og magt og sú mikla vegsemd Mardokei sem kóngurinn veitti honum, sjá, það er skrifað í kónganna kroníkum í Persia og Media. [3]Því Mardokeus Gyðingur var næstur Assvero kóngi, megtugur á meðal Gyðinga og þekkur öllum sínum bræðrum, hver að leitaði góðs fyrir sitt fólk og lagði hið besta til með öllu sínu sæði.

Endir á bókinni Ester

BÓKIN JOB

1 Job er maður nefndur. Hann var í landi Ús. Sá sami maður var einfaldur, réttlátur, guðhræddur og forðaðist hið vonda. [2]Hann átti sjö sonu og þrjár dætur. [3]Og hans kvikfé var sjö þúsundir sauða, þrjár þúsundir úlfalda, fimm hundruð ardur uxa, fimm hundruð ösnur og mjög mörg hjú. Og hann var ágætari en allir þeir aðrir sem bjuggu í austurálfunni. [4]Og hans synir fóru til og gjörðu gestaboð, hver í sínu húsi, sérhver á sínum degi. Og þeir sendu út og létu bjóða systrum sínum þremur til að eta og drekka með sér. [5]Og þá einn gestaboðsdagurinn var umliðinn sendi Job burt og helgaði þá og stóð upp mjög snemma og offraði brennifórnum fyrir sérhverjum þeirra. Því að Job hugsaði svo: „Ske má að synir mínir hafi syndgast og bölvað Guði í sínum hjörtum.“ So gjörði Job alla daga.

[6]So bar til einn dag að Guðs börn komu og stóðu fyrir DROTTNI. Þá kom og Satan og stóð á meðal þeirra. [7]Og DROTTINN sagði til Satan: „Hvaðan komstu?“ Satan svaraði DROTTNI og sagði: „Eg hefi farið í kringum jörðina og gengið um hana.“ [8]DROTTINN sagði til Satan: „Gættir þú ekki að mínum þénara Job? Því að hans líki er ekki á jörðu, einfaldlegur, réttlátur, guðhræddur og forðast hið vonda.“ [9]Satan svaraði DROTTNI og sagði: „Hvört meinar þú það að Job óttist Guð fyrir ekkert? [10]Hefur þú ekki verndað hans heimili og allt það hann hefur umhverfis sig? Þú hefur og blessað hans handaverk og hans góss hefur útbreitt sig í landinu. [11]En rétt þú þína hönd út og svipt til alls þess sem hann hefur. Hvað gildir hann mun bölva þér frammi fyrir þínu augliti.“ [12]DROTTINN sagði til Satan: „Sjá þú, allt það eð hann hefur, það sé þér í hendi, utan það einasta að þú legg ekki þína hönd á hann sjálfan.“ Þá gekk Satan út frá DROTTNI.

[13]Og á þeim degi þá hans synir og dætur átu og drukku vín í húsi síns frumgetna bróður [14]þá kom einn sendiboði til Job og sagði: „Arðuruxarnir plægðu og ösnurnar voru þar í haganum hjá þeim. [15]Þá féllu þeir af ríki Arabia yfir þá og tóku þá í burt og í hel slógu þjónustumennina með sverðseggjum og eg komst einn undan að kunngjöra þér þetta.“ [16]Þá hann var að tala þetta þá kom einn annar og sagði: „Eldur Guðs féll af himnum ofan og brenndi bæði sauðina og þjónustumennina og uppbrenndi þá og eg komst einn undan að undirvísa þér það.“ [17]Þá hann enn so talaði kom einn annar og sagði: „Þeir Caldei gjörðu þrjár fyllkingar og hlupu að úlföldum og í burt tóku þá og í hel slógu þjónustumennina með sverði og eg einn komst undan að kunngjöra þér þetta.“ [18]Þá hann var þetta að segja þá kom einn annar og sagði: „Þínir synir og dætur átu og drukku í húsi síns frumgetna bróðurs. [19]Og sjá þú, þar kom mikill stormvindur af eyðimörkinni og steytti upp á þau fjögur hornin hússins og fleygði því niður yfir þín börn so að þau drápust og eg komst einn undan að eg undirvísaði þér þetta.“

[20]Þá stóð Job upp og í sundur reif sín klæði og reytti sitt hár og féll til jarðar, tilbað [21]og sagði: „Nakinn kom eg út af minnar móður kviði, nakinn mun eg og þangað aftur hverfa. DROTTINN gaf það, DROTTINN í burt tók það. Blessað sé nafnið DROTTINS.“

[22]Í öllu þessu syndgaðist ekki Job og eigi talaði hann neitt fávíslegt í gegn Guði.

2 Það skeði á degi nokkrum þá eð Guðs börn komu og stóðu fyrir DROTTNI, þá kom Satan á meðal þeirra og gekk fram fyrir DROTTIN. [2]Þá sagði DROTTINN til Satan: „Hvaðan komst þú?“ Satan svaraði DROTTNI og sagði: „Eg hefi gengið í kringum jörðina og farið um hana.“ [3]DROTTINN sagði til Satan: „Hefur þú ekki gefið gætur að mínum þénara Job? Því að hans líki er ekki á jörðu, einfaldur, réttlátur, guðhræddur og forðast hið vonda, haldandi enn fast guðrækni sinni. En þú hefur komið mér til að eg hef fordjarfað hann fyrir sakleysi.“ [4]Satan svaraði DROTTNI og sagði: „Húð fyrir húð og allt hvað maðurinn hefur til, þá gefur hann fyrir líf sitt. [5]En réttu þína hönd út og hrær hans hold og bein, þá munt þú sjá að hann bölva þér frammi fyrir þínu augliti.“ [6]DROTTINN sagði til Satans: „Sjá þú, hann er í þinni hendi. En þú skalt þó þyrma hans lífi.“

[7]Þá gekk Satan út frá augliti DROTTINS og sló Job með þeim vestu sárum, frá hans hvirfli og allt til ilja. [8]Og hann tók eina skel og skóf sig með, sitjandi í ösku. [9]Og hans húsfreyja sagði til hans: „Ert þú enn staðfastur við þína guðrækni? Bölva þú Guði og

far að deyja.“ [10]Og hann sagði til hennar: „Þú talar sem hinar fávísu kvinnur. Fyrst vér höfum meðtekið hið góða af DROTTNI, hvar fyrir skulum vér þá og ekki einnin líka meðtaka hið vonda?“ Í öllu þessu þá syndgaði ekki Job með sínum vörum.

[11]En þá þeir þrír vinir Jobs heyrðu alla þá hluti sem yfir hann höfðu komið komu þeir hver af sínum stað, Elífas af Teman, Bildad af Súa og Sófar af Naema, því að þeir höfðu sammælt með sér að þeir vildu koma og sampínast honum og að hugga hann. [12]Og þá þeir upplyftu sínum augum álengdar þekktu þeir hann ekki. Og þeir hófu upp hljóð og tóku að gráta og hver þeirra sundurreif sín klæði og jós í loftið moldu yfir höfuð sér. [13]Og þeir sátu á jörðu með honum sjö daga og sjö nætur og þeir töluðu ekki neitt við hann því að þeir sáu að hans hörmung var harla mikil.

3 Eftir það upplauk Job sínum munni og bölvaði sínum degi [2]og Job sagði:

[3]„Fyrirfarist sá dagur á hverjum em eg fæddur og sú nótt á hverri sagt var: Sveinbarn er getið. [4]Veri sá dagur myrkur og Guð hér ofan að, hann eigi ekki við að spyrja eftir honum. Ekkert ljós þá skíni yfir honum. [5]Myrkur og þoka yfirfalli hann, þykkvir skýflókar blífi yfir honum og þokusvælan dagsins gjöri hann herfilegan. [6]Og myrkrið eignist þá nótt svo hún gleðji sig ekki á meðal daganna ársins og komi hún eigi heldur í mánuðanna tölu. [7]Sjá, veri sú nótt einmana og enginn gleðskapur sé á henni. [8]Bölvi henni þeir sem formæla deginum og þeir sem reiðubúnir eru til að uppvekja þann levjatan. [9]Stjörnur hennar verði myrkvar í hennar rökkri, hún voni eftir ljósinu og það komi ekki og eigi líti hún augabrún morgunroðans. [10]Af því hún ei afturlukti dyrnar míns kviðar og byrgði ekki þá gæfuna fyrir mínum augum.

[11]Hvar fyrir deyði eg ekki í móðurkviði? Því fyrirfórst eg þá ekki þegar að eg kom af minnar móður lífi? [12]Hvar fyrir hafa þær lagt mig í kjöltu sér? Hvar fyrir var eg á brjósti uppfæddur? [13]Því þá lægi eg nú og væri kyrr, svæfi [14]og hefði hvíld með kóngunum og ráðsherrunum jarðarinnar sem byggja það sem í eyði er, [15]elligar með þeim höfðingjum sem gullið eiga og þeirra húsin eru full af silfri, [16]eður falinn svo sem einn ótímabær burður og væri ekki neitt, svo sem að þau ungu börnin er aldrei sáu ljósið, [17]þar ið hinir ómildu munu afláta grimdaræðinu, þar ið hvíla sig þeir ið haft hafa mikið erfiði. [18]Þar hafa og fangarnir frið hver við annan og heyra ekki kvalarans hljóð. [19]Þar eru bæði smáir og stórir, þrællinn og sá sem frelsi er gefið af sínum herra.

[20]Hvar fyrir er ljósið gefið hinum vesala og lífið sorgbitnum í hjarta? [21]Þeim sem bíða eftir dauðanum og hann kemur ekki og græfi hann út af fylsnunum? [22]Þeir mundu gleðja sig mjög og vera glaðir við það að þeir megi komast til grafarinnar. [23]Og sá maður hvers vegur að byrgður er og Guð byrgir þann sama fyrir honum. [24]Því þá nær eg skal matar neyta hlýt eg að andvarpa þar út af og minn grátur útrennur sem vatn. [25]Því það hvað eg hræddist, það er yfir mig komið og fyrir því sem eg kvídda, það henti mig. [26]Var eg ekki lukkusamlegur? Var eg ekki að hófi spaklátur? Hafði eg ekki góða hvíld? Og þar kom svoddan hrelling.“

4 Þá svaraði Elífas af Tema og sagði:
[2]„Kann vera að þú viljir ekki gjarnan það menn reyni til þess að tala við þig. En hver fær bundist þessa? [3]Sjá, þú hefur leiðrétt margan og styrkt þreyttar hendur. [4]Þín ræða hefur upprétt hina sem niður voru fallnir og þú hefur styrkt þau skjálfandi kné. [5]En nú að það kemur yfir þig þá drýpur þú niður og nú það snertir þig þá skelfist þú við.

[6]Er það þín guðhræðsla, þitt traust, þín von og þitt sakleysi? [7]Kæri, hugsa þig um það: Nær hefur hinn saklausi nokkurn tíma fyrirfarist eða hvar hafa hinir réttferðugu nokkurn tíma verið afmáðir? [8]Heldur so það eg hefi vel séð að þeir sem plægðu armæðunni og niðursáðu ógæfunni að þeir uppskáru það sama [9]og að þeir tortýndust fyrir Guðs anda áblástur og eru að öngvu orðnir fyrir hans reiðarinnar anda. [10]Leónsins grenjan og öskur leóninunnar og tennur leónshvölpanna eru í sundur brotnar. [11]Leónið það tortýnist því það gat ekki lengur bráðina fengið og hvelparleónsinnunnar eru í sundur tvístraðir.

[12]Og heimuglegt orð er komið til mín og mitt eyra hefur meðtekið eitt orðkorn af því hinu sama. [13]Þá ið eg hugleiddi þá næturSýnina, nær svefninn fellur yfir mennina, [14]þar kom hræðsla og skjálfti yfir mig og skelfdi öll mín bein. [15]Og þá ið andinn gekk fram fyrir mér yfðust upp mín hár á mínum líkama. [16]Þá stóð þar ein mynd fyrir mínum augum og eg þekkta ekki hennar yfirlit,

hljótt var og eg heyrði eina raust: 17Hvernin
má maðurinn vera réttvísari en Guð eða
nokkur maður hreinni en sá sem hann skap-
að hefur? 18Sjá þú, enginn er óstraffanlegur á
milli hans þénara, hann finnur og fávisku á
meðal sinna sendiboða. 19Hversu miklu
framar hjá þeim sem byggja í leirhúsunum
hverjir að grundvallan hafa á jörðunni og
uppétast skulu af möðkum? 20Það varir í frá
morni og allt til kvelds, þá verða þeir upp-
höggnir og áður en þá þess varir þá eru þeir
öldungis í burtu. 21Og þeirra eftirblífnu fyrir-
farast einnin og deyja burt svo óvarlega.

5 Nefn þú mér einn. Hvað gildir þú finnur
öngvan? Sjá þig um kring eftir nokkurs
háttar heilögum. 2Fávísan mann þá fær vel
reiðin til heljar dregið og vandlætingin getur
heimskum í hel komið. 3Eg sá einn galinn
gróðursettan og eg bölvaði strax hans heim-
ili. 4Hans börn skulu fjarlæg vera hjálp-
ræðinu og þau skulu sundurslást í borg-
arhliðunum so að þeim mun enginn hjálp
veita. 5Hinir hungruðu skulu uppeta hans
haustvinnu og hinir hervopnuðu skulu
heimsækja hann og þeir inu þyrstu þá skulu
upp drekka hans góss. 6Því að armæðan upp-
sprettur ekki úrjörðunni og ógæfan vex ekki
úr akrinum heldur svo: 7Maðurinn fæðist til
ógæfunnar líka sem það fuglarnir upphefjast
til að fljúga.

8Þó vil eg nú tala um Guð og skýra út af
honum, 9hann sem gjörir mikla hluti og
órannsakanlega og þær dásemdir sem ekki
kunna að teljast, 10hann sem gefur regnið á
jörðina og lætur vatnið koma á veguna,
11hann sem upphefur hina niðurþrykktu og
upp hjálpar hinum harmþrungna, 12hann
hver að ónýtir ráðagjörðir þeirra illklóku svo
að þeirra hönd fær því ekki af stað komið.
13Hann höndlar hina vísu í þeirra slægsmun-
um og umveltir ráðum rangferðugra 14svo
að þeir hlaupa um dagana í myrkrinu og fara
fálmandi um miðdegið líka sem á nóttinni.
15Hann frelsar hinn volaða frá sverðinu og í
frá þeirra munni og í frá hendi voldugra.
16Og hann er vonin hins fátæka svo að
mannillskan hlýtur að halda sínum munni til
samans.

17Sjá þú, sæll er sá maður sem Guð leggur
hirting á, þar fyrir þá fyrirlít ekki hirtingina
Hins Almáttuga. 18Því hann særir og græðir,
hann slær og hans hönd læknar það. 19Hann
mun frelsa þig út af þeim sex harmkvælum
og í því hinu sjöunda mun ekki neitt illt
áhræra þig. 20Á hallæristíðinni mun hann
frelsa þig frá dauðanum og í stríðinu frá
sverðsins hendi. 21Hann mun skýla þér fyrir
keyri tungunnar svo þú hræðist ekki
fordjörfunina nær að hún kemur, 22í fore-
yðslunni og hungrinu munt þú hlæja og
fyrir villudýrunum í landinu eigi hræddur
vera 23heldur mun þinn sáttmáli vera við
steinana á foldunni og þau villudýrin í
landinu munu halda frið við þig. 24Og þú
munt formerkja að þín tjaldbúð hefur frið og
þú munt útvega það hvað heyrir til þíns
heimilis og syndgast ekki. 25Og þú munt þess
var verða að þitt sæði mun margfaldlegt
blífa og þitt afkvæmi sem gras á jörðu. 26Og
þú munt í elli ævinnar koma til grafarinnar
líka sem hveitikornsbindini innflyst á sínum
tíma. 27sjá, það höfum vér rannsakað og það
er og svo. Hlýð þessu og legg það vel í
minni.“

6 Job svaraði og sagði: 2„Þar sem maður
vildi vega eymd mína og leggja mína
pínu til samans í eina metaskál 3þá væri það
þyngra en sandurinn í sjónum. Þar fyrir er
það til ónýtis hvað eg tala. 4Því að skeytin
Hins Almáttuga standa í mér og þeirra
grimmd útsýgur minn anda og Guðs hrell-
ingar stríða á mig. 5Skógdýrin rymja ekki
nær þau hafa grasið og nautið beljar ekki
nær það hefur sitt fóður. 6Kann maðurinn að
eta það sem vansaltað er? Eða hver getur
smakkað það hvíta sem utan um blómstrið
er? 7Hvað mín sál vildi áður ekki hræra það
sama er nú út af angist mín fæða.

8Óhó, það mín bæn mætti ske og Guð
hann gæfi mér það eg vona eftir! 9Það Guð
hann tæki til að berja mér niður og léti sína
hönd ganga til að sundurskipta mér! 10Þá
hefða eg enn hugsvalan og eg vilda þar um
biðja í mínu krankdæmi að hann vægði ei.
Eg hefi þó ekki á móti talað orðræðu Hins
Heilaga. 11Hver er minn kraftur so það eg
kunni staðfastur að blífa og hver er mín
endatekt það mín sál muni þolinmóð vera?
12Minn kraftur er ekki af steinum og mitt
hold er ekki kopar. 13Eg hefi og hvergi neina
hjálp og mín kallmennska er í burtu.

14Hver sem afsegir miskunnsemina sínum
náunga hann yfirgefur óttann Hins Almátt-
uga. 15Mínir bræður ganga fyrirlitlega fram-
hjá mér sem annar rennandi lækur, líka sem
aðrar vatsgrafir þær ið framhjá fljóta. 16Þeir
sem forðast hrímfrostið, yfir þá mun snjór-
inn falla. 17Á þeim tíma þegar þrengir að

þeim hitinn mun þá ómætta upp og nær þeira taka að hitna munu þeir forganga út af sínum stöðum. [18]Þeirra vegur liggur afsíðis út af, þeir ganga í þá óveguna og fyrirfarast. [19]Þeir horfa á þann veginn til Tema og hyggja að þeim veginum til Arabia. [20]En þeir munu til skammar verða nær það er sem allra öruggast og skammast sín nær eð þeir koma þangað. [21]Því að þér eruð nú komnir til mín og með því þér sjáið vesöldina þá uggið þér um yður. [22]Hefi eg nokkuð sagt: Færið hingað og skenkið mér nokkuð af yðrum eignum [23]og leysið mig af hendi óvinarins og frelsið mig af valdi víkingsins?

[24]Kennið mér, eg vil þegja og leiðréttið um það eg veit ekki. [25]Því finni þér að réttu máli? Hver er sá yðar á milli að að því kunni að finna? [26]Þér uppdiktið orð ekki til annars en að straffa mig og mitt hugskot með afarorðum að skelfa. [27]Þér yfirgang veitið fátækum föðurleysingja og grafið gröf yðrum vin. [28]Þó fyrst þér hafið þetta svo upptekið þá hyggið að mér hvert eg kann með lygimæli að standast fyrir yður. [29]Svarið því til hvað rétt er, mitt andsvar skal enn vera rétt. [30]Hvað gildir að mín tunga hefur ekki ósatt og minn munnur hann segir engin rangindi.

7 Hlýtur maðurinn ekki alla tíma í stríði að vera á jörðunni og hans dagar eru líka svo sem eins daglaunara? [2]Eins líka svo sem það þjóninn langar eftir rökkrinu og verkmanninn að hans erfiði fái enda, [3]líka svo hefi eg alla mánuðina erfiðað tilforgefins og haft margar vosbúðarnætur. [4]Þá að eg lagða mig út af sagða eg: Hvenær skal upp standa? Og eftir á þá talda eg til hvenær kveldið mundi koma. [5]Því að eg var með öllu hvers manns viðbjóður allt til myrkurs. Mitt hold vellur allt af möðkum og holdfúa, mín húð er skorpin og að öngvu orðin. [6]Mínir dagar eru skyndilegar umliðnir en vindan vefarans og eru svo hjá farnir að þar var ekkert afturhald.

[7]Hugleið þú það að mitt líf er sem vindur og mín augu hverfa ekki aftur til að sjá það góða. [8]Og einskis lifanda auga þá mun sjá mig lengur. Þín augu líta á mig og eg stenst það ekki. [9]Skýið það í burtu hverfur og líður, eins líka og hann sem ofan fer í helvítið, hann kemur eigi upp aftur [10]og kemur ekki aftur í sitt heimili og hans bústaður þekkir hann ekki lengur. [11]Þar fyrir vil eg og ekki aftra mínum munni, eg vil tala um þá angist míns hjarta og segja af þeirri hörmunginni minnar sálu. [12]Hvert er eg sjávarhafið eður stórhvalur að þú umkringir mig so? [13]Nær eg hugsaði að mín sæng skyldi hugsvala mér og mín hvíla skyldi létta mér nokkuð, [14]nær eg talaði við sjálfan mig, þá hræðir þú mig með draumum [15]og komst mér til að skelfast svo að mín sála æskti sér upphengd að vera og mín bein dauðans. [16]Eg girnist ekki lengur að lifa. Væg þú til við mig því að mínir dagar hafa verið til ónýtis.

[17]Hvað er maðurinn þess að þú virðir hann mikils og hefur umhyggju fyrir honum? [18]Þú forvitnast um hann daglegana og reynir hann á hverri stundu. [19]En því hefur þú þig ekki í burt frá mér og lætur ekki af þangað til að eg verð upp að svelgja sjálfs míns eigin hráka? [20]Hafi eg syndgast, hvað skal eg gjöra þér, ó þú mannanna varðveitari? Hvar fyrir gjörir þú mér það að eg steyti mig svo á þér og er mér svo sjálfum einn byrðarþungi? [21]Og því fyrirlætur þú mér ekki minn misgjörning og burt tekur ekki mína synd? Því að nú verð eg að leggja mig út í jörð og nær eð að morninum er að mér leitað þá er eg ekki til.

8 Þá svaraði Bildad af Súa og sagði: [2]„Hversu lengi vilt þú tala svoddan og orð þíns munns hafa drambsaman hug? [3]Hvört þenkir þú að Guð hann dæmi rangsamlegana eður sá Hinn Almáttugi umsnúi réttinum? [4]Hafi þínir synir syndgast fyrir honum þá hefur hann yfirgefið þá fyrir þeirra misverka sakir. [5]Ef svo er að þú innflýr árla til Guðs og grátbænir þann inn Almáttuga [6]og ef þú ert hreinn og réttferðugur þá mun hann upp vakna til þín og mun rétta við bústaðinn aftur fyrir þíns réttlætis sakir. [7]Og hvað þú hefur áður of lítið haft það mun hér eftir á mikið foraukast.

[8]Því að spyr þú að hinar forliðnu kynkvíslir og áset þér að aðspyrja þeirra forfeður. [9]Því að vér erum hér svo sem síðan í gærdag og vitum ekkert, vorir lífdagar eru líka sem annar skuggi á jörðunni. [10]Þeir munu fræða þig og segja þér og framflytja sitt mál út af sínu hjarta. [11]Kann nokkuð sefvið að vaxa utan það standi í vætunni eður grasið upp að spretta í vatsleysunni? [12]Ella burt visnar það meðan það er í gróðrinum, áður en það er niðurslegið þornar það áður það verður hey. [13]So vegnar það öllum þeim sem forgleyma Guði og vonin hræsnarans mun fortöpuð verða. [14]Því að hans athvarf það forgengur og hans traust er sem annar göngurófarvef-

ur. 15Hann hallar sig að sínu húsi og hann
mun þó ei viðstaðið geta, hann mun halda
sig þar við en vera þó ekki staðfastur.
16Hann hefur vel vökvan áður en það sólin
kemur upp og hans viðarkvistir spretta vel í
hans jurtragarði. 17Hans kornsæði stendur
þykkt saman við vatsrásirnar og hans hús á
grjóti. 18En þá nær eð hann í burt sviptir
honum út af sínum stað mun hann breyta
svo við hann sem væri hann honum alls
ókenndur. 19Sjá þú, það sama er gleðin hans
athæfis og aðrir munu úr duftinu upp koma.

20Þar fyrir þá sjá að Guð hann yfirgefur
ekki þá hina algjörðu og að hann uppstyður
ekki hendurnar hinna illgjörnu, 21þangað til
að þinn munnur upp fyllist af hlátri og þínar
varir af kæti. 22Og þeir sem þig hata munu til
skammar verða og tjaldbúðir hinna ómildu
munu ekki staðist geta.“

9 Job svaraði og sagði: 2„Já, eg veit það
næsta vel að það er so að maðurinn
kann ekki réttferðuglega að standa á móti
Guði. 3Hafi hann lysting til að þrátta við
hann þá kann hann ekki að svara honum
einu í mót þúsund. 4Hann er vitur og meg-
tugur, hverjum lukkaðist það nokkurn tíma
vel sem setti sig á móti honum? 5Hann færði
fjöllin úr stað áður en þau verða vör við það,
þeim eð hann umturnar í sinni reiði. 6Hann
hrærir landið úr sínum stað svo að þess
stólpar hristast. 7Hann segir til sólarinnar þá
hún kemur eigi upp og hún innsiglar
stjörnurnar. 8Hann alleina útbreiðir himin-
inn og gengur á bylgjum sjávarins. 9Hann
gjörir þann Vagninn á himninum, þann
Óríon og Sjöstjörnurnar í móti suðrinu.
10Hann gjörir mikla hluti og órannsakanlega
og óteljanlegar dásemdir. 11Sjá þú, hann
gengur fram yfir mig fyrr en eg varð þess vís
og umskiptir sér fyrr en eg formerki það.
12Sjá þú, nær eð hann líður skyndilega í burt,
hver fær sótt hann aftur? Hver vill segja til
hans: Hvað hefst þú að?

13Hann er Guð, enginn kann að stilla hans
reiði, hinir stoltu herrarnir hljóta að lúta
undir hann. 14Hvernin skyldi eg þá svara
honum eður finna orð á móti honum?
15Einnin þó eg hefða rétt þá kann eg þó ekki
heldur honum svar að gefa, utan eg hlýt að
biðja um minn rétt. 16En þó eg kalli til hans
og hann heyri þá trúi eg þó að hann heyri
ekki mína raust. 17Því að hann fer yfir mér
með stormviðri og veitir mér marga ákomu
fyrir sakleysi. 18Hann lætur minn anda ei ná
að endurnæra sig heldur uppfyllir hann mig
af harmkvælum. 19Verði magtarinnar leitað
þá er hann megtugur, verði réttarins krafið,
hver vill vera minn vitnismaður? 20Segi eg
það að eg sé réttvís þá fordæmir hann mig
þó samt. Sé eg meinlaus þá gjörir hann mig
þó sakaðan. 21Sé eg réttlátur þá þorir þó mín
sála ekki að taka sér það til. Eg hirði ekki um
að lifa lengur. 22Það er það eina sem eg hefi
sagt: Hann foreyðir bæði saklausum og sök-
uðum. 23Nær eð hann tekur til að húðstrýkja
þá þrengir hann jafnsnart fram til dauðans
og hlær að freistingum hinna meinlausu.
24En landið verður gefið í hendur hins
ómilda að hann vilji niðurþrykkja þeirra
dómendur. Er það eigi svo hvernin skyldi
það öðruvísi vera?

25Mínir dagar hafa verið fljótari en nokkur
hlaupari, þeir eru í burt flúðir og hafa einsk-
is góðs áskynja orðið. 26Þeir eru í burt
gengnir líka sem þau sterku skipin, líka sem
það örnin burt flýgur til bráðar. 27Nær eg
þenkti að eg vilji gleyma mínum harmi og
láta mína breytni umlíða og endurlífga mig
28þá kvíði eg samt við öllu mínu kvalræði af
því að eg veit það að þú heldur mig ekki sak-
lausan. 29Ef eg er óguðlegur, hvar fyrir hefi
eg þá þessa plágu til forgefins? 30Þó að eg
þvægi mig upp í snjóvatni og hreinar gjörði
mínar hendur í brunninum, 31þá dýfir þú
mér mitt niður í saurinn og mín föt munu þá
fara mér svívirðilega. 32Því að hann er ekki
minn líki þeim eg mætti svara svo að vér
kæmum saman fyrir dóminn. 33Þar er
enginn sá maður oss kunni skilja, eigi heldur
sá sem kann að leggja sína hönd á millum
okkar beggja. 34Hann taki sinn vönd af mér
og í burt láti af mér sína hrelling 35svo að eg
megi tala og þurfi ekki að hræðast fyrir hon-
um, elligar kann eg ekki fyrir mig nokkuð að
gjöra.

10 Minni sál leiðist að lifa, eg vil láta
mína sorg framlíða hjá mér og tala
um harmkvæli minnar sálar 2og segja til
Guðs: Fordæm mig ekki, lát þú mig vita hvar
fyrir að þú þráttar við mig. 3Líkar þér það að
þú gjörir ofurvald og í burt kastar mér? Þeim
sem þínar hendur hafa skapað og gjöra svo
ráðið hinna ómildu til vegsemdar? 4Hvert
hefur þú einnin líkamleg augu eða sér þú
svo sem maðurinn sér? 5Eða er þín tíð svo
sem mannsins tíð eða þín ár so sem manns-
ins ártala 6að þú spyrjir því eftir mínum mis-
gjörning og leitir eftir mínum syndum 7þar

þú veist þó að eg er ekki óguðlegur? Því þar
er þó enginn sem kunni að frelsa af sinni
hendi.
8Þínar hendur hafa samansett mig og gjört
það allt saman hvað eg er allt um kring. Og
þú niðursökkvir mér svo með öllu. 9Minnst
þú þó þess að þú gjörðir mig af jarðarleiri og
það að þú munt gjöra mig aftur af jarðar-
dufti. 10Hefur þú ekki mjólkað mig sem aðra
mjólk og hleypt mér til samans sem öðrum
osti? 11Þú íklæddir mig með holdi og hörundi
og með beinum og sinum samsettir þú mig.
12Lífið og margt gott annað gafst þú mér og
þín yfirsjón varðveitti minn anda.
13En þó að þú varðveittir slíkt í hjarta þínu
þá veit eg þó að þú hugsar það samt. 14Nær
eg syndgast þá formerkir þú það jafnsnart
og lætur mína synd ekki óstraffaða. 15Sé eg
óguðlegur svo er mér vei, sé eg réttferðugur
þá þori eg ekki að upplyfta mínu höfði, eg
sem er fullur af forsmán og sé mína eymdar
vesöld. 16Og líka sem annað öruggt león þá
jagar þú mig og handtérar svo hræðilega aft-
ur við mig. 17Þú endurnýjar þín vitni á móti
mér og margfaldar þína reiði í gegn mér.
Hver plágan kemur eftir aðra samfleytt.
18Hvar fyrir útleiddir þú mig af móðurkviði?
Óhó, hefða eg fyrirfarist og að aldrei hefði
neitt auga mig séð! 19Þá væra eg sem þeir er
aldrei voru neinir og í burt fluttur frá minn-
ar móður kviði til grafarinnar! 20Skulu mínir
lífdagar stuttir ekki fá enda og mig fara láta
að eg yrða svo nokkuð lítið endurnærður?
21Fyrr en að eg fari í burt og kem eigi aftur,
sem er í land myrkursins og dimmu dauð-
ans, 22í það land sem er það þykkva myrkrið
og þar engin skipan er á, þar að það skín svo
sem dimma.“

11 Þá svaraði Sófar af Naema og sagði:
2„Nær að einn hefur lengi talað má
hann þá og einnin ekki hlýða til? Skal og
málugur maður alltíð rétt hafa? 3skulu menn
þegja fyrir þinnar margmæli sakir að þú
megir svo þitt skimp fremja það enginn
þaggi þig niður? 4Þú segir: Mitt mál það er
hreinferðugt og eg em hreinn í þínu augliti.
5Óhó, væri ekki vel að Guð vildi tala við þig
og upplúka sínum vörum 6og kunngjöra þér
þann heimuglega vísdóm! Því að hann hefði
vel meira að handtéra við þig svo að þú
mættir formerkja að hann minnist ekki á all-
ar þínar misgjörðir. 7Þenkir þú að þú munir
vita svo mikið sem Guð veit og það að þú
munir svo fullkomlegana hitta upp á alla
hluti sem sá hinn Almáttugi? 8Hann er hærri
en himininn, hvað vilt þú gjöra? Djúpari en
helvítið, hvað kannt þú að vita? 9Lengri er
hann en jarðríkið og breiðari en hafið. 10Þó
að hann umvelti eður niðurbyrgi eður þeim í
einn hóp til samans safni, hver vill banna
honum það? 11Því hann þekkir vel þá hé-
gómamenn, hann sér vel þá ódyggð og
skyldi hann ekki gæta að því? 12Einn fáfeng-
ur blæs sig upp og ein fædd manneskja vill
vera sem annað ótamið villudýr.
13Hefðir þú fyrirbúið þitt hjarta og útbreitt
þínar hendur til hans, 14ef að þú hefðir yfir-
gefið þitt ranglæti sem er þér innan handar
og látið það langt í frá þér svo að enginn
óréttindi væri í þínu heimili, 15þá mættir þú
upphefja þitt andlit óstraffanlega og vera
svo öruggur en ekki óttablandinn. 16Þá
mundir þú gleyma þinni armæðu og minn-
ast so lítt á hana svo sem á vatnið er framhjá
rennur. 17Og tíminn þinna lífdaga mundi
upprenna sem hádegið sjálft og myrkrið
mundi vera sem morgunljósið 18og mættir
þú hugsvala þér með því að þar væri von fyr-
ir höndum og kynnir svo með hvíld í gröfina
að komast 19og að þú mættir hvíla þig og það
enginn gjörði þér ónáðir og margir mundu
þá biðja fyrir þér. 20En augun hinna óguð-
legu þau munu veikari verða og munu það ei
umflúið geta því að á þeirra von þá skal sálu
þeirra brestur verða.“

12 Þá svaraði Job og sagði: 2„Já, þér
eruð þeir menn, með yður mun vís-
dómurinn deyja. 3Eg hefi og vel eitt hjarta
sem þér og er ekki minniháttar en þér og
hver er sá em ekki veit slíkt? 4Hver hann
verður spottaður af sínum náunga, sá sami
mun ákalla Guð og hann mun heyra hann, sá
hinn réttvísi og hinn frómi hlýtur dárskap að
líða! 5Og þar er eitt fyrirlitið ljóskorn fyrir
hugskotum ríkilátra tilbúið að þeir hneyksli
sig þar á. 6Ræningjanna heimili þau hafa
nógar gnægtir og þeir æða djarflegana í
móti Guði en þó að Guð hafi gefið þeim það í
þeirra hendur.
7Fréttu kvikféð og mun það kenna þér það
og fuglarnir loftsins munu undivísa þér það
8eður tala þú við jörðina og mun hún kenna
þér það og fiskarnir í sjónum munu fram-
telja þér það. 9Hver er sá að ei viti það að
hönd Drottins hafi gjört allt þetta? 10Svo það
í hans hendi eru allra þeirra sálir sem lifa og
andinn alls holds hvers fyrir sig. 11Prófar
ekki eyrað orðræðuna og munnurinn

smakkar matinn? 12Já, í hjá þeim forfeðrunum er vísdómurinn og hjá þeim gömlu skilningurinn, 13hjá þeim er viskan og valdið, ráðspekið og skilningurinn. 14Sjá þú, nær eð hann í sundur brýtur þá hjálpar þar engin uppbygging, nær eð hann innilýkur nokkurn þá er þar ennginn sem upplýkur. 15Nær eð hann innistemmir vatnið þá blífa allir hlutir þurrir og nær eð hann sleppir því út þá rótar það upp jörðunni. 16Hann er öflugur og fær það gjört, hans er bæði sá sem villt fer og hinn sá sem villir. 17Hann í burt leiðir hina ráðaklóku sem annað herfang og gjörir dómarana heimskufulla. 18Hann uppleysir þrengslin konunganna og með beltinu umgyrðir hann þeirra lendar. 19Hann burtleiðir prestana sem annað ránfé og hann lætur það bregðast þeim sterku. 20Hann í burt vendir vörum sannmálugra og hann í burt tekur siðvenjur hinna gömlu. 21Hann úthellir forsmán yfir höfðingjana og lausan gjörir sáttmálann voldugra. 22Hann opnar undirdjúpin myrkranna og útleiðir það myrkva til ljóssins. 23Hann gjörir suma hverja að mikilsháttar mönnum og glatar þeim þó aftur. Hann útbreiðir sumt fólk og í burt drífur það aftur. 24Hann burt tekur hjarta höfðingjanna fólksins í landinu og lætur þá villast á óveginum þar enginn vegur er 25svo að þeir án ljóssins ráfa í myrkrinu og hann gjörir það að þeir fara villir vega sem aðrir drykkjumenn.

13 Sjá þú, þetta hefur mitt auga allt séð og mitt eyra hefur það heyrt og hefur það undirstaðið. 2Hvað þér vitið, það veit eg og og eg er ekki minniháttar en þér. 3Þó vilda eg gjarnan mæla við hinn Almáttuga og eg vilda gjarnan heyja spurningar við Guð. 4Því að þér leggið það falsklega út og eruð allir ónýtir læknarar. 5Gæfi það Guð þér vilduð þegja, þá yrðu þér vísir. 6Heyrið þó mitt straff og hyggið að því málefni sem eg tala um. 7Vilji þér forsvara Guð með röngu og að sýna slægsmuni fyrir hann? 8Vilji þér álíta hans persónu eða vilji þér etja kappi vegna Guðs? 9Mun yður það vel veita nær eð hann skal dæma yður? Þenki þér það að þér fáið blekkt hann líka sem þá einn maður blekkir annan mann? 10Hann mun straffa yður ef að þér hafið manngreinarálit heimuglega. 11Mun hann ekki skelfa yður þá nær eð hann brunar þar fram og hans skelfing fellur yfir yður? 12Endurminningin yðar mun samlíkjast við öskuna og yðrir hryggir munu vera sem önnur moldarrúst. 13Þegið fyrir mér svo eg geti talað, þá skal mig ekki bresta. 14Hvar fyrir skal eg naga mitt hold með sjálfs míns tönnum eða leggja mína sál út í mínar hendur? 15Sjá þú, hann mun þó fyrirkoma mér og eg kann ekki að bíða. Þó vil eg straffa mína vegu fyrir honum. 16Hann mun og minn hjálpari vera því að enginn hræsnari kemur fyrir hann. 17Heyri þér mitt mál og skiljið mína útlegging fyrir yðar eyrum. 18Sjá þú, eg hefi allt til reiðu dómsatkvæðið álagt, eg veit að eg verð réttlátur fundinn. 19Hver er sá eð þreyta vill við mig? En nú hlýt eg að þegja og fordjarfast svo.

20Tvo hluti gjör þú mér ekki, þá vil eg ekki dylja mig fyrir þér: 21Lát þína hönd vera langt í burt frá mér og þína skelfing ekki skelfa mig. 22Kalla þú til mín, eg vil svara þér, elligar svo: Eg vil tala, svara þú mér. 23Hversu margar eru mínar misgjörðir og syndir? Lát mig vita mínar illgjörðir og glæpi. 24Hvar fyrir byrgir þú þitt andlit og heldur þig fyrir minn óvin? 25Vilt þú vera so harðfenginn við eitt laufblað af veðri skekið og ofsækja þannin eitt þurrt hálmstrá? 26Því að þú skrifar harmkvælingar á móti mér og vilt fyrirkoma mér svo fyrir synda sakir minnar ungdóms ækku. 27Þú hefur sett mínar fætur í stokk og gætt að mínum vegum og hugað að mínum fótsporum. 28Eg sem þó forgeng líka sem annað úldið hræ og svo sem annað klæði það mölurinn uppétur.

14 Maðurinn af konunni fæddur lifir stutta stund fullur af armæðu. 2Hann uppvex sem annað blómstur og fellur af og í burtu líður sem annar skuggi og blífur ekki í sama stað. 3Og þú upplætur þín augu yfir einn þvílíkan að þú dragir mig í dóm fyrir þig? 4Hver vill finna hreint í hjá þeim óhreina? 5Hann hefur sinn tilsettan tíma, hans mánaðartala er í hjá þér, þú hefur sett eitt takmark, yfir það kemst hann ekki. 6Vík þú frá honum svo að hann megi hafa hvíld þangað til að hans tími kemur eftir hverjum hann bíður sem annar daglaunamaður. 7Eitt tré það vonar þó það sé burthöggvið að það muni enn blómgast aftur og þess kvistir láta ei af. 8Þó að rótin fyrnist í jörðinni og þó stofninn deyi niður að dufti 9þá blómgast það þó aftur út af vatsins lykt og vex upp líka sem að væri það rótsett niður. 10En hvar er maðurinn nær eð hann er dauður og fallinn og í burtu? 11Líka sem vatn er upphleypur af sjónum og so sem önnur

vatsrás hver eð í burtu rennur og uppþurrkast, [12]eins líka þá er maðurinn nær eð hann leggur sig og stendur ekki upp og vaknar ei upp aftur svo lengi sem það himinninn blífur og upp vaknar ekki af sínum svefni.[13]Eg æskta mér heldur að þú hefðir byrgt mig í helvíti þangað til að þín reiði væri af runnin og sett mér eitt takmark til, að þú vildir minnast mín. [14]Þenkir þú að dauður maður muni lifna aftur? Eg vænti daglegana þeirrar stundar á meðan eg stríði þangað til að mín umskipting kemur, [15]að þú vildir kalla á mig og eg mætti svara þér og að þú vildir ekki í burt kasta verkinu þinna handa. [16]Því að þú hefur allt til reiðu talið mín fet en eg vilda gjarnan að þú gæfir ekki gætur að mínum syndum. [17]Þú hefur innsiglað minn misgjörning í einum sekk og mínar syndir til samans bundið. [18]Fjallið það hrapar niður og foreyðist svo og eitt hellubjarg það í burt færist úr sínum stað, [19]vatnið afþvær steinana og af vætu dropanna þvæst jörðin í burt en mannsins von er glötuð. [20]Því að þú umturnar honum með öllu so að hann fer héðan, þú umbreytir hans veru og lætur hann fara. [21]Eru hans börn í heiðri, það veit hann ekki, elligar að sé þau í lægra haldi þá verður hann þess ei áskynja. [22]Svo lengi sem hann ber kjöt á sér þá hlýtur hann pínu að líða og so lengi sem það hans sála er með honum þá hlýtur hann sorg að bera.“

15 Þá svaraði Elífas af Teman og sagði: [2]„Skal einn vís maður tala so uppblásin orð og fylla sinn kvið so upp af fánýtum orðum? [3]Þú straffar með orðum þeim sem ekki kveður að og þín orðræða er ekki nytsamleg. [4]Þú lætur óttann fara og talar nógu forsmánarlega fyrir Guði. [5]Því að þitt ranglæti sjálfs kennir þínum munni það og þú hefur kjörið þér eina guðlöstunartungu. [6]Þinn munnur mun fordæma þig en ekki eg, þínar varir munu gefa þér svar.

[7]Hvert ert þú sá maður sem fyrstur er fæddur? Ert þú sá er getinn er áður en öll fjöllin voru? [8]Hefur þú heyrt Guðs heimuglegt ráð og er sjálf spekin minniháttar en þú? [9]Hvað veist þú það að vér vitum ekki? Hvað skilur þú það að vér skynjum ekki? [10]Þar eru bæði gráhærðir og gamlir á meðal vor sem enn lengur hafa lifað en þínir forfeður. [11]Skyldi Guðs hugsvalan svo lítilsverð fyrir þér? En þú hefur enn einhvers staðar nokkuð leynilegt hjá þér. [12]Hvað ásetur hjarta þitt sér? Því sér þú svo hofmóðugt út? [13]Því setur þitt sinni sig svo hofmóðugt á móti Guði að þú lætur soddan orðbragð framganga af þínum munni? [14]Hvað er maðurinn þess að hann skyldi vera hreinn og að sá skyldi vera réttferðugur sem af kvinnu er fæddur? [15]Sjá þú, að þar er enginn ströffunarlaus á meðal hans heilagra og himnarnir eru ekki hreinir fyrir honum, [16]hversu miklu síður mun þá maðurinn sem so herfilegur er og fáfengur hver inndrekkur ranglæti svo sem annað vatn?

[17]Eg vil sýna þér það, hlýð þú mér að og eg vil framtelja þér það hvað eg hefi séð, [18]hvað hinir vísu hafa sagt og það var ekki fólgið fyrir þeirra forfeðrum. [19]Þeim hverjum alleina að landið er gefið svo að enginn framandi gangi þar í gegnum. [20]Hinn óguðlegi bifast um alla sína daga og víkingsins áratala er honum hulin. [21]Hvað hann heyrir það skelfir hann og enn þó að það sé friðsamlegt þá hræðist hann þó fordjarfarans komu. [22]Hann trúir það ekki að hann muni geta flúið ógæfuna og ætíð væntir hann sverðsins. [23]Hann fer út að leita sinnar fæðslu hér og þar, þá þykir honum jafnan að hans ógæfustund sé fyrir höndum. [24]Angist og ánauð skelfir hann og fellir hann líka sem annar stríðskóngur með herliði [25]af því að hann hefur útrétt sína hönd á móti Guði og tekið sig upp á móti þeim Almáttuga. [26]Hann hleypur með höfðinu á móti honum og stríðir í gegn honum með harðsvíruðum hnakka. [27]Hann keyrir sig fram sem annar ístrumagi og elur sig feitan og þykkvan. [28]En hann mun búa í foreyddum stöðum sem að engin hús eru heldur þar hvar að þau liggja öll í einni hrúgu. [29]Hann mun og ekki auðigur verða og hans góss mun ekki staðfast vera og hans lukka mun ekki útbreiða sig í landinu. [30]Ógæfan mun ekki víkja frá honum, eldsloginn mun uppþurrka hans kvistu og uppsvelgja þá með blástri síns munns. [31]Hann fær ei staðist því hann er svikinn í sjálfs síns sérgæði og hégóminn mun verða hans verðkaup. [32]Hann mun þá fá enda að honum vest gegnir og hans afkvistir munu ekki blómgast. [33]Hann mun burt plokkaður verða sem annað visið ber af víntrénu og líka sem annað olíutré sem af sér fellir sitt blómstur. [34]Því að hræsnarans samansafnan mun einmana blífa og eldurinn mun foreyða þeirra húsum sem mútur þiggja. [35]Hann gengur þungaður með ógæfuna og fæðir armæðuna og þeirra búkur ber svik.“

16 Job svaraði og sagði: 2„Oftsinnis hefi
eg nú heyrt soddan, allir saman eru
þér aumlegir huggunarmenn. 3Skulu þau
lausungarorðin öngvan enda hafa eða
hvernin dirfist þú svo að tala? 4Eg kunni og
einnin so vel að tala sem þér. Vildi Guð það
að yðar sálir væri í stað minnar sálu! Eg
vilda þá og einnin setja mig á móti yður með
orðum og hrista mig á yður með mínu höfði.
5Eg vilda styrkja yður með munninum og
hugsvala með mínum vörum.
6En þó að eg tali þá vægir mér ekki þó mín
pína. En leggi eg þar ekki til þá fer hún þó
eigi heldur í burt frá mér. 7En nú gjörir hann
mig þreyttan og í sundurkremur allan mig.
8Hann hefur gjört mig hrukkóttan og vitnað
í móti mér. Og minn mótstandari upphefur
sig í gegn mér og veitir mér mótmæli. 9Hans
grimmd í sundur slítur og hann sem mér er
reiður bítur tönnunum til samans yfir mér,
minn mótstöðumaður hvessir sín augu á
mig. 10Þeir hafa uppsperrt sína munna á
móti mér og slógu mig háðuglega á mín
kinnarbein og kældu so sína reiði á mér.
11Guð hann gaf mig undir hinn rangláta og
lét mig koma í ómildra hendur.
12Eg var ríkur en hann hefur gjört mig að
öngvu, hann tók um háls mér og í sundur
sleit mig og setti mig til eins málsteikns.
13Hann umkringdi mig með sínum skeytum,
hann hefur í sundur sniðið mín nýru og
vægði ekki, hann hefur úthellt mínu galli á
jörðina. 14Hann veitir mér hvert sár af öðru
og hann hljóp á mig sem annar risi.
15Eg saumaði einn sekk yfir mína húð og
lagði mitt horn í moldarduft. 16Mitt andlit er
bólgið af gráti og mínar augnabrár eru for-
myrkvaðar. 17Einnin þó þar sé ekkert rang-
læti í mínum höndum og þó mín bæn sé
hrein.
18Og þú, jörð, hyl ekki mitt blóð og mitt
kall mun öngvan stað finna. 19Sjá þú það,
minn vottur er á himni og sá er mig þekkir
er í upphæðunum. 20Mínir vinir eru mínir
háðungarmenn en mitt auga það tárfellir til
Guðs. 21Kynni maðurinn að þreyta lög við
Guð sem annar mannsins niðji við sinn vin!
22En þau ákveðnu árin eru komin og eg fer í
burt þann veg hvern eg kem eigi aftur.

17 Minn andi er vanmegna og mínir
dagar eru styttri orðnir, gröfin er ein
eftir. 2Enginn er af mér gabbaður, þó hljóta
mín augu þar fyrir í harmkvælum að blífa.
3Vildir þú enn hafa borgan af mér, hver vill
lofa fyrir mig? 4Þú hefur falið skilninginn
fyrir þeirra hjörtum, þar fyrir munt þú og
ekki upphefja þá. 5Hann hrópar út af her-
fanginu fyrir sínum vinum en augun hans
barna munu döpur verða.
6Hann hefur sett mig til eins máltækis á
meðal fólksins og eg hlýt svo að verða að
undran á meðal þeirra. 7Minn yfirlitur er
dökkur orðinn af hörmum og allir mínir liðir
eru sem annar skuggi, 8hvað hinum réttferð-
ugum mun ekki vel líka og hinir meinlausu
munu setja sig á móti hræsnaranum. 9Hinn
réttláti mun bíhalda sínum vegi og hann sem
hefur hreinferðugar hendur mun blífa öflug-
ur.
10Nú vel, af því þá vendið yður hingað og
komið, eg finn þó öngvan hygginn á meðal
yðar. 11Mínir dagar eru forliðnir, mínir
ásetningar eru aðskildir, þeir eð héldu mitt
hjarta 12og hafa gjört daginn að nóttunni og
nóttina að deginum. 13Þó eg biðleiki enn
lengur vil þá er þó helvítið mitt hús og mín
sæng er uppreidd í myrkrinu. 14Rotnunarfú-
ann kallaði eg minn föður og maðkana móð-
ur mína og mína systur. 15Eftir hverju á eg að
bíða og hver hirðir um mína eftirvænting?
16Það hlýtur héðan undir að fara í helvítið og
meður mér að hvílast í moldarduftinu.“

18 Þá svaraði Bildad af Súa og sagði:
2„Hvenær vilji þér gjöra einn enda á
ræðunni? Gætið þó að, síðan viljum vér tala.
3Hvar fyrir verðum vér aktaðir sem annar
fénaður og erum svo saurugir fyrir yðar
augum? 4Hvört vilt þú springa af illskunni?
Hugsar þú að jörðin muni yfirgefast fyri þín-
ar sakir og að fjöllin muni flytjast úr sínum
stað?
5Ljósið hins óguðhræddra mun útslokkna
yfir honum og neistinn hans elds mun ekki
lýsa. 6Hans ljós mun formyrkvast í hans
tjaldbúð og hans ljós mun útslokkna yfir
honum. 7Ágróðurinn hans peninga mun
klénn verða og hans ásetningur mun bregð-
ast honum. 8Því að hann er með sínum fót-
um innteygður í snöruna og gengur í netinu.
9Snaran mun og að hans ristarliðum halda
og þeir hinu þyrstu munu grípa hann. 10Hans
snara er lögð í jörðina og hans gildra á hans
farvegi. 11Hræðslan mun skelfa þá skyndi-
lega umhverfis svo hann mun ei vita hvað
hann skal afráða. 12Hungrið mun vera hans
eign og ógæfan mun honum reiðubúin vera
og loða við hann. 13Magtin hans skinns mun
foreyðast og sá dauðans höfðingi mun for-

tæra hans sterkleika. 14Hans von mun upprætt verða af hans tjaldbúð og þeir munu í burt drífa hann til þess konungsins skelfingarinnar. 15Í hans híbýlum mun ekki neitt eftir vera og út yfir hans tjaldbúð mun brennisteini dreift verða. 16Hans rætur munu upphorna neðan til og ofan til þá skal hans haustvinna í burt skerast. 17Hans minning mun forganga í landinu, hann mun og ekki neitt nafn hafa á strætunum. 18Hann mun burtrekinn verða frá ljósinu í myrkrið og útskúfaður af jörðunni. 19Hann mun hverki hafa börn né barnabörn meðal síns fólks og þar mun enginn eftir verða í hans arfleifð. 20Þeir að eftir hann koma þeim mun ógna hans dagur og yfir þá sem fyrir honum eru mun koma einn ótti. 21Þetta er það heimilið hins óréttferðuga og bústaðurinn þess sem ekki skeytir um Guð.

19 Job svaraði og sagði: 2„Því þvingi þér þá svo mína sál og kveljið mig með orðum? 3Þér hafið nú tíu sinnum hætt mig og þér skammist yðar ekki að þér so um kring rekið mig. 4Fari eg villt þá villunst eg sjálfum mér. 5En þér setjið yður sannlega upp á móti mér og straffið mig mér til háðungar. 6Hyggið nú að einu að Guð hann gjörir mér eigi rétt og umvefur mig með sinni veiðisnöru.

7Sjá þú, ef að eg hrópaði enn hátt fyrir ofríkis sakir þá yrða eg þó ekki bænheyrður, eg kalla og þar fæst enginn réttur. 8Hann hefur so girt fyrir mína vegu að eg kann ekki yfir að komast og hann hefur sett myrkrið á mína farvegu. 9Hann svipti mig mínum heiðri og kórónuna tók hann af mínu höfði. 10Hann í sundur lamdi mig gjörvallan og lét mig fara og hann upprykkti minni von sem öðru tré. 11Hans reiði er grimmleg yfir mér og hann heldur mig fyrir sinn óvin. 12Hans stríðsmenn komu undir eins og gjörðu sér götu yfir um mig og settu sínar herbúðir kringum mína tjaldbúð.

13Hann burtskildi mína bræður langt frá mér og mínir kunningjar eru orðnir mér ókenndir. 14Mínir náungar drógu í burtu og mínir vinir þeir forgleymdu mér. 15Mínir húskarlar og þjónustukvinnur halda mig sem annan framanda mann, eg em orðinn ókenndur fyrir þeirra augum. 16Eg kalla á minn þjónustumann og hann svarar mér öngvu, eg hlaut að grátbæna hann með mínum eigin munni. 17Mín húsfreyja hún lést vera ókennd þá eg kallaði hana og eg hlýt að biðja þau börnin sem af mínum sjálfs kviði eru komin. 18Og þau ungu börnin skeyta ekki um, mig nær að eg finn að við þau þá skammyrða þau mig. 19Allir mínir fulltrúar höfðu viðbjóð við mér og þá hverja eg elskaði þeir hafa snúið sér á móti mér. 20Mín bein þau skrapa í mínu skinni og kjöti og eg fæ ekki hulið mínar tennur með vörunum.

21Aumkið yður yfir mér, aumkið yður yfir mér, vinir mínir, því að Guðs hönd hefur snortið mig. 22Því ofsæki þér mig svo vel sem Guð og kunnið ekki að seðjast af mínu kjöti? 23Óhó, eg æski það mitt mál mætti blífa uppskrifað og að það kynni allt að setjast í eina bók! 24Með einum járnstíl á blýspjöld og úthöggvast á steinum til eilífrar minningar! 25En eg veit að minn endurlausnari lifir og það hann mun hér eftir á seinna meir uppvekja mig af jörðunni 26og það eg mun síðarmeir umgefast með þessu mínu hörundi og að eg mun sjá Guð í mínu holdi. 27Þann hinn sama mun eg sjá fyrir mig og mín augu munu líta hann og ekki einn annar. Mín nýru eru fortærð í mínu skauti.

28Því að þér segið: Hvernin helst viljum vér ofsækja hann og finna honum sök? 29Verið hræddir fyrir sverðinu því að sverðið er reiðin yfir misgjörninginn so að þér megið vita að þar sé dómurinn til.“

20 Þá svaraði Sófar af Naema og sagði: 2„Eg hlýt þar til að svara og kann ekki að bíða við. 3So vil eg og gjarnan heyra hver mig skal straffa og segja þar á mót því að skilningur míns anda skal forsvara mig. 4Veist þú ekki að það hefur svo alla tíma til gengið svo lengi sem þar hafa menn verið á jarðríki? 5Það frægðin hins óguðlega stendur ekki lengi og það hræsnarans glaðlæti varir eitt augabragð. 6Og þó að hans hæð taki allt upp í himininn og hans höfuð það kæmi við skýin 7þá fyrirferst hann þó að síðustu sem annar þrekkur so að þeir af hverjum hann var álitinn munu segja: Hvar er hann nú? 8Líka sem annar draumur í burt líður, svo skal hann og ekki fundinn verða og líka sem önnur sjónhending á náttartíma í burt hverfur. 9Það auga sem séð hefur hann það skal ekki sjá hann oftar og hans staður skal ekki líta hann lengur. 10Hans börn munu fara yfir og ölmusu þiggja og hans hönd mun gefa honum armæðu til þjónustulauna. 11Hans bein munu gjalda hans heimuglegra synda og þau munu í jörðina leggja sig með honum.

12Þá að honum smakkast vel sjálfs hans
illska í sínum munni þá mun honum þó í
sinni tungubrestur á henni verða. 13Hún
mun afturhaldast og eigi til steðjast honum
og það sama mun bannað vera í sjálfs hans
kverkum. 14Hans matur mun umsnúast hið
innra í kviðnum út í nöðrugall. 15Það góss
hann hefur í sig gleypt, því mun hann út-
spýja aftur og Guð mun útsteyta það úr hans
kviði. 16Hann mun sjúga nöðrunnar gall og
höggormsins tunga mun drepa hann. 17Hann
mun ekki sjá þau vötnin né þá vatslækina
sem fram fljóta með smjöri og hunangi.
18Hann mun erfiða og njóta þess ekki og aðr-
ir skulu eignast hans auðæfi svo að hann
gleðjist ekki þar við. 19Því að hann niður-
þrykkti og yfirgaf hinn fátæka, hann dró þau
hús undir sig sem hann byggði ekki. 20Því að
hans búkur kunni ekki saddur að verða,
hann mun og slíkt ekki umflúið geta fyrir
sinna kostulegra auðæfa sakir. 21Þar mun og
ekkert neitt eftir blífa af hans matarnægt-
um, þar fyrir mun hans kræsigur lifnaður
öngvan stað hafa. 22En þó hann hafi alls kyns
yfirgnæfanlegar nægtir þá mun þó honum
erfitt veita, allsháttuð armæða mun yfir
hann koma. 23Hans búkur mun enn eitt sinn
fullur verða og hann mun senda sína
hefndarreiði yfir hann, hann mun láta rigna
sinn ófrið yfir hann. 24Fyrir járnharneskinu
mun hann flýja og sá stálboginn mun forjaga
hann. 25Þar mun eitt nakið sverð ganga í
gegnum hann og sverðsins leiftran sem hon-
um mun beiskleg blífa mun með skelfingu
yfir hann koma. 26Þar er ekki neitt það
myrkur sem honum kunni að skýla, sá eldur
sem þar er ekki uppkveiktur mun foreyða
honum og það mun þeim illa vegna sem eftir
orðinn er í hans heimili. 27Himinninn mun
opinbera hans misgjörninga og jörðin mun
uppsetja sig í móti honum. 28Hans börn
munu í burt flytjast af hans heimili og út-
dreifast á hans reiðinnar degi. 29Þetta eru
launin eins óguðrækins manns hjá Guði og
arftakan hans orða hjá Guði.“

21 Job svaraði og sagði: 2„Heyrið þá
mínu máli og látið ráðleggja yður,
3umliðið mig það eg megi tala og dárið mig
so síðan.

4Hvort hef eg við nokkurn mann orða-
spurningar svo að mitt hugskot megi þar af
sturlast? 5Hyggið að mér og mun yður illa
álítast svo þér munuð halda yðar höndum
fyrir yðar munn. 6Og nær eg minnist á það
þá ofbýður mér það og mitt hold það kvíðir
við því. 7Hvar fyrir þá lifa hinir óguðhræddu,
verða gamlir og eignast so mikil auðæfi?
8Þeirra sæði er so andvaralaust allavegana í
kringum þá og þeirra afkvæmi er hjá þeim.
9Þeirra hús er í friði fyrir óttanum og Guðs
hirtingarvöndur er ei yfir þeim. 10Hans naut
þá tíngast og fast ekki fyrir honum, hans kýr
hún kelfir og missir ekki síns burðar.
11Þeirra ungu börn ganga út sem önnur
hjörð og þeirra smábörn stökkva upp og
leika sér. 12Þeir skemmta sér með bumbum
og hörpum og gleðja sig með pípnahljóðum.
13Þeir framleiða sína lífdaga í sællífi og
skelfast varla eitt augabragð fyrir helvíti.
14Þeim sem þó segja so til Guðs: Vík þú burt
frá oss, vér viljum ekki vita af þínum vegum.
15Hver er sá Hinn almáttugi það vér skyldum
þjóna honum eða hverja forbetran höfum
vér þar út af þó að vér áköllum hann? 16En
sjá þú, þeirra góss er ekki út í þeirra hönd-
um, þar fyrir skal ráðgjöf hins óguðlega vera
langt frá mér.

17Hvernin mun sá ljósloginn hins ómilda
útslökkvast og þeirra ógæfa yfir þá koma?
Hann mun þeim hjartans angri útskipta í
sinni reiði. 18Þeir munu verða sem annað
grasstrá fyrir vindi og svo sem annað jarðar-
duft því ef stórviðrið í burtu feykir. 19Guð
hann fyrirrætlar hans börnum bölið, þá nær
að hann vill endurgjalda honum það þá
munu þeir fá að vita það. 20Hans augu munu
sjá sína sjálfs fordjarfan og út af grimmdar-
reiðinni Hins Almáttuga mun hann drekka.
21Því hver mun hafa góða þóknan til hans
heimilis eftir hann? Og talan hans mánuð-
anna mun naumlega hálfnuð blífa.

22Hver er sá sem hann vill læra Guð, hann
hver að dæmir þá hinu háleitu? 23Þessi í burt
deyr sterkur, og heilbrigður, í öllum ríkdómi
og hefur fulla nægð. 24Hans mjólkurkeröld
eru full af mjólk og hans bein þau fitna af
merg. 25En hinn annar deyr í burt út í beisk-
leika sinnar sálu og hefur aldrei með gleði
mat etið. 26Og þeir liggja líka hver með öðr-
um til samans í moldunni og maðkarnir
hylja þá.

27Sjá þú, eg þekki yðar hugsanir vel og yð-
ar ranglegt uppsátur á móti mér. 28Því að þér
segið: Hvar er höfðingjans hús og hvar er sú
tjaldbúðin hvar hinn óguðhræddi bjó? 29Þér
segið þar út af líka sem annað alþýðufólk og
hyggið ekki að því að hvað hinna athæfi
merkir. 30Því að sá hinn illgjarni varðveitist
til fordjörfunardagsins og hann blífur til

hefndardagsins. 31Hver vill segja hvað hann
hefur forþént nær eð það verður utan til
álitið? Hver vill launa honum það hann gjör-
ir? 32Hann mun burtsviptast til grafarinnar
og blífa þar í hjá fjöldanum. 33Saurbleytan
lækjarins þóknast honum vel og allir menn
munu honum eftir fylgja og þeir eru óteljan-
legir sem fyrir honum voru.
34Hvernin hugsvali þér mér so til forgef-
ins? Og yðvar andsvör þau finnast órétt.“

22 Þá svaraði Elífas af Tema og sagði:
2„Hvað þarf Guðs hins öfluga við
eða hvar til er honum sá hinn ráðklóki nyt-
samlegur? 3Hvert þenkir þú að það þóknist
svo vel hinum Almáttuga að þú gjörir þig svo
réttferðugan eða hvað stoðar það honum þó
að þú haldir þína vegu so lýtalausa? 4Þenkir
þú það hann muni ei þora að straffa þig og
ganga í dóm við þig? 5Já, þín illska er of mik-
il og þar er enginn endi á þínum misgjörn-
ingum. 6Þú hefur einhvern tíma tekið
borgan af þínum bróður að nauðsynjalausu
og burtflett hinna nöktu klæðum. 7Þú hefur
ekki gefið vegmóðum vatn að drekka og
dregið þitt brauð af hungruðum. 8Þú hefur
gjört ofríki í landinu og harðúðlega þar inni
setið. 9Ekkjurnar hefur þú með tómum
höndum frá þér látið fara og armleggina
þeirra föðurlausu í sundur brotið. 10Þar fyrir
ert þú umvafinn með snörum og hræðslan
hefur skyndilega skelft þig. 11Skyldir þú ekki
sjá myrkrið og skyldi ekki vatsflóðið hylja
þig?
12Sjá þú, Guð er hátt þar uppi yfir í himnin-
um og sér þær Merkistjörnurnar sem so hátt
eru. 13Og þú segir: Hverning veit Guð? Getur
hann dæmt í gegnum myrk ský? 14Skýin þau
skyggja á hann og hann sér það ekki og hann
gengur út í því hvelfinu himnanna. 15Vilt þú
hyggja að veginum veraldarinnar á hverjum
það hinir ranglátu hafa gengið? 16Þeir eð
glötuðust áður en þeirra tími kom og vatnið
hefur í burt þvegið þeirra grundvöll. 17Þeir
sem sögðu til Guðs: Far þú frá oss og hvað
skyldi sá Almáttugi kunna að gjöra þeim
18þar eð hann uppfyllir þó þeirra hús með
auðæfum? En meiningin hinna óguðlegu sé
langt frá mér. 19Hinir réttvísu munu sjá það
og gleðjast við og sá hinn saklausi mun
hæða að þeim. 20Hvað gildir það að þeirra
umsýslan mun í burt hver fá og eldurinn
mun foreyða þeirra eftirkomendum?
21Þar fyrir þá forlíktu þig nú við hann og
haf frið, þar af munt þú fá mikið gott. 22Heyr
þú lögmálið af hans munni og höndla hans
ræðu í þínu hjarta. 23Ef þú snýr þér til hins
Almáttuga þá munt þú uppbyggður verða og
láta ranglætið fjarlægt verða þinni tjaldbúð.
24Svo mun hann gefa þér gull fyrir jörð og
gulllæki fyrir grjótsteina. 25Og sá hinn Al-
máttugi mun vera þitt gull og þú munt fá
stóra hrúgu silfurs. 26Þá skalt þú þína lysting
hafa til Hins Almáttuga og upphefja þitt
auglit til Guðs. 27Þá munt þú og tilbiðja hann
og mun hann bænheyra þig og þú skalt enda
þín heit. 28Hvað sem þú ásetur þér það mun
hann láta þér vel lukkast og ljósið mun skína
á þínum vegi. 29Því þá sem sig lítillæta þá
upphefur hann og hver hann niðurlægir sín
augu þann mun Guð frelsa. 30Og sá hinn sak-
lausi mun frelsaður verða og hann mun
frelsast fyrir hreinferðis sakir hans handa.“

23 Job svaraði og sagði: 2„Mín ræða
blífur enn hryggileg, minn máttur
er veikur yfir minni andvarpan. 3Eg vilda að
eg vissa hvernin eg gæti helst fundið hann
og eg mætti koma til hans hásætis. 4Þá
skylda eg setja sökina í dóm fyrir hann og
uppfylla minn munn til ásakanar 5og reyna
þau orðin sem hann svarar mér og skilja það
vel hvað hann mun segja mér. 6Vilji hann
ganga með stórri magt í dóm við mig þá
hegði hann sér ei svo við mig heldur leggi
hann það til jafnaðar fyrir mig, 7þá mun eg
vel vinna mitt mál. En gangi eg nú beinan
veg fram þá er hann þar ekki, 8gangi eg til
baka þá uppspyr eg hann ekki. 9Sé hann til
vinstri hliðar þá höndla eg hann ekki, skýli
hann sér til hægri hliðar þá sé eg hann ekki.
10En minn veg þekkir hann vel, hann reynir
mig og mun eg þá fundinn verða líkur sem
annað gull. 11Því að eg set minn fót upp á
hans veg og eg varðveiti hans vegu og hneigi
þar ekki út af. 12Og eg vík ekki af þeim boð-
orðum sem hans varir bjóða og eg varðveiti
orðræðuna hans munns enn meir en eg er
skyldugur til. 13Hann er einn, hver vill svara
honum? Hann gjörir það líka sem sjálfur
hann vill. 14Og þó hann betali mér það sem
eg hefi forþént þá er þar enn meira eftir.
15Þar fyrir þá skelfist eg fyrir honum og nær
að eg formerki það þá hræðunst eg fyrir
honum. 16Guð hann hefur linað svo mitt
hjarta og sá Hinn almáttugi hefur so skelft
mig 17af því að myrkurin gjöra þar öngvan
enda á við mig og sú dimmuþokan vill ekki
skýlast fyrir mér.

24 Hvar fyrir mun tíminn ekki hulinn
vera fyrir þeim Hinum Almáttuga?
Og þeir eð hann þekkja sjá ekki hans daga.
2Þeir forminnkuðu landamerkin, þeir ræntu
hjörðinni og fæða han.
3Þeir í burt ráku
asnana hinna föðurlausu og tóku ekknanna
nautfénað til borgunar.
4Hinir fátæku lutu
að rýma fyrir þeim og hinir þurftugu í
landinu hlutu að geyma sig.
5Sjá þú,villudýr-
in í eyðimörkinni ganga út sem þau eru vön,
snemma til að ræna og að leita sér bráða til
sinna unga.
6Þeir upp vinna þann akurinn
sem ekki er þeirra og plokka þann víngarð
sem þeir halda með röngu.
7Þeir láta hina
fatlausu nakta liggja og veita þeim ekki neitt
skjól í kuldanum,
í frá þeim er þeir tóku þó
klæðin.
8So að þeir hljóta sig að halda í hell-
um fjallanna nær eð það hretviðrið af fjöll-
unum kemur yfir þá af því að þeir hafa ekki
neitt annað hæli.
9Þeir í burt taka barnið af
brjóstinu og gjöra það föðurlaust og þeir
gjöra fólkið fátækt með sínum panta.
10Hina
nöktu láta þeir klæðlausa ganga og þeir í
burtu taka kornið frá þeim hungruðu.
11Þeir
þvinga þá til að gjöra viðsmjör á sjálfs þeirra
kvörnum og að troða vínið í sjálfs þeirra vín-
þrúgum og láta þá þó líða þorsta.
12Þeir láta
fólkið í stöðunum andvarpa og það sálir
hinna í hel slegnu þær kalla og Guð hann
skeytir þeim ekki.
13Þar fyrir eru þeir affallnir frá ljósinu og þekkja ekki hans vegu og
snúa sér ekki aftur á hans veg?
14Morðinginn
stendur upp þá eð dagar og myrðir hinn fá-
tæka og hinn þurftuga en á nóttinni er hann
sem annar þjófur.
15Augað hórkallsins gætir
að myrkrinu og segir svo: Ekkert auga það
sér mig, og þenkir so að hann sé hulinn.
16Í
myrkrinu brýst hann inn í húsið en á daginn
fela þeir sig til samans og forðast ljósið.
17Því
nær morgunbirtan kemur þeim þá er hún
þeim líka sem annað myrkur því að hann
formerkir skelfingina myrkursins.

18Hann fer svo léttilega í burt héðan sem á
öðru vatni, hans góss blífur lítið í landinu og
hann uppbyggir ekki sinn víngarð.
19Helvítið
sviptir þeim í burt sem syndgast líka svo
sem hitinn og þurr veðrið í burt þurrkar
snjóvatnið.
20Sá miskunnsami mun for-
gleyma honum, hans lysting mun möðkum
vella, hans mun og ekki meir getið verða,
hann mun og í sundur brotinn verða sem
annar fúinn fauskur.
21Hann hefur gjört illt
þeirri hinni einmana sem óbyrja er og ekkj-
unum gjörði hann ekki neitt til góða.
22Hina
voldugu lagði hann undir sig með sinni
magt. Nær eð hann stendur þá mun þó ekki
óhræddur verða um sitt líf.
23Hann gjörir
sjálfum sér einn öruggleik þar eð hann
treystir upp á, hans augu sjá þó samt á þeirra
gjörning.
24Þeir eru um litla stund upphafnir
og verða að öngu og niðurþrykktir og í eyði-
lagðir með öllu. Og líka sem þau hæstu öxin
á korninu þá munu þeir afslegnir verða.
25En
er það eigi svo? Nú vel, hver vill straffa mig
um lygimælgi og sanna það að mitt mál sé
einskisvert?“

25 Þá svaraði Bildad af Súa og sagði:
2„Er ekki herradæmið og ógnunin
hjá honum sem setur friðinn á meðal hinna
hávu?
3Hver fær talið hans stríðsmenn og
yfir hverjum þá uppgengur ekki hans ljós?
4Og hvernin kann maðurinn réttlátur að
vera fyrir Guði og hvernin kann sá sem af
konunni er fæddur hreinn að vera?
5Sjá þú,
tunglið skín enn nú ekki og stjörnunar eru
ekki klárar í hans augliti,
6hversu miklu mið-
ur mun þá maðurinn, sá mölur, sá mannsins
sonur og maðkur!“

26 Job svaraði og sagði:
2„Með hverjum
heldur þú? Þeim sem hefur öngva
magt? Hjálpar þú þeim sem öngvan styrkleik
hefur í handleggjunum?
3Hverjum gefur þú
ráð? Þeim sem öngvan hefur vísdóm? Og
undirvísar það þeim volduga hvernin að
hann skuli það fullkomna?
4Fyrir hverjum
talar þú og fyrir hverjum gengur andar-
drátturinn út af þér?
5Jötnunum undir vatn-
inu er þungt og þeim sem búa hjá þeim.

6Helvíti það er opnað fyrir honum og
fordjörfunin hefur öngva skýling.
7Hann út-
breiðir norðrið upp á ekki neitt og upp-
hengir jörðina á ekki neitt.
8Hann safnar
vatninu í sín ský og skýin rifna ekki þar und-
ir.
9Hann uppheldur sínum veldisstól og út-
breiðir sín ský yfir hann.
10Eitt takmark hef-
ur hann í kringum vatnið sett þangað til að
ljósið og myrkrið verða að öngvu.
11Stólpar
himinsins skjálfa og hræðast hans ávítan.
12Fyrir hans mátt uppæsist sjórinn skyndi-
lega og fyrir hans skilning upphefja sig hafs-
ins bylgjur.
13Á himninum verður það fagurt
fyrir hans vind og hönd hans tilreiðir hlykkj-
ótta höggorma.
14Sjá þú, svo gengur hans
gjörningur til. En þar út af höfum vér forn-
umið eitt lítið orð en hver kann að skilja
reiðarþrumur hans styrkleika?“

27 Og Job talaði enn framar og hóf upp
sína málsháttu og sagði: 2„So sannar-
lega sem Guð lifir hver eð minn rétt lætur
ekki undan ganga og sá hinn Almáttugi hver
eð hryggði mína sálu, 3so lengi sem það
minn andi er í mér og það sá andardrátt-
inn af Guði er í mínum nösum 4þá skulu
mínar varir ekki tala óréttindi og mín tunga
skal engin svikræði mæla. 5Það sé langt frá
mér að eg gefi yður rétt í þessu, eg vil og
ekki í burt víkja frá mínu sakleysi fyrr en það
mín ævilok koma. 6Eg læt ekki af því réttlæti
sem eg hefi, mín samviska bítur mig ekki
fyrir alls míns lifnaðar sakir.

7En minn óvinur mun óguðlegur finnast
og hann ranglátur sem setur sig upp á móti
mér. 8Því hvað er vonin hræsnarans það
hann er so fégjarn en Guð hann í burt sviptir
þó hans sálu? 9Þenkir þú að Guð mun heyra
hans ákall nær eð angist kemur yfir hann?
10Hvernin kann hann að hafa lyst til Hins Al-
máttuga og nokkurn tíma að ákalla Guð?
11Eg vil læra yður af Guðs hendi og það hvað
eð dugir í hjá þeim hinum Almáttuga, það vil
eg ekki dylja fyrir yður. 12Sjá, þér haldið yður
alla að vera forhyggna en hvar fyri þá
framsegi þér þó so ónytsamlega hluti? 13Það
hið sama er verðkaupið eins óguðlegs
manns hjá Guði og það er arftakan þeirra
víkinganna hverja þeir skulu fá af hinum Al-
máttuga. 14Þó hann hafi mörg börn þá munu
þau fyrir sverði deyja og hans eftirkomend-
ur munu eigi fá nóglega fæðslu. 15Hans hinir
eftirblífnu munu greftrast í dauðanum og
hans ekkjur munu það ekki syrgja. 16Þó hann
samanraki svo peningum sem jarðardufti og
dýrindisklæðum sem moldarleiri, 17þó hann
tilreiði þau vel þá mun þó hinn réttláti
íklæða sig þeim og sá hinn saklausi mun út-
skipta þeim peningum. 18Hann uppbyggir
sitt hús sem önnur gaungurófa og líka sem
einn gæsluvörður gjörir sér eitt forskyggni.
19Nær hinn ríki leggur sig út af þá mun hann
því ekki með sér í burt sópa, hann mun upp-
lúka sínum augum og þar mun ekki neitt par
vera. 20Hræðsla mun yfir hann falla sem
annað vatn, stormviðrið á náttartímanum
mun í burt svipta honum. 21Sá austanvindur-
inn mun í burt flytja hann svo hann fari héð-
an og hríðviðrið mun hrinda honum úr sín-
um stað. 22Hann mun senda sjálfur svoddan
yfir hann og vægja honum ekki. Allir hlutir
munu burt flýja úr hans höndum, 23yfir hon-
um munu þeir klappa höndum til samans og
blístra eftir honum þar eð hann var.

28 Silfrið það hefur sína uppgöngu og
gullið sinn stað þar er það smeltist.
2Járnið það tekst úr jörðunni og út af
steinunum smeltist koparinn. 3Myrkrið það
fær eitthvert sinn einn enda og einhver finn-
ur með það síðasta skúfsteininn sem djúpt
er niður fólginn. 4Þar útsprettur soddan einn
lækur að þeir sem þar búa í náND þeir geta
þar ekki yfir vaðið. Og hann sétnar síðan
niður aftur og rennur langt í burt frá fólk-
inu. 5Þar fæst og eldur neðan undan
jörðunni hvar eð fæðan vex upp yfir. 6Þar
finnst og safirus í sumum hverjum stöðum
og þær jarðartorfur sem gull er út í. 7Þann
farveginn hvern enginn fugl hefur kannað
og einskis gammsauga hefur séð. 8Þau hinu
stoltu börnin hafa þar ekki upp á troðið og
ekki neitt león hefur yfir gengið. 9Þar leggj-
ast og einnin hendur á þau steinbjörgin og
fjöllunum umveltir hann. 10Þar brjótast þeir
lækirnir af fjöllunum og augað sér það allt
hvað kostulegt er. 11Þeir stífla af strauminn
vatsins og það sem fólgið er þar út í láta þeir
í ljósi.

12En hvar vill vísdómurinn finnast og hvar
er sá staðurinn skilningsins? 13Enginn veit
hvar hann liggur og ei verður hann fundinn í
því landinu lifandi manna. 14Undirdjúpið það
segir: Eigi er hann í mér, og sjórinn hann
segir: Ekki er hann hjá mér. 15Þar verður eigi
gefið gull fyrir hann, eigi heldur silfur útveg-
ið að betala hann með. 16Ófírsgull og þeir
dýrindis gimsteinar ónyx og safír gilda ekki
líka við hann. 17Gull og adamas kann ekki að
jafnast við hann og ekki fær hann að kaup-
ast fyrir það dýrasta clenodium. 18Ramót og
gabís aktast ekki við hann, vísdómurinn er
hærra vigtandi en perlur. 19Sá topasius af
Blálandi reiknast ekki til líka við hann og
það skírasta gull er ekki samjafnandi við
hann.

20Hvaðan kemur vísdómurinn þá? Hvar er
skilnings staðurinn? 21Hann er fólginn fyrir
augum allra þeirra eð lifa, hann er og einnin
fólginn fyrir fuglum undir himninum. 22Fyr-
irdæmingin og dauðinn þau segja: Vér höf-
um heyrt hans rykti með vorum eyrum.
23Guð hann veit vel veginn þangað og hann
veit vel þann stað. 24Því að hann lítur jarðar-
innar enda og hann sér allt það sem undir
himninum er, 25hann sem gjörði vindinum
sinn vigtarþunga og setti vatninu sinn vísan
mælir, 26hann sem gjörði regninu sitt tak-
mark og þeim eldingunum og reiðarþru-
munum veginn 27þá hann sá hana og fram-

taldi hana, hann tilreiddi hana og fann hana.
28Og hann sagði til mannsins: Sjá þú, ótti
Drottins, það er vísdómurinn og að forðast
hið vonda, það er skilningurinn.“

29 Job hóf enn upp aftur sína eftirlíking og sagði: 2„Eg vilda að eg væri
líka sem eg var á þeim fyrrum mánuðum, á
þeim dögunum þá eð Guð hann varðveitti
mig, 3þann tíð að hans ljóslogi skein yfir
mínu höfði og eg gekk við hans ljós í myrkrinu, 4so sem þá eg var á þeim æskualdri míns
ungdóms þá eð Guðs leyndur dómur var yfir
mínu heimili, 5þann tíð hinn Almáttugi var
með mér og mín börn í kringum mig, 6þá eð
eg þvoða mín fótspor í smjöri og steinbjörgin úthelltu mér viðsmjörslækjum, 7þá
að eg gekk til borgarhliðanna og lét tilbúa
minn stól á strætinu, 8þá hinir ungu menn
sáu mig og þeir földu sig og þá hinir gömlu
stóðu upp fyrir mér, 9þá eð höfðingjarnir
gáfu upp að tala og héldu sínum höndum
fyrir sinn munn, 10þá eð raustin hershöfðingjans byrgði sig og tungurnar á þeim
loddu við þeirra góma. 11Því að hvers þess
eyra sem mig heyrði þa prísaði mig lofsamlegana og hvers auga sem mig sá hann hældi
mér. 12Því að eg frelsaði hinn fátæka þá eð
hann kveinaði og þann hinn föðurlausa sem
öngvan hjálparmann hafði. 13Hans blessan
sem fordjarfast átti hún kom yfir mig og eg
gladdi hjarta ekkjunnar. 14Réttvísin var minn
klæðnaður hverri eg íklæddi mig sem öðrum kyrtli og dómurinn var míns veldishúfa.
15Augað hins sjónlausa var eg og fæturnar
hins fótlama. 16Eg var faðir hins fátæka og
hvert það málefni sem eg vissa ei það
útspurða eg. 17Jaxlana hins rangláta í sundur
braut eg og sleit það rangfengna úr hans
tönnum.

18Eg þenkta so: Eg vil deyja í mínu hreiðri
og gjöra mína daga svo marga sem sand.
19Mitt sæði það rann upp við vatnið og náttdöggin var yfir mínum kornskurði. 20Mín
dýrð ányjaði sig alltíð fyrir mér og minn bogi
batnaði í minni hendi.

21Þeir hlýddu á mín orð og þögðu og
hugðu allir að minni ráðleggingu. 22Eftir
mína orðræðu þá talaði enginn fleira og mín
mælska hún draup á þá. 23Þeir væntu eftir
mér sem annarri döggu og opnum héldu
þeir sínum munni líka sem eftir öðru
kveldregni. 24Nær að eg brosti með þeim þá
dirfðust þeir ekki við það og það ljósið míns
auglits gjörði mig ekki minniháttar. 25Þá
hvenar eg vildi fara til þessarar sýslanar þá
varð eg að sitja hinn efsti og eg bjó á milli
stríðsmannanna sem einn konungur, þá eð
eg hugsvalaði þeim sem harmþrungnir voru.

30 En nú hlæja þeir að mér sem yngri
eru en eg hverra feður eg hefða ei
virst að setja hjá hundum minnar hjarðar,
2hverra styrkleik eg hélt einskis neytan, þeir
eð ei gátu komist til fulls aldurs, 3þeir sem af
hungri og vesöld einmana flýðu á eyðimörkina og voru nú nýlega fordjarfaðir og vesalir
vorðnir, 4þeir eð upplokkuðu það netlugrasið hjá viðarrunninum og sú rótin einiberjatrésins var þeirra matur 5og nær eð þeir
upprykktu þeim þá hlökkuðu þeir yfir því
líka sem þjófur. 6Þeir bjuggu í hjá hræðilegum lækjum í þeim jarðarholunum og
bjargskorunum. 7Á milli skógarunnanna
kölluðu þeir og undir þeim klungurþyrnunum samansöfnuðust þeir. 8Börnin þeirra
hinna fávísu og fyrirlitnu manna, þeir sem
minnstuháttar voru í landinu.

9Nú er eg orðinn svo sem þeirra gamanleikar og hlýt að vera so sem þeirra skemmtan. 10Þeir hafa andstyggð á mér og taka að
forðast mig mjög og þeir hirða ekki þó þeir
hræki fyrir minni ásjónu. 11Þeir hafa útspennt mína sálu og gjört mig að öngvu og
svipt beislinu frá mínu andliti. 12Þeir settu
sig á móti mér við þann hægra veginn þar
sem blómgaðist og í burt skúfuðu mínum
fæti og gjörðu sér veg yfir um mig mér til
fordjörfunar. 13Þeir niðurbrutu mína vegu
og það var þeim svo auðvelt að gjöra mér
skaða svo þeir þurftu þar öngrar hjálpar við.
14Þeir eru hér innfallnir líka sem í gegnum
eitt vítt og mikið vinduga og eru hér innfallnir fylkingjalaust. 15Skelfingin sneri sér á
móti mér og ofsótti mína dýrð sem annað
sterkviðri og mitt gæfulán líka sem annað
óðfluga ský.

16En nú úthellir sér mín sála yfir mig og sá
útlegðartíminn hefur höndlað mig. 17Á
nóttinni stingast mín bein í gegnum allavegana og þeir sem mig jaga leggja sig ekki að
sofa. 18Fyrir margfaldleik kraftarins verð eg
annars og öðruvís klæddur og þeir spenntu
því að mér líka sem hálsmálinu míns kyrtils.
19Þeir hafa troðið mig niður í þrekkinn og
jafnað mér við ösku og duft. 20Hrópa eg til
þín þá svarar þú mér ekki, geng eg þar fram
þá skeytir þú mér ekki. 21Þú ert mér nú umsnúinn í einn harðúðlegan og auðsýnir þína
reiði á mér með þeim styrkleiknum handar

þinnar. [22]Þú lyftir mér upp og lætur mig fjúka á þeim vindinum og í sundursmelltir mér kröftulega. [23]Því eg veit að þú munt ofurselja mig dauðanum, það sama er það tileinkaða húsið allra lifandra. [24]Þó mun hann ekki útrétta sína hönd til beinahússins og þeir munu ekki háreysta upp fyrir hans fordjarfan. [25]Eg grét á þeim hörmungartímanum og mín sál kenndi í brjósti um hinn fátæka. [26]Eg vænti hins góða og nú kemur það hið vonda, eg vonaði eftir ljósinu en nú kemur myrkrið. [27]Mín innyfli þau láta ei af að sjóða í mér, hörmungartíminn er yfir mig kominn. [28]Eg geng fram dökkleitur en þó brennir sólin mig ekki, eg stend upp í safnaðinum og kalla. [29]Eg er höggormsins bróðir og einn samfélagi strútsfuglsins. [30]Mitt hörundsskinn er svart orðið á mér og mín bein eru af hita uppþornuð. [31]Mín harpa er orðin einn sorgarsöngur og mín hljóðpípa einn hryggðargrátur.

31 Sáttmála gjörða eg við mín augu að eg skyldi ekki horfa til neinnrar meyjar. [2]En hvað gefur Guð hér ofan að mér í verðlaunin og hvað gefur sá hinn Almáttugi af hæðunum mér í arftöku? [3]Skyldu ekki heldur hinir ranglátu hafa svoddan ólukku og einn illgjörðamaður að vera svo útrekinn? [4]Sér hann ekki mína vegu og telur öll mín fótspor? [5]Hefi eg nokkuð gengið í hégómanum eða hefur minn fótur gengið til svikræðisins? [6]Vegi hann mig þá í réttum metaskálum og mun Guð formerkja mitt meinleysi. [7]Hafi mín fótspor af veginum vikið og mitt hjarta mínum augum eftir fylgt og hafi þar nokkuð loðað við mínar hendur [8]þá skal eg niður sá en einn annar skal það uppskera og mitt slekti skal þá upprætt verða.

[9]Hafi mitt hjarta látið teygja sig til kvenna eða hafi eg í leynum staðið í húsdyrum míns náunga [10]þá verði mín eiginkona af einum öðrum skömmuð og aðrir liggi með henni. [11]Því það sama er einn glæpur og einn skammarlöstur fyrir dómaranum. [12]Af því að það væri sá eldur sem allt uppeyddi til fordjörfunar og upprætti alla mína inntekt.

[13]Hafi eg fyrirlitið réttarfarið míns þjónustumanns eða þjónustukvinnu nær þau höfðu kærumál við mig, [14]hvað vilda eg tilgjöra nær að Guð tæki sig upp og hverju skylda eg svara þegar hann vitjar? [15]Hefur hann ekki gjört hinn annan sem mig samtempraði í móðurkviði og hefur tilreitt lífið í honum eins líka svo?

[16]Hef eg sagt nei við bæn hins fátæka og lét eg ekkjunnar augu vanmættast? [17]Hafi eg etið minn mat einsamall svo það hinir föðurlausu hafa ekki etið þar af? [18]Því að eg hef auðsýnt mig so sem annan föður allt í frá mínum barndómi og þegar í frá minnar móður kviði hefi eg gjarnan huggun veitt. [19]Hefi eg séð nokkurn farast af fatleysi eða látið hinn fátæka ganga fatlausan? [20]Hafa ekki hans síður blessað mig þá að þeim varð heitt af mínum lambareyfum? [21]Hefi eg með minni hendi lagt á hinn föðurlausa á meðan eg sá í portdyrunum staðanna magt til að hjálpa? [22]Þá í burt falli mín herðablöð frá axlabeinunum og minn handlegg bresti frá olboganum. [23]Því að eg hræddunst Guð svo sem annan lukkubrest yfir mér og eg kunni ekki að bera hans byrðarþunga?

[24]Hafi eg sett gullið fyrir minn átrúnað og svo til gullhnöttsins sagt: Þú ert mitt traust? [25]Hafi eg glatt mig út af því að eg hafða svo mikið góss og það mín hönd hefði útvegið allra handa? [26]Hafi eg litið til ljóssins nær að það skein skært eða til tunglsins nær að það vel gekk? [27]Hafi mitt hjarta látið tæla sig heimuglega so að minn munnur kyssti á mína hönd? [28]Það sama er og ein misgjörð fyrir dómaranum því þar með hefða eg neitað Guði hér ofan að.

[29]Hafi eg nokkuð glatt mig þó að mínum óvin veitti illa og upphafið mig af því þó ógæfa kæmi yfir hann? [30]Því að eg lét minn munn ekki syndgast í því það hann æskti hans sálu neinnri bölvan. [31]Hafa þeir menn á mínu heimili ekki hlotið að segja: Guð hann gefi það að vér ekki seðjunst af hans kjöti? [32]Hinn gestkomandi mátti ekki úti vera á náttartíma heldur lét eg mínar dyr upp fyrir þeim vegfarandi var. [33]Hafi eg dulið mína hrekkvísi sem annar maður so eg niðurbyrgði minn misgjörning leynilega? [34]Hafi eg látið hræða mig þann mikla mannfjölda og látið þá fyrirlitninguna fjandskaparins skelfa mig? Eg var kyrr og gekk ekki út af dyrunum. [35]Hver gefur mér einn þann sem mig vill heyra svo það hinn Almáttugi vildi heyra mína girnd og það einhver mætti mitt málefni útskrifa í eina bók? [36]Þá vilda eg taka hann upp á mínar herðar og spenna hann í kringum mig sem annarri kórónu. [37]Töluna minna fótspora skylda eg þá uppsegja og eg vilda framsegja honum það sem annar höfðingi.

[38]Ef að min jörð kallar á móti mér og hennar akurreinir gráta með henni, [39]hafi eg

etið hennar ávöxt óbetalað og þvingað so lífið akurverksmannanna, [40]þá varxi mér illgresi í staðinn hveitis og klungurþyrnar fyrir bygg.

Orðin Job hafa enda.

32 Þá létu þeir þrír menn af að gefa Job andsvar með því að hann hélt sig að vera réttlátan. [2]En Elíhú son Barakeel af Bús út af slekti Ram hann varð reiður Job fyrir það hann hélt sína sálu réttvísari en Guð. [3]Hann varð og reiður við þá þrjá hans vini af því að þeir fundu honum ekki neitt andsvar en fordæmdu þó Job. [4]Því að Elíhú biðlíkaði við þangað til þeir höfðu út talað við Job af því að þeir voru eldri en hann. [5]Og fyrst hann sá það að þar var ekki neitt andsvar til í þeirra þriggja manna munni þá reiddist hann.

[6]Og þannin svaraði Elíhú son Barakeel af Bús og sagði:

„Eg er ungur en þér eruð gamlir, því forðaðist eg og hræddunst að auðsýna mína list á meðal yðar. [7]Eg þenkta svo: Lát þú árin aldursins tala og lát þú þann aldurdómsins mikilleik auglýsa vísdóminn. [8]En andinn er í mönnunum og sá innblásturinn Hins Almáttuga gjörir þá skilningsfulla. [9]Hinir voldugu eru ekki hinir vísustu og hinir gömlu skilja ekki það réttdæmið. [10]Þar fyrir þá vil eg nú tala, heyrið mér, eg vil og láta sjá mína snilld.

[11]Sjáið, eg hefi biðlíkað við á meðan þér töluðuð, eg hugleidda að yðrum skilningi þangað til að þér funduð upp á þá réttu ræðu. [12]Og eg hefi gefið gætur að yður en sjáið, þar er enginn á meðal yðar sem vandi um við Job eður svaraði hans máli. [13]Svo að þér þurfið ekki að segja: Vér hittum á vísdóminn, að Guð hafi útskúfað honum en enginn annar. [14]Það máltæki fullnægir ekki mér, eg vil og ei svara honum eftir yðrum orðum.

[15]Óhó, þeir eru óttaslegnir, þeir kunna ekki meir að svara, þeir kunna og ekki fleira að tala. [16]En af því að eg tafði so við og þeir kunna ekki fleira að tala (því þeir stóðu kyrrir og svöruðu öngvu) [17]þá vil eg fyrir minn part svar gefa og auðsýna so mína visku. [19]Sjá þú, að minn kviður er líka sem annað nýtt vín það þétt til dýptað er hvert að í sundursprengir nýja legla. [20]Eg hlýt að tala svo eg fái vindrúm, eg verð að uppljúka mínum vörum og gefa svar. [21]Eg vil og einskis persónu álíta og eg vil og öngvan mann lofa. [22]Því að eg veit ekki (ef að eg gjörði það) nema að minn skapari mundi þá svipta mér í burt innan lítils tíma.

33 Job, heyr þú mína ræðu og hygg vel að öllum mínum orðum. [2]Sjá þú, eg upplýk mínum munni og mín tunga talar í munni mínum. [3]Mitt hjarta skal rétt tala og mínar varir skulu framsegja þann sanna skilninginn. [4]Andi Guðs hefur gjört mig og innblásturinn hins Almáttuga hefur gefið mér lífið. [5]Kannt þú, þá svara mér, bú þig til og gegn mér. [6]Sjá þú, eg heyri Guði til jafn vel sem þú og eg er gjörður af því hinu sama leiri. [7]En þú þarft þó ekki að hræðast fyrir mér og mín hönd skal ekki vera þér of þung.

[8]Þú talaðir svo fyrir mínum eyrum, eg hlaut að heyra raustina þíns máls: [9]Eg er hreinn fyrir utan misverka, saklaus og hefi öngva synd. [10]Sjá þú, hann hefur fundið mér sök, þar fyrir reiknar hann mig fyrir sinn óvin. [11]Hann hefur sett mína fætur í stokk og hefur forsvarað alla mína vegu.

[12]Sjá þú, að rétt út af þessu hinu sama þá ályktа eg á móti þér, það þú sért ekki réttlátur, því Guð er meiri en maðurinn. [13]Hvar fyrir vilt þú deila kappi við hann þó hann gjöri þér ekki reikningsskap út af öllum sínum gjörningi? [14]Því þá nær eð Guð fyrirrætlar sér nokkurn tíma eitthvað þá hugsar hann ekki um það þá hið fyrsta þar eftir á. [15]Í sjónhendingu draumsins á nóttinni nær svefninn fellur yfir menn þá eð þeir sofa á sængunum [16]þá opnar hann eyrun mannanna og ógnar þeim og agar þá [17]so það hann í burtsnúi manninum frá sínum ásetningi og frelsi han í frá ofstækinni [18]og í burt rykki hans sálu í frá fordjörfuninni og hans lífi svo það falli ekki í sverðseggjar.

[19]Hann hegnir honum með sjúkleik á sinni sæng og öllum hans beinum harðlegana [20]og hann temur hans líkama svo til að hann klígjar við matnum og hans sál so hún hefur öngva lysting til matar. [21]Hans hold það í burt hverfur og sýnin sljóvgast og hans bein taka að brotna svo þau eru herfileg ásýndar [22]svo að hans sála flýtir sér til fordjörfunar og hans líf til dauðans. [23]Ef þar væri einn engill af því þúsund talandi fyrir honum til að kunngjöra manninum hvernin hann mætti gjöra rétt [24]þá mundi hann honum líknsamur vera og segja: Hann skal frelsast svo að hann fari ekki héðan niður í fordjörfunina því að eg hefi fundið eina forlíkan [25]svo að hans hold skal blómgast aftur líka

sem í æskunni og láta hann verða ungan aftur. [26]Hann mun og biðja Guð og hann mun vera honum líknsamur og láta hann sjá sitt andlit með gleði og hann mun þeim manni endurgjalda sína réttvísi. [27]Og hann mun viðurkenna sig fyrir fólkinu og segja: Eg vildi hafa syndgast og umvent réttinum en það hefði mér engin nytsemd verið. [28]Hann hefur frelsað mína sálu so hún fór ekki í fordjörfunina heldur so að mitt líf sá ljósið.

[29]Sjá þú, þetta allt saman gjörir Guð tvisvar eða þrisvar sinnum við hvern sem einn mann að hann kalli [30]so hans sál aftur út af fordjörfuninni og upplýsi hann með því ljósinu lifandi manna. [31]Merk þetta, Job, og hlýttu á meðan eg tala. [32]En hafir þú nokkuð að segja mér þá svara þú mér. Seg þú fram, ert þú réttlátur? [33]Eg vil gjarnan heyra það. En ef þú hefur ekki neitt til þá hlýð þú á og þegi þú og mun eg kenna þér vísdóm.“

34 Og Elíhús svaraði og sagði: [2]„Heyri þér, hinir vísu, mín orð og þér hinir skynsömu, hyggið að. [3]Því að eyrað það prófar málið og munnurinn smakkar matinn. [4]Látum oss útvelja einn dóm svo vér megum þekkja á meðal vor hvað gott er. [5]Því Job sagði: eg er réttvís og Guð hann afneitar mér mínum rétti. [6]Eg hlýt að ljúga þó eg hafi satt, eg er svo kvalinn af sjálfs míns skeytum, þó að eg hafi þar öngva forþénan til. [7]Hvar er einn þvílíkur sem Job hann hver eð inndrekkur háðungina líka sem vatn [8]og gengur á veginum með þeim illvirkjunum og er í ferð með því óguðlega fólkinu? [9]Því að hann sagði: Þó enginn sé enn saklaus þá er hann þó samt einskisverður fyrir Guði.

[10]Þar fyrir þá hlýðið mér, þér hyggnu menn. Langt er frá því að Guð hann skyldi ranglátur vera og sá hinn Almáttugi órétt-ferðugur. [11]Heldur so: Hann launar manninum eftir því sem hann hefur forþént til og endurgeldur hverjum eftir sínum gjörningi. [12]Vissulega fordæmir Guð öngvan með rangindum og sá hinn Almáttugi beygir ekki réttinn, [13]hann hver eð hefur tilskipað það sem á jörðunni er og hann hver eð hefur sett allt jarðríkið. [14]Þar sem hann vildi og enn ásetja sér það þá fengi hann vel samansafnað öllum sálum og öndum til sín. [15]Allra hold það mundi forganga hvert með öðru og maðurinn mundi verða að ösku aftur.

[16]Hafir þú nú skilninginn þá hlýddu því og hygg að raustinni minnar orðræðu. [17]Skyldi nokkur þar fyrir að þvinga réttinn þó að hann sjálfur hati hann? [18]Og þó að þú sért stoltur skyldir þú þá þar fyrir fordæma hinn réttferðuga? [19]Skyldi nokkur það segja til konungsins: Þú fáfengur maður! og til höfðingjanna: Þér hinir óguðlegu? Hann þó sem ekki álítur manngreinarmuninn höfðingjanna og ber ekki meiri kennslu á hinn forkostulega heldur en á þann fátæka því að þeir eru allir hans handaverk. [20]Menn verða að deyja skyndilega, skelfast og forganga á miðnættinu, hinir öflugu verða máttlausir í burt teknir.

[21]Því að hans augu sjá hvers manns vegu og hann sér allra þeirra fótspor. [22]Þar er enginn sú þoka eða myrkur hvar eð illvirkjarnir kunna að fela sig í [23]því það er öngvum leyfilegt að ganga í réttlætisdóm við Guð. [24]Hann fyrirkemur svo mörgum kostulegum svo að þeir eru óteljandi og innsetur aðra í staðinn þeirra [25]af því að hann þekkir þeirra verk vel og umvendir þeim á náttartíma svo þeir verða í sundur slegnir. [26]Þeim óguðhræddu fleygir hann saman í eitt þar eð það verður helst séð af [27]því að þeir viku í burt frá honum og skildu ekki neitt af hans vegum [28]so að kallið hinna fátækra hlaut að koma fyrir hann og hann heyrði þá kveinan hins nauðþurftuga. [29]Hvenær eð han gefur friðinn, hver vill þá fordæma? Og nær eð hann skýlir andlitinu, hver mun þá geta séð hann á meðal fólksins og alþýðunnar? [30]Og hann lætur einn hræsnara ríkja yfir þeim til að þyngja almúgann.

[31]Eg hlýt að tala svo sem upp á Guðs vegna og get þar eigi látið. [32]Hafi eg ekki sagt rétt þá kenn þú mér betur, hafi eg og handtérað óréttilegana þá vil eg ekki lengur so gjöra. [33]Eg vænti andsvarsins af þér því þú forleggur alla hluti og þú hefur það uppbyrjað en ekki eg. [34]Ef þú veist nokkuð þá seg þú það fram.

[35]En Job hann talar óskynsamlegana og hans orð eru ekki af skilningi. [36]Minn faðir, láttu Job reyndan verða allt til æviloka fyrir það hann snýr sér til ranglátra manna. [37]Hann hefur og umfram sína synd guðlastað. Þar fyrir lát hann plágaðan verða á meðal vor og það hann hafi svo síðan mikla ákæru við Guð.“

35 Og Elíhú svaraði og sagði: [2]„Heldur þú það fyrir réttindi að þú segir: Eg er réttlátari en Guð? [3]Því þú segir: Hver er sá að neins sé verður fyrir þér? Hvað hjálpar mér það þó eg gjöri mig fyrir utan synd?

4Ekki vil eg svara þér einu orði og þínum
vinum með þér. 5Skoða þú himininn og sjá
þú og hygg að þeim skýjunum sem eru hærri
en þú. 6Ef þú syndgast, hvað kannt þú við
hann að gjöra? Og þó að þínar misgjörðir séu
margar, hvað kannt þú honum að gjöra? 7Og
þó að þú sért réttvís, hvað kannt þú að gefa
honum? Eða hvað skal hann þiggja af þínum
höndum? 8Einum manni líka sem þú ert
kann þín illska eitthvert að gjöra og þín rétt-
vísi einu mannsins barni.

9Þeir hinir sömu fá vel kallað nær eð þá
sker nokkurt ofríki og kveina vegna arm-
leggjanna þeirra foringjanna. 10Þeir ekki
neitt skeyta um það: Hvar er Guð, minn
skapari, hann sem gjörir þann sönginn á
nóttinni? 11Hann hver eð gjörir oss lærðari
en þann fénaðinn á jörðunni og hyggnari en
þá fuglana undir himninum. 12Og þeir munu
og einnin kalla yfir drambseminni þeirra
hinna illskufullu og hann mun ei bænheyra
þá. 13Því að Guð það ekki heyrir sem hegóm-
legt er og sá hinn Almáttugi mun ekki álíta
það. 14Þar að auk þá segir þú að ei munir þú
hann sjá. En þar er einn dómur fyri honum,
bíð þú hans aðeins. 15Þó að hans reiði sæki
þig ei snarlega heim og taki sér það svo
bráðlega til að þar eru margir háðungar-
menn. 16Þar fyrir hefur Job upplokið sínum
munni forgefins og framborið drambsöm
orð með skilningsleysi.“

36 Elíhú talaði enn framar meir: 2„Bíð
þú mín enn litla stund, eg vil kunn-
gjöra þér það því að eg hefi enn nokkuð að
segja af Guðs álfu. 3Eg vil sækja mína skiln-
ingsvisku álengdar og eigna mínum Skapara
að hann sé réttvís. 4Mín orðræða skal án efa
falslaus vera og mín skilningsviska skal
lastalaus vera fyrir þér.

5Sjá þú, Guð hann forleggur ekki hina
voldugu því að hann er sjálfur voldugur út af
hjartans krafti. 6Hann frelsar ekki hinn
óguðlega frá réttferðugum 7og hann lætur
konungana sitja alla ævi á sínum tignarstól-
um svo þeir verða voldugir. 8Og hvar að
fangarnir liggja í fjötrunum og eru sárlega
reyrðir með reipum 9þá kunngjörir hann
hvað þeir hafa aðhafst og þeirra ódyggð, það
þeir hafa yfirgangsamir verið. 10Og hann
opnar þeim eyrað til ráðningar og segir
þeim að þeir skuli í burt snúa sér frá rang-
lætinu. 11Ef þeir hlýða því og þjóna honum
þá munu þeir gamlir verða við góðan aldur
og lifa með gleði. 12En ef þeir hlýða ekki þá
munu þeir falla í sverðseggjar og forganga
fyrr en þá varir þess.

13Nær eð reiðin hittir hræsnarann þá kalla
þeir ekki nær þeir liggja í fjötrunum. 14Þá
mun þeirra sála í kvalræðunum deyja og
þeirra líf á meðal hórunarmanna. 15Hann
mun frelsa þá hina fátæku út af þeirra eymd-
ar vesöld og opna eyrun hins volaða í hörm-
unginni. 16Hann mun í burt rykkja þér úr
þeim víðu kverkunum kvalanna sem öngvan
grunn hafa og þitt matborð mun hafa hvíld
og hlaðið vera með alls kyns gæði.

17En þú fegrar málefnið hins óguðlega svo
þeirra réttarfar helst við magt. 18Hygg þú að,
hvert hafi eigi mátt svo ske að reiðin hafi
komið þér til að niðurþrykkja nokkrum eða
það miklar fégjafir hafa ekki beygt þig.
19Þenkir þú að hann skeytir þinni magt eður
gulli eður nokkurs konar styrkleik eður
hreysti? 20Þú þarft ekki að girnast næturinn-
ar til að yfirvinna lýðinn í þeirra híbýlum.
21Vara þú sjálfan þig og snú þér ekki til rang-
lætisins svo sem þú uppbyrjaðir fyrir þinnar
vesaldar sakir. 22Sjá þú, Guð er mjög ofurhár
í sínum krafti, hvar er einn þvílíkur kenni-
maður slíkur sem hann er? 23Hver vill rann-
saka hans veg yfir honum og hver vill svo
segja til hans: Þú gjörir rangt?

24Hugleiddu það þú veist ekki hans verk
svo sem menn syngja. 25Því að allir menn sjá
það og hver maður sér það álengdar. 26Sjá,
Guð er mikill og ókenndur, hans áratölu
kann enginn að rannsaka. 27Hann gjörir
vatnið að litlum daggardropum og hneppir
sín ský saman til regns 28so að skýin fljóta og
döggva ofan yfir mennina. 29Þegar hann vill
útbreiða sín ský svo sem hátt tjald sitt. 30Sjá
þú, svo útbreiðir hann sitt ljós yfir þá hinu
sömu og hylur allar hafsins endimerkur.
31Því að þar með hræðir hann mennina og
hann gefur þó nóglega fæðslu. 32Hann byrgir
ljósið svo sem í höndum sér og skipar því þó
aftur að koma. 33Um það sama ber vitni hans
samfélagi sem er reiðin þeirrar þrumunnar í
skýjunum.

37 Viður því ógnar mínu hjarta og það
skelfist þar við. 2Kæri, heyrið þó
hver sú reið að hans reiðarþruma er hún er
og hvaða mál þér heyrið þar út fara af hans
munni. 3Hann sér undir alla himna og ljós
hans skín yfir öll endimörk jarðar. 4Eftir
honum öskrar reiðarþruman og hann lætur
skruggur koma með sínum miklum hljóðum
og nær eð hans reiðarþruma hún heyrist þá

fær henni enginn afturhaldið. [5]Guð hann hljóðar ógurlega með sinni reiðarþrumu og gjörir mikla hluti og verður þó ekki þekktur. [6]Hann mælir til snjóarins, þá kemur hann jafnsnart á jörðina, og til daggarinnar, so og kemur þar nóglegt regn. [7]Alla menn hefur hann í sinni hendi svo sem innilukta svo alþýðufólkið skal læra hvað hann kann að gjöra. [8]Það villudýrið gengur inn í sitt hreysi og blífur svo í sinni holu. [9]Af suðrinu kemur þeyrinn og af norðrinu kuldinn. [10]Og út af Guðs vindblæstri kemur frostið og mikið vatn nær ed hann lætur það hlána aftur. [11]Þau hinu þykkvu skýin aðskilja sig svo að heiðbjart verður og hans ljós skín í gegnum þá þokuna. [12]Hann snýr skýjunum hvert hann vill svo þau fullgjöra á jarðríki allt það hann býður þeim, [13]hvert heldur það er yfir kynslekti eður yfir einu landi þar sem hann finnst miskunnsamur.

[14]Job, merk þetta, statt þú stöðugur og hygg að Guðs dásemdarverkum. [15]Veist þú nær ed Guð sendir svoddan yfir þá og nær ed hann lætur það ljósið sinna skýja brjótast hér fram? [16]Veistu hvernin að skýin útdreifast? Hver dásemdarverk þau fullkomnuð vita, [17]svo að þín klæði eru þá vörm nær ed landið er kyrrt af sunnanveðri. [18]Já, muntu nokkuð útbreiða skýin með honum þau sem föst eru sem annar steyptur sjónarspegill? [19]Seg þú oss hvað vér eigum honum að segja því að vér kunnum ekki að ná alla gutu þangað fyrir myrkrinu. [20]Hver vill telja upp fyri honum það eg tala? Ef nokkur talar það þá uppsvelgist hann. [21]Nú sést ekki það ljósið sem skært skín í skýjunum en nær ed vindurinn blæs þá verður það bjart veður. [22]Af norðrinu kemur gullið, þeim ógurlega Guði til lofs. [23]En þeir kunna ekki að höndla hinn Almáttuga sem svo er mikill af kraftinum því að hann mun öngvan reikningsskap standa af sínu réttdæmi og góðu málefni. [24]Þar fyrir skulu menn óttast hann og hann hræðist öngvan, hversu vísir sem þeir eru.“

38 Og Drottinn svaraði Job af einu vindskýi og sagði: [2]„Hver er sá sem svo skeikar í vísdóminum og talar svo óskynsamlegana? [3]Umgyrð þínar lendar sem einn maður, eg vil að spyrja þig, kenn þú mér. [4]Hvar varst þú þá eg lagði grundvöll jarðarinnar? Seg þú mér það ef þú ert so mikill skilningsmaður?

[5]Veist þú hver ed setti hennar takmark eður hver ed dró þann mælibráðinn yfir hana? [6]Eða hvar upp á hennar undistöður eru settar eða hver ed lagði hennar hyrningarstein [7]þá ed morgunstjörnurnar hver með annarri lofuðu mig og öll Guðs börn þau glöddu sig? [8]Hver hefur tillukt sjávarhafið með sínum dyrum þá ed það braust út svo sem af móðurkviði? [9]Þá að eg klædda það með skýjunum og vafði það í þokunni svo sem í öðrum reifum, [10]þá ed eg hamlaði þess hlaupi með mínum garði og setti stengur og hurð þar fyrir [11]og sagði: Allt hingað að skalt þú koma en ekki lengra, hér skulu þínar stoltar bylgjur leggja sig?

[12]Hefur þú á þínum tíma boðið morninum og vísað morgunstjörnunni sinn stað [13]so hann höndlaði hornin jarðarinnar og það hinir óguðlegu yrðu útkastaðir? [14]Það innsiglið mun umbreyta sér sem annað leir og þeir munu standa sem annað klæðisfat. [15]Og það ljósið skal í burt takast frá þeim óguðlegu og sá armleggurinn hinna dramblátra skal í sundur brjótast.

[16]Hefur þú ofan farið til hafsins grunna og gengið so í djúpsins farvegum? [17]Hefur dauðans port nokkurn tíma opnað sig fyrir þér eða hefur þú séð myrkranna portdyr? [18]Hefur þú áskynja orðið hversu breið jörðin er? seg þú fram, veistu allt saman þetta?

[19]Hvar er sá vegurinn þar sem ljósið byggir og hver að sé myrkursins staður [20]so að þú kunnir burt að taka þess landamerki og formerkja þann farveginn þess hússins? [21]Vissir þú að þú skyldir á þeim tíma fæðast og hversu margir þínir dagar skyldu vera? [22]Hefur þú þar verið hvaðan að snjórinn kemur eða hefur þú séð hvaðan haglið kemur [23]hverju að eg inniheld til hörmungartímans og til þess stríðsins og ófriðardagsins? [24]Um hvern veg skiptir ljósið sér og sá austanvindurinn upp fer á jörðina? [25]Hver útskipti steypidöggunni sína rás og gjörði veginn eldinganna og reiðarþrumunnar [26]so að það rignir í landið þar sem enginn er á, í þá óbyggðina sem enginn maður er, [27]so það uppfyllir eyðimörkina og þau öræfin og lætur þar grænt gras gróa?

[28]Hver er daggarinnar faðir? [29]Og hver fæddi hrímfrostið undir himninum [30]so að vatnið verður hulið líka sem undir steinum og það vatsdjúpið frýs saman?

[31]Kannt þú það bandið Sjö stjarnanna saman að binda elligar upp að leysa það beltið þess Óríons? [32]Kanntu að láta morgunstjörnuna fram koma í sinn tíma eður að færa þann Vagninn af himninum yfir þín

börn? 33Veistu hvernin það himinninn skal skipast eða kanntu að kenna honum nokkuð af jörðu?

34Kannt þú þínar reiðarþrumur að flytja hátt upp í skýin eður mun sá mikilleiki vatsins hylja þig? 35Kanntu að láta þær eldingarnar út svo að þær út færi og segja: Hér eru vær? 36Hver gefur vísdóminn í það leynda? Hver gefur skynsamlegar hugsanir? 37Hver er svo vís að hann kunni að telja skýin? Hver kann til að dýpta himinsinsvatsbelgi? 38Þá eð því duftinu verður úthellt að það hleypur svo til samans og það hver kökkurinn loðir við annan?

39Kannt þú að gefa leónsinunni það hún veiði sér bráðina og að metta þá leónshvölpana 40so að þeir leggi sig í sínu bæli og hvíli sig í þeim fylsnunum sem þau stilla til veiðinnar? 41Hver tilreiðir hrafninum sína fæðslu nær eð hans ungar kalla til Guðs og fljúga vilja þá þeir hafa öngva fæðslu?

39 Veistu þann tímann nær eð steingeiturnar bera á háfjöllunum eða hefur þú hugleitt að því nær eð hindurnar ganga kálfbærar? 2Hefur þú talið þeirra mánuði nær eð þær tíngast eður veist þú þann tíma nær eð þær bera? 3Þær beygja sig saman nær eð þær bera og í sundur slíta sig svo að þær útláti sína kálfa. 4Þeirra kálfar verða feitir og þróast í korninu og ganga út og koma ekki til þeirra aftur.

5Hver hefur látið þau villudýr ganga svo sjálfráða? Hver hefur uppleyst það bandið skógarasnanna 6hverjum að eg hefi gefið skóginn til heimilis og eyðimörkina til íbyggingar, 7þau eð ekki skeyta hávaðanum í borgunum, þau eð kallið jagarans heyra ekki? 8Þau líta til fjallanna hvar að þeirra fæði er og leita eftir hvar grænt er. 9Þenkir þú það einhyrningurinn muni þjóna þér og að hann muni staðnæmast við þinn stall? 10Kanntu að leggja þitt ok á hann svo að hann erji upp þær akurreinarnar og umvelti jarðartorfunum eftir þér? 11Máttu treysta upp á þótt hann sé svo sterkur so þú skulir láta hann erfiða fyrir þig? 12Máttu trúa honum til þess að vega þér þitt sæði aftur og inn að safna í þína kornhlöðu?

13Páfuglsins fjaðrir eru fegri en það strúfuglsins fjaðrir eru og vængir, 14hann sem skilur við sín egg á jörðunni og lætur þá heitu jörðina útklekja þeim. 15Hann forgleymir þeim að þau mætti í sundur troðast og það eitt villudýr mætti þau í sundur brjóta. 16Hann verður so harðbýll við sína unga líka sem það hann ætti þá eigi og hann skeytir því ekki að hann arfiðar so til forgefins. 17Því að Guð hefur svipt hann vitinu og gefið honum öngvan skilning. 18Nær eð hann fer hátt upp þá forhefur hann sig og hann skimpar bæði hestinn og manninn. 19Kanntu að gefa víghestinum styrkleika eða prýða makkann á honum með hans hneggjan? 20Kanntu að hræða hann sem grashoppur? Hvað sem hrædilegt er það er prís fyri hans nösum. 21Hann fótstappar á jörðina og er ofsa framgjarn með styrkleik og fer út í móti þeim sem brynjaðir eru. 22Hann hæðir að hræðslunni og skelfist ekki og hann flýr ei fyrir sverðinu, 23einnin þó það klingir í pílnakoffrinu og það í gegn honum gljái bæði á lensur og spjót. 24Hann hneggjar og frýs og krafsar í jörðina og skeytir ekki herlúðursins hljóði. 25Nær eð herlúðurinn gellur hátt þá bystist hann og ólmast og lyktar bardagann álengdar, líka það hrópið höfðingjanna og kall.

26Flýgur haukurinn eftir þínum skilningi og útbreiðir sína vængi mót suðrinu? 27Flýgur örnin þannin hátt af þinni skipan svo að hún gjörir sitt hreiður í upphæðunum? 28Hún byggir í þeim háklettunum og blífur upp í þeim fjallagnípunum og steinbjörgunum. 29Þaðan skyggnir hún eftir fæðslunni og hennar augu þau sjá langt í burt. 30Hennar ungar þeir svelgja blóð og hvar helst það hræið er, þar er hún.

40 Og Drottinn svaraði Job og sagði: 2„Hver sem vill þræta við hinn Almáttuga, skal hann ekki bevísa það? Og hver hann straffar Guð skal hann ekki forsvara það?“

3Job svaraði Drottni og sagði: 4„Sjá þú, eg hefi nógu örorður verið, hverju skal eg svara? Eg vil halda hendi minni fyrir munn mér. 5Einu sinni hefi eg talað, þar fyrir vil eg ekki meir andsvar gefa. Eg vil og ekki það sama héðan í frá lengur gjöra.“

6Og Drottinn svaraði Job af vindskýinu og sagði: 7„Umgyrtu þínar lendar sem maður, eg vil spyrja þig að, seg þú mér það. 8Skyldir þú gjöra minn dóm til ónýtis og fordæma mig so þú réttlátur værir? 9Hefur þú einn slíkan armlegg sem Guð? Kanntu með soddan hljóði reiðarþrumur að gjöra líka sem hann gjörir?

10Prýð þú þig með fegurðarskrauti og halt þér á loft, klæð þig hátíðlega og prýðilega.

[11]Útaus þú þinni heiftarreiði, skoða þú drambsama hvar þeir eru og lækka þá. [12]Skoða þú alla drambsama hvar þeir eru og beyg þú þá og gjör þá hinu ómildu forþunna hvar þeir eru. [13]Hyl þú þá alla með jörðu og niðursökk þeirra bramli í þau leynifylsnin. [14]Þá vil eg meðkenna fyrir þér það þín hægri hönd kann að hjálpa þér.

[15]Sjá þú þann behemót eg gjörða hjá þér að hann étur hey sem annar uxi. [16]Sjá þú að hans kraftur er í hans lendum og hans styrkleikur er í naflanum hans kviðar. [17]Halinn á honum útréttir sig sem sedrus og það æðarnar hans leyndarlims standa upp sem aðrir kvistir. [18]Beinin í honum eru líka sem kopar, hans brjóst er líka sem járnstafur. [19]Hann er það upphafið Guðs vegar þess er hann gjörði, hann þrífur til hans með sínu sverði. [20]Fjöllin þau bera honum grös og öll villudýrin þau leika sér þar. [21]Hann liggur undir skugganum hulinn í reyrnum og í bleytunni. [22]Skógarrunnurinn skýlir honum í sínum skugga og þeir víðirrunnarnir skýla honum. [23]Sjá þú, hann svelgir vatsstrauminn í sig og feilar sér ekki við það og lætur sér þykja að hann muni geta svelgt ána Jórdan með sínum munni. [24]Þó veiða menn hann með hans sjálfs eiginlegum augum og með einni snöru bora menn hans nasir í gegnum.

41 Kanntu að draga þann levjatan með önglinum eða binda hans tungu með snæri? [2]Kanntu að láta hring í hans nasir eður að bora með prjóni í gegnum hans kinnbein? [3]Hvert þenkir þú að hann muni biðja þig svo hugarlátlegana elligar smeykjast so fyrir þér? [4]Þenkir þú hann muni gjöra þann sáttmálann við þig svo þú megir allt í jafnt hafa hann fyrir svein? [5]Kanntu að leika svo með hann sem annan fugl eður binda hann hjá þínum þjónustukvinnum? [6]Þenkir þú að sá mannflokkurinn muni skera hann í sundur og útskipta honum svo á meðal kaupmannanna? [7]Kannt þú það netið að fylla með hans húðarskinni og þær fiskitælurnar með hans höfði? [8]Nær eð þú leggur þína hönd á hann, þá þenk þú að það er það stríð á hverju þú kannt öngvan enda að gjöra. [9]Sjá þú, hans von mun bregðast honum og nær eð hann verður sén þá skýtur hann sér í burt. [10]Þar er og enginn svo djarfur þar þori að reita hann. Hver er sá sem þá kunni að standa á móti mér? [11]Hver hefur gefið mér áður fyrri svo að eg megi endurgjalda honum? Allt það er mitt hvað undir himninum er. [12]Þar til má eg nú segja hversu stór, hversu megtugur, hversu mjög vel það hann er skapaður. [13]Hver kann hans klæðum upp að lyfta og hver þorir það voga að grípa á millum hans tanna? [14]Hver kann upp að lúka þeim kjálkabeinum hans andlits? Hans tennur þær standa hræðilega allt um kring. [15]Hans drambsama hreistur er svo sem sterkir skildir hver við annan. [16]Einn er fastur við þann annan so þar gengur ekki vindurinn út á milli, [17]það eina samtengir sig við það annað og heldur sér til samans svo það kann ekki að fráskiljast hvert öðru. [18]Hans blástur leiftrar sem ljós, hans augu svo sem morgunstjörnunnar augabrýn. [19]Af hans munni útganga logbrandar og glóandi gneistar fljúga þaðan út. [20]Af hans nösum gýs reykur svo sem úr sjóðandi potti og katli. [21]Hans andi er sem logandi bál og þar útgengur elslogi af hans munni. [22]Hann hefur og einn öflugan háls og það er hans yndi hvar hann getur nokkru spillt. [23]Hans kjötlimir þeir hengja hver við annan og halda fast við hann svo að hann kann ekki í sundur að falla. [24]Hans hjarta er svo hart sem grjótsteinn og svo öruggt sem einn parturinn út af þeim undir kvernarsteininum. [25]Nær hann hefur sig upp þá skelfast hinir öflugu við það og nær ed hann brýst fram þá er þar enginn líkn til. [26]Nær einhver vill til við hann með sverði eður með spjóti, skeytum eður pansara, og þá hrærir hann sig ekki. [27]Hann skeytir járninu so mikið sem strái og málminum sem ronum téstaur. [28]Ekkert skeyti mun forjaga hann, slöngusteinninn er fyrir honum sem agnir. [29]Sleggjuhamarinn reiknar hann sem grasstrá, hann hæðir skjálfandi spjótsköft. [30]Undir honum liggja hvassir steinar og hann fer yfir um eggjagrjótið líka sem yfir um leirbleytuna. [31]Hann gjörir það að djúpið hafsins sýður upp sem annar pottur og hann hrærir það til samans líka sem maður samblandar smyrslavatn. [32]Farvegurinn hann leiftrar eftir honum, djúpið gjörir hann harla grátt. [33]Þar kann og enginn á jörðu að jafnast við hann, hann er til þess gjörður að hann eigi ugglaus að vera. [34]Hann fyrirlítur allt hvað hátt er, hann er og einn kóngur yfir öllum dramblátum.“

42 Og Job svaraði Drottni og sagði: [2]„Eg meðkenni að þú formátt alla hluti og að þar er enginn þanki fólginn fyrir þér. [3]Sá er einn fávís mann sem það þenkir að hann geti hulið sitt ráð. Þar fyrir þá með-

kenni eg að eg talaði fávíslegana um það
sem mér er forhátt og eg skil ekki. 4Svo heyr
þú nú, leyf þú mér að mæla. Eg vil spyrja þig
að, lær þú mig. 5Eg hefi heyrt þig með eyrun-
um og mín augu þau sjá þig nú einnin. 6Þar
fyrir játa eg mig nú sakaðan vera og eg vil
iðran gjöra í ösku og dufti.“

7Þá eð Drottinn hafði talað þessi orð við
Job þá sagði hann til Elífas af Teman: „Mín
reiði er heiftug orðin yfir þér og þeim tveim-
ur þínum vinum því að þér hafið ekki talað
réttvíslega um mig svo sem minn þénari
Job. 8Svo takið nú sjö uxa og sjö hrúta og
gangið burt til míns þénara Job og offrið
brennifórnum fyrir yður og látið Job minn
þénara biðja fyrir yður. Því að hann vil eg
álíta svo að eg láti ekki sjá hversu fávíslega
að þér hafið gjört. Því að þér hafið ekki talað
rétt um mig so sem minn þénari Job.“ 9Svo
fóru þeir Elífas af Teman, Bildad af Súa og
Sófar af Naema og gjörðu svo sem Drottinn
hafði þeim sagt. Og Drottinn áleit Job.

10Og Drottinn sneri Jobs fjötrum þá að
hann bað fyrir vinum sínum. Og Drottinn
gaf Job tvefalt svo mikið sem hann hafði áð-
ur haft.

11Og allir hans bræður og allar hans systur
og allir þeir að áður voru hans kunningjar þá
komu til hans og átu með honum í hans húsi
og snerust til hans og hugsvöluðu honum
yfir öllum þeim hörmungum sem Drottinn
hafði látið yfir hann koma. Og hver einn
þeirra gaf honum fagran silfurpening og eitt
gullhlað.

12Og Drottinn blessaði Job eftir það meir
en áður fyrri, so að hann átti fjórtán þúsund-
ir sauða og sex þúsund úlfalda og þúsund
pör uxa og þúsund asna. 13Og hann fékk sjö
sonu og þrjár dætur. 14Og hann kallaði þá
hinu fyrstu Jemíma, hina aðra Kesía og þá
hina þriðju Keren Hapúk. 15Og þar fundust
ekki so fríðar kvinnur í öllu landinu sem að
voru þær dætur Job. Og faðir þeirra gaf
þeim arftöku á meðal bræðra sinna.

16Og Job lifði eftir það í hundrað og fjöru-
tígi ár svo að hann sá börn og barnabörn sín
allt í fjórðu ættkvísl. 17Og Job andaðist gam-
all og saddur lífdaganna.

Endir bókarinnar Job

SÁLMARNIR

BÓK I

1 Sæll er sá maður hver eð ei gengur
í ráði ómildra og staðnæmist ekki á
vegi syndugra og hann sem ei situr á
stóli háðungarmanna [2]heldur hefur
sína lysting í lögmáli DROTTINS og talar
um hans lögmál daga og nætur. [3]Hann
er líka sem það viðartré hvört að rót-
sett er í hjá rennandi vatni og hans
laufblöð munu ekki visna og allt hvað
hann gjörir það mun lukkast vel.
[4]En þannin eru ei hinir óguðhræddu
heldur líka so sem moldarduft hverju
að vindurinn burt feykir. [5]Þar fyrir fá ei
þeir óguðlegu við risið í dóminum, ekki
heldur hinir syndugu í samkundu rétt-
látra. [6]Því að DROTTINN þekkir veginn
réttlátra en vegur óguðhræddra mun
fyrirfarast.

2 Hvar fyrir æða svo heiðnar þjóðir
og fólkið hugsar so fáfengilega
hluti? [2]Konungarnir landsins taka sig
upp og höfðingarnir bera sín ráð
saman móti DROTTNI og í móti hans
smurða segjandi: [3]„Látum oss þeirra
bönd í sundur slíta og í burt fleygja frá
oss þeirra reipum!“ [4]En hann sem á
himnum býr hann spottar þá og
DROTTINN hæðir að þeim. [5]Hann mun
þá tala til þeirra í sinni reiði og í sinni
grimmd mun hann skelfa þá: [6]„En eg
hefi sett minn konung yfir mitt helgað
fjall Síon.“ [7]Eg vil af þeirri vísu prédika
sem að DROTTINN hefur talað til mín:
„Þú ert minn Sonur, í dag fædda eg þig.
[8]Heimtu að mér og mun eg gefa þér
heiðnar þjóðir í þína arfleifð og jarðar-
innar yðsta enda þér til eignar.
[9]Þú skalt í sundur slá þá með járnspíru og líka sem annað leirker þá skaltu í sundur brjóta þá.“ [10]Látið yður nú undirvísa, þér konungar, og leiðrétta yður, þér sem eruð dómendur á jörðunni. [11]Þjónið DROTTNI með ótta og gleðjið yður með hræðslu. [12]Minnist við Soninn svo að hann verði yður ekki reiður og þér fyrirfarist so á veginum. Því að hans reiði mun snarlega upptendrast. En sælir eru þeir allir sem á hann treysta.

3 (Sálmur Davíðs þá hann varð far-
flótta fyrir syni sínum Absalom.)
DROTTINN, hvernin eru mínir óvinir so
fjölgaðir og þeir so margir sem so upp-
rísa á móti mér? [2]Margir segja minni
sálu: „Hún hefur öngrar hjálpar von hjá
Guði.“ Sela. [3]En þú, DROTTINN, ert minn
hlífðarskjöldur og sá sem mig til
heiðurs setur og hann sá ið mitt höfuð
upphefur.
[4]Eg kalla með minni raust til
DROTTINS og hann bænheyrir mig af
sínu heilögu fjalli. Sela.
[5]Eg ligg og sef og vakna aftur því að
DROTTINN hann styður mig. [6]Eg óttunst
því ekki mörg hundrað þúsund manna
þeirra sem umkringja mig. [7]Rís upp,
DROTTINN, og hjálpa mér, minn Guð, því
að þú slær högg við vanga alla mína
mótstöðumenn og í sundur brýtur
tennur óguðlegra. [8]DROTTINN, hjá þér er
hjálpin og þín blessun þá er yfir þínu
fólki.

4 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja upp
á strengjaleikahljóðfæri.) Bænheyr
þú mig þá eg kalla á þig, Guð, mitt rétt-
læti, sá ið mér huggun veitir í harm-
kvælingunni, miskunna þú mér og heyr
mína bæn. [2]Þér herrar, hversu lengi
skal mín dýrð löstuð verða? Hvar fyrir
elski þér hégómann og lygarnar so
gjarna? Sela.
[3]Viðurkennið þó að DROTTINN breytir
undarlega við sína heilaga, DROTTINN
bænheyrir mig þá eg ákalla hann. [4]Ef
þér reiðist þá syndgið ekki, talið við yð-
ar hjörtu í yðar hvílurúmum og bíðið.
[5]Fórnfærið offur réttlætisins og vonið á
DROTTIN. [6]Margir segja: „Hvernin skal

þessi oss sýna hið góða?“ En þú, DROTTINN, upphef þú yfir oss ljós þíns andlits. 7Þú gefur gleði mínu hjarta þótt það hinir aðrir hafi gnægð bæði af víni og korni. 8Eg ligg og sef með öllu í friði því að þú, DROTTINN, alleinasta hjálpar mér það eg óttalaus byggi.

5 (Davíðssálmur fyrir að syngja yfir arfinum.) Heyr þú, DROTTINN, mín orð og hugleið mitt ákall. 2Hygg að kveinstafan minnar bænar, minn konungur og minn Guð, því að til þín vil eg biðja. 3DROTTINN, árla þá heyr þú mína raust, árla vil eg fyrir þér standa og merkja það.

4Því að þú ert ekki sá Guð þeim eð óguðlegt athæfi líkar, 5þú hefur að hatri alla illgjörðamenn. 6Þú lætur þá lygimælendur alla fyrirfarast, DROTTINN hefur og styggð við þeim sem falsfullir og blóðgjarnir eru.

7En eg vil í trausti þinnar miklu miskunnar innganga í þitt hús og tilbiðja fyrir þínu heilögu musteri í þínum ótta. 8Leið þú mig, DROTTINN, í þínu réttlæti fyrir minna óvina sakir, gjör þú þinn veg greiðan fyrir mér. 9Því að í þeirra munni er ekkert sannlegt, þeirra hið innra er hjartans angur, þeirra barki er ein víðopin gröf, með sínum tungum handtéra þeir sviksamlega. 10Lát þú, Guð, dóm á þá ganga svo þeir falli í frá sínum ásetningi, rek þá út fyrir þeirra mikilla misgjörða sakir því að þeir eru þér þverbrotnir.

11Lát þá alla gleðjast mega sem treysta upp á þig, eilíflega lát þú þá fagna því að þú verndar þá og lát þá glaða vera í þér sem þitt nafn elska. 12Því að þú, DROTTINN, blessar þá hina réttlátu, þú kórónar þá með góðfýsi svo sem með skildi einum.

6 (Sálmur Davíðs að syngja fyrir upp á átta strengja hljóðfæri.) DROTTINN, straffa mig ekki í þinni bræði og tyfta mig ekki í þinni grimmdarreiði. 2Miskunna þú mér, DROTTINN, því að eg em veikur, lækna þú mig, DROTTINN, af því að mín bein eru skelfd. 3Og mín sála er og næsta mjög hrelld, ó þú DROTTINN, hversu lengi?

4Snú þú aftur, DROTTINN, og hjálpa minni sálu, frelsa þú mig fyrir þinnar miskunnar sakir. 5Því að í dauðanum er sá ei neinn að þín minnist, hver er sá í helvíti að þér segi þakkir?

6Eg em mæddur í minni andvarpan, eg þvæ um allar nætur mína sæng og í mínum tárum þá væti eg mitt legurúm. 7Mín augsýn er döpur af hryggð og tekur að eldast því að eg kvelst á alla vegu.

8Víkið í burt frá mér, allir illgjörðamenn, því að DROTTINN hann hefur heyrt minn grát. 9DROTTINN hann heyrir mína beiðni, DROTTINN hann meðtekur mína bæn. 10Allir mínir óvinir munu sín skammast og mjög skelfdir verða, um hæl snúast og til skammar verða mjög snarlega.

7 (Sakleysi Davíðs sem hann söng fyrir DROTTNI vegna orða Kúsí sonar Jemini.) Upp á þig, DROTTINN Guð, treysti eg, hjálpa þú mér í frá öllum mínum ofsóknurum og frelsa mig 2so að þeir grípi ekki sem león mína sálu og hana í sundur slíti fyrst að þar er enginn sá sem (hana) frelsar.

3DROTTINN minn Guð, ef að eg hefi þetta gjört og ef rangindi eru í mínum höndum, 4ef eg hefi þeim illt endurgoldið sem mig létu í friði eður hafi eg skaða gjört þeim sem mínir óvinir voru fyrir öngva sök 5þá ofsæki minn óvinur sálu mína og handtaki hana og fóttroði mitt líf niður til jarðar og leggi mína æru í moldarduft. Sela. 6Statt upp, DROTTINN, í þinni reiði, upphef þig yfir grimmd óvina minna og hjálpa mér aftur í það embætti sem þú hefur bífalað mér 7so það lýðurinn safnist til þín aftur og vegna þess hins sama þá kom upp aftur. 8DROTTINN hann er dómari yfir fólkinu, dæm þú mig, DROTTINN, eftir

minni réttvísi og eftir mínu sakleysi.
9Láttu hrekkvísi þeirra hinna óguðlegu
fá enda og gjör greitt fyrir hinum rétt-
láta því að þú, réttferðugur Guð, rann-
sakar hjörtun og nýrun.
10Mitt fullting er af Guði sá eð hjálpar
réttferðugum af hjarta. 11Guð hann er
einn réttlátur dómari og einn Guð sá
hver eð daglega hótar. 12Nema menn
vilji leiðréttast þá hefur hann hvatt sitt
sverð, sinn boga hefur hann uppspann-
að og hann tilbúið. 13Og á honum hefur
hann tilbúið dauðans skeyti, sínar örv-
ar hefur hann tilreitt til fordjörfunar.
14Sjá þú, hann hefur illt í sinni, hann
gengur með ógæfuna og hann mun
fæða lygina. 15Gröfina hefur hann graf-
ið og opnað hana og í þá gröf féll hann
sjálfur sem hann gjörði. 16Hans ólukka
mun honum í koll koma og hans rang-
læti sjálfs mun ofan falla yfir hans
hvirfil.
17Þakkir gjöri eg DROTTNI vegna síns
réttlætis og nafni DROTTINS hins hæsta
vil eg lofsyngja.

8 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja upp
ágitít.) DROTTINN, vor drottnari,
hversu dásamlegt að er þitt nafn í öll-
um löndum so að þín lofgjörð er í
himninum! 2Út af munni smábarnanna
og brjóstmylkinganna hefur þú einn
styrkleika tilbúið fyrir þinna óvina sak-
ir svo að þú afmáðir óvininn og þann
hinn hefndargjarna.
3Því að eg mun sjá himnana, verkið
þinna fingra, tunglið og stjörnurnar
hverjar eð þú hefur tilbúið. 4Hvað er
maðurinn þess að þú skulir minnast
hans eður mannsins sonur það þú vitjir
hans? 5Um lítinn tíma muntu láta hann
af Guði yfirgefinn vera en með æru og
vegsemd muntu hann kóróna. 6Þú
munt setja hann einn herra yfir verkin
þinna handa, alla hluti þá hefur þú hon-
um undir fætur lagt: 7Sauði og naut allt
til samans, þar með einnin skógardýr-
in, 8fugla loftsins og fiska sjávarins og
allt hvað í hafinu gengur. 9DROTTINN,
vor drottnari, hversu dásamlegt er þitt
nafn í öllum löndum!

9 (Sálmur Davíðs út af þeirri fögru
ungdómsæsku fyrir að syngja.) Eg
þakka þér, DROTTINN, út af öllu mínu
hjarta og allar þínar dásemdir vil eg
framtelja. 2Eg fagna og em glaður í þér
og syng lof þínu nafni, þú Hinn
Allrahæsti, 3það þú snerir mínum óvin-
um á hæl aftur so þeir eru fallnir og fyr-
irfórust fyrir þinni augsýn. 4Því að þú
gjörðir mér rétt og mínu málefni, þú
situr á dómstólnum einn réttvís dóm-
ari. 5Þú straffar heiðingjana og fyrir-
kemur þeim óguðlegu, þeirra nöfn af-
skefur þú um aldur og að eilífu.
6Sverðin óvinarins urðu að síðsta að
öngvu og borgirnar braustu niður,
þeirra minning hefur fyrirfarist með
þeim.
7En DROTTINN blífur eilíflega, hann
hefur sitt tignarsæti tilbúið til dómsins.
8Og hann mun heimskringluna rétti-
lega dæma og fólkinu meður réttvísi
stjórna. 9Og DROTTINN er athvarf hins
fátæka, eitt athvarf þá áliggur í
neyðinni. 10Þar fyrir treysta þeir á þig
sem þitt nafn þekkja því að þú yfirgefur
ekki, DROTTINN, þá sem þín leita.
11Syngið lof DROTTNI, þeim eð til Síon
byggir, kunngjörið meðal fólksins hans
verk. 12Því að minnist hann og hann
spyr eftir þeirra blóði, hann forgleymir
ekki kalli þeirra fátæku.
13Miskunna þú mér, DROTTINN, lít þú
á eymd mína meðal óvina minna, þú sá
eð mig upphefur út af dauðans dyrum,
14upp á það eg framtelji allar mínar lof-
sögur í borgarhliður dótturinnar Síon
so það eg glaður sé yfir þínu hjálpræði.
15Hinir heiðnu eru niðursökktir í graf-
irnar þær eð þeir höfðu tilbúið, þeirra
fótur er í þeirri snörunni fastur sem
sjálfir þeir uppegndu. 16Þannin þekkist
það að DROTTINN lætur rétt ske að hinn

óguðhræddi er fjötraður í verkum
sinna handa fyrir orðið. Sela.
17Snúist hinir ómildu til helvítis, allir
þeir heiðingjar sem Guði forgleyma.
18Því að ei mun hann með öllu for-
gleyma hinum fátæka og bónin hins
volaða mun ekki glatast ævinlega.
19Statt upp, DROTTINN, so það maður-
inn verði ekki yfirsterkari, lát þú alla
heiðingja dæmast fyrir þinni augsýn.
20Set þú yfir þá, DROTTINN, einn meist-
ara svo það hinir heiðnu meðkenni það
að þeir eru menn. Sela.

10 Hvar fyrir ert þú, DROTTINN, so
fjarlægur og geymir þig á
hörmungartímanum?
2Á meðan hinn óguðlegi veitir yfir-
gang þá hlýtur hinn fáráði að líða. Þeir
halda saman og upphugsa hvað vonds-
legt er. 3Því að hinn óguðlegi hrósar sér
í sinni mótþróan og hinn illgjarni bless-
ar sig og lastar DROTTIN. 4Hinn óguðlegi
er svo ofurdáðugur og reiður að hann
hirðir um öngvan, í öllu sínu athæfi
virðir hann Guð einskis. 5Sinni iðju
heldur hann samt fram, þínir dómar
eru honum mjög fjarlægir, hann breytir
drambsamlega við alla sína óvini.
6Hann segir í sínu hjarta: „Aldrei verð
eg yfirbugaður, um aldur og ævi mun
það héðan í frá háskalaust vera.“ 7Hans
munnur er fullur bölvanar, falsleika og
svikræðis, undir hans tungurótum er
hryggð og erfiði. 8Hann umsitur í
görðunum að drepa þann saklausa
leynilega, hans augu stara á þann fá-
tæka. 9Hann umsitur í leyni so sem
león í bæli sínu, hann umsitur að grípa
hinn fátæka að hann fái veitt hann þá
eð hann teygir hann í sína snöru.
10Hann melur í sundur, niðurþrykkir og
fellir hinn volaða með ofríki. 11Hann
segir í sínu hjarta: „Guð hefur for-
gleymt því, hann hefur sínu andliti þar
frá snúið so að aldrei muni hann það
sjá.“
12Rís upp, DROTTINN Guð, upphef þína
hönd, forgleym ekki þeim fátæku.
13Hvar fyrir skal hinn óguðlegi lasta
Guð og segja í sínu hjarta: „Eigi skeytir
hann því“? 14Það sama sér þú vel því að
þú lítur þá eymd og armæði, undir þín-
um höndum er það komið, hinir fátæku
bífala það þér, þú ert hjálparinn föður-
lausra.
15Í sundur brjót þú armlegg hins
óguðlega og leita að hans illsku svo að
hans óguðlegt athæfi verði ei meir
fundið.
16DROTTINN mun ríkja um aldur og að
eilífu, hinir heiðnu munu fyrirfarast út
af hans landi. 17Girnd þeirra fátæku
heyrir þú, DROTTINN, þeirra hjarta veit
vissulega að þitt eyra hyggur þar að
18svo að þú dæmir rétt hinum föður-
lausa og fátæka að eigi haldi sá maður
meir áfram að stæra sig á jörðunni.

11 (Sálmur Davíðs að syngja fyrir)
Eg treysti á DROTTIN. Hvernin
segi þér þá minni sálu það hún skuli
fljúga sem skógarfugl upp á yðar fjöll?
2Því að sjá þú, hinir óguðlegu spanna
sinn boga og leggja sínar örvar á streng
að þeir heimuglega skjóti hina réttferð-
ugu þar með. 3Því að grundvöllurinn
brutu þeir niður að grunni. Hverju skal
sá réttláti til vegar koma?
4DROTTINN er í sínu heilögu musteri, á
himnum er DROTTINS tignarsæti, hans
augu sjá þar upp á, hans augahvarmar
reyna mannanna sonu. 5DROTTINN hann
reynir hinn réttláta, hans sála að hatri
hefur hinn óguðlega og þá sem illsku-
verkin gjarnan fremja. 6Hann mun
rigna láta yfir hina óguðlegu eldflaug-
um, eldi og brennisteini og stormviðrið
mun hann þeim að verðlaunum gefa.
7DROTTINN er réttlátur og elskar rétt-
lætið, þar fyrir að þeirra andlit lítur á
það hvað réttferðugt er.

12 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja upp á átta strengja hljóðfæri.) Hjálpa þú, DROTTINN, því að hina heilögu tekur að fækka og hinir réttferðugu eru mjög fáir orðnir meðal mannanna sona. [2]Hver og einn talar við annan fáfengilega hluti með smjaðran og læra út af tvídrægu hjarta.

[3]DROTTINN fyrirfari öllum smjaðrunarvörum og þeirra tungum sem stór orð tala, [4]þeir eð það segja: „Vor tunga skal yfirráðin hafa, oss ber að tala, hver er vor yfirherra?“

[5]Fyrir eymdarsakir volaðra og andvarpanar sakir fátækra vil eg upprísa“ segir DROTTINN. „Eg vil eitt hjálpræði veita svo menn skulu alldjarflega læra.“

[6]Málið DROTTINS er eitt hreint mál, so sem klárað silfur í deigulmó, sjö sinnum hreinsað. [7]Þú, DROTTINN, varðveit þá og varðveit oss frá þessari kynslóð eilíflega. [8]Alls staðar er þar fjöldi óguðlegra hvar eð slíkir fáneytir drottna meðal fólksins.

13 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.) Hversu lengi vilt þú, DROTTINN, forgleyma mér þannin með öllu? Hversu lengi þá hylur þú þitt andlit fyrir mér? [2]Hversu lengi þá skal eg þannin kvalráður vera í minni sálu og angra mig svo í mínu hjarta daglegana? Hversu lengi skal minn óvin forhefja sig upp yfir mig?

[3]Sjá þú þar til og bænheyr mig, DROTTINN minn Guð. Upplýs þú mín augu so að eg sofni ekki í dauðanum [4]so það minn óvinur hælist ekki um það að hann sé mér máttugri orðinn og hinir sem mig mótstanda megi sig ekki af því gleðja að eg liggi fallinn.

[5]En eg treysti þar upp á að þú svo miskunnsamur ert, mitt hjarta það gleður sig í þínu hjálpræði. [6]Eg vil syngja DROTTNI lof því að hann gjörir svo vel til

14 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.) Hinir fávísu segja í sínum hjörtum: „Enginn er Guð.“ Þeir duga ekkert og eru svívirðulegir í sinni breytni, þar er ekki einn sá eð gott gjörir. [2]DROTTINN hann leit af himni ofan yfir mannanna sonu svo að hann sæi hvert nokkur mundi sá eð skiljandi væri og eftir Guði leitandi. [3]En allir þeir voru frásnúnir og allir saman hver með öðrum ónýtir orðnir, þar var enginn sá eð nokkuð gott gjörir og ekki einn.

[4]Hvort vill enginn af þeim illgjörðamönnum merkja það? Þeir eð mitt fólk uppsvelgja að þeir ali sjálfa sig, en DROTTINN ákalla þeir ekki. [5]Þar ugga þeir um sig en DROTTINN er hjá kynslóð réttlátra. [6]Þér forsmáið ráðin hins volaða en Guð er hans trúnaðartraust.

[7]Eg vilda það hjálpræðið út af Síon kæmi yfir Ísrael og það DROTTINN frelsaði sitt hertekna fólk, þá mundi Jakob fagna og Ísrael vera glaður.

15 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN, hver fær að búa í þinni tjaldbúð eður hver mun hvílast upp á þínu heilögu fjalli? [2]Hann sá eð framgengur flekklaus og gjörir rétt og talar sannleikinn út af hjarta, [3]hver eð ekki sviksamlega mælir með sinni tungu og náunga sínum ekkert illt gjörir og leggur ekki sínum náunga neitt lastlegt til, [4]hver hann leiðir hjá sér hinn illgjarna en í heiðri hefur hinn guðhrædda, hver hann sver sínum náunga og svíkur hann ekki, [5]hver hann gefur ekki fé út upp á okur og tekur ekki mútu yfir þann hinn saklausa. Hver eð þetta gjörir sá mun stöðugur blífa ævinlega.

16 (Eitt gyllini klenodium Davíðs.) Varðveit mig, Guð, því að eg treysti upp á þig. [2]Eg sagði til DROTTINS: „Þú ert DROTTINN, eg hlýt að líða fyrir þínar sakir.“ [3]Fyrir þá heilögu sem á jarðríki eru og fyrir þá dýrlegu, á þeim hefi hefi eg alla mína þóknan.

[4]En þeir hinir aðrir sem eftir hinum öðrum stunda munu mikið hjartans angur líða. Eg vil ekki færa þeirra drykkjarfórnir með blóðinu, ekki heldur taka þeirra nafn mér í munn.

[5]DROTTINN er mín arfleifð og mitt hlutskipti, þú ert sá sem mér varðveitir mína hlutdeild. [6]Hlutur féll mér í lystilegum stað og hin besta arfleifðin hlotnaðist mér. [7]Eg lofa þann DROTTINN sem mér gaf ráð, líka tyfta mig einnin mín nýru á nætur.

[8]Alla tíma hefi eg DROTTIN mér fyrir augum því hann er mér til hægri handar, þar fyrir mun eg stöðugur blífa. [9]Þar fyrir gleður sig mitt hjarta og mín dýrð er glaðvær, svo mun og einnin mitt hold í voninni hvílast. [10]Því að ei muntu mína sál yfirgefa í helvíti og ei láta þinn Heilaga rotnan sjá. [11]Þú gjörðir mér kunnan veginn til lífsins, fyrir þinni augsýn er gnótt fagnaðarins og gleðilegt líf til þinnar hægri handar eilífleganа.

17 (Ein bæn Davíðs.) Heyr þú, DROTTINN, réttvísina, merk mitt ákall, hygg að minni bæn hver að ei sker af sviksamlegum vörum. [2]Hlutastu til míns málefnis og gef gætur að réttindunum.

[3]Þú reynir mitt hjarta og vitjar þess á náttarþeli og hreinsar mig og finnur ekkert með mér, eg einsetta mér að minn munnur skyldi ekki skeika. [4]Eg varðveiti mig í orðinu þinna vara, fyrir mannanna verkum, á veginum spillvirkjans. [5]Haltu minni göngu í þínum vegum so að mín fótspor skriðni ekki.

[6]Eg kalla á þig að þú, Guð, bænheyrir mig, hneig þín eyru til mín og heyr mín orð. [7]Auðsýn þína dásamlega góðgirni, þú hjálpari þeirra sem á þig treysta, í gegn þeim sem setja sig upp í móti þeinni hægri hendi. [8]Varðveit þú mig svo sem sjáldrið augans, undir skugga vængja þinna vernda þú mig [9]fyrir þeim óguðlegu sem kvelja mig, fyrir mínum óvinum sem umsitja mína sálu. [10]Þeirra feitingar halda til samans, með sínum munni tala þeir drambsamlega. [11]Hvar eð vér göngum þá umkringja þeir oss, sín augu setja þeir þangað það þeir slái oss til jarðar [12]so sem annað león það búið er til bráðina að veiða, líka sem leónshvelpur sá eð situr í fylsnum.

[13]Tak þig upp, DROTTINN, yfirfall þá og niðurlæg þá, frelsa þú með sverði þínu sálu mína frá þeim óguðlegu, [14]frá fólki þinnar handar, DROTTINN, frá mönnum þessarar veraldar, þeir eð sitt hlutskipti hafa í þeirra lífi, hverra kvið eð þú fyllir með þínum auði. Þeir hafa mikinn fjölda barna og láta sínar eftirleifar eftir hjá þeirra niðjum.

[15]En eg mun sjá þitt auglit í réttlæti, eg mun saddur verða nær eg vakna eftir þinni mynd.

18 (Einn sálmur Davíðs, DROTTINS þjónustumanns, til að syngja fyrir hver eð talaði fyrir DROTTNI orðin þessa lofkvæðis í þann tíma þá eð DROTTINN hafði frelsað hann af höndum allra sinna óvina og af hendi Saul og sagði:) Hjartkæran hefi eg þig, DROTTINN, minn styrkleiki, [2]DROTTINN mitt hlífðarbjarg, mitt öruggt vígi, minn frelsari, minn Guð, mitt traust á hvert eg treysti, mín verndarhlíf og horn míns hjálpræðis og mitt athvarf. [3]Eg vil lofa DROTTIN og ákalla hann, þá mun eg frelsaður verða í frá mínum óvinum.

[4]Því að mig hafa umkringt böndin dauðans og Belíals bekkir hafa skelft mig. [5]Böndin helvítis hafa umkringt mig og dauðans snörur yfirbuguðu mig. [6]Nær eg kveljunst þá ákalla eg DROTTIN og hrópa til Guðs míns, þá bænheyrir hann mína raust af sínu musteri og mitt ákall kemur fyrir hans ausýn honum til eyrna. [7]Jörðin titraði og hristist öll og grundvellir fjallanna skulfu og hrærðu sig þá að hann

reiddist. [8]Reykur gaus upp af hans nösum en eldur brann af hans munni svo að þar sindruðu neistar út af. [9]Hann beygði himnana og sté ofan og myrkvaþoka var undir hans fótum [10]og hann fór upp yfir kerúbím og flaug, hann sveimaði á vindsins vængjum. [11]Hans tjald í kringum hann var myrkrið og dimm þokuský, þar var hann innihulinn. [12]Út af þeim geislum fyrir hans augsýn tvístruðust skýin með hagli og eldflugum [13]og DROTTINN hann lét reiðarþrumur slá af himni og sá hinn hæsti gaf út sitt hljóð með hagli og eldgangi. [14]Hann skaut sínum geislum út og í sundur dreifði þeim, hann lét verða miklar eldingar og hræddi þá. [15]Þá sáust uppsprettupyttir vatnanna og grundvellir jarðarinnar auglýstu sig, DROTTINN, af þinni straffan, út af blæstri andans þinna nasa.

[16]Hann sendi út af hæðinni og meðtók mig og tók mig burt úr miklum vötnum. [17]Hann frelsaði mig frá sterkustum óvinum mínum og í burt frá þeim eð mig hötuðu, hverjir mér voru megtugri, [18]þeir eð mér ásókn veittu á mínum hörmungardegi. Og DROTTINN var mitt huggunartraust. [19]Og hann leiddi mig út á víðan völl, hann leiddi mig burt þaðan því hann hafði góðan vilja til mín.

[20]DROTTINN hann endugeldur mér eftir mínu réttferðugu málefni, hann umbunar mér eftir hreinferðugleika minna handa [21]því að eg varðveiti vegu DROTTINS og breyti ekki illmannlega á móti mínum Guði. [22]Því að alla hans dóma hefi eg mér fyrir sjónum og hans boðorðum fleygi eg ekki í burt frá mér [23]heldur em eg flekklaus fyrir honum og bívara mig frá syndinni. [24]Þar fyrir endurgeldur mér DROTTINN eftir mínu réttlæti og eftir hreinferðugleika minna handa í hans augliti. [25]Hjá heilögum ertu heilagur og hjá frómum ertu frómur [26]og hjá hreinferðugum ertu hreinferðugur og hjá rangsnúnum ert þú rangsnúinn. [27]Því að þú munt frelsa það fáráða fólk og niðurlæga drambsöm augu. [28]Því að þú uppbirtir mitt ljós, DROTTINN Guð minn hann gjörir mitt myrkur að birtu. [29]Því að fyrir þig þá fæ eg stríðsfólkið við velli lagt og fyrir minn Guð yfir steinvegginn stokkið.

[30]Guðs vegir eru fyrir utan lýti, orðræður DROTTINS eru gagnhreinar, hann er einn hlífðarskjöldur allra þeirra sem á hann treysta.

[31]Því að hver er Guð utan alleinasta DROTTINN eða hver er sterkur utan vor Guð? [32]Guð brynjar mig með krafti og gjörir mína vegu flekklausa. [33]Hann gjörir mína fætur álíka sem hjartarins og setur mig upp á mína hæð. [34]Hann kennir mínum höndum að berjast og lærir mína armleggi stálbogann að spanna. [35]Og þú gefur mér skjöldinn þíns hjálpræðis og þín hægri hönd styrkir mig og nær eð þú auðmýkir mig þá miklar þú mig. [36]Þú veitir mér nóglegt gangrúm svo það mínir ökklaliðir skriðna ekki.

[37]Eg vil sækja eftir mínum óvinum og handtaka þá og ei aftur snúa fyrr en það eg hefi fyrirkomið þeim. [38]Eg mun þá niðurslá og þeir munu mér ekki viðstöðu veita, þeir hljóta undir mínar fætur að falla. [39]Þú kannt með krafti að herklæða mig til bardaga, þú undir mig leggur alla þá sem setja sig upp á móti mér. [40]Þú gefur mér það mínir óvinir snúa á flótta og eg mínu hatursmönnum í sundur dreifi. [41]Þeir kalla og þar er sá enginn eð þeim hjálpi, til DROTTINS, en hann andsvarar þeim ekki. [42]Eg vil melja þá svo sem moldarduft fyrir vindi, eg vil útskúfa þeim líka sem saurindum á strætum. [43]Þú hjálpar mér í frá því þráttunarsama fólki og gjörir mig að höfði meðal heiðinna þjóða, það fólk hvert eg þekkta ekki það mun þjóna mér. [44]Það hlýðir mér með hlýðugum eyrum, já, þeir annarlegu synir afneita mér. [45]Hinir annarlegu synir þeir

hjaðna niður og fara fálmandi í sínum böndum.
[46]DROTTINN hann lifir og blessaður sé
styrkur minn og Guð míns hjálpræðis
sé lofaður, [47]sá Guð er mér gefur
hefndnina og fólkið undir mig leggur,
[48]sá eð frelsar mig í frá óvinum mínum
og forhefur mig í burt frá þeim sem
settu sig upp í móti mér, þú hjálpar mér
í frá þeim hinum ranglátu. [49]Þar fyrir vil
eg, DROTTINN, þér þakkir gjöra meðal
heiðinna þjóða og lofsyngja þínu nafni,
[50]sá eð auðsýnir mikið hjálpræði sínum
konungi og miskunn veitir sínum
smurða, Davíð, og hans afkvæmi eilíf-
lega.

19 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.)
Himnarnir útskýra Guðs dýrð
og festingin himnanna kunngjörir verk
hans handa. [2]Hver dagurinn segir þeim
öðrum og hver nóttin kunngjörir það
annarri. [3]Þar er ekkert tungumál til eð-
ur þær munnræður hvar eð þeirra
raddir heyrast ekki. [4]Um öll lönd er
þeirra hljómur útgenginn og þeirra mál
allt til heimsins enda. Sólunni hefur
hann herbergi sett í þeim sömu. [5]Og
hann sjálfur gengur út þaðan, líka sem
einn brúðgumi út af sínu brúðarhúsi og
gleður sig sem ein hetja til að hlaupa
veginn. [6]Á einum enda heimsins kemur
hann upp og rennur so um kring til
hins sama enda og ekkert skýlist fyrir
hans hita.
[7]Lögmálið DROTTINS er flekklaust og
endurnærir sálina. Vitnisburðurinn
DROTTINS er trúanlegur og gefur vís-
dóm skilningslitlum. [8]Skipanir
DROTTINS eru réttferðugar og gleðja
hjartað. Boðorðin DROTTINS eru skær og
uppbirta augun. [9]Ótti DROTTINS er
hreinferðugur og blífur eilíflegana.
Dómar DROTTINS eru sannarlegir, allir
eru þeir réttferðugir. [10]Dýrmætari eru
þeir heldur en gull og miklir gimstein-
ar, þeir eru sætari en hunang og hung-
ansseimur. [11]Svo verður og einnin þinn
þjón fyrir þá áminntur og hver eð varð-
veitir þá sá hefur mikil verðlaun.
[12]Hver fær skynjað hversu oft hann
misgjörir? Fyrirgef þú mér, DROTTINN,
mínar heimuglegar syndir. [13]Varðveit
þú einnin þinn þjón í frá þeim
dramblátu so að þeir DROTTNI ei yfir
mér. Þá mun eg flekklaus vera og sak-
laus af mikilli misgjörð.
[14]Lát þér þóknast orðræður míns
munns og málið míns hjarta fyrir
augliti þínu, DROTTINN, minn hjálpari og
minn endurlausnari.

20 (Sálmur Davíðs fyrir að
syngja.)DROTTINN bænheyri þig
á mótgangstímanum og nafnið Guðs
Jakobs það verndi þig. [2]Hann sendi þér
hjálp af helgidóminum og styrki þig út
af Síon. [3]Minnugur sé hann alls þíns
mataroffurs og þín brennifórn verði
feit í nóg. Sela.
[4]DROTTINN gefi þér þína hjartans vild
og uppfylli allan þinn ásetning. [5]Vér
gleðjum oss í þínu hjálpræði og í nafni
Guðs vors setjum vér upp sigurmerkið.
DROTTINN uppfylli allar þínar bænir.
[6]Nú formerki eg að DROTTINN frelsar
sinn hinn smurða og bænheyrir hann
út af sínum heilögum himni, hans
hægri hönd hjálpar kröftuglega. [7]Þeir
hinir aðrir treysta upp á vagna og víg-
hesta en vér hugsum upp á nafnið
DROTTINS Guðs vors. [8]Þeir eru
niðurslegnir og fallnir en vér stöndum
réttir.
[9]DROTTINN, hjálpa þú oss, konungur-
inn heyri oss nær eð vér áköllum hann.

21 (Sálmur Davíðs fyrir að
syngja.)DROTTINN, kóngurinn
gleður sig í þínum krafti og hvað harla
glaður er hann út af þínu hjálpræði! [2]Þú
gefur honum sína hjartans vild og synj-
ar ekki þess hvað hans munnur beiðist.
Sela. [3]Því að þú yfirhellir hann með
velsemdarblessun, kórónuna af gulli
setur þú upp á hans höfuð. [4]Hann biður

þig um líf og þú gefur honum langa lífdaga um aldur og að eilífu. [5]Mikil er hans dýrð í þínu hjálpræði, þú leggur honum vegsemd og prýði til. [6]Því að þú setur hann til blessunar eilíflega, þú gleður hann með fögnuði þíns andlits. [7]Því að kóngurinn hann vonar upp á DROTTIN og fyrir miskunnsemi Hins hæsta mun hann stöðugur standa.

[8]Þín hönd mun finna alla þína óvini, þín hægri hönd mun hitta þá að þig hata. [9]Þú munt gjöra þá líka sem eldsins ofn á tíma þinnar reiði, DROTTINN mun uppsvelgja þá í sinni reiði og eldurinn mun uppéta þá. [10]Þeirra ávöxt muntu tortýnast láta af jörðu og þeirra sæði í burt frá mannanna sonum. [11]Því að þeir þenktu þér illt að gjöra og samsettu þær ráðagjörðir hverjar þeir fengu ekki fullkomnað. [12]Því að þú munt gjöra þá að örlum, þinn bogastreng muntu spenna í gegn þeirra augsýn.

[13]DROTTINN, upphef þig í þínum krafti, þá viljum vér syngja og lofa þitt magtarveldi.

22 (Sálmur Davíðs fyr að syngja. Út af hindinni sem árla var veidd.) Guð minn, Guð minn, hvar fyrir hefur þú yfirgefið mig? Eg veina en mín hjálp er fjarlæg. [2]Guð minn, á daginn kalla eg og þú gefur ekki andsvar og á nóttinni þegi eg ekki einnin heldur. [3]En þú ert heilagur, þú sem býr meðal lofgjörðar Ísrael. [4]Vorir feður vonuðu á þig og þá er þeir vonuðu þá hjálpaðir þú þeim. [5]Til þín kölluðu þeir og urðu frelsaðir, þeir vonuðu á þig og urðu ekki til skammar. [6]En eg em maðkur en ei maður, brígsli mannanna og fyrirlitning fólksins. [7]Allir þeir er mig sáu hæddu að mér, opnuðu sinn munn og skóku höfuðin og sögðu: [8]„Klagi hann það fyrir DROTTNI, hjálpi hann honum og hann frelsi hann, hafi hann annars vilja til hans!“

[9]Því að þú útleiddir mig af minnar móður kviði, þú vart mitt hjálpartraust þá að eg var enn nú á minnar móður brjóstum. [10]Til þín er mér kastað síðan í frá móðurkviði, þú ert minn Guð allt síðan í frá minnar móður kviði. [11]Vert ekki fjarri mér því að hörmungin er nálæg, af því hér er sá enginn að hjálpar. [12]Stór naut umkringdu mig, feitir uxar umsátu mig, [13]þeirra gin opnuðu þeir upp á móti mér, líka sem grenjanda og glefsanda león.

[14]Svo sem annað vatn em eg úthelltur og öll mín bein eru í sundur skilin, mitt hjarta er í mínum kviði sem klökkt vaxt. [15]Mínir kraftar eru uppþornaðir sem önnur skurn og mín tunga loðir við mína góma og þú lagðir mig í dauðans djúp. [16]Því að hundar hafa umkringt mig og hinir ómildu samtóku sín ráð yfir mér, mínar hendur og mínar fætur hafa þeir í gegnum grafið. [17]Öll mín bein mátta eg telja en þeir horfðu á það og sáu sína vild á mér. [18]Þeir skiptu með sér mínum klæðum og um mitt fat vörpuðu þeir hlutkasti.

[19]En þú, DROTTINN, vert ekki fjarlægur, minn styrkur, skunda þú mér til hjálpar. [20]Frelsa þú sál mína í frá sveðrinu og mína þá hina einsömu í frá hundunum. [21]Frelsa þú mig út af gini leónsins og hjálpa mér í burt frá einhyrninginum.

[22]Þitt nafn vil eg kunnigt gjöra mínum bræðrum, í miðri samkundunni vil eg þig vegsama. [23]Lofið DROTTIN, þér sem óttist hann, allt sæði Jakobs dýrki hann og allt Ísraels sæði óttist hann. [24]Því að hann hefur hverki forsmáð né fyrirlitið eymd hins fátæka og ekki sínu andliti í burt snúið frá honum og þá ið hann kallaði til hans þá heyrði hann það. [25]Þig vil eg lofa í þeirra hinni miklu samkundu, mín heit vil eg gjalda í augsýn þeirra sem hann óttast. [26]Hinir voluðu skulu neyta so að þeir saddir verða og þeir sem að DROTTNI leita munu lofa hann, yðar hjörtu skulu lifa að eilífu. [27]Þess munu geta allar áttir veraldarinnar og snúast til DROTTINS og fyrir

hans augsýn tilbiðja allar kynkvíslir heiðinna þjóða. [28]Því að DROTTINS er ríkið og hann drottnar meðal heiðinna þjóða. [29]Allir feitingjar á jörðu munu neyta og tilbiðja, fyrir honum munu framfalla allir þeir sem liggja í dufti jarðar og þeir eð aumlega lifa. [30]Hann mun það sæði hafa sem honum þjónar, af DROTTNI mun það kunngjört verða í frá slekti til slektis. [31]Þeir munu koma og hans réttvísi prédika því fólki sem fætt verður, það hann mun gjöra.

23 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN er minn hirðir, mig mun ekki neitt bresta. [2]Hann fóðrar mig í lystilegum grashaga og leiðir mig fram að fersku vatni. [3]Hann endurnærir sál mína, hann leiðir mig á réttan veg fyrir síns nafns sakir.

[4]Og þótt eg ráfaði í myrkvum dal þá hræðunst eg þó öngva ólukku því að þú ert hjá mér, þinn vöndur og stafur þeir hugsvala mér.

[5]Þú tilreiðir eitt matborð fyrir minni sálu í gegn þeim eð hrella mig, þú smyr mitt höfuð með viðsmjöri og skenkir fullt á fyrir mig. [6]Gæska og miskunnsemi munu mér eftirfylgja mína lífdaga og eg mun búa í húsi DROTTINS ævinlega.

24 (Sálmur Davíðs.) Jörðin hún er DROTTINS og hvað í henni er, jarðarkringlan og hverjir þar inni búa. [2]Því hann hefur grundvallað hana yfir sjávarhafið og yfir vötnin tilbúið hana.

[3]Hver mun uppstíga á fjallið DROTTINS og hver mun standa í hans hinum heilaga stað? [4]Sá eð hefur meinlausar hendur og hann sem er hreinhjartaður, sá eð ekki hefur lysting á hégómlegum lærdómi og hver eð sver ekki heldur sviksamlega, [5]sá hinn sami mun meðtaka blessun af DROTTNI og réttlæti af Guði síns hjálpræðis. [6]Þetta er sú kynslóðin hver eð að honum spyr, hún hver að leitar þíns andlits Jakobs. Sela.

[7]Látið portin víðopin og lúkið vítt upp dyrnar í veröldinni so það konungur dýrðarinnar inngangi. [8]Hver er sá konungur dýrðarinnar? Það er DROTTINN, sterkur og voldugur, DROTTINN megtugur í stríði. [9]Látið portin víðopin og lúkið hátt upp dyrnar í veröldinni so það konungur dýrðarinnar inngangi. [10]Hver er sá konungur dýrðarinnar? Það er DROTTINN Allsherjar, hann er sá konungur dýrðarinnar. Sela.

25 (Sálmur Davíðs.) Til þín, DROTTINN, forlengir mig. [2]Minn Guð, á þig treysti eg, lát mig ekki til skammar verða so að óvinir mínir gleðji sig ekki yfir mér. [3]Því að enginn verður sá til skammar sem þín bíður en til skammar hljóta að verða þeir hinir fánýtu forsmánarar.

[4]DROTTINN, vísa þú mér þína vegu og lær mig þína forstigu. [5]Leið þú mig í þínum sannleika og lær mig því að þú ert Guð, minn frelsari, daglegana vona eg á þig.

[6]Minnstu, DROTTINN, þinna miskunnsemda og þinnar gæsku sem verið hefur frá upphafi veraldar. [7]Minnst þú ekki á syndir minnar æsku og á mínar misgjörðir heldur minnst þú mín eftir miskunnsemi þinni og fyrir þinnar góðgirndar sakir.

[8]DROTTINN er góður og réttferðugur, þar fyrir leiðréttir hann hina syndugu á veginum. [9]Hann leiðir hina fáráðu rétt og lærir þá voluðu sína vegu. [10]Vegir DROTTINS eru ekki utan miskunnsemd og sannleikur þeim eð hans sáttmála og vitnisburði geyma.

[11]Fyrir þíns nafns sakir, DROTTINN, vert líknsamur synd minni því að hún er mikil. [12]Hver er sá hann óttast DROTTIN? Þeim hinum sama mun hann vísa þann besta veg. [13]Sála hans mun hvílast í góðu og hans sæði mun landið erfa. [14]Leyndir dómar DROTTINS eru meðal þeirra sem hann óttast og sinn sáttmála lætur hann þá vita. [15]Mín augu

líta jafnan til DROTTINS því hann mun
mína fætur útleysa af snörunni. 16Snú
þér til mín og vert mér miskunnsamur
því að eg em einmana og fáráður.
17Kvöl míns hjarta er mikil, leið þú mig
burt úr mínum nauðum. 18Líttu á mína
eymd og armæðu og fyrirgef þú mér
allar mínar syndir. 19Lít þú á það að
mínir óvinir eru svo margir og þeir
hata mig út af rangri illgirni. 20Varðveit
þú mína sálu og frels mig, lát mig ekki
til skammar verða því að eg treysti á
þig. 21Sakleysið og réttvísin varðveiti
mig því að þín bíð eg.

22Guð, frelsa þú Ísrael af öllum sínum
mótgangi.

26 (Sálmur Davíðs.) Lát þú mig
rétt ske, DROTTINN, því að eg
em saklaus, eg vona upp á DROTTIN, þar
fyri mun eg ekki falla. 2Reyn þú mig,
DROTTINN, og rannsaka mig, hreinsa
mín nýru og mitt hjarta. 3Því að þín
miskunn er fyrir mínum augum og eg
geng í þínum sannleik. 4Eg sit ekki á
ráði hjá þeim hégómamönnum og ekk-
ert samlag hefi eg við hina fláráðu. 5Eg
hata samkundu þeirra hinna illgjörnu
og sit ekki hjá óguðhræddum. 6Eg þvæ
mínar hendur með sakleysi og held
mig, DROTTIN, til þíns altaris 7svo að eg
heyri þar raust þinnar lofgjörðar og
framtelji þar allar þínar dásemdir.

8DROTTINN, eg elska staðinn þíns húss
og þann stað þar eð þín dýrð býr.
9Tortýn ekki sálu minni með þeim
syndugu og ekki heldur lífi mínu með-
ur þeim blóðþyrstugu 10í hverra hönd-
um það illskuverkin eru og þeir þiggja
gjarnan fégáfur. 11En eg geng í mínu
sakleysi, frelsa þú mig og vert mér mis-
kunnsamur.

12Minn fótur hann stendur á réttum
vegi, þig vil eg lofa, DROTTINN, í sam-
kundunum.

27 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN er
mín upplýsing og minn heilsu-
gjafari, fyrir hverjum skal eg óttast?
DROTTINN hann er minn lífsins kraftur,
fyrir hverjum skylda eg hræddur vera?
2Þar fyrir þó að hinir hrekkvísu, mínir
mótstöðumenn og óvinir vilji til við
mig til þess að eta mitt hold þá munu
þeir þó ásteyta sig og niður hrynja.
3Þótt að hermenn settu sig upp á móti
mér þá blöskraði ei að heldur mínu
hjarta, þó að stríð hefjist upp mér á
móti þá treysti eg þó samt á hann.

4Eins þá bið eg af DROTTNI, það sama
þæga eg gjarnan, það að eg mætta blífa
í húsi DROTTINS mína lífdaga til að
skoða þá ágætu þjónustugjörð
DROTTINS og að vitja hans musteris. 5Því
að hann skýlir mér í sinni tjaldbúð á
þeim illa tímanum, hann felur mig í
leyni sinnar tjaldbúðar og upphefur
mig upp á bergið. 6Og nú mun hann
upphefja mitt höfuð yfir mína óvini
sem hér í kringum mig eru, þá vil eg og
í hans tjaldbúð lofgjörðinni offra, eg vil
syngja og lof segja DROTTNI.

7Heyr þú, DROTTINN, mína raust nær
að eg kalla, miskunna þú mér og bæn-
heyr mig. 8Mitt hjarta það setur sér þín
orð fyrir (þessi): „Þér skuluð míns and-
lits leita.“ Þar fyrir leita eg einnin,
DROTTINN, þíns andlits. 9Snú ekki þínu
andliti frá mér og í burt rek ekki þræl
þinn í reiði þinni því þú ert minn hjálp-
ari, yfirgef þú mig ekki og tak ekki þína
hönd frá mér, Guð minn frelsari. 10Því
að faðir minn og móðir mín þau yfir-
gáfu mig en þú, DROTTINN, annaðist
mig. 11Vísa þú mér, DROTTINN, þinn veg
og leið mig á réttan götustíg vegna
minna óvina. 12Ofurgef mig ekki í vild
óvina minna því að falsvottar rísa upp á
móti mér og gjöra mér rangt til og tala
ósannindi. 13En eg trúi það þó að eg
muni sjá góðsemd DROTTINS á jörðu lif-
andi manna. 14Bíð þú DROTTINS, vert
hraustur, þitt hjarta sé óefað og bíð
DROTTINS.

28 (Sálmur Davíðs.) Nær eg kalla til þín, DROTTINN minn styrkur, þá þeg ekki við mér so að eg verði ekki (ef að þú þegir) líkur þeim sem ofan stíga í undirdjúpin. [2]Heyr þú rödd minnar grátbeiðni nær eg kalla til þín, þá ið eg upphef mínar hendur til þíns heilaga musteris. [3]Drag mig ekki í samband við þá hina óguðlegu og í sambland við þá illgjörðamenn, þeir ið sáttsamlega mæla við sinn náunga en hafa hið vonda í hjartanu. [4]Gjaltu þeim eftir þeirra tilverknaði og eftir þeirrar illskusamlegri breytni, gjald þeim eftir handaverkum þeirra, betala þeim hvað þeir forþénað hafa. [5]Því að þeir hugleiða ekki verkin DROTTINS og eigi heldur hans handaverk. Þar fyrir mun hann niðurbrjóta þá og ekki uppbyggja.

[6]Lofaður sé DROTTINN því hann hefur heyrt rödd minnar grátbænar. [7]DROTTINN er minn styrkleiki og minn hlífðarskjöldur, á hann vonar mitt hjarta og em eg hólpinn og mitt hjarta það er glaðvært og í mínum lofsöng vil eg honum þakkir gjöra.

[8]DROTTINN er styrkleikur þeirra, hann er sá styrkleikurinn sem að hjálpar sínum Kristi. [9]Hjálpa þú þínu fólki og blessa þína arfleifð og gef þeim fæðslu og upphef þá eilíflega.

29 (Sálmur Davíðs.)Færið hingað DROTTNI, þér voldugir,færið hingað DROTTNI dýrðina og styrkleikann. [2]Færið hingað DROTTNI dýrðina hans nafns, tilbiðjið DROTTIN í heilögum skrúða.

[3]Raustin DROTTINS gekk yfir vötnin, Guð dýrðarinnar lætur reiðarþrumurnar slá, DROTTINN yfir miklum vötnum. [4]Rödd DROTTINS gengur með krafti, rödd DROTTINS fer dýrðarlega. [5]Rraustin DROTTINS hún í sundur brýtur sedrusviðinn, DROTTINN hann í sundur brýtur sedrustrén í Líbanon [6]og lætur þau stökkva upp sem annan kálf, Líbanon og Sirjon sem einn ungan einhyrning. [7]Raustin DROTTINS hún sundrar sem eldslogi. [8]Raustin DROTTINS skelfir eyðimörkina, raustin DROTTINS hrærir eyðimörkina Kades. [9]Raustin DROTTINS skelfir hindurnar og sneyðir skógana og í hans musteri mun honum hver sem einn loflega dýrð segja.

[10]DROTTINN hann situr til að gjöra vatsflóðið og DROTTINN hann blífur einn konungur að eilífu. [11]DROTTINN mun gefa kraft sínu fólki, DROTTINN hann mun blessa sitt fólk með friði.

30 (Sálmur til að syngja fyrir, þá húsið Davíðs var vígt.) Eg prísa þig, DROTTINN, því að þú hefur upphafið mig og þú lætur ekki mína óvini fagna yfir mér. [2]DROTTINN Guð minn, þá eg kallaði til þín þá gjörðir þú mig heilbrigðan. [3]Þú, DROTTINN, hefur mína sálu útleitt af helvíti og þú lést mig lifa þar ið hinir fóru ofan í dauðans pytt.

[4]Þér heilagir, syngið lof DROTTNI, þakkið honum og prísið hans helgidóm. [5]Því hans reiði varir um augabragð og hann hefur lysting til lífsins, um kveldtímann varir gráturinn en að morni dags fögnuðurinn.

[6]En eg sagði þá ið mér gekk vel: „Aldrei mun eg skeika.“ [7]Því þú, DROTTINN, veitir staðfestu mínu bjargi með þinni þóknan en þá ið þú byrgðir þitt andlit gjörðist eg skelfdur. [8]Eg vil, DROTTINN, kalla til þín, DROTTIN vil eg grátbæna. [9]Hver nytsemd er að mínu blóði þá eg em dauður? Hvert mun moldin nokkuð þakka þér og boða þinn sannleik? [10]Heyr þú, DROTTINN, og vert mér miskunnsamur, DROTTINN, vertu minn hjálpari.

[11]Mínum sorgargráti hefur þú snúið í dans, þú hefur minn hryggðarsekk í sundur slitið og umgyrt mig með fagnaði. [12]Svo það mín dýrð syngi þér lof og þagni ekki, DROTTINN Guð minn, að eilífu vil eg þér þakkir gjöra.

31 (Sálmur Davíðs til að syngja fyrir.) Á þig, DROTTINN, treysti eg, lát mig aldrei til skammar verða, frelsa mig þíns réttlætis vegna. [2]Hneig þitt eyra til mín, skjótlega þá hjálpa þú mér. Vertu mér öruggt bjarg og vígi svo að þú frelsir mig. [3]Því að þú ert mitt bjarg og mitt vígi og fyrir þíns nafns sakir þá leið þú mig og stýr mér. [4]Útleið þú mig af snörunni sem þeir hafa egnt fyrir mér því að þú ert minn styrkur. [5]Í þínar hendur fel eg minn anda, þú DROTTINN Guð sannleiksins, þú hefur frelsað mig.

[6]Eg hata þá sem halda út af ónytsamlegum kenningum en eg vona á þig, DROTTINN. [7]Eg gleð mig og em glaðvær yfir þinni miskunnsemi því að þú álítur mína eymd og þekkir sálu mína í mótganginum. [8]Og þú yfirgafst mig ei út í óvina hendur, þú settir mína fætur þar þeir hafa nóg rúm.

[9]Miskunna þú mér, DROTTINN, því að eg kvelst, mitt yfirbragð er niðurhrunið af harmi, þar að auk mín sála og minn kviður. [10]Mitt líf er út af hryggðinni að þrotum komið og mín áratala af þungri andvarpan. Minn kraftur er niðurfallinn fyrir minna misgjörninga sakir og mín bein þau eru máttlaus orðin. [11]Svo illa þá gengur mér að eg em mikil smán orðin mínum nágrönnum og viðbjóður mínum kunningjum, þeir eð mig sáu úti flýðu fyrir mér. [12]Mín er forgleymt í hjartanu líka sem framliðins manns, eg em orðinn so sem annað í sundur brotið ker. [13]Því að margir lasta mig illa so það hver maður stuggar við mér, þeir bera sín ráð til samans yfir mér og þenkja mig lífi að svipta.

[14]En eg vona á DROTTIN og segi: „Þú ert minn Guð.“ [15]Mínir tímar eru í þinni hendi, frelsa þú mig af hendi óvina minna og í frá þeim sem ofsækja mig. [16]Láttu þitt andlit skína yfir þræli þínum, hjálpa þú mér þinnar miskunnar vegna. [17]Lát þú mig ekki, DROTTINN, til skammar verða því að eg ákalla þig, hinir óguðhræddu hljóta til skammar og niður þaggaðir að verða í helvíti. [18]Mállausir verða þeir falsfullir munnar, þeir eð harðlega, hofmóðugt og forsmánarlega tala í móti þeim hinum réttferðuga. [19]Hversu mikil er þín góðgirni hverja þú hefur geymt þeim sem þig óttast og veittir þeim sem treysta á þig í manna augliti! [20]Þú byrgir þá heimuglega hjá þér fyrir hvers manns þakk, þú felur þá í þinni tjaldbúð fyrir þeim prætusömum tungum.

[21]Lofaður sé DROTTIN því að hann hefur auðsýnt mér dásamlega góðgirni í einum öruggum stað. [22]Þá eg sagði í minni efasemi: „Eg em í burt drifinn frá ásjón þinna augna“, þó heyrðir þú rödd minnar grátbeiðni þá eg kallaði til þín.

[23]Elski þér DROTTIN, allir hans heilagir, DROTTINN hann verndar þá hina rétttrúuðu og endurgeldur þeim ríkuglega sem dramblætið tíðka. [24]Verið hraustir og hugdjarfir, þér allir sem DROTTINS bíðið.

32 (Menntunarfræði Davíðs) Sælir eru þeir hverjum að misgjörðirnar eru fyrirgefnar og þeir hverja syndir að eru huldar. [2]Sæll er sá maður hverjum DROTTINN tilreiknar ekki syndina, í hvers anda það engin flærð er.

[3]Því að þá eg vildi hafa þagað þá urðu mín bein máttlaus af minni daglegri kveinan. [4]Því að þín hönd var nótt sem dag þung yfir mér so að mín vökvan uppþornaði svo sem á sumarþerrir. Sela. [5]Þar fyrir meðkenni eg mínar syndir og dreg ekki dulur á minn misgjörning. Eg sagða: „Játa vil eg DROTTNI mínar yfirtroðslur.“ Þá fyrirgafst þú mér þann misverknað minnar syndar. Sela.

[6]Þar um munu allir heilagir þig biðja í hagkvæman tíma, þar fyrir nær eð flóðið mikilla vatna það kemur þá náir það hvergi til hinna sömu. [7]Þú ert mitt athvarf, varðveit mig fyrir angist að eg

so frelsaður með öllu glaðvær kunni að prísa þig. Sela.
[8]Eg vil undirvísa þér og vísa þér þann veginn sem þú átt að ganga, eg vil með mínum augum leiða þig. [9]Verið ekki so sem hestar og múlar í hverjum það enginn skilningur er, hverjum menn verða bitil og beisl í munn að leggja nær ið þeir vilja ekki til þín. [10]Sá hinn óguðhræddi hefur margar plágur en hver ið hann vonar á DROTTIN þann sama mun miskunnsemi umkringja. [11]Gleðjið yður í DROTTNI og verið glaðir, þér réttlátir, og hrósið þar af, allir réttferðugir í hjarta.

33 Gleðjið yður, þér réttlátir, í DROTTNI, hinir réttferðugu skulu lofa hann fagurlegana. [2]Þakkið DROTTNI með hörpuslætti og lofsyngið honum á tíu strengja hljóðfæri. [3]Syngið honum nýjan dikt og stillið honum það hljóðfæri vel með hákvæðis lofsöng. [4]Því að orðið DROTTINS er sannarlegt og hvað hann lofar það efnir hann vissulega. [5]Hann elskar réttvísina og dóminn, jörðin hún er og full af miskunn DROTTINS.
[6]Himnarnir eru fyrir orðið DROTTINS gjörðir og fyrir anda hans munns allur þeirra her. [7]Hann heldur vatninu til samans í sjónum svo sem í öðrum belg og leggur undirdjúpin í leynd.
[8]Öll veröldin hún óttist DROTTIN og fyrir honum hræðist allt hvað á jörðu byggir. [9]Því að svo sem hann segir, svo skeður það, so sem hann skipar, so stendur það.
[10]DROTTINN hann ónýtar gjörir ráðagjörðir hinna heiðnu og umsnýr hugsunum fólksins. [11]En ráð DROTTINS það blífur eilíflegana, hans hjartans hugsanir um aldur og ævi.
[12]Sæl er sú þjóð hverra Guð það DROTTINN er og það fólk hvert hann hefur sér til arfleifðar útvalið.
[13]DROTTINN hann lítur af himni ofan og sér alla mannanna sonu. [14]Út af sínu voldugu tignarsæti lítur hann yfir alla þá sem á jörðu byggja. [15]Hann hneigir allra þeirra hjörtu, hann hyggur að allra þeirra verkum.
[16]Konunginum stoðar ekki sitt hið mikla magtarveldi og risinn hann hjálpast ekki fyrir sinn mikla mannskap, [17]víghestar þeir hjálpa og einnin ekki og þeirra hið mikla afl það frelsar ekki. [18]Sjá þú, augu DROTTINS eru yfir þeim sem hann óttast og yfir þeim sem vona upp á hans miskunnsemi [19]svo það hann frelsar þeirra sálir úr dauðanum og gefur þeim fæðslu í hallærinu.
[20]Sála vor hún væntir DROTTINS því að hann er vor hjálp og hlífðarskjöldur. [21]Því að í honum gleðjast vor hjörtu og vér vonum á hans hið heilaga nafn. [22]Þín miskunn, DROTTINN, hún sé yfir oss eftir því sem vér vonum á þig.

34 (Sálmur Davíðs þá ið hann breytti andliti sínu fyrir Abímelek hver ið rak hann frá sér og hann fór í burt.)Alla tíma vil eg lofa DROTTIN, hans lofgjörð skal ætíð vera í mínum munni. [2]Mín sála skal hrósa sér í DROTTNI so það heyri hinir fáráðu og gleðji sig. [3]Vegsami þér DROTTIN meður mér og látum oss alla til samans upphefja hans nafn.
[4]Þá að eg leitaði DROTTINS andsvaraði hann mér og frelsaði mig út af allri minni hræðslu. [5]Þeir ið á hann líta og til hans flykkjast þeirra augsjón verður ekki til vansemdar. [6]Þá þessi hinn fátæki kallaði þá bænheyrði DROTTINN hann og hjálpaði honum út af allri sinni ánauð. [7]Engill DROTTINS hann fylkir sér í kringum þá sem hann óttast og hjálpar þeim þaðan.
[8]Smakki þér og sjáið hversu DROTTINN hann er ljúfur, sæll er sá maður hver ið á hann treystir. [9]Óttist DROTTIN, þér hans heilagir, því að þeir sem hann óttast hafa öngvan brest. [10]Hinir ríku munu við þurfa og hungur líða en þeir sem leita DROTTINS munu öngvan skort

hafa af alls kyns góða.[11]Komið hingað,
börn, hlýðið mér, ótta DROTTINS vil eg
kenna yður. [12]Hver er sá manna sem
girnist lífið og gjarnan vill hafa góða
daga? [13]Þá vara þú þína tungu í frá illu
og þínar varir svo að þær tali ekki
neina flærð. [14]Lát af illu og gjör hið
góða, leita friðarins og fylg honum eft-
ir.
[15]Augu DROTTINS líta á hina réttlátu og
hans eyru á þeirra kall [16]en andlit
DROTTINS skyggnir yfir þá sem illa gjöra
svo það hann í burt skafi þeirra minn-
ing af jörðu. [17]Nær eð hinir réttlátu
kalla þá heyrir DROTTINN það og hjálpar
þeim sem sorgbitnir eru í huganum.
[18]Drottinn er nálægur þeim sen hafa
brostið hjarta, og þeim sem hafa niður-
beygðan anda hjálpar hann.
[19]Sá hinn réttláti hlýtur margt að þola
en DROTTINN frelsar hann út af því öllu
saman. [20]Hann forsvarar honum öll
hans bein so að ei eitt af þeim í sundur
brotnar. [21]Ógæfan hún drepur hinn
ómilda og hinir sem hata þann réttláta
þeir munu sekir verða. [22]DROTTINN
hann frelsar sálir sinna þjónustumanna
og allir þeir eð á hann treysta munu
sýkn saka verða.

35 (Sálmur Davíðs.) Mótstatt þú,
DROTTINN, mína mótstöðu-
menn og berstu við þá sem í móti mér
berjast. [2]Þríf þú skjöldinn og spjótið og
tak þig upp mér til hjálpar. [3]Reið þú til
spjótið og ver mig í móti mínum of-
sóknurum, seg þú til minnar sálar: „Eg
em þín hjálp.“ [4]Skammist þeir sín og
verði dáraðir sem leita að minni sálu,
flýi þeir og til skammar verði sem mér
vilja til vonda. [5]Verði þeir sem moldar-
duft fyrir vindi og engill DROTTINS hann
fordrífi þá. [6]Þeirra vegur hann verði
myrkur og hálka og engill DROTTINS
hann ofsæki þá. [7]Því að þeir hafa fyrir
öngva sök lagt sínar vélasnörur mér til
fordjörfunar og hafa án saka minni sál
gröfina grafið.
[8]Óforvarandis komi það yfir hann og
það netið sem hann hefur lagt veiði
hann sjálfan og verði hann þar með yf-
irfallinn. [9]En mín sál hún gleðji sig í
DROTTNI og sé glaðvær út í hans hjálp-
ræði. [10]Öll mín bein þau mega vel segja:
„DROTTINN, hver er þér líkur? Þú sem
frelsar hinn volaða í frá þeim sem hon-
um yfirsterkari er og þann hinn fátæka
og fáráða í frá ránsmönnum.“
[11]Þar stóðu upp illir ljúgvottar og
vitnuðu það á mig sem eg var ekki vald-
ur. [12]Þeir gjalda mér illt fyrir gott, að
koma mér í hjartans sorg. [13]En eg þá eð
þeir voru sjúkir klæddist sorgarbún-
ingi, þvingandi mig með föstum og út
af hjarta þá baðst eg fyrir. [14]Eg hélt mig
sem væri hann vinur minn og bróðir,
eg gekk hljóður líka sem sá eð syrgir
sína móður. [15]En þeir gleðja sig yfir
mínu skaðræði og taka sig saman, hinir
höltu setja sig upp á móti mér fyrir sak-
leysi, þeir hrifsa og kunna ei af að láta.
[16]Meður hræsnurum og háðgjörnum
mönnum búksins vegna bitu þeir sín-
um tönnum til samans yfir mér.
[17]DROTTINN, hversu lengi viltu sjá upp á
það? Frelsa þú mína sálu í burt frá
þeirra harki og mína þá einsömu frá
þeim leónahvolpunum. [18]Í þeirri hinni
miklu samkundu vil eg þér þakkir gjöra
og á meðal mikils fólksfjölda vil eg lofa
þig. [19]Láttu þá ekki gleðja sig yfir mér
sem mig mótfalla ranglegana og ekki
þá spotta mig með sínu augnatilliti sem
mig hata fyrir ekkert. [20]Því þeir hugsa
skaða að gjöra og leita falskra saka í
móti þeim kyrrlátu í landinu. [21]Sínum
munni gapa þeir í sundur á móti mér
og segja: „Vel, vel, það sjáum vér gjarn-
an!“ [22]DROTTINN, þú sér það, þegi þú
ekki, DROTTINN, vertu mér ekki fjarlæg-
ur. [23]Statt upp og vakna til míns réttar
og til míns málefnis, minn Guð og
DROTTINN. [24]DROTTINN Guð minn, dæm
þú mig eftir þínu réttlæti so að þeir
gleðji sig ekki yfir mér. [25]Lát þá ekki
segja í sínu hjarta: „Vel, vel, það vildum

vér, vér höfum uppsvelgt hann!“
[26]Skammist þeir sín og að skömm verði
þeir allir sem gleðja sig af mínum óför-
um, með skömm og forsmán verði þeir
klæddir sem vondslega tala á móti mér.
[27]Fagni og gleðjist þeir sem mér unna
míns réttar að njóta og þeir eð ætíð
segja: „Mikillega sé DROTTIN lofaður, sá
eð sínum þjón vill vel.“ [28]Og mín tunga
hún skal tala um þitt réttlæti og prísa
þig daglegana.

36 (Sálmur Davíðs, DROTTINS þjón-
ustumanns, til að syngja fyrir.)
Eg segi af hjartans grunni um athæfi
hins óguðhrædda: Það er hjá honum
enginn guðsótti. [2]Þeir fegra sig sjálfir
sín á milli so að þeir fram komi sínu
vondu málefni og umsnúi annarra. [3]All-
ur þeirra lærdómur er skaðsemi og
lygar, þeir láta ekki leiðrétta sig so að
þeir gjöri nokkuð gott [4]heldur hugsa
þeir í hvílum sínum um skaðsemina og
standa fastir á þeim illskuvegi og forð-
ast ekkert illt. [5]DROTTINN, þín miskunn-
semi tekur svo vítt sem himninnn er
og þinn sannleikur so langt sem skýin
þau ganga. [6]Þitt réttlæti stendur líka
sem fjallið Guðs og þínir dómar so sem
mikið regindjúp, DROTTINN, þú hjálpar
hvorumtveggju, bæði mönnum og fén-
aði. [7]Guð, hversu dýrmæt að er þín mis-
kunn so það mannanna synir hafa
traust undir skugga þinna vængja! [8]Þeir
verða drukknir af nægðargæðum þíns
húss og þú drykkjar þá með vellystingu
so sem með rennanda vatni. [9]Því að hjá
þér er lífsins uppsprettubrunnurinn og
í þínu ljósi sjáum vér ljósið.
[10]Breið þú þína miskunn út yfir þá
sem þig meðkenna og þína réttvísi út
yfir þá sem réttvísir eru. [11]Lát mig ei af
þeim dramblátu fóttroðinn verða og
það hönd hins ómilda hún um koll slái
mig ekki, [12]heldur láttu þá illgjörða-
menn þar í þeim stað niður falla svo að
þeir í burt drifnir verði og fái ekki stað-
ið.

37 (Sálmur Davíðs.) Eigi skaltu
gramur vera þeim illu, vert ekki
heldur öfundsamur þeim illgjörða-
mönnum. [2]Því að svo sem gras verða
þeir skjótlega niðurslegnir og líka sem
það hinu grænu jurtir þá þorna þeir
upp.
[3]Vona þú á DROTTIN og gjör hið góða,
bú þú í landinu og leita þinnar atvinnu
ærlega. [4]Haf þú þína unaðsemd á
DROTTNI, hann mun gefa þér hvað sem
þitt hjarta beiðist.
[5]Bífala þú DROTTNI þinn veg og vona á
hann, hann mun því vel til vegar koma
[6]Og hann mun þína réttvísi hér fram-
leiða sem ljós og þitt réttarfar líka sem
hádegið.
[7]Haltu kyrru fyrir fyrir DROTTNI og
haf vaktan á honum, vert ei reiður við
þá hverra illska að hefur framgang.
[8]Yfirgef þú reiðina og lát í burtu fara þá
grimmdarheiftina, reiðst þú ekki svo að
þú einnin illa gjörir. [9]Því að þeir hinu
illgjörnu verða afmáðir en hinir sem
bíða DROTTINS þeir munu landið erfa.
[10]Innan lítils tíma þá mun hinn óguð-
hræddi ei lengur vera og nær eð þú leit-
ar að hans stað mun hann allur í burtu.
[11]En hinir hógværu munu landið erfa
og unaðsemd hafa í miklum friði.
[12]Hinn óguðhræddi umsitur þann
réttláta og nístir sínum tönnum til sam-
ans yfir honum. [13]En DROTTINN hann
hæðir að honum því að hann sér fyrir
það hans dagur muni koma. [14]Hinir
óguðhræddu rykkja út sverðum úr
slíðrum, spenna upp bogann sinn svo
að þeir felli hina fátæku og fáráðu og
niðurdrepi hinn réttferðuga [15]en þeirra
eigin sverð munu innganga í sjálfs
þeirra hjarta og þeirra armbrysti mun í
sundur brotna. [16]Það hið litla sem hinn
réttláti hefur er betra heldur en þau
hinu miklu auðæfin margra óguð-
hræddra. [17]Því að armleggur ómildra
mun í sundur brotna en DROTTINN hann
styrkir hinn réttferðuga.

18DROTTNI eru kunnir dagar þeirra
hinna flekklausu og þeirra auður mun
vara eilíflega. 19Þeir munu ei til skamm-
ar verða í þeirri vondri tíð og á þeim
hallæristímum munu þeir nógan saðn-
ing hafa. 20Því að hinir ómildu munu
fyrirfarast og þeir óvinir DROTTINS, þó
þeir væri svo sem lystilegur aldingarð-
ur þá munu þeir þó so niður hjaðna líka
sem reykur að öngvu verður. 21Hinn
óguðhræddi tekur lán og betalar ekki
en sá hinn réttferðugi er miskunn-
samur og gjafmildur. 22Því að þeir sem
af honum blessaðir eru munu landið
erfa en hinir aðrir sem af honum bölv-
aðir eru munu afmáðir verða.

23Af DROTTNI mun greiðast þess
manns gangur og hann hefur mikla
þóknan á hans vegi. 24Þó eð hann hrasi
þá verður hann ekki í burt kastaður því
að DROTTINN heldur í hönd með hon-
um.

25Eg var ungur og em nú gamall
orðinn og ekki hefi eg nokkurn tíma
séð hinn réttferðuga vera yfirgefinn né
hans sæði þurfa mat að þiggja. 26Alltíð
er hann miskunnsamur og lánar gjarn-
an og hans sæði mun blessað verða.
27Lát af illsku og gjör gott og bú um ald-
ur og ævi. 28Því að DROTTINN hann
elskar réttindin og yfirgefur ekki sína
heilaga, að eilífu verða þeir varðveittir
en sæðið óguðhræddra mun fyrirfar-
ast. 29Hinir réttferðugu erfa landið og
búa þar inni um aldur og ævi.

30Munnur hins réttferðuga mælir
visku og hans tunga hún talar
réttindin. 31Lögmálið hans Guðs er í
hans hjarta, hans gangur skriðnar ekki.

32Hinn óguðhræddi umsitur þann
réttferðuga og leitar við honum í hel að
koma 33en DROTTINN yfirgefur hann
ekki í hans hendur og fyrirdæmir hann
ei þá eð hann verður dæmdur.

34Bíð þú DROTTINS og varðveit hans
veg, þá mun hann upphefja þig svo að
þú landið erfir, þú munt það sjá að hinir
óguðhræddu verða afmáðir.

35Eg sá einn óguðhræddan, sá var
ríkilátur og hann þandi sig út og
blómgaðist sem sedrusviður. 36Og þá eg
gekk þar framhjá, sjá þú, þá var hann
horfinn, eg spurði að honum en hann
fannst hvörgi.

37Vertu meinlaus og réttsýn því að
slíkum mun að síðustu vel ganga. 38En
hinir ranglátu munu allir til samans af-
máðir verða og hinir óguðhræddu
munu um síðir afmáðir verða.

39En DROTTINN hann hjálpar réttlát-
um, hann er þeirra styrkur á hörm-
ungartímanum. 40Og DROTTINN mun hjá
þeim standa og frelsa þá, hann mun í
frá óguðhræddum frelsa þá og þeim
hjálp veita því að þeir treysta á hann.

38 (Sálmur Davíðs til minningar.)
DROTTINN, straffa þú mig ekki í
grimmd þinni og tyfta mig ekki í þinni
reiði. 2Því að þín skeyti þau stinga mig
og þín hönd hún harðþjakar mér.
3Engin heilbrigði er í mínu holdi fyrir
þinni ógnan og eigi neinn friður í mín-
um beinum fyrir sökum synda minna.
4Því að mínar misgjörðir eru uppgengn-
ar yfir mitt höfuð, líka sem önnur stór
byrði eru þær mér mikils til of þungar
orðnar. 5Mín sár þau eru fúin og rotin
fyrir heimsku minnar sakir. 6Eg em
bæði bjúgur og boginn, um allan dag þá
geng eg hryggur. 7Því að mínar lendar
eru uppvisnaðar með öllu og enginn
heilbrigði er í mínu holdi. 8Mér er öll-
um umskipt, eg em mjög sundurkram-
inn, eg æpi út af andvarpan míns
hjarta.

9DROTTINN, fyrir þér er öll mín
ástundan og mín andvarpan er þér ei
ókunnig. 10Mitt hjarta það skelfur, min
kraftur hann hefur mig yfirgefið og
ljósið minna augna það er í burt frá
mér. 11Mínir vinir og kunningjar standa
í gegn mér og forðast mína plágu og
mínir náungar flýja langt í burt frá mér.
12Og þeir sem leituðu minnar sálu um-
sitja mig og þeir eð mér vilja til vonda

tala um það hvernin þeir fái helst skaða gjört og allt jafnt sitja þeir á svikræðum. 13En eg hlýt að vera sem daufingi og heyra ekki og svo sem málaus, sá eð ei upplýkur sínum munni. 14Og eg hlýt að vera svo sem sá eð ekki heyrir og svo sem sá eð ekkert forsvar hefur í sínum munni. 15En eg treysti, DROTTINN, á þig, þú DROTTINN Guð minn, munt bænheyra mig. 16Því að eg sagði að eigi mundi þeir ná að gleðja sig yfir mér og þá mínir fætur skeikuðu að hælast um við mig. 17Því að þar til em eg gjörður að eg skuli mótlæti líða og mín hryggð er jafnan fyrir mér. 18Því að eg gjöri kunnan minn misgjörning og ber angur fyrir mínar syndir. 19En mínir óvinir þeir lifa og eru megtugir, þeir eð mig hata fyrir ekkert eru mikilsháttar 20og þeir eð mér gjöra illt fyrir gott setja sig upp á móti mér af því að eg framfylgi því hinu góða.

21Yfirgef þú mig ekki, DROTTINN Guð minn, vert þú ekki fjarlægur mér. 22Flýttu þér til að standa hjá mér, DROTTINN mitt hjálpræði.

39 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja fyrir Jedítún.) Eg einsetta mér að varðveita mig so það eg syndgaði ekki með minni tungu. Varðhald mun eg setja mínum munni, helst fyrir því að eg hlýt að sjá hinn ómilda svo fyrir mér. 2Eg em svo tvistur og hljóður orðinn og eg þegi um gleðskapinn, minn harm hlýt eg með mér að melta. 3Mitt hjarta það brennur í mér og nær eg hugsa þar til þá stikna eg allur, eg ræði með minni tungu. 4En þú, DROTTINN, lát mig skynja að það hljóti enda að hafa um mig og hvern skammt eð hafa mínir lífdagar og það eg viti hversu stutt að er mín ævi. 5Sjá þú, mínir dagar eru hjá þér sem ein þverhandarbreidd og mitt líf er so sem ekki parið hjá þér. En hversu fánýtir að eru allir menn þeir eð svo athugalausir lifa! Sela. 6Þeir líða í burt héðan sem skuggi og gjöra sér marga óþarfa armæðu, þeir safna saman og vita ei sjálfi hverjum þeir samandraga það.

7Nú DROTTINN, hvers skal eg vænta? Eg treysti á þig. 8Frelsa þú mig út af öllum mínum syndum og lát mig ekki þeim vitleysingum að háði verða. 9Eg vil þegja og mínum munni ekki upplúka, þú munt því vel af stað koma. 10Tak burt þína þjáning af mér því að eg em máttlaus út af hirtingu þinna handa. 11Nær eð þú tyftar nokkurn syndarinnar vegna þá fölnar hans fegurð sem væri hún mölétin. Ó, hversu fáfengilegir eru allir menn! Sela.

12Heyr þú, DROTTINN, mína bæn og merk mitt ákall og þeg ekki við mínum tárum því að eg em í hjá þér bæði framandi, svo og líka innlendur so sem allir mínir feður. 13Fyrirgef þú mér svo að eg endurlifni áður en það eg fer í burt héðan og er hér eigi lengur.

40 (Sálmur Davíðs til að syngja.) Væntandi beið eg DROTTINS og hann hneigði sig til mín og heyrði mitt kall. 2Og hann leiddi mig út af þeirri ógnunargröf, burt úr þeim saurindaþrekk og setti mína fætur á fasta hellu so að eg fékk greiðilega gengið. 3Og nýjan lofsöng gaf hann mér í minn munn til að lofa vorn Guð. Margir munu sjá það og óttast DROTTIN og vona á hann.

4Sæll er sá maður sem setur sína von upp á DROTTIN og hann hver að ekki snýr til hinna sérgóðu og þeirra sem lygar um hönd hafa. 5DROTTINN minn Guð, miklar þá eru þínar dásemdir og þínar hugsanir þær þú auðsýnir oss. Ekkert er það þér sé samlíkjanda, eg vil kunngjöra þær og þar af segja þó að þær séu óteljanlegar. 6Fórnir og offranir þóknast þér ekki en mín eyru opnaðir þú, syndoffur og brennifórnir það viltu hvorki.

7Þá sagði eg: „Sjá þú, eg kem. Í bókinni er skrifað mér. 8Þinn vilja, minn

Guð, gjöri eg gjarnan og þitt lögmál hefi eg í mínu hjarta.“ [9]Eg vil kunngjöra réttvísina í þeirri hinni miklu samkundu, sjá þú, eg mun ekki minn munn á mér byrgja láta, þú DROTTINN veist það. [10]Þína réttvísi byrgi eg ei í mínu hjarta, út af þínum sannleika og hjálpræði þá tala eg, eg dyl ekki þína miskunn og sannleiks tryggð fyrir þeirri hinni miklu samkundu. [11]En þú, DROTTINN, snú ekki þinni miskunn frá mér, láttu þína miskunnsemd og sannleiksdyggð jafnan varðveita mig. [12]Því að óteljanleg kvalræði hafa umkringt mig, mínar syndir þær höndluðu mig so að eg gat ei séð, fleiri eru þær en hárin á höfði mínu og mitt hjarta það hefur yfirgefið mig.

[13]Lát þér það þekkt vera, DROTTINN, að þú frelsir mig, flýttu þér, DROTTINN, mér til hjálpar. [14]Skammist þeir allir sín og til skammar verði sem leita að minni sálu að þeir tortýni mér, til baka þá falli þeir og til skammar verði þeir sem mér vilja til vonda. [15]Sína hneisu þá beri þeir sem segja til mín: „Vel, vel!“

[16]Gleðji sig og fagni allir þeir að þín leita og þeir að þitt hjálpræði elska, þá megi ætíð segja: „Háleitlega sé DROTTINN lofaður!“ [17]Því að eg em fátækur og fáráður en þú, DROTTINN, ber áhyggju fyrir mér, þú ert minn hjálpari og frelsari, minn Guð, seinka þú ekki.

41 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.) Sæll er sá að annast hinn þurftuga og fáráða, DROTTINN mun frelsa hann í hinni vondri tíð. [2]DROTTINN mun bevara hann og láta hann lífi halda og gjöra hann fullsælan á jörðu og yfirgefa hann ekki í vald sinna óvina. [3]DROTTINN mun endurlífga hann á hans sóttarsæng, þú hjálpar honum út af öllu hans krankdæmi. [4]Eg sagða: „DROTTINN, miskunna þú mér, lækna þú sál mína því að eg hefi syndgast á móti þér.“ [5]Mínir óvinir þeir mæla vonslega til mín: „Nær mun hann deyja og hans nafn forganga?“ [6]Þeir fara að skoða og nema það þó ekki út af hjarta heldur leita þess að þeir megi lasta nokkuð, ganga síðan á burt og bera það út.

[7]Allir þeir að mig hata hvískra til samans á móti mér og hugsa mér vont til. [8]Eitt illskupar hafa þeir ályktað á móti mér: „Nær að hann liggur þá skal hann ekki upp aftur standa.“ [9]Einnin minn vinur hverjum eg treysta, sá að át mitt brauð hann treður mig undir fætur.

[10]En þú, DROTTINN, miskunna mér, reis mig upp og mun eg þá endurgjalda þeim. [11]Út af því formerki eg að þú hefur góðvild til mín, so það minn óvinur hlakki ekki yfir mér. [12]En mig þá styður þú fyrir míns meinleysis sakir og setur mig fyri þinni augsjón ævinlega.

[13]Lofaður sé DROTTIN Guð Ísraels um aldur og að eilífu. Amen. Amen.

BÓK II

42 (Einn menntunarsálmur sona Kóra að syngja fyrir.) Líka sem það hjörturinn kallar eftir fersku vatni, so kallar mín sála, Guð, til þín. [2]Mína sálu hana þyrstir eftir Guði, eftir þeim lifandi Guði. Hvenær mun eg þangað komast það eg sjái Guðs andlit? [3]Mín tár þau eru mín fæðsla nótt og dag með því að daglega verður til mín sagt: „Hvar er nú þinn Guð?“

[4]Nær að eg hugsa þar til þá úthelli eg mínu hjarta hjá sjálfum mér því að eg vildi gjarnan með þeim flokknum burt ganga og með þeim fara til Guðs húss með gleðskap og þakkargjörð, já með þeim fjöldanum sem að hátíðina heldur.

[5]Því ertu, sála mín, so hrygg og hvar fyrir angrar þú mig þannin? Treystu á Guð því að eg mun honum enn þakkir gjöra það hann hjálpar mér með sínu augliti. [6]Minn Guð, sála mín er sorgbitin í mér, þar fyrir minnist eg á þig í landinu Jórdanar og Hermoním, á því smáfjalli. [7]Þín vatsföll dynja þaðan so það forsar yfir fossa niðja hér á, allar

þínar vatsöldur og bylgjur ganga lukt yfir mig. [8]DROTTINN hefur á deginum heitið sinni miskunn og á náttartíma syng eg honum lof og bið til Guðs míns lífgjafara.

[9]Eg segi til Guðs míns styrktarbjargs: „Hvar fyrir gleymir þú mér? Því hlýt eg að ganga so sorgfullur þá að minn óvin hann þvingar mig?“ [10]Það er svo sem morð í mínum beinum það mínir óvinir skamma mig, þá er þeir segja daglegana til mín: „Hvar er nú þinn Guð?“ [11]Því ert þú, sála mín, so sorgfull og hvar fyri angrar þú mig þannin? Treystu á Guð því að eg mun honum enn þakkir gjöra það hann er míns auglits hjálpari, minn Guð.

43 Dæm mig, Guð, og legg dóm á mitt málefni í móti þeirri óheilagri þjóð og frelsa mig í frá sviksamlegu og illu fólki. [2]Því að þú ert Guð, minn styrkleiki, hvar fyrir forleggur þú mig? Því lætur þú mig ganga svo sorgfullan nær eð minn óvin hann þrengir að mér?

[3]Útsend þú þitt ljós og þinn sannleika að þau leiðtogi mig og leið mig á þitt hið heilaga fjall og í þína tjaldbúð [4]svo það eg inngangi til Guðs altaris, til þess Guðs sem er mín gleði og unaðsemd og það eg þakki þér, Guð, með hörpunni, minn Guð.

[5]Hvar fyrir ertu, sála mín, svo sorgfull og því angrar þú mig þannin? Treystu á Guð því að eg mun honum enn þakkir gjöra það hann er hjálpari míns andlits og minn Guð.

44 (Eitt menntanarfræði sona Kóra fyrir að syngja.)Guð, vér höfum heyrt með vorum eyrum, feður vorir hafa kunngjört oss það hvað þú gjörðir á þeirra ævi forðum daga. [2]Þú í burt rakst hina heiðnu með þinni hendi en innsettir þá í staðinn, þú fordjarfaðir fólkið en þá útbreiddir þú. [3]Því að ei hafa þeir landið undir sig lagt með sínu sverði og þeirra armur stoðaði þeim ekki heldur þín hægri hönd og þinn armleggur og ljósið þíns andlits því að þú hafðir góðan þokka á þeim.

[4]Guð, þú ert minn Konungur, þú hinn sami sem Jakob hjálpræði til segir. [5]Fyrir þig viljum vér vora óvini að velli leggja, í þínu nafni viljum vér þá undir fætur troða sem reisa sig upp á móti oss. [6]Því að eigi treysti eg upp á minn boga og mitt sverð það frelsar mig ekki [7]heldur frelsar þú oss frá vorum óvinum og gjörir þá til vanvirðu sem oss hata. [8]Daglega viljum vér hrósa út af DROTTNI og þínu nafni þakkir gjöra eilíflega. Sela.

[9]Hvar fyrir forleggur þú oss nú og lætur oss til skammar verða og dregur ekki út með voru herliði? [10]Þú lætur oss flýja fyrir vorum óvinum svo að þeir hverjir eð hata oss þeir hrifsa vort eigið til sín. [11]Þú lætur oss uppétast sem sauði og í sundur dreifir oss meðal heiðinna þjóða. [12]Þú selur þitt fólk út fyrir ekki par og tekur ekkert verð fyrir það. [13]Þú gjörir oss að forsmán vorum nábúum, að spotti og háði þeim sem í kringum oss eru. [14]Þú gjörir oss að málshætti á meðal heiðingjanna og fólkið skekur höfuðin að oss.

[15]Alla daga er mín vanvirða fyrir mér og mín ásjóna er full af forsmán [16]svo að eg hlýt þá niðrunarmenn og lastendur að heyra og verða að sjá þá óvini og ofsækjendur. [17]Allt þetta er yfir oss komið, vér höfum þó ekki forgleymt þér og eigi handtérað ótrúlega í þínum sáttmála. [18]Vort hjarta er ekki fráfallið og vor fótspor hafa ei vikið af þínum vegi [19]að þú niðurslær oss þannin meðal þeirra eiturdrekanna og byrgir oss með dauðans myrkri. [20]Ef að vér höfum nú forgleymt Guðs vors nafni og vorar hendur upphafið til eins annarlegs guðs [21]þá mætti Guð þess krefja en hann þekkir vel vorn hjartans grunn. [22]Því að daglega verðum vér fyrir þína skuld niðurdrepnir og erum reiknaðir

so sem aðrir slátrunarsauðir. [23]Vakna þú upp, DROTTINN, hvar fyrir sefur þú svo fast? Vakna þú og útskúfa oss ekki so algjörlega. [24]Hvar fyrir byrgir þú þitt andlit? Forgleymir þú vorri ánauð og armæði? [25]Því að vor sála er til moldar niður beygð, vor kviður hann klessist niður við jörðina. [26]Tak þig upp, hjálpa oss og frelsa þú oss fyrir þinnar miskunnar sakir.

45 (Brúðardiktur og menntanarfræði sona Kóra til að syngja fyrir út af liljurósinni.) Hjarta mitt það yrkir eitt ágætt kvæði, út af einum konungi vil eg syngja, mín tunga er skrifffjöður eins ágæts skrifara. [2]Þú ert hinn fríðasti á meðal allra mannanna sona, ástúðlegar eru þínar varir, þar fyrir blessar þig Guð eilíflega. [3]Gyrt þitt sverð við þína síðu, þú hetja, og halt þig gjörvilegan“ [4]Það lukkast þér vel í þinni fegurðarprýði, bruna þú hér fram sannleiknum til góða og þá hinu fátæku við réttindin að bíhalda, þá mun þín hægri hönd dásemdarverkin auðsýna. [5]Hvöss eru þín skeyti so það fólkið hrynur niður fyrir þér, mitt á millum kóngsins óvina. [6]Guð, þinn veldisstóll hann blífur um aldur og að eilífu, þín ríkisspíra er réttur sproti. [7]Þú elskar réttlætið en hatar óguðlegt athæfi, þar fyrir hefur þig Guð, þinn Guð, smurt með gleðinnar viðsmjöri fram yfir þína hluttakendur. [8]Þín klæði eru ei utan myrra, aloes og kezia, nær að þú útgengur af þeim fílabeinsherbergjum í þinni herralegri prýði. [9]Í þinni fegurðarprýði frambruna konunganna dætur, brúðurin stendur til þinnar hægri handar í skæru forkostulegu gullvefjarperli. [10]Heyr þú, dóttir, lít þar á og hneig þín eyru: Forgleym þínu fólki og þíns föðurs húsi. [11]Þá mun konungurinn lysting hafa á þinni fegurð því að hann er þinn DROTTINN og þú skalt hann tilbiðja. [12]Dæturnar Sór munu þar meður fégjöfum vera, hinir ríku meðal fólksins munu grátbæna fyrir þér. [13]Konungsins dóttir er hiðinnra prýdd með allri vegsemd, hún er klædd með gullvefjarborðum. [14]Hún er í margbreyttum klæðnaði til konungsins leidd og hennar leiksystur, meyjarnar, þær eð henni eftir fylgja verða leiddar til þín.[15]Þær verða leiddar með glaum og gleðskap og innganga í konungsins höll. [16]Í staðinn feðra þinna munu þér synir fæðast, þá muntu setja til höfðingja út í allri veröldunni. [17]Minnast mun eg þíns nafns frá slekti til slektis, fyrir það mun fólkið þér þakkir gjöra um aldir að eilífu.

46 (Einn diktur sona Kóra fyrir að syngja út af ungdómsæskunni.)Guð hann er vort athvarf og styrkur, einn hjálpari út í þeim miklu ánauðum sem yfir oss hafa komið. [2]Þar fyrir óttunst vér ekki þó að veröldin steypist, einnin þó að fjöllin sykki niður í hafið mitt, [3]þó að sjórinn geisaði einnin þegar og rótaðist um so það björgin út af hans ókyrrleika niðurhryndi. Sela.

[4]Þó mun borgin Guðs blífa lystileg með sínum vatsrásum, þar eð eru heilög herbergi Hins hæsta. [5]Guð hann er hjá henni þar fyrir innan, af því mun hún og stöðug blífa, Guð hann hjálpar henni árla. [6]Hinir heiðnu munu skelfast og kóngaríkin niðurhrynja so það jörðin hlýtur að hristast nær eð hann lætur heyrast sinn raddarþyt. [7]DROTTINN allsherjar er meður oss, Guð Jakobs hann er vor verndari. Sela.[8]Komið hingað og sjáið verkin DROTTINS hver eð soddan foreyðing uppbyrjar, hann eð bardögum aftrar í allri veröldu, [9]hver eð bogann brýtur, hver vopnin í sundurmolar og kerrunar brennir í eldi. [10]Verið kyrrir og meðkennið það eg em Guð, eg vil frægðir vinna á meðal heiðinna þjóða, eg vil á jörðu frægð vinna. [11]DROTTINN allsherar er meður oss, Guð Jakobs hann er vor verndari. Sela.

47 (Sálmur sona Kóra að syngja fyrir.)Hafið lófatak, allar þjóðir, og syngið hátt lof Guði með gleðilegri raustu! [2]Því að sá hinn hæðsti DROTTINN hann er ógurlegur, einn mikilsháttar konungur yfir allri jarðarkringlunni. [3]Hann mun fólkið undir oss leggja og þjóðirnar undir vora fætur. [4]Hann útvelur oss til sinnar arfleifðar, vegsemdina Jakobs hvern hann elskar. Sela.

[5]Guð hann stígur upp með háum fagnaðarsöng og DROTTINN með skærri lúðrarraust. [6]Syngið lof, syngið lof Guði, syngið lof, syngið lof vorum konungi. [7]Því að Guð hann er konungur á öllu jarðríki. Syngið honum lofforsjálegana.

[8]Guð er konungur yfir heiðingjunum, Guð hann situr á sínum heilaga veldisstóli. [9]Höfðingjarnir þjóðanna eru samansafnaðir til fólksins Guðs Abrahams því að Guð hann er mjög upphafinn hjá skildunum jarðarinnar.

48 Mikill er GUÐ og mjög loflegur, í borginni Guðs vors upp á sínu heilögu fjalli. [2]Fjallið Síon er so sem einn fagur viðarkvistur, af hverjum eð allt landið tekur huggun. Við þá nyrðri síðuna liggur borgin þess hins mikla konungsins. [3]Guð er í hennar híbýlum meðkenndur það hann sé hennar verndari.

[4]Því að sjá þú að konungarnir eru til samans safnaðir og einn með öðrum þá hafa þeir þar framhjá farið. [5]Þeir undruðust þá eð þeir sáu svoddan, þeim ægði það sjálfum og eru um koll fallnir. [6]Hræðslan er yfir þá komin, hryggðarangist so sem þeirrar eð jóðsjúk er. [7]Þú í sundurbrýtur skipin í hafinu fyrir þann austanvind. [8]Líka sem að vér höfum heyrt so sjáum vér einnin í borginni DROTTINS Allsherjar, í borginni vors Guðs. Guð hann eflir þá hinu sömu að eilífu. [9]Guð, þinnar miskunnar væntum vér út í þínu musteri. [10]Guð, líka sem að er þitt nafn so er einnin þinn lofstír allt til jarðarinnar enda, þín hægri hönd er full með réttvísi.

[11]Fólkið Síon það gleðji sig og dæturnar Júda veri glaðværar fyrir þinna réttinda sakir. [12]Umkringið Síon og faðmið hana og teljið hennar turna. [13]Kostgæfið að byggja hennar múrveggi og að forhefja hennar herbergi svo að þar út af kunni að segjast hjá eftirkomendunum [14]að þessi Guð, hann er vor Guð um allar aldir og að eilífu, hann leiðtogar oss líka sem æskuna.

49 (Sálmadiktur sona Kóra fyrir að syngja.) Heyrið þetta, allar þjóðir, merkið þetta, allir þér sem lifið á þessum tíma, [2]líka alþýðan svo sem herrarnir, bæði ríkir og fátækir allir til samans. [3]Minn munnur skal út af vísdómi mæla og mitt hjarta af skilningi segja. [4]Vér viljum góða málsgrein fá að heyra og einn ágætan dikt á hörpunnar hljóðfæri.

[5]Hvar fyrir skylda eg hræddur vera á þeim vonda degi nær eð illgjörð minna ofsóknarmanna umkringir mig, [6]þeir eð treysta upp á sín auðæfi og hrósa sér út af sínum mikla ríkdómi? [7]Kann nokkuð bróðurinn einn annan að endurleysa né nokkurn við Guð að forlíka? [8]Því að það kostar allt formikið þeirra sálir að endurleysa svo að hann hlýtur það kyrrt að láta vera eilíflegana [9]þó að hann lifi aldrei so lengi og sjái ekki gröfina. [10]Fyrst vér sjáum það hinir vísu deyja svo líka sem þeir hinir heimsku og fávísu tortýnast og hljóta sín auðæfi öðrum að láta. [11]Þetta er þeirra hjarta að þeirra hús muni vara eilíflega og þeirra bústaður blífa um aldur og ævi og hafi mikil metorð á jörðu. [12]Þó kunna þeir í slíkum metorðum ei að blífa heldur hljóta þeir við að skilja sem annar fénaður. [13]Þessi þeirra vegur er ei utan heimska. Þó lofa hann samt þeirra eftirkomendur með sínum munni. Sela. [14]So sem aðrir sauðir eru þeir innibyrgðir í helvíti, dauðinn hann

gnagar þá en hinir réttvísu munu mjög snarlega yfir þeim drottna, þeirra ofstæki það hlýtur að þverra, í helvíti þá hljóta þeir að blífa. 15En Guð mun frelsa mína sálu út af helvítisvaldi því að hann hefur tekið mig að sér. Sela.

16Lát ekki það villa þig þótt að einhver kunni ríkur að vera eður þó að tignarsómi hans húss verði mikill 17því að í sínu andláti mun hann öngvan hlut með sér taka og hans dýrð mun ei eftir honum fara. 18Þótt hann meti sig upp af sællífi sínu og lofar það nær ed einhver útvegar sér góða daga 19þó fara þeir eftir feðrum sínum og sjá ljósið aldrei oftar.

20Summa: Nær ed maðurinn er í heiðrinum og hefur ekki skilninginn þá fer hann burt líka sem fénaðurinn.

50 Guð voldugur DROTTINN hann talar og kallar veröldina í frá uppruna sólarinnar allt til hennar niðurgöngu. 2Út af Síon byrjast fyrst sá fegurðargeislinn Guðs. 3Vor Guð hann kemur og þegir ekki, brennandi eldur gengur fyrir hans augsýn og í kringum hann mikill stormvindur. 4Hann kallar himininn og jörðina það hann dæmi sitt fólk: 5„Samansafni þér mínum heilögum, þeir ed meir halda út af sáttmálanum en fórnfæringunum.“ 6Og himnarnir munu kunngjöra hans réttlæti því að Guð er dómarinn. Sela. 7„Heyr þú, fólk mitt, lát mig tala, Ísrael, láttu mig votta þér það: Eg Guð em þinn Guð. 8Fyrir þína fórnfæringa sakir ávíta eg þig ekki því að þínar brennifórnir eru jafnan fyrir minni augsýn. 9Ei vil eg hafa uxa af þínu húsi né kjarnhafra út af stalli þínum. 10Því að dýrin öll í skógunum eru mín og kvikféð á fjöllunum þar ed það gengur þúsundum til samans. 11Allt fuglakyn á fjöllunum þá þekki eg og alls kyns fénaður í högunum er fyrir mér. 12Ef eg er hungraður þá þarf eg þér ei þar af að segja því að jarðarkringlan er mín og allt hvað þar er inni. 13Hvert þenkir þú að eg vilji uxakjöt eta eður hafrablóð drekka?

14Offra þú Guði lofgjörðinni og gjald Hinum Hæsta þín heit. 15Ákalla mig í neyðinni, þá mun eg frelsa þig og þú skalt heiðra mig.“

16En til hins óguðhrædda segir Guð: „Hvar fyrir kunngjörir þú mínar réttlætingar og tekur minn sáttmála þér í munn 17þar ed þú hatar ráðningina og fleygir mínum orðum á bak þér aftur? 18Nær ed þú sér þjófinn þá hleypur þú með honum og leggur þitt samlag með hórdómsmönnum. 19Þinn munn lætur þú tala illt og þín tunga mælir flærð. 20Þú situr og talar í móti þínum bróður, syni þinnar móður honum bakmælir þú. 21Þetta gjörir þú og eg þegi, þar fyri meinar þú það eg mun líkur þér. En eg vil straffa þig og eg vil setja þér það fyrir sjónir.

22Hyggið að þessu, þér sem Guði gleymið, svo að eg í burt svipti yður ekki eitt sinn og að þar sé þá enginn frelsari lengur. 23Hver ed þakklætinu offrar, hann heiðrar mig og það er sá vegurinn hvern að eg vísa þér, það Guðs hjálpræðið.“

51 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja þá Natan spámaður kom til hans eftir það hann hafði inngengið til Betsabe.)Miskunna þú mér, Guð, eftir mikilli miskunnsemi þinni og eftir mikilleik miskunnsemda þinna þá afmá þú mitt ranglæti. 2Þvo þú mig vel af illgjörð minni og hreinsa mig af synd minni. 3Því að eg meðkenni mína misgjörð og mín synd er jafnan fyrir mér. 4Þér einum hefi eg á móti brotið og illa breytt fyrir þér so að þú réttferðugur sért í þínum orðum og hreinn fundinn verðir nær ed þú dæmist.

5Sjá þú, út af syndsamlegu sæði em eg getinn og í synd gat mig mín móðir. 6Sjá, þú elskar sannleikann sem hulinn liggur, þú lætur mig vita þann heimuglega vísdóm. 7Afleys mig með ysop so

að eg hreinsunst, þvo þú mig svo að eg snjáhvítur verði. [8]Lát þú mig fá að heyra fögnuð og gleði svo að þau beinin glaðvær verði sem þú hefur svo í sundurkramið. [9]Burtsnú þínu andliti frá mínum syndum og afmá þú allar mínar misgjörðir. [10]Hreint hjarta skapa þú, Guð, í mér og gef mér nýjan styrkvan anda. [11]Kasta mér ekki í burt frá þínu augliti og tak ekki þinn heilagan anda í frá mér. [12]Lát mig aftur fá huggun þíns hjálpræðis og sá máttarandi styrki mig. [13]Því að ómildum vil eg kenna þína vegu so það hinir réttlátu snúist til þín. [14]Frelsa mig í frá þeirri blóðskuldu, Guð, þú sem ert minn Guð og hjálpari, so að mín tunga lofi þitt réttlæti. [15]DROTTINN, opna þú mínar varir svo að minn munnur kunngjöri þitt lof. [16]Því að þú hefur ekki neina vild til offursins – annars þá mundi eg gefa þér það – og brennioffrið þóknast þér ekki. [17]Það offrið sem Guði þóknast er harmþrunginn andi, eitt harmþrungið og sundurkramið hjarta þa muntu, Guð, ekki fyrirlíta.

[18]Gjör þú vel viður Síon eftir þinni góðfýsi, uppbygg þú múrveggina Jerúsalem. [19]Þá mun þér þóknast offrið réttlætisins, brennioffur og allar fórnir, þá munu þeir uxum offra yfir þínu altari.

52 (Eitt menntunarfræði Davíðs fyrir að syngja, þá Dóeg Edomita kom og kunngjörði Saul það og sagði: „Davíð kom í hús Akímelek“)Hvað hælist þú um það, þú illmenni, að þú fær skaða gjört? Með því Guðs mildi varir daglegana. [2]Þín tunga ástundar skaða að gjöra og sker með lygunum svo sem hvassbeittur hárknífur. [3]Heldur mælir þú illt en gott og miklu framar fals en sannindi. Sela. [4]Feginn talar þú allt hvað til skaðræðis horfir með undirförullri tungu. [5]Þar fyrir mun einnin Guð foreyða þig og þig í sundurslá og í burt slíta þig úr sinni tjaldbúð og uppræta af jörðu lifandi manna. Sela.

[6]Og hinir réttferðugu munu það sjá og óttast það, að honum munu þeir hlæja. [7]„Sjá þú,“ – segja þeir – „það er sá maður hver eð ei hélt Guð fyrir sitt hjálpræði heldur treysti upp á sinn mikla ríkdóm og var megnugur til skaða að gjöra.“

[8]En eg mun blífa so sem blómgaður viðsmjörsviður í Guðs húsi, treystandi upp á Guðs miskunn um aldir og að eilífu. [9]Eg þakka þér eilíflegana því þú kannt það vel að gjöra og eg vil vænta þíns nafns því að þínir heilagir hafa þar af gleði.

53 (Menntunarfræði Davíðs í kórnum til samans fyrir að syngja.) Hinir fávísu segja í sínu hjarta: „Enginn er Guð.“ Þeir duga ekkert og eru andstyggilegir orðnir í sínu vondu athæfi, þar er ei sá neinn að gott gjöri.

[2]Guð leit af himnum ofan yfir sonu mannanna að hann sæi hvert nokkur væri skynsamur, sá eð eftir Guði leitaði. [3]En allir eru þeir affallnir og allir til samans ónýtir orðnir, þar er ei sá neinn að gott gjörir og ekki einn.

[4]Hvert vilja þeir illskumenn ekki láta sér segjast, þeir eð uppsvelgja mitt fólk svo þeir næri sjálfa sig? Guð ákalla þeir ekki. [5]En þar eru þeir hræddir um sig sem ei er ugganda því að Guð í sundurdreifir beinum þeirra nauðungarmanna, þú gjörir þá til skammar því Guð hann forsmáir þá. [6]Eg sæi það gjarnan það hjálpræðið út af Síon kæmi yfir Ísrael og Guð frelsaði sitt hertekið fólk. Þá mundi Jakob gleðja sig og Ísrael glaðvær vera.

54 (Menntarfræði Davíðs fyrir að syngja upp á hljóðfæri, þá þeir af Síf komu og kunngjörðu Saul: „Davíð heldur sig í fylsnum hjá oss“) Hjálpa þú mér, Guð, fyrir þitt nafn og lát mig rétt ske fyrir þína sannleiksmagt. [2]Guð,

heyr þú mína bæn, hygg að málinu míns munns. [3]Því að hinir drambsömu setja sig upp á móti mér og hinir forsugu sækja fast eftir minni sálu og hafa ei Guð fyrir augum sér. Sela.

[4]Sjá þú, Guð hann hjálpar mér, DROTTINN hann er sá sem annast sálu mína. [5]Hann mun þá hrekkvísi mínum óvinum endurgjalda, sundurdreif þú þeim fyrir þíns sannleiks sakir.

[6]Þá vil eg færa þér fagnaðarfórnir og þínu nafni, DROTTINN, þakkir gjöra að það er svo huggunarsamlegt. [7]Því að þú frelsar mig út af allri minni neyð svo það mitt auga sér sína vild á óvinum mínum.

55 (Menntanarfræði Davíðs fyrir að syngja á strengjahljóðfæri.) Heyr þú, Guð, mína bæn og byrg þig ekki fyrir minni grátbeiðni. [2]Hygg að mér og bænheyr mig, hvernin það eg syrgi sárlega og græt. [3]Af því það óvinurinn gamrar so hátt og hinn óguðhræddi angrar mig því að þeir vilja gjöra mér eina hrekkvísi og eru mér ákaflega reiðir.

[4]Mitt hjarta það angrar sig í mínu lífi og dauðans ótti er yfir mig fallinn. [5]Hræðsla og ótti er yfir mig kominn og skelfingin er yfir mig fallin. [6]Eg sagða: „Gæfi Guð eg hefða vængi sem dúfa svo að eg mætti í burt fljúga og með mak vera! [7]Sjá þú, þá skylda eg langt í burt flýja og í eyðimörkinni blífa. Sela. [8]Eg skylda með flýti fara so að eg undan kæmist þeim stormvindi og hretviðri.“ [9]Sundurþykkar gjör tungur þeirra, DROTTINN, og umturna þeim því að eg sé illsku og mótmæli í borginni. [10]Nótt og dag gengur soddan um kring hennar múrveggi,eymd og erfiði er þar inni. [11]Skaða að gjöra ríkir þar fyrir innan, lygar og rán þverrar ei á hennar strætum.

[12]Þótt að óvinur minn niðraði mér þá vilda eg það umlíða og þó að fjandmaður minn skammyrti mig þá vilda eg geyma mig fyrir honum. [13]En þú ert minn lagsmaður, minn leiðtogi og kunningi minn, [14]hverjir eð vorum vinir til samans okkar á milli, við gengum í Guðs húsi báðir til samans.

[15]Bráður dauði komi yfir þá og ofanstígi þeir kvikir í helvíti, því að ekki er utan illskan ein í þeirra tjaldbúðum.

[16]En eg vil kalla til Guðs og mun DROTTINN hjálpa mér. [17]Um kveld, morna og miðdegi vil eg harma og gráta, þá mun DROTTINN heyra mína raust. [18]Hann frelsar sálu mína í frá þeim sem vilja til við mig og útvegar henni hvíld, því að þeir eru margir sem standa á móti mér. [19]Guð mun heyra og niðurlægja þá, hann eð blífur að eilífu. Sela. Því að ei verða þeir öðruvís og þeir óttast ei Guð. [20]Því að sínar hendur leggja þeir á hans friðsama og saurga hans sáttmála. [21]Þeirra munnur er klökkvari en smjör og hafa þó stríð í sinni, þeirra orð eru mjúkari en viðsmjör og eru þó nakin sverð.

[22]Fleyg þú á DROTTIN þinni áhyggju og mun hann þér atvinnu veita og ei mun hann hinn réttláta ævinlega láta skeika. [23]En Guð, þú munt steypa þeim niður í djúpu gröfina, hinir blóðgjörnu og fláráðu munu ei fá ævi sinna lífdaga hálfnað. En á þig, DROTTINN, treysti eg.

56 (Gyllini klenodium Davíðs, af þeirri mállausri dúfunni meðal ókunnigra, þá Philistei gripu hann til Gat.)Guð, vertu mér miskunnsamur því að mennirnir vilja fóttroða mig, daglegana þá stríða þeir og þrengja að mér. [2]Mínir óvinir troða mig daglega undir fætur því margir berjast á móti mér drambsamlega. [3]Nær eð eg em hræddur þá treysti eg upp á þig. [4]Guðs orð vil eg heiðra og á Guð vil eg treysta og ekki um mig hræddur vera, hvað skyldi mér líkamlegt hold gjöra mega?

[5]Þeir afbaka daglega mín orð, allar þeirra hugsanir eru að gjöra mér til vonda. [6]Þeir halda til samans og sitja til

veiði og umsátur veita mínu hælbeini,
hvernin þeir fái helst höndlað mína
sálu. [7]Hvað illt sem þeir gjöra það er
þeim þegar fyrirgefið, miskunnarlaust
steypi Guð svoddan mönnum niður í
grunn.
[8]Reikna þú minn flótta, hell mínum
tárum í þinn sjóð, sennilega þá reiknar
þú þau. [9]Þá munu mínir óvinir verða til
baka að snúa, nær eð eg kalla þá veit eg
það að þú ert minn Guð. [10]Guðs orð vil
eg prísa, orðið DROTTINS vil eg prísa. [11]Á
Guð treysti eg og em ei hræddur um
mig, hvað kunna mér þá mennirnir að
gjöra?
[12]Því hefi eg, Guð, heitið þér það eg
vil þér þakkir gjöra. [13]Því að sál mína
hefur þú frelsað frá dauðanum, fætur
mína í frá hrasan, so það eg má ganga
fyrir Guði í ljósi lifandi manna.

57 (Saul í hellirinn. Gyllini klenodium að syngja fyrir þá hann
tortýndist ekki þá hann flýði fyrir)Miskunna þú mér, Guð, miskunna þú mér
það á þig treystir sála mín og undir
skugga þinna vængja hef eg mitt
athvarf, þar til að sú ógæfan er umliðin.
[2]Eg kalla til Guðs hins hæsta, til þess
Guðs hver að á minni eymd gjörir einn
enda. [3]Hann sendir af himnum ofan og
hjálpar mér út af þeirri forsmán sem
fóttroða mig. Sela. Guð hann sendir
sína miskunn og sannleikstryggð. [4]Eg
ligg með minni sálu meðal leóna,
mannanna synir eru eldsins logi, þeirra
tennur eru spjót og örvar og þeirra
tungur hárhvöss sverð.
[5]Upphef þig, Guð, yfir himnana og
þína dýrð yfir alla veröldina.
[6]Vélasnörur tilbúa þeir mínum
fótsporum og niðurþrykkja minni sálu,
þeir grafa gröf fyrir mér og falla sjálfir
í. Sela.
[7]Mitt hjarta er reiðubúið (Guð), mitt
hjarta er reiðubúið það eg syngi og lof
segi. [8]Rís upp, mín dýrð, rís upp, saltari
og harpa, mjög árla vil eg upp rísa.
[9]DROTTINN, þér vil eg þakkir gjöra meðal fólksins, þér vil eg lof segja meðal
þjóðanna. [10]Því að þín miskunnsemi er
svo víð sem himinninn er og þinn sannleikur so víður sem skýin ganga.
[11]Upphef þig, Guð, yfir himininn og
þína dýrð yfir alla veröldina.

58 (Gyllini klenodium Davíðs að syngja fyri að hann glataðist
ei.) Eru þér þá mállausir að þér viljið
ekki tala réttindin og dæma hvað réttvíslegt er, þér mannanna synir? [2]Mótþróanlega gjöri þér rangindin í landinu
og eruð fullfúsir með yðar höndum til
illskuverkanna!
[3]Hinir óguðhræddu eru fráleitir
þegar í frá móðurkviði, þeir ljúgendur
fara villt í frá móðurkviði. [4]Þeirra æði
er so sem höggormsins æði, so sem
einn daufur eiturormur tilbyrgja þeir
sín eyru [5]svo það hann heyri ekki hljóð
töfrarans, þess særingarmannsins sem
mennt er í að særa.
[6]Guð í sundurbrjóti þeirra tennur í
þeirra munni, í sundurmola þú,
DROTTINN, jaxlatennur leónanna. [7]Að
öngu munu þeir verða líka sem vatn
það er í burt flýtur, þeir benda sinn
boga þangað til að hann brestur í sundur. [8]Þeir forganga sem þá snigillinn
doðnar niður, líka sem ótíðugur burður
kvinnunnar þá sjá þeir ekki sólina. [9]Áður en það yðvar þyrnir eru fullvaxnir á
klungurhríslunni þá mun reiðin þá
ferska í burt slíta. [10]Hinn réttvísi mun
gleðjast þá ef hann sér svoddan hefnd
og mun lauga sína fætur í blóði hins
óguðlega [11]svo það menn munu segja:
„Hinn réttferðugi hefur sín nót, sannlega er Guð enn dómari á jörðu.“

59 (Gyllini klenodium Davíðs að hann glataðist ekki þá Saul
sendi og lét geyma hús hans þá hann
vildi drepa hann.)Frelsa mig, minn
Guð, í frá óvinum mínum og hlíf mér
fyrir þeim sem setja sig upp á móti mér.

[2]Frelsa þú mig frá þeim illræðismönnum og hjálpa mér í frá þeim blóðgírugum. [3]Því að sjá þú, DROTTINN, þeir umsitja að veiða mína sálu, hinir voldugu veita mér árásir fyrir utan minn tilverknað og misgjörning. [4]Þeir hlaupa án míns ills tilverknaðar og búa sig út. Rís upp og kom í móts við mig og sjá þú þar til.

[5]Þú, DROTTINN Guð allsherjar, Guð Ísraels, vakna upp að vitja heim allra þjóða, vert ekki neinum miskunnsamur af þeim sem svo illmannlega breyta. Sela. [6]Í kvöldtíma þá láttu þá þar aftur einnin ýla sem hunda og í borginni um kring hlaupa. [7]Sjá þú, þeir þvætta sín á milli, sverð eru í þeirra vörum: „Hver skyldi heyra það?“ [8]En þú, DROTTINN, munt hæða að þeim og að háði hafa allar heiðnar þjóðir. [9]Fyrir þeirra magt þá held eg mig að þér því að Guð er mitt verndarhlíf. [10]Guð hann tjáir mér nóglegana sína miskunnsemi, Guð lætur mig sjá mína vild á mínum óvinum. [11]Í hel slá þá ekki so að mitt fólk forgleymi því ei en í sundurdreif þeim með þinni magt, DROTTINN vor hlífðarskjöldur, og steyp þeim niður í grunn. [12]Lærdómur þeirra er ei utan synd og í sinni drambsemi blífa þeir samt og prédika ekki nema bölvan og lygar. [13]Afmá þú þá án allrar miskunnar, afmá þú þá so að þeir séu ekkert og formerki það að Guð sé stjórnari yfir Jakob og út í öllum áttum veraldarinnar. Sela. [14]Að kvöldi lát þú þá þar aftur einnin ýla sem hunda og í borginni um kring hlaupa. [15]Lát þú þá hingað og þangað eftir matnum renna og mögla nær eð þeir verða ei mettir.

[16]En eg vil út af þinni magt syngja og árla prísa þína miskunnsemi því að þú ert mín hlífðarvernd og athvarf í minni neyð. [17]Þér, minn Guð, vil eg lofsyngja því að þú, Guð, ert mín verndarhlíf og minn miskunnsamur Guð.

60 (Eitt gyllini klenodium Davíðs fyrir að syngja, út af því gullegarósarnisti að læra, þá hann hafði barist við Syros úr Mesopotamia og við þá Syros af Sóba, þá eð Jóab sneri aftur og sló þá Edómíta í Saltdalnum, tólf þúsundir.) Guð, þú sem hefur í burt rekið og í sundurdreift oss og reiður varst, hugga þú oss nú aftur. [2]Þú sem jörðina hefur svo skekið og í sundurhrist, lækna þú hennar sprungur sem svo er niðurhrunin. [3]Því að þínu fólki auðsýndir þú hart atlæti, þann víndrykk gafstu oss að vér tumbuðum um koll. [4]En eitt sigurmerki hefur þú þó gefið þeim sem þigg óttast, hvert þeir upp setja og örrugir af verða. Sela. [5]Upp á það þínir ástvinir frelsaðir verði, þá hjálpa þú nú með þinni hægri hönd og bænheyr oss.

[6]Guð hann talar í sínum helgidóm: „Þess hins sama gleð eg mig, að eg vilji sundurskipta Síkem og mæla af dalinn Súkót. [7]Galaað er minn, minn er Manasses, Efraím er styrkleikur míns höfuðs, Júda er minn höfðingi, [8]Móab er mitt þvættikerald, minn skó dreg eg yfir Edóm, Philistei syngur mér siguróp.“ [9]Hver mun vilja flytja mig út í eina örugga borg? Hver mun í burt leiða mig allt í Edóm? [10]Muntu, Guð, ekki gjöra það, sem oss hefur fordrifið, og þú, Guð, sem ekki dregur út með voru herliði? [11]Veit þú oss fulltingi í hörmunginni því að mannsins hjálp er að öngu nýt. [12]Með Guði viljum vér hreystiverk gjöra og hann sjálfur mun vora óvini undir leggja.

61 (Einn sálmur Davíðs fyrir að syngja upp á hljóðfæri.) Heyr þú, Guð, mitt ákall og hygg að minni bæn. [2]Hér niðri á jörðu kalla eg til þín nær eð mitt hjarta það kvelst í ánauð, að þú vildir þá hefja mig upp á hátt bjarg. [3]Því að þú ert mitt trúnaðartraust, einn öruggur kastali fyrir mínum óvinum.

[4]Eg vil byggja í þinni tjaldbúð ævinlega og skjóls leita undir þínum vængj-

um. Sela. [5]Því að þú, Guð, heyrir mín heit, þú launa þeim vel sem þitt nafn óttast. [6]Þú gefur konunginum langa lífdaga svo það hans áratala varir frá einni kynslóð til annarrar. [7]Svo það hann ævinlega stöðugur blífi fyrir Guðs augsýn auðsýn þú honum miskunn og sannleik svo að þær varðveiti hann. [8]Þá vil eg þínu nafni lofsyngja eilíflega so að eg gjaldi mín heit daglegana.

62 (Sálmur Davíðs fyrir Jedítún að syngja fyrir.)Mín sál hefur hljótt um við Guð, hann er sá sem hjálpar mér. [2]Því hann er minn styrkur, mitt hjálpræði, mín verndarhlíf, so það ekkert ófall fær mér um koll kastað, hversu stórt sem það er.

[3]Hversu lengi þá veiti þér allir einum umsátir að þér í hel sláið hann, líka sem einum hníganda vegg og í sundurrifnuðum múr? [4]Þeir hugsa sig um hvernin þeir fái niðurkæft hann, kveikja sér upp lygarnar, tala fagurt með munninum en bölva í hjartanu. Sela.

[5]En mín sála hún vonar upp á Guð alleinasta því að hann er mín von. [6]Hann er mitt traust, mín hjálp og mín hlíf, so að eg mun ei falla. [7]Hjá Guði er mitt hjálpræði, mín dýrð, mín styrktarhella, mitt traust er á Guði.

[8]Vonið á hann alla tíma, gott fólk, útausið yðar hjörtum fyrir honum, Guð hann er vort traust. Sela.

[9]En mannanna synir þeir eru sem ekkert, mikilmennin þau bregðast einnin, þeir vega minna en ekki par, hversu margir sem þeir eru. [10]Treystið ekki upp á óréttindin og ranglætið, haldið yður ekki til slíks sem öngvu er neytt, vilji yður ríkdómur til þá áhengið honum ekki með hjartanu.

[11]Guð hann hefur mælt eitt orð, það sama hef eg nokkrum sinnum heyrt, það að Guð alleinasta sé máttugur. [12]Og þú, DROTTINN, ert miskunnsamur og endurgeldur einum sérhverjum eftir því sem hann hefur verðskuldað til.

63 (Sálmur Davíðs þá hann var í eyðimörku Júda.) Guð, þú ert minn, Guð, árla vakna eg til þín, mína sál þyrstir eftir þér, mitt hold það fýsir til þín, út í þurru hrjóstugu landi þar ekkert vatn er. [2]Þar í þeim stað horfi eg eftir þér, í þínum helgidómi, viljandi gjarnan sjá mega þína magt og dýrð. [3]Því að þín miskunn hún er betri en lífið, mínar varir þær lofa þig. [4]Þar í þeim stað vilda eg feginn lofa þig mína lífdaga og í þínu nafni mínar hendur upphefja.

[5]Það væri minn hjartans fögnuður og unaðsemd að eg þig með glaðværum munni lofa skyldi. [6]Nær eð eg legg mig til sængur þá minnist eg á þig, nær eð eg vakna þá tala eg um þig. [7]Því að þú ert minn hjálpari og undir skugga þinna vængja gleðjunst eg. [8]Mín sála hún áhengur þér, þín hægri hönd hún viðheldur mér.

[9]En þeir sækja eftir minni sálu mér til fordjörfunar, ofan í þau neðstu takmörk jarðar munu þeir fara. [10]Þeir munu falla undir sverðið og refunum að hlutskipti verða. [11]En kóngurinn mun gleðja sig í Guði, hver eð við hann sver þeir munu vegsamlegir verða því lygimælginnar munnar munu afturbyrgðir verða.

64 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.)Heyr þú mína raust þá eð eg grátbæni þig, varðveit mitt líf fyri þeim grimma óvin. [2]Skýl þú mér fyrir samkundum þeirra illskufullra, fyrir flokki þeirra illgjörðamanna, [3]hverjir eð sínar tungur hvetja sem sverð, þeir eð með sínum eitruðum orðum svo skjóta sem með pílum, [4]að þeir svo heimuglega skjóti hinn saklausa, skyndilega þá skjóta þeir að honum og óttast það ekki. [5]Flugdjarfir eru þeir með sínar vondslegar ráðagjörðir og segja hversu þeir vilja þær snörur útleggja og mæla svo: „Hver er hann sá eð það kunni að sjá?“ [6]Þeir uppkveikja

rangindin og hylja þau heimuglega, eru forslegnir og hafa kyndugleg illskupör.
[7]En Guð mun skyndilega skjóta þá so að þeim mun dátt við verða. [8]Þeirra eigin tungur munu fella þá svo að hver sem þá sér mun gjöra sköll að þeim [9]og allir þeir menn sem það sjá þeir munu segja: „Guð hefur það gjört“ og formerkja að það sama er hans verk. [10]Hinir réttferðugu munu gleðja sig í DROTTNI og treysta upp á hann og öll góðfús hjörtu munu gleðjast þar af.

65 (Lofsöngssálmur Davíðs fyrir að syngja.) Guð, vér lofum þig í hljóði til Síon og þér gjöldum vér heitin. [2]Þú heyrir bænakallið, þar fyrir kemur allt hold til þín. [3]Vorar misgjörðir þvinga oss harðlega, þú vildir vorar syndir fyrirgefa. [4]Sæll er hann sem þú útvelur og sá að þú meðtekur til þín það hann byggi í þínum fordyrum, sá hefur nóglegt traust á þínu húsi, þínu heilaga musteri.

[5]Heyr þú oss eftir þinni dásemdarréttvísi, Guð vor heilsugjafari, þú sem ert traust allra þeirra á jörðu eru og þeirra sem eru langt í burt í sjávarhafinu, [6]hann sem fjöllin setur stöðugt í sínum krafti og gyrtur er magtarveldi, [7]þú sem stillir grenjan sjávarins og hljóðan bylgnanna og þann æðigang þjóðanna [8]svo að þeir sem í þeim sömum takmörkum byggja eru hræddir af þínum teiknum. Þú gjörir lystilegt allt hvað sig hrærir, bæði á morna og so á kvöld. [9]Þú vitjar landsins og vökvar það og auðgar það næsta. Guðsuppsprettukelda hefur nóglegt vatn, þeirra korn það lætur þú tíngast vel því að svo uppbyggir þú landið. [10]Þú döggvar þess akurreinar og vætir það sem plægt er, meður dropum daggarinnar mýkir þú það og blessar svo þess gróða. [11]Þú kórónar árið með þinni góðgirnd, ó þín fótspor drjúpa af feiti. [12]Híbýlin eyðimarkarinnar eru einnin svo feit að þau drjúpa og hólarnir eru umhverfis lystilegir. [13]Um völluna er fullt með sauðfé og dalirnir standa þykkvaxnir af korni, so að þar úta f syngja menn og kveða.

66 (Einn lofkvæðissálmur að syngja fyrir.) Syngið hátt lof Guði, öll lönd, [2]syngið lof til dýrðar hans nafni, prísið hann dýrlega! [3]Segið til Guðs: Hversu dásamleg eru þín verk! Það mun þínum óvinum bregðast fyrir þinni mikilli magt. [4]Öll lönd tilbiðji þig og lofsyngi þér, syngi lof þínu nafni. Sela.

[5]Komið hingað og sjáið verkin Guðs sem svo dásamlegur er meðal mannanna sona. [6]Hann umsnýr hafinu í harðar grundir svo að þurrum fótum má yfir vatnið ganga, vegna þess hins sama þá gleðjum vér oss í honum. [7]Hann drottnar með sínum veldiskrafti eilíflegana, hans augu líta á fólkið, hinir sem mótþróast fá ei upphafið sig. Sela.

[8]Þér þjóðir, lofið vorn Guð, látið hans lofstír víðfrægan verða. [9]Hann eð sálir vorar heldur við lífið og lætur ekki fætur vora afvega skeika. [10]Því að, Guð, þú hefur forsótt oss og klárað svo sem þá silfrið verður klárað. [11]Þú hefur leitt oss inn í turninn, þú hefur á vorn hrygg eina byrði lagt. [12]Þú hefur sett menn yfir vort höfuð, vér höfum vaðið yfir eld og vatn, en þú hefur útleitt oss af þessu og endurlífgað oss.

[13]Þar fyrir vil eg með brennioffri ganga í þitt hús og gjalda þér mín heit, [14]líka svo sem eg hefi mínum vörum til upplokið og það minn munnur hefur talað í minni ánauð. [15]Feitar brennifórnir vil eg færa þér af brenndum hrútum, naut og kjarnhafra vil eg þér offra. Sela.

[16]Komið hingað, heyrið til, allir þér sem óttist Guð: Eg vil framtelja hvað hann hefur gjört við mína sálu. [17]Til hans kallaði eg með mínum munni og eg heiðraði hann með minni tungu. [18]Ef að eg hefða rangan ásetning í mínu hjarta þá mundi DROTTINN ekki heyra.

19Þar fyrir þá bænheyrir Guð mig og
hyggur að minni grátbeiðni.
20Lofaður sé Guð, sá eð ekki fyrirlítur
mína bæn og ekki burt snýr sinni mis-
kunn frá mér.

67 (Einn lofsöngssálmur fyrir að syngja upp á strengjaleik.) Guð sé oss miskunnsamur og velsigni oss, hann láti sitt andlit lýsa yfir oss. Sela. 2Svo að vér á jörðu meðkennum hans vegu, á meðal allra heiðinna þjóða hans hjálpræði. 3Guð, þér þakkar fólkið, þér þakkar allt fólk. 4Þjóðirnar gleðja sig og verða fegnar það þú dæmir fólkið réttvíslega og stjórnar lýðnum á jörðu. Sela.

5Guð, þér þakkar fólkið, þér þakkar allt fólk. 6Jörðin gefur sinn ávöxt, blessi oss Guð, vor Guð, 7vor Guð blessi oss og öll takmörk jarðarinnar óttist hann.

68 (Lofsöngssálmur Davíðs fyrir að syngja.)Guð hann hreyfi sér upp svo það hans óvinir í sundurtvístraðir verði og þeir eð hann hata þá flýi fyrir honum. 2Í burt dríf þá so sem það reykurinn í burtdrifinn verður, líka sem vax það bráðnar fyrir eldi, so hljóta hinir ómildu að fyrirfarast fyrir Guðs augliti. 3En hinir réttferðugu munu sig gleðja og glaðværir vera fyrir Guðs augsýn og út af hjarta þá munu þeir fagna.

4Syngið Guði, lofsyngið hans nafni, gjörið þeim greiðan veg sem hóglega hér kemur, DROTTINN er hans heiti og gleðjið yður fyrir honum. 5Hver að er faðir föðurlausra og dómari ekknanna, hann er Guð í sínu heilaga heimili. 6Sá Guð sem hinum einmana gefur fullt hús barna, hver eð hina herleiddu útleiðir í hagkvæman tíma og lætur hinu þverbrotnu blífa á þurrlendis hrjóstri. 7Guð, þann tíð þú dróst út fyrir þínu fólki, þá eð þú brunaðir hér fram á eyðimörkinni. Sela. 8Þá skalf jörðin og himnarnir drupu fyrir þeim Guði á Sínaí, fyrir þeim Guði sem Ísraels Guð er. 9En nú gefur þú svo náðarlegt regn og þína arfleifð sem þornuð er endurlífgar þú 10so að þín dýr mega þar inni búa, Guð, þú seður hinn fáráða með þínum auðæfum.

11DROTTINN hann gefur orðið með miklu herliði guðspjallaranna. 12Konugarnir herliðsins eru sín á milli vinir til samans og húsprýðin skiptir út herfanginu. 13Nær eð þér liggið með liðinu til hernaðar þá ljómar það líka sem vængir dúfunnar, þeir eð með silfur og gull eru hlaðnir. 14Nær eð sá Hinn almáttugi niðursetur allavegana konunga þeirra á milli þá verður þar bjart hvar nú er myrkt.

15Fjallið Guðs er eitt frjósamt fjall, eitt mikið og frjósamt fjall. 16Hvað stökkvi þér, hinu hávu fjöllin? Guð hann lystir á þessum fjöllum að búa og DROTTINN mun þar í þeim stað ævinlega byggja.

17Hervagn Guðs er mörg þúsund sinnum þúsund, DROTTINN er á meðal þeirra á því heilaga Sínaí. 18Þú ert í hæðina uppstiginn og hefur herleiðingina að herfangi leitt, þú hefur gjafir öðlast mönnum til handa, einnin fyrir þá hina þverbrotnu það að Drottinn GUÐ mun þó samt þar í þeim stað búa. 19Alla daga sé DROTTINN lofaður, Guð leggur þunga á oss en hann hjálpar oss og einnin. Sela. 20Vér höfum einn Guð sá er hjálpar og þann Drottin GUÐ sem af dauðanum frelsar.

21En Guð hann mun í sundurmerja höfuð sinna óvina samt með hárlokkum þeirra hvirfils, þeir sem þar fram á halda í sínum syndum. 22Þó segir DROTTINN: „Á meðal þeirra feitingjanna vil eg sækja nokkra, út úr djúpi sjávarins vil eg þá suma sækja.“ 23Þar fyrir mun þinn fótur í blóði óvinanna litaður verða og þínir hundar munu sleikja það. 24Guð, menn sáu þinn gang hvernin eð þú, konungur minn og minn Guð, frambrunaðir í helgidóminum. 25Söngvararnir þeir ganga fyrst fram undan, þar næst spilmennirnir meðal

meyjanna sem á bumburnar berja.
26Lofið Guð DROTTIN í samkundunum
fyrir þann brunninn Ísrael.
27Þar á milli
þeirra drottnar sá litli Benjamín, höfð-
ingjarnir Júda með sínum hersveitum,
höfðingjarnir Sebúlon, höfðingjarnir
Neftalím.
28Þinn Guð hefur þitt ríki uppbyrjað,
það hið sama það vildir þú, Guð, efla
fyrir oss, því að það er þitt verk.
29Fyrir
þíns musteris sakir til Jerúsalem, þá
munu kóngarnir skenkja þér gáfur.
30Straffa þú það kvikindi í reyrnum,
þann flokk oxanna meðal kálfanna,
þeir sem fóttroða fyrir peninga sakir,
sundurdreif þú fólkið sem gjarnan vill
hafa örlög.
31Höfðingjarnir af Egyptalandi munu koma, Bláland mun sínar
hendur útbreiða til Guðs.
32Þér konungaríkin á jörðu, syngið
Guði, lofsyngið DROTTNI. Sela.
33Þeim
sem þar situr á himnum alla vegana í
frá upphafi, sjá þú, hann mun sinni
raust kraft gefa.
34Gefið Guði magtina,
hans dýrð er í Ísrael og hans kraftur í
skýjunum.
35Dásamur er Guð í sínum heilögum,
hann er Guð Ísraels, hann mun kraft og
magt gefa sínu fólki. Blessaður sé Guð.

69 (Sálmur Davíðs að syngja fyrir.
Af rósinni.) Guð, frelsa þú mig
því að vatnið tekur inn að renna allt til
minnar sálu.
2Eg síg niður í djúpan saur
þar eð enginn botn er, eg em kominn í
sjávardjúpið og vatsflóðið vill drekkja
mér.
3Eg hefi kallað mig móðan svo
mínar kverkar eru rámar orðnar, sýnin
tekur mér að þverra út af langri eftir-
væntíng á minn Guð.
4Þeir eð mig hata
fyrir ekki þeir eru fleir en hárið á höfði
mér. Þeir eð ranglega ofsækja og skaða
mig eru megtugir, eg verð að borga það
sem eg rænta ekki.
5Guð, þú veist mína fákænsku og
mínar skuldir eru ekki duldar fyrir þér.
6Lát þá ekki til skammar verða á mér
sem vænta þín, Drottinn, GUÐ allsherj-
ar, lát ei að vanvirðu verða yfir mér þá
sem leita þín, Guð Ísraels.
7Því að þinna
vegna þoli eg forsmán, mitt andlit er
fullt af kinnroða.
8Eg em framandi
vorðinn mínum bræðrum og ókunnig-
ur sonum minnar móður.
9Því að vand-
læti þíns húss étur mig og brígslanir
þeirra sem þér brígsla falla yfir mig.
10En eg fastaði og grét beisklegana og
þeir gjörðu og so gys að mér.
11Eg
færða mig í sekk en þeir gjörðu spé að
því.
12Þeir sem í portunum sitja ræða
um mig og við öldrykkjurnar kveða
þeir um mig.
13En eg, DROTTINN, bið til þín í hag-
kvæmilegan tíma, Guð, fyrir mikilleik
miskunnar þinnar þá heyr þú mig í
sannleika þíns hjálpræðis.
14Hjálpa þú
mér burt úr þeim saurindunum svo að
eg sökkvi ei niður, að eg svo frelsaður
verði í frá þeim sem mig hata og í burt
úr djúpi vatnanna,
15svo að vatsflóðið
drekki mér ekki og djúpið svelgi mig ei
og sá pytturinn lúki ei sinn munn
saman yfir mér.
16Bænheyr þú mig, DROTTINN, því þín
miskunn er huggunarsamleg, snú þú
þér til mín eftir mikilleik mis-
kunnsemda þinna.
17Og hyl ekki andlit
þitt fyrir þjón þínum því að eg kvelj-
unst, heyr þú mig snarlega.
18Nálgast
þú sálu mína og frelsa þú hana, frelsa
mig fyrir minna óvina sakir.
19Þú veist mína forsmán, skömm og
hneisu, mínir mótstöðumenn allir eru
fyrir þinni augsýn.
20Sú forsmán krem-
ur mitt hjarta og krenkir mig, eg hugða
að hvert að nökkrum mundi það aum-
legt þykja en þar var sá enginn, og ef að
sá væri nokkur sem mér hugsvala vildi
en eg fann öngvan.
21Og þeir gáfu mér
gall að eta og edik að drekka í mínum
mikla þorsta.
22Þeirra matborð það verði fyrir þeim
að snöru, til endurgjald og til einnrar
gildru.
23Þeirra augu hljóti myrkur að
verða svo að þeir sjái ei og lendar
þeirra lát ætíð veiklast.
24Úthell þinnar

heiftar bræði yfir þá og þín grimmdarreiði hún höndli þá. [25]Þeirra bústaður verði í eyði og ei sé þar sá neinn eð búi
þeirra tjaldbúðum. [26]Því að þeir ofsækja
þann sem þú hefur lamið og hælast um
það að þú leggur mjög illt á þína. [27]Láttu
þá hrasa í eina synd eftir aðra so að þeir
komist ei til þíns réttlætis. [28]Afskaf þú
þá af lífsbókinni svo að þeir verði ei
uppskrifaðir með réttferðugum.

[29]En eg em fáráður og harmþrunginn,
Guð, þitt hjálpræði það verndi mig.
[30]Nafnið Guðs vil eg prísa með lofsöng
og eg vil háleitlega heiðra hann með
þakkargjörð. [31]Það mun DROTTNI betur
þóknast heldur en einn uxi sá eð hefur
horn og klaufir. [32]Hinir fáráðu sjá nú
það og gleðja sig og þeir eð Guðs leita, á
þeim mun hjartað lifna, [33]því að
DROTTINN heyrir hina fátæku og fyrirlítur ekki sína bandingja.

[34]Himnarnir, jörðin og sjórinn þá lofi
hann og allt hvað sig hrærir þar inni.
[35]Því að Guð hann mun hjálpa Síon og
borgirnar í Júda uppbyggja so að menn
byggi þar og í eignarsetu sitji. [36]Og
sæðið hans þjóna mun hana erfa og
þeir eð hans nafn elska munu þar inni
búa.

70 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja minningar til.) Flýt þér, Guð, að frelsa mig, skunda þú, DROTTINN, mér til hjálpar. [2]Skammist sín og að skömm verði þeir eð sækja eftir minni sálu, þeir munu aftur á bak snúa og forsmáðir verða sem mér vilja til vonda. [3]Verði þeir til skammar aftur þeir sem þar kalla yfir mér: „Vel, vel!“

[4]Fagni þeir og gleðjist í þér allir þeir sem að þér leita og þeir eð þitt hjálpræði elska og með jafnaði segja: „Háleitlega sé Guð lofaður!“

[5]En eg em fátækur og aumur, Guð, flýt þú þér til mín því að þú ert minn hjálpari og lausnari, DROTTINN, dvel þú ekki.

71 Á þig, DROTTINN, treysti eg, láttu mig aldrei til skammar verða. [2]Hjálpa mér þíns réttlætis vegna og leys mig út þaðan, hneig þitt eyra til mín og frelsa mig. [3]Vert mér örugg hlíf svo að eg megi þangað ætíð hælis leita, þú sem lofað hefur mér að hjálpa, því að þú ert mín hella og mín borg.

[4]Minn Guð, hjálpa þú mér út af hendi hinna óguðhræddu, af hendi hins rangláta og víkingsins. [5]Því að þú ert mitt traust, DROTTINN, GUÐ er mín von í frá ungdómi mínum. [6]Á þig hefi eg treyst þegar í frá móðurkviði, þú hefur útleitt mig af minnar móður lífi, minn lofstír er ætíð af þér. [7]Eg em mörgum orðinn að undrun, en þú ert mitt styrktartraust. [8]Lát minn munn þíns lofs og þinnar dýrðar fullan verða daglegana.

[9]Burt kasta mér ekki í minni elli, yfirgef mig ekki þá eð minn máttur minnkar. [10]Því mínir óvinir mæla á móti mér og þeir eð umsitja mína sál þeir bera sín ráð saman [11]og segja: „Guð hefur yfirgefið hann, sækið eftir honum og grípið því að þar er enginn sá eð honum hjálpar!“

[12]Guð, vert ekki langt frá mér, minn Guð, flýttu þér mér til hjálpar. [13]Skammist þeir sín og fyrirfarist sem umsitja mína sálu, með skömm og hneisu munu þeir yfirskyggðir verða sem minnar ógæfu leita.

[14]En eg vil ætíð vona á þig og þinn lofstír einatt mér forauka. [15]Minn munnur skal kunngjöra þitt réttlæti, daglegana þitt hjálpræði hvert eg kann ei allt upp að telja. [16]Í krafti DROTTINS GUÐS þá geng eg fram, eg prísa alleinasta þitt réttlæti. [17]Guð, þú hefur mig menntað í frá barndómi mínum, þar fyri opinbera eg þínar dásemdir. [18]Yfirgef þú mig ekki, minn Guð, í ellinni, nær eð eg tek gráhærður að verða, þangað til að eg kunngjöri þinn armlegg barnabörnum og þinn kraft öllum þeim eð koma skulu. [19]Guð, þitt réttlæti er háleitt, þú sem stórmerkin gjörir,

Guð, hver er þér líkur? [20]Því að þú lætur mig rata í margar mannraunir og endurlífgar mig aftur og útleiddir mig aftur neðan úr djúpi jarðarinnar. [21]Þú miklaðir þín stórmerki fyrir mér og huggaðir mig aftur.

[22]Því þakka eg þér einnin með hljóðfærinu fyri þinn sannleik, minn Guð, eg lofsyng þér á hörpuna, þú Hinn Heilagi í Ísrael. [23]Mínar varir og sála mín hverja þú hefur endurleyst eru glaðvær og syngja þér lof. [24]Svo yrkir og einnin mín tunga daglegana um þitt réttlæti því að skammist þeir sín og til skammar verði þeir sem minnar ógæfu leita.

72 Guð, gef þú konunginum þinn dóm og þitt réttlæti kóngsins syni, [2]svo að hann stjórni þínu fólki með réttlæti og frelsi þína fátæka.

[3]Láttu fjöllinn friðinn færa fólkinu og þá hálsana réttlætið. [4]Hann mun láta hina fátæku af fólkinu rétt ske og fátækum hjálpa og löstunarmennina sundurtroða. [5]Þig munu þeir hræðast æ meðan sólin og tunglið það varir, til í frá einni kynslóð til annarrar. [6]Ofan mun hann koma líka sem döggin yfir ullarreyfið, svo sem droparnir þeir eð væta jörðina. [7]Á hans dögum mun blómgast sá hinn réttláti og gnótt friðarins þangað til það tunglið er ei meir. [8]Hann mun drottna frá einu hafinu til annars og frá vatsfallinu allt til veraldarinnar enda. [9]Fyrir honum munu krjúpa þeir sem á eyðimörkunum eru og hans óvinir munu jarðarduftið sleikja. [10]Kóngarnir við sjávarhafið og í eyjönum munu honum skenkingar færa, kóngar úr ríki Arabia og Saba munu honum gjafir til flytja. [11]Allir konungarnir munu tilbijða hann, allar þjóðir munu honum þjóna. [12]Því að hann mun frelsa hinn fátæka þann eð kallar og hinn fáráða sem öngvan hjálparmann hefur. [13]Hann mun líknsamur vera hinum lítilmagna og volaða og sálum þeirra fátæku mun hann hjálpa. [14]Hann mun þeirra sálir út af svikræðinu og ofríkinu frelsa og þeirra blóðdreyri mun dýrmætur haldinn verða fyrir honum.

[15]Hann mun lifa og menn munu honum gefa af gullinu úr ríki Arabia og með jafnaði munu menn fyrir honum tilbiðja, daglegana munu menn lofa hann. [16]Á jörðunni ofan á fjöllum mun þykkt standa af korni, þess ávöxtur mun skjálfa sem Líbanon og frjóvgast í stöðunum sem grasið á jörðu. [17]Hans nafn mun blífa um aldur og ævi, æ svo lengi sem það sólin varir þá mun hans nafn ná út yfir alla eftirkomendurnar og munu blessaðir verða fyri hann, allar þjóðir munu hann vegsama. [18]Lofaður sé Drottinn GUÐ, Guð Ísraels, hann sá eð einn gjörir dásemdarverkin [19]og blessað sé hans dýrðarlega nafn eilíflegana og öll lönd þau uppfyllist með hans dýrð. Amen. Amen.

[20]Hér endast bænir Davíðs sonar Ísaí.

BÓK III

73 (Sálmur Assaf.)Hversu góður Guð er þeim í Ísrael sem eru hreinhjartaðir!

[2]En mínir fætur höfðu svo nær sem skeikað, mín fótspor þau höfðu að mestu skriðnað. [3]Því að það móðgaðist mér viður hina ranglátu þá eð eg sá það að hinum óguðhræddu veitti svo vel. [4]Því að þeir eru í öngri dauðans hættu heldur standa þeir staðfastir sem önnur höll. [5]Þeir velkjast ekki í eymdum sem aðrir menn og verða ekki þvingaðir sem aðrir menn. [6]Þar fyrir hlýtur þeirra dramb kostulegt að vera og það rangt þeir gjöra það hlýtur að kallast vel gjört. [7]Þeirra persóna blæs sig upp sem annar ístrumagi, þeir gjöra hvað helst þeir hugsa. [8]Þeir óvirða alla hluti og leggja þar till til, níða og tala stórt af hæðinni. [9]Hvað þeir tala þá hlýtur það af himnum talað að vera, hvað þeir segja það hlýtur á jörðu magt að hafa. [10]Þar fyrir hlynnir alþýðufólkið að með

þeim og rennur að þeim sem vatn [11]og segja: „Hvað skyldi Guð hirða um þá (hina)? Hvað skyldi sá Hinn hæðsti skeyta um þá?“

[12]Sjá þú, þeir eru hinir óguðhræddu, þeir hafa lukku í veröldinni og verða ríkir. [13]Skal það þá til einskis vera að mitt hjarta lifir óstraffanlega og að eg þvæ mínar hendur í meinleysinu [14]og em þvingaður daglegana og mín hegning er alla morna fyrir höndum?

[15]Eg hafði að mestu einnin líka sagt so sem þeir, en sjá þú, þar með þá hefða eg fordæmt öll þín börn sem nokkurn tíma verið hafa. [16]Eg hugsaði um hann hvert að eg gæti skynjað það en það var mér of þungt. [17]Allt þar til eg gekk inn í helgidóminn Guðs og hugði að þeirra ævilokum. [18]En þú setur þá upp á hið hála og steypir þeim svo niður í grunn. [19]Hvernin verða þeir so skyndilega að öngvu? Þeir forganga og taka einn enda með hrelling. [20]Líka sem annan draum þess eð vaknar, eins gjörir þú, DROTTINN, þeirra mynd í borginni forsmáða.

[21]En það angrar mig í hjartanu og það stingur mig í mínum nýrum [22]það eg hlýt einn skiptingur að verða og ekkert að vita og varð so að vera sem önnur skynlaus skepna fyrir þér. [23]Þó blíf eg samt með jafnaði hjá þér, því að þú styður mig við þína hægri hönd. [24]Þú leiðir mig eftir þínu ráði og meðtekur mig endilega til æru. [25]Nær að eg hefi aðeins þig þá hirði eg ekki um himin né jörð. [26]Þó að einnin mín sála og líf farist af vanmegni þá ertu, Guð, þó alla tíma mitt hjartans traust og mitt hlutskipti. [27]Því að sjá þú, að þeir sem frá þér snúast munu fyrirfarast, þú glatar þeim öllum sem hóranir drýgja á móti þér.

[28]En það er mín gleði að eg held mig til DROTTINS, að eg kunngjöri svo öll þín verk.

74 (Eitt menntanarfræði Assaf.) Hvar fyrir fordrífur þú, Guð, oss svo með öllu og ert svo geysilega reiður á sauði þíns haglendis? [2]Minnstu á þína samkundu þá eð þú hefur þegar í frá upphafi endurleyst, á fjallið Síon á hverju þú byggir. [3]Trottu þá undir fótum og steyp þeim með öllu niður í grunn því sá óvinurinn hefur alla hluti fordjarfað í helgidóminum. [4]Þínir mótstöðumenn grenja í þínu húsi og setja sín skúrgoð þar inn. [5]Menn sjá það gjáir á axirnar þar uppi yfir svo sem að í skógi væri höggvið [6]og í sundur höggva svo allar þess bríkur með handbílum og snaröxum. [7]Þinn helgidóm brenna þeir upp, í bygging þíns nafns saurga þeir niður að grunni. [8]Þeir segja í sínu hjarta: „Látum oss foreyða þeim!“ Þeir uppbrenna öll Guðs hús í landinu. [9]Vor sigurmerki sjáum vér ekki og enginn propheti prédikar nú meir og eigi sá neinn lærifaðir sem oss læri lengur.

[10]Ó Guð, hversu lengi þá skal sá mótstandarinn brígsla og sá óvinurinn svívirðir þitt nafn so með öllu? [11]Hvar fyrir snýr þú þinni hendi hér frá og þinni hægri hendi svo með öllu í burt frá þínu skauti? [12]En Guð er minn konungur þegar frá öndverðu, hann sá sem alla hjálp gjörir þa sem á jörðu sker. [13]Þú í sundurskiptir hafinu fyrir þinn kraft og þú í sundurslær höfuðin drekanna í vatninu. [14]Þú í sundurslær höfuð hvalfiskanna *(leviathan)* og gefur þá til fæðu fólki eyðimerkurinnar. [15]Þú lést uppspretta læki og vatsrásir, þú lést uppþorna hin stríðu vatsföllin. [16]Dagurinn og nóttin þau eru þín, þú veldur því það bæði sólin og stjörnurnar hafa sinn vissan gang. [17]Þú setur sérhverju landi sín endimörk, sumar og vetur gjörir þú.

[18]Svo minnst þú á það að óvinurinn svívirðir svo DROTTIN og það fávíslegt fólk lastar þitt nafn. [19]Gef þú ekki hrækvikindum sálir þinna turtildúfna og forgleym ekki þínum fátækum kindum svo með öllu. [20]Minnstu á sáttmálann því að landið er allavegana aumlega foreytt og húsin niðurbrotin. [21]Lát þú

ekki hinn fáráða með hneisu þar frá ganga því að hinir fátæku og voluðu lofa þitt nafn.

[22]Rís upp, þú Guð, og legg dóm á mitt mál, hugleið þú þá forsmán sem þér af þeim fávísu daglega veitist.

[23]Forgleym ekki hrópinu óvina þinna því að ofsinn þinna mótstöðumanna hann geisar einatt meir og meir.

75 (Sálmur og diktur Assaf að hann ei fyrirfærist. Til að syngja fyrir.)Vér þökkum þér, Guð, vér þökkum þér og kunngjörum þínar dásemdir, að þitt nafn er so nálægt.

[2]„Því að á sínum tíma mun eg þar dóm réttan á leggja. [3]Jörðin skelfur og allir þeir eð þar innibyggja en hennar stólpum held eg fast. Sela. [4]Eg sagði til þeirra skrumaranna: Látið yður ei ofvænt um þykja, og til hinna óguðlegu: Stærið yður ekki út af magtinni. [5]Þykist ekki so miklir út af yðvarri magt, talið ei heldur so reigingslega.

[6]Að það hafi öngva neyð, hverki af austrinu eður af vestrinu, né af fjöllunum í eyðimörkinni.“[7]Því að Guð er dómarinn, hann niðurlægir einn og upphefur annan. [8]Því að Guð hefur bikar í hendi,fleytifullan af sterku víni, og skenkir af þeim hinum sama en þeir óguðhræddu hljóta allir af að drekka og dreggjarnar af að súpa. [9]En eg vil kunngjöra það eilíflegana og lofsyngja Guði Jakob [10]og vil allt magtarveldi hinna óguðlegu í sundurbrjóta svo það valdið réttlátra upphafið verði.

76 Guð er kunnigur í Júda, í Ísrael er hans nafn vegsamlegt. [2]Til Salem er hans tjaldbúð og hans heimili til Síon. [3]Þar í þeim stað sundurbrýtur hann örvarnar bogans, skjöld, sverð og styrjöld. Sela.

[4]Herralegri og megtugri ertu heldur en þau ránsfjöllin. [5]Hinir forsugu hljóta ræntir að verða og að sofna út af og allt stríðsfólk þa hlýtur sér hendur að falla láta. [6]Af þinni straffan, Guð Jakob, síga í svefn bæði hestar og vagnar. [7]Ógurlegur ert þú, hver fær staðist fyrir þér nær eð þú reiðist? [8]Nær eð þú lætur dómsaðkvæðin heyrast af himnum þá skelfist jarðríkið og hljóðnar við, [9]hvenær eð Guð tekur sig upp til að dæma það hann hjálpi öllum fáráðum á jörðu. Sela. [10]Nær eð mennirnir æða í gegn þér þá vinnur þú sigurinn og þó þeir ólmist enn meir þá ertu enn reiðubúinn. [11]Heitið og haldið það DROTTNI yðar Guði, þér allir sem hér í kringum hann eruð, skenkið gjafir Þeim sem ber að óttast, [12]hann sem huglausa gjörir höfðingjana og hræðilegur er meðal konunganna á jörðu.

77 (Sálmur Assaf fyrir Jedítún fyrir að syngja.) Með minni raust kalla eg til Guðs, til Guðs kalla eg og hann bænheyrir mig. [2]Á mínum mótgangstíma leita eg DROTTINS, mína hönd upprétti eg á náttarþeli og læt ei af því að sála mín vill sig ekki hugga láta. [3]Nær eð eg em hryggur þá hugsa eg til Guðs, nær eð mitt hjarta líður angist þá tala eg. Sela.

[4]Vöku heldur þú fyrir mínum augum og svo máttlaus em eg það eg get ekki talað. [5]Eg þenki á hina fyrri ævina og minnunst á þau umliðnu árin. [6]Á náttartíma hugsa eg til míns hljóðfæris og mæli með mínu hjarta, minn andi grennslast þar eftir.

[7]Hvert að DROTTINN muni eilíflega fordrífa og öngva líkn nú lengur auðsýna vilja. [8]Eða er nú hans miskunnsemi með öllu útgjörð og hefur hans fyrirheit tekið enda? [9]Hefur Guð þá forgleymt miskunnsamur að vera og sína miskunnsemi fyrir reiði innibyrgt? Sela.

[10]En þó sagða eg: „Eg hlýt það að líða, hægri hönd Hins Hæsta kann öllu um að breyta.“ [11]Þar fyrir hugleiði eg stórmerkin DROTTINS, já eg minnunst á þín hinu fyrri dásemdarverkin [12]og skýri í

frá öllum þínum verkum og segi út af
þínum gjörningum. 13Guð, þinn vegur
er heilagur, hver er svo voldugur Guð
sem þú ert? 14Þú ert sá Guð sem
dásemdarverkin gjörir, þú hefur aug-
lýst þína magt á meðal þjóðanna.
15Volduglega hefur þú frelsað þitt fólk,
sonu Jakobs og Jósefs. Sela.
16Vötnin þau sáu þig, Guð, vötnin þau
sáu þig og urðu hrædd og undirdjúpin
tóku um að ryðjast. 17Þau þykkvu skýin
helltu ofan vatni, skýin gáfu hljóð með
brestum svo að eldingar flugu þar af.
18Reiðarþrumurnar hljóðuðu af himni,
þínar eldflaugar lýstu yfir jörðina so að
jarðríkið það hrærðist við og hristist
þar út af. 19Þinn vegur var í sjánum og
þinn götustígur í miklum vötnum og
þín fótspor þekktust ekki heldur. 20Þú
útleiddir þitt fólk so sem aðra sauði fyr-
ir hönd Móses og Arons.

78 (Menntanarfræði Assaf.) Hygg-
ið þér, mitt fólk, að mínu lög-
máli, hneigið yðar eyru til ræðu míns
munns. 2Eg vil mínum munni upplúka
með eftirlíkingu og þau hinu gömlu
dæmin framsetja, 3þau eð vér höfum
heyrt og vitum af og vorir forfeður
hafa sagt oss 4svo að vér skyldum ei
hylja það fyrir þeirra börnum og eftir-
komendum og kunngjöra lof DROTTINS,
hans magt og dásemdir þær eð hann
hefur gjört. 5Hann upphóf einn vitnis-
burð í Jakob og gaf eitt lögmál í Ísrael,
hvert eð hann bauð feðrum vorum að
kenna sonum sínum 6so að þeirra eftir-
komendur lærðu það og þau börn sem
skyldu borin verða, so að nær þau
kæmi þá kunngjörðu þau það einnin
sínum börnum 7svo að þeir setti einnin
sína von til Guðs og forgleymdi ekki
þeim dásemdarverkum og héldi hans
boðorð 8og að þeir verði ekki líka sem
feður þeirra, þrjóskfullt og óhlýðugt
slekti, hverra hjarta það ekki réttferð-
ugt var og þeirra andi hélt ekki trúlega
við Guð.

9So sem það synir Efraím þeir eð
brynjaðir bogaskeytin færðu fráféllu á
ófriðartímanum. 10Sáttmálann Guðs
héldu þeir ekki og í hans lögmáli vildu
þeir ei ganga. 11Og þeir forgleymdu
hans velgjörningum og hans dásemd-
um sem hann hafði auðsýnt þeim.
12Fyrir feðrum þeirra gjörði hann stór-
merki á Egyptalandi, á völlunum við
Sóan. 13Hann í sundurskipti hafinu og
lét þá þar í gegnum ganga og setti up
vatnið líka sem múrvegg. 14Á daginn
leiddi hann þá með skýinu en á næt-
urnar í birtunni eldsins. 15Hann í
sundurklauf hellubjargið á eyðimörk-
inni og gaf þeim vatn að drekka yfir-
gnæfanlega. 16Og hann lét uppspretta
af hellunni so að þeir flutu þaðan í burt
sem aðrir vatsstraumar.
17Þó syndguðu þeir enn framar meir á
móti honum og til reiði reittu Hinn
Hæðsta á eyðimörkinni. 18Og þeir frei-
stuðu Guðs í sínum hjörtum því að þeir
heimtu fæðslu fyrir sínar sálir 19og
mæltu á móti Guði og sögðu: „Hvernin
skyuldi Guð kunna matborð að búa í
eyðimörkinni? 20Sjá þú, þó hann hafi
helluna so slegið og vatn flyti þar út og
lækir dundu þar fram en hvernin skal
hann kunna brauð að gefa og sínu fólki
kjöt að matreiða?“ 21Þá eð DROTTINN
heyrði nú slíkt gramdist honum þetta
og eldur tók að tendrast í bland Jakob
og reiði kom yfir Ísrael 22því að þeir
trúðu ekki á Guð og vonuðu ekki upp á
hans hjálpræði. 23Og hann bauð skýjun-
um þar uppi og upplauk dyrum himins-
ins 24og hann lét þeim ofan rigna
manna til fæðslu og gaf þeim himna-
brauð. 25Þeir átu englabrauð, hann
sendi þeim nóglega fæðslu. 26Hann lét
blása austanvind af loftinu og fyrir sinn
kraft hrærði hann þann sunnanvind.
27Og hann lét kjöti yfir þá rigna svo sem
moldardufti og fuglana svo þykkt sem
sjávarsand. 28Og hann lét þá alls staðar
niður detta á millum landtjalda þeirra
þar eð þeir sinn bústað höfðu. 29Nær eð

þeir höfðu nú haft sína lysting [30]og á meðan þeir átu þar af [31]þá kom Guðs reiði yfir þá og í hel sló hina æðstu af þeim og drap þar niður þá hina bestu í Ísrael.

[32]En að auk alls þessa þá syndguðust þeir enn framarmeir og trúðu ekki á hans dásemdarverk. [33]Þar fyrir lét hann þá deyja í burt svo að þeir öðluðust ekkert og hlutu um sína lífdaga plágaðir að vera. [34]Nær eð hann sló þá niður leituðu þeir hans og sneru sér árla til Guðs. [35]Og þeir hugsuðu það Guð hann væri þeirra traust og sá hinn hæðsti Guð þeirra frelsari. [36]Og þeir smjöðruðu að honum með munni sínum og lugu að honum með sínum tungum. [37]En þeirra hjarta var ekki réttsinnugt til hans og ekki voru þeir trúlyndir í hans sáttmála. [38]En hann var þeim miskunnsamur og fyrirgaf þeim misgjörðina og afmáði þá ekki og í burtsneri oftsinnis sinni reiði og lét ekki alla sína reiði yfir þá koma. [39]Því að hann þenkti á það þeir væri hold og sá vindur eð í burt líður og ekki aftur kemur. [40]Mjög oft reittu þeir hann í eyðimörkinni og egndu hann til reiði á þeim öræfunum. [41]Þeir freistuðu Guðs einatt aftur og vildu kenna Þeim Heilaga í Ísrael. [42]Þeir minntust ekki á hans hönd á þeim degi að hann frelsaði á í frá óvinunum, [43]hversu hann hafði gjört sín stórmerki á Egyptalandi og sín dásemdarverk í landinu Sóan, [44]þá að hann umsneri þeirra vötnum í blóð so að þeir gátu ekki úr sínum vatsbrunnum drukkið, [45]þá hann útsendi meðal þeirra illskuormana sem átu þá og þeir froskarnir sem fordjörfuðu þá, [46]og gaf þeirra ávöxtu þeim grasmöðkunum og þeirra kornfæði engisprettunum, [47]þá að hann þeirra vínviðu meður hagli niðursló og þeirra mórbertré með frosti, [48]þá að hann með hagli niðursló þeirra fénað og hjarðir þeirra með eldinum, [49]þá að hann í sinni heiftarbræði útsendi illskuenglana á meðal þeirra og lét þá æða og ólmast og illt af sér gjöra, [50]þá að hann lét sína reiði yfirganga og þyrmdi ekki sálu þeirra fyrir dauðanum og lét þeirra fénað í drepsótt deyja, [51]þá að hann sló alla frumgetninga á Egyptalandi, þá frumburði í tjaldbúðum Kam. [52]Og hann lét sitt fólk það burt fara sem sauði og leiddi þá sem aðra hjörð á eyðimörkinni. [53]Og hann útleiddi þá í góðu trausti svo að þeir óttuðust ekki, en óvini þeirra huldi sjórinn. [54]Og hann innleiddi þá í sín heilögu landsmerki, til þess fjallsins sem hans hægri hönd hefur útvegað, [55]og í burtdreif fyrir þeirra augsýn heiðnar þjóðir og skipti með þeim arfleifðinni og lét svo í híbýlum hinna annarra ættmenn Ísraels byggja. [56]En þeir freistuðu og reittu Guð hinn hæsta og héldu ekki hans vitnisburði. [57]Og þeir frásnerust og forsmáðu alla hluti, líka sem feður þeirra, og héldu ekki svo sem annar staðlaus bogi. [58]Og þeir reittu hann til reiði með sínum hæðum og hugmóðuðu hann með sínum skúrgoðum. [59]Og þá að Guð heyrði það gramdist honum slíkt og forlagði Ísrael harla mjög [60]svo að hann yfirgaf sína tjaldbúð til Síló, þá sína tjaldbúð þar að hann innibyggði meðal mannanna, [61]og gaf þeirra magt út í herleiðingina og þeirra prýði í hendur óvinarins [62]og yfirgaf sitt fólk undir sverð og varð gramur sinni ættleifð. [63]Þeirra yngismönnum eyddi eldurinn og þeirra meyjar hlutu ógiftar að blífa. [64]Kennimenn þeirra féllu fyrir sverði og þar voru öngvar þær ekkjur sem harma skyldu. [65]Og DROTTINN hann vaknaði upp svo sem af svefni, líka sem voldugur háreystir eftir víndrykkju, [66]og hann sló sína óvini í bakhlutinn og lagði á þá ævinlegaskömm. [67]Og hann forlagði tjaldbúðina Jósefs og útvaldi ekki slektið Efraím, [68]heldur útvaldi hann slektið Júda, fjallið Síon hvert hann elskaði, [69]og byggði sinn helgidóm hátt so sem það land hvert að ævinlega skal standa.

[70]Og hann útvaldi sinn þjón Davíð og
tók hann í burt frá sauðahjarðar-
geymslu. [71]Í burt frá þeim mjólkandi
sauðum tók hann hann að hann skyldi
fæða hans þjón Jakob og hans ættleifð
Ísrael. [72]Og hann fæddi þá einnin með
allri dyggð og stýrði þeim með öllu
kostgæfi.

79 (Sálmur Assaf.) Guð, hinir
heiðnu eru innkomnir í þína
arfleifð, þitt hið heilaga musteri hafa
þeir saurgað og af Jerúsalem stein-
hrúgu gjört. [2]Líkami þinna þjónustu-
manna hafa þeir fuglum loftsins til átu
gefið og hold þinna heilagra hrædýrum
í landinu. [3]Þeirra blóði hafa þeir líka
sem vatninu úthellt í kringum Jer-
úsalem og þar var sá enginn sem þá
jarðaði. [4]Vorum nágrönnum erum vér
að forsmán orðnir, að háði og spotti
þeim sem í kringum oss eru. [5]DROTTINN,
hversu lengi vilt þú so reiður vera og
láta þitt vandlæti brenna sem heitan
eld? [6]Hellt þinni reiði út yfir heiðnar
þjóðir, þær sem ekki þekkja þig og yfir
þau kóngaríkin sem ekki ákalla þitt
nafn, [7]því að þeir hafa Jakob upp etið
og hans híbýli í eyði lagt. [8]Minnstu ekki
á vorar hinar gömlu misgjörðir, mis-
kunna þú oss snarlegana því að vér
erum mjög fáráðir orðnir.

[9]Hjálpa þú oss, Guð vor hjálpari, fyrir
dýrðar sakir þíns nafns, frelsa þú oss og
fyrirgef þú oss vorar syndir fyrir þíns
nafns sakir. [10]Því lætur þú hina heiðnu
segja: „Hvar er nú þeirra Guð?“ Láttu
meðal heiðingjanna kunniga verða fyr-
ir vorum augum hefndina blóðsins
þinna þjónustumanna það sem úthellt
er.

[11]Lát fyrir þig koma andvarpan þeirra
hinna herleiddu, eftir mikilleik þíns
armleggs þá bívara þú þau börnin
dauðans [12]og gjaltu vorum nágrönnum
sjöfalt aftur í þeirra skaut, þeirra for-
smánir þær eð þeir hafa þig með lastað,
DROTTINN. [13]En vér, þitt fólk og sauðir
þinnar hjarðar, þökkum þér eilíflegana
og kunngjörum þinn lofstír um aldur
og ævi.

80 (Sálmur Assaf. Út afrósarnistinu
fyrir að syngja.)Heyr þú, hirðir
Ísraels, þú sem gætir Jósefs svo sem
sauða, auðsýn þig, þú sem situr yfir
kerúbím. [2]Uppvek þitt veldi, þú sem ert
frammi fyrir Efraím, Benjamín og
Manasses, og kom oss til hjálpar.

[3]Guð, hugga oss og auglýs þitt andlit
og munum vér þá hjálpast.

[4]DROTTINN Guð allsherjar, hversu
lengi viltu reiður vera yfir bænir þíns
lýðs? [5]Þú fæðir þá með harmabrauði og
byrlar þeim drykk með stórum mælir
nógra tárfallra. [6]Alla vora nágranna
lætur þú mótkasta oss og vorir óvinir
þeir gjöra spé að oss. [7]Guð Sebaót,
hugga oss, auglýs þitt andlit, þá hjálp-
unst vér.

[8]Vínvið hefur þú af Egyptalandi í burt
flutt og þá heiðnu útrekið og innplant-
að þann hinn sama. [9]Fyrir honum hefur
þú veginn tilreitt og látið hann gróður-
setjast so hann hefur landið uppfyllt.
[10]Fjöllin hylur hann með sínum skugga,
með sínum vínkvistum sedrustrén
Guðs. [11]Hans kvistu hefur hann útþanið
allt til sjávarins og hans greinir allt út
til vatsfallsins.

[12]Hvar fyrir hefur þú hans girðingar
niður brotið so hann uppríf a nú allir
þeir eð framhjá ganga? [13]Villugöltur af
skógi hefur um velt honum og þau
villudýrin hafa hann fordjarfað. [14]Guð
allsherjar, snú þú þér við, líttu af himn-
um og sjá þú þar til og vitja þessa vín-
viðar [15]og halt honum við magt hvern
eð þín hægri hönd hefur gróðursett og
þann eð þú hefur þér staðfastlega út-
valið. [16]Hygg þar að og straffa það svo
að sú eldsbrennan og niðurbrotið fá
einn enda. [17]Þín hægri hönd hún verndi
það fólk þinnar hægri handar og þann
mann sem þú hefur þér fastlega útval-
ið. [18]Svo viljum vér þá ekki burtsnúa frá
þér, lát þú oss lífi halda, svo munum

vér þitt nafn ákalla. [19]Drottinn GUÐ allsherjar, hugga oss, lát þitt andlit lýsa og þá hjálpumst vér.

81 (Sálmur Assaf. Upp á gitít fyrir að syngja.) Syngið glaðlega Guði hjálpara vorum, syngið hátt lof Guði Jakob! [2]Takið sálmana og fáið hingað bumbuna, listilega hörpu með symfóni. [3]Blásið í lúðrana með nýinu tunglsins, á hátíðardegi vorrar tjaldbúðar. [4]Því að svoddan er siðvenja í Ísrael og einn réttur Guðs Jakob. [5]Soddan hefur hann til vitnisburðar sett meðal Jósefs þá eð þeir útfóru af Egyptalandi og heyrt höfðu annarlegt tungumál. [6]Og þá eg hafða þunga burtsvipt af þeirra herðum og þá þeirra hendur frjálsar urðu af leirveltunni. [7]Þá eð þú ákallaðir mig í neyðinni hjálpaði eg þér út þaðan og bænheyrða þig þá eð stormviðrið dundi yfir þér og eg reynda þig við Mótmælisvatnið. Sela. [8]Heyr þú, mitt fólk, eg vil vitna meðal þín, Ísrael, þú skalt mér hlýða, [9]svo það meðal þín sé enginn annar guð og þú eigi neinn annarlegan guð tilbiðjir. [10]Eg em DROTTINN Guð þinn sá eð þig hefur útleitt af Egyptalandi, lúk þínum munni vel í sundur og lát mig hann fylla.

[11]En mitt fólk heyrði ei mína raust og Ísrael skeytir mér ekki. [12]Og því hef eg þá yfirgefið í síns hjartans vellystingar að þeir gangi í sínu sjálfræði. [13]Ef að mitt fólk vildi mér hlýðið vera og Ísrael ganga á mínum vegi [14]þá munda eg snarlega niðurkefja þeirra óvini og mína hönd koma láta yfir þeirra mótstöðumenn. [15]Og þeir eð DROTTIN hata þeim skyldi það bregðast en þeirra tími mundi vara ævinlega [16]og með því hinu feitasta korni mundi eg þá metta og þá með því hunanginu út af hellunni seðja.

82 Guð hann stendur í samkundu Guðs og er dómari meðal guðanna [2]„Hversu lengi vilji þér ranglegana dæma og hinn óguðhrædda meta eftir yfirliti? Sela. [3]Látið hinn fáráða og föðurlausa rétt ske og hjálpið hinum fátæka og föðurlausa til réttarins. [4]Leysið hinn fyrirlitna og fátæka og frelsið hann út af valdi hins óguðlega.“

[5]En þeir láta sér ei segjast og skeyta því ekki, í myrkrunum ganga þeir ætíð, þar fyrir munu allir grundvellir landsins niður hrynja. [6]Eg sagða að vísu: „Þér eruð guðir og allir saman synir Hins Hæðsta [7]en þér munuð þó deyja svo sem aðrir menn og líka sem einn af víkingum niður falla.“

[8]Guð, tak þig upp og dæm landið því að þú ert arfherra yfir öllum þjóðum.

83 (Lofsöngssálmur Assaf.) Guð, þeg ei þannin og vert ekki svo þagmælskur, Guð, binst þú þess ei svo. [2]Því sjá þú, að þínir óvinir æða fram og þeir eð þig hata hefja upp höfuðin. [3]Þeir kveikja upp klóklegar ráðagjörðir í móti þínu fólki og samsetja sín ráð mót þeim heimuglegu. [4]„Nú vel,“ segja þeir, „komum og afmáum þá so að þeir séu ekkert fólk og nafnsins Ísrael verði ei lengur getið!“ [5]Því að þeir hafa samtekið innbyrðis með sér og samtök gjört sín á milli á móti mér. [6]Tjaldbúðir þeirra Edómíta og Ísmaelíta, þeir Móabítar og Hagarítar, [7]þeir Gebalite, Amonite, Amalechite, þeir Philistei með þeim af Tyro. [8]Assúr hefur samlagað sig þeim og hjástoð veitir sonum Lot. Sela. [9]Gjör við þá sem þú gjörðir við þá Madíaníta, so sem Síssera, so sem Jabín hjá læknum Kíson, [10]þeir eð tortýndust hjá Endór og urðu þar að saurindi jarðar. [11]Gjör þú þeirra höfðingja so sem Óreb og Seb, alla þeirra yfirmenn svo sem Seba og Salmana, [12]þeir eð það segja: „Vér viljum húsin Guðs eignast:“

[13]Minn Guð, gjör þá svo sem annað veltihjól og líka sem hálmstrá fyrir vindi. [14]Svo sem eldur hver að skógana uppbrennir og svo sem það bál hvert fjöllin loga lætur, [15]líka svo ofsæk þú þá með þínu stormviðri og skelf þá með

þinni óveðráttu. [16]Uppfyll þeirra auglit með forsmán svo að þeir verði eftir þínu nafni að spyrja, DROTTINN. [17]Skammist þeir sín og skelfist æ meir og meir og til skammar verði þeir og fyrirfarist. [18]Þá so munu þeir meðkenna það þú með þínu nafni heitir DROTTINN alleinasta og sá Hinn hæðsti í allri veröldinni.

84 (Sálmur sona Kóra. Upp á gitít fyrir að syngja.)Hversu elskulegar eru þínar tjaldbúðir, DROTTINN allsherjar! [2]Sálu mína forlengir og tregar eftir forgarði DROTTINS, mín sála og líkami gleður sig í þeim lifandi Guði. [3]Því að spörfuglinn hefur sér hreysi fundið og svalan hreiður til að útklekja ungum sínum, einkum þitt altari, DROTTINN allsherjar, minn konungur og minn Guð. [4]Sælir eru þeir sem í þínu húsi byggja því þeir lofa þig um aldur og ævi. Sela.

[5]Sæll er sá maður sem þig heldur fyrir sinn styrkleika og af hjarta þér eftir fylgir. [6]Þeir eð í gegnum þann táradalinn ganga og grafa þar upp brunna og þeir lærifeðurnir verða með margfaldlegri blessan prýddir. [7]Þeir öðlast hverja sigurvinning eftir aðra svo að sjást hlýtur það hinn sannarlegi Guð sé til Síon. [8]DROTTINN Guð allsherjar, heyr þú mína bæn og lát þér það skiljast, Guð Jakobs. Sela.

[9]Guð, vor hlífðarskjöldur, sjá þú þar til, álíttu ríkið þíns þess hins smurða. [10]Því að einn dagur í þínum fordyrum er betri en þúsund aðrir, eg vil miklu heldur dyravörður vera í Guðs míns húsi en lengi að búa út í tjaldbúðum óguðlegra. [11]Því DROTTINN er sól og skjöldur, DROTTINN gefur náð og heiður, hinir réttferðugu munu öngvan brest hafa á neinu góðu.

[12]DROTTINN Guð allsherjar, sæll er sá maður sem treystir upp á þig.

85 (Sálmur sona Kóra. Fyrir að syngja.) DROTTINN, þú sem áður vart miskunnsamur þínu landi og frelsaðir þá hina herteknu Jakobs, [2]þú sem áður fyrirgafst misgjörðirnar þínu fólki og niðurbyrgðir allar þeirra syndir. Sela. [3]Þú sem áður mýktir alla þína reiði og í burt snerir þér frá þinni heiftarbræði, [4]hugga oss, Guð vort hjálpræði, og tak í burt þína fáþykju frá oss. [5]Hvert viltu alla ævina oss reiður vera og útþenja þína reiði um aldur og ævi? [6]Viltu enn ekki lífga oss aftur svo að þitt fólk megi gleðja sig yfir þér? [7]Auðsýn þú oss, DROTTINN, þína miskunnsemi og gef oss þitt hjálpræði.

[8]Mætta eg fá að heyra það Guð DROTTINN hann talaði, að hann friðinn tilsegði sínu fólki og sínum heilögum so að þeir rötuðu ekki í neina fávisku. [9]Þó er hans hjálp þeim nálæg sem hann óttast, svo það dýrðin búi í voru landi.

[10]Að miskunnsemin og sannleikurinn mætist sín á milli og að réttvísin og friðurinn kyssi hvort annað, [11]so það trúin yxi á jörðu og réttvísin af himni ofan sæi, [12]svo að DROTTINN veiti oss góðvild, svo að vort land beri sinn ávöxt, [13]svo það réttvísin blífi þó samt fyrir honum og fái fullan framgang.

86 (Bæn Davíðs.) DROTTINN, hneig þitt eyra og bænheyr mig því að eg em vesall og volaður. [2]Varðveit þú sál mína því eg em heilagur, hjálpa þú mér, Guð, þræli þínum sem treystir á þig. [3]Miskunna þú mér, DROTTINN, því að daglegana kalla eg til þín. [4]Gleð þú sálina þræls þíns því að eftir þér, DROTTINN, forlengir mig.

[5]Því að þú, DROTTINN, ert góður og líknsamur og næsta miskunnsamur við alla þá eð þig ákalla. [6]Heyr þú, DROTTINN, mína bæn og hygg að kveinstafan minnar grátbeiðni. [7]Í minni ánauð kalla eg til þín, þú vildir nú þá bænheyra mig. [8]DROTTINN, enginn er þér líkur meðal guðanna og þar er ei sá

neinn sem svoddan verk kann gjöra sem þú. [9]Allar þjóðir hverjar þú hefur skapað munu koma og tilbiðja fyrir þér, DROTTINN, og þitt nafn dýrka [10]það þú ert svo máttugur og gjörir dásemdarverkin og þú alleina ert Guð.

[11]Kenn þú mér, DROTTINN, þína vegu so að eg gangi í þínum sannleika, varðveit mitt hjarta við það hið einkanlega svo að eg óttist þitt nafn. [12]Eg þakka þér, Drottinn Guð minn, út af öllu hjarta og heiðra þitt nafn eilíflega [13]því að þín miskunnsemi er mikil yfir mér og mína sálu hefur þú frelsað út af djúpi helvítis.

[14]Guð, hinir dramblátu setja sig upp á móti mér og sá flokkur víkinganna umsitur mína sál og hefur þig ekki sér fyrir augum. [15]En þú, DROTTINN Guð minn, ert mildur og miskunnsamur, þolinmóður og mikillrar miskunnsemdar og sannarlegur. [16]Líttu til mín og miskunna mér, styrk þræl þinn með þínum krafti og hjálpa þú son þinnar ambáttar. [17]Gjör þú eitt teikn við mig mér til góða svo það sjái þeir eð mig hata og skammist sín það þú, DROTTINN, hjálpar mér og huggar mig.

87 (Lofsöngur sona Kóra.) Styrklega er hún grundvölluð upp á heilögum fjöllum, [2]DROTTINN hann elskar portin Síon fram yfir allar tjaldbúðir Jakob. [3]Dýrðarlegar fagnir verða í þér prédikaðar, þú borgin Guðs. Sela.

[4]En eg mun Rahab og Babel prédika láta að þær skuli meðkenna mig. Sjá þú, Philistei og Tyri með þeim Blálendingum munu þar fæddir verða.[5]Til Síon mun sagt vera það allsháttaðir menn skuli þar fæddir verða og það hann sá Hinn hæðsti grundvalli hana. [6]DROTTINN hann mun prédika láta í allsháttuðu tungumáli so það einnin nokkrir skulu þar í þeim stað fæddir verða. Sela. [7]Og þeir söngvararnir svo sem dansmennirnir munu allir syngja í þér, einn sem annar.

88 (Lofsálmur sona Kóra fyrir að syngja. Af veikleik þeirra aumu. Eitt menntanarfræði Heman Efrahiter.)

DROTTINN Guð minn hjálpari, á nótt og degi kalla eg fyrir þér. [2]Mína bæn lát þú koma fyrir þig, hneig þín eyru til míns ákalls. [3]Því að sála mín er full af eymd og mitt líf það tekur helvíti að nálægjast. [4]Eg em reiknaður með þeim sem ofan fara í undirdjúpin, eg em líka sem sá maður hver eð öngva hjálp hefur. [5]Eg ligg á meðal þeirra framliðnu yfirgefinn, líka sem hinir í hel slegnu, þeir eð í gröfunum hvílast, hverra þú minnist eigi lengur og þeir út af þinni hendi fordrifnir eru. [6]Þú hefur mér í pyttinn niðursökkt, í myrkrið og í undirdjúpið. [7]Þín grimmd niðurþrykkir mér og allar þínar stórbylgjur þær þrengja að mér. Sela.

[8]Mína kunningja hefur þú gjört mér fjarlæga, þú hefur látið mig þeim að viðbjóð verða, eg ligg hertekinn og kann ekki í burt að komast. [9]Mín ásjána er herfileg af eymdar vesöld, DROTTINN, þig ákalla eg daglega, til þín útbreiði eg mínar hendur. [10]Muntu nokkuð meðal dauðra dásemdarverkin gjöra? Hvert munu hinir framliðnu upprísa og þakka þér? Sela. [11]Hvert mun nokkur í gröfunum framtelja þína miskunnsemi og þinn sannleik í fordjörfuninni? [12]Mega nokkuð þínar dásemdir í myrkrunum meðkenndar verða eður þitt réttlæti í landinu því sem fullt er með gleymsku? [13]En eg kalla til þín, DROTTINN, og mín bæn kemur árla fyrir þig. [14]Hvar fyri útskúfar þú, DROTTINN, sálu minni og byrgir þitt andlit fyri mér? [15]Eg em aumur og vanmegna af því að eg em svo burtrekinn, eg líð þína skelfing svo að eg örvilnust að mestu. [16]Þín heiftarbræði gengur yfir mig, þín skelfing hún þvingar mig. [17]Daglegana kringja þeir utan um mig líka sem vatn og allir til samans tortýna þeir mér. [18]Þú veldur því að mínir vinir og náungar, mínir

kunningjar taka sig langt í burt frá mér
fyrir þvílíkrar eymdar sakir.

89 (Menntanarfræði Etan Efrahiter) Eg vil syngja af miskunn
DROTTINS eilíflegana og þinn sannleik
kunngjöra með mínum munni um aldur og ævi. [2]Og eg segi svo: Ein eilífleg
náð mun uppkoma og að þú munir
þinn sannleik tryggilega halda á himnum.
[3]Sáttamála hefi eg gjört við mína útvalda, eg hefi svarið mínum þjón Davíð
[4]að eg vil þér sæði tilreiða eilíflegana og
þitt tignarsæti uppbyggja um aldur og
ævi. Sela.
[5]Og himnarnir munu, DROTTINN, þínar dásemdir prísa og þinn sannleik í
samkundum heilagra. [6]Því að hver má í
skýjunum DROTTNI samjafnast og á
meðal guðanna sona DROTTNI samlíkur
vera? [7]Guð hann er mjög máttugur yfir
öllum þeim sem í kringum hann eru.
[8]DROTTINN Guð allsherjar, hver er sá eð
þér sé líkur? So voldugur Guð? Og þinn
sannleikur er í kringum þig. [9]Þú drottnar yfir sjávar æðigangi, þú hægir hans
bylgjur nær eð þær upphefja sig. [10]Þú
niðurslær Rahab til dauðs, þú í sundurdreifir þínum óvinum með þínum
styrktararmlegg. [11]Himinninn og jörðin
eru þín, jarðarkringluna hefur þú
grundvallað og allt hvað þar er inni.
[12]Norðrið og suðrið það hefur þú skapað, Tabór og Hermonblómgast í þínu
nafni. [13]Þú hefur volduglegan armlegg,
öflug er þín hönd og há er þín hægri
hönd. [14]Réttvísi og dómur eru þíns sætis staðfesting, miskunn og sannleikur
eru fyrir þínu augliti.
[15]Sæll er sá lýður sem þá gleðinnar
skemmtun kann, DROTTINN, í ljósi þíns
andlits munu þeir ganga. [16]Yfir þínu
nafni munu þeir gleðja sig daglegana
og í þínni réttvísi dýrlegir vera. [17]Því að
hrósan þeirra styrkleiks ert þú og fyrir
þína mildi munt þú vort horn upp
hefja. [18]Því að DROTTINN er vor skjöldur
og sá Hinn Heilagi Ísraels er vor konungur. [19]Í þinn tíma talaðir þú fyrir
sjónir til þinna heilagra og sagðir: „Eg
hefi einn voldugan kappa uppvakið sá
eð hjálpa skal, einn útvaldan af fólkinu
hefi eg upphafið. [20]Eg hefi fundið minn
þjón Davíð, hann smurða eg með mínu
heilögu viðsmjöri. [21]Mín hönd skal honum fullting veita og minn armlegg skal
styrkja hann. [22]Óvinirnir skulu ei geta
yfirbugað hann og hinir ranglátu skulu
ekki niðurkefja hann [23]heldur þá skal
eg hans mótstöðumenn niðurslá og þá
eð hann hata vil eg plága. [24]En minn
sannleikur og miskunnsemi skal í hjá
honum vera og hans horn skal í mínu
nafni upphafið verða. [25]Hans hönd vil
eg í sjóinn setja og hans hægri hönd í
vötnin. [26]Hann mun nefna mig so: Þú
ert minn faðir, minn Guð og styrkur, sá
eð mér hjálpar. [27]Og eg vil setja hann
fyrir frumgetinn Son, allra hæðstan
meðal konunganna á jörðu. [28]Mína miskunnsemi vil eg eilíflega halda við hann
og minn sáttmáli skal honum staðfastur vera. [29]Eilíflega vil eg honum
sæði gefa og hans veldisstól styrkja æ
meðan himinninn varir. [30]Þó hans börn
yfirgefi mitt lögmál og gangi ekki í
mínum réttindum, [31]þó að þau vanhelgi
mínar réttlætingar og haldi ekki mín
boðorð [32]þá vil eg þeirra synda vitja
með hirtingarvendi og þeirra misgjörða
með refsingum [33]en minni miskunn vil
eg ekki frá þeim snúa og á mínum
sannleika öngvan brest vera láta.
[34]Minn sáttmála vil eg ekki vanhelga og
ekki það ónýtt gjöra sem framgengið er
af mínum munni. [35]Eitt sinn hefi eg
svarið við minn heilagleik: Eg vil ei
ljúga að Davíð. [36]Hans sæði skal eilíft
vera og hans veldisstóll líka sem sólin
fyrir minni augsýn. [37]Svo sem tunglið
þá skal hann staðfastur blífa eilíflegana
og líka so sem votturinn í skýjunum
sannarlegur vera.“ Sela.
[38]En nú vanrækir þú og fyrir óðal
leggur og reiður ert við þinn hinn

smurða. [39]Þú afrækir sáttmála þíns þjóns og fóttreður hans kórónu niður til jarðar. [40]Þú niðurbrýtur alla hans múrveggi og lætur hans hervirki niður hrynja. [41]Hann ræna allir þeir sem framhjá ganga, sínum nágrönnum er hann að háði vorðinn. [42]Hægri hönd hans mótstöðumanna upphefur þú og gleður alla hans óvini. [43]svo hefur þú einnin hans sverðsins kraft í burt tekið og lætur hann ekki fá sigur í stríðinu. [44]Þú niðurbrýtur hans hreinlæti og fleygir hans tignarsæti til jarðar. [45]Þú styttir tímann hans ungdómsaldurs og niðri byrgir hann með forsmán. Sela.

[46]DROTTINN, hversu lengi vilt þú þannin með öllu hulinn vera og þína heiftarreiði sem eld brenna láta? [47]Hugleið þú hversu skammvinnt mitt líf er, hvar fyrir viltu alla menn til einskis skapað hafa? [48]Hver er sá maður sem á lífi er að hann sjái ei dauðann eður sína sálu frelsi út af helvítis hendi? Sela.

[49]DROTTINN, hvar er nú þín fyrri miskunn sem þú hefur svarið Davíð í þínum sannleik? [50]Minnstu, DROTTINN, á niðran þinna þjónustumanna hverja eð eg ber í mínum barmi af öllu so mörgu fólki. [51]Hvar með þínir óvinir niðra þér, DROTTINN, þar með þeir níða fótspor þíns hins smurða.

[52]Lofaður sé DROTTINN eilíflegana. Amen. Amen.

BÓK IV

90 (Bæn Mosi guðsmanns.) DROTTINN, þú ert vort athvarf alltíð og ævinlega. [2]Fyrir en það fjöllin urðu og jörðin og það veröldin var sköpuð ertu Guð um aldir og að eilífu. [3]Þú sem manninn lætur í burt deyja og segir: „Komið aftur, þér mannanna synir.“ [4]Því að þúsund ár eru fyrir þér sem sá dagurinn eð í gær var umliðinn og so sem ein nætureykt. [5]Þú lætur þá í burt líða sem annað rennanda vatn og þeir eru svo sem svefn, líka sem gras það eð snarlega uppvisnar, [6]hvert eð snemma blómgast og skjótlega fölnar og að kveldi dags verður upphöggvið og uppþornar. [7]Það sama gjörir þín reiði að vér svo forgöngum og þín grimmd það vér hljótum svo skyndilega í burt. [8]Því að vorar misgjörðir setur þú fram fyrir þig, vorar óvitanlegar syndir í ljós fyrir þínu augliti. [9]Þar fyrir í burt líða allir vorir dagar fyrir þinni reiði, vér framleiðum vora áratölu svo sem annað ævintýr. [10]Vort líf varir um sjötígir ár en nær það kemst sem hæst þá er það áttatígir ár og þá það er sem kostulegast þá hefur það ekki utan hryggð og armæði verið því það líður snart í burt so sem flygum vér þaðan í frá.

[11]En hver trúir því það þú svo ákaflega reiðist og hver uggar um sig fyrir þvílíkri þinni grimmarreiði? [12]Kenn þú oss að hugsa það vér hljótum að deyja svo að vér fortaldir verðum.

[13]Snú þú þér þó, DROTTINN, til vor aftur og vert þínum þjónum miskunnsamur. [14]Árla seð þú oss með miskunn þinni, þá viljum vér gleðjast og glaðværir vera um vora lífdaga. [15]Gleð oss nú aftur eftir langa þvingan oss veitta, eftir þá langa ólukku sem vér höfum þolað. [16]Auðsýn þínum þjónum þín verk og þína vegsemd sonum þeirra. [17]Og DROTTINN Guð vor sé oss líknsamur og framkvæmi í hjá oss verkið vorra handa, já það verkið vorra handa þa vilji hann framkvæma.

91 Hver hann býr undir skjóli Hins hæsta og skýlist undir skugga Hins Almáttuga, [2]sá segir til DROTTINS: „Mitt traust og mitt vígi, minn Guð á hvern eg treysti.“

[3]Því að hann frelsar þig út af snöru veiðimannsins og út af þeirri skaðsamlegri drepsótt. [4]Hann mun skýla þér með sínum fjöðrum og þitt trúnaðartraust mun vera undir hans vængjum. Hans sannleikur er bæði skjöldur og verja. [5]So að þú þurfir ei að skelfast fyri ógnan næturinnar, fyrir þeim skeytun-

um sem á daginn fljúga, [6]fyrir þeirri drepsóttinni sem í myrkrunum læðist, fyrir þeirri sýkinni sem um miðdegið fordjarfar. [7]Þótt að þúsund niðurfalli hjá þinni síðu og tíu þúsund til þinnar hægri handar þá mun hún þó ekki hæfa þig. [8]Já, þú munt þinn vilja sjá með þínum augum og líta á það hvernin eð þeim óguðlegum mun endugoldið verða.

[9]Því að DROTTINN er þitt trúnaðartraust, sá Hinn Hæsti er þitt athvarf. [10]Þig mun ekkert vondslegt henda og engin plága mun nálægja sig til þíns heimkynnis. [11]Því að hann hefur boðið sínum englum um þig að þeir skuli varðveita þig í öllum þínum vegum, [12]að þeir á höndum beri þig svo að þú steytir ei fót þinn við steini. [13]Yfir leóna og eiturorma muntu ganga og með fótum troða leóns hvolpana og flugdrekana.

[14]„Fyrst hann girnist mig vil eg frelsa hann, hann þekkir mitt nafn, þar fyrir vil eg vernda hann. [15]Hann kallar til mín og eg vil bænheyra hann, eg em hjá honum í neyðinni, eg vil honum þaðan út rykkja og hann vegsamlegan gjöra. [16]Eg vil seðja hann með langgæðlegum lífdögum og eg vil auðsýna honum mitt hjálpræði.“

92 (Sálmasöngur á sabbatsdegi.) Ágætlegt er DROTTNI þakkir að gjöra og lofsyngja þínu nafni, þú Hinn Hæðsti, [2]að morni þína miskunn og að kveldi þinn sannleik að kunngjöra, [3]á tíu strengja hljóðfæri og psalterio, með lofslætti á hörpunni. [4]Því að þú, DROTTINN, lætur mig glaðværan syngja út af þínum verkum og það eg hrósi verkunum þinna handa.

[5]DROTTINN, hversu merkileg að eru þín verk, þínir þankar eru mjög djúpir. [6]Hinn fávísi trúir því ekki og sá hinn sjálfheimski skynjar það ekki. [7]Hinir óguðhræddu spretta upp sem gras og þeir illgjörðamenn blómgast allir, þangað til þeir afmáðir verða um aldur og ævi. [8]En þú, DROTTINN, ert sá Hinn Hæðsti og blífur eilíflegana.

[9]Því að sjá þú, DROTTINN, þínir óvinir, sjá þú, þínir óvinir munu fyrirfarast og allir illvirkjar munu í sundurdreifðir verða. [10]En mitt horn mun upphafið verða so sem annars einhyrnings og eg mun verða smurður með fersku viðsmjöri. [11]Og mín augu munu sjá sína vild á óvinum mínum og mitt eyra mun heyra sinn vilja á þeim illskufullum sem setja sig upp á móti mér.

[12]Hinn réttláti mun blómgast svo sem pálmaviður, hann mun vaxa so sem annað sedrustré í Líbanon. [13]Þeir sem innplantaðir eru í húsi DROTTINS munu í fordyrum Guðs vors blómgast [14]og nær að þeir taka einnin aldraðir að verða þá munu þeir þó blómgast samt einnin og ávaxtasamir og ferskir vera [15]so það þeir kunngjöri að DROTTINN sé réttlátur, mitt bjarg og engin rangindi eru með honum.

93 DROTTINN er konungur og dýrlega skrýddur, DROTTINN er veglega búinn og hefur eitt ríki uppbyrjað, svo vítt sem það veröldin er og fyrirbúið að það skuli blífa. [2]Síðan þá stendur þinn veldisstóll stöðugur, þú ert eilíflegur.

[3]DROTTINN, þeir vatsstraumarnir forhefja þig, þeir vatsstraumarnir forhefja sinn nið, þeir vatsstraumarnir forhefja bylgjurnar. [4]Þær vasbylgjurnar í hafinu eru miklar og þjóta upp ógurlega en DROTTINN í upphæðunum er þó enn meiri. [5]Þín orð eru einn réttferðugur lærdómur, heilagleikinn er prýðin þíns húss, DROTTINN, eilíflegana.

94 DROTTINN Guð, hvers að hefndin er, augsýn þig. [2]Upphef þig, þú dómari veraldarinnar, endurgjald þeim dramblátu hvað þeir verðskulda. [3]DROTTINN, hversu lengi skulu hinir óguðhræddu, hversu lengi

eiga hinir óguðhræddu hafa þennan
ofsa [4]og so drambsamlega að tala og
allir illgjörðamenn að hrósa sér?
[5]DROTTINN, þeir plága þitt fólk og
þvinga þína arfleifð. [6]Ekkjurnar og
framandi menn í hel slá þeir og lífláta
hina föðurlausu [7]og segja: „DROTTINN
sér það ekki og Guð Jakobs skeytir þar
ekki um.“
[8]Hyggið að, þér vitleysingar meðal
fólksins og hinir fávísu: Hvenær vilji
þér skynsamir verða? [9]Sá sem eyrað
hefur plantað skyldi hann ekki heyra?
Hann sem augað hefur skapað skyldi sá
ekki sjá? [10]Hann sem agar hina heiðnu,
skyldi hann ekki refsa? Sá ið mönnun-
um kennir það hvað þeir vita. [11]En
DROTTINN veit hugsanir mannanna, að
þær eru hégómlegar.
[12]Sæll er sá maður sem þú agar,
DROTTINN, og menntar hann fyrir þitt
lögmál, [13]so að hann hafi þolinmæði
nær ið á móti gengur, allt þar til ið
þeim óguðlega verður gröfin búin. [14]Því
að DROTTINN hann mun ekki forleggja
sitt fólk né heldur yfirgefa sína arfleifð.
[15]Því að réttindin hljóta réttindi að blífa
og þeim munu allir réttferðugir af
hjarta eftir fylgja.
[16]Hver veitir mér hjástóð í gegn þeim
illskufullum eður hver styrkir mig í
móti þeim illgjörðamönnum? [17]Ef að
DROTTINN hann hefði ekki hjálpað mér
þá lægi mín önd allareiðu í þeirri þögn-
inni. [18]Eg sagða: „Minn fótur hefur
skeikað.“ En þín miskunn, DROTTINN,
hjálpaði mér. [19]Mikla hryggð hafða eg í
mínu hjarta en þínar hugganir þá
glöddu mína sálu. [20]Aldrei þá muntu
samþykkur verða því skaðsamlega há-
sæti, hvert ið lögmálið illa útleggur.
[21]Þeir brynja sig út í móti sálu hins rétt-
ferðuga og dæma saklaust blóð. [22]En
DROTTINN er mín verndarhlíf, minn Guð
er styrkur míns athvarfs [23]og hann mun
endurgjalda þeim þeirra ranglæti og
mun afmá þá fyrir þeirra illsku sakir,
DROTTINN Guð vor hann mun afmá þá.

95 Komið hingað, látum oss lof-
syngja DROTTNI og lofsyngja
styrkleik vors hjálpræðis. [2]Látum oss
með þakkargjörð fyrir hans ásjónu
koma og með sálmum honum lof-
syngja. [3]Því að DROTTINN hann er mikill
Guð og einn máttugur konungur fram
yfir alla guði. [4]Því að í hans hendi er allt
það sem jörðin hefur og hæðir fjallanna
eru hans einnin, [5]því hans er sjávarhaf-
ið og hann hefur það gjört og hans
hendur hafa þurrlendið tilbúið.
[6]Komið, látum oss tilbiðja og niður
krjúpa og framfalla fyrir þeim DROTTNI
sem oss hefur gjört. [7]Því að hann er vor
Guð og vér fólk hans haglendis og
sauðir hans handa. [8]Í dag þó að þér
heyrið hans rödd þá forherðið ekki yð-
ar hjörtu, svo sem að skeði til Meríba,
líka sem til Massa á eyðimörkinni,
[9]hvar ið feður yðar freistuðu mín,
fundu þó og sáu mín verk, [10]svo það í
fjörutígir ár hafða eg deilur við þetta
fólk og eg sagða: „Það eru þeir menn
sem ætíð fara villt í sínum hjörtum og
þeir ið ei vilja læra mína vegu.“ [11]Svo
það eg sór í minni reiði að eigi skyldu
þeir koma til minnar hvíldar.

96 Syngið DROTTNI nýjan lofsöng,
syngi DROTTNI öll veröldin,
[2]syngið DROTTNI og lofið hans nafn,
kunngjörið dag frá degi hans hjálpræði.
[3]Kunngjörið á meðal heiðinna þjóða
hans dýrð, meðal allsháttaðra þjóða
hans dásemdir. [4]Því að DROTTINN er
mikill og mjög loflegur, dásamlegur
fram yfir alla guði. [5]Því að allir guðir
þjóðanna eru afguðir en DROTTINN
hann hefur himninninn gjört, [6]ágæta vel
og fagurlega þá stendur fyrir hans aug-
sýn og gengur volduglega og loflega til
í hans helgidómi.
[7]Þér þjóðir, færið hingað DROTTNI,
færið hingað DROTTNI dýrð og magt,
[8]færið hingað DROTTNI dýrðina hans
nafns, færið gjafir og gangið inn í hans
fordyri. [9]Tilbiðjið DROTTIN í heilögum

skrúða, öll veröldin hún óttist hann.
10Segið á meðal heiðinna þjóða það
DROTTINN hann er konungurinn og hafi
sitt ríki tilreitt svo vítt sem öll veröldin
er að það skuli blífa og hann dæmir
fólkið réttvíslega.
11Himinninn hann gleðji sig og jörðin
sé glaðvær, sjávarhafið það þjóti upp og
allt hvað þar er inni, 12jarðarfoldin
gleðji sig og allt hvað þar er upp á og öll
trén í skóginum þá séu glaðvær 13fyrir
DROTTNI því að hann kemur, því að
hann kemur til að dæma jarðríkið,
hann mun jarðarkringluna dæma með
réttvísi og fólkið með sínum sannleika.

97 DROTTINN hann er konungurinn, þess gleður sig jarðríkið og
eyjarnar sé glaðværar svo margar sem
þær eru. 2Skýin og þokan eru í kringum
hann, réttvísin og dómurinn eru
grundvallan hans tignarsætis. 3Eldurinn útgengur fyrir honum og brennir
allt um kring hans óvini. 4Hans
eldingar leiftra um jarðarkringluna svo
það jörðin sér það og skelfist við.
5Björgin bráðna niður sem annað vax
fyrir DROTTNI, fyri drottnaranum alls
jarðríkis.
6Himnarnir kunngjöra hans réttlæti
og allar þjóðir þá sjá hans vegsemd.
7Skammist þeir sín allir sem göfga
líkneskin og hrósast í skúrgoðum, tilbiðjið hann, allir guðir.
8Síon heyrði það og gladdist við og
dæturnar Júda þær gleðja sig,
DROTTINN, yfir þinni ríkisstjórnan. 9Því
að þú, DROTTINN, ert sá Hinn hæðsti í
öllum löndum, þú ert mjög upphafinn
yfir alla guði.
10Þér sem elskið DROTTIN, hatið hið
vonda, DROTTINN hann varðveitir sálir
sinna heilagra, út af hendi óguðhræddra þá mun hann frelsa þær.
11Hinum réttláta hlýtur ætíð ljósið upp
aftur að renna og fögnuðurinn þeim
réttferðugum í hjarta. 12Þér réttlátir,
gleðjið yður í DROTTNI og þakkið honum og prísið hans heilagleik.

98 Syngið Guði nýjan lofsöng því
að hann gjörir dásamleg verk,
hann yfirvinnur með sinni hægri hönd
og með sínum heilögum armlegg.
2DROTTINN lætur sitt hjálpræði kunnigt
vera, fyrir fólkinu lætur hann sitt réttlæti opinbera. 3Hann minnist á sína
miskunn og sannleika við húsið Ísrael.
Öll endimörk jarðarinnar munu sjá
hjálpræðið Guðs vors.
4Syngi hátt lof DROTTNI öll veröldin,
syngið, vegsamið og lofið. 5Lofið
DROTTIN með hörpunni, meður hörpunnar slætti og lofsöngvum, 6meður herlúðrum og hornablástri, syngið hátt lof
í augsýn DROTTINS þess konungsins.
7Sjávarhafið það þjóti upp og hvað
þar er inni, jarðarkringlan og allt hvað
þar upp á byggir, 8þau rennandi vögnin
gleðjist við og öll vötnin séu glaðvær
9fyrir DROTTNI því að hann kemur að
dæma jarðríkið, hann mun jarðarkringluna dæma með réttlæti og fólkið
með réttindum.

99 DROTTINN hann er kóngurinn,
fyrir það sturlast fólkið, hann
situr yfir kerúbím, þar fyrir ókyrrar sig
veröldin. 2DROTTINN er mikill til Síon og
hár upp yfir öllu fólki. 3Þakki menn
þínu miklu og dásamlegu nafni hvert
að heilagt er.
4Í ríki þessa konungsins þá elska
menn réttinn, þú hefur réttvísina, þú
gjörir dóminn og réttvísina í Jakob.
5Forhefjið DROTTIN Guð vorn, tilbiðjið
fyrir hans fótskör því að hann er heilagur.
6Móses og Aron meðal hans kennimanna og Samúel meður þeirra sem
hans nafn ákalla, þeir ákalla DROTTIN og
hann bænheyrði þá. 7Hann talaði við þá
í gegnum skýjastólpann, þeir héldu
hans vitnisburði og þau boðorð sem
hann gaf þeim. 8DROTTINN, þú ert vor

Guð, þú bænheyrðir þá, þú Guð fyrirgafst þeim og vandaðir um þeirra breytni. [9]Forhefjið DROTTIN vorn Guð og tilbiðjið fyrir hans heilögu fjalli því að DROTTINN vor Guð hann er heilagur.

100 (Einn þakklætissálmur.) Syngið hátt lof DROTTNI, öll veröldin, [2]þjónið DROTTNI með fögnuði, komið fyri hans ásján með glaðværi. [3]Meðkenni það DROTTINN er Guð, hann hefur gjört oss og ekki sjálfir vér, sér til fólks og til sauða sinnar hjarðar.

[4]Gangið inn um hans borgarhlið með þakkargjörð og um hans fordyri með lofsöngvum, þakkið honum, lofið hans nafn.[5]Því að DROTTINN hann er ljúfur og hans miskunnsemi varir eilíflegana og hans sannleikur um aldur og ævi.

101 (Sálmur Davíðs.)Af miskunnsemi og dóminum vil eg syngja og þér, DROTTINN, lof segja. [2]Forsjállega og skilvíslega breyti eg viður þá sem mér til koma og geng meinlauslega fram í mínu húsi. [3]Eg tek mér ekkert vont málefni til, eg stugga við honum sem illa gjörir og læt hann ekki hjá mér vera. [4]Eitt hrekkvíst hjarta það hlýtur frá mér að víkja, hinn illgjarna líð eg ekki. [5]Hann sem heimuglega bakmælir sínum náunga, þann afmái eg, hann fæ eg og eigi liðið sem dramblátur og metnaðarfullur er.

[6]Mín augu líta til þeirra trúlyndra í landinu so að þeir búi hjá mér og gjarnan þá hefi eg fróma þénara. [7]Undirhyggjusamt fólk þa held eg ei í mínu húsi, hinir lygigjörnu hafa ekkert athvarf hjá mér. [8]Snemma þá afmái eg alla ómilda í landinu svo það eg afmái alla illgjörðamenn út af borginni DROTTINS.

102 (Bæn hins fáráða nær eð hann kvelst í hugarangri og fyrir Drottni úthellir sinni hryggðarbæn.)DROTTINN, heyr þú bæn mína og láttu mitt ákall til þín koma. [2]Byrg ekki þitt andlit fyrir mér, út í neyðartíma þá hneig þú þitt eyra til mín, nær að eg kalla á þig þá bænheyr þú mig sem skjótast. [3]Því að mínir dagar eru í burt liðnir sem reykur og mín bein þau eru forbrennd líka sem annar eldibrandur, [4]mitt hjarta er slegið og uppþornað líka sem annað gras svo það eg forgleymi míns brauðs að neyta. [5]Mín bein þau loða við mitt hold út af gráti og andvarpan. [6]Eg em vorðinn líka so sem reyrstorkur á eyðimörku, eins líka em eg vorðinn svo sem önnur náttugla í eyðihúsum, [7]eg vaki og em so sem einmana fugl á húsþekjum uppi. [8]Daglega níða mig mínir óvinir og þeir eð hæða að mér sverja um mig. [9]Því að ösku et eg líka sem brauð og með harminum samblanda eg minn drykk [10]fyrir þinni ógnan og heiftarreiði, því að þú hefur svo upplyft mér og mig í grunn niðurslegið. [11]Mínir dagar eru í burtu liðnir sem skuggi og eg sem so sem annað hey uppþornaður. [12]En þú, DROTTINN, blífur ævinlega og þín minning um aldur og ævi. [13]Tak þig upp og vert miskunnsamur yfir Síon því að tíminn er til að þú sért henni líknsamur og sá tími er kominn. [14]Því að þínir þjónustumenn vildu fegir að hún uppbyggðist og sæi gjarnan það hennar steinar og kalk tilbúið yrði [15]so það, DROTTINN, hinir heiðnu óttuðust þitt nafn og allir konungarnir á jörðu þína dýrð. [16]Því að DROTTINN hann uppbyggði Síon og birtist svo í þinni vegsemd. [17]Hann álítur bænaákall hinna fyrirlitnu og forsmáir ekki þeirra bæn.

[18]So það verður ritað upp á eftirkomandi kynkvíslir og það fólk sem skapað skal verða mun lofa DROTTIN. [19]Því að hann lítur út af sinni heilagri hæð og DROTTINN hann sér af himni ofan á jörðina [20]svo að hann heyri andvarpan hins hertekna og leysi sonu dauðans [21]upp á það þeir kunngjöri nafnið DROTTINS til Síon og hans lof til Jer-

úsalem [22]þá eð fólkið kemur til samans
og kóngaríkin DROTTNI að þjóna.
[23]Hann linaði á veginum minn kraft,
hann stytti mína daga. [24]Eg segi: „Minn
Guð, svipt mér ekki í burt að hálfnuð-
um dögum mínum, þín ár þau vara um
aldur og ævi.“ [25]Þú hefur þegar af upp-
hafi jörðina grundvallað og himnarnir
eru þín handaverk. [26]Þeir forganga en
þú blífur, allir munu þeir fyrnast so
sem annað fat, þeir munu skiptast svo
sem annað klæði þá eð þú umskiptir
þeim. [27]En þú blífur þann sami þú ert og
þín ár taka öngvan enda. [28]Synir þinna
þjónustumanna munu blífa og þeirra
sæði mun tíngast fyrir þér.

103 (Sálmur Davíðs.) Lof seg
þú, sála mín, DROTTNI og
allt hvað í mér er hans heilögu nafni.
[2]Lof seg þú DROTTNI, sála mín og for-
gleym ei öllu því góðu sem hann hefur
gjört mér, [3]hann hver eð fyrirgefur þér
allar þínar syndir og græðir allar þínar
meinsemdir, [4]hver eð frelsar þitt lít út
af fordjörfuninni og kórónar þig með
mildi og miskunnsemi, [5]hver eð þinn
munn glaðværan gjörir og endurnýjar
þig og ungan gjörir, líka sem annan
örn. [6]DROTTINN hann útvegar þeim rétt-
læti og dóm öllum sem rangindin líða.
[7]Hann lét Mosen vita sína vegu og sonu
Ísrael sín verk. [8]Líknarfullur og mis-
kunnsamur er DROTTINN, þolinmóður
og harla góðgjarn. [9]Hann er ei alla æv-
ina bystur og reiðist ekki eilíflegana.
[10]Hann breytir ei viður oss eftir vorum
syndum og endurgeldur oss ekki eftir
vorum misgjörningum. [11]Því að so hátt
sem það himinninn er upp yfir jörðinni
þá lætur hann sína miskunnsemi mikla
vera yfir þeim sem hann óttast. [12]Svo
fjarri sem það austrið er vestrinu so
lætur hann vorar misgjörðir oss fjar-
lægar vera. [13]Líka sem það faðirinn er
börnunum líknsamur, eins þá er
DROTTINN miskunnsamur við þá sem
hann óttast. [14]Því að hann veit hvaða
verkefnum vér erum, honum til hugar
kemur það vér erum duft jarðar.
[15]Maðurinn er um sína lífdaga sem
annað gras, líka sem blómsturið ak-
ursins blómgast hann. [16]Nær eð andinn
í burt líður af honum þá er hann ei meir
og hans staður þekkir hann ei lengur.
[17]En miskunn DROTTINS varir um aldur
og ævi yfir þeim sem hann óttast og
hans réttlæti er yfir barnabörnum, [18]í
hjá þeim sem varðveita hans sáttmála
og minnast á hans boðorð svo að þeir
gjöri þar eftir.
[19]DROTTINN hefur sinn veldisstól á
himnum tilbúið og hans ríki það
drottnar yfir öllum hlutum. [20]Lof segið
DROTTNI, þér allir hans englar, þér öfl-
ugar kempur sem hans erindi útrétta,
svo að heyrist raust hans orða. [21]Lof
segið DROTTNI, allar hans hersveitir,
hans þénarar, þér sem hans vilja gjörið.
[22]Lof segið DROTTNI, öll hans verk í öll-
um áttum hans herradæmis, lof seg þú,
sál mín, DROTTNI.

104 Lof seg þú DROTTNI, sála
mín, DROTTINN minn Guð,
næsta vegsamlegur þá ertu, fagurlega
ana og dýrðlega ertu prýddur. [2]Ljósinu
ertu skrýddur svo sem öðru klæði, þú
útbreiðir himininn sem annað vefnað-
artjald. [3]Þú hvelfir hann ofan með vötn-
unum, þú fer á skýjunum sem á öðrum
vagni og gengur á fjöðrum vindsins.
[4]Þú sem gjörir þína engla að vindsanda
og þína þénara að eldsloga, [5]þú sem
grundvallað hefur jarðríkið yfir sinni
staðfestu so að það blífur um aldur og
ævi. [6]Meður undirdjúpinu hylur þú það
so sem með öðru klæði og vötnin
standa upp yfir fjöllunum. [7]En fyrir
þinni ströffun þá flýja þau, fyrir hljóði
þinnar reiðarþrumu fara þau burt það-
an. [8]Fjöllin þau gnæfa hátt upp og dal-
irnir þeir lægja sig þar undir, út í þeim
stað sem þú hefur þau grundvallað.
[9]Takmark hefur þú sett, þar komast
þau ei út yfir og þau mega ekki jörðina

að nýju hylja. [10]Þú lætur brunnana uppspretta í smádölunum so það vötnin framfljóta milli fjallanna [11]so það öll dýr á mörkunum fái að drekka og það villidýrin slökkvi sinn þorsta. [12]Hjá þeim hinum sömum sitja fuglar loftsins og syngja á millum viðarkvistanna. [13]Þú vökvar fjöllin hér ofan að, þú fyllir landið af ávextinum sem þú gefur.

[14]Þú lætur grasið uppspretta fyrir fénaðinn og kornsæðið mönnum til nytsemda so það þú útleiðir brauðið af jörðunni [15]og að vínið gleðji mannsins hjarta og að hans ásjón hýrleg verði út af viðsmjörinu og að brauðið styrki mannsins hjarta,[16]so það skógartrén DROTTINS standa hlaðin með frjóvgan, þau sedrustrén í Líbanon sem sjálfur hann hefur plantað. [17]Þar hreiðra sig fuglarnir og storkarnir byggja upp í greniviðartrjánum. [18]Þau hávu björgin eru steingeitanna athvarf og bjargskorurnar smádýranna inni.

[19]Þú gjörir tunglið, árinu þar eftir að skipta, sólin hún veit sína niðurgöngu. [20]Þú gjörir myrkt so að nóttin verður, þá hreyfa sér öll villudýr. [21]Þau inu ungu leónin grenja þá eftir bráðinni og leita sinnar fæðslu af Guði. [22]En nær sólin gengur upp taka þau sig í burt þaðan og leggja sig í sitt bæli. [23]Þá gengur maðurinn út til síns verks og er að sinni vinnu allt til kveldins.

[24]DROTTINN, hversu mikil og mörg að eru þín verk, öll hefur þú þau með speki tilsett og jörðin er full af þinni góðgirni. [25]Sjávarhafið það sem er svo vítt og mikið, þar sveima inni óteljanlegar bæði smár kindur og stórar. [26]Þar í gegnum ganga skipin, þar inni eru þeir hvalir hverja að þú hefur gjört so það þeir leika sér þar inni.

[27]Þetta vonar allt upp á þig so að þú gefur þeim fæðslu í hallkvæmam tíma. [28]Nær að þú gefur þeim þá samansafna þeir, nær að þú upplýkur þinni hendi þá verða þeir með góðsemd saddir. [29]Hylur þú þitt andlit þá skelfast þeir, þú í burt tekur þeirra andardrátt, þá fyrirfarast þeir og verða svo aftur að dufti. [30]Þú útsendir þinn anda, þá skapast þeir og þú endurnýjar augsýn jarðarinnar.

[31]Dýrðin DROTTINS er eilífleg, DROTTINN hann hefur þóknan á sínum verkum. [32]Hann álítur jörðina, þá skelfur hún, hann áhrærir fjöllin, þá rýkur af þeim. [33]Eg vil lofsyngja DROTTNI mína lífdaga og minn Guð lofa æ so lengi sem eg er. [34]Mín ræða verði honum þægileg en eg gleðst í DROTTNI.

[35]Hinir syndugu verða í burt sviptir af jörðu og hinir óguðhræddu so að þeir sé ei lengur. Lof seg þú, sál mín, DROTTNI. Halelúja.

105 Þakki þér DROTTNI og prédikið hans nafn, viðfrægið hans verk á meðal fólksins. [2]Syngið af honum og lofið hann, segið út af öllum hans dásemdum. [3]Hrósið hans heilaga nafni, hjartað þeirra sem DROTTNI leita það gleðji sig. [4]Spyrjið eftir DROTTNI og eftir hans styrk, leitið hans andlits alla tíma. [5]Minnist hans dásemdarverka þau eð hann hefur gjört, hans stórmerkja og hans orðs, [6]þér sæðið Abrahams, hans þjónustumanns, þér synir Jakobs, þess hins útvalda.

[7]Hann er DROTTINN vor Guð, hann dæmir út í allri veröld. [8]Hann minnist síns sáttmála eilíflega, þess orðsins sem hann hefur fyrirheitið í marga þúsund liðu, [9]það hann hefur bundið við Abraham og síns eiðs við Ísak. [10]Og hann setti Jakob það sama fyrir boðorð og Ísrael til eilífs sáttmála [11]og sagði: „Þér vil eg gefa landið Kanaan, hlutskipti yðar arfleifðar“ [12]þá eð þeir voru fáir að tölu og ei margir og framandi þar inni. [13]Og þeir fóru í frá einni þjóð til annarrar, úr öðru ríkinu til eins annars fólks. [14]Öngvan mann lét hann þeim skaða gjöra og kóngana þá straffaði hann þeirra vegna. [15]„Snertið ekki

mína þá hina smurðu og gjörið mínum
prophetum öngva meinsemd.“
16Og hann lét hallærið koma yfir
landið og í burtsvipti öllum tilföngum
fæðslunnar. 17Hann sendi einn mann
undan þeim, Jósef var seldur út í þræl-
dóm. 18Þeir þvinguðu hans fætur í fjötr-
um, hans líkami hlaut í járnum að
liggja. 19Allt þangað til að hans orð það
kom fram og ræða DROTTINS gagn-
hreinsaði hann. 20Þá sendi kóngurinn
út og lét láta hann lausan, höfðinginn
fólksins skipaði hann út að láta. 21Hann
setti hann herra yfir sitt hús og höfð-
ingja yfir allar sínar eignir 22svo það
hann menntaði hans höfðingja eftir
sinni speki og vísdóm kenndi hans
öldungum.
23Og Ísrael fór í Egyptaland og Jakob
varð einn framandi mann í landinu
Kam. 24Og hann lét sitt fólk aukast
mjög og gjörði þá megtugri en þeirra
óvini. 25Hann umsneri hjörtum hinna
annarra so að þeir höfðu hans fólk að
hatri og þenktu sér með slægð hans
þénara niður að kefja. 26Hann sendi
sinn þjón Moysen, Aron þann eð hann
útvaldi. 27Þeir hinir sömu gjörðu hans
teikn á meðal þeirra og hans stórmerki
í landinu Kam. 28Hann sendi myrkurin
og lét dimmt verða og þeir voru ekki
óhlýðugir hans orðum. 29Hann sneri
vötnum þeirra í blóð og drap so þeirra
fiska. 30Þeirra land útleiddi froska af
sér, inn í þau hinu innstu herbergi
þeirra konunga. 31Hann sagði, þá komu
illskuormar og lýs í allar þeirrar
landsálfur. 32Hann gaf þeim hagl fyrir
regn, eldsloga út í þeirra land 33og sló
þeirra vínvið og fíknatré og í sundur-
braut öll aldintré í þeirra takmörkum.
34Hann sagði, þá komu engisprettur og
grasmaðkar ótal 35og þeir átu upp allt
gras í þeirra landi og þeir átu upp allan
ávöxt á þeirra akurlöndum. 36Og hann
sló allan frumgetnað á Egyptalandi, alla
þeirra fyrstu erfingja. 37Og hann
útleiddi þá með gulli og silfri og í bland
þeirra slektis var enginn vanfær. 38Eg-
yptaland gladdist við að þeir útfóru því
að hræðslan af þeim til var yfir þá
dottin. 39Hann breiddi út skýið til að
skýla þeim og eldinn á nóttinni til að
lýsa þeim. 40Þeir beiddu, þá lét hann
lynghænsn koma og hann saddi þá með
himnabrauði. 41Hann opnaði hellu-
bjargið, þá rann vatn út þaðan so að þar
runnu lækir í þurrlendri eyðimörku.
42Því að hann minntist á sitt heilaga orð
sem hann hafði talað til Abrahams síns
þjónustumanns. 43Þannin útleiddi hann
sitt fólk með fagnaði og sína útvalda
með gleði 44og gaf þeim löndin
heiðingjanna so það þeir eignuðust
auðæfin þjóðanna 45upp á það að þeir
skyldi halda hans réttlætingar og varð-
veita hans lögmál. Halelúja.

106 Halelúja. Þakki þér DROTTNI
því að hann er góður og
hans miskunnsemi varir eilíflega. 2Hver
kann kraftaverki DROTTINS út að segja
og öll hans dásemdarverk að lofa? 3Sæl-
ir eru þeir sem varðveita réttindin og
gjöra alla tíma hvað réttferðugt er.
4Minnstu mín, DROTTINN, eftir þeirri
miskunn að þú hefur til sagt fólki þínu.
Veittu oss þitt hjálpræði 5svo að vér
megum sjá velferð þinna útvaldra og að
gleðja oss yfir því það þínu fólki vel
vegnar og að hrósa oss meður þinni
arfleifð.
6Vér höfum syndgast meður forfeðr-
um vorum, vér höfum misgjört og höf-
um óguðhræddir verið. 7Feður vorir á
Egyptalandi vildu ekki skilja þínar
dásemdir, þeir hugleiddu ekki mikilleik
þinna miskunnsemda og voru óhlýð-
ugir við sjávarhafið, einkum við hafið
rauða. 8En hann hjálpaði þeim fyrir síns
nafns sakir so að hann auðsýndi sína
magt 9og hann hastaði á hafið rauða, þá
varð það burt og hann leiddi þá í gegn-
um undirdjúpið líka sem um aðra eyði-
mörk. 10Og hann frelsaði þá út af hendi
þeirra sem þá hötuðu og leysti þá út af

hendi óvinarins. [11]Og vatnið það drekkti þeirra mótstöðumönnum svo það enginn þeirra varð eftir. [12]Þá trúðu þeir á hans orð og sungu honum lof.

[13]En þeir forgleymdu snarlega hans verkum, þeir biðu ekki eftir hans ráðum. [14]Og þeir fengu girndarfýsn á eyðimörkinni og freistuðu Guðs á þeim örræfisóbyggðum. [15]Og hann veitti þeim þeirra bænastað og sendi þeim nógan saðning svo að þá velgdi þar við. [16]Og í herbúðunum settu þeir sig upp á móti Mosen, í mót Aron þeim heilaga DROTTINS. [17]Jörðin opnaði sig upp og gleypti Datan og lukti sig út yfir Abíram[18]og eldurinn tendraðist upp í þeirra samkundum, loginn hann uppbrenndi hina óguðlegu. [19]Þeir gjörðu sér kálf í Hóreb og tilbáðu það steypt skúrgoð [20]og þeir umsneru þeirra dýrð út í líking nauts þess eð grasið étur. [21]Þeir forgleymdu Guði sem þá hafði frelsað, hver eð soddan stórmerki hafði gjört á Egyptalandi, [22]dásemdarverkin í landinu Kam og þau hræðilegu undurin í hafinu rauða. [23]Og hann sagði það hann vildi afmá þá, ef að Móses hans hinn útvaldi hefði ekki aftrað þeirri mannplágu til að stilla hans reiði svo að hann glataði þeim ekki með öllu.

[24]Og þeir forsmáðu það hið ágæta landið, þeir trúðu ekki hans orðum. [25]Og þeir mögluðu í sínum landtjöldum, þeir hlýddu ekki raust DROTTINS. [26]Og hann hóf sína hönd upp í móti þeim svo það hann niðurslægi þá í eyðimörkinni. [27]Og hann í burtfleygði þeirra sæði meðal heiðinna þjóða og í sundurdreifði þeim út í löndin. [28]Og þeir gáfu sig til Baal Peór og átu af fórnfæringum dauðra skúrgoða. [29]Og þeir reittu hann með sínum verkum, þá kom og svo plágan á meðal þeirra. [30]Þá gekk fram Píneas og forlíkti það sakferli so þá tók plágan að linna [31]og það sama var honum reiknað til réttlætis um aldir og að eilífu. [32]Og þeir reittu hann við Mótmælisvatnið og þeir angruðu Mosen illa [33]því að þeir sturluðu hans hjarta so að honum hrutu nokkur orð.

[34]Ekki heldur afmáðu þeir þær þjóðirnar hverjar eð DROTTINN hafði þó skipað þeim, [35]heldur samblönduðu þeir sig meðal heiðinna þjóða og lærðu svo verkin þeirra hinna sömu [36]og þjónuðu þeirra skúrgoðum, það sama varð þeim til falls. [37]Og þeir fórnufærðu sonu sína og dætur sínar djöflunum. [38]Og þeir úthelltu saklausu blóði, blóði sona sinna og dætra sem þeir offruðu skúrgoðunum Kanaan, svo að landið varð með blóðskuldum flekkað. [39]Og þeir saurguðu sig so með sínum verkum og drýgðu hóranir í sínum tilfundingum. [40]Þá gramdist reiði DROTTINS sínu fólki og stuggaði við sinni arfleifð [41]og gaf þá út í hendur heiðingjanna svo að þeir sem þá hötuðu drottnuðu yfir þeim [42]og þeirra óvinir þvinguðu þá og þeir urðu lítillættir undir þeirra hendur. [43]Hann frelsaði þá oftsinnis en þeir reittu hann með sínum ásetningum og urðu því fáir fyrir sinna misgjörða sakir. [44]Og hann áleit þeirra neyð þá eð hann heyrði þeirra kveinkan [45]og hann minntist á sinn sáttmála viður þá gjörðan og það sama iðraði hann eftir mikilleik sinnar miskunnsemdar [46]og lét þá finna miskunn fyrir öllum þeim sem þá höfðu herleidda. [47]Hjálpa þú oss, DROTTINN Guð vor, og samansafna oss í burt frá heiðnum þjóðum svo að vér þökkum þínu heilögu nafni og prísum þitt lof. [48]Blessaður sé DROTTIN Guð Ísrael að eilífu, um aldur og ævi og allt fólkið segi: Amen. Halelúja.

BÓK V

107 Þakki þér DROTTNI því hann er góðgjarn og hans miskunnsemi varir að eilífu. [2]Segi þér sem frelsaðir eru af DROTTNI, hverja hann hefur frelsað úr höndum óvinarins. [3]Og hefur til samans safnað burt úr löndunum, frá austri og vestri, frá norðrinu og í frá sjávarhafinu.

4Þeir sem villtir fóru út í eyðimörkinni, á þeim öræfisveginum, og fundu öngvan stað þar þeir gátu í búið,
5hungraðir og þyrstir og sálir þeirra ómætti upp í þeim.
6Og þeir kölluðu til DROTTINS í sinni neyð og hann frelsaði þá út af þeirra angist
7og leiddi þá upp á réttan veg so að þeir gengu til þess staðarins þar eð þeir gæti í búið.
8Þeir hinir sömu skulu DROTTNI þakkir gjöra fyrir hans miskunnsemi og fyrir hans dásemdir þær eð hann veitir mannanna sonum,
9það hann seður þyrstuga sálu og uppfyllir hungraða sálu með auðæfum.
10Þeir eð þar hljóta að sitja út í myrkri og dimmum skugga, bundnir í þvingan og járnum
11þar fyrir að þeir voru óhlýðugir Guðs boðorðum og höfðu vanvirt lögmál Hins Hæsta,
12þar fyrir hlaut þeirra hjarta með ógæfu plágað að verða so að þeir lágu þar og sá var enginn sem þeim hjálpaði.
13Og þeir kölluðu til DROTTINS í þeirra neyð og hann hjálpaði þeim út af þeirra angist
14og leiddi þá út af þeim myrkrunum og skugganum og í sundursleit þeirra fjötranir.
15Þeir hinir sömu skulu DROTTNI þakkir gjöra fyrir hans miskunnsemi og fyrir hans dásemdir þær eð hann veitir mannanna sonum.
16Því að hann uppbrýtur eirhliðin og í sundurslær járngrindurnar.

17Þeir heimsku menn sem plágaðir verða vegna sinnar yfirtroðningar og fyrir sinna synda sakir
18so að þá velgdi við öllum mat og urðu dauðsjúkir.
19Og þeir kölluðu til DROTTINS í þeirra neyð og hann hjálpaði þeim út af þeirra angist.
20Hann sendi sitt orð og gjörði þá heilbrigða og frelsaði þá svo að þeir létust ekki.
21Þeir hinir sömu skulu DROTTNI þakkir gjöra fyrir hans miskunnsemi og fyrir hans dásemdir þær eð hann veitir mannanna sonum
22og fórnfæra honum helgioffur lofsins og framtelja hans verk með fögnuði.

23Þeir eð með skipunum fara um sjóinn og fremja sína handtéran á stórvötnunum,
24þeir eð verkin DROTTINS hafa forsótt og hans dásemdir á sjávarhöfunum.
25Nær hann talaði þá hreyfðist stormvindurinn sá eð öldurnar upphóf.
26Þeir voru uppi við himnum að sjá og riðu svo allt í djúpin niður so að þeirra sála hún skelfdist af angist.
27Þeir tumbluðu og reikuðu sem annar drukkinn maður og engin ráð vissu þeir lengur.
28Og þeir kölluðu til DROTTINS í þeirra neyð og hann hjálpaði þeim úr þeirra angist.
29Og hann stillti þann stóra storm so að bylgjurnar lækkuðu sig.
30Og þeir urðu glaðir við það logn var orðið og hann leiddi þá til lands eftir þeirra vild.
31Þeir hinir sömu skulu DROTTNI þakkir gjöra fyrir hans miskunnsemi og fyrir hans dásemdir þær eð hann veitir mannanna sonum
32og heiðra hann í samkundunni og lofa hann í hjá öldungunum.
33Þeir hverra rennandi lækir uppþornaðir og þeirra vatskeldur framhlaupnar voru
34so það frjósama land varð ávaxtarlaust fyrir sakir illsku þeirra sem þar inni bjuggu.
35Og hann lét i það þurra land koma nóglegt vatn og á þurrlendið uppsprettubrunna
36og setti þar niður hina hungruðu so að þeir tilbyggi sér stað þar eð þeir kynni í að búa
37og mætti sá þar akra og planta þar víngarða og þeir fengu árlegan ávöxt.
38Og hann blessaði þá svo að þeir fjölguðust næsta og gaf þeim margt kvikfé.

39Þeir hverjir niðurþrykktir og hraktir voru af þeim illskumönnum sem þá þvinguðu og í þjáning höfðu,
40þá eð fyrirlitningunni var úthellt yfir höfðingjana svo það allt landið fór villt og var í eyði.
41Og hann hjálpaði hinum volaða út af vesöldinni og fjölgaði hans ætt líka sem aðra sauðahjörð.
42Svoddan skulu hinir réttlátu sjá og gleðjast af og á allri illgirni skal munnurinn tilbyrgður verða.
43Hver er skynsamur og hyggur að þessu? Sá mun formerkja hversu margháttaðar miskunnsemdir það DROTTINN auðsýnir.

108 (Sálmalofsöngur Davíðs) Guð, það er mín full alvara,
eg vil syngja og dikta, mínvegsemd og
einnin. [2]Rís upp, þú psalterium og
harpa, snemma þá vil eg uppi vera. [3]Þér
vil eg, DROTTINN, þakkir gjöra meðal
fólksins, meðal þjóðanna vil eg þér lof-
syngja. [4]Því þín miskunnsemi tekur so
vítt sem himinninn er og þinn sannleik-
ur so vítt sem skýin útganga. [5]Upphef
þig, Guð, yfir himnana og þína dýrð yfir
öll lönd. [6]Upp á það að þínir ástsamleg-
ir frelsaðir verði, hjálpa þú með þinni
hægri hönd og bænheyr mig.

[7]Guð hann talar út í sínum helgidómi,
þess sama gleðjunst eg: „Eg vil Sikím
sundurskipta og dalinn Súkót afmæla.
[8]Gílead er minn, Manasse er einnin
minn og Efraím er magt míns höfuðs,
Júda er minn höfðingi, [9]Móab er mitt
þovttunarker, minn skó vil eg útþenja
yfir Edóm, yfir Pihlisteis vil eg gleðj-
ast.“

[10]Hver vill flytja mig út í einn ör-
uggan stað? Hver mun leiða mig út í
Edóm? [11]Muntu, Guð, ekki gjöra það
sama, þú sem í burtskúfar oss? Og þú,
Guð, dregur ekki út með voru herliði.
[12]Veittu oss fullting í neyðinni því að
mannleg hjálp er öngvu neyt. [13]Með
Guði viljum vér hreystiverkin gjöra,
hann mun vora óvini undirleggja.

109 (Sálmur Davíðs. Fyrir að
syngja.) Guð minn lofstír,
þegi þú ekki [2]því að þeir hafa sína óguð-
lega munna í gegn mér upplokið og tala
á móti mér með falsklegri tungu [3]og
þeir tala eiturlegana á móti mér alla-
vegana og stríða í gegn mér fyrir öngva
sök. [4]Af því eg elska þá eru þeir á móti
mér en eg baðst fyrir. [5]Þeir auðsýna
mér illt fyrir gott og hatur fyrir kær-
leika.

[6]Settu óguðhræddan yfir hann og það
andskotinn standi honum til hægri
handar. [7]Þegar hans sök kemur fyrir
dóm þá gangi hann fordæmdur út og
verði hans bæn að synd. [8]Dagar hans
verði fáir og hans embætti meðtaki
einn annar. [9]Hans börn verði föðurlaus
og hans húsfrú ein ekkja. [10]Hans börn
rási vill vegar og þiggi ölmusu og fari
þurfandi, líka sem þeir eð fordjarfaðir
eru. [11]Okurkallinn útsugi allt hvað hann
hefur og hinir annarlegu grípi hans
auðæfi [12]og enginn sé sá eð honum
auðsýni nokkurn velgjörning og eigi sé
sá neinn eð miskunni hans föðurleys-
ingjum. [13]Hans niðjar þá verði upprætt-
ir, þeirra nafn verði afskafið í annarri
ættkvísl. [14]Misgjörðir hans forfeðra þá
veðri í minni lagðar fyrir augliti
DROTTINS og syndin hans móður afmá-
ist ekki. [15]DROTTINN hann forgleymi
þeim aldrei og þeirra minning verði
burtskafin af jörðu. [16]Þar fyrir að hann
var so miskunnarlaus með öllu heldur
ofsókn veitti þeim fátæka og volaða og
hinum harmþrungna, að hann gæti
honum í hel komið. [17]Og hann vildi
bölvanina hafa, hún mun og yfir hann
koma, blessunina þá vildi hann ekki fá,
þar fyrir mun hún einnin honum mjög
fjarlæg verða. [18]Og hann íklæddist
bölvaninni so sem nærklæði sínu og
hún er innrunnin í hans iður sem vatn
og inn í hans bein sem annað viðsmjör.
[19]Verði hún honum líka sem annað fat
hverju hann íklæðist og svo sem það
belti með hverju hann gyrðist alla tíma.
[20]Þetta hið sama þá verði þeim af
DROTTNI sem mér mótsnúnir eru og
tala vondslega í gegn minni sálu. [21]En
þú, Drottinn, GUÐ, vertu með mér fyrir
þíns nafns sakir því að þín miskunn-
semi er mín huggun, frelsa þú mig.
[22]Því að eg em fátækur og fáráður, mitt
hjarta er í sundurkramið í mér. [23]Eg líð
í burt héðan so sem skuggi sá eð í burt
víkur og eg verð burt rekinn so sem
aðrar engisprettur. [24]Mín kné eru veik
af föstu og mitt hold er magurt og hef-
ur öngvan feitleika [25]og eg hlýt þeirra
athlægi að vera, nær eð þeir sjá mig þá
skaka þeir höfuð sín. [26]Veit mér hjá-

stoð, DROTTINN Guð minn, hjálpa mér
eftir miskunnsemd þinni [27]svo að þeir
formerki að það sé þín hönd, að þú,
DROTTINN, gjörir svoddan. [28]Bölvi þeir,
þá blessa þú, setji þeir sig upp á móti
mér þá láttu þá til skammar verða en
þinn þjón hann gleðji sig. [29]Mínir mót-
stöðumenn verði með smán klæddir og
sinni skömm íklæðist þeir svo sem öðr-
um kyrtli.

[30]Mikillega vil eg DROTTNI þakka með
mínum munni og prísa hann meðal
margra [31]því að hinum fátæka stendur
hann til hægri handar svo að hann
frelsi hann í frá þeim sem hans líf vilja
dæma.

110 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN
sagði mínum Drottni: „Set
þú þig til minnar hægri handar þangað
til að eg legg þína óvini til skarar fóta
þinna.“ [2]DROTTINN mun útsenda spíru
þíns ríkis af Síon, drottna þú á meðal
þinna óvina. [3]Eftir þína sigurvinning
mun þitt fólk viljuglegana offra þér, út
heilögum skrúða, þér munu þín börn
fæðast so sem döggfall út af morgun-
roðanum.

[4]DROTTINN hann hefur svarið og þess
iðrast hann ekki: „Þú ert einn kenni-
maður eilíflegana eftir skikkan Melkís-
edek.“ [5]DROTTINN til þinnar hægri hand-
ar, hann mun sundurslá konungana á
tíma sinnar reiði. [6]Hann mun dæma
meðal heiðinna þjóða, hann mun
marga við velli leggja, hann mun
sundurslá höfuðin yfir mörgum lönd-
um. [7]Út af læknum á veginum mun
hann drekka, þar fyrir mun hann höf-
uðið upphefja.

111 Halelúja. Eg þakka þér,
DROTTINN, af öllu hjarta, út í
ráði og í samkundu réttlátra.

[2]Mikil eru verkin DROTTINS, hver
hann stundar þau sá hefur lysting þar
inni. [3]Hvað hann skipar það er loflegt
og dýrðlegt og hans réttlæti blífur eilíf-
legana. [4]Eina minning hefur hann gjört
sinna stórmerkja, sá hinn líknsami og
miskunnsami DROTTINN. [5]Þeim gefur
hann fæðslu sem hann óttast, eilífleg-
ana þá minnist hann síns sáttmála. [6]Sín
kraftaverk lætur hann kunngjöra sínu
fólki það hann gefi því arfleifðina
heiðinna þjóða. [7]Verkin hans handa eru
sannleikur og réttindi, öll hans boðorð
eru réttileg, [8]þau eru staðfest um aldur
og að eilífu og ske í sannleik og réttvísi.
[9]Hann sendir endurlausn sínu fólki,
hann lofar það sinn sáttmáli skuli blífa
eilíflegana, heilagt og herralegt er hans
nafn. [10]Upphafið vísdómsins er ótti
DROTTINS, það er ein ágæt viska, hver
hann gjörir þar eftir þess lofstír blífur
eilíflega.

112 Halelúja. Sæll er sá maður
sem óttast DROTTIN, hver eð
hefur mikla þóknan til hans boðorða.
[2]Hans sæði mun verða voldugt á jörðu,
afkvæmi hinna réttlátu það mun bless-
að verða. [3]Ríkdómur og nægtir munu
vera í þeirra húsi og þeirra réttvísi blíf-
ur eilíflegana. [4]Réttferðugum þeim
upprennur ljósið í myrkrunum, af þeim
hinum náðarsamlega, miskunnsama og
réttláta. [5]Sæll er sá maður sem hann er
miskunnsamur og lánar sitt gjarna og
útréttir sín erindi so það hann gjörir
öngvum nein rangindi. [6]Því að hann
mun ævinlega blífa og minning hins
réttláta mun aldrei dvína. [7]Nær eð ein-
hver plága á yfir að koma þá hræðist
hann ei, hans hjarta vonar eftlaust upp
á DROTTIN. [8]Hans hjarta er öruggt og
hræðist ekki þangað til hann sér sína
vild á sínum óvinum. [9]Hann skiptir út
og gefur fátækum, hans réttlæti blífur
um aldur og ævi, hans horn mun upp-
hafið verða með vegsemd.

[10]Hinn óguðhræddi mun það sjá og
fyrir í þykja, sínum tönnum mun hann
saman bíta og uppþorna, því hvað sá
hinn óguðhræddi gjarna vildi það mun
að öngu verða.

113 Halelúja. Lofi þér, DROTTINS
þjónustumenn, lofið nafnið
DROTTINS. [2]Blessað sé nafnið DROTTINS
héðan í frá og að eilífu. [3]Í uppgöngu
sólarinnar allt til hennar niðurgöngu sé
lofað nafnið DROTTINS. [4]DROTTINN er hár
yfir allar þjóðir, hans dýrð tekur svo
vítt sem það himinninn er. [5]Hver er
viðlíkur sem DROTTINN vor Guð sá eð í
upphæðunum byggir [6]og lítur þó að
það hið auðvirðilega á himnum og
jörðu? [7]Hver eð lítilmagna uppreisir úr
duftinu og forhefur hinn fátæka út af
saurindunum [8]svo að hann setji hann
hjá höfðingjunum, í hjá höfðingjum
síns lýðs, [9]sá sem hina óbyrju lætur
byggja í húsinu svo það hún verður ein
glaðvær barnamóðir. Halelúja.

114 Þá Ísrael útfór af Egypta-
landi, húsið Jakob í burt frá
því framanda fólki [2]þá varð Júda hans
helgidómur, Ísrael hans megtarveldi.
[3]Sjávarhafið sá það og flýði, Jórdan hún
sneri á bak aftur. [4]Fjöllin stukku upp
sem sauðir og hálsarnir svo sem lömb-
in sauðanna. [5]Hvað var þér, þú sjávar-
haf, að þú so í burt flýðir og þér, Jórd-
an, það þú snerist so bak þér aftur, [6]yð-
ur fjöllum, að þér stukkuð upp sem
sauðir og þér hálsarnir so sem lömbin
sauðanna? [7]Fyrir DROTTNI þá hristist
jörðin, fyrir augliti Guðs Jakob [8]hver eð
hellubjarginu umsnýr í stöðuvötn og
steinbjörgunum í vatsbrunna.

115 Eigi oss, DROTTINN, eigi oss
heldur þínu nafni gef þú
dýrðina vegna þinnar miskunnar og
sannleiks sakir.

[2]Hvar fyrir þá skulu hinir heiðnu
segja: „Hvar er nú þeirra Guð?“ [3]En vor
Guð er á himni, hann kann að gjöra
hvað hann vill, [4]en hinna annarra skúr-
goð eru silfur og gull af mannahöndum
gjörð. [5]Þau hafa munna og tala ekki,
þau hafa augu og sjá ekki, [6]þau hafa
eyru og heyra ekki, þau hafa nasir og
ilma ekki, [7]þau hafa hendur og þreifa
ekki, fætur hafa þau og ganga þó ekki
og öngvan málróm láta þau í gegnum
sinn háls. [8]Þeir eð soddan gjöra eru eins
líka og allir þeir eð treysta á þau.

[9]En Ísrael, vona þú upp á DROTTIN,
hann er þeirra hjálp og skjöldur. [10]Hús-
ið Arons vonar upp á DROTTIN, hann er
þeirra hjálp og skjöldur. [11]Hver eð ótt-
ast DROTTIN þeir vona einnin á DROTTIN,
hann er þeirra hjálp og skjöldur.

[12]DROTTINN hann minnist vor og
blessar oss, hann blessar húsið Ísrael,
hann blessar húsið Aron. [13]Hann bless-
ar þá sem óttast DROTTIN, bæði smá og
stóra.

[14]DROTTINN hann blessi yður æ meir
og meir, yður og sonu yðra. [15]Þér eruð
blessaðir af DROTTNI, þeim sem gjört
hefur himin og jörð. [16]Himinninn
gjörvallur er DROTTINS en jörðina hefur
hann mannanna sonum gefið. [17]Hinir
dauðu lofa þig ekki, DROTTINN, ekki
heldur þeir sem ofan fara í helvíti
[18]heldur vér lofum DROTTIN, allt héðan í
frá og að eilífu. Halelúja.

116 Það sama er mér ljúft, það
DROTTINN heyrir mína raust
og mína grátbeiðni, [2]það hann hneigir
sitt eyra til mín, þar fyrir vil eg og um
mína lífdaga hann ákalla.

[3]Fjötrarnir dauðans umkringdu mig,
helvítis angist hafði snortið mig, eg
ratаði í eymd og ánauð. [4]En eg kallaði á
nafnið DROTTINS: „Ó DROTTINN, frelsa þú
sálu mína!“ [5]DROTTINN er líknsamur og
réttferðugur og vor Guð hann er mis-
kunnsamur. [6]DROTTINN hann varðveitir
lítilmagnana, þá eð eg var niðurlægður
frelsaði hann mig. [7]Vertu til friðs, mín
sál, enn að nýju, því DROTTINN veitir þér
hið góða. [8]Því þú hefur útrykkt minni
sálu úr dauðanum, augum mínum af
tárföllunum, fótum mínum frá hrösun-
inni. [9]Eg vil ganga fyrir DROTTNI á jörðu
lifandi manna.

[10]Eg trúi, þar fyrir þá tala eg en eg
verð næsta mjög þvingaður. [11]Eg sagði
út í minni angist: „Allir menn þa eru
ljúgarar.“ [12]Hvað skal eg DROTTNI
endurgjalda fyrir allar hans velgjörðir
þær ið hann veitir mér? [13]Þann hjálp-
ræðisins kaleik vil eg meðtaka og
nafnið DROTTINS kunngjöra. [14]Eg vil
gjalda DROTTNI mín heit fyrir öllu hans
fólki. [15]Dauði hans heilagra er dýrmæt-
ur haldinn, í augliti DROTTINS. [16]Ó
DROTTINN, eg em þinn þjón, eg þinn
þræll, sonur þinnar ambáttar, þú hefur
mínar fjötranir í sundurslitið. [17]Þér vil
eg offra lofsins offur og nafnið
DROTTINS prédika. [18]Eg vil gjalda
DROTTNI mín heit fyrir öllu hans fólki,
[19]út í fordyrunum á húsi DROTTINS, mitt
í þér, Jerúsalem. Halelúja.

117 Lofið DROTTIN, allar þjóðir,
prísið hann, allir lýðir [2]því
að hans miskunnsemi og sannleikur er
staðfestur yfir oss eilíflegana. Halelúja.

118 Þakki þér DROTTNI því að
hann er góður og hans mis-
kunnsemi varir eilíflegana. [2]Það segi nú
Ísrael: Hans miskunn varir eilíflegana,
[3]það segi nú húsið Aron: Hans mis-
kunnsemi varir eilíflegana. [4]Þeir sem
óttast DROTTINN segi það: Hans mis-
kunnsemi varir eilíflegana.

[5]Út í hörmunginni ákallaði eg
DROTTIN og DROTTINN bænheyrði mig
og veitti mér huggun. [6]DROTTINN er
meður mér, þar fyrir hræðumst eg
ekki, hvað mega mér mennirnir gjöra.
[7]DROTTINN er með mér mér til hjálpar
og eg mun sjá mína lysting á óvinum
mínum. [8]Gott er það að treysta upp á
DROTTIN og vona ekki upp á mennina.
[9]Gott er að treysta upp á DROTTIN og
vona ekki upp á höfðingjana.

[10]Allir heiðingjarnir umkringdu mig
en í nafni DROTTINS þá mun eg fyrir-
koma þeim. [11]Þeir umkringja mig öllu-
megin en í nafni DROTTINS vil eg fyrir-
koma þeim. [12]Þeir umkringja mig líka
sem býflugur, þeir kefja so sem eld í
þyrniklungrum en í nafni DROTTINS þá
vil eg fyrirkoma þeim.

[13]Þeir hrinda mér það eg skuli falla en
DROTTINN hann hjálpaði mér.
[14]DROTTINN hann er minn styrkur og
minn lofsálmur og hann er mitt hjálp-
ræði.

[15]Menn syngja með fagnaði af sigrin-
um í tjaldbúðum réttferðugra, hægri
höndin DROTTINS bíheldur sigrinum.
[16]Hin hægri hönd DROTTINS er upp-
hafin, hin hægri hönd DROTTINS bíheld-
ur sigrinum. [17]Eg mun ei deyja heldur
lifa og kunngjöra verkin DROTTINS.
[18]DROTTINN hann tyftar mig að vísu en
hann yfirgefur mig ekki dauðanum.
[19]Upplúkið fyrir mér dyrum réttlætisins
svo að eg gangi þar inn og DROTTNI
þakkir gjöri. [20]Þetta eru þær dyr
DROTTINS sem hinir réttferðugu skulu
innganga. [21]Eg þakka þér það þú
lítillættir mig og hjálpaðir mér.

[22]Sá steinninn sem uppbyggendur
forlögðu hann er vorðinn að hyrn-
ingarsteini. [23]Það hið sama er skeð af
DROTTNI og er undarlegt fyrir vorum
augum. [24]Þetta er sá dagurinn hvern
DROTTINN gjörði, látum oss fagna og
verum glaðir á þeim hinum sama.

[25]Ó DROTTINN, hjálpa þú, ó DROTTINN,
láttu það vel lukkast! [26]Blessaður sé sá
sem að kemur í nafni DROTTINS, vér
blessum yður, þér sem eruð af húsi
DROTTINS. [27]DROTTINN er sá Guð sá eð
oss upplýsir, prýðið hátíðina með
blómstrum allt að hornum altarisins.
[28]Þú ert minn Guð og eg þakka þér,
minn Guð, eg vil prísa þig.

[29]Þakki þér DROTTNI því að hann er
góður og hans miskunnsemi varir eilíf-
legana.

ALEPH.

119 Sælir eru þeir sem flekk-
lausir lifa, þeir eð ganga út í
lögmáli DROTTINS. [2]Sælir eru þeir sem

rækilega halda hans vitnisburði, hverjir
eð leita hans af öllu hjarta. [3]Því hverjir
eð ganga á hans vegum þeir gjöra engin
óréttindi. [4]Þú hefur boðið vandlega að
halda þín boðorð. [5]Guð gæfi það líferni
mitt héldi út af allri alvöru þín réttindi.
[6]Nær eð eg lít alleinasta á þín boðorð þá
verð eg ekki til skammar. [7]Eg þakka þér
út af réttu hjarta það þú kennir mér
dóma þinnar réttvísi. [8]Þínar rétt-
lætingar vil eg geyma, yfirgef þú mig
ekki að eilífu.

BETH.

[9]Hvernin fær æskumaðurinn sinn veg
gengið óstraffanlega? Nær eð hann
heldur sig eftir þínum orðum. [10]Eg leita
þín af öllu hjarta, lát mér ekki brest
verða á þínum boðorðum. [11]Eg geymi
þín orð í mínu hjarta so að eg syndgað-
ist ekki á móti þér. [12]Blessaður sértu,
DROTTINN, kenn mér þínar réttlætingar.
[13]Meður mínum vörum vil eg framtelja
alla dóma þíns munns. [14]Eg gleð mig af
veginum þinna vitnisburða svo sem
yfir alls kyns auðæfum. [15]Eg tala það
hvað þú hefur boðið og athuga þína
vegu. [16]Til þinna réttinda hef eg lysting
og forgleymi ekki þínum orðum.

GIMEL.

[17]Gjör þínum þjón gott til svo eg lifi og
varðveiti þín orð. [18]Opna þú mín augu
svo að eg sjái þær dásemdir í þínu lög-
máli. [19]Eg em einn framandi maður á
jörðu, fel ekki þín boðorð fyrir mér.
[20]Sála mín er í sundurkramin af for-
lenging eftir þínum dómum alla tíma.
[21]Þú straffar hina dramblátu, bölvaðir
séu allir þeir sem burtvíkja frá þínum
boðorðum. [22]Burt tak þú frá mér for-
smán og fyrirlitning því að eg varðveiti
þína vitnisburði. [23]Höfðingjarnir sitja
þar einnin og tala á móti mér en þinn
þjón talar út af þínum réttindum. [24]Eg
hefi lysting til þinna vitnisburða, þeir
eru mitt ráðuneyti.

DALETH.

[25]Sála mín hún liggur í dufti, endurlífga
þú mig eftir þínu orði. [26]Eg framtel
mína vegu og þú bænheyrir mig, kenn
þú mér þínar réttlætingar. [27]Undirvísa
þú mér veginn þinna boðorða, þá mun
eg segja út af þínum dásemdum. [28]Eg
grem mig so að mitt hjarta ómættir
upp, styrk mig eftir þínu orði. [29]Tak
burt frá mér þann falsleiksins veg og
unn mér þíns lögmáls. [30]Veginn sann-
leiksins hef eg útvalið, þína dóma þá
setti eg fyrir mig. [31]Eg áheng þínum
vitnisburðum, DROTTINN, lát mig ekki
til skammar verða. [32]Nær eð þú hug-
svalar hjarta mínu þá hleyp eg veginn
þinna boðorða.

HE.

[33]Kenn þú mér, DROTTINN, veginn þinna
réttinda so það eg bívari hann allt til
enda. [34]Gef þú mér skilning það eg
haldi þitt lögmál og geymi það af öllu
hjarta. [35]Leið þú mig á veginn þinna
boðorða því að eg hefi lysting þar til.
[36]Hneig þú mitt hjarta til þinna vitnis-
burða og ekki til fjáragirndar. [37]Frásnú
þú augum mínum svo að þau líti ekki
eftir ónytsamlegum lærdómum heldur
endurlífga þú mig í þínum vegum.
[38]Láttu þinn þjón þín boðorð fastlega
halda fyrir þín orð so að eg óttist þig.
[39]Snú þú frá mér þeirri forsmán er eg
kvíði við því að þínir dómar eru elsku-
legir. [40]Sjá þú, eg girnist þinna boðorða,
endurlífga þú mig meður þinni réttvísi.

VAU.

[41]DROTTINN, láttu þína miskunnsemi
koma yfir mig, þitt hjálpræði eftir þínu
orði [42]svo að eg andsvara megi þeim eð
mig lasta því að eg treysti upp á þitt
orð. [43]Og svipt eigi í burt af mínum
munni orðinu sannleiksins því að eg
vona upp á þína dóma. [44]Þitt lögmál vil
eg varðveita alla tíma, um aldur og ævi
að eilífu. [45]Og glaðvær þá geng eg því
að eg leita þinna boðorða. [46]Eg tala af

þínum vitnisburðum fyrir konungunum og skömmunst mín ekki. [47]Eg hefi lysting á þínum boðorðum og þau eru mér allkær. [48]Og eg hef mínar hendur upp til þinna boðorða því að eg elska þau og tala um þínar réttlætingar.

ZAIN.

[49]Minnstu þjóns þíns af orði þínu, á hvert þú lést mig treysta. [50]Það er mín huggun í minni læging því að þín orð þau endurlífga mig. [51]Hinir dramblátu hæða að mér, þó vík eg ekki heldur af þínu lögmáli. [52]DROTTINN, nær eð mér kemur það í hug hvernin þú hefur dæmt í frá veraldarinnar upphafi þá hughreystunst eg. [53]Eg angrunst allur yfir þeim óguðlega sem þitt lögmál yfirgefa. [54]Þínar réttlætingar eru mitt lofkvæði í mínu húsi. [55]DROTTINN, á náttarþeli minnist eg þíns nafns og geymi að þínu lögmáli. [56]Það er minn fésjóður að eg varðveiti þínar boðanir.

CHETH.

[57]Eg hefi sagt, DROTTINN: Það skal mitt hlutskipti vera að eg geymi þína vegu. [58]Eg grátbæni af öllu hjarta fyrir þínu augliti, vertu mér miskunnsamur eftir þínu orði. [59]Eg hugleiði mína vegu og sný mínum fótum til þinna vitnisburða. [60]Eg flýti mér og biðleika ei við til að halda þín boðorð. [61]Söfnuðirnir hinna óguðlegu þeir ræna mig en eg forgleymi þó ekki þínu lögmáli. [62]Um miðnættið stend eg upp þér þakkir að gjöra fyrir dómana þíns réttlætis. [63]Eg samlaga mig viður þá sem þig óttast og þín boðorð varðveita. [64]DROTTINN, jörðin er full þinnar miskunnar, kenn mér þín réttindi.

TETH.

[65]DROTTINN, þínum þjón gjör þú gott til eftir orði þínu. [66]Kenn mér mannkosti og visku því að eg trúi þínum boðorðum. [67]Áður en eg lítillættur varð fór eg villt en nú geymi eg þín orð. [68]Þú ert ljúfur og góðgjarn, kenn mér þínar réttlætingar. [69]Hinir dramblátu kveikja upp lygar um mig en eg held af öllu hjarta þín boðorð. [70]Þeirra hjarta er storkið sem mör en eg hefi lysting á þínu lögmáli. [71]Það sama er mér fyrir góðu að þú hefur lítillættað mig so að eg læri þín réttindi. [72]Lögmálið þíns munns er mér ljúfara heldur en þúsund stykki gulls og silfurs.

JOD.

[73]Hönd þín hefur gjört mig og til samans sett, gef þú mér skilning so að eg læri þín boðorð. [74]Þeir sem óttast þig sjá mig og gleðja sig því að eg vona á þín orð. [75]DROTTINN, eg veit það þínir dómar eru réttir og í sannleik þínum lítillættir þú mig. [76]Þín miskunn hlýtur mín huggun að vera eftir því sem þú hefur þínum þjón fyrirheitið. [77]Lát þína miskunn koma yfir mig svo að eg lifi því að eg hefi lysting til þíns lögmáls. [78]Ó það hinir dramblátu mætti til skammar verða, þeir eð með lygunum niðurþrykkja mér, en eg tala af þínum boðorðum, [79]og að þeir mætti snúast til mín sem þig óttast og þeir eð þekkja þína vitnisburði. [80]Mitt hjarta það blífur ósaurgað í þínum réttindum svo að eg verði ekki til skammar.

CAPH.

[81]Sálu mína forlengir eftir þínu hjálpræði, eg vona upp á þín orð. [82]Mín augu þau langar eftir þínu orði og segja: „Hvenær munt þú hugsvala mér?“ [83]Því að eg em líka sem húðarbelgur í reyk uppi, þínum réttlætingum forgleymi eg ekki. [84]Hversu lengi skal þinn þjón hjara þannin við? Hvenær viltu láta dóm ganga yfir mína ofsóknara? [85]Hinir dramblátu grafa mér grafir þær sem ekki eru eftir þínu lögmáli. [86]Þín boðorð eru ekki utan sannleikur, þeir ofsækja mig með lygunum, hjálpa þú mér. [87]Að mestu þá hafa þeir fyrirfarið mér á jörðu en eg yfirgef ekki þín boð-

ord. [88]Endurlífga þú mig fyri miskunnsemi þína so að eg varðveiti vitnisburði þíns munns.

LAMED.

[89]DROTTINN, þitt ord blífur ævinlega, svo vítt sem himinninn er. [90]Þinn sannleikur varir um aldur og ævi, þú hefur jörðina grundvallað og hún blífur stöðug. [91]Það sama blífur eftir þínu orði daglega því að allir hlutir hljóta þér að þjóna. [92]Ef að þitt lögmál hefði ekki mín huggun verið þá hefða eg farist í minni eymd. [93]Þínum setningum vil eg aldrei gleyma því að þú endurnærir mig meður þeim. [94]Eg em þinn, hjálpa þú mér því að eg leita setninga þinna. [95]Hinir óguðlegu sitja um mig svo að þeir fyrirkomi mér en eg gæti að þínum vitnisburðum. [96]Allra hluti hefi eg séð einn enda en þitt boðorð varir.

MEM.

[97]Hversu mjög að eg elska þitt lögmál DROTTINN? Daglegana er mín ræða um það. [98]Meður þínu boðorði gjörir þú mig hyggnari en mína óvini því eilífflegana þá er það minn fésjóður. [99]Eg er vísari en allir mínir lærifeður því að þínir vitnisburðir eru mín ræða. [100]Eg em skynsamari en öldugarnir því að eg varðveiti þín ord. [101]Eg varna mínum fótum við öllum vondum vegi so eg varðveiti þín ord. [102]Eg hneigi ekki af þínum dómum því að þú menntar mig. [103]Þitt ord er mínum munni sætara en hunang. [104]Þitt ord gjörir mig forsjálan, þar fyrir hata eg alla ranglætisvegu.

NUN.

[105]Ord þitt er lampi fóta minna og ljós á mínum vegum. [106]Eg sver og set mér að halda það að eg vil varðveita dómana þíns réttlætis. [107]Næsta em eg auðmýktur, DROTTINN, endurlífga þú mig eftir þínu orði. [108]Láttu þér þóknast, DROTTINN, það viljanlegt offur míns munns og kenn mér þína dóma. [109]Mín sála er ætíð í mínum höndum og eg forgleymi þó ekki þínu lögmáli. [110]Hinir óguðlegu leggja fyrir mig snörur en eg villist ekki frá þínum boðorðum. [111]Þínir vitnisburðir eru mín eilíf arfleifð því þeir eru míns hjartans unaðsemd. [112]Eg hneigi mitt hjarta til að gjöra eftir þínum réttlætingum alljafnt og eilíflegana.

SAMECH.

[113]Eg hata þá fluguanda en elska þitt lögmál. [114]Þú ert mín hlíf og skjöldur, á þitt orð þá vona eg. [115]Víkið frá mér, þér illskufullir, míns Guðs boðorð vil eg halda. [116]Efl mig fyrir þitt orð svo að eg lifi og lát mig ekki af von minni til skammar verða. [117]Styrk mig svo að eg hressunst við, þá vil eg alla tíma mína lysting hafa á þínum réttindum. [118]Þú niðurtreður alla þá sem þínar réttlætingar ónýta því að þeirra svikræði er ekki utan lygð. [119]Þú í burtfleygir öllum óguðlegum á jörðunni sem öðru sorpi, þar fyrir elska eg þína vitnisburði. [120]Eg em hræddur fyrir þér svo að mitt hold það skelfur allt, eg hræðunst fyrir þínum dómum.

AIN.

[121]Eg held með dóminum og réttvísinni, gef mig ekki þeim ofur sem mér vilja ofríki gjöra. [122]Vernda þú þinn þjón og hughreyst hann so það hinir dramblátu gjöri mér öngvan yfirgang. [123]Mín augu þau forlengir eftir þínu hjálpræði og eftir orði þinnar réttvísi. [124]Gjör þú við þinn þjón eftir miskunn þinni og kenn mér þínar réttlætingar. [125]Eg em þinn þjón, leiðréttu mig svo það eg meðkenni þína vitnisburði. [126]Tími er til það DROTTINN gjöri þar að, þeir hafa þitt lögmál í sundurslitið. [127]Þar fyrir elska eg þín boðorð framar en gull, framar en rauða gull. [128]Þar fyrir held eg greiðuglega allar þínar skipanir, allan falslegan veg hefi eg að hatri.

PE.

[129]Vitnisburðir þínir eru dásamlegir, þar fyrir stundar þá sála mín. [130]Nær eð þitt orð opinberast þá upplýsir það og gefur skilning smælingjunum. [131]Eg lýk mínum munni upp og girnist þinna boðorða því að mig forlengir þar eftir. [132]Líttu til mín og vertu mér miskunnsamur eftir því sem þú ert vanur að gjöra viður þá sem þitt nafn elska. [133]Greið þú götu mína í þínum orðum og lát engin rangindi drottna yfir mér. [134]Frelsa mig í frá svikræði mannanna, þá mun eg varðveita þín boðorð. [135]Láttu andlit þitt lýsa yfir þræli þínum og kenn mér þín réttindi. [136]Mín augu fljóta í vatni af því að þitt lögmál það verður ei haldið.

TZADDI.

[137]DROTTINN, réttlátur ertu og þitt orð það er réttferðugt. [138]Þú hefur vitnisburðina þíns réttlætis og sannleikinn fastlega boðið. [139]Eg fyrirfórst að mestu út af umvandan minni, af því það mínir mótstöðumenn forgleymdu þínum orðum. [140]Þitt orð er gagnhreinsað og þinn þjón hann elskar það. [141]Eg em lítilsháttar og fyrirlitinn en eg gleymi þó ekki þínum boðorðum. [142]Þitt réttlæti er eitt eilíft réttlæti og þitt lögmál er sannleikurinn. [143]Angist og neyð hefur snortið mig en eg hefi lysting til þinna boðorða. [144]Réttlætið þinna vitnisburða er eilíflegt, leiðréttu mig, þá lifi eg.

KOPH.

[145]Eg kalla af öllu hjarta, bænheyr þú mig, DROTTINN, því eg héldi þínar réttlætingar. [146]Eg kalla til þín, hjálpa þú mér so að eg varðveiti þína vitnisburði. [147]Árla þá kem eg og kalla, á þitt orð vona eg. [148]Snemma á morna þá vakna eg so að eg segi út af þínum orðum. [149]Heyr þú raust mína, DROTTINN, eftir miskunnsemd þinni, endurlífga þú mig í þínum dómum. [150]Mínir illskufullir ofsóknendur vildu til við mig og eru fjarlægir frá þínu lögmáli. [151]DROTTINN, þú ert nálægur og þín boðorð eru ekki nema sannleikurinn. [152]Þegar í fyrstu þá vissa eg það að þú hefðir þína vitnisburði eilíflegana grundvallað.

RESH.

[153]Líttu á þjáning mína og frelsa mig því að eg forgleymi ekki þínu lögmáli. [154]Legg þú dóm á mitt málefni og frelsa mig, endurlífga þú mig fyrir þitt orð. [155]Fjarlægt er hjálpræðið þeim óguðlegu því að þeir akta ekki þínar réttlætingar. [156]DROTTINN, þín miskunnsemi er mikil, lífga þú mig eftir réttdæmi þínu. [157]Mínir ofsóknarar og mótstöðumenn eru margir en eg vík ekki af þínum vitnisburðum. [158]Eg sé þá forsmánara og það angrar mig að þeir varðveita ekki þín orð. [159]Sjá þú, eg elska þín boðorð, DROTTINN, endurlífga þú mig eftir miskunnsemi þinni. [160]Þitt orð er ekki annað en sannleikur, allir dómar þinnar réttvísi vara eilíflegana.

SCHIN.

[161]Höfðingjarnir ofsækja mig fyrir öngva sök og mitt hjarta er óttaslegið fyrir þínum orðum. [162]Eg gleð mig yfir þínu orði svo sem sá eð mikið herfang fær. [163]Lyginni er eg reiður og hún er mér andstyggileg en þitt lögmál elska eg. [164]Sjö sinnum á deginum sagða eg þér lof, fyrir dómanna sakir þíns réttlætis. [165]Mikinn frið hafa þeir sem þitt lögmál elska og þeir fara ekki afvega. [166]DROTTINN, eg vænti þíns hjálpræðis og gjöri eftir þínum boðorðum. [167]Sála mín varðveitir þína vitnisburði og elskar þá mikillega. [168]Eg geymi þín boðorð og þína vitnisburði því að allir mínir vegir eru fyrir þér.

TAU.

[169]DROTTINN, láttu mína grátbeiðni koma fyrir þig, leiðréttu mig eftir orði þínu. [170]Láttu mína bæn koma fyrir þig, frelsa þú mig eftir orði þínu. [171]Mínar

varir skulu lofsyngja þá eð þú kennir mér þínar réttlætingar. [172]Mín tunga skal sitt máltæki hafa af þínu orði því að öll þín boðorð eru réttindi. [173]Þína hönd láttu mér hjástöðu veita því að eg hefi þín boðorð útvalið. [174]DROTTINN, mig forlengir eftir þínu hjálpræði og eg hefi lysting á þínu lögmáli. [175]Sálu mína láttu lifa so að hún lofi þig og þínir dómar hjálpi mér. [176]Eg em svo sem villtur og fortapaður sauður, leita þú að þínum þjón því að eg forgleymi ekki þínum boðorðum.

120 (Lofsöngur í hákornum.) Eg kalla til DROTTINS í minni neyð og hann bænheyrir mig. [2]DROTTINN, frelsa þú mína sálu í frá þeim lygigjörnu munnsins vörum og í frá þeim fölskum tungum. [3]Hvað kann þér sú falskleg tunga að gjöra og hverju fær hún til vegar komið? [4]Hún er svo sem hárhvasst skeyti hins volduga, líka sem eldur í einum einberjaviði.

[5]Aví mig, það eg em framandi í bland Mesek og hlýt að byggja meðal tjaldbúða Kedar! [6]Það mun sálu minni helst til langt þykja að byggja hjá þeim sem friðinn hata. [7]Eg em friðsamur en nær eð eg tala þá hefja þeir upp ófrið.

121 (Lofsöngur í hákornum.) Mín augu hef eg up til fjallanna hvaðan það mér kemur hjálpin. [2]Mitt fullting kemur af DROTTNI, þeim sem gjört hefur himin og jörð. [3]Þinn fót mun hann ei skeika láta og sá eð þig varðveitir hann sefur ekki. [4]Sjá þú, sá hver eð varðveitir Ísrael hann sefur ekki og ei syfjar hann. [5]DROTTINN hann varðveitir þig, DROTTINN er þinn skuggi yfir þinni hægri hendi [6]svo það sólin brenni þig ekki á daginn, eigi heldur tunglið á náttarþelinu. [7]DROTTINN hann varðveiti þig í frá öllu illu, hann varðveiti þína sálu. [8]DROTTINN hann varðveiti þína útgöngu og inngöngu nú héðan í frá og að eilífu.

122 (Lofsöngur í hákorninu.) Af því þá gleð eg mig það til mín er sagt: „Vér skulum innganga í hús DROTTINS“ [2]og það vorir fætur munu standa í þínum fordyrum, Jerúsalem. [3]Jerúsalem er uppbyggð það hún sé ein borg þar eð menn eiga til samans að koma, [4]þar eð kynkvíslirnar skulu uppganga, einkum kynkvíslir DROTTINS, tl að prédika Ísraelsfólki, til að þakka nafninu DROTTINS. [5]Því að þar í þeim stað sitja dómstólarnir, stólarnir hússins Davíðs.

[6]Óskið Jerúsalem þess sem gæfusamlegt er, það þeim gengi vel sem elska þig. [7]Friður þá sé hið innra innan þinna múrveggja og gæfa í þínum herbergjum. [8]Fyrir minna bræðra og náunga sakir vil eg þér friðarins biðja. [9]Fyrir hússins sakir DROTTINS Guðs vors vil eg leita þíns besta.

123 (Lofsöngur í hákornum.) Til þín upphef eg mín augu, þú sem býr á himnum uppi. [2]Sjá þú, líka svo sem það augun þénaranna horfa upp á hendur sinna lánardrottna, svo sem það augun þjónustukvinnunnar horfa upp á hendur sinnar matmóður, líka so horfa vor augu upp á DROTTIN Guð vorn þangað til hann miskunnar oss. [3]Vertu oss miskunnsamur, DROTTINN, vertu oss miskunnsamur því að vér erum mjög hlaðnir af forsmán. [4]Harla mjög er sál mín uppfylld út af spotti drambsamra og fyrirlitningu dramblátra.

124 (Lofsöngur í hákornum.) Nema það DROTTINN hefði verið hjá oss – so segi Ísrael – [2]nema það DROTTINN hann hefði verið hjá oss nær eð mennirnir settu sig upp í móti oss [3]þá mundi þeir hafa svelgt oss lifandi í sig, nær eð þeirra grimmdarreiði hún geisaði yfir oss. [4]Þá hefði vatnið drekkt oss, straumarnir hefðu á gengið upp yfir vora sál, [5]þá hefði vötnin geng-

ið of djúpt, yfir vorar sálir. [6]Lofaður sé DROTTINN það hann gaf oss ekki til veiðibráðar í þeirra tennur. [7]Sála vor er burt sloppin líka sem fugl út af veiðimannsins snöru svo það snaran er sundurslitin og vér þaðan í burt leystir. [8]Vor hjálp er í nafni DROTTINS þess sem gjört hefur himin og jörð.

125 (Lofsöngur í hákornum.) Hverjir eð treysta á DROTTIN þeir munu ekki falla heldur eilíflegana staðfastir blífa líka sem fjallið Síon. [2]Kringum Jerúsalem eru fjöll og DROTTINN hann er í kringum sitt fólk, nú og allt héðan í frá að eilífu. [3]Því að ríkisspíra hinna óguðlegra mun ekki blífa yfir flokkinum réttferðugra, það hinir réttlátu útþenji ekki sínar hendur til ranglætisins.

[4]DROTTINN, gjör gott til þeim góðfúsu og réttferðugum af hjarta. [5]En hina sem fráhverfa á sína rangsnúna vegu þá sömu mun DROTTINN burt drífa með illgjörðamönnum. En friður sé yfir Ísrael.

126 (Lofsöngur í hákornum.) Þegar eð DROTTINN leysir hina herteknu Síon þá munum vér verða so sem þeir eð dreymir. [2]Þá mun vor munnur fullur af hlátri og vor tunga full af gleðskap vera, þá mun og sagt vera meðal heiðinna þjóða: „DROTTINN hefur mikla dásemd hjá þeim gjörða.“ [3]DROTTINN, hann hefur mikla dásemd hjá oss gjört, þess þá erum vér glaðir orðnir.

[4]DROTTINN, snú þú vorri herleiðingu líka sem að þú uppþurrkaðir vatnið í suðrinu. [5]Þeir eð með tárunum niðursá munu með fögnuðinum uppskera. [6]Þeir ganga út grátandi og bera ágætt sæði og koma með fagnaði og bera sín bindini.

127 (Lofsöngur Salomonis í hákornum.) Nema það DROTTINN uppbyggi húsið þá erfiða þeir til einskis sem það uppbyggja. Nema það DROTTINN varðveiti borgina þá vakir vökumaðurinn til forgefins. [2]Það kemur til einskis að þér snemma upp standið og þar eftir á lengi sitjið og etið yðvart brauð með hryggð því að það gefur hann sínum ástvinum að þeim sofandi.

[3]Sjá, börnin eru ein gjöf DROTTINS og sá ávöxtur kviðarins er ein ástgjöf. [4]Líka sem það skeytið í öflugs manns hendi, eins þá tíngast þau ungu börnin. [5]Sæll er sá sem sitt kofur hefur fullt af þeim hinum sömum, þeir munu ekki til skammar verða nær eð þeir eiga viður sína óvini að þreyta.

128 (Lofsöngur í hákornum.) Sæll er sá maður sem óttast DROTTIN og gengur á hans vegum. [2]Út af erfiði handa þinna muntu næra þig. Sæll ertu þess og vel mun þér ganga. [3]Þín húsfreyja mun vera so sem ávaxtarsamur vínviður umhverfis þitt hús, þín börn so sem viðsmjörsviðarkvistir í kringum þitt matborð. [4]Sjá þú, svo verður sá maður blessaður sem hann óttast DROTTIN.

[5]DROTTINN mun blessa þig út af Síon svo að þú sjáir auðlegðina Jerúsalem alla þína lífdaga [6]og þú munt sjá þín barnabörn, friðinn yfir Ísrael.

129 (Lofsöngur í hákornum.) Oftsinnis þá hafa þeir mótstaðið mig í frá barnæsku minni, – svo segi Ísrael – [2]oftsinnis þá hafa þeir mótstaðið mig í frá barnæsku minni en þó hafa þeir ekki yfirbugað mig. [3]Á mínum hrygg hafa plógmennirnir plægt og sitt plógjárn lengi dregið.

[4]DROTTINN, sá eð réttlátur er, hefur hálssílana hinna óguðlegu í sundurhöggvið. [5]Til skammar verða þeir og snúist aftur um hæl allir þeir sem Síon gramir eru. [6]Verði þeir so sem grasið á ræfrum uppi hvert eð visnar áður en það er uppslegið, [7]út af hverju að hann

sá eð það uppslær fyllir ekki sína hönd
og ekki heldur hann sinn barm sem
bindinin til samans bindur. [8]Og þeir eð
framhjá ganga munu eigi segja: „Bless-
un DROTTINS sé yfir yður, vér blessum
yður í nafni DROTTINS.“

130 (Lofsöngur í hákornum.) Burt úr djúpinu hrópa eg,
DROTTINN, til þín. [2]Heyr þú, DROTTINN,
mína rödd, láttu þitt eyra hyggja að
röddu minnar grátbeiðni. [3]Ef að þú,
DROTTINN, vilt tilreikna syndirnar,
DROTTINN, hver má það standast? [4]Í hjá
þér er fyrirgefningin svo að menn ótt-
ist þig.

[5]Eg vænti DROTTINS, mín sála hún bíð-
ur so við og eg vona upp á hans orð.
[6]Mín sála hún bíður DROTTINS í frá einni
morguneyktinni allt til annarrar. [7]Ísrael
voni upp á DROTTIN því að hjá DROTTNI
er miskunnsemi og í hjá honum er nóg-
leg endurlausn. [8]Og hann mun frelsa
Ísrael út af öllum hans syndum.

131 (Sálmur í Davíðs í hákorn-
um.) DROTTINN, mitt hjarta
er ekki hofmóðugt og mín augu eru
ekki stærilát og eg geng ekki út í mik-
ilsháttar efnum, þeim mér eru of há. [2]Ef
að eg setta ei sálu mína og þaggaði
hana þá yrði mín sála afvanin, líka sem
sá eð frávaninn er sinni móður. [3]Ísrael
voni upp á DROTTIN nú og allt héðan í
frá að eilífu.

132 (Lofsöngur í hákornum.) Minnstu, DROTTINN, á Davíð
og á öll hans mótlæti, [2]hver eð svór
DROTTNI og trúlofaði Hinum volduga
Jakobs: [3]„Eg vil ei í herbergi míns heim-
ilis innganga og ei heldur mig upp-
leggja í minn sængarstað, [4]mínum aug-
um vil eg öngvan svefn gefa og ekki
heldur mínum augabrám nokkurn
svefn höfga [5]allt þangað til eg finn
DROTTNI einn stað, til íbyggingar þeim
Guði Jakob.“ [6]Sjá þú, vér heyrum út af
þeim hinumsama í Efrata, vér höfum
hann fundið á völlunum skógarins. [7]Vér
viljum innganga í hans tjaldbúð og til-
biðja fyrir hans fótskör. [8]DROTTINN, hef
þig upp til þinnar hvíldar, þú og örkin
þíns kraftar.[9]Þína kennimenn lát íklæð-
ast réttvísinni og þína heilaga gleðja
sig. [10]Svipt ekki í burt ríkisstjórninni
þíns hins smurða, vegna þíns þjóns
Davíðs.

[11]DROTTINN hann svór Davíð einn
sannarlegan eið, þann sama mun hann
enda: „Út af ávexti kviðar þíns vil eg
setja yfir þitt veldissæti. [12]Ef að synir
þínir varðveita minn sáttmála og mína
vitnisburði hverja eg mun kenna þeim
þá skulu og einnin þeirra synir sitja á
þínum veldisstóli ævinlegana.“ [13]Því að
DROTTINN útvaldi Síon og hefur lysting
þar í þeim stað að búa: [14]„Þetta er mín
hvíla um aldur og ævi, hér vil eg byggja
því það þóknast mér vel. [15]Hennar vist-
ir vil eg blessa og hennar fátækum nóg-
legan brauðsins saðning gefa. [16]Hennar
kennimenn vil eg hjálpræðinu íklæða
og hennar heilagir skulu glaðværir
vera. [17]Þar í þeim stað skal uppganga
hornið Davíðs, mínum þeim hinum
smurða hef eg eitt ljós tilbúið. [18]Hans
óvini vil eg forsmánni íklæða en yfir
honum skal blómgast hans kóróna.“

133 (Sálmur í Davíðs í hákorn-
um.) Sjá þú, hversu ágætt
og elskulegt er það að bræðurnir búa
hver við annan í góðu samþykki, [2]líka
sem það dýrðarlega balsamum er, hvert
eð af höfði Arons ofan rennur allt í
hans skegg, það sem ofan þaðan flýtur
á hans klæði, [3]svo sem að náttdöggin sú
eð af Hermon fellur á fjallið Síon því að
þar í þeim stað fyrirheitir DROTTINN
blessuninni og lífinu um aldur og að ei-
lífu.

134 (Lofsöngur í hákornum.) Sjáið, lofið DROTTIN, allir
þjónustumenn DROTTINS, þér sem

standið á náttarþeli í húsi DROTTINS.
[2]Upphefjið yðar hendur í helgidóminum og lofið DROTTIN.
[3]DROTTINN hann blessi þig út af Síon, sá eð gjört hefur himin og jörð.

135 Halelúja. Lofið nafnið DROTTINS, lofi, þér þjónustumenn, DROTTIN, [2]þér sem standið í húsi DROTTINS, út í fordyrum hússins Guðs vors, [3]lofið DROTTIN því DROTTINN er góðgjarn, lofsyngið hans nafni því að hann er sætur. [4]Því að DROTTINN útvaldi sér Jakob, Ísrael sér til eigindóms. [5]Því að eg veit það DROTTINN er mikils máttar og vor DROTTINN hann er yfir öllum guðum. [6]Allt hvað hann vill það gjörir hann, á himnum, á jörðu, í sjónum og undirdjúpinu, [7]hann sem skýin lætur uppganga af ysta takmarki jarðarinnar, hver eð eldingarnar gjörir með regninu, sá eð vindinn lætur framkoma úr leynilegum fylsnum, [8]hann hver eð sló alla frumgetninga á Egyptalandi, bæði mannanna og so fénaðarins, [9]og lét sín teikn og stórmerki koma yfir þig, Egyptaland, yfir faraó og alla hans þjónustumenn, [10]hann sá eð miklar þjóðir undirlagði og volduga konunga í hel sló, [11]Síhon kónginn Ammoritarum og Óg konunginn Basan og öll kóngaríkin Kanaansjarðar [12]og gaf þeirra land til arfleifðar, til arfleifðar sínu fólki Ísrael.
[13]Þitt nafn, DROTTINN, varir eilíflegana, DROTTINN, þín minning hún varir um aldur og ævi. [14]Því að DROTTINN mun dæma sitt fólk og sínum þjónustumönnum mun hann miskunnsamur vera.
[15]Skúrgoðin heiðinna þjóða eru silfur og gull, af mannanna höndum gjörð. [16]Þau hafa munn og mæla ekki, þau hafa augu og sjá ekki, [17]þau hafa eyru og heyra ekki, enginn andardráttur er í þeirra munni. [18]Þeir eð þau gjöra eru eins líka og allir þeir sem treysta á þau.
[19]Húsið Ísraels lofi DROTTIN, lofið DROTTIN, þér af húsi Aron„ [20]þér út af húsi Leví, lofið DROTTIN, þér sem óttist DROTTIN, lofið DROTTIN. [21]Lofaður sé DROTTINN út af Síon, sá eð til Jerúsalem byggir. Halelúja.

136 Þakki þér DROTTNI því hann er góður, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana. [2]Þakkið Guði allra guða því að hans miskunnsemi varir eilíflegana. [3]Þakkið DROTTNI allra drottna því að hans miskunnsemi varir eilíflegana. [4]Hann sá eð einn gjörir mikil stórmerki, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana. [5]Hann hver eð himininn hefur gjört svo meistarlega, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [6]hann sá eð jörðina hefur útbreitt yfir vötnunum, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [7]hann sá eð þau miklu ljósin hefur gjört, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [8]sólina deginum til stjórnunar, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [9]tunglið og stjörnurnar nóttinni fyrir að standa, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [10]hann sá eð Egyptaland sló með þeirra frumgetningum, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [11]og Ísrael út þaðan leiddi, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [12]fyrir volduga hönd og útþaninn armlegg, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [13]hann sá eð í sundur skipti hafinu rauða í tvo hluti, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [14]og lét Ísrael þar í gegnum ganga, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [15]hann hver eð drekkti faraó og hans herliði í hafinu rauða, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [16]hann sá eð sitt fólk útleiddi í gegnum eyðimörkina, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [17]sá eð niðursló mikilsháttar konunga, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [18]og í hel sló megtuga kónga, því að hans miskunnsemi varir eilíflegana, [19]Síhon þann kónginn Ammoreorum, því að hans miskunnsemi varir eilífleg-

ana, [20]og Óg konunginn til Basan, því
að hans miskunnsemi varir eilíflegana,
[21]og gaf þeirra land til arfleifðar, því að
hans miskunnsemi varir eilíflegana,
[22]til arfleifðar sínum þjón Ísrael, því að
hans miskunnsemi varir eilíflegana,
[23]af því hann minntist á oss þá eð vér
vorum undirþrykktir, því að hans mis-
kunnsemi varir eilíflegana, [24]og hann
frelsaði oss frá óvinum vorum, því að
hans miskunnsemi varir eilíflegana,
[25]hann hver eð fæðslu gefur öllu holdi,
því að hans miskunnsemi varir eilífleg-
ana. [26]Þakkið Guði af himnum, því að
hans miskunnsemi varir eilíflegana.

137 Við vötnin í Babýlon sátum
vér og grétum þá eð vér
minntunst á Síon. [2]Vorar hörpur
hengdum vér upp á víðirinn þann sem
þar var. [3]Því að þeir í sama stað skipuðu
oss að syngja, þeir oss hertekna héldu,
og gladværum að vera í vorum harm-
kvælum: „Kæri, syngið oss einn lofsöng
út af Síon!“
[4]Hvernin skyldum vér lofsöng
DROTTINS syngja út í ókunnu landi?
[5]Gleymi eg þér, Jerúsalem, þá verði
minni hægri hendi forgleymt. [6]Mín
tunga loði mér þá við góma ef eg minn-
ist þín ekki, ef að eg læt ekki Jerúsalem
vera mína æðstu gleði. [7]DROTTINN,
minnstu á sonu Edóm á degi Jer-
úsalem, þeir eð segja: „Afmáið, afmáið
allt í grunn!“ [8]Þú hin brotna dóttir Ba-
býlon, vel verði þeim eð þér geldur líku
líkt, eftir því sem þú hefur viður oss
gjört. [9]Vel verði þeim sem taka þín
smábörn og berja þau niður við stein.

138 (Sálmur Davíðs.) Eg þakka
þér út af öllu hjarta, fyrir
augsýn guðanna vil eg þér lofsyngja.
[2]Eg vil biðja til þíns heilags musteris og
þínu nafni þakkir gjöra fyrir þína mis-
kunnsemi og sannleika því þitt nafn
hefur þú miklað framar en alla hluti,
fyrir þitt orð. [3]Nær eð eg ákalla þig þá
bænheyr þú mig og gef sálu minni kraft
mikinn. [4]DROTTINN, allir kóngar á jörðu
þakka þér því að þeir heyra orðin
munns þíns [5]og syngja á vegum
DROTTINS það dýrðin DROTTINS sé æri-
leg. [6]Því að DROTTINN hann er veglegur
og lítur á hið aumlega og þekkir hinn
ríkiláta álengdar. [7]Þó að eg reiki í miðri
harmkvælingunni þá endurlífgar þú
mig og útbreiðir þína hönd yfir reiði
óvina minna og hjálpar mér með þinni
hægri hönd.
[8]DROTTINN mun þar ending á gjöra
minna vegna, DROTTINN, þín miskunn-
semi er eilífleg, verkin þinna handa þa
vildir þú ekki yfirgefa.

139 (Sálmur Davíðs fyrir að
syngja.)DROTTINN, þú rann-
sakar mig og þekkir mig. [2]Hvert eg sit
eða stend upp þá veistu það, þú for-
merkir mínar hugrenningar álengdar.
[3]Eg geng eður ligg, þá ertu í kringum
mig og sér alla mína vegu. [4]Því að sjá
þú, þar er ekkert orð á minni tungu það
þú, DROTTINN, vitir það eigi allt. [5]Þú
kemur því til vegar hvað eg gjöri fyrr
og seinna og heldur þinni hendi yfir
mér. [6]Svoddan þín viska er undarleg og
mér við of, eg fæ hana ekki skynjað.
[7]Hvert skal eg fara fyrir þínum anda eð-
ur hvert skal eg flýja fyrir þínu augliti?
[8]Færa eg upp í himininn þá ertu þar,
byggi eg mér rúm í helvíti þá ertu einn-
in þar. [9]Taki eg vængi morgunroðans
og byggi út við hina ystu sjávarbrún
[10]þá mundi þar þó í þeim stað þín hönd
halda mér. [11]Segi eg það að myrkurin
fái hulið mig þá hlýtur einnin nóttin
ljós að vera í kringum mig. [12]Því myrkr-
in eru einnin ei myrkur hjá þér og
nóttin hún lýsir sem dagurinn, myrkrið
er svo sem ljósið.
[13]Því að mín nýru þa hefur þú í þínu
valdi, þú varst yfir mér í móðurkviði.
[14]Eg þakka þér þar fyrir að eg em svo
dásamlega skapaður, merkileg þá eru
þín verk og það sama formerkir mín

sála vel. [15]Mín bein voru þér og ekki ókunnig þá að eg var í leynum gjörður, þá að eg myndaður varð í fylsnum jarðar. [16]Þín augu þau sáu mig þá að eg enn ekki fullskapaður var og allir dagar voru í þína bók skrifaðir, þeir eð enn vera skyldu og þeirra hinna sömu var það þá enn enginn.

[17]En hversu heiðarlegar að eru fyrir mér, Guð, þínar hugsanir? Hvernin er þeirra svo mikill fjöldi? [18]Skylda eg eiga að telja þær þá mundi þeirra fjöldi fleiri vera en sandurinn, nær að eg uppvakna em eg enn í hjá þér.

[19]Ef að, Guð, þú í hel slægir hina ómildu og það hinir blóðgjörnu hlyti frá mér að víkja! [20]Því að þeir tala um þig háðuglegana og þínir óvinir hefja sig upp án tilefnis. [21]Eg hata þá, DROTTINN, sem þig hata og mér mislíkar við þá það þeir setja sig í gegn þér. [22]Eg hata þá af alvöru réttri, þar fyrir eru þeir mínir óvinir orðnir.

[23]Rannsaka þú mig, Guð, og reyn mitt hjarta, prófa þú mig og reyn hvernin að eg meina það [24]og sjá þú hvert að eg er á vondum vegi og leið þú mig upp á þann eilífa veginn.

140 (Sálmur Davíðs fyrir að syngja.) Frelsa þú mig, DROTTINN, í frá þeim vondu mönnum, varðveit mig fyrir þeim illskufullum lýð, [2]þeir eð hugsa illt í sínum hjörtum og daglega ófrið upphefja. [3]Þeir hvetja sínar tungur sem höggormar, nöðrueitur er undir þeirra vörum. Sela.

[4]Varðveit mig, DROTTINN, fyrir hendi óguðhræddra, geym þú mín fyrir þeim illskumönnum sem þenkja minni göngu um að velta. [5]Hinir dramblátu leggja snörur fyrir mig og breiða út vélastrengi mér til ánetjunar og egna upp tálgildrurnar fyrir mig á veginum. Sela. [6]En eg segi til DROTTINS: „Þú ert minn Guð.“ Heyr þú, DROTTINN, mína grátbeiðni. [7]DROTTINN Guð er mitt flugt hjálpræði, þú ert hlíf mínu höfði í bardaganum. [8]DROTTINN, veit ekki ómildum sína girnd, styrk ekki þeirra mótþróan svo að þeir megi forhefja sig þar út af. Sela.

[9]Svo ógæfan af hverri að óvinir mínir ráðgast um falli hún yfir þeirra höfuð. [10]Hann mun eldingum útausa yfir þá, meður eldi mun hann þá djúpt í jörðina niðurslá svo að þeir standi trautt aldrei upp. [11]Málugur munnur mun öngri gæfu stýra á jörðu, einn vondur illskufullur maður mun fordrifinn og útrekinn verða.

[12]Því að eg veit það DROTTINN mun á málefni hins fáráða og á réttarfar hins fátæka dómsaðkvæði leggja. [13]En hinir réttferðugu munu þó þínu nafni þakkir gjöra og hinir réttvísu þeir munu fyrir þínu augliti blífa.

141 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN, eg hrópa til þín, flýttu þér til mín, hygg að raust minni nær að eg ákalla þig, [2]það mín bæn mætti duga fyrir þér sem reykelsisfórn, minna handanna upphafning líka sem annað kvöldtímaoffur.

[3]DROTTINN varðveiti minn munn og hann geymi mínar varir. [4]Hneig ekki mitt hjarta upp á nokkursháttar illsku til að fremja óguðlegt athæfi meður illvirkjurunum so að eg eti ekkert út af því sem þeim þóknast.

[5]Hinn réttferðugi hann hegni mér ljúflegana og átelji mig, það sama mun mér so gjöra gott sem balsamum á mínu höfði því að eg bið iðuglega það hinir gjöri mér öngvan skaða. [6]Þeirra lærifeður verði niðurslegnir í grýttan stað, þá munu þeir minn lærdóm heyra mega það hann ástsamlegur sé.

[7]Vor bein þau eru í sundurdreifð allt niður í heljargrunn, svo sem önnur rótuð og umvelt jörð. [8]Því að upp á þig, DROTTINN Guð, líta mín augu, eg treysti á þig, forgleym ekki sálu minni. [9]Varðveit mig fyrir þeirri snörunni sem þeir hafa lagt mér og fyrir gildrunni þeirra

illvirkjanna. [10]Hinir óguðlegu hver með öðrum innfalla í sjálfra sinna vélanet en eg með jafnaði mun ganga þar framhjá.

142 (Menntan Davíðs. Til að biðja. Þá eð hann var í hellirnum.) Meður minni raust kalla eg til DROTTINS, með raust minni grátbæni eg til DROTTINS. [2]Eg úthelli mínu máli fyrir honum og kunngjöri fyrir honum mína neyð. [3]Nær eð minn andi er út í ánauð staddur þá meðtak þú mig. Þeir leggja snörur á veginn fyrir mig þar eð eg upp á geng. [4]Skoða þú til hægri handar og sjá, þar vill enginn þekkja mig, eg kann og ekki umflýja, enginn er sá að hirðir um mína sálu.

[5]DROTTINN, til þín kalla eg og segi: Þú ert mín hjálparvon, mitt hlutskipti á jörðu lifandi manna. [6]Hygg að minni kveinkan því að eg verð næsta þvingaður, frelsa þú mig í frá mínum ofsóknurum því að þeir eru mér of megtugir. [7]Leið mína sálu út af dýflissunni so að eg þakki þínu nafni. Hinir réttferðugu munu safnast til mín nær eð þú gjörir mér gott til.

143 (Sálmur Davíðs.) DROTTINN, heyr þú mína bæn, hygg að minni grátbeiðni, fyrir þíns sannleiks sakir, bænheyr þú mig þíns réttlætis vegna. [2]Og gakk ekki í dóm við þræl þinn því að fyrir þér er enginn lifandi (manna) réttferðugur. [3]Því að óvinurinn ofsækir sálu mína og niðurslær mitt líf til jarðar, hann setur mig út í myrkrið svo sem hina dauðu í veröldinni [4]og minn andi er angraður í mér, mitt hjarta er sturlað í mínu brjósti.

[5]Eg minnunst á hina fyrri dagana, eg tala um allar þínar dásemdir og segi út af verkum þinna handa. [6]Eg útbreiði mínar hendur til þín, mína sál þyrstir eftir þér, svo sem önnur þurr jörð. Sela.

[7]DROTTINN, bænheyr þú mig bráðlegana, minn andi forgengur, vend ekki þínu andliti frá mér svo að eg verði ekki líkur þeim sem í gröfina niðurstíga. [8]Láttu mig snemma heyra þína náð því að eg vona upp á þig, gjör þú mér kunnan þann veginn hvar að eg skal upp á ganga því að mig forlengir eftir þér. [9]Frelsa þú mig, minn Guð, út af óvinum mínum. Til þín flý eg. [10]Kenn þú mér að gjöra eftir þínum vilja því að þú ert minn Guð, þinn góði andi hann leiði mig á réttum vegi.

[11]DROTTINN, endurlífga þú mig fyrir þíns nafns sakir, leið sálu mína út af hörmunginni þíns réttlætis vegna. [12]Og fyrirfar óvinum mínum þinnar miskunnar vegna og glata þeim öllum sem angra mína sálu því að eg em þinn þræll.

144 (Sálmur Davíðs.) Lofaður sé DROTTINN, mín huggun, sá ed lærir mínar hendur að stríða og mína hnefa að berjast, [2]mín miskunn og minn kastali, mín hlíf og minn frelsari, minn skjöldur upp á hvern eg treysti, sá eð lýðskyldar mitt fólk undir mig.

[3]DROTTINN, hvað er maðurinn þess það þú annist hann svo og mannsins son að þú undir hann svo? [4]Er maðurinn ekki álíka og annar hégómi? Hans ævi í burt líður svo sem annar skuggi. [5]DROTTINN, hneig þú himnana og stíg hérofan, kom þú við fjöllin svo að upp af þeim rjúki. [6]Lát eldingar fljúga og í sundurdreif þeim, send út þína geisla og skelf þá. [7]Send þú þína hönd ofan að hæðinni og leys mig og frelsa mig út af þeim stórvötnum, af hendi þeirra annarlegra sona, [8]hverra lærdómur það fáfengur er og hverra verk þau falskleg eru.

[9]Guð, þér vil eg syngja nýjan lofsöng, eg vil spila fyrir þér á psalterio tíu strengjanna, [10]þú sem sigur gefur konungunum og frelsar þinn þjón Davíð af morðingjasverði hins illgjarna. [11]Leys mig einnin og frelsa mig út af hendi

þeirra annarlegra sona hverra lærdómur að er engin nytsemi og þeirra verk falskleg, 12það vorir synir uppvaxi í ungdómi sínum sem nýplantaðir kvistir og vorar dætur svo sem útskornir pílarar, líka sem kónglegar hallir 13og að vor matarhús sé full þau eð fram kunna að gefa hverja matarnægð eftir aðra og svo það vorir sauðir framleiði þúsund og hundrað þúsund í vorum byggðarlögum, 14það vorir uxar framkomi ærnu erfiði, so það enginn skaði, ekkert tjón né nokkurt klögumál sé á vorum strætum. 5Heppið er það fólk hverju eð so gengur en heppið er það fólk hvers Guð að DROTTINN er.

145 (Lofsöngur Davíðs.) Eg vil þig upphefja, minn Guð, þú konungur, og lofa þitt nafn um aldur og ævi að eilífu. 2Daglegana vil eg lofa þig og prísa þitt nafn um aldir alda eilíflegana. 3Mikill er DROTTINN og mjög loflegur og hans mikilleiki er óumræðilegur. 4Hver kynslóð eftir aðra lofar þín verk og segir út af þínu magtarvaldi. 5Eg vil tala um þá ágætisdýrð þinnar vegsemdar og ræða um þínar dásemdir 6svo það menn megi segja út af þínum dýrðlegum kraftaverkum og að menn framtelji mikilleik þinna dásemda, 7svo það menn megi prísa þína hina miklu miskunn og hrósa þínu réttlæti. 8Náðugur og miskunnsamur er DROTTINN, þolinmóður og mjög líknsamur. 9DROTTINN er öllum náðigur og hans miskunnsemi er yfir öllum hans verkum. 10Öll þín verk, DROTTINN, eiga þér að þakka og þínir heilagir þig að lofa 11og að víðfrægja dýrðina þíns ríkis og af þínu magtarveldi segja, 12svo það mannanna sonum verði þitt magtarveldi kunnigt og sú hin mikla vegsemdardýrð þíns ríkis. 13Þitt ríki er eitt eilíft ríki og þín ríkisstjórnan varir um aldur og ævi. 14DROTTINN hann styður alla þá sem við falli er búið og reisir upp alla þá sem niður eru slegnir. 15Allra augu vona á þig og þú gefur þeim fæðslu í hæfilegan tíma. 16Þú upplykur þinni hendi og seður allar lifandi skepnur með þinni þóknan.

17DROTTINN er réttferðugur í öllum sínum vegum og heilagur í öllum sínum verkum. 18DROTTINN er öllum nálægur þeim hann ákalla, öllum þeim sem hann með alvöru ákalla. 19Hann gjörir það hvað hinir guðhræddu girnast og heyrir þeirra ákall og hjálpar þeim. 20DROTTINN varðveitir alla sem hann elska og afmáir alla óguðlega.

21Minn munnur skal DROTTINS lof mæla og allt hold lofi hans heilaga nafn um aldir og eilíflegana.

146 Halelúja. Sála mín, lofa þú DROTTIN, 2eg vil DROTTIN lofa svo lengi sem eg lifi og mínum Guði lofsyngja á meðan það eg em hér.

3Treystið ei upp á höfðingana, þeir eru menn, þeir kunna ekki að hjálpa. 4Því að mannsins andi verður út þaðan að fara og han sjálfur hlýtur aftur að jörðu að verða, þá eru allar hans ráðagjörðir að öngvu orðnar.

5Sæll er sá hvers hjálp það Guð Jakobs er, hvers von að er upp á DROTTNI hans Guði, 6hver eð himininn, jörðina, sjóinn og allt hvað þar er inni hefur gjört, hann sá eð tryggðina heldur eilíflegana, 7hann eð réttan dóm afrekar þeim sem rangindin líður, hver eð fæðslu gefur hungruðum. DROTTINN hann leysir fjötraða, 8DROTTINN hann gefur sýn blindum, DROTTINN réttir þá við sem niðurslegnir eru, DROTTINN elskar þá réttlátu, 9DROTTINN hann varðveitir hina framandi og föðurleysingjana og annast ekkjurnar og umsnýr veginum óguðhræddra,

10DROTTINN ríkir eilíflegana, þinn Guð, Síon, um aldur og ævi. Halelúja.

147 Lofi þér DROTTIN því að vorn Guð að lofa það er forkostulegur hlutur, svoddan lof er ágætt og

lystilegt. [2]DROTTINN hann uppbyggir Jerúsalem og leiðir til samans hina sundurtvístruðu í Ísrael. [3]Hann læknar sundurknosaða í hjörtum og bindur um þeirra sárindi. [4]Hann telur stjörnurnar og nefnir þær allar með sínum nöfnum. [5]Vor DROTTINN er mikill og hans kraftur er mikill og er óumræðilegur so sem það hann regerar. [6]DROTTINN veitir uppreisn hinum fáráða en niðurlægir hinn óguðlega allt til jarðar. [7]Syngið fyrir DROTTNI með þakkargjörð og lofið vorn Guð með hörpuslætti, [8]hver ið himininn hylur með skýjunum og gefur regn á jörðina, hann sá ið lætur grasið vaxa á fjöllunum, [9]hver ið fénaðinum gefur sitt fóður, þeim ungum hrafnanna sem til hans kalla. [10]Eigi hefur hann neina geðþekkni á sterkleik hestsins né nokkra þóknan á neins manns fótleggjum. [11]DROTTINN hefur þóknan á þeim sem hann óttast og á þeim sem vona upp á hans miskunnsemi. [12]Prísa þú, Jerúsalem, DROTTIN, lofa þú, Síon, þinn Guð, [13]því að hann styrkir lásana þinna portdyra og blessar þín börn þar fyrir innan. [14]Hann útvegar þínum landsálfum frið og seður þig með því hinu besta hveiti. [15]Hann sendir sína ræðu á jörðina, hans orð þau hlaupa snarlegana. [16]Hann gefur snjóinn svo sem ull, hann dreifir hrímfrostinu sem ösku. [17]Hann fleygir sínu hagli sem munnbitum, hver fær staðist fyrir þínu frosti? [18]Hann mælir eitt orð, þá bráðnar það niður, hann lætur sinn vind blása, þá þiðnar það aftur. [19]Hann kunngjörir Jakob sín orð, Ísrael sína dóma og réttlætingar. [20]Slíkt gjörir hann öngri heiðinni þjóð né lætur hana vita sína dóma. Halelúja.

148 Halelúja. Lofi þér, himnarnir, DROTTIN, lofið hann í upphæðunum, [2]lofið hann, allir hans englar, lofið hann, allur hans her, [3]lofið hann, sól og tungl, lofið hann, allar lýsandi stjörnur, [4]lofið hann, þér himnarnir alla vegna og vötnin þau sem uppi eru yfir himninum. [5]Lofi þau nafnið DROTTINS því þá ið hann býður verður það skapað. [6]Hann ræður þeim um aldur og að eilífu, hann setur þeim takmark so að þau hljóta ekki annað að ganga. [7]Lofið DROTTIN á jörðu, þér hvalfiskar og öll undirdjúpin, [8]eldur, hagl, snjór og úði, stormvindar, þér sem hans orðum til vegar komið, [9]fjöllin og allir hálsar, frjófsöm tré og alls kyns sedrusviðir, [10]skógdýrin og alls kyns fénaður, skriðkvikindin og fljúgandi fuglar, [11]þér kóngar jarðarinnar og allt fólkið, höfðingjarnir og allir dómendur á jörðu, [12]yngismennirnir og meyjarnir, gamlir menn með þeim ungu [13]skulu lofa nafnið DROTTINS því að hans nafn alleinasta er háleitt, hans lof breiðist so vítt út sem himinn og jörð er. [14]Og hann upphefur hornið síns fólks, allir hans heilagir eiga hann að lofa, Ísraelssynir, það fólkið er honum þjónar. Halelúja.

149 Halelúja. Syngið DROTTNI nýjan lofsöng, samkundan heilagra á hann að lofa. [2]Ísrael gleðji sig þess sem hann hefur gjört, synir Síon veri glaðir yfir sínum konungi. [3]Hans nafn skulu þeir í dansinum lofa, meður bumbum og hörpum eiga þeir honum að spila. [4]Því að DROTTINN hefur þóknan á sínu fólki og hjálpar hinum fáráða ágætlegana. [5]Hinir heilögu skulu glaðværir vera og vegsama og heiðra í sínum hvílurúmum. [6]Þeirra munnur skal Guð í orðum hefja og skulu tvíeggjuð sverð í höndum hafa, [7]so eð þeir megi hefndina fremja meðal heiðinna og refsingina meðal fólksins, [8]þeirra konunga að binda með fjötrum og þeirra eðlaborna meður járnviðjum, [9]so að þeir gjöri þeim þann dóm hvar af skrifað stendur. Svoddan dýrð eiga allir hans heilagir að hafa. Halelújja.

150 Halelúja. Lofið DROTTIN í hans helgidómi, lofið hann út í festunginni hans magtarveldis. [2]Lofið hann í sínum kraftaverkum, lofið hann út í sinni mikilli dýrð. [3]Lofið hann meður lúðrum, lofið hann meður psalterio og hörpum, [4]lofið hann meður bumbum og dansleikum, lofið hann meður strengjaleik og organssöng, [5]lofið hann meður hljómfögrum bjöllum, lofið hann meður vel hljóðandi söngbjöllum.

[6]Allt hvað andardrátt hefur lofi DROTTIN. Halelúja. *Endir Sálmanna.*

ORÐSKVIÐIRNIR

1 Þessir eru orðskviðir Salomonis
Israeliskóngs, sonar Davíðs, [2]til að
nema speki og leiðbeiningu, skilning,
[3]hyggindi, réttvísi, dóm og jafnaðar-
girni, [4]að smábörnin verði klók og ung-
mennin skynsöm og forsjál. [5]Hver
hygginn er sá hlustar til og betrar sig
og sá sem er skynsamur lætur við sig
ráða [6]svo hann skilji orðskviðina og
þeirra þýðingar, kenningar vísdóms-
manna og þeirra eftirlíkingar.
[7]Ótti DROTTINS er upphaf lærdómsins,
fávísir menn forsmá visku og leiðbein-
ingu.
[8]Son minn, hlýð þú aga föður þíns og
yfirgef ekki þinnar móður lögmál [9]því
að slíkt er þínu höfði fögur prýði og ein
festir á þínum hálsi.
[10]Son minn, þegar syndugir menn
lokka þig, fylg þú þeim ekki. [11]Nær þeir
segja: „Far þú með oss, vær viljum um-
sitja blóð og fyrir saklausan mann snör-
ur leggja, [12]vér viljum gleypa þá lifandi
so sem helvíti [13]og fylla hús vor með
herfangi. [14]Hættu til með oss, allir vær
skulum einn fésjóð eiga“, [15]son minn,
gakk þú ekki þann veg með þeim, vara
þú þinn fót við þeirra stig. [16]Því að
þeirra fætur hlaupa til ills og flýta sér til
blóðsúthellingar. [17]Því að til einskis er
netið að leggja fyrir augu fuglanna,
[18]svo og umsitja þeir sjálfir sín á meðal
hver annars blóð og einn stundar eftir
annars lífi. [19]Svo gjöra allir ágjarnir að
hver tekur lífið frá öðrum.
[20]Spekin kallar úti og lætur til sín
heyra á strætum, [21]hún kallar í portdyr-
unum meðal lýðsins, hún talar sínum
orðum í borginni: [22]Hversu lengi vilji
þér, hinir fávísu, heimskir vera og þér
sem eruð háðgjarnir lyst hafa til háð-
ungar og heimskufullir lærdóminn
hata? [23]Snúið yður til minnar ávítunar,
sjáið, eg vil auglýsa fyrir yður minn
anda og mín orð yður kunngjöra. [24]Á
meðan eg kalla afneiti þér, eg framrétti
mína hönd og enginn gefur þar gaum
að [25]og þér fyrirlítið allt mitt ráð og vilj-
ið ekki þola minn aga. [26]Því vil eg líka
hlæja að yðvarri fordjörfun og spéa yð-
ur þegar það kemur sem þér óttist,
[27]nær eð yfir yður kemur sem annar
stormur það þér óttist og yðar óheill
sem annað óveður, þegar angist og
neyð yfir yður kemur. [28]Þá munu þér
kalla á mig og eg mun ekki svar gefa,
þeir munu árla leita að mér og ekki
finna, [29]þar fyrir að þeir hötuðu kenn-
ingina og óttа DROTTINS vildu þeir ekki
hafa. [30]Ekki sættu þeir mínum ráðum
og lýttu alla mína hirting. [31]Því skulu
þeir neyta ávaxta sinna vega og af sín-
um ráðum saddir verða. [32]Það sem þá
inu fáfróðu lystir deyðir þá og farsæld
ómildra manna týnir þeim. [33]En hver sá
mér hlýðir mun óhræddur vera, hann
mun nóg hafa og óttast öngva ólukku.

2 Son minn, viljir þú mína ræðu
meðtaka og mín boðorð hjá þér
geyma, [2]þá lát þú eyra þitt að vísdómi
gaumgjafa og hneig þú með athuga
hjarta þitt þar til. [3]Því að ef þú með gáti
þar eftir kallar og þar um biður og ef þú
leitar að viskunni [4]svo sem silfri og
grennslast þar eftir svo sem eftir fésjóð
[5]þá muntu skilja ótta DROTTINS og
viðurkenning Guðs finna. [6]Því að
DROTTINN gefur visku og út af hans
munni kemur speki og skilningur.
[7]Hann lætur vel vegna réttferðugum og
verndar réttláta [8]og geymir þeirra sem
rétt gjöra og varðveitir vegu sinna heil-
agra. [9]Þá muntu skilja réttlæti, dóm,
jafnaðargirni og allan góðan veg.
[10]Ef að viskan er þér hjartnæm og
sála þín hefur þóknan á spekinni [11]þá
mun hið góða ráðið geyma þig og
skynsemdin varðveita þig [12]so þú verðir
frelstur frá vegi vondra manna og á
meðal vondra tungna [13]sem að fyrirlíta
rétta braut og ganga myrkva vegu,

[14]hverjir eð gleðjast illt að gjöra og fagna sinni fráleitri vondri breytni, [15]hverjir eð sínum vegum umbreyta og ganga hjástiguna.

[16]Hún (spekin) mun frelsa þig frá eiginkonu annars manns sem ekki er þín, hver eð gefur fögur orð [17]og fyrirlætur herra síns ungdóms og gleymir sáttmála síns Guðs. [18]Því að hennar hús hneigir sig til dauðans og hennar gangur til tapaðra. [19]Allir þeir sem til hennar innganga koma aldrei aftur og höndla ekki lífsins veg;

[20]svo að þú gangir á góðum vegi og blífir á þjóðbraut réttlátra. [21]Því að réttlátir munu í landinu búa og frómir þar inni blífa [22]en óguðhræddir munu af landinu upprætast og þeir brotamenn verða afmáðir.

3 Son minn, gleym ekki mínu lögmáli og geymi hjarta þitt mitt boðorð, [2]því að þau munu auka þér langa lífdaga, góð ár og frið, [3]miskunn og sannleikur munu þig ekki yfirgefa. Festu þau um háls þér og skrifa þau á spjöld hjarta þíns, [4]svo muntu hylli og klókindi finna sem Guði og mönnum vel líka.

[5]Haf þú traust á DROTTNI af öllu hjarta þínu og vona ekki upp á þína visku. [6]Hugsa heldur til hans í öllum þínum vegum og mun hann greiða götu þína.

[7]Eigi skaltu þykjast hygginn, óttast heldur DROTTIN og lát af illu, [8]það mun þínum nafla heilnæmt vera og þín bein hressa.

[9]Heiðra Drottin af auðæfum þínum og af frumfórninni allra þinna inntekta, [10]þá munu fullar verða kornhlöður þínar og þínar vínþrúgur fullar út af flóa.

[11]Son minn, burtkasta ekki ögun DROTTINS og vertu ekki óþolugur við hans hirting [12]því að hvern þann sem DROTTINN elskar þann hirtir hann og hefur á honum þóknan svo sem faðir á syni. [13]Sæll er sá maður sem spekina finnur og sá maður er skynsemina öðlast [14]því að betra er hana að fá en mikið silfur og hennar ávöxtur er betri en gull. [15]Hún er dýrmætari gimsteinum og allt hvað þú æskja kannt er ekki við hana samanjafnanda. [16]Langir lífdagar eru á hægri hönd henni og heiður og auðæfi á vinstri hönd. [17]Hennar vegir eru ljúflegir og allir hennar stígir eru friðsamlegir. [18]Hún er lífsins tré öllum þeim sem höndla hana og þeir eru sælir sem henni halda.

[19]Því að með spekinni hefur DROTTINN jörðina grundvallað og himnana staðsfest [20]með hennar visku, með hans vísdómi eru undirdjúpin sundurgreind og með döggvandi dropum skýin gjörð.

[21]Son minn, láttu ekki hana frá þínum augum hverfa, þá muntu farsæll og hygginn verða. [22]Það mun vera líf sálu þinni og ljúflegt munni þínum, [23]þá gengur þú þinn veg öruggur so að þinn fótur meiðist ekki. [24]Leggir þú þig þá muntu ekki óttasleginn verða heldur sætlega sofa [25]svo þú þurfir ekki uggandi að vera fyrir voveiflegum skelfingum né fyrir áhlaupi ómildra þegar það kemur. [26]Því að DROTTINN er þitt traust, hann geymir þinn fót svo að hann verði ekki fanginn. [27]Afseg eigi þeim hinum nauðstadda gott að gjöra ef Guð gefur þér hvar af þú getur gefið. [28]Seg ekki til vinar þíns: „Far í burt og kom aftur, á morgun skal eg gefa þér“ ef þú hefur þá strax til að gefa. [29]Hugsa ekki illt vin þínum sem þér trúir vel.

[30]Rífstu ekki við nokkurn mann án sakar ef hann hefur ekki gjört þér nokkuð illt. [31]Öfunda ekki illskufullan mann og vel þér öngva hans vegu [32]því að hver sem einn affallinn er hann er fyrir DROTTNI svívirðing og hjá réttferðugum er hans heimugleikur. [33]Bölvan DROTTINS er í húsi óguðrækinna en hús réttlátra mun blessað verða. [34]Að háðgjörnum mun hann hæða en hógværum náðina gefa. [35]Hyggnir menn munu heiðurinn erfa en þó heimskir komist hátt verða þeir þó skammaðir.

4 Heyrið, synir mínir, hirtingu föð-
urs yðars og gaumgæfið og lærið
so þér verðið forsjálir. 2Því að eg gef yð-
ur góðan lærdóm, forlátið ei mitt lög-
mál. 3Því að eg var og sonur föður
míns, fríður einkason móður minnar,
4hann kenndi mér og sagði: Láttu þitt
hjarta meðtaka mitt orð, haltu mín
boðorð, so muntu lifa, 5nem þú vísdóm,
nem þú skilning, gleym ekki og bregð
ekki af orðum munns míns. 6Yfirgef
hann ekki, svo mun hann halda þér,
elska þú hann, svo mun hann varðveita
þig. 7Því að upphaf viskunnar er það ef
mann hlýðir henni gjarnan og hefur
hyggindin kærri en mikil auðæfi. 8Virð
hana mikils og mun hún hefja þig og
gjöra þig heiðarlegan ef þú umfaðmar
hana. 9Hún mun þitt höfuð fagurlega
fríkka og prýða það með fegurðarkór-
ónu.

10Því heyr nú, son minn, og meðtak
mín orð, so munu lengjast lífdagar þín-
ir. 11Eg vil vísa þér viskunnar veg og
leiða þig á rétta götu 12svo að þá þú
gengur veiti þér eigi mæðið þín ganga
og meiðir þig ei þá þú hleypur. 13Þol þú
agann, yfirgef hann ei, geym þú hann,
því að hann er þitt líf.

14Kom þú ekki á stigu ómildra og
gakk þú ekki á vegi vondra manna.
15Láttu hann fara, vert ekki þar á, víktu
þar frá og gakktu hjá honum. 16Því að
þeir sofa ekki nema þeir hafi nokkuð
illt gjört, þeir hafa öngva hvíld nema
þeir hafi gjört skaða. 17Því að þeir hafa
nært sig af rangfengnu brauði og
drekka af ranglætisins víni. 18En stígur
réttlátra skín sem annað ljós það sem
framlíður og lýsir þar til dagur er 19en
vegur ómildra er svo sem myrkur og
þeir vita ekki hvar þeir munu detta.

20Son minn, hlýttu orðum mínum og
hneig eyra þitt til minnar ræðu. 21Láttu
hana ekki frá þínum augum fara, hirtu
hana í hjarta þínu 22því að hún er þeirra
líf sem hana finna og heilbrigði allra
þeirra líkama.

23Geym hjarta þitt af allri vandvirkt
því að þar út af gengur lífið. 24Burtskúfa
frá þér heimskum munni og láttu háð-
gjarnar varir langt frá þér. 25Augu þín
láttu rétt fram fyrir sig sjá og skima
ekki með þínum augum. 26Láttu þinn
fót jafnframt fyrir þig stíga, svo gengur
þú stöðuglega, 27halla þér hverki til
hægri handar né vinstri, snú þínum fót-
um frá illsku.

5 Son minn, athuga mína speki og
hneig eyru þín til minnar kenn-
ingar 2so þú varðveitir gott ráð og
munnur þinn viti greinarmun. 3Því að
skækjunnar varir eru sætar svo sem
hunangsseimur og hennar barki er
mjúkari en viðsmjör 4en síðarmeir
beiskari en malurt og bítur so sem eitt
tvíeggjað sverð. 5Fætur hennar hlaupa
allt í dauðann og hennar gangur í
helvíti. 6Ei gengur hún um lífsins veg,
dreift liggja hennar fótspor svo hún
veit ekki hvar hún fer. 7So hlýðið mér
nú, mínir synir, og víkið ei frá orðum
míns munns. 8Lát vegu þína langt frá
henni vera og nálgast ekki hennar hús-
dyr 9að þú ekki annarlegum gefir þinn
heiður og þeim grimmdarfullu þín ár,
10svo að öngvir annarlegir sig seðji af
þínu megni og þitt erfiði sé ei í annars
húsi, 11so að með seinsta hljótir þú að
andvarpa þegar þú hefur eytt þínu lífi
og góssi 12og segja: „Aví, hversu hef eg
hatað agann og hjarta mitt hefur
hirtingina fyrirlitið! 13Eg hefi ekki hlýtt
raust minna lærifeðra og ekki hneigt
mitt eyra til þeirra sem mér kenndu!
14Eg er so nær kominn í ólukku fyrir
öllum lýð og öllu fólki!“

15Drekktu vatn úr þinni lind og fljót-
andi bekki úr þínum brunni. 16Láttu
brunna þína útkvíslast og þína vatslæki
um strætin renna. 17En haf þú þá alleina
og enginn annarlegur með þér. 18Þinn
brunnur sé blessaður og fagna þú með
húsfrú þinnar ævsku. 19Hún er so elsku-
leg sem ein hind og þekkileg sem einn

hindarkálfur. Láttu hennar elsku þig
ætíð seðja og hress þig jafnan með
hennar ást. [20]Hvar fyrir, son minn, viltu
vermast af annarlegri og í annarrar
skauti að faðmast?
[21]Því sérhvers manns vegir eru ljósir
fyrir DROTTNI og hann mælir allar
þeirra göngur. [22]Misgjörðir hins ómilda
munu hann höndla og með snöru sinna
synda mun hann haldinn verða. [23]Hann
mun deyja þar fyrir að hann vill sér
ekki segjast láta og sakir sinnar mikillar
heimsku mun honum illa vegna.

6 Son minn, ef þú gengur í borgun
fyrir náung þinn þá forbindur þú
þínar hendur hjá framandi manni, [2]þú
ert forbundinn með orðum munns þíns
og fanginn með þinni eigin ræðu. [3]Svo
gjör þú svo sem eg segi þér, son minn:
Leystu þig því að þú ert kominn í hend-
ur þínum náunga, skunda þú, þreng og
neyð þínum náunga, [4]lát þín augu ekki
sofa né augabrár þínar syfja, [5]frelsa þig
svo sem einn hjörtur frá hendinni og so
sem einn fugl af fuglafangarans hendi.
[6]Þú hinn lati, far þú til maursins og
umskyggn hans vegu so þú verðir
hygginn. [7]Þó hverki hafi hann höfð-
ingja, yfirboða né herra [8]tilreiðir hann
þó sér fæðslu á sumartíma og safnar
því á kornskurðartíma sem hún skal
neyta. [9]Þú hinn lati, hversu lengi viltu
liggja? Hvenær viltu standa upp af þín-
um svefni? [10]Já, sofðu en nokkuð lítið,
legg saman augun litla stund og þínar
hendur að þú enn nokkuð lítið sofir!
[11]So mun fátæktin yfirkalla þig sem
annar vegfarandi maður og eymdin
sem einn alvopnaður maður. [12]Einn
skálkur er skaðsamlegur, hann gengur
með rangsnúnum munni, [13]bendir með
augunum, teiknar með fótunum, vísar
með fingrunum, [14]stundar ávallt nokk-
uð illt og fráleitt í sínu hjarta og kemur
upp um þrætur. [15]Þar fyrir mun hans
óhamingja að honum óvörum koma,
hann mun hastarlega sundurmarinn
verða svo þar verður engin hjálp.
[16]Þessa sex hluti hatar DROTTINN og
hinn sjöundi er fyrir honum andstyggi-
legur: [17]Drambsöm augu, falska tungu,
hendur þær að úthella saklausu blóði,
[18]hjarta það sem umgengur með vond-
um hrekkjum, fætur þá sem fljótir eru
til skaðræðis, [19]falsvott þann sem djarf-
lega framber lygi og hann sem er
bræðra á meðal reisir sundurþykki.
[20]Son minn, geym þú boðorð föður
þíns og forlát ekki þinnar móður lög-
mál, [21]bittu þau saman í hjarta þér og
heng þau um háls þér [22]so að þau leiði
þig þá þú gengur og gæti þín þá þú sef-
ur og skrafir um þau þá þú vaknar. [23]Því
boðorðið er lampi og lögmálið er eitt
ljós og hirting og tyttan er lífsins vegur,
[24]upp á það þú verðir varðveittur frá
illri konu og fyrir mjúkri tungu þeirrar
inu annarlegu. [25]Girnstu ekki hennar
fegurð í þínu hjarta og forgríp þig ekki
á hennar augnabrám [26]því að skækjan
svíkur af einu brauði en eiginkona her-
tekur mannsins dýrmætt líf. [27]Kann og
nokkur að halda eldi í skauti sínu svo
hann brenni ei sín klæði? [28]Hvernin
skal maður nokkur ganga á eldsglóðum
svo hans fætur brenni ekki? [29]Svo geng-
ur og þeim sem til síns náungs konu
gengur, sá er enginn saklaus sem hana
snertur.
[30]Það er einum þjóf ekki svo mikil
skömm nær hann stelur til að seðja
sína sál ef hann er hungraður. [31]Og þá
hann verður uppvís geldur hann það
sjöfalt aftur og gefur út sér til frelsis
allt það hann á í sínu húsi. [32]En sá sem
drýgir hórdóm með nokkri konu, hann
er heimskur, hann færir sitt líf í glötun,
[33]þar með kemur á hann skömm og lýti
og hans brígsli mun ei afmáð verða.
[34]Því að mannsins grimmd vandlætir og
þyrmir ekki á hefndartímanum [35]og
álítur öngvar persónur þær að forlíka
og meðtekur eigi þótt þú allt til reiðu
vildir mikið gefa.

7 Son minn, varðveit mína ræðu og
fel mitt boðorð hjá þér. [2]Geym þú
mitt boðorð, þá muntu lifa og mitt lög-
mál svo sem augastein þinn. [3]Bittu það
á fingur þína og skrifa það á spjöld
hjarta þíns. [4]Seg þú til spekinnar: Þú ert
mín systir, og kalla viskuna þína vin-
konu [5]so þú geymist fyrir framandi og
annarlegri konu sem sæt orð gefur.

[6]Því að fyrir glugganum í mínu húsi
sá eg út um grindurnar [7]og leit eg á
meðal þeirra fáfróðu og varð eg var á
meðal yngismannanna eins heimsku-
fulls ungmennis. [8]Hann gekk um
strætið hjá einni hyrningu, spásérаði á
veginum hjá hennar húsi [9]í skugganum,
að kveldi dags þegar að náttaði og
myrkur var. [10]Og sjá þú, þá mætti hon-
um kona í skækjubúnaði, kyndug,
[11]galin, ótöm, svo að hennar fætur
kunnu ekki í hennar húsi að staðnæm-
ast. [12]Nú er hún úti, nú er hún á stræt-
unum og umsitur í öllum hyrningum.
[13]Hún greip til hans og kyssti hann
ófeilanlega og sagði til hans: [14]„Í dag
hef eg þakklætisfórnir fyrir mig betalað
fyrir mín heit, [15]því er eg útgengin í
móts við þig þíns andlits að leita og hefi
þig fundið. [16]Eg hefi prýdda mína sæng
fagurlega með mislitum tjöldum af Eg-
yptalandi [17]og búið mitt rúm með mirru
og aloe og caniel. [18]Kom seðjunst af
samlagi allt til morguns og fremjum
lystileg faðmlög. [19]Því að maðurinn er
ekki heima, hann er farinn fjarlægan
veg, [20]hann hafði með sér peninga
pyngjuna, hann kemur ei heim fyrr en
að hátíðardeginum.“

[21]Hún skrafaði hann upp með mörg-
um orðum og lokkaði hann með sínum
smjaðursmunni. [22]Hann fór strax eftir
henni sem þá eitt naut er leitt til slátr-
unarbekksins, so sem til járnviðjunnar
þar heimskir verða með straffaðir,
[23]þar til að hún sundursneið hans lifur
með pílunni, svo sem þá einn fugl flýtir
sér til snörunnar og veit ekki að það
kostar hans líf.

[24]Þar fyrir heyrið mér nú, synir mínir,
og hugleiðið ræðu munns míns. [25]Lát
þitt hjarta ekki á hennar veg ganga né
þig afvegaleiða á hennar götur. [26]Því
hún hefur sært og fellt marga og alls
kyns voldugir eru af henni drepnir.
[27]Hennar híbýli eru vegur til helvítis,
þar að menn niður stíga í dauðans her-
bergi.

8 Hvert kallar spekin ekki og lætur
viskan ekki til sín heyra? [2]Augljós-
lega á veginum og á strætunum stend-
ur hún, [3]í borgarhliðunum þar sem
menn innganga hrópar hún: [4]Heyri, þér
menn, eg kalla til yðar og hrópa til sonu
mannanna. [5]Þér ófróðir, skilji þér visk-
una og þér heimskufullir, gefi þér gaum
að. [6]Heyrið mér því að eg vil tala það
sem höfðinglegt er og kenna það sem
rétt er. [7]Því að munnur minn skal sann-
indi tala og mínar varir skulu hata það
sem óguðlegt er. [8]Réttferðugar eru
ræður míns munns, þar er ei neitt
rangsnúið út í né falskt. [9]Allar eru þær
sannar þeim sem þær skilja og réttar
þeim sem þær vilja meðtaka. [10]Meðtak-
ið mína ögun heldur en silfur og metið
meira lærdóm en kostulegt gull. [11]Því
að viskan er gimsteinum betri og allt
hvað æskja má kann ekki við hana að
samjafnast.

[12]Eg, viskan, bý hjá hyggindunum og
kann að gefa góð ráð. [13]Ótti DROTTINS
hatar það illa, dramblæti, hofmóð og
rangan veg og eg er óvin rangsnúnum
munni. [14]Eg kann að ráðleggja og fram-
kvæma, eg hefi hyggindi og magt.
[15]Fyrir mig stjórna kóngarnir og setja
ráðsherrarnir lögmálsréttinn. [16]Fyrir
mig ríkja höfðingjarnir og allir valds-
menn á jörðu. [17]Eg elska þá sem mig
elska og þeir sem árla leita mín finna
mig. [18]Auðæfi og dýrð eru með mér,
sannarlegt góss og réttlæti. [19]Betri er
minn ávöxtur en gull og það besta gull
og mín inntekt er betri en útvalið silfur.
[20]Eg geng á réttum vegi og á miðjum

stígum réttarins [21]so að eg vel ráðstafi mínum elskulegum og fylli þeirra fésjóðu.

[22]DROTTINN hefur haft mig í upphafi sinna vega, fyrr en hann nokkuð gjörði var eg þar. [23]Eg er eilíflega tilskikkuð frá upphafi, fyrr en jarðríkið var, [24]þá undirdjúpin voru enn ekki var eg algjörð, þá ið vatsbrunnarnir enn ekki uppspruttu, [25]áður en fjöllin voru niðursett og fyrr en hálsarnir var eg tilreidd. [26]Hann hafði þá ekki enn skapað jörðina og það á henni er, ei heldur undirstöður jarðarinnar. [27]Þegar hann tilreiddi himnana var eg nálæg, þá hann höndlaði undirdjúpið með sinni mæling, [28]þá hann festi þar upp yfir skýin og undirdjúpin víkkandi, [29]þá hann setti sjónum sín takmörk og vötnunum að þau yfirgengi ekki sína bífalning, þá hann lagði jarðarinnar grundvöll [30]var eg meistari hjá honum og hafði daglega mína lyst og lék fyrir honum alltíð. [31]Eg lék á hans jarðarhnetti og mín lyst er hjá mannanna sonum.

[32]Þar fyrir hlýðið mér nú, synir mínir. Sælir eru þeir sem mína vegu varðveita. [33]Heyrið umvöndunina og verið hyggnir og hirðið ekki hana að forleggja. [34]Sæll er sá maður sem mér hlýðir og vakir daglega við mínar dyr og heldur vörð við mína dyrastafi. [35]Hver mig finnur sá finnur lífið og mun góðvild öðlast af DROTTNI [36]en hver hann syndgast við mig sá særir sál sína. Allir þeir sem hata mig elska dauðann.“

9 Viskan byggði sér hús og hjó sjö stólpa, [2]slátraði fé sínu, uppskenkti sitt vín og bjó sitt borð [3]og sendi út sínar ambáttir að bjóða upp á sal borgarinnar. [4]Hver hann er bernskur komi hann hér, og til fávísra sagði hún: [5]Komið og etið mitt brauð og drekkið vínið það eg yður byrla [6]og yfirgefið bernsklegt athæfi, þá munu þér lifa og gangið á skynseminnar vegi.

[7]Hver hann agar spélinn mann hann hlýtur skömm fyrir að hafa og sá hann vandar um við óguðrækinn verður hæddur. [8]Ávíta ekki spélinn mann, hann hatar þig. Ávíta hygginn mann og mun hann elska þig. [9]Gef þú vitrum manni og mun hann hyggnast. Kenn þú réttlátum og mun hann á auka.

[10]Upphaf viskunnar er ótti DROTTINS og spekin nemur það sem heilagt er. [11]Því að þar fyrir munu margfaldast dagar þínir og ár lífs þíns aukast. [12]Sértu vitur, so ertu þér vitur, sértu háðgjarn muntu það einnsaman bera.

[13]Þar er ein heimskufull, galin, kraftmálug kona og veit ekkert. [14]Hún situr í sínum húsdyrum á stóli, hátt upp í staðnum, [15]að bjóða öllum þeim sem umfara þar og réttan ganga fram sinn veg. [16]Sá sem bernskur er fari sá hingað, og til hins heimska talar hún: [17]Ófrjáls vötn eru sæt og leyndarbrauð eru lystileg. [18]En hann veit ekki að í þeim stað er dauði og hennar gestir í neðsta helvíti.

10 (Þessir eru orðskviðir Salomonis.) Einn vitur sonur gleður sinn föður en fávís sonur er móður sinnar hryggð.

[2]Rangfengið fé stoðar ekki en réttlæti frelsar frá dauða.

[3]Ekki lætur DROTTINN sál hins réttláta nokkurt hungur þola en hann steypir féfletting ómildra.

[4]Ein löt hönd gjörir fátækt en ein þrifin hönd gjörir auðgan.

[5]Hver hann samandregur á sumrinu sá er hygginn en sá ið hann sefur um kornskurðartímann verður skammaður. [6]Blessan DROTTINS er yfir höfði hins réttláta en munn þeirra óguðhræddu yfirfellur þeirra ranglæti. [7]Minning réttlátra blífur í blessan en nafn óguðrækinna fúnar. [8]Hygginn maður af hjarta meðtekur boðorðin en sá sem

heimskulegan munn hefur verður sleginn. [9]Hver eð saklaus lifir hann lifir öruggur en sá eð rangsnúinn er á sínum vegum mun opinber verða. [10]Hver hann bendir með augunum uppreisir áhyggju og sá eð heimskan munn hefur verður sleginn. [11]Munnur hins réttlátra er lífsins æð en munn ómildra mun ranglæti þeirra hylja. [12]Hatur kveikir upp deilur en kærleikurinn hylur allar misgjörðir. [13]Í vörum viturs manns finns viska en á bak hins heimska hæfir vöndur.

[14]Hyggnir menn geyma lærdómsins en munnur hins heimska er skelfingunni nálægur.

[15]Ríkdómur auðigs manns er hans sterkur staður en hina fátæku bljúga gjörir þeirra armóð.

[16]Réttlátur maður neytir sinna auðæfa til lífsins en óguðrækinn maður brúkar sínar inntektir til syndar.

[17]Að varðveita ögunina er vegur til lífsins en sá sem hirtingina fyrirlítur mun fara villt.

[18]Falsmunnar dylja sitt hatur og sá bakmálugur er hann er fávís.

[19]Hvar að er margmælgin fer ekki fram án syndar en hver sínar varir heftir sá er forsjáll.

[20]Tunga hins réttláta er kostulegt silfur en ómildra hjarta er öngvu neytt.

[21]Varir hins réttláta fæða marga en hinis heimsku munu deyja í sinni fávisku.

[22]Blessan DROTTINS auðgar fyrir utan áhyggju [23]en heimskur maður mótþróast og spéast að þar ofan á. En sá maður er hygginn sem það gaumgæfir.

[24]Það sem óguðhræddur maður óttast mun yfir hann koma og það réttlátir girnast mun þeim veitt verða.

[25]Ómildur maður er svo sem veðurstormur sá skyndilega af líður og ekki er lengur en réttlátur maður helst við að eilífu. [26]Sem edikið gjörir tönnunum og reykurinn augunum, svo gjörir og latur maður þeim er hann sendir.

[27]Ótti DROTTINS lengir lífdagana en ár óguðrækinna munu styttast.

[28]Bið réttlátra mun að fögnuði verða en von ómildra fyrirferst.

[29]Vegur DROTTINS er traust réttláts manns en illgjörðamenn eru uggandi.

[30]Réttlátum manni verður aldrei kollvarpað en ómildir menn munu ekki í landinu blífa.

[31]Munnur hins réttláta gefur vísdóm en munnur rangsnúinna manna verður upprættur. [32]Varir réttláts manns kenna heilnæmilegt en munnur ómildra er rangsnúinn.

11 Röng vog er svívirðileg fyrir DROTTNI en fullt vigt er honum þægileg.

[2]Hvar að er dramblæti þar er fyrirlitning en hvar að er lítillæti þar eru hyggindi.

[3]Sakleysi góðra manna mun leiða þá en illgirni ómildra mun steypa þeim.

[4]Eigi stoða auðæfi á degi hefndarinnar en réttlæti frelsar frá dauða. [5]Réttlæti góðs manns gjörir hans veg sléttan en hinn rangláti mun falla fyrir sitt óguðlegt athæfi. [6]Réttlæti góðra manna mun þá frelsa en forsmánarar munu fangnir verða í sinni illsku.

[7]Nær ómildur maður deyr svo er farin hans von og eftirvæntan ranglátra verður að öngvu.

[8]Sá réttláti verður af sinni neyð frelstur og sá hinn ómildi kemur í hans stað.

[9]Fyrir hræsnarans munn verður náunginn tældur en það athuga réttlátir menn og verða frelsaðir.

[10]Ein borg fagnar nær réttlátum gengur vel en þegar ómildir menn fyrirfarast verða menn glaðir. [1]Fyrir blessan réttferðugra hefðast einn staður en fyrir munn ómildra verður hann niðurbrotinn. [12]Hver sinn náung skammar sá er heimskur en einn vitur maður stillir það. [13]Bakmálugur maður opinberar leynda hluti en sá sem með trúföstu

hjarta er hann leynir þeim. [14]Hvar ekkert ráðuneyti er þar hrynur niður fólkið en þar sem eru margir ráðgjafarar þar fer vel fram.

[15]Hver hann gengur í borgun fyrir annan hann mun skaða hafa en sá sem sér tekur vara fyrir að lofa hann er öruggur.

[16]Ein ástúðleg kvinna heldur heiðrinum en ofríkismenn auðæfum.

[17]Miskunnsamur maður gjörir lífi sínu nokkuð gott en sá sem ómiskunnsamur er hrellir einnin sitt hold og blóð.

[18]Ómildra manna erfiði mun bregðast en hver réttlætinu sáir það góss er ófallvalt.

[19]Því að réttlæti stoðar til lífsins en eftir að sækja illum hlutum stoðar til dauðans.

[20]Ragnsnúið hjarta er svívirðilegt fyrir DROTTNI en á góðum hefur hann þóknan.

[21]Vondum stoðar ekki þó þeir taki saman öllum höndum en sæði réttlátra mun frelsað verða.

[22]Fríð kona og óráðvönd er sem svín það er hefur gullhring á grönum.

[23]Ósk réttlátra gengur fram en von ómildra verður að ólukku.

[24]Sumir gefa og hafa æ meir, aðrir innihalda þar þeir skyldu ekki og verða þó þess fátækari.

[25]Sú sála sem nóglega blessar mun fitna og sá sem gjörir drukkinn mun og drukkinn gjörðru verða.

[26]Hver korni inniheldur þeim bölvar fólkið en yfir þann það selur kemur blessan.

[27]Hver hann leitar góðs, þann skeður gott en sá sem eftir ólukku sækir mun hana henda. [28]Hver hann treystir á auðæfi sín hann mun hrasa en réttlátir munu blómgast svo sem grænt lauf.

[29]Hver hann hrellir sitt eigið hús mun eignast vind í arfskipti og sá sem heimskur er hlýtur hyggins manns þræll að vera.

[30]Ávöxtur hins réttláta er lífsinstréð og vitur maður annast fólkið af hjarta.

[31]Ef að réttlátur hlýtur að þola á jörðunni, hvað miklu meir óguðrækur og syndugur?

12 Hver sig lætur gjarna hirta mun hygginn verða en sá er agalaus vill vera blífur heimskur.

[2]Hver sá sem góður er hann fær huggun af DROTTNI en mótrþóaður maður hann verður fyrirdæmdur.

[3]Óguðrækilegt athæfi stoðar manninum ekki en rót réttlátra blífur stöðug.

[4]Ein þrifnaðarsöm kona er síns manns kóróna en óþrifin kona er rotnun í hans beinum.

[5]Hugsanir réttlátra eru réttferðugar en uppsátur ómildra eru svikul.

[6]Orð ómildra til vegar koma blóðsúthellingu en munnur réttlátra frelsar þar í frá.

[7]Óguðrækir menn verða kollvarpaðir og eru ekki lengur en hús réttlátra stendur stöðugt.

[8]Hyggins manns ráð verður prísað en hrekkir verða til skammar.

[9]Hver ekki er mikils virtur og geymir síns er betri en sá eð mikill vill vera og er brauðs vant.

[10]Hinn réttláti aumkar sín kvikindi sem hann nautnar en hjarta óguðrækins manns er miskunnarlaust.

[11]Hver á sínum akri arfiðar mun brauðs gnægð hafa en hver hann elskar iðjuleysi, sá er heimskur.

[12]Hinn ómildi hefur lysting á að gjöra skaða en rót réttlátra færir ávöxt.

[13]Illur maður verður gripinn í sínum falsklegum orðum en réttlátur maður umflýr neyðina.

[14]Margt gott fær einn fyrir munnsins ávöxt og eftir því sem hendurnar hafa forþént verður manninum endurgoldið. [15]Heimskum manni líka vel sínir siðir en sá er vitur sem hlýðir góðu ráði.

[16]Heimskur maður sýnir fljótt sína
reiði en hver hann byrgir með sér háð-
ungina sá er forsjáll.
[17]Hver hann sannsögull er talar rétt
en einn ljúgvottur svíkur.
[18]Hver óforsjállega framfer stingur
sem eitt sverð en tunga hygginna
manna er heilnæm.
[19]Sannsögull munnur stendur ævin-
lega stöðugur en lygin tunga umbreyt-
ist skjótlega.
[20]Þeir svíkja sem nokkuð illt ráð
leggja en þeir sem til friðarins eggja
gjöra fögnuð.
[21]Réttlátan mann mun ekki neitt
hryggja en ómildir munu fyllast af
ólukku.
[22]Lygnir munnar eru DROTTNI
svívirðing en þeir sem trúlega handtéra
líka honum vel.
[23]Forsjáll maður leynir viskunni en
hjarta fávísra í ljósi lætur heimskuna.
[24]Iðin hönd mun drottna en sú sem
löt er hlýtur iðjulaus toll að gjalda.
[25]Hryggð í hjartanu krenkir manninn
en eitt vingjarnlegt orð gleður hann.
[26]Réttvís maður hefur betra en hans
náungi en vegur ómildra blekkir þá.
[27]Einum iðjulausum lukkast ekki sín
handling en iðinn maður verður
auðigur.
[28]Á vegi réttlætisins er lífið og á rétt-
um götustíg er enginn dauði.

13 Einn vitur sonur þolir föð-
ursins aga en einn hæðari hlýð-
ir ekki hirtingunni.
[2]Munnsins ávaxtar nýtur maðurinn
en forsmánarar hugsa ei utan illt. [3]Hver
sinn munn varðveitir hann varðveitir
sitt líf en hver hann er framhleypinn í
sínum munni sá verður skelfdur.
[4]Latur maður girnist og fær ekki en
verkiðnir menn munu nóg fá.
[5]Réttvís maður hatar lygarnar en
ómildur maður skammar og hæðir
sjálfan sig. [6]Réttlætið varðveitir hinn
saklausa en óguðrækilegt athæfi leiðir
mann í synd.
[7]Margur er fátækur með miklum auð-
æfum og margur er ríkur með sinni fá-
tækt.
[8]Með auðæfum kann maður að hjálpa
lífi sínu en einn fátækur maður þolir
ekki ávítan.
[9]Ljós réttlátra gjörir gleði en lampi
óguðrækinna slokknar.
[10]Milli drambsamra eru jafnan deilur
en þeir sem allt gjöra með ráði eru vitr-
ir.
[11]Auðæfi þverra þegar þeim er bruðl-
að en því sem menn vilja til samans
halda það eykst.
[12]Sú von sem undan dregst hryggir
hjartað en þegar það kemur sem maður
girnist það er lífsins tréð.
[13]Hver orðið forsmár hann glatar lífi
sínu en hver hann óttast boðorðið þeim
verður það launað.
[14]Kenning hyggins manns er lifandi
vatsæður til að varast dauðlegar snör-
ur.
[15]Eitt gott ráð gjörir hugarhægð og
forsmánarans vegur gjörir óhægð.
[16]Forsjáll maður gjörir alla hluti með
skynsemd en fávís maður breiðir út
heimskuna.
[17]Óguðhræddur sendiboði flytur
ólukku en trúr sendiboði er heilnæm-
ur.
[18]Hver hirtingina fyrirlítur hefur fá-
tækt og skömm en sá sem hlýðir gjarna
ávítaninni mun heiðraður verða.
[19]Þegar það kemur sem menn girnast
það gleður hjartað en sá sem illt varast
er fávísum andstyggilegur.
[20]Hver hann umgengur með vitrum
mönnum sá verður vitur en hver hann
er félagi fávísra hann mun ólukku
hreppa. [21]Ólukkan ofsækir synduga en
réttlátum verður gott endurgoldið.
[22]Góðra manna arfur kemur til barn-
barna en auðæfi hins rangláta sparast
hinum réttláta. [23]Nóg er fæðsla í

nýplægðum akri fátækra en þeir að rangt gjöra fyrirfarast.

[24]Hver hann sparar vöndinn hann hatar sinn son en hver á honum hefur ást sá agar hann í tíma.

[25]Réttvís maður hann etur og seður sína sál en óguðrækinna manna kviður hefur aldrei sína nægju.

14 Vitur kona uppbyggir hús en hin fávísa niðurbrýtur það með sínum verknaði.

[2]Hver hann óttast DROTTIN sá gengur á réttum vegi en sá sem hann foraktar snýr af hans vegi.

[3]Heimskir tala drambsamlega en vitrir menn geyma sinn munn.

[4]Hvar að eru engin yxn þar er tóm jötan en hvar uxinn er gagnsamur þar er mikil inntekt.

[5]Trúr vottur lýgur ekki en einn ljúgvottur ber einarðlega fram lygi.

[6]Háðgjarn maður leitar visku og finnur ekki en hyggnum mönnum er næmið létt.

[7]Gakktu frá heimskum því þú lærir ekkert af honum. [8]Það er viska hyggins manns að hann vaktar upp á sinn veg en það er heimska fávísra að ekki er með þeim utan svik ein. [9]Heimskir drýgja sinn dáruskap með syndinni en góðir menn hafa þóknan á góðum.

[10]Nær hjartað er hryggt þá stoðar engin ytri huggan.

[11]Hús ómildra mun afmást en tjaldbúð réttlátra mun blómgast.

[12]Nokkrum manni líkar stundum einn vegur vel en með seinsta leiðir hann, hann í dauðann.

[13]Eftir hlátur kemur hryggð og harmur eftir fögnuð.

[14]Einum laussinnuðum manni mun svo ganga sem hann gjörir en góður maður mun yfir honum vera.

[15]Bernskur maður trúir öllu en forsjáll maður gáir að sínum vegi.

[16]Vitur maður óttast og hneigir frá illu en einn dári hleypur djarflega fram.

[17]Óþolugur maður gjörir dárlega en vel forhugsaður maður hatar það.

[18]Hinir bernsku erfa heimskuna en forsjállega að höndla er spakra manna kóróna.

[19]Vondir hljóta að beygja sig fyrir góðum og ómildir fyrir dyrum réttlátra.

[20]Fátækan mann hata einnin hans náungar en ríkir menn hafa marga vini.

[21]Sá syndugi hatar sinn náunga en sá er sæll sem aumum miskunnar.

[22]Þeim sem vondum hrekkjum fara fram verða blekktir en þeir sem gott hugsa öðlast trú og góðheit.

[23]Þar er nóg sem menn erfiða en hvar sem menn með orðum einum umganga þar er eymd.

[24]Vitrum manni eru auðæfin kóróna en heimska fávísra blífur heimska.

[25]Trúr vottur frelsar lífið en falsvottur svíkur.

[26]Hver hann óttast DROTTIN sá hefur öruggt vígi og börn hans verða vernduð.

[27]Ótti DROTTINS er brunnur lífsins so að menn forðist snörur dauðans.

[28]Hvar einn kóngur hefur margt fólk það er hans heiður en sé ekki fólksfjöldinn það gjörir herrann hræddan.

[29]Hver þolinmóður er sá er vitur en sá sem er óþolugur hann auglýsir sína ósvisku.

[30]Eitt góðgjarnt hjarta er líkamans líf en rotnan beinananna er öfundin.

[31]Hver vesölum gjörir ofríki sá lastar skapara hans en sá sem miskunnar fátækum hann heiðrar Guð. [32]Ómildur stenst ekki í sinni ólukku en réttvís maður er líka í sínum dauða hughraustur. [33]Í hyggins manns hjarta hvílir viskan og opinberast meðal fávísra. [34]Réttlæti upphefur eina þjóð en syndin er fólksins fordjörfun.

[35]Skynsamur þjón er kónginum þekkur en ónýtum þjón er hann óvinur.

15 Blítt andsvar heftir reiði en
hörð ræða uppvekur grimmd.
[2]Tunga vitra manna gjörir lærdóminn ljúflegan en munnur fávísra spyr einnisaman heimskunni.
[3]Augu DROTTINS sjá um allar áttir, bæði illa menn og góða.
[4]Heilnæm tunga er lífsins tré en lygigjörn hryggir hugskotið.
[5]Einn dári lastar síns föðurs kenning en sá sem umvöndunina líður mun forsjáll verða.
[6]Í húsi hins réttláta er gnægð auðæfa en í inntektum hins ómilda er fordjörfun.
[7]Munnur vísra manna gefur út góð ráð en hjarta fávísra er fast ólíkt.
[8]Offur hins óguðrækra er Guði andstyggilegt en bæn réttlátra er honum þægileg.
[9]Vegur hins ómilda er DROTTNI svívirðing en hver réttlætinu eftirfylgir sá verður af honum elskaður.
[10]Það er ill kunnátta að yfirgefa veginn og sá sem hatar hirtingina hlýtur að deyja.
[11]Helvíti og fordjörfun eru fyrir DROTTNI, hve miklu fremur en hjörtu sona manna?
[12]Háðgjarn maður elskar ekki þann sem hann ávítar og gengur ekki til hyggins manns.
[13]Glatt hjarta gjörir gleðilegt yfirbragð en þegar hjartað er hryggt þá bilar hugurinn.
[14]Hyggið hjarta gjörir forsjállega en djarfir dárar stjórna heimskulega.
[15]Sá sem hryggur er hefur aldrei góðan nokkun dag en gott geð er daglegt sælgæti.
[16]Betra er lítið með ótta DROTTINS heldur en mikill fésjóður með öngvum náðum. [17]Betri er réttur af káli með kærleika heldur en alinn uxi með hatri.
[18]Reiður maður vekur upp þrætur en þolinmóður niðursetur rifrildi.
[19]Vegur hins lata er klungraður en vegur hins réttláta er vel sléttur.
[20]Einn vitur sonur gleður föðurinn en heimskur maður er sinni móður skömm.
[21]Heimskum manni er heimskan fögnuður en forsjáll maður staðnæmist á réttum vegi.
[22]Það áform verður að öngvu sem ei er með ráði en hvar að eru margir ráðgjafar þar styrkist það.
[23]Það er einum manni gleði þar menn svara honum rétt og eitt orð í hæfilegan tíma er mjög ljúft.
[24]Vegur lífsins liggur upp eftir að gjöra menn forsjála so þeir forðist helvíti niðri undir.
[25]DROTTINN mun dramblátra hús niðurbrjóta en staðföst gjöra ekkjunnar endimörk.
[26]Uppsátur hins arga er fyrir DROTTNI andstyggilegt en hreinferðugir menn tala trúlega.
[27]Sá hinn ágjarni ruglar sínu eigin húsi en sá sem hatar gæfur mun lifa.
[28]Hjarta hins réttláta hugsar hverju svarandi er en munnur hinna óguðræku skúmar af illu.
[29]DROTTINN er langt í burt frá þeim ómildu en bæn réttlátra heyrir hann.
[30]Vinsamlegt tillit gleður hjartað, eitt gott rykti gjörir beinin feit.
[31]Það eyra sem lífsins umvandan heyrir mun búa á meðal hygginna manna.
[32]Hver hirtingina forsmár hann gjörir sig sjálfan til einskis en hver hann hlýðir hirtingunni verður hygginn.
[33]Ótti DROTTINS kennir visku og áður en það kemur manni til heiðurs þá hlýtur hann að líða.

16 Maðurinn ásetur nokkuð í
hjartanu en það kemur af DROTTNI sem tungan skal tala.
[2]Sérhverjum þykja sínir vegir hreinir en DROTTINN gjörir alleina hjartað efalaust.
[3]Bífala DROTTNI þínar gjörðir, þá munu þínar ætlanir framgang hafa.

[4]DROTTIN gjörir alla hluti fyrir sjálfs síns sakir, einnin hinn óguðræka til ills dags.
[5]Drambvíst hjarta er DROTTNI andstyggilegt og það mun ekki óhegnt vera þó þeir sé allir í einu sambandi.
[6]Fyrir góðgirni og trú forlíkast misgjörðin og fyrir ótta DROTTINS forðast menn illt.
[7]Þegar nokkurs manns vegir líka DROTTNI þá gjörir hann einnin hans óvin til friðs við hann.
[8]Betra er lítið réttfengið en mikil inntekt rangfengin.
[9]Hjartað mannsins áformar sinn veg en DROTTINN alleinasta gefur að það framkvæmist.
[10]Spádómur er í kóngsins munni, hans munnur fer ekki villt í dómi.
[11]Rétt vog og mælir er af DROTTNI og allar vigtir eru hans verk.
[12]Fyrir kónginum rangt að gjöra er svívirðing því að með réttindum staðfestist kóngssætið.
[13]Heil ráð líka kónginum og hver heilt ráð leggur verður elskaður.
[14]Reiði kóngsins er sendiboði dauðans en vitur maður mun blíðka hann.
[15]Nær kóngsins andlit er hýrlegt það er lífið og hans náð er líka sem kveldskúrin.
[16]Meðtaktu viskuna því hún er gulli betri og skynsemi að hafa er dýrmætara en silfur.
[17]Stígur réttlátra varast illt og hver sinn veg varðveitir hann geymir sitt líf.
[18]Sá er ganga skal til grunns gjörist fyrr drambsamur, eitt dramblátt og dreissugt sinni gengur undan hröpuninni. [19]Betra er að vera lítillátlegs sinnis með hógværum en skipta herfangi með drambsömum.
[20]Hver eð forsjállega framfylgir nokkru efni sá finnur hamingju og sæll er sá sem traust hefur á DROTTNI. [21]Einn skilningsmaður verður prísaður fyrir einn vitran mann og ljúfleg ræða kennir vel.
[22]Vísdómur er lífsins brunnur þeim sem hann hefur en ögun fávísra er heimska.
[23]Eitt hyggið hjarta talar viturlega og kennir vel.
[24]Ræða hins vingjarnlega er sem hunangsseimur, huggun sálarinnar og gleði beinanna.
[25]Mörgum þekkist einn vegur vel en hans að síðasta liggur til dauða.
[26]Margur kemur í mikinn skaða fyrir sinn eigin munn.
[27]Fávís maður grefur eftir ólukku og eldur brennur í hans munni.
[28]Rangsnúinn maður vekur upp þrætur og bakmálugur maður gjörir höfðingja sundurlynda.
[29]Ranglátur maður teygir sinn náunga og leiðir hann ekki á góðan veg. [30]Hver hann bendir með augunum hugsar ekkert gott og hver hann teiknar með vörunum hann fullkomnar illt.
[31]Gráar hærur eru heiðursins kóróna, hverjar að finnast á réttlætisins vegi.
[32]Einn þolinmóður maður er betri en sterkur maður og hann sem herra er síns sinnis heldur en sá að múraðar borgir yfirvinnur.
[33]Hlutföll eru í skauti lögð en þau falla eftir því sem DROTTINN vill.

17 Betri er einn þurr biti það maður lætur sér með nægja heldur en fullt hús sláturs með hatri.
[2]Vitur þræll mun drottna yfir óþrifnum erfingja og skiptir erfðinni bræðra á milli.
[3]So sem eldurinn reynir silfrið og ofninn gullið svo líka reynir DROTTINN hjörtun.
[4]Illur maður hlýðir illum munni og sviksamur maður heyrir gjarnan skaðsamlegar ræður.
[5]Hver hann spottar fátækan sá hæðir þess hins sama skapara og hver hann hlakkar yfir hans óförum mun ekki órefsaður vera.

[6]Kóróna hinna öldruðu eru barnabörnin og barnanna heiður er þeirra feður.
[7]Ekki hæfir heimskum manni að tala af háum hlutum, miklu miður einum höfðingja að hann ljúgi gjarna.
[8]Gáfan er göfuglegur gimsteinn þeim eð hana hefur, hvert sem hann snýst þá er hann hygginn haldinn.
[9]Sá sem hylur yfir misgjörðina gjörir vinskap en sá sem sökina opinberar gjörir höfðingjana ósamþykka.
[10]Ströffun skelfir meir hygginn en hundrað högg heimskan.
[11]Beisklundaður maður leitar skaða að gjöra en einn ógurlegur engill mun yfir hann koma.
[12]Betra er að mæta bjarndýri því sem rænt er sínum húnum heldur en heimskum manni í sinni heimsku.
[13]Hver eð gott illu launar, af þess húsi mun ekki illt hverfa.
[14]Hver deilur uppbyrjar er líka sem sá eð rífur upp fyrir vatninu díkisgarðinn. Hættu af deilunni fyrr en þú verður þar í vafður.
[15]Hver hann réttlætir ómildan og fyrirdæmir réttlátan, þeir eru báðir fyrir DROTTNI svívirðilegir.
[16]Hvað skulu fávísum peningar í hendi til að kaupa visku fyrst hann er einn dári?
[17]Sá sem að vinur er elskar ávallt og einn bróður verður í neyðinni reyndur.
[18]Sá er einn dári sem út í höndina lofar og í borgan gengur fyrir sinn náunga.
[19]Hver hann elskar deilur hann elskar synd og sá háar gjörir sínar dyr stundar eftir ólukku.
[20]Hrekkvíst hjarta finnur ekkert gott og sá hann hefur rangsnúna tungu fellur í óhamingju.
[21]Hver hann uppelur afglapa hefur mótgang og faðir dárlegs manns hefur öngva gleði.
[22]Glaðvært hjarta gjörir lífið lystilegt en hrygginn hugur gjörir beinin visin.
[23]Ómildur maður þiggur gjarna heimuglegar gáfur til að umhverfa vegi réttarins.
[24]Forsjáll maður hefur hyggilegt yfirbragð en heimskur gónir augunum hingað og þangað.
[25]Fávís sonur er föðursins harmur og hryggð sinnar móður sem hann fætt hefur.
[26]Það er ei gott að gjöra réttlátum manni skaða og slá höfðingja þann sem réttdæmur er.
[27]Skynsamur maður stillir sína ræðu og vel vitugur maður er dýrmæt sál.
[28]Ef fávís maður þegði þá væri hann vitur haldinn og skynsamur ef hann sínum munni aftur héldi.

18 Hver sig fráhverfan gjörir hann leitar þess sem hann lystir og setur sig örðugan öllu því sem gott er.
[2]Einn afglapi hefur öngva lyst á vísdómi heldur á því sem er í hans hjarta.
[3]Hvert sem sá ómildi kemur þar kemur og forsmán, skömm og brígsli.
[4]Orð í eins viturs manns munni er so sem djúpt vatn og viskubrunnurinn er fullur strauma. [5]Það er ei gott að álíta persónu hins óguðræka til að hneigja af réttum dómi. [6]Varir dárans koma í gubbi og hans munnur sækir eftir höggum.
[7]Munnur hins fávísa gjörir sjálfum sér skaða og hans varir veiða hans eigin sál.
[8]Bakmálugs manns orð eru slög og ganga í gegnum hjartað.
[9]Sá sem latur er í sinni vinnu hann er bróðir þess sem fyrirfer sínu.
[10]Nafn DROTTINS er hinn sterkasti herkastali, þangað flýr réttlátur maður og verður hólpinn.
[11]Ríkdómur auðigs manns er honum styrkur staður og svo sem hár múrveggur í kringum hann.
[12]Nær nokkur skal falla þá gjörist hans hjarta áður drambsamt og fyrr en

maður til heiðurs komi þá hlýtur hann áður að líða.

13 Hver sem gefur máli andsvar áður
en hann heyrir það, honum er það fáviska og skömm.

14 Hver hann hefur glatt hjarta sá
kann sér í sínum mótgangi við að halda
en þegar hugurinn er fallinn, hver kann það að bera?

15 Eitt skynsamlegt hjarta kann hyggilega sér að haga og vitrir menn heyra gjarna að menn skynsamlega framfari.

16 Gjöf mannsins gefur honum rúm og
kemur honum fyrir stórherrana.

17 Réttlátur maður afsakar fyrst sjálfan sig. Komi hans náungi þá finnur hann að við hann.

18 Hlutfall setur niður deilur og ber úr
boga með þeim voldugu.

19 Sá bróður sem styggður er, er fasthaldari en sterkur kastali og það hatur heldur fastara en borgarhjörar.

20 Hverjum manni verður launað eftir
því sem hans munnur hefur talað og
verður saddur af ávexti vara sinna.

21 Dauði og líf er í tungunnar valdi,
hver hana elskar mun hennar ávaxtar neyta.

22 Hver hann finnur sér eiginkonu sá
finnur sér góðan hlut og öðlast góðvild af DROTTNI.

23 Fátækur maður talar biðjandi, ríkur maður ansar rembilega.

24 Trúr vinur hefur einn mann elskara
og stendur fastara hjá honum heldur
en hans eigin bróðir.

19 Betri er sá fátækur sem framgengur í sínum einfaldleik
heldur en rangsnúinn maður með sínum vörum sem þó er fávís.

2 Þar menn umganga ekki með
skynsemd fer ekki vel fram og hver
með fótunum er fljótur gjörir skaða.

3 Fáviska mannsins umsnýr hans vegi
so að hans hjarta gremjist í móti DROTTNI.

4 Auðæfi gjöra marga vini en fátækur maður verður af sínum vinum forlátinn.

5 Einn ljúgvottur blífur ekki óhegndur
og sá sem einarðlega framber lygi mun
ekki undan hlaupa.

6 Margur tekur vara upp á höfðingjans persónu og allir eru vinir þess sem gáfur gefur.

7 Fátækan mann hata allir hans bræður, þar með þá firrast hann og hans vinir og sá sig forlætur upp á orð ein hefur ekkert.

8 Sá sem skynsamur er hefur kært sitt
líf og forsjáll maður finnur nokkuð gott.

9 Einn falsvottur blífur ekki óstraffaður og sá sem frílega talar lygð mun fyrirfarast.

10 Fávísum manni heyrir illa að hafa
góða daga og miklu miður einum þræl
að drottna yfir höfðingjum.

11 Sá sem að er þolinmóður hann er
hygginn maður og það er honum heiður að hann læst ódyggðina ekki vita.

12 Reiði kóngsins er sem grenjan ungs
leóns en hans hylli er sem dögg á grasi.

13 Fávís sonur er síns föðurs hörmung
og þrasandi kona er sem ein drjúpandi
húsþekja.

14 Hús og auðæfi fást eftir foreldrana
en skynsöm kona kemur af DROTTNI.

15 Leti gjörir svefn og iðjulaus sál mun
hungur þola.

16 Hver boðorðið varðveitir hann
varðveitir sitt líf en sá sínum vegi
gleymir mun deyja.

17 Hver fátækum miskunnar sá lánar
DROTTNI, hann mun það góðu endurgjalda.

18 Aga þú son þinn á meðan nokkur
von er fyrir höndum en lát þú ekki sál
þína verða til hrærða að drepa hann.

19 Því að mikill grimmleiki gjörir
skaða, þar fyrir gef hann lausan, so
kanntu hann betur að aga.

[20]Hlýð þú ráðleggingunni og meðtak ávítanina so að síðar meir verðir þú hygginn.
[21]Þar eru margar ráðagjörðir í eins manns hjarta en ráð DROTTINS stendur stöðugt.
[22]Einn mann prýða hans velgjörðir og betri er einn fátækur en einn ljúgari.
[23]Ótti DROTTINS stoðar til lífsins og mun saddur verða svo ekkert mun hann illt heimsækja.
[24]Latur maður stingur hendinni í barminn og kann hana ekki að munninum að bera.
[25]Ef maður slær hinn háðgjarna þá forðast hinn bernski en ef þú hirtir skynsaman mann þá verður hann hygginn.
[26]Hver föðurinn ónáðar og burtrekur móðurina, hann er eitt skammarlegt og bölvað barn.
[27]Hættu, son minn, að hlýða þeim aga sem frá leiðir skynsamlegum lærdómi.
[28]Einn ljúgvottur spottar réttinn og ómildra manna munnur gleypir óréttinn.
[29]Háðgjörnum mönnum eru hefndir reiðubúnar og högg á hrygginn heimskra manna.

20 Vín gjörir lausláta menn og sterkur drykkur galda, hver þar hefur lyst til verður aldrei vitur.
[2]Skelfing konungsins er svo sem grenjan leónsins, sá hann styggir sá syndgar við sitt líf.
[3]Það er manninum heiður að skilja sig við deilurnar en þeir eð deila gjarnan það eru allt saman afglapar.
[4]Fyrir kulda sakir vill latur maður ekki erja, þar fyrir hlýtur hann um kornskurðartímann að biðja og ekki fá.
[5]Eitt ráð í hjarta manns er svo sem djúp vötn en einn vitur maður kann að sjá hvað hann meinar.
[6]Margir menn kallast góðir en hver vill finna þann sem réttilega góður er?
[7]Réttlátur maður sá framgengur í sínum einfaldleik, þess börnum mun vel vegna eftir hann.
[8]Kóngur sá eð situr í sínu dómssæti tvístrar öllu illu með sínu tilliti.
[9]Hver má segja: „Hreinn er eg í mínu hjarta og klár af minni synd“?
[10]Margháttuð borg og mæling er hverttveggja fyrir Guði andstyggilegt.
[11]Eitt ungmenni kenna menn af sinni iðni, hvert hann vill vera góður og hreinferðugur.
[12]Heyranda eyra og sjáandi auga það gjörir DROTTINN hvorttveggja.
[13]Elska ekki svefninn svo þú verðir ekki fátækur, halt opnum þínum augum, þá muntu brauðs nægð hafa.
[14]„Það er vont, það er vont“ segja menn þá þeir hafa það en þá það er í burt bera menn því prís.
[15]Þar er gull og fjöldi gimsteina en bitur munnur er kostulegt clenodium.
[16]Tak þú klæði þess sem fyrir annan í borgun gengur og tak það í pant fyrir sakir hins ókunnuga . [17]Rangfengið brauð smakkar hverjum manni vel en þar eftir fyllist hans munnur upp með sandsteina. [18]Uppsátur standast nær þau byrjast með ráði og örlög skulu menn fremja með skynsemd.
[19]Samlaga þig ekki við þann mann sem leyndarmál opinberar og við bakmáluga og falsmunna.
[20]Hver hann bölvar sínum föður og sinni móður, þess ljós mun út slokkna í miðjum myrkrunum.
[21]Sú erfð sem menn hlaupa mikið eftir í fyrstu mun um síðir blessunar þarfnast.
[22]Seg ekki svo: ‚Eg skal launa aftur illt.“ Bíð heldur DROTTINS, hann mun hjálpa þér.
[23]Margháttuð vigt er DROTTNI svívirðileg og röng vog er ekki góð.
[24]Hvers eins manns gangur kemur af DROTTNI, hver er sá maður sem skilur sinn veg?

[25]Það er manninum snara að lasta þann heilaga og þar eftir á áheit að gjöra.
[26]Einn vís kóngur tvístrar þeim ómildu og færir hjól yfir þá.
[27]Ljós DROTTINS er mönnum líf og andi, það gengur í gegnum allt hjartað.
[28]Góðgirni og sannindi varðveita kónginn og hans hásæti styrkist fyrir góðgirnina.
[29]Ungdómsins styrkleikur er hans heiður og þau gráu hárin eru prýðisfegurð hinna gömlu.
[30]Menn hljóta að hamla þeim vondu með ströngu straffi og með alvarlegum höggum svo þeir kenni til.

21 Kóngsins hjarta er í hendi DROTTINS svo sem vatslækirnir og hann hneigir það hvert eð hann vill.
[2]Hverjum manni virðist réttur sinn vegur en DROTTINN alleina gjörir efalaus hjörtun.
[3]Dóm og réttindi að gjöra er DROTTNI þægilegra en offur.
[4]Drambsöm augu og dreissugt sinni og lampi óguðrækinna er synd.
[5]Fyrirætlanir hins iðna orkar nægðar en sá þolir þörf sem of hastur er.
[6]Hver hann safnar sér fésjóð með lygum hann mun fordjarfast og þeim í hendur hrapa sem leita eftir hans dauða.
[7]Ránskapur óguðrækinna mun skelfa þá því að þeir vildu ekki gjöra hvað rétt er.
[8]Hver einn annan veg gengur sá er hrekkvís en sá sem framgengur í sinni bífalningu þess verk eru rétt.
[9]Betra er að búa í hyrningu undir einni húsþekju en í einu húsi hjá þrasandi konu.
[10]Sál hins ómilda æskir ills og ann sínum náunga einskis.
[11]Nær hinn háðgjarni verður straffaður þá hyggnast þeir niu bernsku og nær menn undirvísa hyggnum manni þá verður hann skynsamur.
[12]Réttlátur maður hagar sér viturlega við hús hins ómilda en ómildir menn hugsa ekki utan að gjöra skaða.
[13]Hver sín eyru afturbyrgir fyrri kalli hins fátæka hinn sami mun kalla og ekki heyrður verða.
[14]Heimugleg gáfa heftir reiði og gjöf í skaut lögð ákafa grimmd.
[15]Það er fögnuður réttlátum manni að gjöra hvað rétt er en hræðsla illgjörðamönnum.
[16]Sá maður sem villist af viskunnar vegi mun blífa í dauðra manna söfnuði.
[17]Sá sólginn er í skemmtanir, sá mun þola þörf og hver hann elskar vín og viðsmjör verður aldrei ríkur.
[18]Ómildir menn hljóta fyrir réttláta straffaðir að verða og forsmánarar fyrir réttvísa.
[19]Betra er að búa á auðnu landi en í hjá reiðiri og deilugjarnri konu.
[20]Í húsi hyggins manns er girnilegur fésjóður en fávís maður eyðir sínu.
[21]Hver miskunnsemi og góðgirni eftirfylgir hann finnur lífið, miskunn og heiður.
[22]Vitur maður vinnur borg styrkva og steypir þeirra magt fyrir þeirra öruggleika.
[23]Hver hann varðveitir sinn munn og tungu hann varðveitir sál sína fyrir kvölum.
[24]Sá sem að er dreissugur og dramblátur kallast einn lausingi, sá er í reiðinni sýnir sinn metnað.
[25]Latur maður deyr yfir sinni ósk því að hans hendur vilja ekki vinna.
[26]Daglega óskar hann en hinn réttláti gefur og segir ekki nei.
[27]Fórnir ómildra manna eru svívirðilegar því að þær eru í syndum offraðar.
[28]Einn ljúgvottur fyrirferst en sá sem hlýðir öðrum þann láta menn og alla tíma ræða.
[29]Hinn ómildi þrengir sér fram með höfðinu en sá sem réttvís er hans vegur stendur stöðugur.

30Þar hjálpar engin viska, engin
skymsemd, ekkert ráð í móti DROTTNI.
31Hestar verða vel búnir til bardagans
en sigurinn kemur af DROTTNI.

22 Gott rykti er betra en mikil
auðæfi og góð hylli er betri en
silfur og gull.
2Ríkir og fátækir eru hver annarra á
meðal, DROTTINN hefur þá hverutveggju
gjört.
3Forsjáll maður sér ólukkuna og leyn-
ir sér en hinir bernsku ana fram og fá
skaða.
4Hvar menn þola fyrir ótta DROTTINS
þar eru auðæfi, heiður og líf.
5Þyrnar og snörur eru á vegi hins
rangláta en hver sig tekur þar langt frá
sá varðveitir sitt líf.
6So sem menn venja ungmennið so
leggur hann það ekki af þá hann eldist.
7Ríkur drottnari yfir fátækum og sá
sem þiggur lán er þræll þess sem lán-
aði. 8Hver ranglæti niðursáir sá upp-
sker illt og af vendi sinnar illsku mun
hann fyrirfarast. 9Gott auga verður
blessað því að það færir fátækum af
sínu brauði.
10Útskúfa háðgjörnum manni, þá fer
prætan burt og þá hætta deilur og háð-
ungar.
11Hver hann hefur trútt hjarta og ljúf-
lega ræðu þess vinur er kóngurinn.
12Augu DROTTINS geyma gott ráð en
forsmánarans orðum umturna þau.
13Sá hinn lati segir: „León er þar úti,
kann ske eg verði drepinn á miðju
stræti.“
14Hórunnar munnur er ein djúp gröf,
hverjum DROTTNI er reiður sá fellur þar
í.
15Heimskan er fólgin í barnsins hjarta
en hirtingarvöndurinn rekur hana
langt burt frá því.
16Hver eð gjörir rangt fátækum til
þess að auka sín auðæfi hann hlýtur og
sér ríkara manni að gefa og þörf að
þola.
17Hneig þín eyru og heyr þú orð vitra
manna og tak þér til hjarta mína kenn-
ing 18því að það mun gjöra þér hægð ef
þú geymir hana hjá þér og öllu mun
fyrir þinn munn vel ráðið verða. 19Að
þitt traust sé í DROTTNI hlýt eg daglega
þig á að minna slíkt þér til góða. 20Hef
eg þér ekki margfaldlega fyrirskrifað
með ráðlagning og kenning 21svo að eg
sýndi þér sannan grundvöll sannleiks-
ins svo þú kynnir þeim rétt að andsvara
sem þig senda?
22Ræntu ekki fátækan af því hann er
fátækur og niðurþrykk þú ekki þann
hinn vesala í borgarhliðinu 23því að
DROTTINN mun rétta þeirra sök og fót-
troða þeirra fóttroðendur.
24Samlaga þig ekki við reiðan mann
og haf ekki dvöl hjá grimmum manni,
25elligar má ske þú lærir hans vegu og
að sála þín falli í snöru.
26Vertu ekki hjá þeim sem binda
hendur sínar og í borgun ganga fyrir
skuldir
27því að ef þú hefur ekki til að bitala
þá munu þeir og þinn beð undan þér í
burt taka.
28Fær þú ekki úr stað þau gömlu
landamerki sem gjörðu feður þínir.
29Sér þú nokkurn mann ástundunar-
góðan í sínum útvegum, hann mun
standa fyrir kónginum og hann mun
ekki standa fyrir þeim ógöfgu.

23 Nær þú situr til borðs með
nökkrum höfðingjum, so
athuga gaumgæfilega hvern þú fyrir
þér hefur 2og set kníf á barka þér viljir
þú lífi þínu halda. 3Girnstu ekki fyrir
hans fæðu því að það er falskt brauð.
4Keppstu ekki við að verða ríkur og
leggðu af eigin visku. 5Lát augu þín ei
þangað fljúga sem þú kannt ei af að fá
því að það sama gjörir sér vængi svo
sem ernur og flýgur upp að himni.
6Neyttu ekki matar með öfundsjúk-
um manni og æsk þú þér ekki hans
fæðu. 7Því líka sem ein forynja er hann

fyrir innan, hann segir: „Et og drekk“
en hjarta hans er þó ekki þér með. 8Þína
bita sem þú hefur etið hlýtur þú upp að
gefa og tapa þínum vinsamlegum við-
ræðum.

9Tala þú ekki fyrir eyrum hins
heimska því að hann fyrirlítur hyggindi
þinnar ræðu.

10Færðu ekki úr stað þau gömlu
landamerki og gakk ei yfir akra föður-
lausra 11því að voldugur er þeirra
frelsari, hann mun rétta þeirra sök þér í
móti.

12Gef þitt hjarta til lærdóms og eyra
þitt til skynsemdarræðu.

13Lát ekki af að hirta ungmennið því
ef þú slær það með vendinum þarf það
ekki drepið að verða. 14Þú flengir það
með vendinum en þú frelsar sál þess
frá helvíti.

15Son minn, ef þú ert hygginn þá
gleðst mitt hjarta 16og mín nýru fagna
þegar varir þínar tala það hvað rétt er.

17Lát ekki þitt hjarta eftirfylgja synd-
unum, vertu heldur daglega í DROTTINS
ótta 18því að það mun þér síðar meir
gott vera og von þín mun ekki bregð-
ast.

19Heyr þú, son minn, og vertu
hygginn og haga vel hjarta þínu á veg-
inum. 20Vertu ekki með ölsvelgjurum
og gráðugum 21því að ölsvelgjarar og
gráðugir útarmast og svefnugur maður
hlýtur að bera slitin föt.

22Hlýð þú föður þínum sem þig hefur
getið og forsmá ekki móður þína þegar
hún eldist. 23Kaup þú sannindi og sel
ekki, visku, lærdóm og skilning. 24Faðir
hins réttláta fagnar og sá sem vitran
son hefur getið gleðst þar af. 25Láttu
föður þinn og móður fagna sem þig
getið hafa.

26Gef mér, son minn, hjarta þitt og lát
þínum augum vel þóknast mína vegu.
27Því ein skækja er djúp gröf og ein hór-
kona þröngur pyttur. 28Hún umsitur so
sem einn reyfari og þá inu djörfu á
meðal mannanna dregur hún að sér.

29Hvar er vei? Hvar er harmur? Hvar
eru deilur? Hvar eru ákærur? Hvar eru
áverkar fyrir utan tilverknað? Hvar eru
rauð augu? 30Einkum þar sem menn
sitja til samans við víndrykkju og koma
til samans af að drekka það sem á er
skenkt. 31Líttu ekki á vínið þá það er
rautt og þess litur er svo skær í glasinu,
það rennur sætlega niður. 32En eftir á
bítur það sem höggormur og stingur
sem ein naðra. 33Þá munu augu þín líta
eftir annarlegum konum og hjarta þitt
tala ranghverfa hluti 34og munt vera
sem nokkur sá er sefur í miðju hafi og
líka sem sá ef ofan upp á mastrinu sef-
ur (og segir): 35„Þeir slá mig en mér er
það þó ekki sárt, þeir berja mig en eg
kenni ekki til þess. Nær mun eg vakna
so að eg þetta oftar fremji?“

24 Eftirfylg ekki vondum mönn-
um og girnst ekki með þeim að
vera 2því að hjarta þeirra hugsar að
gjöra skaða og varir þeirra tala flærð.

3Með visku uppbyggist húsið og stað-
festist með skynsemd. 4Af skikkanlegri
heimilisforstöðu uppfyllast geymslu-
húsin með alls kyns dýrlegum fegurst-
um auðæfum.

5Vitur maður er styrkur og skyn-
samur maður er mikillra krafta 6því að
með ráði hlýtur bardaganum framfylgt
að verða og hvar ed margir ráðgjafar
eru þar er sigur.

7Fávísum manni er viskan of há, hann
þorir ei sínum munni í borgarhliðinu
upp að lúka.

8Hver ed með sjálfum sér hugsar að
gjöra illt, sá má með réttu kallast skálk-
ur. 9Afglapans uppsátur er synd og
háðgjarn maður er fyrir mönnum
svívirðilegur.

10Ef þú gefst upp á neyðarinnar degi,
þá er styrkur þinn smár.

11Frelsa þá sem til dauða verða leiddir
og gjör þig ei fráhverfan þeim sem líf-
látast skulu. 12Ef þú segir: „Vér höfum
þar ekki skyn á“ þenkir þú sá sem rann-

sakar hjörtun merki það ekki og sá sem geymir sálar þinnar viti það ekki og gjaldi manninum eftir sínum verkum?
13Neyttu hunangsins, minn son, því
að það er gott og hunangsseimurinn er
sætur þínum hálsi. 14Svo og lær þú
visku fyrir þína sál, nær þú finnur hana,
þar eftir mun þér vel vegna og von þín
mun ekki að öngu verða.
15Umsit ekki svo sem ómildur maður
hús hins réttferðuga og spill ekki hans
hvíld 16því sjö sinnum á deginum fellur
réttlátur og rís upp aftur en óguðrækir
menn niðursökkva í ólukku.
17Fagna ekki yfir falli óvinar þíns og
lát þitt hjarta ekki hlakka yfir hans
óförum 18að DROTTINN sjái það og líki
honum illa og víki reiði sinni frá hon-
um.
19Reiðst ekki vegna vondra manna og
öfunda ekki þann ómilda 20því sá vondi
hefur ekki upp á neitt að vona og ljós
ómildra slokknar.
21Son minn, óttast þú Guð og kónginn
og samlaga þig ekki við upphlaupsama
22því að þeirra glatan mun voveiflega að
koma og hver veit nær kemur þeirra
ólukka?
23Það votta og vitrir menn að mann-
greinarálit í dómi er ekki gott. 24Hver
svo segir til hins ómilda: „Þú ert rétt-
vís“ þeim bölvar lýðurinn og þann hat-
ar fólkið. 25En þeir sem straffa hann
þeir þóknast vel og ríkugleg blessan
kemur yfir þá. 26Réttvíslegt andsvar er
svo sem kærleikskoss.
27Framkvæm í fyrstu utanstokks út-
vegu þína og erja þinn akur, þar næst
uppbyggðu þitt hús.
28Ber þú ekki að þarflausu vitni í móti
náunga þínum og svík öngvan með þín-
um munni. 29Seg þú ekki: „Líka svo sem
við mig er gjört vil eg gjöra við aðra og
sérhverjum gjalda eftir sínu verki.“
30Eg gekk hjá akri hins lata og fram-
hjá víngarði hins fávísa 31og sjá, að þar
var fullt með þisla og hulið með þyrna
og garðar niðurfallnir. 32Þegar eg það
sá hugsaði eg þar eftir, eg athugaði og
lærði þar af. 33Vilt þú enn sofa stundar-
korn og halla þér litla hríð og saman
leggja litla stund hendur þínar að þú
hvílir þig? 34En þín armóð mun að þér
koma sem einn vegfarandi og þín fá-
tækt sem einn herklæddur maður.

25 Þetta eru og orðskviðir Sal-
omonis sem menn Esekías
Gyðingakóngs hafa þar við aukið:
2Það er Guði dýrð að hann hylur sök-
ina en kónginum er það heiður að
rannsaka sökina.
3Himinninn er hár og jörðin er djúp
en kónganna hjarta er órannsakanlegt.
4Taki menn skúmið af silfrinu þá verð-
ur skært kerið. 5Taki menn óguðlega
breytni frá kónginum, svo verður hans
hásæti með réttlæti staðfest.
6Vertu ekki skrautsamur hjá kónginum
og gakk ekki í reit stórmannanna.
7Því að betra er að sagt sé til þín: „Þoka
þér upp hingað“ heldur en þú verðir
niðraður fyrir höfðingjanum að sjáandi
þínum augum.
8Vertu ekki framhleypinn til að deila
því hvað viltu gjöra til þá eftir á þegar
þú hefur skammað náung þinn? 9Gjör
út þína sök við þinn náunga og opin-
bera ekki annars leyndarmál 10so að sá
tali ekki illa til þín er það heyrir og
aldrei niðurleggist þitt illt rykti.
11Eitt orð í hagkvæmilegan tíma talað
er sem gulllegt epli í silfurskál.
12Hvar einn hygginn maður ávítar
þann sem honum hlýðir, það er líka
sem gullleg ennisspöng og gulllegt
men.
13Líka sem kuldi snjóvarins um
haustyrkjutíma, svo er og trúr sendi-
boði þeim sem hann hefur sent og
hann nærir sál síns herra.
14Hver miklu lofar og endir ekki,
hann er svo sem ský og vindur regn-
laus. 15Fyrir þolinmæði verður einn
herra forlíktur og vinsamleg tunga
brýtur þverúð.

16Finnur þú hunang, svo et þína
nægju, svo þú uppfyllist ekki og spýir
því upp aftur.
17Vík þínum fæti frá húsi náunga þíns
elligar má vel ske þú verður honum
hvimleiður og gremjist hann við þig.
18Hver hann ber ljúgvitni mót náunga
sínum sá er sem eitt spjót, sverð og
hvöss píla.
19Von forsmánarans í neyðarinnar
tíma er svo sem fúl tönn og skriðnandi
fótur.
20Hver einu vondu hjartakveður
kvæði, það er líka sem slitið fat um vet-
ur og nær edik er hellt yfir glas.
21Ef óvin þinn hungrar gef honum
fæðu, þyrsti hann gef honum vatn að
drekka, 22því að þú munt safna eld-
glæðum yfir höfuð honum og DROTTINN
mun endurgjalda þér það.
23Norðanvindur burtrekur regn og
sorgleg ásjóna leynilegar tungur.
24Betra er í nokkri hyrningu upp á
húsþekju að sitja heldur en hjá þræt-
andi konu til samans að vera í einu
húsi.
25Gott rykti að fjarlægu landi er sem
kalt vatn þystri sál.
26Réttlátur maður sem fellur fyrir
ranglátum er svo sem saurgaður vats-
brunnur og fordjörfuð vatnsæð.
27Hver of mikið hunang etur það er ei
gott og hver þunga hluti rannsakar
honum verður það of þungt.
28Sá maður sem ei kann að halda sín-
um anda er líka sem víð opin borg er
öngva múrveggi hefur.

26 Líka sem snjór á sumri og regn
á kornskurðartíma, svo heyrir
og ekki fávísum manni heiður.
2Svo sem fuglinn fer sinn veg og
svalan í burt flýgur so skaðar ekki óför-
þént bölvan.
3Hestum hæfir svipan og asnanum
beislið og heimskum manni vöndur á
bakið. 4Svara þú ekki fávísum manni
eftir heimsku sinni svo þú verðir ekki
honum líkur.
5Svara þú hinum heimska eftir
heimsku sinni so hann látist ekki vera
hygginn.
6Hver hann útvegar sitt erindi fyrir
einn heimskan sendiboða er líka sem
fóthrumur maður sá eð skaða líður.
7Líka sem kryplinginum hæfir dans-
ferðin, svo hæfir þeim sem fávitur er
frá vísdómi að segja.
8Hver eð heimskum manni heiður
veitir, það er líka sem þá eð nokkur
kastar gimsteini upp á gálgaklettinn.
9Eitt spakmæli í munni heimskum
manni er svo sem þá þyrniskvistur
stingst í drukkins manns hönd. 10Góður
meistari gjörir einn hlut rétt en hver eð
kaupir verk af hinum heimska það for-
djarfast.
11Svo sem hundurinn étur aftur sína
spýju svo tvítekur heimskur maður
sína heimsku.
12Þegar þú sér þann nokkurn sem
hygginn þykist þá er betri von á
heimskum heldur en á þeim hinum
sama.
13Sá hinn lati segir: „Þar er leóns-
hvölpur á veginum og óargadýr á
brautunum.“ 14Einn letingi veltist um í
sænginni so sem hurð á hjörum. 15Latur
maður stingur hendinni í pottinn og
það veitir honum þungt að hann beri
hana að munninum. 16Einn letingi þyk-
ist hyggnari en sjö aðrir þeir sem lært
hafa góða siðu.
17Hver hann vefur sig í annars þræt-
um hann er líkur þeim sem hundinn
dregur á eyrunum.
18Líka sem sá er skaðlegur sem
heimuglega skýtur og deyðir með píl-
um, 19svo gjörir prettvís maður við sinn
náung og segir síðan: „Eg gjörða að
gamni mér.“
20Þegar eldsneyti þrýtur þá slokknar
eldurinn og þegar í burt er hinn bak-
málugi hætta deilurnar.

21 Líka sem kolin glóðina og viðurinn
eldinn, svo kveikir þrætusamur maður
upp deilur.
22 Bakmálugs manns orð eru líka sem
högg og þau ganga í gegnum mannsins
hjarta.
23 Eitursmunnur og illt hjarta er so
sem brotin pottur hulin með silfur-
fargan. 24 Hatursmaðurinn talar fallega,
en í sínu hjarta elur hann svik 25 Þegar
hann gjörir rödd sína vingjarnlega so
trú honum ekki því að sjö svívirðingar
sitja í hans hjarta.
26 Hver hatri leynir svo hann gjörir
skaða þess illska mun verða opinber í
söfnuðinum.
27 Sá sem grefur gröfina fellur þar í og
sá sem steininum veltir á þann kemur
hann.
28 Fölsk tunga hatar þann sem hana
ávítar og hræsnismunnur kveikir upp
fordjörfun.

27 Hrósa þér ekki af þeim degi
sem að morni kemur því að þú
veist ei hvað enn í dag má ske.
2 Láttu annan lofa þig en ekki sjálfs
þíns munn, einn framanda en ekki þín-
ar eigin varir.
3 Grjótið er þungt og sandurinn er
höfgur en fávís manns reiði er þyngri
en það hverttveggja.
4 Reiðin er áköf og grimmdin er æfi-
leg og hver kann fyrir öfundsýkinni að
standast?
5 Betri er opinber hirting en leynileg
ást.
6 Betra er högg elskandans en svik-
samlegur koss hatandans.
7 Södd sál fóttreður hunangsseim en
hungraðri sálu smakkast allt beiskt
sætt.
8 Líka sem sá fugl sem flýr sitt hreiður
svo er sá maður sem lætur sitt heimili.
9 Hjartað gleðst af dýrmætum smyrsl-
um og sætleiksilm, svo er og einn vinur
ástamlegur fyrir ráðs sakir sálarinnar.
10 Yfirgef ekki þinn vin og þíns föðurs
vin og gakk ekki í þíns bróðurs hús
þegar þér gengur illa. Því að einn ná-
granni sá í nauð er hann er betri en
bróðir sá í fjarlægð er.
11 Vertu hygginn, son minn, þá gleðst
hjarta mitt, svo vil eg gefa svar þeim
sem skamma mig.
12 Einn framsýnn maður sér ólukkuna
fyrir og leynir sér og þeir sem fávísir
eru halda áfram og líða skaða.
13 Taktu þess klæði sem fyrir annan
gengur í borgun og tak það í pant fyrir
sakir hins framanda.
14 Hver hann blessar með hárri raust
náunga sínum og árla rís, það verður
honum fyrir eina bölvan.
15 Þrasandi kona og iðuglegir dropar
þegar mikið regn er eru hvort öðru líkt.
16 Hver hann heldur henni sá heldur
vindinum og hann vill með lúku sér
uppausa viðsmjörið. 17 Einn knífur hvet-
ur annan og einn maður annan.
18 Hver sitt fíkjutré geymir hann neyt-
ir ávaxtar þar af og hver hann vaktar
sinn herra hann fær þar prís af.
19 Líka sem skugginn í vatninu er hjá
andlitinu, svo er hjartað manns hjá öðr-
um mönnum.
20 Helvíti og glötun fyllast aldrei, svo
eru og mannanna augu óseðjanleg.
21 Maðurinn verður reyndur fyrir þess
munn sem hann lofar, líka sem silfur í
dæglu og gull í ofni.
22 Þó þú í sundursteytir fávísan mann í
mortéli með mylnara svo sem ertur
mun þó ei frá honum hverfa hans
heimska.
23 Gef þú gaum að þínum sauðum og
gæt hjarðar þinnar 24 því að auðæfi vara
ekki æfinlega og kórónan blífur ekki ei-
líflega. 25 Engið er vaxið og grænt gras
er fyrir höndum og heyið safnast á fjöll-
unum. 26 Lömbin fæða þig og kiðin gefa
þér akurverð. 27 Þú hefur nóga geita-
mjólk til fæðslu þíns heimilis og til
viðurlífis þínum ambáttum.

28 Ómildur maður flýr þó enginn elti hann en réttlátur maður er hughraustur sem eitt ungt león.
[2]Fyrir synda sakir landsins verða mörg umskipti höfðingstéttanna en sakir þeirra manna sem að eru vitrir og skynsamir þá eru þeir lengur.
[3]Einn fátækur maður sá ið styggir sér vesælum er líka sem ákafaregn það jarðarinnar ávöxt ónýtir.
[4]Þeir sem lögmálið forláta lofa hinn ómilda en þeir sem það halda eru honum mótþykkir.
[5]Vondir menn hugsa ekki um réttinn en þeir sem leita DROTTINS taka það allt til vara.
[6]Fátækur maður gangandi fram í sínum einfaldleik er betri en ríkur maður sá ið á röngum vegi gengur.
[7]Hver han varðveitir lögmálið það er hygginn sonur en einn uppsvelgjari skammar sinn föður.
[8]Hver hann eykur sín auðæfi með okri og ávinning sá samandregur þau til fátækra manna nytsemdar.
[9]Hver sem eyra sitt fráhverft gjörir til að heyra lögmálið, þess bæn er bölvanleg.
[10]Hver hann afvegaleiðir réttvísa menn á vondan veg, sá mun detta í sína gröf en þeir réttferðugu munu erfa hans góss.
[11]Einn ríkur maður þykist hygginn en fátækur maður skynsamur rannsakar hann.
[12]Nær ið réttlátir menn hafa yfirvald fer harla vel fram en þegar ómildir drottna hverfist allt um fyrir mönnum.
[13]Hver hann leynir sínum misgjörðum þeim mun það ekki vel vegna en sá sem þær meðkennir og fyrirlætur mun miskunn öðlast.
[14]Sæll er sá sem jafnan óttast Guð en sá sem harðsvíraður er mun falla í ólukku.
[15]Einn ómildur yfirboði sá ið stjórnar fátækum lýð það er grenjandi león og hungrað bjarndýr.
[16]Nær ið nokkur höfðingi er fyrir utan skynsemd þá ske mikil rangindi en hver ágirni hatar hann mun lengi lifa.
[17]Einn maður sá ið rangindi gjörir á blóði nokkrar sálar hann mun ei hjálpast þótt hann flýði allt ofan til helvítis.
[18]Hver einfaldlega framgengur mun hjálpast en sá sem á röngum vegi gengur mun í einu hrapa.
[19]Hver á sínu akri erfiðar hefur brauðs nægð en sá sem iðjuleysinu eftir fylgir hefur nóglega armóð.
[20]Trúr maður verður mikillega blessaður en sá sem flýtir sér að verða ríkur mun ei saklaus blífa.[21]Manngreinarálit er ekki gott að hafa því að fyrir sakir eins brauðbita syndgar hann. [22]Hver hann ástundar ríkdóm og er öfundsjúkur hann veit ekki að hann skal ólukku ske. [23]Hver hann ávítar nokkurn mann hann mun eftir það hylli finna með þeim sama meir en hinn sem í eyrun fagurt talar. [24]Hver hann tekur nokkuð frá föður sínum og móður og segir það vera öngva synd sá er félagi fordjarfarans.
[25]Dramblátur maður kveikir deilur en sá sem treystir á DROTTIN mun hjálpast.
[26]Hver hann treystir á sitt hjarta sá er heimskur og sá sem skynsamlega framgengur mun umflýja.
[27]Hver hann gefur fátækum mun öngva þörf þola en sá sem sínum augum frávíkur hann mun mjög fordjarfast.
[28]Þegar ómildir upprísa þá leyna sér mennirnir en þegar þeir fyrirfarast þá fjölgar réttláta.

29 Hver hann er harðsvíraður í móti hirtingunni mun voveiflega fyrir utan alla hjálp fyrirfarast.
[2]Nær margir eru réttgjarnir fagnar almúginn en þegar sá ómildi drottnar andvarpar lýðurinn. [3]Hver hann elskar vísdóm sá gleður sinn föður en sá ið skækjuna fæðir fyrirfer sinni eign.

[4]Kóngurinn reisir upp landið fyrir lögin en sá sem ágjarn er brýtur það niður.

[5]Hver hann smjaðrar við sinn náung hann leggur net fyrir hans fætur.

[6]Þegar illur maður syndgar fjötrar hann sjálfan sig í snöru en réttlátur maður fagnar og hefur unaðsemd.

[7]Hinn réttláti kynnir sér málefni fátæks manns en sá hinn ómildi sinnir öngri skynsemd.

[8]Háðgjarnir menn færa borgina djarflega í ólukku en vitrir menn hefta reiðina.

[9]Nær einn vitur maður kemur fyrir réttinn með einum fávísum, hvort hann reiðir eður hlær þá hefur hann öngva ró.

[10]Blóðgjarnir menn hata einfaldan en hinir réttlátu leita hans sálar.

[11]Heimskur maður úthellir öllum sínum anda en hygginn maður hjá sér heldur.

[12]Sá höfðingi sem gjarnan hlýðir lygum þess þénarar eru allir óguðrækir.

[13]Fátækur maður og ríkur þar mætir hver öðrum en beggja þeirra augu upplýsir DROTTIN.

[14]Kóngur sá sem trúlega rétt gjörir fátækum þess veldisstóll staðfestist að eilífiu.

[15]Vöndur og hirting gjörir hyggindi en það ungmenni sem agalaust er skammar sína móður.

[16]Hvar að eru margir óguðrækir þar er syndafjöldi en réttlátir menn munu af lifa hans hrapan.

[17]Aga þú son þinn, þá mun hann gleðja þig og gjöra sæld sálu þinni.

[18]Þegar þrýtur spádóma þá villist fólkið og eyðist en sæll er sá sem upphefðar lögmálið.

[19]Einn þræll lætur sér ekki segjast með orðum einum því að þó að hann allt til reiðu skilji hirðir hann þar ekki um.

[20]Sér þú þann mann sem fljótur er til að tala? Svo er betri von á heimskum manni en honum.

[21]Nær nokkur þræll er frá barnæsku alinn með eftirlæti so vill hann vera þaðan í frá einn ungherra.

[22]Reiðinn maður uppvekur deilur og grimmur maður gjörir margar syndir.

[23]Drambsemi mannsins steypir honum en sá hinn lítilláti fær heiður.

[24]Hver hlutskipti hefur með þjófum heyrir bölvan og segir þar ekki frá, hann hatar sitt líf.

[25]Fyrir mönnunum að óttast gjörir hrapan en hver hann treystir á DROTTIN verður verndaður.

[26]Margir leita fyrir auglit höfðingjans en sérhver dómur er af DROTTNI.

[27]Ranglátur maður er fyrir réttlátum bölvanlegur og sá sem er rétts vegar hann er fyrir ranglátum og ómildum bölvanlegur.

30 Þessi eru orð Agúr sonar Jake, kenning og ræða Litíel, Latíel og Úkal:

[2]Eg em heimskastur allra manna og mannleg speki er ekki með mér, [3]eg hefi öngva visku numið og eg veit ei hvað heilagt er.

[4]Hver uppstígur í himininn og niðurstígur? Hver heldur vindinum í sínum höndum? Hver samandbindur vötnin í eitt klæði? Hver hefur sett öll jarðarinnar endimörk? Hvað heitir hann? Hvað heitir sonur hans? Veistu það? [5]Öll Guðs orð eru skær og eru skjöldur fyrir þeim sem á hann treysta. [6]Auk þú ekki við hans orð par að hann straffi þig ekki og verðir þú ljúgari fundinn.

[7]Tveggja hluta bið eg þig, að þú viljir ekki synja mér áður en eg dey: [8]Skúrgoðavillu og lygar láttu vera langt frá mér, fátækt og auðæfi gef þú mér ekki en láttu mig hafa minn deildan verð. [9]Annars kynna eg (nær eg er of saddur) að afneita þér og segja: „Hvar er DROTTINN?“ Eða nær eg er of fátækur

hljóti eg að stela og mig á míns DROTTINS nafni að forgrípa.

10Rægðu ekki þrælinn við sinn lánadrottin að hann bölvi þér ekki og hljótir þú að bera sökina.

11Þar er það kyn sem bölvar sínum föður og ekki blessar sinni móður,
12eitt kyn sem þykist hreint vera og er þó ekki þvegið af sínum sauri,
13eitt kyn sem hátt ber sín augu og hátt upplyftir sínum augnabrám,
14eitt kyn sem hefur sverð fyrir tennur, það sem étur með sínum jöxlum og uppétur þá lítilmegnu í landinu og hina fátæku á meðal lýðsins.

15Blóðsugan hefur tvær dætur sem svo segja: „Fá mér, fá mér!“

Þrír hlutir eru óseðjanlegir og hinn fjórði segir ei: „Það nægir“:

16Helvíti, konunnar kviður, jörðin seðst ekki af vatninu og eldurinn segir aldrei að nóg sé.

17Það auga sem spottar sinn föður og forsmáir sína móður henni að hlýða það hljóta hrafnar út að kroppa og arnarungar upp að éta.

18Þrír hlutir þykja mér undarlegir og hinn fjórða veit eg ekki:
19Arnarinnar vegur í loftinu, höggormsins skriður á bjarginu, skipsins farvegur í miðju hafinu og vegur mannsins til ungrar meyjar.

20Líka svo er hórkonunnar vegur, hún svelgir og þurrkar sinn munn og segir: „Eg hefi ekki neitt illt gjört.“

21Eitt land það ruglast af þremur hlutum og hinn fjórða þolir það ekki:
22Nær eð nokkur þræll verður til kóngs tekinn, þegar fávís maður er of saddur,
23þegar ill kona verður tekin til hjúskapar og nær ein ambátt verður erfingi sinnar frúr.

24Fjórir hlutir eru vesalir á jörðunni og þeir eru hyggnum vitrari:
25Maurinn er sá veiki lýður, þó útvega þeir sína fæðslu um sumartíma,
26kúnísinn sá veikur lýður, þó sem áður þá setja þeir sitt hús í steinunum,
27grashoppurnar hafa öngvan kóng, þó ganga þær út með sínum hóp,
28köngulær vinna með sínum höndum og eru í kónganna höllum.

29Þrír hlutir hafa fínan gang og það fjórða gengur vel:
30León það sterkasta meðal dýranna og snýr fyrir öngvum aftur,
31veiðihundur með þykkvum lendum og einn hrútur og einn kóngur í móti hverjum enginn þorir að rísa.

32Hafir þú heimskast og of hátt farið og nokkuð vont í frammi haft svo legg þú hönd á munn þér.

33Þegar menn skekja mjólkina þá gjörist þar af smjör og hver sem hann snýtir fast nasirnar hann þvingar þar blóð út og hver hann egnir til reiði hann kemur sundurþykki af stað.

31 Þessi eru orð Lamúel kóngs, sú kenning er móðir hans kenndi honum:

2Heyr, minn hinn útvaldi, þú sonur míns kviðar, heyr, minn elskulegur sonur:
3Fá þú ekki konunum þitt megn og gakk þú ekki þann veg sem kóngarnir fordjarfast á.
4Ekki kónginum, Lamúel, gef ekki kónginum vín að drekka né sterkan drykk höfðingjunum
5so að þeir drekki og gleymi réttindinum og snúi sök aumra manna.
6Gef þeim sterkan drykk eð fyrirfarast skulu og vín syrgjundum sálum
7svo þeir drekki og gleymi eymd sinni og hugsi ekki til sinnar óhamingju.

8Lúk upp þinn munn fyrir mállausa og fyrir allra þeirra skuld sem fyrirlátnir eru.
9Upplúk þínum munni og dæm rétt og hefn aumra og fátækra.

10Hver hann fær eina dyggðuga konu, hún er mikið betri dýrðlegum gimsteinum.
11Hjarta hennar manns má henni treysta og viðværi mun hann ekki vanta.
12Hún gjörir hönum gott en ekki vont alla sína lífdaga.
13Hún handtérar ull og lín og erfiðar gjarna með sínum höndum.
14Hún er líka sem það kaupfar er flytur sín þarfindi frá fjar-

lægum löndum. [15]Hún stendur upp um nætur og gefur sínum hjúum fæðslu og sínum ambáttum að eta. [16]Hún hugsar um nokkurn akur og kaupir hann og plantar einn víngarð af sínum handaávexti. [17]Hún gyrðir sínar lendar og styrkir sína armleggi. [18]Hún vaktar hvernin að gagn gjöri hennar sýslan. Hennar skriðljós slokknar ekki á nóttinni. [19]Hún réttir sína hönd til spunans og fingur hennar fara með snælduna. [20]Hún útréttir sína hönd fátækum og lýkur upp sína hönd þurftugum. [21]Hún er óhrædd um sitt hús fyrir kuldanum því öll hennar hjú hafa tvenn klæði. [22]Hún gjörir sjálfri sér ábreiðslu, hvítt silki og purpuri eru hennar klæðnaður. [23]Nafnfrægur er hennar maður í borgarhliðönum þá hann situr hjá öldungum landsins. [24]Hún gjörir einn kyrtil og selur hann, kramaranum gefur hún smyrsl. [25]Hennar prýði er það að hún er hreinferðug og ástundunarsöm, þar eftir mun hún fagna. [26]Hún lýkur upp sinn munn með vísdómi og á hennar tungu er heilnæmur lærdómur. [27]Hún skoðar hvernin að framfer í sínu húsi og etur ekki sitt brauð með iðjuleysi. [28]Synir hennar vaxa upp og segja hana sæla vera og hennar maður lofar hana: [29]„Margar dætur samansafna auðæfum en þú ert þeim öllum framar.“

[30]Fríðleiki og fegurð er ekki vert, eina guðhrædda konu skulu menn lofa.

[31]Hún mun verða víðfræg af ávexti sinna handa og verk hennar munu lofa hana í borgarhliðunum.

Hér endar orðskviðu Salomonis

PRÉDIKAN SALOMONIS

1 Þessi eru orð prédikarans, orð sonar Davíðs, kóngsins í Jerúsalem.
[2]Það er allt saman ekki annað en hégómi sagði prédikarinn, það er allt saman fánýtur hégómi. [3]Hvað hefur maðurinn meira af allri sinni armæðu sem hann hefur undir sólunni? [4]Ein ætt forgengur en önnur upp aftur kemur, jörðin blífur ævinlega. [5]Sólin gengur upp og niður aftur og rennur til síns staðar þar hún kemur upp aftur. [6]Vindurinn gengur af suðri og hleypur um til norðurs og aftur í kring til þess staðar sem hann uppbyrjaðist. [7]Öll vötn falla í sjóinn og þó fyllist hann ekki og til þess staðar sem þau upp spretta falla þau aftur. [8]Allir gjörningar eru fullir af armæði so enginn kann að fullsegja það. Augað sér sig aldrei satt og eyrað heyrir sig aldrei mótt. [9]Allt hvað sem skeð er er það sama sem ske skal hér eftir. Hvað er það sem maðurinn hefur gjört? Það er líka sem það sama hvað hann skal gjöra hér eftir og þar sker ekki neitt nýtt undir sólunni. [10]Sker það nokkuð svo maðurinn má segja: „Sjá þú, nýtt er það“? Þá er það þó áður skeð í fyrrum tíðum á meðal þeirra sem voru fyrir oss. [11]Menn minnast ekki hversu áður hefur til gengið, svo kann mann og ekki að hugsa um það hvað hér eftir skeður á meðal þeirra sem eftir koma.
[12]Eg, prédikari, var kóngur yfir Ísrael í Jerúsalem. [13]Eg lagða mitt hjarta til að vita og rannsaka með skynsemi allt það sem menn gjöra undir himninum. Soddan vesala armæði hefur Guð gefið mannanna sonum að þau skulu plágast þar með! [14]Eg hugði og svo að allra þeirra gjörningum sem gjörast undir sólunni og sjá, það var allt saman eymd og hégómi.
[15]Bogið kann ekki að verða rétt og hvað brestur kann ekki að teljast. [16]Eg sagða í mínu hjarta: „Sjá, eg em mjög dýrðlegur. Eg hefi meira vísdóm en allir þeir kóngar sem verið hafa fyrir mér í Jerúsalem og mitt hjarta hefur mikið lært og margt reynt.“ [17]Og eg lagða mitt sinni eftir að eg mætti verða hygginn svo eg mætti læra vísdóm, fávisku og speki. Og eg fornam að svoddan var armæði.
[18]Því þar sem mikill vísdómur er, þar er mikil sorg, og sá sem mikið vill læra hann hlýtur margt að líða.

2 Eg sagða í mínu hjarta: „Nú vel, eg vil lifa með lyst og hafa góða daga.“ En sjá þú, það var og einnin hégómi. [2]Eg sagða til hlátursins: „Þú ert galinn“ og til gleðinnar: „Hvað gjörir þú?“ [3]Þá hugsaði eg í mínu hjarta að draga minn líkama frá víni en venja mitt sinni til vísdóms svo eg kynni að vita hvað heimskan væri þar til að eg gæti lært hvað manninum væri nytsamt að gjöra meðan hann lifði í þessum heimi. [4]Eg gjörði mikla hluti: Eg byggða upp hús og plantaði víngarða, [5]eg gjörða mér aldingarða og grasgarða og plantaði þar allra handa frjósamleg tré, [6]eg gjörða mér fiskivötn til að döggva með þau grænu aldintré í mínum skógi, [7]eg hafða þræla, ambáttir og nóg annað undirfólk, eg var vellauðigur að nautum og sauðum, meir en allir þeir sem verið höfðu fyrir mér í Jerúsalem. [8]Eg safnaði mér silfri og gulli og miklum liggjandi fjársjóðum af kóngum og löndum, eg skikkaði mér söngmenn og söngkvinnur og mannanna bílífi með allsháttuðum hljóðfæraleik [9]og eg var megtugasti yfir þá alla sem verið höfðu áður en eg í Jerúsalem og vísdómurinn var með mér.
[10]Og allt hvað mín augu girntust það lét eg þau fá og eg varnaði mínu hjarta öngrar gleði svo það hafði skemmtun af öllu mínu arfiði og það hélt eg fyrir mitt hlutskipti af öllu mínu erfiði. [11]En

sem eg sá til allra minna verka sem mín hönd gjört hafði og eg hugleidda þá mæðu sem eg hafði haft, sjá þú, þá var það allt saman hégómi og hörmung og ekkert annað undir sólunni.

12Þá snera eg mér til að skoða vísdóm og speki og heimsku því hver veit hvað sá skal blífa fyrir einn mann eftir kónginn sem þeir alla reiðu gjört hafa? 13Þá sá eg vísdómurinn gekk yfir fáviskuna sem ljósið yfir myrkrið 14og að hyggins manns augu standa stöðug í hans höfði en heimskur gengur í myrkri. Og eg merkta þó að so gengur einum sem öðrum.

15Þá hugsaði eg í mínu hjarta: „Fyrst að þeim heimska gengur líka sem mér, því mun eg þá hafa sótt eftir viskunni?“ Þá sagði eg í mínu hjarta að svoddan var ei annars en hégómi. 16Því að menn minnast ekki að aldöðli þess hyggna en þó síður þess ins heimska og þeir eftirkomandi dagar gleyma öllum hlutum. Og líka sem sá hyggni deyr svo deyr og hinn heimski.

17Þar fyrir leiddist mér að lifa því það hagaði mér illa sem skeði undir sólunni að það er öldungis ekki utan armæði og hégómi. 18Og mig angraði allt mitt erfiði sem eg hafða undir sólunni að eg skyldi eftirláta það einum manni sem koma skyldi eftir mig. 19Því hver veit hvert hann skal verða hygginn eða heimskur? Og hann skal þó ráða yfir allt mitt arfiði sem eg hafði vislega gjört undir sólunni. Það er og hégómi.

20Þar fyri snera eg mér að mitt hjarta skyldi láta af öllu erfiði sem eg hafða gjört undir sólunni. 21Því að sá maður sem erfiðað hefur með visku, skynsemi og snilld, hann hlýtur að láta annan það eftir sig erfa sem ekki neitt þar til erfiðaði. Það er og einn hégómi og stór ólukka. 22Því hvað hefur maðurinn af öllu því erfiði og sínu hjartans hugarangri sem hann hafði undir sólunni 23utan harm og sorg og trega alla sína daga svo hans hjarta hefur öngva næturhvíld? Það er og hégómi. 24Er það nú ekki manninum betra að eta og drekka og láta sína sál gleðjast í sínu erfiði? Þetta sá eg að þvílíkt kemur af Guðs hendi. 25Því hver hefur glaðlegar etið og nært sig en eg? 26Því hann gefur þeim manni vísdóm, forstand og glaðværð sem honum þóknast en þeim synduga gefur hann ólukku, að hann safni og samandragi og þó mun það gefast þeim sem Guði þóknast. Því er það ekki utan eymd og hégómi.

3 Allir þessir hlutir hafa sinn tilsettan tíma og allt áform undir himninum það hefur sinn tíma. 2Tími er að fæðast og tími er að deyja, tími er að planta og tími er upp að ræta það sem plantað er, 3tími er að deyða og tími er að græða, tími er að brjóta niður og tími er upp að byggja, 4tími er að gráta og tími er að hlæja, tími er að syrgja og tími er að dansa, 5tími er steinum sundur að dreifa og tími er steinum saman að safna, tími er að faðmast og tími er að vera fyrir utan faðmlög, 6tími er að vinna og tími er að tapa, tími er að halda og tími er í burt að kasta, 7tími er að rífa í sundur og tími er saman að sauma, tími er að þegja og tími er að tala, 8tími er að elska og tími er að hata, tími er að berjast og tími er frið að hafa.

9Maðurinn má arfiða með hverjum hætti sem hann vill, þó fær hann ei meira til vegar komið. 10Soddan mæðu sá eg sem Guð mönnum gefið hafði að þeir skyldu kveljast þar með. 11En hann gjörir alla hluti vel í sinn tíma og lætur þeirra hjörtu kveljast, hvernin það mun ganga til í veröldinni. Því maðurinn veit ekki hvað Guð vill gjöra og kann hverki að sjá upphafið né endann. 12Þar fyrir merkta eg að ekki neitt er betra hér út í en að vera glaður og að gjöra gott af sér á meðan hann lifir. 13Því að hver sá maður sem etur og drekkur og er glaður í öllu sínu erfiði, þar er ein

Guðs gjöf. [14]Eg merkti að öll Guðs verk blífa ætíð stöðug og þau verða hverki aukin né vönuð og Guð verkar þvílíkt svo menn skuli óttast hann. [15]Hvað Guð gjörir, það stendur svo og hvað hann vill gjöra, það hlýtur að ske og hvað sem burt fer það kallar hann aftur.

[16]Eg sá enn framar meir undir sólunni: Sæti dómaranna, og það var óguðlegt athæfi, og sætið réttlætisins, þar var ranglæti. [17]Þá sagða eg í mínu hjarta: Guð mun dæma bæði hinn réttláta og svo hinn rangláta því allt uppsátur og allir gjörningar hafa sinn tíma. [18]Eg sagða í mínu hjarta um athafnir mannanna í hverjum Guð gefur oss að vita og merkja að manneskjan er með sér sjálfri líka sem fénaður. [19]Því manninum gengur líka sem fénaðinum og svo sem fénaðurinn deyr svo deyr maðurinn og hverttveggja hefur eins líka lifandi anda. Og maðurinn hefur ekki þar meira en sem fénaðurinn hefur því að það er allt hégómi. [20]Það fer allt til eins staðar. Það er allt saman gjört af jörðunni og verður svo aftur að jörðu? [21]Hver veit hvert mannsins andi fer upp í loftið og fjárins andi niður undir jörðina?

[22]Þar fyrir segi eg: Ekkert er betra en að maðurinn sé glaður í sínu arfiði því það er hans hlutdeild. Því að hver kann að færa hann þangað svo hann kunni að sjá hvað eftir hann skal koma?

4 Eg snera mér og sá til allra þeirra sem órétt líða undir sólunni og sjá, þeir grétu sem rangindi liðu og höfðu þann öngvan sem þá huggaði og þeir sem þeim rangt gjörðu voru megtugir svo enginn gat hina huggað. [2]Þá prísaði eg þá hina dauðu sem framliðnir voru miklu framar en þá liföndu sem eftir lifðu. [3]Og hann sá sem ekki er er betri þessu hvorutveggju og ekki hafði fornumið það hið vonda sem skeði undir sólunni. [4]Eg hugleidda og sá arfiði og ástundan mannanna í öllu þeirra athæfi og eg sá að hver öfundaði annan og var ekki annars utan hégóma og mæði. [5]Því að heimskir börðust með höndum og átu svo sitt hold. [6]Betri er fullur hnefi með spekt en báðar hendur fullar með sorg og armæði.

[7]Eg snera mér og sá annan hégóma undir sólunni: [8]Þar er einn einsamalla maður og hefur hverki barn né bróður og var þó enginn endi á hans arfiði og hans augu urðu ekki mett af ríkdómi og hann sagði: Fyrir hvern mun eg arfiða og þreyta so mína sál? Það er og einn hégómi og vond mæði.

[9]Svo er miklu betra tveir en einn því þeir munu vel njóta síns arfiðis. [10]Því að falli annar svo reisir og hjálpar hinn annar honum upp aftur. Vei sé þeim sem einn er því nær hann dettur þá er enginn til að reisa hann upp aftur. [11]Og nær tveir til samans liggja þá vermir hver annan. Hversu má einsömlum heitt verða? [12]Einn má yfirvinnast en tveir kunna í móti að standa því að eitt þrefalt snæri slíst ekki auðveldlega í sundur.

[13]Eitt fátækt barn hyggið er betra en gamall kóngur sá sem er heimskur sem ekki kann að sjá fram í veg fyrir sér. [14]Einn kemur af fangelsi og er tekinn til kóngs og annar er fæddur með kóngstign og verður so fátækur. [15]Og eg sá allt það sem lifði undir sólunni gekk með öðru barni sem koma skyldi í hans stað. [16]Og þar var enginn endi á því fólki sem gekk fyrir og eftir og fengu þó öngva gleði af honum. Og það er ekki annað utan eymd og hégómi.

5 Vakta þinn fót nær þú gengur til Guðs húss og kom so þú kunnir að heyra. Það er betra en fávíss manns offur því að þeir vita ekki hvað vont þeir gjöra. [2]Vert ekki fljótur með þínum munni og lát þitt hjarta ekki hasta sig að tala nokkuð fyrir Guði. Því að Guð hann er á himnum uppi en þú hér á jörðu niðri, þar fyrir láttu þín orð vera

fá. [3]Því hvar mikil sorg er þar eru margir draumar og sá sem hefur mörg orð má merkjast fyrir fávísan og heimskan þuss.

[4]Nær þú heitir á Guð og lofar honum nokkru þá tef þú ekki að efna það því á fávisku hefur hann öngva þóknan. Hverju sem þú lofar þá haltu það. [5]Betra er að lofa öngvu en að halda ekki það maður lofar. [6]Leyf ekki þínum munni að láta syndga þitt eigið hold og seg ekki fyrir englinum: Eg er saklaus. Annars má Guð styggjast yfir þinni raust og fyrirdæma allan gjörning þinna handa. [7]Hvar eð margir draumar eru þar eru mörg hégómaorð en óttast þú Guð.

[8]Ef þú sér að hinn fátæki líður órétt en rétturinn og réttlætið raskast í burtu úr landinu þá undrast þú ekki það uppsátur því þar er einn hár geymari yfir háum og þó eru enn hærri yfir þeim báðum. [9]Þar yfir er kóngur í öllum löndum til að arfiða akurinn.

[10]Hver eð elskar auðæfi sá verður aldrei saddur og sá sem elskar ríkidæmið hann fær ekkert gagn þar út af. Og það er einnin hégómi. [11]Því hvar mikið góss er þar eru margir eyðslumenn og hvað gagnast það þeim sem það hefur utan hann sér þar upp á með augunum? [12]Sá sem arfiðar honum er svefninn sætur, hvert heldur hann etur mikið eða lítið, en fylli hins ríka lætur hann ekki sofa.

[13]Það var ein vond plága sem eg sá undir sólunni að hver hann heldur sínum ríkdómi sér sjálfum til skaða. [14]Því sá hinn ríki mun fyrirfarast með stórri eymd og þó hann hafi átt einn son þá kemur ekki par í hans hendur.

[15]Líka sem hann kom nakinn frá sinni móður svo skal hann og í burt aftur fara héðan sem hann hingað kom og hann tekur ekki par í sína hönd með sér af sínu arfiði nær hann í burtu fer. [16]Og það er ein vond plága að hann verður í burt að fara líka sem hann kom. Hvað hjálpar honum það þó að hann hafi arfiðað svo sem í vind? [17]Alla sína lífsdaga hefur hann etið í myrkri og í stórum áhuga, sorg og sjúkdómi.

[18]Svo virðist mér nú það gott vera og svo prýðilegt nær mann etur og drekkur og er glaður í öllu sínu arfiði sem hann gjörir undir sólunni í öllum sínum lífdögum af því sem Guð gefur honum því það er hans hlutskipti. [19]Því hverjum þeim manni sem Guð gefur ríkdóm og auðæfi, þar með megn til að eta og drekka þar af eftir sínu hlutskipti og er ætíð með glaðværu geði í öllu sínu erfiði, það er ein Guðs gjöf. [20]Því hann þenkir ekki mikið á eymd þessa lífs því að Guð gleður hans hjarta.

6 Það er ein ólukka sem eg sá undir sólunni og er almennileg á meðal mannanna: [2]Sá maður hverjum Guð gefur ríkdóm, góss og heiður og vantar ekki par á allt hvað hans hjarta lystir og Guð gefur honum þó ekki kraft til að neyta þess ins sama heldur er annar því eyðandi. Það er hégómi og ein vond plága. [3]Og þó einn gæti hundrað barna og hefði langa lífdaga so hann lifði mörg ár og hans sála yrði aldrei södd af auði og blífi án grafar, um þann sama segi eg að ótímabær burður er betri en hann. [4]Því í hégómanum kom hann og fer í myrkri í burt og hans nafn mun afmást í myrkrunum. [5]Af sólunni hefur hann öngva gleði og öngva ró veit hann sér, hverki í einum stað né öðrum. [6]Og þó að hann lifði í tvö þúsund ár þá hefur hann þó aldrei gott. Kemur það nú ekki allt í einn stað?

[7]Hverjum manni er erfiði á lagt eftir sínum mætti en hjartað er þar ekki við. [8]Því hvað afrekar hygginn maður meir en heimskur? Hvað undirstendur hinn fátæki utan að vera meðal lifandi manna? [9]Betra er að neyta þess nálæga en hugsa eftir því sem burt er. Það er eymd og hégómi. [10]Hvað er það að einn hann er mjög prísaður og lofaður en

menn vita þó að hann er maður og kann ekki að halda þrætu við sér öflugra. [11]Því margt er hégómavert og hvað hefur maðurinn meira þar út af? [12]Hver veit hvað manninum er nytsamlegt í lífinu svo lengi sem hann lifir í sínum hégóma, hvað þó í burtu hverfur sem einn skuggi? Eða hver kann að segja nokkrum manni hvað eftir hans daga mun koma undir sólunni?

7 Eitt gott rykti er betra en góð smyrsl og dauðans dagur er betri fæðingardegi. [2]Það er betra að ganga í sorgarhús en í drykkjuhús, í hinu er allra manna endatekt og hinir lifandi setja það sér í hjarta. [3]Betri er hryggð en hlátur því að hjartað forbetrast við hryggðina. [4]Vitra manna hjörtu eru í sorgarhúsi en fávísra hjörtu í gleðihúsi. [5]Betra er að heyra ávítan hins hyggna heldur en lofsöng ins heimska. [6]Því að fávíss manns hlátur er líka sem þá þyrnir brestur í eldi undir katli. Og það er og svo hégómi.

[7]Einn þverbrotinn gjörir hygginn mann óviljugan og fordjarfar gjafmilt hjarta. [8]Endir á einum hlut er betri en upphafið. Þolinmæði er betri en metnaðarandi. [9]Ver ekki fljótur í þínu sinni að verða reiður því að reiðin hvílist í hjarta fávísra. [10]Seg þú ekki: Hvað veldur að þeir liðnu dagar eru betri en þessir? Því svoddan er ei vitmannleg spurn.

[11]Viskan er góð með erfðagóssinu og hjálpar til að einn kann gleðja sig af sólunni. [12]Því að svo sem viskan verndar svo vernda auðæfin en viskan gefur lífið þeim hana hefur.

[13]Hugleið þú Guðs gjörninga því hver kann að gjöra það rétt sem hann gjörir bogið? [14]Gjör þig glaðan á öllum þínum gleðidögum og tak þá hina vondu daga og til þakka. Því að Guð skikkar þá báða hvern með öðrum svo maðurinn skal ekki vita af því hvað eftir hann mun ske. [15]Allsháttað hefi eg séð í minni hégómatíð. Þar til var einn réttlátur og fyrirfórst í sínu réttlæti og þar var einn óguðlegur hver lengi lifði í sinni illsku.

[16]Vertu eigi of réttlátur og eigi of vís svo þú fordjarfir þig ekki. [17]Vert ekki of mjög óguðlegur eða svo mjög heimskur so að þú deyir í ótíma. [18]Gott er þér að höndla þetta en lát hitt annað þó eigi sleppa þér úr hendi því hver eð óttast Guð sá umflýr þetta allt.

[19]Vísdómurinn styrkir þann hyggna meir en tíu voldugir í staðnum. [20]Enginn maður á jarðríki er so réttlátur að hann syndgist ekki. [21]Legg ekki á hjartað allt það sagt er so að þinn þjón bölvi þér ekki. [22]Því þitt hjarta veit að þú hefur oft öðrum bölvað.

[23]Allt svoddan hef eg með visku reynt. Eg sagða: Eg vil verða hygginn, en hún fyrtist mig. Hún er langt í burt, hvað skal það verða? [24]Og er mjög djúpt niður, hver vill hana finna? [25]Eg snera mínu hjarta til að rannsaka og að spyrja og að leita eftir vísdómi og listum og að reyna heimsku óguðhræddra og villur þeirra fávísu. [26]Og eg fann að svoddan ein kvinna var beiskari en dauðinn hverrar hjarta bæði var net og snara og hennar hendur sem eitt band. Hver Guði þóknast sá kemur frá henni en sá hinn syndugi skal fanginn verða af henni.

[27]Sjá þú, þvílíkt hefi eg fundið, segir prédikarinn, eitt eftir annað svo eg mætta nema kunnáttu. [28]Og mín sála leitar enn og hefur ekki fundið. Á meðal þúsunda fann eg einn mann en á meðal þeirra allra fann eg öngva kvinnu. [29]En sjá þú aðeins, það hefi eg fundið að Guð skapti manninn réttan en þeir leita mikillar kunnáttu. Hver er svo hygginn og hver kann að útleggja það?

8 Mannsins vísdómur upplýsir hans andlit en sá sem einarður er hann er óvinsæll. [2]Eg varðveiti kóngsins orð og Guðs eið. [3]Flýttu þér ekki að ganga frá hans andliti og vef þig ekki í vond-

um sökum því hann gjörir hvað hann lystir.
4Í kóngsins orðum er magt og hver má segja til hans: Hvað gjörir þú? 5Sá sem heldur boðorðin hann skal ekkert vont henda en eitt vitugt hjarta veit tíð og máta. 6Því að allt uppsátur hefur sína tíð og tíma. Því að margfaldleg er mannsins ólukka hjá honum 7því að hann veit ei hvað verið hefur og hver kann að segja hvað verða kann?
8Enginn maður hefur magt yfir andann, andann að forhindra, enginn hefur og magt yfir dauðans tíma og hann skal ekki laus látast í stríðinu. Óguðlegar athafnir hjálpa ekki þeim óguðlegu.
9Þetta hefi eg allt saman séð og eg lagða mitt hjarta til allrar þeirrar iðju sem sker undir sólunni. Einn maður ræður stundum yfir annan sér sjálfum til ólukku. 10Og þá sá eg þá inu óguðræknu sem jarðaðir voru, hverjir gengið og spásérað höfðu í þeim heilaga stað og þeim var gleymt í borginni þar eð þeir höfðu erfiðað. Það var og einn hégómi.
11Fyst þar kemur ekki einn skjótur dómur yfir vondra manna gjörðir þar af blífur mannsins sinni fúst til að gjöra illt. 12Þó hinn syndugi gjöri hundrað sinnum illt og lifir þó lengi þá veit eg þó líka vel að þeim skal þó ganga vel sem óttast Guð og hræðast hans auglit. 13Því að þeir inu óguðlegu mun eigi vel ganga og sem einn skuggi skulu þeirra lífdagar vera sem ekki óttast Guð.
14Það er einn hégómi sem á jörðunni skeður að þeim réttlátu vegnar sem þeir hefðu illa gjört en þeim óguðlegu sem þeir hefðu vel gjört og eg sagða að svoddan er hégómi. 15Því prísaði eg gleðina, að ekki neitt er betra manninum undir sólunni en að eta og drekka og gjöra sig glaðan og að hann megi so síns arfiðis njóta alla sína lífdaga sem Guð gefur honum undir sólunni. 16Eg gaf mínu hjarta að vita speki og að sjá þá armæðu sem sker á jörðunni, að einn var svo að hann sá öngvan svefn, hverki nótt né dag með sínum augum. 17Og eg sá alla Guðs gjörninga því að enginn maður kann það verk að finna sem að sker undir sólunni og þess meira sem maðurinn leitar þar eftir þess minna finnur hann. Þó hann segði so: Eg em hygginn og veit það, þá fær hann þó ei fundið það.

9 Því hefi eg allt svoddan sett mér í hjarta og rannsakað það að þeir hinir réttlátu og hyggnu með sínum þénurum eru í Guðs hendi, þó veit enginn maður hverki hatur né kærleika sem hann hefur fyrir sér. 2Það gengur svo einum sem öðrum, réttlátum sem ranglátum, góðum sem illum, þeim sem offrar líka sem þeim sem ekki offrar. So sem góðum gengur, svo gengur syndugum, svo sem meineiðurum gengur, svo gengur og þeim sem forðast eiðana.
3Það er einn herfilegur hlutur á meðal allra sem eru undir sólunni að einum vegnar svo sem öðrum. Þar af verða hjörtu mannanna full af vonsku og fáviska er í þeirra hjarta svo lengi þeir lifa og þar eftir hljóta þeir að deyja. 4Því að á meðal allra lifandi manna er það sem hver mann æskir, sem er vonin (því að einn lifandi hundur er betri en eitt dautt león). 5Því þeir lifandi vita að þeir skulu deyja en hinir dauðu vita ekki par, þeir forþéna ekki og ekki meira því þeirra minning er gleymd. 6Þeir verða og eigi framar elskaðir, eigi hataðir né öfundaðir og öngva hlutdeild hafa þeir meir af öllu því sem sker í veröldinni undir sólunni.
7Svo far nú burt og et þitt brauð með gleði og drekk þitt vín með glaðværu hjarta því þín verk þóknast Guði. 8Lát þú þín klæði ætíð vera hvít og lát þitt höfuð aldrei vanta viðsmjör. 9Al þú aldur þinn með þinni kvinnu sem þú kæra hefur svo lengi sem þitt forgengilega líf

varir sem Guð hefur gefið þér undir sólunni og so lengi sem þú hégómalíkama hefur. [10]Því að það er þinn partur í lífinu í þínu arfiði það þú fremur undir sólunni. Alt það þú veist þér best að gjöra þá gjör það snarlega því í gröfinni í hverja þú fer þá er þar hverki verknaður, hagleiki, hyggindi né vísdómur.

[11]Eg snera mér og sá hvernin það gekk til undir sólunni: Til að hlaupa hjálpar ekki að vera fljótur, til bardaga hjálpar ekki styrkleiki, til næringar stoðar ekki siðsemd, til ríkdóms hjálpar ekki klókskapur, að vera geðþekkur hjálpar ekki til að kunna einn hlut vel, heldur er það allt saman komið undir tímanum og lukkunni. [12]Maðurinn veit og ekki sinn tíma heldur líka sem fiskurinn veiðist á skaðsömum öngli og fuglin næst í snörunni so verður og manninum burt kippt á vondum tíma nær hann fellur fljótlega yfir hann.

[13]Svoddan vísdóm sá eg undir sólunni að mér þótti mikill vera, [14]að þar var einn lítill staður og fátt fólk inni. So kom þar einn mikilsháttar, megtugur kóngur og settist um staðinn og byggði stórt hervirki um hann. [15]En í staðnum fannst einn hygginn, fátækur maður, hver eð frelsaði staðinn með sínum vísdómi og enginn minntist á þann fátæka mann. [16]Þá sagða eg að viskan er betri en sterkleikinn. Þó urðu hyggindi hins fátæka forsmáð svo enginn skeytti hans ráðum. [17]Því sker svo að hyggins manns orð orka meir hjá saktmóðigum heldur en herranna hróp hjá heimskum. [18]Því er vísdómurinn betri en nokkur herklæði en einasta einn skálkur spillir miklu góðu.

10 Svo sem skaðsamir fuglar fordjarfa oft góð smyrsl. Þar fyrir er stundum heimskan betri en mikill vísdómur og æra. [2]Því hyggins manns hjarta er í hans hægri hendi en hjarta hins heimska í hans vinstri hendi. [3]Og þó hinn heimski sé fávís í sínum gjörningi þá heldur hann þó hvern mann fyrir þuss. [4]Þar fyrir þegar framgengur ofstopi hins volduga í móti þínum vilja þá fall ekki í mistraust því þolinmæði stillir stóra ólukku. [5]Það var ein ólukka sem eg sá undir sólunni sem er sú fáviska sem að er á meðal voldugra, [6]að einn afglapi situr í stórri virðingu en hinn ríki situr lágt. [7]Eg sá þræla á hestum ríða en höfðingjana ganga sem þrælana.

[8]Hver eð gröfina grefur fellur í hana sjálfur og hver nokkurn garð niðurbrýtur, þann munu höggormar stinga. [9]Hver steini úr stað veltir gjörir sér sjálfum ómak. Hver eð tréð í sundurklýfur fær skaða þar af. [10]Nær eð járnið þykknar og sljóvgast í eggina so hlýtur maðurinn að brýna það aftur með erfiði. Svo fylgir og vísdómur eftir iðkanina. [11]Einn málskapsmaður er ekki betri en höggormur sá eð stingur og ekki er með særingum særður.

[12]Orð hyggins manns er unaðsemd en fávísra varir svelgja þau. [13]Hans orða upphaf er fíflslegt og endinn er sköðsöm heimska. [14]Einn afglapi hefur mörg orð því maður veit ekki hvað verið hefur og hver kann segja honum hvað ske skal eftir hann? [15]Arfiði heimskra kvelur þá því þeir kunna ekki að ganga í borginni. [16]Vei því landi hvers kóngur að er eitt barn og hvers höfðingjar að snemma matast! [17]Heppið er það land hvar kóngurinn er göfugur og höfðingjarnir neyta síns matar í hæfilegan tíma, til styrkingar en ekki til bílífis!

[18]Fyrir leti sakir falla niður bjálkarnir og fyrir forsóman handanna drýpur húsið. [19]Og því sker soddan að þeir gjöra brauðið til hláturs og vínið á að gleðja þá lifandi en peningurinn kemur öllu af stað. [20]Formæltu ekki kónginum í þínu hjarta og bölva ekki ríkum í þínu svefnhúsi því fuglar himinsins bera raustina og þeir sem hafa vængina segja það eftir.

11 Láttu þitt brauð fara yfir vatnið,
svo muntu finna það löngu seinna. [2]Skipt því út á meðal sjö og á
meðal átta því þú veist ei hver óhamingja koma kann á jörðina.

[3]Nær skýin eru full þá gefa þau regn
yfir jörðina og nær eð eikin fellur í suður eða norður og í hverja átt hún fellur,
þar liggur hún. [4]Hver hann gætir að
veðrinu hann sáir ekki og hver eð aktar
skýin hann uppsker ekki. [5]Líka sem þú
veist ei veg vindarins og hvernin beinin
samtengjast í móðurlífinu svo kanntu
ekki heldur vita Guðs gjörninga, hverja
hann verkar í öllum hlutum.

[6]Sáðu þínu sæði árla og hætti þín
hönd ekki að kveldinu því þú veist ekki
hvert lukkast mun það eða annað og ef
hverttveggja lukkast er það þess betra.

[7]Ljósið er sætt og það er augunum
unaðarsamt að sjá sólina. [8]Nær einn
maður lifir lengi og er glaður í öllum
hlutum þá þenkir hann alleina á þá
hrellingardaga að þeir svo margir eru.
Því allt það hann hendir það er hégómi.

[9]Svo gleð þig, ungmenni, í þinni æsku
og lát þitt hjarta vera glatt á þínum
ungdómsdögum. Gjör hvað þitt hjarta
lystir og hvað þínum augum þóknast og
vit það að Guð skal færa þig til dómsins
fyrir allt þetta. [10]Láttu sorgina vera
langt frá þínu hjarta og tak það hið
vonda frá þínu lífi því bernskan og ungdómurinn er hégómi.

12 Minnst þú á þinn skapara í þínum ungdómi áður en þeir
vondu dagarnir koma og árin nálgast
að þú segir: Það þóknast mér ekki, [2]áður en sólin, tunglið og stjörnurnar
verða myrkvar og skýin koma aftur eftir regnið, [3]á þeirri tíð þá vaktararnir í
húsinu skelfast og þeir sterku verða
beygðir og mylnurnar standa tómar því
þær eru orðnar svo fár og sýnin er
myrk í gegnum gluggana [4]og dyrnar á
strætunum blífa tilluktar og raust
kvernmalarakvinnunnar er lítil og hún
uppvaknar nær fuglinn syngur og allar
dætur söngvaranna beygja sig [5]og þeir
háu óttast og hræðast á veginum, nær
mandeltréð blómgast og grashoppurnar þyngjast og öll lystingin forgengur
(því að maðurinn fer þangað sem hann
skal vera ævinlega og þeir eð harmagrátana þylja ganga um kring á strætunum), [6]áður en silfursnúran í burt
brestur og sú gullkeldan framhleypur
og þær vatsskjólurnar lestast hjá
brunnunum og hjólin í sundurbrotna
yfir brunnunum. [7]Því að duftið hlýtur
að verða aftur að moldu sem það áður
var en lífið og andinn kemur aftur til
Guðs þess sem hann gaf.

[8]Það er allt saman mjög hégómlegt,
segir prédikarinn, allt er það hégómi.

[9]Þessi sami prédikari var ekki alleinasta hygginn heldur kenndi hann fólkinu góðar kenningar og hann athugaði
og rannsakaði og samsetti mörg spakmæli. [10]Hann leitaði við að hann gæti
fundið þakknæmileg orð og mætti svo
skrifa orðin sannleiksins réttilega.

[11]Þessi spakmæli eru svo sem broddar og naglar, skrifuð af meistara safnaðarins og útgefin af einum hirði.
[12]Vara þig, minn son, fyrir hinum öðrum því þar er enginn skortur á þeim
sem bækur gjöra en mikil prédikun
gjörir líkamann þreyttan.

[13]En látum oss heyra innihald alls
lærdómsins: Óttast Guð og hald hans
boðorð því það er skyldugt öllum
mönnum.

[14]Því að Guð mun alla gjörninga framleiða fyrir dóminn þá sem eru fólgnir,
hvert sem þeir eru heldur vondir eða
góðir.

Endir á prédikan Salomonis

LOFKVÆÐI SALOMONIS

1 Söngur söngva sem er eftir Salmonis. [2]Hann kyssi mig með kossi síns munns því að þín brjóst eru lystilegri en vín, [3]svo að menn lukti þinn góða smyrslailm. Þitt nafn er sem útfljótanda viðsmjör, þar fyrir elska þig yngismeyjarnar. [4]Drag mig eftir þér, þá hlaupum við. Kóngurinn færði mig í sitt herbergi. Vér kætunst og gleðjum oss yfir þér, vér þenkjum meir til þinna brjósta heldur en til nokkurs víns, þeir réttvísu elska þig.

[5]Eg er dökk en þó mjög prýðileg, þér dætur Jerúsalem, so sem tjaldbúðirnar Kedar og so sem vefnaðartjöld Salomonis. [6]Skoðið mig ekki að eg er so dökk því að sólin hefur brennt mig. Synir minnar móður eru mér reiðir, menn hafa sett mig að eg skyldi vera geymslukona víngarðsins en eg geymda ekki minn víngarð þann eg hafði. [7]Láttu mig vita hvern þín sála elskar, hvar þú fæðist, hvar þú hvílir um miðdaginn, so eg gangi ekki hingað og þangað, hjá samfélagi þinna hjarðargeymslumanna.

[8]Þekkir þú þig ekki, þú hin fegursta á meðal kvennanna, so gakktu á sauðanna fótspor og fæð þína kjarnhafra hjá húsum hirðaranna. [9]Eg jafna þér, mín kærasta, við mitt riddaralið í pharaonis vögnum. [10]Þín kinnbein standa lystilega í milli spanganna og þinn háls í milli keðjanna.

[11]Vér viljum gjöra þér gylltar spangir með silfurnöglum.

[12]Þá kóngurinn sneri sér hingað gaf minn nardus sinn ilm. [13]Minn vin er sem mirrubindini hangandi á millum minna brjósta. [14]Minn vin er mér sem ein copherþrúga í víngarðinum til Engedí.

[15]Sjá, mín kærasta, þú ert fögur, já fögur ertu, þín augu eru sem dúfuaugu.[16]Sjá, minn vin, þú ert fagur og prýðilegur. Vor sæng er græn, [17]vorir húsbitar eru af sedrustré og vorar sperrur af sypressusviði.

2 Eg er eitt blómstur í Saron og ein rosa í dalnum. [2]Svo sem ein lilja á meðal þyrnanna svo er mín kærasta á meðal dætranna.

[3]Líka sem eitt eplistré á milli villitrjánna so er minn vin á meðal sonanna. Eg sit undir hans skugga sem mig girnir og hans ávöxtur er sætur mínum barka. [4]Hann leiddi mig í sinn vínkjallara og kærleikurinn er hans merki yfir mér. [5]Hann lífgaði mig með blómstrum og nærði mig með eplum því eg er sjúk af ástinni. [6]Hans vinstri hönd er undir mínu höfði og hans hægri hönd umfaðmar mig. [7]Eg særi yður, þér dætur Jerúsalem, við geitur og hindur á mörkinni, að þér hverki uppvekið né ónáðið mína kærustu fyrr en hún sjálf vill. [8]Það er rödd míns kærasta, sjá þú, hann kemur stökkvandi á fjöllunum og steðjandi á hæðunum. [9]Minn kærasti er líka sem hreindýr eða ungur hjörtur. Sjá þú, hann stendur á bak við vorn vegg og sér í gegnum gluggana og gægist út um grindurnar. [10]Minn vinur svarar og segir til mín: Statt upp, mín kærasta, mín in prýðilega, og kom hingað til mín. [11]Því sjá þú, veturinn er liðinn, regnið er af og í burt horfið. [12]Blómstrið er uppvaxið í landinu, vorið er komið og turtildúfan kvakar í voru landi. [13]Fíkjutréð hefur fengið ávöxt, víntrén standa með blóma og gefa til sinn ilm.

[14]Stattu upp, mín kærasta, og kom, mín in prýðilega, kom hingað. Mín dúfa er í steinholunum og bjargskorunum, sýn mér þitt andlit, lát mig heyra þína raust, því þín rödd er sæt og þitt andlit er prýðilegt. [15]Takið fyrir oss refana, þá smárefina, þeir sem fordjarfa víngarðana, því vorir víngarðar blómgast. [16]Minn vinur er minn og eg em hans,

hann hver eð til haga heldur á meðal liljurósanna [17]þar til dagurinn kólnar og skugginn burt líður. Kom þú aftur og vert sem hind, minn vin, eða sem ungur hjörtur á skilnaðarfjöllum.

3 Eg leitaði um nóttina í minni sæng
eftir honum sem mín sála elskaði,
eg leitaði og fann hann ekki. [2]Eg vil nú
standa upp og ganga um kring í staðnum,
á götunum og á strætunum og leita
eftir þeim sem mín sála elskar. Eg leitaði en eg fann hann ekki. [3]Varðhaldsmennirnir sem gengu í kringum staðinn fundu mig. Hafi þér ekki séð þann
sem mín sála elskar? [4]Þá eg var skammt
gengin frá þeim þá fann eg þann sem
mín sál elskar. Eg hélt honum og vildi
ekki sleppa honum þar til að eg leidda
hann í minnar móður hús og í minnar
móður herbergi. [5]Eg særi yður, þér
dætur Jerúsalem, við geitur og hindur
á mörkinni, að þér hverki uppvekið né
ómakið mína kærustu þar til hana sjálfa
lystir.

[6]Hver þann sem uppgengur af eyðimörkunni sem einn reykstólpi, svo sem
ilmur af mirru, reykelsi og allra handa
púlveri jurtramakarans? [7]Sjá, í kringum
Salomonis sæng standa sextígi sterkir
af þeim sterkum í Ísrael. [8]Þeir hafa allir
sverð og eru kænir til bardaga, hver
hefur sitt sverð á sinni síðu sökum
næturóttans. [9]Salómon kóngur lét
gjöra einn sal af Libanusviði [10]og stólparnir voru af silfri en rjáfrið af gulli,
sætið af purpura, gólfið í miðjunni var
lagt með dýrðlegum steinum fyrir sakir
dætra Jerúsalem. [11]Þér dætur Síon,
gangið út og sjáið Salómon kóng með
þeirri kórónu sem hans móðir kórónaði hann, á hans brullaupsdag og á
glaðværðardegi hans hjarta.

4 Sjá þú, mín kærasta, þú ert fögur,
sjá, fögur ertu. Þín augu eru sem
dúfuaugu á millum þinna hárlokka. Þitt
hár er líka sem geitahjörð sú sem klippt
er á fjalli Gílead. [2]Þínar tennur eru sem
nýklippt hjörð komandi frá lauginni,
verandi allar saman tvílembdar og það
er engin ófrjó á meðal þeirra. [3]Þínar
varir eru sem dreyrrauður dregill og
þitt mál er lystilegt. Þínar kinnur eru
sem rispur á granataepli í millum þinna
hárlokka. [4]Þinn háls er sem Davíðsturn,
búinn með vígskorðum, á hverjum að
hanga þúsund skildir og alls kyns sterk
vopn. [5]Þín tvö brjóst eru þvílíkast sem
tvö ung hindarkið sem fæðast undir
rósunum [6]allt þar til að dagurinn kólnar og skugginn burt líður. Eg vil fara til
mirrufjallsins og til reykelsishæðanna.
[7]Mín unnusta, þú ert fögur í allan máta
svo þar er enginn flekkur á þér. [8]Kom,
mín brúður, af Líbanon, kom af Líbanon. Gakk hér inn, stíg hingað af
Amanahæðum, af hæðunum Senír og
Hermon, frá leónabælinu og frá
leparðafjöllunum. [9]Þú hefur sært mitt
hjarta, mín systir, elskuleg brúður, með
öðru þínu auga og með einni þinni
hálskeðju. [10]Hversu fögur eru þín
brjóst, mín systir, kærasta brúður? Þín
brjóst eru fegri en vín og þinn smyrsla-
ilmur yfirgengur allar jurtir. [11]Þínar
varir, mín brúður, eru sem drjúpandi
hunangsseimur, hunang og mjólk eru
undir þinni tungu og ilmur af klæðum
þínum er svo sem ilmur Líbanon. [12]Ó
mín systir, kæra brúður, þú ert einn
læstur aldingarður, ein tillukt uppspretta, einn innsiglaður brunnur.
[13]Þinn ávöxtur er líka sem lystugur
aldingarður fullur af granataeplum,
með göfugum ávöxtum, cyperi og
nardi; [14]nardus og saffram, kalmus og
cynnamomum og allra handa reykelsistré, mirra og aloe með öllum bestum
jurtrum, [15]sem einn aldingarðsbrunnur,
sem einn brunnur lifanda vats sá er
flýtur af Líbanon. [16]Rís upp, norðanvindur, og kom, sunnanvindur, og
blástu í gegnum minn aldingarð svo að
af hans jurtum megi drjúpa.

5 Minn vin komi hann í sinn aldingarð og neyti af hans dýrðlegum ávöxtum. Eg kom, mín systir, kærasta brúður, í minn aldingarð. Eg hef af mulið mína mirru með öðrum kryddum, eg hefi etið minn hunangsseim með mínu hunangi, eg hefi drukkið mitt vín með minni mjólk. Etið, mínir elskendur, og drekkið, mínir kærir vinir, og verið glaðir.

[2]Eg sef en mitt hjarta vakir: Það er míns vinar raust sem þar ber. Lát upp, mín allrakærasta, mín systir, mín dúfa, mín innilega, því að mitt höfuð er fullt af dögg og mínir lokkar eru fullir af náttdropum. [3]Eg hefi fært mig af mínum kyrtli, hvernin skal eg nú færa mig í hann aftur? Eg hefi þvegið mínar fætur, hversu má eg gjöra þá óklára aftur? [4]En minn vin stakk sinni hendi í gegnum eitt hol og minn líkami skalf þar við. [5]Þá stóð eg upp og lauk upp fyri mínum kærasta. Mirran draup af mínum höndum og mirran flaut um mínar fingur á hurðarlokunni. [6]Og þá eg hafði upplátið fyrir mínum vin var hann í burtu og af stað genginn. Þá gekk mín sála út eftir hans orðum, eg leitaði að honum en eg fann hann ekki. Eg kallaði en hann svaraði mér öngvu. [7]Vökumennirnir sem gengu um staðinn þeir fundu mig, slógu mig og særðu, vaktararnir á múrunum tóku mína yfirhöfn frá mér. [8]Eg særi yður, þér dætur Jerúsalem, ef þér finnið minn vin þá segið honum að eg ligg sjúk af ástarelsku! [9]Hvað er þinn vinur framar en aðrir vinir, ó þú in fegursta á meðal kvennanna, hvernin er þinn vinur framar öðrum að þú hefur svo sært oss?

[10]Minn elskhugi er hvítur og rauður, útvalinn á meðal margra þúsunda. [11]Hans höfuð er besta gull, hans lokkar hrökkva og eru svartir sem hrafn. [12]Hans augu eru sem dúfuaugu hjá uppsprettulækjum, þvegin með mjólk og standa í fyllingu. [13]Hans kinnbein eru sem vaxandi jurtramakarans aldingarður. Hans varir eru sem rós af hverri að drýpur rennandi mirra. [14]Hans hendur eru líka sem gullhringar hlaðnir með hyacintis. Hans líkami er sem fílabein prýdd með safír. [15]Hans bein eru sem marmarastólpar grundvallaðir með gullfestum. Hans mynd er sem Líbanon, útvalin sem sedrustré. [16]Hans barki er sætur og allur lystilegur. Slíkur er minn vinur og hann er minn vinur, þér dætur Jerúsalem.

6 Hvert er þinn vinur genginn, þú in fegursta á meðal kvennanna? Hvert hefur þinn vinur vikið sér? So viljum vér leita með þér að honum.

[2]Minn vinur er ofangenginn í sinn aldingarð, til sinna jurta, að hann fæði sig í garðinum á meðal rósanna. [3]Minn vinur er minn og em eg hans, hann sem mig fæðir á meðal rósanna.

[4]Þú ert fögur, mín unnusta, sem Tirsa, lystileg sem Jerúsalem, ógurleg sem brjóstfylkingar. [5]Snú þú þínum augum frá mér því þau gjöra mig brennanda. Þitt hár er líka sem geitsauðahjörð sem klippt er á Gíleaðsfjalli. [6]Þínar tennur eru líka sem sauðahjörð hver ið sig hefur laugað, hafandi öll saman tvíbura og þar er engin ófrjósöm á meðal þeirra. [7]Þín kinnbein eru líka sem rispur á granataepli á meðal þinna lokka. [8]Sextígi eru drottningarnar og áttatígi frillurnar en á ungum meyjum er engin tala. [9]En ein er mín dúfa, mín innilega, ein er sinnar móður in kærasta og sinnar móður in útvalda. Og þá dæturnar sáu hana sögðu þær hana sæla og drottningarnar með frillunum lofuðu hana. [10]Hver er sú sem framkemur sem morgunroði, fögur sem tungl, útvalin sem sól, ógnarleg sem hermannafylking? [11]Eg em ofangengin í valnýtagarðinn að skoða greinirnar hjá lækjunum og að skoða hvort að víntrén blómgast og ef granataeplin eru vaxin. [12]Mín sála vissi ekki að hann hafði sett mig til vagna

Amínadab. [13]Kom aftur, kom aftur, ó
Súlamít, kom þú aftur, kom aftur, so að
vér megum skoða þig.

Hvað sjái þér á Súlamít nema dans í
Mahanaím?

7 Hversu fagur er þinn gangur í þín-
um skóklæðum, þú höfðingjans
dóttir! Þínar lendar standa báðar líka
sem tvær spengur þær eins meistara-
manns hönd hefur gjört. [2]Þinn nafli er
sem kringlóttur bikar hvern að aldrei
vantar drykk. Þinn kviður er sem
hveitihrúga í kring sett með liljum. [3]Þín
bæði brjóst eru sem ung tvíburakið
einnrar hindar. [4]Þinn háls er sem einn
turn af fílabeini. Þín augu eru sem fiski-
vötn í Hesbon hjá Batrabbímporti. Þín-
ar nasir eru sem Líbanonturn hver eð
veit til Damascum. [5]Þitt höfuð stendur
á þér svo sem Carmelus. Hárið á þínu
höfði er sem kóngsins purpuri bundinn
í ferðir. [6]Hversu fögur og prýðileg ertu,
mín kærasta í sællífinu! [7]Þín lengd er
sem pálmatré, þín brjóst eru og sem
vínþrúga. [8]Eg sagða: Eg hlýt að upp-
stíga á pálmatréð og taka þess kvistu.
Lát þín brjóst vera sem vínþrúgur á vín-
viðartrjám að þínar nasir lukti sem epli
[9]og þinn barki líka sem gott vín, hvert
eð glaðlega niðurrennur mínum vin og
talar af fjarlægu.

[10]Minn vin er minn og hann heldur
sér að mér. [11]Kom, minn elskulegi, við
viljum ganga út á markina og látum oss
vera í þorpunum [12]so að við megum
árla upp stíga til víngarðanna so vér
mættum vita hvert víntrén blómgast,
hvert blóm er útkomið, hvert granata-
eplatrén frjóvgast. Þar vil eg gefa þér
mín brjóst. [13]Liljurnar gefa þar ilm og
þar er allra handa göfugur ávöxtur fyrir
okkar dyrum. Minn vin, eg hefi geymt
handa þér bæði það nýja og gamla.

8 Ó að eg mætta finna þig þar úti,
minn bróðir, sem að sýgur minnar
móður brjóst og eg mætti kyssa þig so
enginn hæddi þig! [2]Eg vil taka þig og
leiða þig í minnar móður hús. Þar
skaltu læra mig, þar vil eg gefa þér að
drekka af krydduðu víni og af sætleika
minna granataepla. [3]Hans vinstri hönd
liggur undir mínu höfði og hans hægri
hönd umfaðmar mig. [4]Eg særi yður, þér
dætur Jerúsalem, að þér hverki upp-
vekið né ónáðið mína unnustu þar til
hana sjálfa lystir. [5]Hver er sú sem upp-
fer af eyðimörku og styðst við sinn vin?
Undir eplatrénu uppvakta eg þig þar
þín móðir hafði fætt, þar sem hún lá og
þú, hún sem hafði uppalið þig. [6]Settu
mig á þitt hjarta sem eitt innsigli og
upp á þinn arm sem annað innsigli. Því
kærleikurinn er svo sterkur sem dauði
og vandlætið svo fast sem helvíti. Þess
glæður eru brennandi sem Drottinseld-
ur [7]so að mörg vötn kunna ekki að
slökkva kærleikann né straumarnir að
kefja hann. Þó að maður vildi gefa öll
auðæfi síns húss fyrir kærleikann þó
væri það allt ekki par vert. [8]Vor systir
er lítil og hefur engin brjóst. Hvað
skulu vér gjöra vorri systur nær menn
vilja tala til hennar? [9]Er hún einn múr,
þá viljum vér byggja vígskörð af silfri
þar upp á. Er hún einar dyr, þá viljum
vér gjöra hana fast með sedrustré. [10]Eg
em einn múr og mín brjóst eru sem
turn. Þar er eg orðin fyrir hans augum
líka sem sá að friðinn finnur. [11]Salómon
hefur einn víngarð í Baal Hamon. Hann
gaf varðhaldsmönnunum víngarðinn
að hver af þeim skyldu færa honum
fyrir hans ávöxtu þúsund silfurpen-
inga. [12]Minn víngarður er fyrir mér. Þér
Salómon, heyrir til þúsund en varð-
haldsmönnunum tvö hundruð með
hans ávexti. [13]Þú sem býr í aldingarðin-
um, lát mig heyra þína raust, vinirnir
hlýða þar upp á. [14]Flý þú, minn vin, og
vert sem ein hind eða sem einn ungur
hjörtur á jurtrahæðunum.

Endir á lofkvæði Salomonis

Allar Spa=
maña Bakurnar / vtlag-
dar a Norrænu

Act. 10.

Pessum (Christo) bera aller Spamenn Vitne / Ad aller peir sem trua a hañ / skulu þa fyrergiepning Syndaña / þyrer hans Nafn

M D LXXXIIII.

PROPHETINN ESAIAS

1 Þessi er sýnin hverja að Esaias son-
ur Amos hefur séð yfir Judam og
Jerúsalem á dögum þeirra Úsía, Jótam,
Akas og Esekía kónganna í Júda.
2Heyri, þér himnar, og þú jörð, hlusta
með eyrunum því að DROTTINN hann
talar. Eg hefi börnin fóstrað og upphafið en þau falla frá mér. 3Nautið það
þekkir sinn lávarð og asninn jötuna
síns herra en Ísrael þekkir það ekki og
mitt fólk skynjar það eigi.
4Ó vei þeirri syndugri þjóð, því fólki
mikilla misgjörða, þess illskufulla sæðisins, þeim skemmdarsonum sem yfirgefa DROTTIN, þeir eð lasta þann Hinn
heilaga í Ísrael og ganga á bak sér aftur!
5Hvað skal að lemja yður lengur fyrst
þér gangið því meir afvega? Allt höfuðið er sjúkt, allt hjartað er veikt, 6frá
hvirfli til ilja er ekki neitt heilbrigt á
þeim heldur sár og mar og þroti sem
ekki er um bundið og eigi með smyrslum læknað né með olíu mýkt.
7Yðvart land er í eyði lagt, yðrar
borgir eru með eldi brenndar. Framandi menn þeir fortæra yður akurlendin fyrir yðar augsýn og þau eru
foreydd líka sem í foreyðslu hernaðarins. 8En það hvað nú er afgangs af
dótturinni Síon þá er það so sem húskorn í víngarði og so sem eitt lítið
hreysi í grasrunni og líka sem sá staður
að foreyddur er. 9Nema það DROTTINN
allsherjar hefði látið oss nokkurt sæði
yfir blífa þá værum vér orðnir eins líka
sem Sódóma og Gómorra.
10Heyrið orð DROTTINS, þér höfðingjar
af Sódóma, og lát þér í eyrum loða lögmál Guðs vors, þú lýður af Gómorra!
11Hvar til skal mér fjöldinn yðvarra
fórnfæringa? segir DROTTINN. Eg em
saddur brennioffursins af sauðunum
og feitinnar af alifénu og öngva lyst
hefi eg á blóði oxanna, lambanna og
hafranna. 12Þá er þér komið nú inn fyrir
mína augsýn, hver krefur slíks af yðar
hendi það þér gangið í mínum fordyrum? 13Færið ekki lengur fórnir yðrar so
til forgefins, það reykelsi er mér
styggð, þær tunglkomuhátíðir og þvottdagar er þér komið til samans hafandi
mæðu og angist fæ eg ekki liðið. 14Mín
sála hún stuggar við yðvar tunglkomuhelgum og ártíðum, þær eru mér leiðar
vorðnar, eg get þær ekki lengur liðið.
15Og þó að þér útbreiðið yðar hendur þá
sný eg þó mínum augum í frá yður og
þó að þér biðjið margfaldlega þá heyri
eg yður þó ekki því að yðar hendur eru
fullar blóði. 16Þvoið og hreinsið yður,
takið yðvar illskubreytni í burt frá mínum augum. Látið af illu, 17lærið gott að
gjöra. Leitið eftir réttinum, hjálpið hinum niðurþrykkta. Látið hinn föðurlausa rétt ske og styrkið ekkjunnar
málefni.
18Komið þá og áteljið mig, segir
DROTTINN. Þó að yðar syndir sé rauðar
sem blóð þá skulu þær snjáhvítar verða
og þó þær sé rauðar sem rós þá skulu
þær þó verða hvítar sem ull. 19Ef að þér
viljið mér hlýða þá skulu þér neyta
landsins auðæfa 20en ef þér viljið það
ekki og eruð óhlýðugir þá skulu þér af
ófriðarsverði uppsvelgdir verða. Því að
munnur DROTTINS hann segir þetta.
21Hvernin kemur það til að sú ágætisborgin er hórkona vorðin! Hún var full
réttinda, réttvísin byggði þar inni en nú
manndráparar. 22Þitt silfur er umvent í
skúm og þitt vín er vatsblandað. 23Þínir
höfðingjar eru affallnir og samlagsmenn þjófanna. Þeir þiggja allir mútur
og leita eftir fégjöfum, hinum föðurlausa gjöra þeir öngvan rétt og málefnið ekkjnnar kemur ei fyrir þá. 24Þar
fyrir segir DROTTINN, DROTTINN Allsherjar, sá Hinn megtugi í Ísrael: Ó vei, eg
mun hljóta að hugsvala mér fyrir óvini
mína og hefnast fyrir fjandmenn mína!
25Og eg mun snúa minni hendi í móta

þér og hreinsa þitt skúm sem best og allt þitt tin í burt taka [26]og gefa þér dómara aftur líka sem áður fyrri voru og ráðherra sem í upphafinu. Þá muntu einn staður réttvísinnar og ein ágæt borg kallast.

[27]Síon hlýtur fyrir réttindin frelsuð að verða og hennar hinir herteknu fyrir réttlætið [28]so að þeir glæpafullir og syndugir verði til samans foreyddir og þeir eð yfirgefa DROTTIN fyrirfarist [29]því að þeir hljóta til skammar að verða yfir þeim eikitrjánum sem þér hafið lysting til og að skammast yðar yfir þeim jurtragörðunum sem þér útveljið, [30]þá eð þér munuð verða sem önnur eik með þurrum laufblöðum og so sem annar jurtragarður fyrir utan vatn, [31]þá nær eð sú verndarhlíf yðar mun vera sem annar hör og hennargjörðir sem eldgneisti og mun so hvorttveggja til samans uppbrennt verða so að enginn geti útslökkt þar.

2 Þetta er það hvað Esaias sonur Amos hann sá yfir Júda og Jerúsalem.

[2]Á síðustu dögum mun það fjallið sem hús DROTTINS er upp ávissulega verða hærra en önnur fjöll og yfir allar hæðir upphafið verða. Og allar þjóðir munu þangað skunda [3]og margt fólk þangað ganga og segja: „Komið og látum oss fara upp á fjallið DROTTINS, til hússins Guðs Jakobs so það hann kenni oss sína vegu og það vér göngum í hans fótstígum.“ Því að af Síon mun lögmálið útganga og orð DROTTINS af Jerúsalem. [4]Og hann mun dæma á meðal heiðinna þjóða og vanda um við margt fólk. Þá munu þeir úr sverðum sínum smíða plógjárn og úr sínum spjótum kornsigði. Því að engin þjóð mun hefja neitt sverð í móti annarri og þaðan af ei læra að berjast. [5]Komi, þér af húsi Jakobs, látum oss ganga í ljósi DROTTINS. [6]En þú hefir þitt fólk, það hús Jakobs, fara látið því að þeir frömdu það meir en hinir í uppgöngu sólarinnar og eru dagaútveljendur líka sem Philistei og gjöra mörg annarleg börn. [7]Þeirra land er fullt af silfri og gulli og fjársjóða þeirra er enginn endi, þeirra land er fullt með hesta og þeirra vagnar eru óteljanlegir. [8]Og þeirra land er einnin fullt af skúrgoðum, verkin sinna handa þá tilbiðja þeir, það sem þeirra fingur hafa smíðað, [9]þar hneigir sig alþýðan fyrir, þar lítillæta sig fyrir yfirmennirnir, það sama muntu þeim ekki fyrirgefa.

[10]Far þú inn í hellismunna og fel þig í fylsnum jarðar fyrir þeirri ógnan DROTTINS og fyrir hans dýrðarsamlegu tignarveldi. [11]Því að hvers manns mikillát augu skulu niðurlægð verða og hverjir mikilsháttar menn eru þeir munu hljóta sig að lægja. En DROTTINN mun alleina mun hár vera á þeim tíma.

[12]Því að dagur DROTTINS Sebaót mun ganga yfir allt það hið drambsama og það sem hátt er og yfir allt það sem upphafið er so það niðurlægt verði, [13]einnin yfir alla mikla og hátt uppvaxna sedrusviðu í Libanusfjalli og yfir allar stórar eikur í Basan, [14]yfir öll há fjöll og yfir alla stór hálsa [15]og yfir alla há turna og yfir alla fasta múrveggi, [16]yfir öll skip í hafinu og yfir öll kostuleg smíði [17]so það sig hlýtur að beygja hvers sem eins manns upphæð og sig að lítillæta sem mikilsháttar menn eru. Og DROTTINN hann mun alleinasta upphefjast á þeim tíma [18]og þeir afguðir munu þá með öllu útgjörðir vera. [19]Þá munu menn innganga í bjargskorunar og í fylsni jarðarinnar fyri þeirri ógnan DROTTINS og fyri hans dýrðarsamlega tignarveldi þá eð hann mun taka sig upp til að skelfa jörðina. [20]Á þeim tíma mun hver sem einn í burtkasta sínum silfur- og gullskúrgoðum (hver eð þeir höfðu sér gjöra látið að tilbiðja) í holur moldvarpanna og leðurmúsanna [21]so að hann megi þá innkrjúpa í stein hellanna og bjarskorunar fyrir þeirri ógnan DROTTINS og fyrir hans dýrðarlegu

magtarveldi þá eð hann mun taka sig upp til að skelfa jörðina.

22Hvar fyrir þá víkið frá manninum hvers andardráttur að er í hans nösum því þér vitið ekki hvað mikils hann er metinn.

3 Því sjá þú það DROTTINN, DROTTINN Sebaót mun í burt taka af Jerúsalem og Júda allsháttaðar nægtir, nægt brauðsins og nægt vatsins, 2sterkar hetjur og bardagamenn, yfirdómara, propheta, sannsagnarmenn og öldunga, 3höfðingja yfir fimmtígum og ærlega menn, ráðgjafa og hyggna handverksmeistara og klóka menn vel máli farna.

4Og eg mun gefa þeim ungmenni til höfðingja og bernskumenn skulu drottna yfir þeim. 5Og fólkið mun fjárplóg hafa hver á öðrum og hver sem einn á sínum náunga. Og æskumaðurinn mun hrokast upp í móti þeim hinum gamla og sá óærlega í móti þeim heiðarlega.

6Þá mun hver sem einn höndla sinn bróður út af síns föðurs húsi: „Þú hefur klæðnaðinn, vertu vor höfðingi, réttu við þessa ógæfu.“ 7En hann mun svara á þeim tíma og segja: „Enginn læknir em eg, hverki er þar brauð né klæði í mínu húsi, setjið mig ei til höfðingja meðal fólksins.“

8Því að Jerúsalem hún hrapar og Júda er fallin niðurmeð því að þeirra tunga og þeirra fyndingar eru á móti DROTTNI so að þeir mótstöðu veita augum hans tignarveldis. 9Þeirra opinber breytni gjörir þá augljósa því að þeir segja út af sínum syndum líka so sem þeir til Sódóma og þeir byrgja þær ekki niðri. Vei sálum þeirra því að það mun þeim með illu endurgoldið verða!

10Segið um þá réttferðugu að þeim muni vel vegna því að ávaxtarins sinna verka munu þeir neyta. 11En vei þeim óguðlegum því að þeir eru illskufullir og það mun þeim endurgoldið verða, líka sem að þeir hafa forþénað til. 12Bernskumenn yfirganga mitt fólk og konur drottna yfir því. Fólk mitt, þínir huggunarmenn villa þig og brjóta niður þann götustíginn þar þú skalt ganga.

13En DROTTINN stendur þar til hægri handar og er uppstiginn til að dæma lýðinn. 14Og DROTTINN kemur til dómsins meður öldungunum síns fólks og meður sínum höfðingjum. Því að þér hafið þann víngarð foreytt og það ránfé af fátækum er í yðar húsi. 15Hvar fyrir niðurþrykki þér mínu fólki og í sundurmeljið fátækar persónur? segir DROTTINN GUÐ Sebaót.

16Og DROTTINN hann segir: Þar fyrir að dætur Síon eru ríkilátar og geysa með uppreigðum hálsi, með forprýddu andliti, bruna fram og hoféra, hafandi fagran fótabúnað – 17og því mun DROTTINN hárlausan gjöra hvirfilinn dætranna Síon og DROTTINN hann mun þeirra hinu fögru hár útslíta. 18Og á þeim tíma mun DROTTINN í burt taka búninginn á þeirra kostulegum skóklæðum, einnin þeim spennur, spengur, 19hálsbönd, ermahnappa, húfurnar, 20silkiskautið eður koppbreimingarnar, snúrunar, ilmunarhnöttinn og eyrnaspengurnar, 21hringana, gullnistin, 22hátíðaklæðnaðinn, kápuna, skikkjuna, punginn, 23spegilinn, fyrirklæðið, lindann, beltið.

24Og þar mun illur daun fyrir sætan ilm vera og eitt lítilsháttar band fyrir góðan linda og ber skalli fyrir krúsað hár, fyrir góða skikkju þröngur hærusekkur – allt svoddan í staðinn þinnar prýði. 25Þín alþýða mun fyrir sverði falla og þínir bardagamenn í stríði. 26Og hennar borgarhlið munu syrgja og harm bera og hún mun á jörðu með eymd sitja.

4 So það sjö konur munu á þeim tíma grípa einn mann og segja: „Sjálfar þá viljum vér fæða oss og klæða, aðeins þá láttu oss eftir þínu

nafni kallast so það vor smán verði í burt frá oss tekin.“ [2]Á þeim tíma mun sá kvistur DROTTINS kær og virðuglegur vera og sá ávöxtur jarðarinnar tígulegur og fagur hjá þeim sem hjálplegir verða í Ísrael. [3]Og hver þá eftir verður í Síon og yfirblífur til Jerúsalem sá mun heilagur kallast, hver sá sem skrifaður er á meðal þeirra sem lifa til Jerúsalem. [4]Því að DROTTINN mun af þvó saurindin dætranna Síon og þá blóðskuldina Jerúsalem í burt taka frá henni fyrir andann sá dæma skal og einn eld upptendra. [5]Og DROTTINN mun skikka yfir alar byggingar fjallsins Síon og hvar eð hún er til samans söfnuðský og reyk um daga og þær eldingar eð brenna um nætur. Því að þar mun ein verndarhlíf vera yfir öllu því hvað dýrðarsamlegt er [6]og mun so ein tjaldbúð vera til forskyggnis á deginum fyrir hitanum og eitt hæli og skjól fyrir stormviðrinu og dögginni.

5 Nú vel, eg vil mínum elskulega kveða það kvæðið míns föðurs bróðurs út af hans víngarði. Minn ástvinur hefur einn víngarð í frjósömu takmarki og hefir girt í kringum hann og meður grjóti hlaðið og rótsett þar inni kostulega vínkvistu. [2]Hann uppbyggði einnin einn stöpul þar inni og gróf eina vínpressu þar niður og vonaði það hann mundi vínber af sér gefa en hann gaf fram súr vínber.

[3]Dæmi þér nú, borgarmenn af Jerúsalem og þér menn Júda, milli mín og míns víngarðs. [4]Hvað var það eg átti meir að gjöra mínum víngarði það eg hafi enn ekki við hann gjört? Hvar fyrir hefir hann þá súr vínber af sér gefið þá eð eg vonaði hann mundi sæt vínber af sér gefa?

[5]Nú vel, eg vil kunngjöra yður hvað eg vil gjöra mínum víngarði. Hans vegur skal í burt takast so það hann foreyddur verði og hans garður skal niðurbrotinn verða so það hann undir fótum troðist. [6]Eg vil hann foreyddan liggja láta so það hann verði hverki erjaður né uppskorinn heldur so þar vaxi illgresi og klungurþyrnar og vil skýjunum bjóða að þau döggvi þar ei yfir.

[7]En víngarður DROTTINS Sebaót er Ísraels hús og þeir menn Júda hans ástúðleg plantan. Hann vonaði eftir réttindum, sjá þú, þá var þar fédráttur, hann vonaði eftir réttlætinu, sjá þú, þá var þar klögumál.

[8]Vei þeim sem samandraga eitt hús til annars og einn akur til annars þangað til að þar er ekki meira rúm til so að þeir einsamlir eignist landið! [9]Það sama er komið til eyrna DROTTINS Sebaót. Hvað gildir það ef að þau hinu mörgu húsin skulu ekki í eyðileggjast og þau hinu miklu og fögru standa í eyði? [10]Því að tíu akurlönd víngarðsins skulu ekki gefa nema einn kagga víns og eitt tróg sæðis skal gefa einn mæliask. [11]Vei þeim hverjir ið snemma upp standa á morna til að drekka sig drukkna og sitja allt til nætur so að þeim hitni af víninu [12]og hafa hörpur, gígjur, bumbur, pípur og víndrykkjur í sínum gestaboðum en gæta ekki að því verki DROTTINS og hafa öngva gæslu á hans handaverkum!

[13]Þar fyrir hlýtur mitt fólk óforsynju herleitt að verða og þess vildarmenn hungur að þola og þess alþýðumúgur þorsta líða. [14]Þar fyrri hefir helvítið öndinni vítt í sundur slegið og gininu upplokið án alls máta so að niður fari bæði þeirra vildarmenn og alþýðumúgurinn, [15]bæði þeir inu ríku og so glaðværu, að hver sem einn hljóti sig niður að beygja og það hver sem einn lítillættur verði og það augu dramblátra niðurlægð verði. [16]En DROTTINN Sebaót upphefjist í réttindinunum og Guð sá Hinn Heilagi helgaður verði í réttlætinu. [17]Þá munu lömbin gresja sér í þeirra stað og hinir vesölu munu hvíla sig í eyðimörkum feitingjanna.

18Vei þeim sem samanreyra sig með
lausum böndum rangt að gjöra og með
böndum vagnanna til að syndga 19og
segja: „Lát snar og bráðlega koma hans
verk so að vér sjáum það! Látum sig ná-
lægja og hér koma ráðagjörð Hins
Heilaga Ísrael so að vér verðum varir
við það!“
20Vei þeim hverjir eð kalla hið vonda
gott og það hið góða vont og þeir eð af
myrkrinu gjöra ljósið og út af ljósinu
myrkrið og þeir eð gjöra súrt af sætu
og út af sætu hið súra! 21Vei þeim hverj-
ir í hjá sjálfum sér þykjast vísir og halda
sig sjálfa forsjála! 22Vei þeim hverjir
máttugir eru vínið að drekka og sterkir
af sér í drykkjuskapnum, 23þeir eð rétt-
læta hinn ómilda fyrir fégjafa sakir og
réttarfarinu hinna réttvísu í burtsvipta
frá þeim! 24Þar fyrir, líka so sem það
eldurinn foreyðir stráinu og loginn
agnirnar í burt tekur, so mun þeirra rót
forrotna og þeirra greinir uppfljúga
líka sem annað moldarryk. Því að þeir
forakta lögmál DROTTINS Sebaót og
lasta þá ræðu Hins heilaga í Ísrael.
25Fyrir það sama er reiði DROTTINS
grimm orðin yfir hans fólk og breiðir
sína hönd út yfir þá og leggur á þá so
það fjöllin skjálfa og þeirra líkamir eru
eins svo sem saurinn á strætunum úti.
Og í öllu þessu þá lætur hans reiði enn
ekki af heldur er hans hönd enn nú út-
breidd.
26Því að hann mun einu sigurmerki út
fleygja í fjarlægð meðal heiðinna þjóða
og þær hinu sömu hingað lokka í frá
enda jarðarinnar. 27Og sjá þú, að skjótt
og skyndilega þá koma þeir hingað og
þar er enginn þreyttur né uppgefinn
meðal þeirra, öngvan þeirra syfjar né
sækir svefn og öngvum þeirra losnar
belti frá lendum og ekki eins þeirra
skóþvengur slitnar. 28Þeirra skeyti eru
hvöss og allir þeirra bogar eru upp-
spannaðir. Hófar þeirra hesta eru sem
hellusteinar og hjólin þeirra vagna so
sem stórviðri. 29Þeir grenja sem león og
so sem leónahvolpar þá grenja þeir,
þeir munu fram bruna og herfangið
grípa og það á burt flytja so það enginn
fær því forðað. 30Og á þeim dögum
munu þeir dynja yfir þá líka sem sjávar-
niður. Nær ið landið verður þá álítið,
sjá þú, að þá er það myrkt af sorgum og
það ljósið mun ekki meir skína út yfir
þá.

6 Á því árinu þá ið Useas kóngur
andaðist sá eg DROTTIN sitja upp á
einum háum og hátt upphöfðum stóli
og faldur hans klæða uppfylldi muster-
ið. 2Serafím stóðu yfir honum. Hver
þeirra hafði sex vængi. Með tveimur
huldu þeir sín andlit og með tveimur
huldu þeir sína fætur og með tveimur
flugu þeir
3og hver kallaði til annars og sagði:
„Heilagur, heilagur, heilagur er
DROTTINN Sabaót, öll lönd eru full hans
dýrðar“
4svo að þverbitarnir skulfu af hljóðan
hans kalls og húsið varð fullt af reyk.
5Þá sagða eg: „Vei mér, eg em fordjarf-
aður því að eg hef saurugar varir og bý
á meðal þess fólks sem hefur saurugar
varir! Því að eg hefi þann Konunginn
DROTTIN Sebaót séð með mínum aug-
um.“
6Þá flaug einn þeirra serafím til mín
og hafði eitt glóandi kol í hendinni
hvert ið hann með tönginni tók af alt-
arinu 7og áhrærði minn munn og sagði:
„Sjá þú, hér eru þínar varir með
áhrærðar so að þínar misgjörðir verði í
frá þér teknar og þínar syndir sé fyrir-
gefnar.“ 8Og eg heyrða rödd DROTTINS
það hann sagði: „Hvern skal eg út
senda? Hver vill vor sendiboði vera?“
En eg sagða: „Hér em eg, send þú mig.“
9Og hann sagði: „Far þú og seg til
fólks þessa: Heyrið það og skiljið það
ekki, sjáið það og þekkið það ekki.10Og
hertu hjarta fólks þessa, lát þeirra eyru
þykkheyrð verða og forblinda þeirra
augu so að þeir sjái ekki með sínum

augum né heyri með sínum eyrum né skilji það með sínu hjarta og leiðrétti sig og verði heilbrigðir.“ **Johannis 12:39-40** [11]En eg sagði: „DROTTINN, hversu lengi?“ Hann sagði: „Þangað til að borgirnar verða foreyddar fyrir utan innbyggjara og húsin mannalaus og það landið liggur með öllu í eyði. [12]Því að DROTTINN mun fólkið mjög í fjarlægð burt láta so það landið forlátist með öllu.

[13]Þó skal enn nú hin tíundadeildin þar inni blífa því að það mun í burtfært og foreytt verða. Líka sem önnur eik og lindartré hverjar eð hafa stofninn eftir þó að þeirra laufblöð verði af skekin, eitt heilagt sæði mun svoddan stofn vera.“

7 Það skeði á dögum Akas sonar Jótam, sonar Ósía, kóngsins í Júda, að Resín kóngurinn í Syria og Peka sonur Remalja Ísraelskóngur drógu upp til Jerúsalem til að berjast í móti henni og eigi gátu þeir hana yfirunnið. [2]Þá varð því húsi Davíðs kunngjört að þeir af Syria forléti sig upp á Efraím. Þá skalf hjartað í honum og hjartað hans manna líka sem þá trén í skóginum skjálfa af vindi.

[3]En DROTTINN sagði til Esaia: „Gakk þú út í móti Akas, þú og þinn sonur Sear Jasúb til enda vatsrennunnar við þann efsta fiskidamminn út við veginn hjá akrinum litarans [4]og seg so til hans: „Vara þig og vert stilli, hræðst þú ekki og þitt hjarta sé óttalaust fyri þessum tveimur rjúkandi kolbröndum. Einkum fyrir reiði Resíns og þeirra af Syria og sonar Remalja, [5]þó að þeir af Syria og Efraím og syni Remalja hafi eina vonda ráðagjörð samsett í móti þér so segjandi: [6]Vér viljum uppfara til Júda, vekja þá upp og leggja þá undir oss og setja son Tabeal til kóngs þar inni. [7]Því svo segir DROTTINN GUÐ: Það skal ekki so standa né so verða [8]heldur líka sem það Damaskus er höfuð í Syria, svo skal Resín höfuðið vera til Damasco. [9]Og innan fimm og sextígi ára þá skal það með Efraím útgjört so að þeir skulu ekki lengur eitt fólk vera og líka sem það Samaria er höfuðið í Efraím so skal sonur Remalja höfuðið vera í Samaria. Ef þér trúið ei munu þér ekki viðstandast.“

[10]Og DROTTINN talaði enn aftur til Akas og sagði: [11]„Kref þú þér eins teikns af DROTTNI þínum Guði, hvert það er niðri í undirdjúpinu eður á hæðum uppi.“ [12]En Akas sagði: „Ekki vil eg þess krefja upp á það eg freisti ei DROTTINS.“ [13]Þá sagði hann: „Nú vel, þar fyrir heyri þér af húsi Davíðs: Hvort er yður það forlítið að þér gjörið mönnönum angur að þér hljótið einnin að angra minn Guð? [14]Fyrir þann skuld mun DROTTINN sjálfur gefa yður eitt teikn. Sjá þú, ein hrein mey er ólétt og mun einn son fæða og hann mun hún kalla Immanúel. **Mattheus 1:23** [15]Smjörs og hunangs mun hann neyta svo að hann kunni að forleggja hið vonda og útvelja hið góða. [16]Því að fyrr en það sveininnn lærir að forleggja hið vonda og útvelja hið góða þá mun það landið fyrir hverju þú hræðist yfirgefið verða af sínum tveimur kóngum. [17]En DROTTINN mun yfir þig, yfir þitt fólk og yfir þíns föðurs hús þá daga koma láta hverjir þeir ekki hafa komið í frá þeim tíma það Efraím skildi sig í burt frá Júda fyrir þann kónginn til Assyria.

[18]Því að á þeim dögum mun DROTTINN blístra að flugunum við endann vatnanna í Egyptalandi og að býflugunum í landinu Assúr [19]so að þær komi og leggi sig allar niður við þá þurru lækina og í bjargskorunar og inn í alla viðarrunna og í allar smugur. [20]Á þeim sama tíma mun DROTTINN afraka hárið af höfðinu og fótunum og allt skeggið í burt taka með einum leigðum hárknífi sem er fyrir þá sem eru hinumegin vatsins sem er fyrir kónginn af Assyria. [21]Á þeim dögum mun einn mann uppala fjölda

kúa og tvennar sauðahjarðir [22]og mun hafa so margt að mjólka það hann mun smjörs neyta því hver hann blífur eftir í landinu sá mun smjör og hunang eta. [23]Því að það mun ske á þeim tíma að þar hvar eð nú standa þúsund víntré, þúsund silfurpeninga verð, þar mun vera klungur og illgresi [24]so að menn megi með bogum og skeytum þangað ganga. Því að í öllu landinu munu klungurþyrnar og illgresi vera [25]so það til allra þeirra fjallanna sem vant var að erja og plægja umhverfis þá kunna menn einnin ekki að koma fyrir hræðilegum klungurþyrnum og illgrösum, heldur munu þar uxar hafðir og menn munu láta sauði þar yfir renna.“

8 Og DROTTINN sagði til mín: „Tak þér stórt bréf og skrifa þar upp á með mannsins stíl: Rænið fljótt, skiptið fljótt.“ [2]Og eg tók til mín tvo trúlynda votta, prestinn Uriam og Sachariam son Jeberekía, [3]og gekk til einnrar spádómskonu. Hún varð ólétt og fæddi son. Og DROTTINN sagði til mín: „Kalla þú hann Rænið fljótt, skiptið fljótt, [4]það áður en það sveinninn kann að kalla: Kæri faðir, kæri móðir, skal magtin Damaskus og herfangið Samarie í burt tekið verða fyrir kónginn til Assyria.“

[5]Og DROTTINN talaði enn við mig og sagði: [6]Af því að þetta fólk fyrirlítur vatnið til Sílóha sem so hóglega rennur og treystir meir Resín og syni Remalja, [7]sjá, þar fyrir mun DROTTINN yfir þá koma láta mikil og ströng vötn vatsins, sem er kónginn Assyria og alla hans vegsemd so það hún mun fara yfir alla þeirra læki og ganga yfir alla þeirra árbakka [8]og þeir munu inn brjótast í Júda, sveima þar og yfir um fara allt þar til að það tekst þeim undir höku og þeir munu sína vængi útbreiða so að þeir fylli þitt land, ó Immanúel, so vítt sem það er til. [9]Verið illmannlegir, þér lýðir, og rennið þó undan. Heyri þér það allir, þér sem í fjarlægum löndum eruð. Herklæðið yður og flýið þó undan, búið yður vel út og verið þó á flótta reknir. [10]Samsetjið ráðagjörðir en þar verði þó ekki af, hafið samtök en það hafi þó öngvan stað, það hér er Immanúel.

[11]Því að so segir DROTTINN til mín, líka sem að tæki hann í hönd mér og segði mér til, það ei skyldi eg ganga á vegum fólks þessa og sagði: [12]Eigi skulu þér segja: Sáttmáli! Þetta fólk kann af öngu að segja nema sáttmála. Verið ei so óttaslegnir og ekki svo kvíðusamir sem þeir eru [13]heldur helgið DROTTIN Sebaót, látið hann vera yðar hræðslu og ótta, [14]þá mun hann yður til helgunar vera en einn ásteytingarstein og ein hneykslunarhella þeim tveimur húsum Ísraels [15]og til einnrar snöru og hröpunar þeim borgarmönnum til Jerúsalem so það margir af þeim reki sig þar á, falli, foreyðist, bundnir og herteknir verði.

[16]Bitt til samans vitnisburðinn og innsigla lögmálið mínum lærisveinum. [17]Því að eg vona upp á DROTTIN hver eð sitt andlit hefur tilbyrgt fyrir húsi Jakobs. En eg bíð eftir honum. [18]Sjá þú, hér em eg og þau börn sem DROTTINN hefir mér gefið til teikns og stórmerkis í Ísrael, af DROTTNI Sebaót, hver eð byggir upp á fjallinu Síon.

[19]En nær eð þeir segja til yðar: „Þér verðið að spyrja sannsagnarmennina að og hina sem af teiknum ráða, hverjir eð þvagla og þræta“ þá segið: „Hvort skal fólkið ei spyrja sinn Guð eður er það réttara að spyrja hina dauðu heldur en hina lifandi?“ [20]Já, eftir lögmálið og vitnisburðinum. En ef þeir segja ekki það sama þá munu þeir ekki ljósið hafa [21]heldur munu þeir fara um kring í landinu hart slegnir og hungraðir. En nær eð þeir líða nú hungur reiðast þeir og bölva sínum kóngi og sínum Guði og munu svo ýmist líta upp yfir sig [22]og niður á jörðina og öngvan hlut finna utan myrkur og harmkvæli. Því að þeir

eru mæddir í harmkvælunum og fara villir í myrkrinu.

9 Því að þar mun ein önnur mæða vera sem þeim gjörir mein heldur en sú sem á þeim fyrri tímunum var þá er það gekk so hóglega til í landinu Sabúlon og í landinu Naftalí og hér seinna meir þá það varð enn þyngra út við veginn sjávarins þessumegin Jórdanar í þeirri heiðnu Galilea. 2Það fólk sem gengur í myrkrunum sér eitt ljós mikið og yfir þeim sem byggðu í myrkvu landi er eitt skært ljós upprunnið. 3Þú fjölgar þá inu heiðnu, þar með eykur þú ekki gleðina. En fyrir þér munu þeir gleðja sig líka sem að þeir gleðjast í haustvinnunni og líka sem að þeir eru glaðir nær ed þeir skipta með sér herfangi. 4Því að þú hefur í sundurbrotið okið þeirra þunga og vöndinn þeirra herða og stafinn þess sem þá framdreif, líka sem á dögum Madían, 5það allt stríð með styrjöld og blóðugum ræflum mun brennt og með eldi foreytt verða, 6það oss er eitt barn fætt, einn sonur er oss gefinn hvers höfðingjadómur ed er á hans herðum. Og hann heitir Undarlegur, Ráð, Kraftur, Hetja, Eilífur Faðir, Friðarhöfðingi, 7so að hans höfðingjadómur verði mikill og á friðnum enginn endi, á þeim stólnum Davíðs og hans kóngsríkis, að hann tilreiði það og efli meður dómi og réttvísi héðan í frá og að eilífu. Slíkt mun gjöra vandlæting DROTTINS Sebaót. **Lucas 1:32-33**

8DROTTINN hefur eitt orð útsent í Jakob og það er niðurfallið í Ísrael 9so að það sama skal formerkja allt það fólk Efraím og þeir innbyggjarar til Samaria, þeir ed segja í metnaði og í stærilæti þeirra sinnis: 10„Tígulsteinarnir eru niðurfallnir en vér viljum með þeim höggnum steinum upp aftur byggja. Mórbertré ero afhöggvin þá viljum vér sedrusviðu þar í staðinn uppsetja.“ 11Því að DROTTINN mun herlið Resíns forhefja í móti þeim og þeirra óvini til samans draga, 12þá út af Syria að framan og þá Philistei á bak til, so að þeir éti Ísrael með fullum munni. Í öllu þessu þá lætur hans reiði ei af, hans hönd útbreiðir sig enn nú.

13Þó snýst það fólk ekki að heldur til hans sem á það leggur og skeytir ekki um DROTTIN Sebaót. 14Þar fyrir mun DROTTINN burt höggva af Ísrael bæði höfuðið og halann, bæði kvistinn og tréð á einum degi. 15Hinir gömlu heiðursmenn eru höfuðið en þeir spámenn sem lygi kenna eru halinn. 16Því að leiðtogar fólks þessa eru villumenn og þeir ed so láta leiðtoga sig eru glataðir. 17Þar fyrir kann DROTTINN ekki að gleðjast yfir þeirra yngismönnum né þeirra ekkjum og föðurleysingjum miskunnsamur að vera. Því að allir saman eru þeir hræsnarar og illmenni og allra munnur talar heimsku. Í öllu þessu lætur reiði hans eigi af, hans hönd útbreiðir sig enn nú.

18Því að það óguðlega athæfið er upptendrað líka sem eldur og foreyðir klungrum og illgresi og logar so í þykkvum skógi og gefur af sér háan reyk. 19Því að í reiði DROTTINS Seabót er landið formyrkvað so það fólkið er líka sem annar eldsmatur, enginn vægir öðrum. 20Ef ræna þeir til hægri handar þá líða þeir hungur, matist þeir til vinstri handar þá verða þeir þó ei saddir. Hver einn etur kjötið síns armleggs: 21Manasses Efraím, Efraím Manasses og þeir báðir til samans í móti Júda. Í öllu þessu lætur hans reiði enn ei af, hans hönd útbreiðir sig enn nú.

10 Vei þeim lögvitringum sem rangsnúin lög samsetja og þeim ed ranga úrskurði skrifa 2svo að þeir niðurþrykki málefnum fátækra og yfirgang veiti í lagasóknum lítilmagnanum á meðal míns fólks, so það ekkjunar hljóta þeirra ránfé og föðurleysingjarnir þeirra herfang að vera. 3Hvað

vilji þér til gjöra á þeim degi vitjunarinnar og ólukkunnar sem úr fjarlægð kemur? Til hvers vilji þér flýja hjálpar að leita og hvar vilji þér yðar vegsemd láta

[4]so að hún verði ekki niðurbeygð meðal hinna herteknu og falli meðal þeirra sem ero í hel slegnir?

Í öllu þessu lætur hans reiði enn ei af, hans hönd útbreiðir sig enn nú. [5]Ó vei Assúr, sem er vöndur minnar reiði og hans hönd er stafur minar bræði! [6]Eg vil útsenda hann í móti einni hræsnisþjóð og skipta honum í móti því fólki minnar reiði so að hann ræni það og útskipti því sem herfangi og undir fótum troði það so sem annan gatnasaur. [7]Þó að hann þenki það ekki svo og hans hjarta hugleiði það ekki á þann veg heldur er hans hjarta reiðubúið til að afmá og foreyða eigi allfáu fólki. [8]Því að hann segir: „Hvort eru mínir höfðingjar ekki allir kóngar? [9]Er ekki Calno sem Karkemis? hvert er Hamat ekki so sem Arpad? Er ekki Samaría líka so sem Damaskus? [10]Líka so sem það mín hönd hefur fundið kóngaríkin afguðanna, hverra afguðir þó öflugri voru en þeir sem í Jerúsalem og Samaria voru, [11]hvort skyldi eg ekki gjöra við Jerúsalem og hennar afguði líka sem það eg hefi gjört við Samaria og hennar afguði?“

[12]En nær að DROTTINN hefir fullgjört öll sín verk á fjallinu Síon og til Jerúsalem þá mun eg vitja ávaxtarins hins drambsama kóngsins til Assyria og prýðinnar hans dramblátra augna. [13]Þar fyrir að hann segir: „Eg hefi þetta framkvæmt fyrir kraft minna handa og með mínum vísdómi það eg em hygginn. Eg hefi löndunum á annan veg í sundurskipt og þeirra aftektum ræng og líka sem einn voldugur maður innbyggjarann undirlagt. [14]Og mín hönd hefir fundið fólkið líka sem annað fuglshreiður so það eg hefi öll lönd til samans lesið líka sem þá eg uppleast þau eð glötuð eru og þar var enginn sá sem hrærði eina fjöður eða geispaði eða andaði á móti.“

[15]Hvort fær öxin nokkuð hrósað sér í móti þeim sem með henni höggur, sögin forhafið sig í móti þeim sem með henni sagar? Líka sem ef sá má hrósa sem stafinn bæði ber og upphefur og ber hann so léttlega sem væri hann ekkert tré. [16]Þar fyrir mun DROTTINN, DROTTINN Sabaót senda megurðarsótt á meðal hans feitingja og hans vegsemd mun hann upptendra so það hún mun brenna líka sem eldur. [17]Og ljósið í Ísrael mun vera einn eldur og hans Hinn Heilagi mun einn eldslogi vera og mun hans klungurþyrnar og illgresi uppbrenna og foreyða á einum degi. [18]Og sú fegurðin hans skógar og víðlendis skal að öngu verða í frá sálunni allt upp á holdið og mun so foreyðast og burt hverfa [19]að þau trén hans skógar sem eftir eru megi talin verða og eitt barn megi þau upp skrifa.

[20]Á þeim dögum munu þeir sem eftir blífa í Ísrael og þeir sem undan komast af húsi Jakobs treysta ekki lengur upp á þann sem á þá leggur heldur munu þeir treysta upp á DROTTIN þann Heilaga í Ísrael í sannleika. [21]Hinir sem yfirblífa munu snúast, já, þeir sem yfirblífa í Jakob til Guðs hins öfluga. [22]Því þó þitt fólk, ó Ísrael, sé líka sem sjávarsandur þá skulu þó þeir einir umvendir verða sem afgangs eru af því hinu sama. Því að þegar fordjörfunin er stillt þá mun yfirfljótanlegt réttlæti koma. [23]Því að DROTTINN GUÐ Sebaót skal eina fordjörfung ganga láta en hann stillir hana þó í öllu landinu.

[24]Þar fyrir segir DROTTINN GUÐ Sabaót: Óttast þú ekki, mitt fólk, þeim sem til Síon byggir, fyrir Assúr. Hann mun þig með stafnum slá og sinn staf upphefja í móti þér líka sem skeði á Egyptalandi [25]því að það er nú um eina mjög stutta stund að gjöra. Þá mun mín þykkja og mín reiði yfir þeirra mis-

gjörðum einn enda hafa. [26]Og DROTTINN
Sabaót mun uppvekja yfir hann einn
hrísvönd, líka sem í slaginu Madían á
bjarginu Óreb og hann mun sinn staf
(þann eð hann í hafinu hafði) upphefja
líka sem á Egyptalandi. [27]Á þeim tíma
mun hans byrði af þínum herðum í burt
tekin verða og hans ánauðarok af þín-
um hálsi, það það sama okið mun af
feiti í sundurmorkna.

[28]Hann kemur (lát sem það so sé) til
Ajot, hann dregur í gegnum Mígron,
hann útvelur sitt herfólk til Mikmas,
[29]þeir draga framhjá vorum herbúðum í
Geba. Rama hún skelfist við, Gíbeat
Sauls í burt flýr, [30]þú dóttir Gallím,
æptu hátt, hygg að, Laísa, þú hin fátæka
Anatót, [31]Mademena flýr undan, þeir
innbyggjarar til Gebín efla styrk.
[32]Kann vera að þeir blífi einn dag til
Nób, þá mun hann hræra hönd sína í
móti fjallinu dætranna Síon og í móti
Jerúsalemshæð.

[33]En sjá þú, það DROTTINN, DROTTINN
Sebaót mun greinirnar með valdi af-
sníða og það hvað hátt uppstendur
stytta so að það sem hátt er mun niður-
lægt verða [34]og sá hinn þykkvi skógur-
inn mun meður járni um koll höggvinn
verða og Líbanon mun falla fyrir þann
hinn megtuga.

11 Og þar mun einn vöndur upp-
renna af kyni Jesse og einn
kvistur af hans rót mun ávöxt færa, [2]yf-
ir hverjum það hvíla mun andi
DROTTINS, andi viskunnar og skilnings-
ins, andi ráðsins og styrkleiksins, andi
viðurkenningarinnar og ótta DROTTINS
[3]og hans reykelsisoffur mun verða í
ótta DROTTINS. Hann mun ekki dæma
eftir áliti augnanna og ekki straffa eftir
því sem hans eyru heyra til [4]heldur
mun hann meður réttvísi dæma hjá fá-
tæku og meður dómi hirta þá aumu í
landinu. Og hann mun slá jörðina með-
ur vendi síns munns og meður anda
sinna vara í hel slá hina ómildu. [5]Rétt-
lætið mun vera belti hans lenda og trú-
an lindinn hans nýrna.

[6]Úlfarnir munu byggja hjá lömbunum
og úlfaldarnir munu liggja hjá höfrun-
um, eitt smábarn mun kálfa og leóna-
hvelpa og annað alifé til samans reka.
[7]Kýr og birnur munu í einum grashaga
ganga og so þeirra ungar hvílist hvorir
hjá öðrum og leónið mun hey éta sem
naut. [8]Og eitt brjóstbarn mun leika sér
yfir smugu nöðrunnar og það barn af
brjósti er vanið mun stinga sinni hendi
í bælið flugormsins. [9]Og enginn mun
skaða né fordjörfun gjöra á mínu
heilögu fjalli. Því að landið er fullt af
viðurkenning DROTTINS líka sem að
væri það hulið með vötnum sjóvarins.

[10]Og það mun ske á þeim dögum það
rótin Jesse sem stendur fólkinu til sig-
urmerkis að eftir honum spyrja heiðnar
þjóðir og hans hvíld mun vera dýrðleg.

[11]Og á þeim dögum mun DROTTINN í
annað sinn sína hönd útbreiða so að
hann fái þeim sem afgangs er síns fólks
og það eftir er vorðið frá þeim í Assyria,
egypskum, Patros, Blálandi, Elamiten,
Sineas, Hamat og frá eyjunum sjóvar-
ins.

[12]Og hann mun eitt sigurmerki upp-
setja meðal heiðinna þjóða og saman-
safna þeim útreknu af Ísrael og hina í
sundurdreifðu af Júda til samans leiða
úr þeim fjórum áttum jarðarinnar. [13]Og
sá óvinskapurinn við Efraím mun enda
taka og þeir óvinir Júda munu afmáðir
verða so það Efraím hati ekki Júda og
Júda sé ekki í móti Efraím. [14]En þeim
Philisteis við vestrinu munu þeir á háls
leggjast og ræna þá alla sem í móti
austrinu búa. Edóm og Móab munu út-
breiða sínar hendur á móti þeim, synir
Ammón munu hlýðugir vera [15]og
DROTTINN mun fyrirmæla straumum
sjávarins í Egyptalandi og hann mun
sína hönd láta yfir ganga vatnið með
sínum serkum vindi og slá þá sjö vats-
straumana so að menn megi þar þurr-
um fótum í gegnum ganga [16]og hann

mun vegurinn vera þeim sem eftir eru af hans fólki, það eftir er orðið af þeim Assyrios, líka sem það skeði Ísrael á þeim tíma eð þeir útgengu af Egyptalandi.

12 Á þeim sama tíma muntu so segja: Eg þakka þér, DROTTINN, að þú vart reiður upp á mig og það þín reiði hefur umvent sér og hugsvalað mér. [2]Sjá þú, Guð er minn hjálpari, eg em öruggur og óttast ekki. Því að DROTTINN JEHOVAH er minn styrkur og minn lofsálmur og mitt hjálpræði.

[3]Þér munuð með fagnaði vatnið uppausa úr hjálpræðisins brunnum [4]og munuð segja á þeim sama tíma: Þakki þér DROTTNI, prédikið hans nafn, gjörið kunna meðal fólksins hans gjörninga, kunngjörið hversu vegsamlegt að er hans nafn. [5]Lofsyngið DROTTNI því að hann hefir auðsýnt sig dýrðlegan, það sé heyrumkunnigt í öllum löndum. [6]Syng lof og vert glöð, þú sem innibyggir í Sión, það Ísraels Hinn heilagi er mikill hjá þér.

13 Þessi er byrðarþunginn yfir Babýlon hvern Esaias sonur Amos hefir séð: [2]Setjið merkið upp á háfjöllunum. Kallið fast í móti henni, sláið upp hendinni, látið inndraga um hliðin höfðingjana. [3]Eg hefi mínum heilögum boðið og mína öfluga kallað til minnar reiði, þeir eð glaðværir eru í minni vegsemd.

[4]Þar er eitt kall mikils fjölda á fjöllunum, líka sem væri þar grúa fólk, eitt kall líka sem mikillar styrjöldar þar eð samansöfnuð eru kóngaríkin þjóðanna. DROTTINN Sebaót býr einn her út til bardaga [5]hver eð út af fjarlægum löndum mun koma í frá yðsta enda heimsins, já DROTTINN sjálfur meður kerum sinnar reiði til að fordjarfa allt landið.

[6]Kveinið því að dagur DROTTINS er nálægur, hann kemur líka sem foreyðsla af Hinum Almáttuga. [7]Þar fyrir tregast upp allra hendur og allra manna hjörtu munu huglaus vera. [8]Skelfing, angist og harmkvæli mun yfir þá koma, þeir munu hugsjúkir vera líka sem hún eð fæða skal, hver þeirra mun hræðast annan, þeirra andlit mun svo rauð verða sem eldur.

[9]Því að sjá þú, dagur DROTTINS kemur, ógurlegur, reiðuglegur og grimmlegur til að foreyða landið og að afmá hina syndugu út þaðan, [10]það stjörnur himins og sá Óríon skín ei skært, sólin gengur myrk upp og tunglið hefur ekki sitt ljós.

[11]Eg vil þeirrar jarðarkringlunnar vitja vegna sinnar illgirni og þeirra óguðlegu fyrir sinnar mannillsku sakir og eg vil einn enda gjöra metnaðarins hinna ríkilátra og dramblætið hinna voldugra niðurlægja [12]so það einn karlmaður skal dýrkeyptari vera heldur en kostulegt gull og einn maður meira verður en eitt stykki gulls út af Ófír. [13]Þar fyrir vil eg himininn skelfa so það jörðin skal úr sínum stað hrærast, af þeirri grimmdarbræði DROTTINS Sebaót og fyrir þeim deginum hans reiði. [14]Og hún skal vera sem ein jöguð skógargeit og sem þeir sauðir eð öngvan hafa hirðir so það hver einn snúi aftur til síns fólks og það hver einn flýi aftur í sitt land. [15]Af því að hver sem þar finnst mun í hel sleginn verða og hver hann er þar í hjá sá mun fyrir sverði falla. [16]Þeirra börn skulu einin þeim ásjáandi sundurmarinn verða, þeirra heimili rænt og þeirra kvinnur skammaðar.

[17]Því að sjá þú, eg vil þar úr Medi uppvekja yfir þeim hverjir að öngu silfri leita né eftir neinu gulli spyrja [18]heldur þeirra yngismenn með skeytum í hel að skjóta og viður þeirra lífsávexti miskunnarlausir að vera og þeirra ungbörnum öngum að vægja. [19]Þannin skal Babýlon, hin fegursta meðal kóngaríkjanna, hin dýrðlega veldistignin í Kaldea, umturnuð verða af DROTTNI, líka so sem Sódóma og Gómorra, [20]so að þar

skal ei lengur búið vera né nökkur þar blífa að eilífu so það einnin þeir úr Arabia gjöri þar engin hús og öngvir hjarðargeymslumenn hafi þar nein hreysi, [21]heldur munu síhím hreiðra sig þar og þeirra hús afóhím full vera og strússfuglar munu þar byggja og draugar munu þar dansa [22]og náttuglur munu syngja í þeirra herbergjum og eiturdrekar í þeirra lystilegum loftstöfum. Þeirra tími mun að mestu kominn og þeirra dagar skulu ekki undandraga.

14 Því að DROTTINN mun Jakob miskunnsamur vera og Ísrael enn nú framvegis útvelja og þá innsetja í þeirra land og hinir framandi munu nálægja sig til þeirra og samtengja sig því húsi Jakobs. [2]Og fólkið mun halda með þeim og færa þá til sinna staða so það hús Ísrael mun eignast þá í landi DROTTINS sér til þræla og ambátta og munu þá hertekna halda af hverjum eð þeir herteknir voru og drottna yfir þeim sem þá þjáðu.

[3]Og á þeim tíma nær eð DROTTINN mun gefa þér hvíld af þinni eymd og armæðu og af þeirri harðri þjónustu sem þú vart inni, [4]sé, þá muntu soddan orðskvið hafa í móti kónginum til Babýlon og segja:

Hvernin er það nú með öllu útgjört um þann fordrífarann og skattgjaldið er nú aftekið! [5]DROTTINN hefir vöndinn þeirra ómildra í sundurbrotið, þann vöndinn yfirdrottnarans [6]sem óaflátanlega á fólkið lagði með æði og með grimmd drottnaði yfir heiðnum þjóðum og ofsótti þær miskunnarlaust. [7]Nú hvílist þó öll veröldin og er um kyrrt, fagnar og gleðst. [8]Grenitrén gleðja sig einnin yfir þér og þeir sedrusviðirnir í Líbanon og segja: „Á meðan þú liggur þá kemur enginn upp hingað sá eð oss höggvi niður.“ [9]Þá þú kemur því í móti þá uppvekur þér þá hinu dauðu og alla kjarnhafra veraldarinnar og skipar öllum kóngum heiðinna þjóða að standa upp af sínum tignarstólum so það hver sem einn gefi það svar [10]og segi til þín: „Þú ert og einnin niðursleginn líka sem vær og það gengur þér líka sem oss.“ [11]Þín drambsemisprýði er niðurkomin til helvítis og sönghljóðið þinnar hörpu, mölurinn mun vera þín undirdýna og maðkarnir þín ábreiða.

[12]Hvernin ertu af himni fallinn, Lucifer, sonur morgunsins? Hvernin ertu til jarðar fallin, þú sem veiktir þjóðirnar? [13]Þenkir þú þó so í þínu hjarta: „Eg vil uppstíga í himininn og forhefja mitt tignarsæti yfir stjörnur Guðs. Eg vil setja mig upp á fjallið sáttmálans viður þá hliðina móti norðrinu, [14]eg vil fara yfir hæð skýjanna og samlíkur vera þeim Hinum hæðsta.“ [15]Já, til helvítis fer þú afvega, í þann djúpa pytt. [16]Hver þar þig sér sá mun skoða þig og líta til þín og segja: „Hvert er það sá maðurinn sem skók jörðina og skelfdi kóngaríkin, [17]hver ed veröldina foreyddi og borgirnar þar inni niðurbraut og gaf ekki sína bandingja lausa?“ [18]Að sönnu allir kóngar heiðinna þjóða til samans liggja, þó með heiður, hver í sínum heimkynni. [19]En þú ert rekinn af þinni gröf so sem fúinn kvistur, líka sem einn ræfill þeirra sem drepnir og með sverði í hel slegnir eru, þeir ed ofan fara í þær grjótkasir helvítis so sem annað fótum troðið hræ. [20]Eigi muntu líka sem þeir grafinn verða það þú hefur þitt land fordjarfað og þitt fólk niðurdrepið. Því að aldregi mun þess sæðisins hinna illskufullra minnst verða. [21]Búið til, það hennar börn verði drepin fyrir misgjörða sakir feðra þeirra so að þau komist ekki á legg né eignist landið og uppfylli veröldina með borgir.

[22]Og eg vil koma yfir þá, segir DROTTINN Sebaót, og afmá þeirra minning af Babýlon, þeirra yfirblífið slekti og eftirkomendur, segir DROTTINN, [23]og eg vil gefa hana til eignar pindsvínum og gjöra að stöðuvötnum og eg vil útsópa henni með sóplíma foreyðslunnar,

segir DROTTINN Sebaót. [24]En DROTTINN Sebaót hefur svarið og sagt: Hvað gildir það að það skal so ske sem eg þenki og skal so blífa sem eg hefi ásett, [25]það Assúr verði niðursleginn í mínu landi og það eg sundurtroði hann upp á mínum fjöllum so það hans ok verði af þeim tekið og það hans byrði komist af þeirra hálsi.

[26]Þetta hið sama er áformið það hann hefir yfir öllum löndum og það er sú hin útbreidda höndin yfir allar þjóðir. [27]Því að DROTTINN Sebaót hefur það so úrskurðað, hver fær því hamlað? Og hans hönd er útbreidd, hver vill henni í burt snúa?

[28]Á því ári þá kóng Akas andaðist var þessi byrðarþungi. [29]Gleð þig ekki, þú gjörvallt Philisteiland, það sá vöndurinn sem þig sló sé í sundurbrotinn. Því að út af rót höggormsins mun koma einn basilicus og hans sæði mun einn glóandi flugdreki vera. [30]Því að hinir frumgetnu þeirra volaðra munu fæða sig og hinir fátæku óttalausir hvílast. En þína rót vil eg með hungri deyða og þína eftirlátnu skal hann í hel slá. [31]Ýlfra, þú staðarins port, kveina, þú borgin sjálf! Allt Philisteisland er huglaust því að úr norðrinu kemur reykur og þar er enginn einn saman í hans flokki.

[32]Og hvað munu sendiboðar heiðinna þjóða hér og þar segja? Þetta, það Síon hafi DROTTINN grundvallað og hinir fátæku hans fólks munu þangað sér skjóls leita.

15 Þetta er byrðarþunginn yfir Móab. Á náttarþeli kemur foreyðsla yfir Ar í Móab, hún er í burtu. Á náttartíma kemur foreyðing yfir Kír í Móab, hún er í burtu. [2]Þeir ganga upp til Baít og Díbon til þeirra altaranna so að þeir gráti og ýli yfir Nebó og Medba í Móab. Allra höfuð er hárlaust, allra skegg er í burt rakað. [3]Á sínum gatnamótum ganga þeir meður hærusekkjum vafðir, upp á sínum ræfrum og strætum ýla þeir allir og ganga grátandi þar ofan af. [4]Hesbon og Eleale æpa so hátt að það heyrist til Jahsa. Þar fyrir kveina hinir herklæddu í Móab það þeirra sálum gengur illa.

[5]Mitt hjarta kallar á Móab, þeirra flóttamenn flúðu frá þeirri þrevetri kýrinni allt til Sóar því þeir ganga ofan til Lúít og gráta og á veginum til Hórónaím þar upphefst ein aumleg kveinan [6]því að þau vötnin til Nimrím þverra svo það heyið visnar og grasið uppþornar og öngvar grænar jurtrir vaxa þar. [7]Því að þau auðæfin sem þeir hafa til samans dregið og það fólk sem þeir hafa útbúið flyst í burt yfir um þann víðirunnalækinn. [8]Eitt hryggðarkall gengur um kring í landsálfum Móab, kveinan þeirra tekur allt til Egglaím og þeir gráta í hjá brunninum Elím það vötnin til Dímon eru full af blóði. [9]Þar að auk vil eg enn meira koma láta yfir Dímon, bæði yfir þá sem undan hafa komist frá Móabs leónum og yfir þá sem eftir blífa í landinu.

16 Kæri, útsendi þér landsins herrar lömbin af Sela úr eyðimörkinni til fjallsins dótturinnar Síon. [2]En líka sem einn fugl flýgur í burt sá að af sínu hreiðri verður í burt drifinn, líka so munu verða þær dæturnar Móab nær að þær ganga fram hjá Arnon.

[3]Safnið ráðum, hafið þingstefnur, gjör þér skugga um miðdegi líka sem nótt. Fel þú þá flóttamennina og legg ei til þeirra sem flúið hafa. [4]Leyf þú mínum flóttamönnum í hjá þér að herbergja. Kæri Móab, vert þeirra verndarskjól fyrir foreyðaranum, þá mun sá kvalarinn einn enda hafa og sá fordjarfarinn linna og sá niðurþrykkjarinn afláta í landinu. [5]Og þar mun einn stól tilreiddur verða fyrir miskunnsemina og þar mun einn upp á sitja í sannleikanum, út í tjaldbúð Davíðs, og dæma og

traktera eftir réttinum og framfylgja réttlætinu. 6En vér höfum heyrt út af drambsemi Móab það hún sé mikil, so það hennar drambsemi, stærilæti, reiði er meiri en hennar magt. 7Þar fyrir mun hver Móabíti æpa yfir öðrum, allir saman munu þeir æpa, yfir grundvellinum borgarinnar Kír Hareset munu hinir lemstruðu sýta. 8Því að Hesbon er ein eyðijörð orðin, víngarðurinn til Síbma er fordjarfaður. Herrarnir meðal heiðinna þjóða hafa hans eðla vínviðarkvistu í sundurslegið og eru komnir allt til Jaeser og draga um kring í eyðimörkinni, hennar vínviðir eru í sundurdreifðir og yfir um hafið í burt fluttir. 9Þar fyrir græt eg fyrir Jaeser og vegna þess vínviðarins til Síbma og úthelli mörgum tárum vegna Hesíbon og Eleale. Því að þar er eittsönghljóð í þína sumarvinnu og haustyrkju innfallið 10so það gleðin og fögnuðurinn er af akurlöndunum í burt horfinn og í þeim víngörðunum kveða þeir ei né gleðja sig. Þar mun ekkert vín útþrykkjast af vínþrúgunum, 11á söngnum hefi eg einn enda gjört, þar fyrir hljóðar mitt hjarta yfir Móab líka sem ein harpa og mín iður yfir Kír Hares.

12Þá mun það opinskárt verða hvernin það Móab muni erfitt veita í hjá þeim altörunum og hvernin það hann sé genginn til sinnar kirkju að biðjast fyrir og hafi þó öngu til staðar komið.

13Þetta er það hvað DROTTINN hefur talað í gegn Móab í það sama sinn 14en nú mælir DROTTINN og segir: Á þrimur árum líka sem það eins verkmanns ár eru þá mun vegsemdin í Móab lítil verða í þeim mikla mannfjölda so það mjög fáir eftir blífa og eigi margir.

17 Þessi er sá þunginn yfir Damascum. Sjá þú, að Damascus mun enginn staður lengur vera heldur ein niðurhrunin grjóthrúga. 2Þeir staðirnir Aróer munu forlátnir vera so að þar munu hjarðirnar ganga ómakslausar. 3Og það mun útgjört vera um kastala Efraíms og ríkisstjórnan til Damascum og það sem eftir er blífið til Syria mun vera líka sem vegsemdin Ísraelsona, segir DROTTINN Sebaót. 4Á þeim tíma mun vegsemdin Jakobs þunn vera og hans vel feitur líkami mun magur vera. 5Því að þeir munu vera líka sem þá nær eð nokkur innsafnar korni í haustvinnunni og so sem þá nær eð einhver inndregur öxin með sínum armleggjum og líka sem það þá eð nokkurir saman lesa öxin í dalnum Refaím 6og að blífi þar inni so sem ein eftirvinna, líka sem það nær eð einhver skekur eitt viðsmjörstré so það upp í toppinum eftirblífi tvö eður þrjú korn eður so sem þá nær eð gjöfur eða fimm aldini hengja á kvistinum, segir DROTTINN Sebaót.

7Á þeim tíma mun maðurinn hneigjast að honum sem hann hefur skapað og hans augu munu líta upp á þann Hinn Heilaga Ísrael 8og ei mun hann hneigja sig til þeirra altaranna sem hans sjálfs hendur hafa smíðað og ekki líta upp á það hvað hans fingur hafa gjört, hverki upp á þau blóthofin né líkneskjurnar. 9Á þeim tíma munu staðirnir þeirra styrkleiks vera líka sem eftirlátnar greinir og kvistir hverjar eð eftirlátnar voru af sonum Ísraels og munu í eyði vera.

10Því að þú hefur forgleymt Guði þíns hjálpræðis og þú hefur ekki minnst á það hellubjargið þíns styrkleika. Þar fyrir muntu lystilega plantan niður setja. 11En þar með muntu annarlegu þá vínkvistu niðursetja. Á þeim tíma eð þú niðursáir muntu þess vel gæta so að þitt sæði blómgist tímanlega. En í haustvinnunni nær eð þú skalt kjarnann inn yrkja muntu sorg eins harmþrungins þar fyrir hafa. 12Ó vei þeim fjölda so mikils fólks, líka sem sjávarhafið mun það uppþjóta og buldran lýðsins mun so dynja líka sem niður mikilla vatnsfalla! 13Já, líka sem dynj-

andi vötn þau falla so mun það fólkið fram þeysa. En hann mun straffa þá, þeir munu þá og langt í burt flýja og mun í burt svipta þeim líka sem það vindur feykir moldardufti á fjöllum uppi og líka sem hvirfilvindur kemur af stormviðri. [14]Að kveldtíma, sjá þú, þá er þar skelfing og áður en morgun kemur eru þeir þar ei lengur. Þetta er verðkaupið vorra ránsmanna og hlutskipti þeirra sem vort hafa í burt tekið.

18 Vei því landinu sem að fer undir seglanna skugga þessumegin vatnanna í Blálandi, [2]hvert eð boðskapinn útsendir á hafinu og í reyrskipunum á vötnunum fer. Farið héðan, þér skjótir sendiboðar, til þeirrar þjóðar sem rænd og rutluð er, til þess fólksins sem ógurlegra er en nokkurt annað, til þess fólksins sem út af er mælt og niðurtroðið, hvers land vatnsflóðin undirleggja. [3]Allir þér sem á jarðríki byggið og þeir sem í landinu búa munu sjá hvenrin það merkin á fjöllunum munu út fljúga og heyra það hvernin lúðrarnir munu blásast. [4]Því að svo segir DROTTINN til mín: Eg vil kyrru fyrir halda og umskyggnast í mínum stað, líka sem eitt hitaveður það sem uppþurrkar regnið og so sem náttdögg út í hita haustvinnunnar. [5]Því að fyrir haustyrkjutímann mun ávöxturinn uppvisna og sá aldinisvísirinn í blómsturtíðinni uppþorna so það stengurnar hljóti menn með kornsigðum í burtu að sníða og vínkvistuna af að höggva og í burt kasta, [6]so það menn hljóta til samans að liggja láta fuglana á fjöllunum og dýrin í landinu, so það á sumarið hreiðri fuglarnir þar inni og á veturinn liggi þar inni alls kyns dýr í landinu.

[7]Á þeim tíma mun það hið sundurdreifða og hið rænta fólkið, það sem ógurlegra er en nokkurt annað, það út af er mælt og niðurtroðið, hvers land vatsflóð undirleggja, fórnir færa DROTTNI Sebaót í þeim stað þar eð nafnið DROTTINS Sebaót er, til fjallsins Síon.

19 Þessi er þunginn yfir Egyptalandi. Sjá þú að DROTTINN mun fara á einu skjótu skýi og koma í Egyptaland. Þá munu skúrgoðin í Egyptalandi skjálfa fyrir honum og hjartað egypskra manna mun sljóvgast í þeirra brjóstum.

[2]Og eg mun egna hvern egypskan móti öðrum so það einn bróðirinn móti öðrum, einn vinurinn móti öðrum, einn staðurinn móti öðrum, eitt ríki skal móti öðru berjast. [3]Og hugarhreystin þeirra egypskra skal að öngu verða og eg mun þeirra ráð að ónýtu gjöra. Þá munu þeir að spyrja sína afguði og presta og spásagnarmenn og teiknaútþýðara [4]en eg mun ofurgefa hina egypsku í vald grimmra höfðingja og harðráður kóngur skal yfir þeim drottna, segir sá Stjórnarinn DROTTINN Sebaót.

[5]Og það vatnið í hafinu mun uppþorna, þar að auk vatsfallið mun í burt sóast og uppþurrkast [6]og þau vötnin munu framhlaupa so að þau vatsflóðin og díkin munu minnkast og uppþurrkast, [7]líka bæði reyrinn og marhálmurinn mun uppvisna og það grasið fram við vötnin mun líka uppþorna og allt það sæði sem við vötnin er mun uppvisna og að öngu verða [8]og þeir fiskimenn munu syrgja og allir þeir hinir sömu sem fiskiönglana í vatnið láta munu harm bera og þeir hinir sömu sem fiskinetin útleggja í vötnin munu hryggvir vera. [9]Þeir eð gott netgarn verka og netin til samans ríða munu skammast sín [10]og þeir eð fiskiháfana hafa ásamt með öllum þeim sem veiðivötnin gjöra fyrir verðlauna sakir þá munu sorgbitnir vera.

[11]Þeir höfðingjarnir til Sóan eru fávísir, hinir hyggnu ráðgjafarnir pharaonis gefa út heimsk ráð. Hvað segi þér þó út

af faraó? „Eg em sonur spekinganna og út kominn af þeim gömlu kóngunum.“ 12Hvar eru nú þínir spekingar? Láttu þá kunngjöra þér og vísa það hvað eð DROTTINN Sebaót hefur ályktað yfir Egyptalandi. 13En þeir höfðingarnir til Sóan eru skiptingar vorðnir, þeir höfðingjarnir til Nóf eru sviknir, þeir svíkja og með Egyptalandi þann hyrningarsteininn kynkvíslanna. 14Því að DROTTINN hefur úthellt meðal þeirra einum sunlunaranda so að þeir villi Egyptaland í öllum þeirra gjörningum, líka sem það einn ofdrukkinn maður hann kollveltur nær eð hann selur upp. 15Og Egyptaland mun ekki hafa hverki höfuðið né halann, eikina né greinarnar.

16Á þeim tíma mun Egyptaland vera líka sem konur, óttast og skelfast þá eð DROTTINN Sebaót mun hendinni veifa yfir það. 17Og Egyptaland mun hræðast fyrir landinu Júda so það hver hann minnist á það sama mun hræðast fyrir því, yfir ráðinu DROTTINS Sebaót sem hann hefur ályktað yfir þeim.

18Á þeim tíma munu fimm staðirnir í Egyptalandi tala eftir máltæki Kanaans og sverja viður DROTTIN Sebaót. Ein mun heita Írheres. 19Á þeim sama tíma mun altari DROTTINS Sebaót vera mitt í Egyptalandi og einn merkissteinn DROTTINS viður landamerkim hver eð vera munu eitt teikn 20og vitnisburður þeim DROTTNI Sebaót í Egyptalandi. Því að þeir munu kalla til DROTTINS yfir þeim sem þá þvinga. Hann mun þá senda þeim einn hjálparmann og meistara hver eð þá frelsar. 21Því að DROTTINN mun þeim egypskum kunnigur verða og þeir hinir egypsku munu meðkenna DROTTIN á þeim tíma og munu honum með fórnum og mataroffri þjóna og þeir munu heitum lofa DROTTNI og halda það. 22Og DROTTINN mun plága hina egypsku og græða þá það þeir munu snúast til DROTTINS og hann mun láta þá biðja sig og lækna þá.

23Á þeim tíma mun vegur vera af Egyptalandi í Assyriam so það þeir úr Assyria í Egyptaland og hinr egypsku í Assyriam komi og þeir hvorutveggju, hinir egypsku og úr Assyria, munu Guði þjóna.

24Á þeim tíma mun Ísrael með þeim egypskum og Assyris sjálfur þriðji vera um þá blessan sem á jörðunni mun verða. 25Því að DROTTINN Sebaót mun blessa þá og segja: „Blessaður sértu, mitt fólk í Egyptalandi, og þú, Assúr, verkið minna handa, og þú, Ísrael, mín arfleifð.“

20 Á því árinu þá eð Tartan kom til Asdód so sem það Sargon kóngurinn Assyria hafði hann útsent og hann barðist í móti Asdód og yfirvann hana, 2á þeim sama tíma talaði DROTTINN fyrir Esaiam son Amos og sagði: Far þú og leys þann sekkinn af þínum lendum og drag þín skóklæði burt af þínum fótum.“ Og hann gjörði so, gekk nakinn og berfættur. 3Þá sagði DROTTINN: „Líka so sem það minn þjón Esaias gengur nakinn og berfættur til merkis og stórundra þriggja ára yfir Egyptum og Bláland, 4eins so líka mun kóngurinn í Assyria burt drífa hina herteknu Egyptalands og burt drífa bæði unga og gamla, nakta og berfætta af Mórlandi, með allsberum bakhlutum, Egyptalandi til skammar. 5Og þeir munu skelfast og skammast sín vegna Blálands upp á hverja þeir vonuðu og þar í mót Bláland vegna Egyptalands út af hverju þeir hrösuðu sér. 6Og þeir innbyggjarar þessarar eyjar munu segja á þeim sama tíma: Er það vort traust þangað eð vér flýðum til hjálpar so að vér frelsaðir yrðum fyrir kónginum í Assyria? Hversu fínlegana erum vér undankomnir!“

21 Þessi er sá þunginn yfir eyðimörkinni viður sjávarhafið. Líka so sem eitt stormviðri kemur úr

suðri það er umsnýr öllum hlutum, so kemur það og líka út af eyðimörkinni, í burt úr einu ógurlegu landi. [2]Því að mér er vísuð ein þung sýn, einn forsmánarinn kemur í móti öðrum, einn fordjarfarinn í móti öðrum. Drag upp hingað, þú Elam, umkringdu hana Madia! Eg vil einn enda gjöra á allri andvarpan. [3]Þar fyrir eru mínar lendar fullar af hryggð og angist hefur höndlað mig so sem eina þá eð fæðir. Eg beygi mig þá eg heyri það og skelfist þá eg sé það. [4]Mitt hjarta það skelfist við, ógnanin hefur hrætt mig, á nóttinni hefi eg þar öngva ró fyrir. [5]Já, bú þú eitt matborð til, láttu vaka á varðhaldshólnum. Etið og drekkið, takið yður upp, þér höfðingjar, og berið feitt á skjölduna! [6]Því að DROTTINN segir so til mín: Far þú og set einn tilsjónarmann og hvað hann sér þá segi hann þér það. [7]En hann sér reiðmann ríða og renna á hestum, ösnum og úlföldum og hefur gætur þar upp á með miklu athygli. [8]Og eitt león kallaði, DROTTINN, eg stend á daginn með jafnaði upp á vökuhæðinni og set mig upp á mitt varðhald um allar nætur. [9]Þá sjá þú, að þar kemur sá sem sér lætur aka á einum vagni, hann gefur svar og segir: Babýlon er fallin, hún er fallin og allar líkneskjur hennar skúrgoða eru niðurslegnar til jarðar. [10]Minn kæri kornláfi, þar eð eg þrekki upp á, hvað hefi eg heyrt af DROTTNI Sebaót, þeim Guði Ísraels, það sama kunngjöri eg yður. [11]Þessi er sá þunginn yfir Dúma. Til mín var kallað út af Seír: „Vökumaður, er nóttin ekki að mestu umliðin? Vökumaður, er nóttin ekki liðin?“ [12]En vökumaðurinn sagði: „Þó morguninn komi þá mun það þó samt nótt vera, þó að þér spyrjið að því þá munu þér þó aftur koma og spyrja enn að því hinu sama í annað sinn.“

[13]Þessi er sá þunginn yfir Arabia. Þér munuð byggja út í skóginum í Arabia, á veginum til Dódaním. [14]Mætið hinum þyrsta og færið honum vatn, þér sem byggið í landinu Tema. Bjóðið fram brauðið þeim eð flýja [15] því að þeir flýja fyrir sverðinu, já, fyrir nöktu sverði, fyrir þeim uppspennta boga, fyrir þeim mikla ófriðnum.

[16]Því að so segir DROTTINN til mín það enn á einu ári, líka so sem að eru árin daglaunarans, þá skal sú vegsemdarprýðin Kedar í burt sviptast [17]og þeir bogmenn sem eftir eru orðnir af koppunum í Kedar skulu færri verða. Því að DROTTINN Ísraels hefur það talað.

22 Þessi er þunginn yfir Sjónardalnum. Hvað er yður að þér hlaupið so upp á ræfrin? [2]Þú varst full með glaum, ein borg full af fólki, ein gleðileg borg. Þínir helslegnu eru ekki með sverði vegnir og ekki í bardaga drepnir [3]heldur eru allir þínir höfuðsmenn fyrir boganum í burt flýðir og herteknir. Allir þeir sem fundist hafa í þér þeir eru fangaðir og langt í burt flýðir. [4]Þar fyrir segi eg: Fari þér í frá mé. Látið mig gráta beisklega, ómakið yður ekki að hugsvala mér yfir þeirri foreyðslunni dótturinnar míns fólks. [5]Því að það er einn dagur styrjaldar og fóttroðningar og eyðileggingar af DROTTNI, DROTTNI Sebaót í Sjónardalnum vegna þess undirgraftrar múrveggsins og þessa herópsins á fjallinu. [6]Því að Elam kemur þar með pílnakoffrin, vagna, mannfjöldann og stríðsfólkið og Kír lætur skína á skildina. [7]Og þá mun ske að þínir kjördalir munu fullir vera með vagna og hermenn munu sínar herbúðir setja fyrir portdyrunum.

[8]Þá mun fortjaldið Júda bert verða so það mun sjást á þeim tíma þau vopnin skógarhússins. [9]Og spjöllin borgarinnar Davíðs munu þá mörg sjást og þér munuð vatninu úr því neðsta vatsdíkinu safna. [10]Þér munuð og einnin telja húsin til Jerúsalem, já, þér munuð og einnin niðurbrjóta húsin til að styrkja múrveggina með. [11]Og þér munuð

gjöra vatsgröf millum beggja múranna út af þeim gamla fiskidamminum. Þó gæti þér ekki að honum sem svoddan gjörir og sjáið ekki upp á hann sem slíkt tilsendir álengdar.

12Þar fyrir mun DROTTINN GUÐ Sebaót á þeim tíma kalla láta að þeir skuli gráta og kveina og hárið afraka og hryggðarbúnaði klæðast 13þó að nú sé þar ekki utan gleði og glaumur, naut drepin, sauðum slátrað, kjöt etið, vín drukkið og sagt: Látum oss eta og drekka því vér deyjum þó á morgun. 14Svoddan er fyrir eyrum DROTTINS allsherjar opinbert. Hvað gildir ef þessi misgjörð verður yður fyrirgefin áður en þér deyið, segir DROTTINN, DROTTINN Sebaót.

15So segir DROTTINN, DROTTINN Sebaót: Far þú og gakk inn til hans sem gjaldkerinn er, til Sebna hofgarðsmeistarans og seg þú til hans: 16Hvað hefur þú hér? Hverjum heyrir þú til að þú lætur úthöggva þér eina steinþró so sem sá að sína gröf á hæðum uppi útsnikka lætur og sína íbygging lætur í steinhellum gjöra? 17Sjá þú, að DROTTINN mun í burt fleygja þér líka sem það einn öflugur maður í burt fleygir öðrum og yfir þig dreifa 18og hann mun fleygja þér sem öðrum leikhnetti langt burt í framandi lönd, þar muntu deyja, þar munu þínir dýrðlegir vagnar blífa með forsmán hússins þíns herra 19og eg vil útskúfa þér úr þinni stétt og eg vil afsetja þig af þínu embætti. 20Og á þinn tíma vil eg kalla minn þjón Eljakím son Hilkía 21og vil íklæða hann þínum kyrtli og gyrða hann með þínu belti og gefa þitt vald í hans hendur so að hann sé faðir þeirra sem byggja til Jerúsalem og hússins Júda. 22Og eg vil lyklilinn til hússins Davíðs leggja upp á hans herðar so það hann lúki upp og enginn aftur læsi, það hann aftur læsi og enginn upplúki. 23Og eg vil keyra hann einn fastan nagla í sterkum stað og hann skal hafa það dýrðarsætið í síns föðurs húsi 24so það hengist upp á hann öll vegsemd hússins hans föðurs, einnin barna og barnabarna, öll þau smáker og drykkjarstaup og allsháttuð hljóðfæri. 25Á þeim degi, segir DROTTINN allsherjar, skal sá naglinn í burttekinn verða sem fastur stendur í öruggum stað so það hann í sundurbrotni og niðurfalli og að hans þungi glatist, því að DROTTINN hann segir það.

23 Þessi er sá þunginn yfir Tyro. Ýli, þér skipin sjávarins, því að hún er foreydd so að þar er ekkert hús uppi né sá nokkur sem þangað fari, út af landi Kitím munu þeir þess varir verða. 2Þeir innbyggjarar eyjanna eru nú spaklátir vorðnir, þeir kaupmenn í Sídon sem yfir hafið fóru þeir uppfylltu þig. 3Og hvað fyrir aldini eð við Síhor og það kornið sem við vatnið vóx það fluttist inn til hennar yfir um mikil vötn og þú vart vorðin kaupstaður heiðinna þjóða. 4Þú mátt vel skelfast, Sídon, það sjávarhafið, já, sú hin allrasterkasta við hafið hún segir: Eg em ei þunguð, eg fæði ekki, því el eg einnin engin ungmenni upp og fæði ei neinar meyjar upp. 5Líka sem menn hræddust þá þeir heyrðu um Egyptaland so munu þeir og hræðast þegar þeir heyra af Tyro. 6Farið út á hafið,ýli, þér innbyggjendur eyjanna. 7Hvort er það yðvar fagnaðarborg sem sér hrósar síns aldurs vegna? Hennar fætur munu langt í burtu flytja hana til að ferðast.

8Hver hefði það þenkt að það skyldi Tyro hinni kórónuðu so ganga hverrar kaupmenn að þó voru höfðingjar og hennar varningsmenn hér tíguglegustu í landinu! 9DROTTINN Sebaót hefir það so fyrirhugsað upp á það að hann minnkaði so allt dramb þeirrar veglegrar borgar og fyrirlítanlega gjöri alla tignarmenn í landinu. 10Renn þú í gegnum þitt land líka sem árstraumur, þú dóttir sjávarhafsins, þar er enginn styrkur lengur. 11Hann útréttir sína

hönd yfir sjávarhafið og skelfir kóngaríkin. DROTTINN hann býður yfir Kanaan til að afmá þeirra hina voldugu [12]og segir: Þú skalt ekki lengur glöð vera, þú hin skammaða jungfrú, þú dóttir Sídon.

[13]Heyr, Kitím, vert til reiðu og far áleiðis því að þú mátt þar ei blífa heldur í Kaldealandi þar eð ekkert fólk var, heldur hefur Assúr þar skipaferðir byrjað og turn þar inni uppbyggt og hefur þar herbergi uppsmíðað en hún er sett til þess að hún að veldi niðurbrjótist.

[14]Ýli, þér skipin sjávarins, því að yðvar veldismagt er niðurbrotin. [15]Og á þeim tíma mun Tyrus forgleymd verða um sjötígi ár so lengi sem einn kóngur getur lifað. En eftir sjötígi ár liðin mun kveðið vera eitt hórukvæði um Tyro.

[16]Tak þú hörpuna og gakk í kring í borginni, þú hin forgleymda hóra, haf þú gott lag á hljóðstrengjunum og kveð vel hátt so að þín verði minnst aftur!

[17]Því að eftir sjötígi ár liðin mun DROTTINN vitja Tyro so að hún komi aftur til sinna portlífis verðlauna og drýgi hóranir við öll kóngaríkin á jörðu. [18]En hennar kaupskapur og portlífislaun mun DROTTNI helgað vera, það mun ei samandregið vera í fésjóðu og ekki niðurbyrgt heldur munu þeir sem fyrir DROTTNI byggja hennar kaupeyri hafa so að þeir neyti og verði saddir og sé vel klæddir.

24 Sjá þú, DROTTINN gjörir landið tómt og í eyði og kollkastar því hvað þar er inni og í sundurdreifir þess innbyggjurum. [2]Og það gengur so kennimanninum sem fólkinu, so húsbóndanum sem þénaranum, so húsfreyjunni sem þjónustukonunni, so þeim eð selur sem hinum eð kaupir, so þeim eð lánar sem hinum eð lánið tekur, so þeim eð krefur sem hinum eð skyldugur er, [3]því að landið mun tómt og rænt vera því DROTTINN hefir svoddan talað. [4]Landið fer hörmulega og spillist, jarðarkringlan þverrar og fordjarfast, þeir æðstu fólksins í landinu fara til minnkunar. [5]Landið sjálft er saurgað af sínum innbyggjurum það þeir brjóta af lögmálinu og umskipta lagasetningunum og yfirgefa þann eilíflega sáttmála. [6]Fyrir það sama þá uppsvelgir bölvanin landið það þeir verðskulda það sem þar innibyggja. Þar fyrir þá uppþorna þeir innbyggjendur landsins so að fáir menn blífa þar eftir. [7]Hið nýja vínið það í burt hverfur, vínviðurinn hjaðnar niður og allir sem af hjarta glaðir voru þeir syrgja nú. [8]Gleðin bumbusláttarins er úti, fögnuður hinna glaðværu er út gjörður og gleðispilið hörpusláttarins hefur einn enda. [9]Við víndrykkjurnar kveða þeir ekki og góður drykkur er þeim beiskur eð hann drekkur. [10]Sú tóma borgin er niðurbrotin, öll húsin eru afturbyrgð so það enginn gengur þar inn. [11]Kallað er eftir víninu á strætunum, öll gleði er í burtu, allur fögnuður landsins er horfinn, [12]ekki utan foreyðslan er eftir í borginni blífin og borgarhliðin standa í eyði. [13]Því að það gengur landinu og fólkinu líka sem þá nær eð eitt viðsmjörstré er útplokkað, líka so sem þá eð lesið verður eftir nær eð vínyrkjan er úti.

[14]Þeir hinir sömu hefja upp sína raust, hrópa og gleðjast af sjávarhafinu yfir þeirri dýrðarvegseminni DROTTINS. [15]Þar fyrir þá vegsamið nú DROTTINN í láglöndunum, í þeim úteyjunum sjávarins nafið DROTTINS Guðs Ísraels.

[16]Vér heyrum lofsöng í frá endimörkum jarðarinnar til dýrðar hinum réttferðuga. Og eg hlýt að segja: Hvernin em eg þá so magur? Hvernin eg eg þá so magur? Vei mér það þeir forsmánarar forsmá það, já þeir forsmánarar forsmá það. [17]Þar fyrir kemur yfir yður, innbyggjarar landsins, skelfing, gröf og snara. [18]Og þó að nokkur flýði fyrir kallinu skelfingarinnar þá mun hann þó falla í gröfina, komist hann úr gröfinni þá mun hann þó fangaður verða í snör-

unni. Því að þau vindaugun í hæðunum
eru upplátin og grundvellir jarðarinnar
þeir skjálfa. [19]Það mun því landinu illa
að fara og ekki lukkast vel og það mun
niðurhrynja. [20]Það landið mun um koll
kastast líka sem drukkinn maður og í
burt flutt líka sem annað tjaldhreysi
það þess misgjörðir niðurþrykkja því so
það hlýtur að falla og kann ekki að
blífa.
[21]Á þeim tíma mun DROTTINN vitja
þess háa riddaraskaparins sem á hæð-
um er og þeirra jarðríkiskónganna sem
eru á jörðu [22]það þeir samansafnaðir
verði í eitt bindi til grafarinnar og inni-
luktir í fangelsinu og eftir langan tíma
liðinn þá verður þeirra vitjað aftur.
[23]Og tunglið mun fyrirlíta sig og sólin
auðvirða sig þá að DROTTINN Sebaót
mun kóngur vera upp á fjallinu Síon og
til Jerúsalem og í ausýn sinna öldunga í
dýrðarvegsemdinni.

25 DROTTINN, þú ert minn Guð, þig
vegsama eg, þitt nafn lofa eg
því að þú gjörir stórmerki, þítt áform í
frá fornum tíðum er trúanlegt og
sannarlegt. [2]Því að þú gjörir borgina að
grjóthrúgu, þá sterku borgina að hún
liggur niðurfallin í einni hrúgu, her-
bergin þeirra annarlegu so að það sé
ekki lengur ein borg og hún verði
aldrei meir uppbyggð. [3]Þar fyrir heiðr-
ar þig eitt megtugt fólk, borginar vold-
ugra þjóða þær óttast þig. [4]Því að þú ert
styrkleikur lítilmagnans, styrkleikur
hins vesala í hörmunginni, eitt skjól
fyrir stórveðrinu, einn skuggi fyrir of-
urhitanum, [5]nær ið víkingarnir ólmast
sem annað hretviðri við einn húsvegg.
Þú lægir hávaðann hinna annarlegra
líka sem æðihitinn gjörir í heitum stað
so það hitinn uppþurrki kvistuna vík-
inganna og skýin gefa þó samt skugg-
ann. [6]Og DROTTINN Sebaót mun gjöra
öllu fólki upp á þessu fjallinu eitt feitt
gestaboð, eitt gestaboð af kláru víni, af
feiti, af merg, af dreggjarlausu víni. [7]Og
hann mun á þessu fjalli í burt taka líf-
læjuna þar ið allt fólk er með sveipað
og þá byrgingina sem allar þjóðir eru
með byrgðar [8]því að hann mun dauð-
ann burtsvelgja eilíflega. Og DROTTINN
GUÐ mun afþurrka tárin af allra andliti
og hann mun í burt taka þá forsmán
síns fólks í öllum löndum því að
DROTTINN hefur það talað.
[9]Á þeim tíma mun sagt verða: Sjá þú,
þar er vor Guð upp á þann vér vonum
og hann mun hjálpa oss, það sama er
DROTTINN. Vér vonum upp á hann so
það vér gleðjum oss og erum glaðir í
hans hjálpræði. [10]Því að hönd DROTTINS
hvílist upp á þessu fjallinu. En Móab
mun undir honum í sundurþresktur
verða líka so sem hálmstrá það sundur-
þreskist og so sem jarðarleir. [11]Og hann
mun breiða út sínar hendur mitt undir
þá líka so sem einn sundmaður breiðir
þær út til sundsins og hann mun lægja
þeirra vols meður armleggjum sinna
handa [12]og beygja þann styrkleikinn
yðvarra hárra múrveggja og þá
forminnka og í djúpt allt til jarðar niður
fleygja.

26 Á þeim tíma mun svodan
kvæði sungið vera í landinu
Júda: Vér höfum eina öfluga borg
hvörrar múrveggirnir og verjurnar eru
hjálpræðið. [2]Látið upp dyrnar so að þar
inngangi það réttvísa fólkið sem trúna
varðveitir. [3]Þú heldur jafnan friðinn
eftir sannarlegu fyrirheiti því menn
treysta á þig. [4]Þar fyrir þá treystið upp á
DROTTIN eilíflega það Guð DROTTINN
JEHOVA er eitt eilíft bjarg.
[5]Og hann beygir þá sömu sem byggja
á hæðinni, þá háu borgina niðurlægir
hann, já, hann niðurlægir hana allt til
jarðar so það hún liggur í dufti, [6]so að
hún verði með fótum troðin, já með
fótum volaðra, með hælum fátækra.
[7]En vegurinn réttferðugra er sléttur
og fótstíginn réttvísra gjörir þú beinan.
[8]Því að vér vonum upp á þig, DROTTINN,

á veginum þinna réttinda, hjartans lysting stendur til þíns nafns og til þinnar minningar. [9]Af hjarta girnunst eg þín á nóttinni, þar að auk með mínum anda í mér vakna eg snemma til þín. Því að nær eð þín réttindi ganga í landinu þá læra þeir innbyggjendur jarðarinnar réttvísina.

[10]En þó að þeim óguðlegum verði náðin framboðin þá læra þeir þó öngva réttvísi heldur gjöra þeir illa í réttvísu landi það þeir sjá ekki þá dýrðarvegsemd DROTTINS. [11]DROTTINN, þín hönd er uphafin, það sjá þeir ekki, en þá nær eð þeir sjá það þá munu þeir til skammar verða í þeirri vandlætingu yfir heiðnum þjóðum. Þar að auk muntu foreyða þeim með eldi þar eð þú foreyðir þínum óvinum með. [12]En oss mun DROTTINN friðinn til senda það allt hvað vér útréttum það hefur þú gefið oss.

[13]DROTTINN Guð vor, þar drottna enn aðrir herrar yfir oss en þú, en vér hugsum þó alleinasta til þín og til þíns nafns. [14]Hinir dauðu blífa ekki lifandi, hinir framliðnu standa ekki upp því að þú hefir vitjað þeirra og afmáð þá og að öngu gjört alla þeirra minning. [15]En þú, DROTTINN, fer áfram meðal heiðinna þjóða, þú fer einatt áfram meðal heiðinna þjóða, auðsýnir þína vegsemd og þú kemst langt allt til enda veraldarinnar.

[16]DROTTINN, nær eð hörmungin er fyrir höndum þá vitja þeir þín, nær eð þú agar þá kalla þeir sárgrætilega. [17]Líka so sem ólétt kona, nær eð hún á að mestu barn að fæða, þá hefir hún hryggð, kallar upp í sínum harmkvælum, so gengur það oss einnin, DROTTINN, fyrir þínu augliti. [18]So erum vér og einnin þungaðir og vér höfum hryggð so að vér getum varla andardrættinum náð. Þó getum vér ekki landinu viðhjálpað og þeir byggendur á jarðríkinu vilja ekki falla. [19]En þínir hinir dauðu munu lifna og meður líkumunum upp aftur rísa. Vakið upp, lof segið, þér sem liggið í jörðu luktir, því að þín dögg er sú dögg hins græna vallarins en þú munt því dauðra landinu niður kasta.

[20]Far þú, mitt fólk, inn í þitt svefnhús og lýk aftur dyrnar eftir þér, geym þig þar um lítið augabragð þangað til að reiðin er hjá gengin. [21]Því að sjá þú, DROTTINN mun útganga af sínum stað til að vitja þeirrar illgirni yfir þá sem byggja í landinu so það landið mun opinbera þeirra blóð og ekki lengur fela þá sem drepnir eru þar inni.

27 Á þeim tíma mun DROTTINN vitja með sínu hörðu mikla og sterka sverði, bæði þess levjatans sem einn sléttur höggormur er og þess levjatans sem einn bjúgur höggormur er og hann mun drepa þann drekann sem í sjónum er.

[2]Á þeim tíma mun sungið vera af víngarðinum hins besta vínsins. [3]Eg, DROTTINN, geymi hann og vökva hann snarlega so hans laufblöð missist ekki, eg vil bæði dag og nótt bívara hann. [4]Guð hann er mér reiður, eg vilda eg mætti berjast við þyrnina og klungrið, þá skylda eg ruska til þeirra og brenna þá upp með öllu. [5]Hann heldur mér við minn styrkleik og lætur mig með friði vera. Friðinn mun hann þó gefa mér.

[6]Það mun þó líka vel þar að koma það Jakob mun innrætast og Ísrael blómgast og grænkast so að þeir jarðríkið með ávöxtum uppfylli.

[7]Hvort verður hann þó ekki sleginn, líka sem að slægi hann hans óvinir? Hvort verður hann ekki í hel sleginn líka sem að í hel slægi hann hans óvinir? [8]Heldur dæmir þú þá með stillingu og lætur þá lausa nær eð þú hefur angrast þá meður þínum hvössum vindi, einkum með þínum austanvindi. [9]Þar fyrir þá munu syndir Jakobs fyrirlátast og það er sú nytsemin þar út af það hans syndir verða í burt teknar í því það hann gjörir alla steina altarisins

líka so sem sundurmolaða steina að ösku so að þar blífa ekki nein líkneski né skúrgoð lengur. [10]Því að sú sterka borgin mun í eyði verða, þau hin fögru herbergin munu yfirgefin og foreydd verða, líka sem önnur eyðimörk sú að naut munu þar í grashaga vera og hvíla sig og þar hrískvistu af bíta. [11]Hennar blómstur munu af þurrk í sundurmyljast so að konur munu koma og kveikja þar elda með. Því að það er eitt fávíst fólk, þar fyrir mun og einnin sá sem þa hefir gjört ekki í brjósti kenna um þá og hanns em þá hefir skapað mun ekki væginn vera við þá.

[12]Á þeim tíma mun DROTTINN útkasta í frá ströndinni þess vatnsins allt til lækjarins Egipti og þér, Ísraelssynir, munuð samansafnaðir verða, einn eftir öðrum. [13]Á þeim tíma mun blásið vera með einum miklum herlúðri, þá munu og koma hinir fortöpuðu úr landinu Assyria og hinir útreknu í Egyptalandi og munu tilbiðja DROTTIN upp á því heilaga fjallinu til Jerúsalem.

28 Vei þér prýðilegri kórónu hinna fordrukknu af Efraím, þeim fölnuðum blómstrum hennar listilegrar prýði, hver eð stendur á hæðinni upp yfir einum feitum dal, þeirra hina sömu sem um koll velta víninu! [2]Sjá þú, að einn sterkur, voldugur mann af DROTTNI, líka sem ein haglhríð, líka sem eitt skaðsamt hretviðri, líka sem einn árfoss drynjandi vatna mun hann með valdi innlátinn í landið [3]so það hin prýðilega kóróna hinna fordrukknu af Efraím verði með fótum niðurtroðin [4]og það fölnaða blómstrið hennar ljúflegrar prýði hvert eð stendur upp yfir einum feitum dal mun vera líka sem frosthéla á sumartíma hver eð niðurbráðnar þá eð hún sést enn hanga á sínum kvisti. [5]Á þeim tíma mun DROTTINN Sebaót vera ein elskuleg kóróna og einn prýðilegur krans því sínu fólki sem eftir er blífið [6]og þeim einn andi dómsins sem í dóminum sitja og styrkleikur þeim sem í frá stríðinu koma aftur til borgarhliðsins.

[7]Þar með eru þessir einnin víngaldir vorðnir og hrasa af sterkum drykk því að hvorirtveggu presturinn og propheinn eru galdir af drykkjuskap, drekktir í vínínu og detta um koll af sterkum drykk, þeir galast í spádóminum og útspýja dómsatkvæðið. [8]Því að öll matborð eru full með spýju og óþekkt út í öllum stöðum. [9]Hverjum skal hann þá kenna þá viðurkenningina? Hverjum skal hann þá gefa að skilja þá prédikunina? Þeim sem afvandir eru af mjólkinni, þeim sem í burt teknir eru af brjóstunum. [10]Því að þeir segja: „Bjóddu hér, bjóddu þar, bjóddu hér, bjóddu þar, bíddu hér, bíddu þar, bíddu hér, bíddu þar, hér nokkuð lítið, þar nokkuð lítið.“ [11]Nú vel, hann mun eitthvert sinn með hágjörnum vörum og með annarlegri tungu tala til fólks [12]þessa hverju eð þetta verður nú prédikað þá þeir hafa þar hvíld, þá endurnæra þeir sig sem af mæði eru af sér komnir, þá sitja þeir um kyrrt og vilja þó ekki svoddan prédikan. [13]Þar fyrir skal þeim einnin orð DROTTINS jafnt so verða: „Bjóddu þar, bjóddu hér, bjóddu þar, bjóddu hingað, bíddu hér, bíddu þar, bíddu hér, bíddu þar, hér nokkuð lítið, þar nokkuð lítið“ svo að þeir í burt gangi og á bak aftur falli, foreyðist, fjötraðir og fangaðir verði.

[14]Af því þá heyrið nú DROTTINS, þér spottarar, þér sem drottnið yfir þessu fólki sem til Jerúsalem er, [15]það þér segið svo: „Sáttmála höfum vér gjört við dauðann og samtök haft við helvítið. Nær eð vatnsflóðið að kemur þá mun það ekki yfir oss koma því að vér höfum lygina gjört oss að athvarfi og hræsnina vora hlífðarvernd.“ [16]Þar fyrir segir DROTTINN GUÐ: Sjá þú, að eg legg í Síon einn grundvallarstein, einn prófunarstein, einn kostulegan hyrningarstein sem vel er grundvallaður. Hver

hann trúir sá flýr ekki. [17]Og eg mun dóminn setja til mælissnöru og réttvísina til vigtar. Þá mun haglið það falska athvarfið fordrífa og vötnin skulu þeirri verndarhlífðinni í burt fleyta [18]so að yðvar sáttmáli við dauðann verði laus og yðvart samtak við helvítið hafi öngvan stað. Og nær eð vatsflóðið kemur þá mun það yfir yður dynja, [19]jafnsnart sem það kemur þá mun það yður í burt taka. Kemur það á morgni dags þá sker það að morgni dags, líka so einnin hvert það kemur daga eður nætur. Því að alleinasta þvingunin gefur skilninginn til að merkja orðið, [20]það sængin er so þröng að þar veitir ekki af og ábreiðan svo stutt að þeir verða að kreppa sig þar undir. [21]Því að DROTTINN mun taka sig upp líka so sem á fjallinu Prasím og reiðast líka sem í dalnum Gíbeon so að hann gjöri sitt verk með einum öðrum hætti og það hann gjöri sitt erfiði með öðrum móti. [22]Því látið nú af yðrum spéskap so að yðvar fjötran verði ekki harðari því að eg hefi heyrt eina foreyðslu og afmáning sem ske mun af DROTTNI GUÐI Sebaót í allri veröldinni.

[23]Látið yður í eyrum loða og heyrið mína raust, hyggið vel að því og heyrið mína ræðu. [24]Hvort plægir eða erjar eður erfiðar einnin akurkarlinn með jafnaði sinn akur til kornsæðis? [25]Er ei so að þá nær eð hann hefir gjört hann jafnsléttan þá sáir hann kornin og dreifir fræinu og sáir hveitinu og bygginu, einu sérhverju í þann stað eð hann vill hafa það og þær aðrar grasajurtir í sinn stað? [26]Líka so agar þá þeirra Guð með dómi og menntar [27]þá því að jurtafræið þreskist ekki með þustum, svo verður og ekki vagnhjólið dregið yfir kornsæðið heldur slá þeir það jurtrasæðið í burt af með einum vendi og þau smá frækornin með einum kepp. [28]Þeir mala það so að þar gjörist brauð af og í sundurþreskja það ekki so með öllu að það verði að öngu, líka sem þá nær eð það yrði með vagnahjólum og hestafótum í sundurmarið. [29]Svoddan sker einnin af DROTTNI Sebaót. Því að hans ráð er dásamlegt og kemur því merkilegana af stað.

29 Vei Aríel, Aríel, þú borgin herbúðanna Davíðs! Þér haldið ártíðir og helgadaga. [2]En eg vil veita angist Aríel so að hún sé hrygg og syrgjandi og hún skal mér ein rétt Aríel vera. [3]Því að eg vil umkringja þig og angra þig með hervirki og torfveggi gjöra láta til umsáturs kringum þig. [4]Þá so skaltu niðurlægð verða og úr jörðu tala og út úr moldardufti meður þínu máli mögla so að þín raust sé líka sem eins galdramanns neðan úr jörðunni og burt úr moldinni úthvæsa þínu máli. [5]Og sá mannfjöldinn sem þér mun í sundurdreifa mun so margur vera sem moldarryk og sá fjöldinn víkinganna sem fjúkandi agnir og það sama skal snart og skyndilega ske. [6]Því að þín mun af DROTTNI Sebaót vitjað verða með stórviðri og jarðskjálfta og miklum reiðarþrumum, með stormvindi og óveðráttu og með loga þess foreyðanda eldsins. [7]En líka sem ein sýn á nóttinni í svefninum, so skal vera sá fjöldinn allra heiðinna þjóða sem stríða á móti Aríel ásamt með öllu þeirra liði og hervirki sem hann angra og umsitja. [8]Því að líka so sem að hungraðan dreymir það hann þykist matar neyta en nær eð hann vaknar þá er hans sála samt tóm, líka sem að þyrstan dreymir það hann muni drekka en nær eð hann vaknar þá er hann máttlaus og þyrstur, so skal vera allur sá fjöldinn heiðinna þjóða sem stríðir á móti því fjallinu Síon.

[9]Verðið felmsfullir og niðurslegnir, forblindið yður og verðið drukknir og þó ekki af víninu. Um koll veltist, þó ekki af sterka drykk. [10]Því að DROTTINN hefir innskenkt yður einn anda þess fasta svefnsins og tillukt yðvar augu,

yðra spámenn og höfðingja, ásamt þeim sjáöndum hefir hann blindað,
[11]so það sjónir allra yðar spámanna munu vera líka sem orð einnrar innsiglaðrar bókar. Hver helst ef að hún verður fengin þeim ið lesa kann og sagt so: „Les þú hana“ og hann segir: „Eg kann ekki því að hún er innsigluð.“ [12]Eða líka so sem þá nær ið hún yrði þeim fengin sem ekki kann að lesa og hann segði: „Les þú hana“ og hinn svarar: „Eg kann ekki að lesa.“
[13]Og Drottinn segir: Þar fyrir að fólk þetta nálægir sig til mín með sínum munni og heiðrar mig með sínum vörum en þeirra hjarta er langt frá mér og óttast mig eftir manna uppsetningum sem þeir kenna, [14]þar fyrir vil eg og einnin undarlegana umganga með þessu fólki, já hið allra undarlegasta og sjaldsýnilegasta so að spekin þeirra spekinga undir gangi og það skynsemin vitringanna forblinduð verði.
[15]Vei þeim sem að duldir vilja vera fyrir DROTTNI til að fela sína ástundan og sína gjörninga að halda í myrkrinu og segja: „Hver sér oss og hver þekkir oss?“ [16]Hvernin eru þér so umsnúnir? Líka so sem þá að hugsaði mórinn leirsmiðsins so og það verkið segði af sínum meistara: „Hann hefir mig ekki gjört“ og leirpotturinn segði af sínum smið: „Hann þekkir mig ekki.“
[17]Nú vel, það er nú um eina mjög litla stund að gjöra, þá skal Líbanon eitt sléttlendi verða og það sléttlendi skal fyrir skóg reiknað verða. [18]Því að á þeim sama tíma munu hinir daufu heyra orðin bókarinnar og augun blindra munu sjá úr myrkrinu og dimmunni [19]og hinir fáráðu munu að nýju gleðjast í DROTTNI og hinir fátæku meðal mannanna munu glaðir vera í Þeim Heilaga Ísrael [20]nær ið þeir víkingarnir hafa einn enda og það mun útgjört vera um þá spéarana og að þeir allir afmáðir verði sem vaka til þess að uppbyrja mæðuna, [21]hverjir að það gjöra að mennirnir syndgast fyrir þá prédikan og veita þeim eftirför sem þá ásaka í portinu og burtsnúa fyrir lygar í frá hinum réttferðuga. [22]Þar fyrir segir DROTTINN sem frelsað hefir Abraham so til hússins Jakobs: Jakob skal ekki meir til skammar verða og hans andlit skal ekki meir skammast sín [23]því að nær ið þeir sjá sín börn, þau verkin minna handa á meðal sín, þá munu þeir helga mitt nafn og þeir munu helga þann Hinn heilaga í Jakob og óttast þann Guð Ísraels. [24]Því að þeir sem soddan villuanda hafa munu skilninginn meðtaka og þeir þvættarar munu sig mennta láta.

30 Vei þeim fráhverfum börnum, segir DROTTINN, sem án mín taka sitt ráð og án míns anda hlífðar leita, til að auka einni syndinni yfir aðra, [2]þeir sem ofanfara í Egyptaland og aðspyrja ekki minn munn so að þeir styrki sig með magt pharaonis og hlífi sér undir skugganum Egyptalands. [3]Því að sá styrkleikur pharaonis skal yður til skammar snúast og sú hlífðin undir skugganum Egyptalands að smán verða. [4]Þeirra höfðingjar hafa vel verið til Sóan og þeirra sendiboð hefir komið til Hanes. [5]En þeir hljóta þó allir til skammar að verða yfir því fólkinu sem þeim kann engin hjálp að vera, eigi til styrks né gagns að koma heldur alleinasta til skammar og háðungar.
[6]Þessi er sá þunginn yfir þeim dyrunum sem í móti suðrinu fara, hvar ið eru león og leónainnur, já nöðrur og glóandi flugdrekar, í landinu hörmungarinnar og harmkvælisins. Þeir flytja sitt góss á hryggjum folanna og sína fésjóðu upp á baki úlfaldanna til þess fólksins sem þeim kann ekki neitt gagn að vera. [7]Því að Egyptaland er einskisvert og þeirra hjálp er forgefins. Þar fyrir prédika eg þá svo út af að Rahab skal sitja kyrr þar til. [8]So far þú nú og strika það fyrir þeim á eitt spjald

og teikna það í eina bók so að það sé og vari um aldur og að eilífu. 9Því að það er óhlýðið fólk og lygin börn, þau sem ekki vilja heyra lögmál DROTTINS 10heldur segja til sjáarans: „Þér skuluð ekki sjá“ og til tilsjónarmannanna: „Þér skuluð ekki skoða oss þann rétta lærdóm. En prédikið oss hvað þægilegt er, skoðið oss fláræði. 11Víkið af veginum, farið í burt af brautinni, látið þann Hinn Heilaga í Ísrael uppheyra hjá oss.“

12Þar fyrir segir sá Hinn Heilagi í Ísrael so: Með því að þér forleggið þetta orðið og forlátið yður upp á yðart eigið sinni og ofstæki og stærið yður af því, 13þá skal yður soddan ódyggð vera líka sem ein sprunga út í háum múrvegg, nær að hún tekur að vaxa þá mun hún mjög snarlega og óforvarandis inndetta og niðurhrynja, 14so sem þá einn leirpottur verður í sundurbrotinn so það hann í sundurmolaði hann og vægði honum ekki, so að út af hans brotum sýndist ekkert skurn þar eldsglóð mætti innibera frá eldstaðnum eður vatni með ausa úr einum brunni.

15Því að so segir DROTTINN GUÐ, sá Hinn Heilagi í Ísrael: Ef að þér verið kyrrir þá yrði yður hjálpað. Því fyrir kyrrlætið og vonina munduð þér öflugir vera. En þér viljið ekki 16og segið: „Nei, heldur viljum vér á hestum undan flýja“ – þar fyrir munu þér og flóttamenn vera – „og á göngvörunum viljum vér ríða“ – þar fyrir þá munu yðrir ofsækjendur ofurfalla yður. 17Því að þúsund af yður mun flýja fyrir heitingarorðum eins þeirra, já fyrir fimm mönnum munu þér allir flýja þangað til að þér verðið eftir líka sem eitt masturtré upp á háum fjöllum og so sem ein merkisstöng upp á einu bergi.

18Þar fyrir biðleikar DROTTINN við að hann sé yður miskunnsamur og hefur sig því upp að hann sé yður líknsamur því að DROTTINN er einn Guð dómsins. Sælir eru allir þeir sem hans bíða.

19Því að fólkið Síon mun til Jerúsalem byggja. Þú munt eigi gráta. Hann mun þér miskunnsamur vera nær eð þú kallar. Hann mun þér andsvar gefa jafnsnart það hann heyrir það. 20Og DROTTINN mun yður í hörmunginni brauðið og í angistinni vatnið gefa því að hann mun þinn lærimeistara ekki meir í burt flýja láta heldur munu þín augu sjá þinn lærimeistara 21og þín eyru munu heyra það orðið á bak þér talað, segjandi: „Þetta er sá vegurinn, þann sama gangið og hneigið hverki til hægri né til vinstri handar.“ 22Og þér munuð saurga yðar silfraða afguði og þeim gylliniklæðum yðvara líkneskja munu þér í burt kasta líka sem óþekktarsaur og segja til þeirra: „Far í burt.“

23Þá mun hann þínu sæði því eð þú hefur í akurinn sáð regnið gefa og brauðið af akursins innkomu og þess hins sama allsnægtir. Og þitt fé mun sér á þeim tíma fæðslu fá í einum víðlendum grashaga, 24þeir uxar og eykir sem akurlöndin yrkja munu sammengað korn éta, hvert að hreinsað er með vindskóflunni og kastrekunni 25og upp á háfjöllum og stórhæðum munu aðskiljanlegir vatslækir framfljóta á tímanum þess mikla manndrápsins nær eð turnarnir niður falla 26og ljósið tunglsins mun vera líka sem ljósið sólarinnar og sólarljósið mun sjöfalt stærra vera en nú er það, á þeim tíma nær eð DROTTINN bindur um sárin síns fólks og græðir þeirra ákomur. 27Sjá þú, nafnið DROTTINS kemur út af fjarlægð, hans reiði hún brennur og er mjög þung að bera, hans varir eru fullar með rimmd og hans tunga sem einn foreyðandi eldur 28og hans andarblástur líka sem einn dynjandi vatsstraumur hver eð tekur allt upp á miðjan háls, til að sundurdreifa heiðnum þjóðum þangað til að þær verða að öngu og dreifa fókinu hingað og þangað meður beisltaumum í þeirra kjafti.29Þá munu þér syngja líka sem á einni stórhátíðsnótt og gleðja yð-

ur af hjarta líka so sem þá nær eð þér gangið með pípnahljóðum til fjallsins DROTTINS, til Hins öfluga Ísraels. [30]Og DROTTINN mun heyra láta sína dýrðlega raust so að þeir sjái hans útréttan armlegg meður reiðuglegri ógn og með loga þess foreyðandi eldsins, með geislum, með stríðu regni og stóru hagli, [31]það Assúr mun skelfast fyrir raust DROTTINS hver hann slær með vendinum, [32]það vöndurinn mun með öllu í gegnum ganga og beint áhæfa, nær eð DROTTINN mun hann koma láta yfir hann, meður bumbum og hörpum og alls staðar í móti þeim að stríða. [33]Því að gröfin er þegar í gærdag reiðubúin, já sú hin sama einnin kónginum fyrirbúin, djúp og nógu víð, so er og sú byggingin þar inni eldur og nóglegur brenniviður. Sá andarblásturinn DROTTINS mun upptendra það líka sem aðra brennisteins afrás.

31 Vei þeim sem ofanfara í Eyptaland sér þar fulltings að leita, treystandi upp á víghesta og vona upp á hervagna, því þeir eru þar so margir, og á riddarana af því þeir eru mjög sterkir og halda sig ekki til Hins heilaga í Ísrael og leita ekki DROTTINS. [2]En hann er vitur og tilsendir ógæfuna og umvendir ekki sín orð heldur mun hann taka sig upp í gegn húsinu þeirra illskufullra og í gegn hjálpinni þeirra illvirkjanna. [3]Því að Egyptaland er maður og enginn guð og þeirra víghestar eru kjöt og enginn andi. Og DROTTINN mun sína hönd útrétta so að sá hrasi sem hjálpina veitir og hann sem hjálpað verður niðurfalli so að þeir allir til samans tortýnist.

[4]Því að so segir DROTTINN til mín: Líka so sem eitt león og einn leónshvelpur grenjar yfir sinni bráð, nær eð fjöldinn fjárhirðaranna kallar að honum þá skelfist hann ekki fyrir þeirri kallan, hann er og einnin ekki hræddur fyrir þeirra mannfjölda, líka so mun DROTTINN Sebaót ofanstíga að stríða, upp á fjallinu Síon og upp á hans hæðum. [5]Og DROTTINN Sebaót mun verja Jerúsalem (líka sem að fuglarnir gjöra með vængjunum), hlífa henni, frelsa hana og ganga í kringum í henni og hjálpa henni úr vanda.

[6]Snúið aftur, þér Ísraelssynir, þér sem mjög eruð fráhorfnir. [7]Því að á þeim tíma mun hver sem einn í burt kasta sínum silfruðum og gylltum skúrgoðum hver að yðvar hendur höfðu gjört til að syndgast.

[8]Assúr hann skal falla, ekki fyrir manns sverði, og skal foreyddur vera, ekki fyrir manns sverði. Og þó mun hann fyrir sverðinu flýja og hans æskumenn munu skattgildir vera [9]og þeirra hellusteinn mun af hræðslu í burt fara og hans höfðingjar munu fyrir merkinu á flótta halda, segir DROTTINN sem til Síon hefur eld og til Jerúsalem sem einn eldsofn.

32 Sjá þú, þar mun einn kóngur ríkja réttvísina til að upphefja og höfðingjar munu þar drottna réttindin að efla [2]so að hver maður mun verða so sem sá eð fyrir vindi er forvaraður og so sem sá eð fyrir steypiregni er innibyrgður, so sem vatslækur á þurrlendi og so sem skuggi mikils hellubjargs í þurru landi. [3]Og augu þeirra sem sjá munu ekki láta blinda sig og eyru þeirra sem til heyra munu gæta að því [4]og þeir sem óframsýnir eru munu hyggindi læra og tungan þeirra sem stama mun skýrt og skilið tala. [5]Einn heimskur maður mun ekki lengur höfðingi kallast né ágjarn maður einn herra kallaður verða. [6]Því að hinn heimski segir út af heimskunni og hans hjarta umgengst með ógæfunni so að hann uppbyrji hræsni og prédiki villudóm af DROTTNI upp á það að hann úthungri þær hungruðu sálir og banni hinum þyrsta að drekka. [7]Því að stjórnan hins ágjarna er öngum nyt-

samleg því hann finnur upp á pretti til fordjörfunar fáráðum, með fölskum orðum þá eð hann skal tala réttindi vegna hins fátæka. [8]En þeir höfðingjar munu það hugsa sem höfðingjum hæfir og blífa þar við. [9]Standið upp, þér stoltar kvinnur, heyrið mína raust, þér sem so athugalausar eru. Látið yður í eyrum loða mína ræðu. [10]Það er um eitt ár og dag að gjöra, þá munu þér hinar ugglausu af hræðslu skjálfa. Því að þar verður engin vínyrkja, þar verður og engin innsafnan. [11]Hryggist, þér drambsömu konur, skjálfið, þér hinar athugalausu, þar er fyrir höndum af klæðum að fara, allsberum að vera og að uppstytta sig um sínar lendar. [12]Harmur mun vera akursins vegna, já vegna þess lystilega akursins, vegna þess hins frjósama víngarðsins, [13]því að á akurlöndum fólks míns munu uppvaxa þyrnar og illgresi, þar að auk upp á öllum gleðihúsum hinnar glaðværu borgar. [14]Því að tignarherbergin munu yfirgefin verða og sá borgarmúgurinn mun að öngu verða so að þeir turnarnir og þau sterku vígi verði jarðgryfjur ævinlega og villidýranna fagnaðarstaður, hjarðarinnar grashagi. [15]Þangað til so lengi það yfir oss úthelltur verður sá andi út af hæðunum, þá mun eyðimörkin að akri verða og akurinn fyri skóg reiknaður verða [16]og rétturinn mun í eyðimörkinni byggja og réttlætið á akrinum þar fyrir vatn. [17]Og réttlætisins ávöxtur mun friðurinn vera og þess réttlætisins nytsemi mun vera eilífleg kyrrð [18]og öruggleiki so það mitt fólk mun búa í húsum friðarins, í öruggri byggingu og ágætri hlífð. [19]En haglið mun vera ofan að skóginum og sú borgin þar fyrir neðan mun neðarleg verða. [20]Sælir eru þér sem sáið alla vegana við vötnin því að þar megi þér þá upp á ganga láta fætur uxanna og asnanna.

33 En vei þér, þú eyðileggjari! Þenkir þú að þú munir ekki eyddur verða og þú, forsmánari, að þú munir ekki forsmáður verða? Nær eð þú hefur þá fordjörfunina út endað þá muntu einnin fordjarfaður verða, nær eð þú hefir gjört einn enda þeirrar forsmánunar þá muntu líka forsmáður verða.

[2]DROTTINN, miskunna þú oss það þín bíðum vér. Vertu þeirra armleggur snemma morguns og vort hjálpræði á hörmungartímanum. [3]Láttu fólkið undan flýja fyrir þeim þyt raddarinnar og það hinir heiðnu í sundurdreifðir verði nær eð þú upphefur þig. [4]Þá munu þeir uppgrípa þig sem annað herfan, líka sem þá engisprettur grípast upp og so sem þá kefer í sundur eltar verða nær eð þeim verður áhlaup gjört. [5]DROTTINN hann er upphafinn það hann byggir í hæðunum, hann hefir Síon uppfyllt með dómi og réttvísi. [6]Og þar mun á þínum tíma vera trú og yfirdrottnan, hjálpræði, spekt, vísdómur, ótti DROTTINS mun vera hennar fjársjóður.

[7]Sjáið, þeirra sendiboðar kalla fyrir utan og þeir englar friðarins gráta beisklegana og segja: [8]Þeir vegirnir eru í eyði, þar gengur enginn lengur á strætunum, hann heldur hverki trú né tryggð, hann forleggur þær borgirnar og reiknar ekki fólkið neins vert. [9]Landið liggur aumlega og sárgrætilega, Líbanon stendur skammarlegana forhöggvin og Saron er líka sem annað sléttlendi og Basan og Karmel eru í eyði.

[10]Nú vil eg taka mig upp, segir DROTTINN, nú vil eg hefja mig upp, nú vil eg komast hátt. [11]Af grashálminum eru þér óléttir en stráin fæði þér. Elduinn mun yður með yðrum þungum móði fortæra. [12]Því að fólkið mun að múrlími forbrennt verða og so sem þá afhöggvin þyrniklungur með eldi uppbrennast. [13]So heyrið nú, þér sem fjarlægir eruð, hvað eg hefi gjört og, þér

sem nálægir eruð, merkið minn styrkleika.
14Hinir syndugir til Síon eru skelfdir
og hræðsla er yfir þá hræsnara komin,
segjandi: „Hver er sá vor á meðal þar
kunni að búa í hjá einum foreyðandi
eldi? Hver er sá á meðal vor að búa
kunni hjá eilífum bruna?“ 15Hver hann
gengur í réttvísinni og talar sannleikinn, hver hann hatar rangindin og
ágirndina og tekur sínar hendur í frá
því, það hann þiggi öngvar skenkingar,
hver að tilbyrgir sín eyru so hann heyri
öngva blóðskuld og lýkur sín augu aftur so að hann sjái engin illskupör, 16sá
hinn sami muní upphæðunum byggja
og þjörgin munu hans virki og
verndarhlíf vera. Hans brauð mun hönum gefast, sitt vatn það hefur hann
víst.
17Þín augu munu þann kónginn sjá í
sinni fegurðarprýði, þú munt og sjá það
landið útvíkkað 18svo að þitt hjarta
undrast það næsta, so segjandi: Hvar
eru nú þeir hinir skriftlærðu? Hvar eru
nú ráðgjafar? Hvar eru nú canzelerar?
19Þar að auk muntu ekki sjá það öfluga
fólkið, það fólkið sem djúpsettu tungumál hefur, hvert eð þú fær ekki skilið,
og óskiljanlegt tungumál er, sem ekki
kann að skiljast.
20Skoða þú Síon, vora hátíðaborg, þín
augu skulu sjá Jerúsalem, þá öruggu
bygging, eina tjaldbúð sem ekki verður
í burt flutt, hverrar naglar það aldrei
skulu útdragast og engin hennar reip í
sundurslitin verða. 21Því að DROTTINN
sjálfur mun þar voldugur hjá oss vera
og þar munu víðar vatsgrafir vera svo
að öngu skipi mun þar með árum yfirróið og öngvar galeiður munu þangað
sigla. 22Því að DROTTINN er vor dómari,
DROTTINN er vor meistari, DROTTINN er
vor kóngur, hann hjálpar oss. 23Látið þá
sínar snörur upp spanna, þær munu þó
ekki halda. Svo munu þeir og einnin
merkinu á mastrinu ekki út slá. Þá mun
og miklu kostulegu herfangi útskipt
verða so það einnin hinir vanfæru
munu herfangi skipta. 24Og enginn innbyggjari mun þá segja: „Eg em veikur“
því að það fólkið sem þar innibyggir
mun hafa syndanna fyrirgefningu.

34 Komið hingað, þér heiðnar
þjóðir, og heyrið til, þér fólkið
hyggið að því. Jörðin hún heyri og hvað
þar er inni, veraldarkringlan með
hennar ávöxtum. 2Því að DROTTINN er
reiður upp á allar heiðnar þjóðir og
gramur upp á allt þeirra herlið. Hann
mun formæla þeim og ofurselja til
drápsins. 3Og þeirra hinir í hel slegnu
munu í burt kastað verða og af þeirra
líkömum mun óþefur upp koma og
fjöllin munu fljóta af þeirra blóði 4og
allt það herlið himinsins mun forrotna
og himinninn mun til samans brotinn
verða líka sem annað brek og allur
hans herskari mun uppþorna, líka sem
annað laufblað uppþornar á vínviði og
so sem eitt þurrt laufblað á fíkjutrénu.
5Því að mitt sverð er drukkið á himnum
og sjá þú, það mun ofanstíga yfir Edóm
og yfir það bölvaða fólkið til straffs.
6Það sverð DROTTINS er fullt með blóð
og þykkt af feiti, af blóðinu lambanna
og hafranna, af nýrnafeitinni hrútanna.
Því að DROTTINN heldur eitt mannslag
til Bosra og eitt mikið manndráp í
landinu Edóm. 7Þar verða einhyrningarnir meður þeim undir að krjúpa
og ungneytin meður þeim feitu nautum. Því að þeirra land mun drukkið
verða af blóði og þeirra jörð bólgin
verða af feiti.
8Því að það er sá hefndardagur
DROTTINS og árið endurgjaldsins, að
hefna Síon, 9þar munu þeirra lækir
verða að biki og þeirra jörð að brennisteini. Já þeirra land mun að
brennanda biki verða 10það hverki mun
slokkna daga né nætur heldur mun eilífleg svæla upp af því ganga og um aldur og ævi mun það í eyði vera so að þar
mun enginn í gegnum ferðast að eilífu

[11]heldur skal það eignast reyrdrummur
og tindsvín, náttuglur og hrafnar skulu
þar búa. [12]Því að hann mun draga þar
yfir einn mæliþráð so að það í eyði
verði og eitt mælikefli til foreyðslu so
að þeirra hinir eðalbornu kallist herrar
sem ekkert land eiga og allir þeirra
höfðingjar hafi einn enda. [13]Og þar
munu þyrnar uppvaxa í þeirra her-
bergjum, netlur og illgresi í þeirra
borgum og mun vera eitt bæli eit-
urdrekanna og grashagi strússfuglanna
[14]og þar munu til samans hlaupa
draugar og skrímsl og eitt tröll mun þar
öðru mæta, óvættir munu einnin þar
sitt bæli hafa og sína hvíld þar finna,
[15]þar mun og einnin tindsvínið hreiðra
sig, leggja og útklekja undir þess
skugga, so munu og einnin hræfuglarn-
ir þar til samans koma.

[16]Leitið nú í bók DROTTINS og lesið og
þar mun ekki í einu af þessu brestur
vera og þar mun einnin ekki neitt miss-
ast, hvorki hitt né þetta. Því að hann er
það sem fyrir minn munn býður og
hans andi er það sem það til samans
færir. [17]Hann sendir hlutfallið yfir þá og
hans hönd útskiptir mælirnum á milli
þeirra so að þeir eignist það þar inni að
eilífu og blífi þar inni um aldur og ævi.

35 En sú eyðimörkin og óbyggðin
mun lystileg vera og sléttlendið
mun gleðilegt standa og blómgast líka
sem liljugras, [2]það mun blómgast og
gleðilegt standa í alls kyns frygð og
fögnuði. Því að dýrðin Libani er því gef-
in og prýðin Karmels og Saron, þeir sjá
þá dýrðarvegsemd DROTTINS, þá feg-
urðarprýðina vors Guðs.

[3]Styrkið lúnar hendur og endurlífgið
þau veikluðu knén. [4]Segið þeim efa-
blöndnum hjörtum: „Verið hughraustir
í huganum og verið ei óttaslegnir. Sjáið
að yðvar Guð kemur að hefna, Guð sá
ed endurgeldur, hann kemur og hjálpar
yður.“ [5]Þá munu augu blindra upp-
lúkast og eyrun daufra opnuð verða.
[6]Þá mun hinn halti upp stökkva sem
hjörtur og tungan hins mállausa mun
lofsyngja. Því að þar munu vatsrásir í
eyðimörkinni hingað og þangað fljóta
[7]og vatslækirnir um sléttlendið og hvar
ed áður hefur verið hörð grund þar
skulu nú stöðuvötn vera og hvar ed
þurrlendið hefur verið þar skulu upp-
sprettubrunnar vera. Þar ed áður fyrri
hafa höggormar legið þar skal gras, rör
og stör standa.

[8]Og þar mun braut og vegur vera
hver ed kallast mun sá hinn heilagi veg-
urinn, þar enginn saurugur mun upp á
ganga. Og sá hinn sami mun vera fyrir
þá inu sömu so að þeir gangi þar upp á
so það einnin hinir fávísu kunni ekki að
villast. [9]Þar mun ekkert león vera og
ekkert illskudýr mun þar upp á ganga
né þar fundið verða heldur mun þar frí
og uggalaust ganga mega. [10]Þeir hinir
endurkeyptu DROTTINS munu aftur
snúa og til Síon koma með lofsöngum.
Eilíf gleði mun vera yfir þeirra höfðum,
gleði og fögnuð munu þeir höndla en
hryggð og sorg mun hljóta í burt að
víkja.

36 Og það skeði so á því fjórtánda
ári kóngsins Ezechias það
kóngurinn af Assyria, Senakeríb, dró
upp í móti öllum borgum í Júda og yfir-
vann þær. [2]Og kóngurinn af Assyria
sendi Rabsake frá Lakís til Jerúsalem til
kóngsins Ezechia með mikla magt og
hann nam staðar við þær vatsrennurn-
ar hins efsta díkisins við veginn hjá akr-
inum litarans. [3]Og Eljakím sonur Hilkía
hofmeistarinn og Sebna canzelerinn og
Jóa sonur Assaf skrifarinn gengu út til
hans.

[4]Og Rabsake sagði til þeirra: „Segið
þetta Ezechia: So segir sá hinn mikli
kóngur, sá kóngurinn af Assyria: Hvaða
traust er það ed þú treystir upp á? [5]Eg
held að þú lætur so umtelja fyrir þér
sem þú hafir ráð eður magt til að berj-
ast. Upp á hvern treystir þú þá? Að þú

ert fallinn frá mér, [6]treystir þú upp á
þann í sundurbrotna reyrstafinn Egyptalands? Hver helst ef að nokkur
styður sig þar upp á þá gengur hann
inn í hans hönd og í gegnumstingur
hana, so gjörir faraó kóngur Egyptalands öllum þeim sem upp á hann
treysta. [7]En viltu segja mér: Vér treystum upp á DROTTIN Guð vorn? Hvert er
hann ekki sá hvers hæðir og ölturu að
Ezechia hefur niðurbrotið og sagt so til
Júda og Jerúsalem: fyrir þessu altari
skulu þér tilbiðja? [8]Nú vel, þá reyndu til
við minn herra, kónginn af Assyria. Eg
vil gefa þér tvö þúsund hesta, láttu sjá
til hvort þú kannt hjá þér að fá þá sem
þar upp á ríða. [9]Hvernin viltu þá blífa
fyrir einum höfuðsmanni hins minnsta
þénara míns herra? Og þú treystir upp
á Egyptaland fyrir sakir þeirra hervagna og riddaraliðs. [10]Þar með meinar
þú að eg hafi án DROTTINS uppdregið í
þetta land til að fordjarfa það? Já,
DROTTINN sagði til mín: Far þú upp í það
land og fordjarfa það.“

[11]En Eljakím og Sebena og Jóa sögðu
til Rabsake: „Tala þú við þína þjónustumenn sýrlenskt tungumál það vér skiljum það fullvel og tala ekki við oss
Gyðingamál fyrir eyrum fólksins sem
upp á múrnum er.“ [12]Þá sagði Rabsake:
„Hvort meinar þú það minn herra hafi
sent mig til þíns herra aðeins eða til þín
slíkum orðum að tala og ekki miklu
framar til þeirra manna sem þar upp á
múrnum sitja so að þeir með yður éti
sinn eigin þrekk og drekki sitt eigið
þvag?“

[13]Og Rabsake stóð og kallaði með
hárri raust á Gyðingatungu og sagði:
„Heyrið þau orðin hins mikla kóngsins
af Assyria: [14]So segir kóngurinn: Látið
ekki Ezechiam tæla yður það hann
kann ekki að frelsa yður. [15]Og látið ekki
Ezechiam gefa yður of mikið traust upp
á DROTTINN það hann segir: DROTTINN
mun frelsa yður og þessi borg mun
ekki gefin verða í hendur kóngsins af
Assyria. [16]Hlýðið ekki Ezechia því að
svo segir kóngurinn af Assyria: Gjörið
mér það til vilja og gangið út til mín, þá
skulu þér, hver yðar sem einn, af sínum
vínviði og sínu fíkjutré éta og úr sínum
vatsbrunnum drekka [17]þangað til að eg
kem og flyt yður út í eitt land það líka
er sem yðvart land, það land sem nóg
korn og nýtt vín er inni, það land sem
nóg brauð og víngarðar eru inni. [18]Látið
ekki Ezechiam telja um fyrir yður þar
hann segir: DROTTINN mun frelsa oss.
Hafa nokkuð guðir heiðinna þjóða
frelsað hver sitt land af hendi kóngsins
í Assyria? [19]Hvar eru þeir guðirnir til
Hamat og Arpad? Hvar eru þeir guðirnir Sefarvaím? Hafa þeir nokkuð frelsað
Samariam af minni hendi? [20]Hverjir
guðir af þessum öllum hafa frelsað sitt
land af minni hendi so það DROTTINN
skyldi frelsa Jerúsalem af minni
hendi?“

[21]En þeir þögðu og svöruðu honum
öngu því að kóngurinn hafði so boðið
og sagt: „Svarið honum engu.“ [22]Þá
komu þeir Eljakím sonur Hilkía hofmeistarinn og Sebna canzelerinn og
Jóa sonur Assaf skrifarinn með sundurrifnum klæðum og framtöldu honum
þau orðin Rabsake.

37 En þá eð kóngurinn Ezechia
heyrði þetta reif hann sín klæði
og tók á sig hryggðarbúning og gekk
inn í hús DROTTINS [2]og sendi Eljakím
hofmeistara og Sebna canzelerinn með
þeim elstu kennimönnum með
hryggðarbúningi klædda til prophetans
Esaia sonar Amos [3]að þeir segði til
hans: „So segir Ezechia: Þetta er einn
dagur hörmungar, ströffunarinnar og
háðungarinnar og er ei ólíkt sem þá
börnin eru að mestu að fæðingu komin
en þar er enginn kraftur til að fæða.
[4]Að DROTTINN Guð þinn vildi nokkuð
heyra þau orðin Rabsake hvern eð hans
herra kóngurinn af Assyria hafði hingað sent til að lasta þann lifanda Guð og

til að lýta hann með svoddan orðum sem það DROTTINN Guð þinn hefur heyrt og það þú vildir einn bænastað upphefja fyrir þeim sem eftir eru og enn verða fundnir!“

5Og þjónustumenn kóngsins Ezechia komu til Esaia. 6En Esaias sagði til þeirra: „Segið þetta yðrum herra: DROTTINN segir so: Vertu ei hræddur fyri þeim orðum sem þú hefur heyrt, með hverjum sveinar kóngsins af Assyria hafa niðrað mér. 7Sjá þú, eg vil gjöra honum eitt annað hugarfar og hann skal fá það nokkuð að heyra það hann dragi heim aftur í sitt land og í sínu landi mun eg láta hann fyrir sverði falla.“

8En þá eð Rabsake kom aftur fann hann kónginn af Assyria stríðandi í móti Líbna. Því að hann hafði heyrt það hann væri í burt dreginn frá Lakís 9því þar kom það rykti af Tírhaka Blálandskóngi sem sagði: „Hann er útdreginn til að stríða á móti þér.“ Þá eð hann heyrði nú það sendi hann boð til Ezechia og lét segja honum so: 10„Segið Ezechia kónginum í Júda þetta: Láttu ekki þinn Guð tæla þig, upp á þann eð þú treystir og segir það Jerúsalem muni ekki gefin verða í hendur kónginum af Assyria. 11Sjá þú, þú hefur heyrt hvað kóngarnir af Assyria hafa gjört öllum löndum og foreytt þeim og þú skyldir frelsaður verða? 12Hafa nokkuð guðarnir heiðinna þjóða frelsað þau löndin sem mínir feður hafa fordjarfað, sem er Gósan, Haran, Resef og synir Eden til Telassar? 13Hvar er sá kóngurinn til Hamat og sá kóngurinn til Arpad og sá kóngurinn borgarinnar Sefarvaím, Hena og Íva?“

14Og þá eð Ezechia hafði tekið við bréfinu af sendiboðanum og lesið það gekk hann upp í hús DROTTINS og breiddi það út þar fyrir DROTTNI. 15Og Ezechia baðst fyrir til DROTTINS og sagði: 16„DROTTINN Sebaót, þú Guð Ísraels, þú sem situr upp yfir kerúbím, þú einn ert Guð yfir öllum kóngaríkjum á jörðu, þú hefur skapað himin og jörð. 17DROTTINN, hneig þú þín eyru og heyrðu það, upplúk þínum augum, DROTTINN, og sjá þú. Heyr þú öll orð Senakeríb sem hingað hefir sent til að lasta þann lifanda Guð. 18Sannindi eru það, DROTTINN, að kóngarnir af Assyria hafa í eyði lagt öll kóngaríki með þeirra skattlöndum 19og hafa þeirra goðum í eld kastað því að þeir voru öngvir guðir heldur mannanna handaverk, stokkar og steinar, og þeir eru í sundurbrotnir. 20En nú, DROTTINN Guð vor, hjálpa þú oss út af hans hendi so það öll kóngaríkin á jörðu reyni það að þú alleina sért DROTTINN.“

21Þá sendi Esaias sonur Amos til Ezechia og lét segja honum: „So segir DROTTINN Guð Ísraels: Um það þú hefur beðið mig vegna kóngsins Senakeríb af Assyria, 22þá er þetta hvað er DROTTINN segir af honum: Jungfrúin dóttir Síon hún forsmár þig og hæðir að þér og dótturin Jerúsalem hristir höfuðið eftir þér.

23Hvern hefur þú lastað og skamað? Yfir hvern hefur þú þína raust upphafið og upphafið þín augu í móti? Þeim Heilaga í Ísrael. 24Fyrir þína þjónustumenn hefur þú DROTTNI háðung tillagt og sagt: Fyrir þann fjöldann minna hervagna em eg hér uppdreginn á hæðir fjallanna við þá síðuna Líbanon og hefi afhöggvið hans háa sedrusvið með hans útvöldum grenitrjánum og em so kominn yfir um hæðirnar til enda skógarins inn í landið. 25Eg hefi uppgrafið og drukkið vötnin og eg hefi með mínum fótsporum uppþurrkað öll þau hin niðribyrgðu vatsbólin.“

26En hefur þú ekki heyrt það eg fyrr meir gjörða so og það eg breytta so forðum daga og gjöri nú so einnin, það sterkar borgir verði niðurbrotnar í grjóthrúgur 27og það þeirra innbyggjendur verði veikir og skelfdir og til skammar gjörðir og að þeir verði að

túngrasi og grænum jurtrum líka sem annað húsagras á ræfrum uppi hvert eð uppvisnar áður en það er fullvaxið?
[28]En eg þekki vel þína bústöðu, þína útgöngu og inngöngu og þína grimmdaræði á móti mér. [29]En með því að þú ólmast so á móti mér og það þín drambsemi er hér uppkomin fyrir mín eyru, af því þá mun eg setja einn hring í þínar nasir og eitt beisl í þinn munn og leiða þig þann sama veg heim aftur sem þú komst hingað.
[30]En það sé til merkis til þín, þetta árið hvað innkomið er, það annað árið hvað sjálft vex, það þriðja árið niðursáið og uppyrkið, plantið víngarða og etið þeirra ávöxtu. [31]Því að þeir hinir frelsuðu af húsi Júda og þeir hinir eftirblífnu munu enn aftur rótfestast undir sig og yfir sig ávöxt bera. [32]Því að af Jerúsalem munu enn út ganga þeir sem eftir eru vorðnir og þeir hinir frelsuðu af fjallinu Síon. Svoddan mun gjöra vandlætingin DROTTINS Sebaót.
[33]Þar fyrir segir DROTTINN so af kónginum í Assyria: Hann skal ekki koma í þessa borg og hann skal þar öngri pílu að skjóta og enginn herskjöldur skal þar fyrir koma og öngvan virkisvegg skal hann í kringum hana gjöra [34]heldur skal hann aftur snúa þann sama veg sem hann kom hingað so að ekki komi hann í þessa borg, segir DROTTINN, [35]það eg vil vernda þessa borg so að eg hjálpi henni minna vegna sjálfs og vegna míns þjóns Davíðs.“
[36]Þá fór engill DROTTINS út og sló í herbúðum Assyrys hundrað fimm og áttatígi þúsundir manna. Og þá eð þeir stóðu upp snemma um morguninn, sjá þú, þá lá þar alls staðar fullt með dauða líkami. [37]Og kóngurinn af Assyria, Senakeríb, svipti herbúðum og fór í burt og sneri heim aftur og bleif til Níníve. [38]Og það skeði so þá eð hann baðst fyrir í húsi Nísrok guðs síns þá slógu hann synir hans Adramelak og Sareser meður sverði og þeir flýðu í landið Ararat og hans sonur Asserhaddon varð kóngur í hans stað.

38 Á þeim tíma varð Ezechia dauðsjúkur. Og spámaðurinn Esaias sonur Amos kom til hans og sagði honum: „Þetta segir DROTTINN: Ráðstafa þú þínu húsi það þú munt deyja og ekki lifa.“ [2]Þá sneri Ezechia sínu andliti til veggjar og bað til DROTTINS [3]og sagði: „Minnstu, DROTTINN, á það hvernin að eg hefi gengið fyrir þér í sannleika með fullkomnu hjarta og það gjört hvað þér hefur líkað.“ Og Ezechia grét mjög. [4]Þá skeði orð DROTTINS til Esaia og sagði: [5]„Far þú og seg Ezechia: So segir DROTTINN Guð þíns föðurs Davíðs: Eg hefi heyrt þína bæn og séð þín táraföll. Sjá þú, að eg vil lengja þína lífdaga um fimmtán ár [6]og vil þig samt með þessari borg frelsa af hendi kóngsins í Assyria. Því að eg vil vernd veita þessari borg. [7]Og það skal þér til teikns vera af DROTTNI að DROTTINN mun það sama gjöra hvað hann hefur talað. [8]Sjá nú, eg mun skuggann á sólarskífunni Akas láta aftur um tíu strik til baka ganga yfir hver að hann hefur áður gengið so það sólin skal ganga um tíu línur til baka aftur á sólarskífunni yfir hverjar að hún er þó áður gengin.“
[9]Þetta er sú ritningin Ezechia kóngsins Júda þá að hann hafði sjúkur verið og var heilbrigður vorðinn af krankdæminu:
[10]Eg sagða: Nú hlýt eg að fara til heljar portdyra, þá minn tími var úti, þá eg hugði mér þó lengur að lifa. [11]Ég sagða: Nú má eg ekki lengur sjá DROTTIN, já þann DROTTIN í landinu þeirra lifendu. Nú má eg ekki meir sjá þá menn, eigi hjá þeim lifa sem sína æfi útlifa. [12]Mín ævi er liðin og frá mér í burt svipt so sem annað fjármannahreysi og eg slít mína lífdaga í burtu líka sem vefjarmaður. Hann þurrsýgur mig upp, þú endar minn dag út áður en kveldar.

[13]Eg hugsaði: Mætta eg enn lífa allt til morgins! En hann í sundurkramdi í mér öll mín bein líka sem annað león. Því að þú útendar daginn við mig áður en kveldar.

[14]Eg tísta sem tranan og svalan og stundi líka sem dúfa, mín augu vildu útspringa, DROTTINN, eg lið ánauð, lina þú mér.

[15]Ó hversu glaðvær vil eg tala með því að hann hefur tilsagt mér það og gjörir það einnin, þar fyrir vil eg alla mína lífdaga forðast fyrir svoddan harmkvælingu minnar sálu. [16]DROTTINN, þar út af lifum vér og það lífið míns anda stendur með öllu í því sama það þú lést mig sofna út af og lífgaðir mig. [17]Sjá þú, um huggan var eg mjög angurbitinn en hjartanlega þá hefir þú að þér tekið mína sálu so að hún fordjarfaðist ei. Því að þú fleygir öllum mínum syndum á bak þér aftur. [18]Því að helvítið það lofar þig ekki, so prísar þig og ekki dauðinn og þeir sem ofanstíga í gröfina vænta ekki upp á þinn sannleika [19]heldur alleinasta þeir sem lifa þá lofa þig, so sem að nú gjöri eg. Faðirinn mun börnunum kunnan gjöra þinn sannleika. [20]DROTTINN, hjálpa þú mér, þá viljum vér spila mína lofsöngva so lengi vér lifum í húsi DROTTINS.“

[21]Og Esaias skipaði að taka plástur af fíkjum og leggja yfir hans sár so að hann yrði heilbrigður. [22]En Ezechia sagði: „Hvílíkt teikn er það að eg megi uppganga í hús DROTTINS?“

39 Á þeim tíma sendi Meródak Baladan kóngurinn til Babýlon bréf og skenkingar til Ezechia því að hann hafði heyrt það hann hafði sjúkur verið og væri nú styrkur vorðinn aftur. [2]Því varð Ezechia glaður og sýndi þeim sitt féhirsluhús, silfur og gull og ilmandi jurtrir, dýrðleg smyrsl og öll húsin sinna vopna og allan fésjóð sem hann hafði. Þar var ekki það neitt að Ezechia sýndi þeim ekki í sínu húsi og það í hans valdi var.

[3]Þá kom prophetinn Esaias til kóngsins Ezechia og sagði til hans: „Hvað segja þessir menn til og hvaðan komu þeir til þín?“ Ezechia sagði: „Þeir komu úr fjarlægum stöðum hingað til mín, sem er í frá Babýlon.“ [4]En hann sagði: „Hvað hafa þeir séð í þínu húsi?“ Ezechia svaraði: „Allt hvað í mínu húsi er það hafa þeir séð og þar er ei það neitt að eg hafi ei sýnt þeim af mínum fésjóðum.“ [5]Og Esaias sagði til Ezechia: „Heyr þú orðin DROTTINS Sebaót: [6]Sjá þú, sá tími kemur að allt það hvað í þínu húsi er og hvað þínir feður hafa til samans dregið allt til þessa dags, það mun í burt flutt verða í Babýlon so að þar mun ekki neitt eftir blífa, segir DROTTINN. [7]Þar að auk munu þeir taka þína sonu sem út af þér munu koma og þú munt uppfæða og þeir munu hljóta að vera herbergissveinar í garði kóngsins af Babýlon.“ [8]Og Ezechia sagði til Esaia: „Það orð DROTTINS er gott sem þú segir“ og sagði: „Sé aðeins friður og tryggð um mína lífdaga.“

40 Huggið, huggið mitt fólk, segir yðvar Guð. [2]Talið vinsamlega við Jerúsalem og prédikið henni það hennar riddaraskapur hafi einn enda. Því að hennar misgjörningur er fyrirgefinn því að hún hefur tvefaldlegt meðtekið af hendi DROTTINS fyrir allar hennar syndir.

[3]Þar er raust eins prédikara út í eyðimörkinni: Tilreiði þér vegu DROTTINS og gjörið í óbyggðinni sléttan veg vorum Guði. **Matteus 3:3, Marcus 1:3, Lucas 3:4, Johannis 1:23.** [4]Allir dalir skulu upphefjast og öll fjöll og hálsar skulu niðurlægð verða og hvað óslétt er það skal slétt verða og hvað ójafnt er það skal eggslétt verða. [5]Því að dýrðin DROTTINS skal opinberuð verða og allt hold eitt með öðru mun sjá það munnur DROTTINS talar.

[6]Þar segir ein raust: Prédika þú og eg
sagða: Hvað skal eg prédika? Allt hold
er hey og allur þess góði er so sem ak-
ursins blómstur. [7]Heyið það uppþornar,
blómstrið visnar, því að andi DROTTINS
blæs þar á. Já fólkið er heyið, [8]heyið
það uppþornar, blómstrið visnar en
orðið Guðs vors blífur eilíflega.

[9]Síon, þú sem prédikar, far þú upp á
hátt fjall, Jerúsalem, þú sem prédikar,
hef þína raust upp með magt, hef þú
upp og óttast ei. Seg þú borgunum
Júda: Sjáið, þar er yðvar Guð! [10]Því sjá-
ið, DROTTINN GUÐ kemur volduglegana
og hans armleggur mun drottna. Sjáið,
hans laun eru hjá honum og hans
bítalingur er fyrir honum. [11]Hann mun
fóðra sína hjörð sem einn hirðir, hann
mun lömbunum safna á sína armleggi
og þau í sinni kjöltu bera og leiða
lambamæðurnar.

[12]Hver metur vötnin með hnefanum,
hver mælir himininn með einni lófa-
vídd og spannar jörðina með þriggja
þumlunga breidd og vegur þau fjöllin
með einni vigt og hálsana með einni
vog? [13]Hver fræðir þann Anda DROTTINS
og hver ráðgjafi undirvísar honum?
[14]Hvern spyr hann að ráðum sá eð hon-
um skilninginn gefi og kunni honum
þann veginn réttdæmisins og kenni
honum þá viskuna og undirvísi honum
veginn skilningsins? [15]Sjá þú, að hinir
heiðnu eru aktaðir sem sá dropi hver
að í skjólunni blífur eftir og svo sem ein
lítil ögn er í metaskálunni blífur eftir.
Sjá þú, að eyjarnar eru sem þunnt
jarðarduft [16]og Líbanon væri helst til
lítils til eldkveikjunnar og hans villudýr
nægja ei til brennioffursins. [17]Allar
heiðnar þjóðir eru so sem ekki neitt
fyrir honum og líka so reiknaðar sem
hégómi og það sem ekki er parið.

[18]Hverjum vilji þér þá eftirmynda
Guð eða hverja líking vilji þér honum
gjöra? [19]Meistarinn steypir vel eina
mynd og gullsmiðurinn yfirgyllir hana
og gjörir þar silfurhúðir að. [20]So líka
hver hann formá fátækliegt fórn-
unaroffur, sá útvelur sér það tré sem
ekki fúnar og sækir klókan meistara
þar til sem gjörir eitt líkneski það stað-
fast sé.

[21]Viti þér ekki? Heyri þér ekki? var
yður það ekki kunngjört fyrirfram?
Hafi þér ekki skilið það þegar í frá upp-
hafi jarðarinnar? [22]Hann situr upp yfir
jarðarkringlunni og þeir eð þar upp á
búa eru sem engisprettur, hann hver eð
útþenur himininn sem annað þunnt
skinn og breiðir hann út sem aðra tjald-
búð þar inni er búið, [23]hver eð höfðingj-
ana gjörir að öngu og þá yfirdómarana
á jörðunni gjörir að hégóma [24]so sem
að hefði þeirra stofn hvorki plantan né
sæði né nokkra rótfesti í jörðunni so að
þeir, nær eð vindurinn blæs á milli
þeirra, uppþorni og eitt stormviðri
þeim í burtfeyki sem öðru grasstrái.
[25]Hverjum vilji þér þá eftirmynda mig
þeim eg sé líkur? segir sá Hinn Heilagi.
[26]Upphefjið yðar augu í hæðirnar og
sjáið: Hver hefir svoddan hluti skapað
og útleiðir hér þeirra her með tölu?
Hann sá sem þá alla kallar með nafni.
Hans máttur og öflugur kraftur er so
mikill so það kann ekki í einu brestur
að vera.

[27]Hvar fyrir segir þú þá, Jakob, og tal-
ar so, Ísrael: Minn vegur er fólginn fyr-
ir DROTTNI og minn dómur hann geng-
ur framhjá Guði mínum? [28]Veistu ekki?
Hefur þú ekki heyrt að DROTTINN sá ei-
líflegur Guð sem endimörk jarðarinnar
hefur skapað hann verði hvorki
þreyttur né móður. Hans skilningur er
órannsakanlegur, [29]hann gefur þreytt-
um kraft og styrkleik nóga þeim van-
máttuga. [30]Hinir ungu verða móðir og
mállausir og þeir æskumennirnir falla
[31]en þeir sem vona upp á DROTTIN þeir
fá nýjan kraft so að þeir uppfljúga með
vængjum sem ernir, so þeir hlaupi og
verði ekki lúnir, so þeir gangi og mæð-
ist ekki.

41 Það eyjarnar fyrir mér þegja og fólkið styrki sig. Lát þá ganga hér fram og tala nú og höfum dóm til samans.

[2]Hver hefur hinn réttferðuga í frá uppgöngu sólarinnar uppvakið? Hver kallaði hann það hann gengi? Hver yfirgaf heiðnar þjóðir og kónga fyrir honum so að hann varð þeim yfirmáttugur og gaf þá hans sverði líka sem jarðarduft og hans boga sem í burtfeykt grasstrá, [3]so það hann veitti þeim eftirför og dró þar í gegnum með friði og hann mæddist aldrei á þeim vegi? [4]Hver verkar þetta? Hver gjörir það og kallar alla menn, hvern eftir öðrum, í frá fyrsta upphafi? Eg, DROTTINN, eg em hann, bæði hinn fyrsti og síðasti. **Opinberanir 1:17, 22:13**

[5]Þá eð eyjarnar sáu það hræddust þær og endimörkin jarðarinnar skelfdust við það. Þeir nálægðu sig og komu hingað, [6]hver einn hjálpaði öðrum og sagði til síns náunga: Vert með góðu geði. [7]Timburmaðurinn tók gullsmiðinn til sín og gjörði með hamrinum pjátrið slétt á steðjanum og sagði: Það skal fara vel, og þeir festu það með nöglum so að það skyldi ekki skeika.

[8]En þú, Ísrael, minn þjón, Jakob þann eg hefi útvalið, þú sæðið Abrahams míns hins elskulega, [9]eg sem þig hefi styrkt allt frá veraldarinnar endimörku og hefi kallað þig í burt frá hennar voldugum og sagði til þín: Þú skalt minn þjón vera það eg útvel þig og forlegg þig ekki:[10]Óttast ekki, eg em með þér. Víktu ekki því að eg em þinn Guð. Eg styrki þig, eg hjálpa þér einnin, eg held þér við fyrir þá hægri höndina míns réttlætis. [11]Sjá þú, þeir skulu til háðungar og til skammar verða, allir þeir sem þér eru reiðir, þeir skulu að öngu verða. Og þeir menn sem deila á móti þér skulu fyrirfarast [12]so að þú megir spyrja eftir þeim og muntu ekki þá finna. Þeir menn sem þræta við þig skulu verða sem ekki neitt parið og þeir sem stríða á móti þér skulu hafa einn enda. [13]Því að eg em DROTTINN Guð þinn sem styrkir þína hægri hönd og til þín segir: Óttast ekki, eg hjálpa þér.

[14]Vert ei hræddur, þú maðkurinn Jakob, þú fátækur flokkur Ísrael! Eg hjálpa þér, segir DROTTINN, og þinn frelsari sá Heilagi Ísrael. [15]Sjá þú að eg hefi gjört þig að hvössum nýjum þreskivagni sem agnúa hefur so að þú skalt fjöllin í sundurþreskja og í smátt mola og hæðirnar gjöra sem agnir. [16]Þú skalt í sundurdreifa þeim so að vindurinn blási þeim í burt og hvirfilvindurinn feyki þeim héðan. En þú munt glaðvær vera í DROTTNI og munt hrósa þér Hins Heilaga í Ísrael.

[17]Fátækir og volaðir leita að vatni og þar er ekki neitt, þeirra tunga þornar upp af þorsta. En eg, DROTTINN, vil bænheyra þá, eg Guð Ísraels vil ekki yfirgefa þá [18]heldur vil eg vatnsrásir opna á hæðum uppi og vatnsbrunna á miðju sléttlendinu. Eg mun gjöra eyðimörkina að stöðuvötnum og þurrlendið að uppsprettubrunnum, [19]eg mun gefa í óbyggðinni sedrusvið, furu, myrru og olíutré, eg mun gefa á sléttlendinu grenitrén, beykiviðinn og bosbumi hvert með öðru [20]so að þeir til líka sjái, viti, formerki og skilji það að hönd DROTTINS hafi þvílíkt gjört og sá Hinn Heilagi í Ísrael hafi skapað slíkt.

[21]So látið yðvar málefni hingað koma, segir DROTTINN. Hafið það hingað hvar þér standið upp á, segir sá kóngurinn í Jakob. [22]Látið þá hér fram ganga og kunngjöra það fyrir oss hvað eftirkomandi er, kunngjörið oss og spáið eitthvað fyrir. Látið oss með vorum hjörtum hafa þar vakt upp á og formerkja hvernin það skal hér seinna meir til ganga eður látið oss heyra hvað eftirkomandi er. [23]Kunngjörið oss það hvað hér eftir á koma mun, þá viljum vér formerkja það að þér eruð guðir. Gjörið annað hvort gott eður skaðsemi, þá viljum vér segja þar út af og sjá til sam-

ans upp á það. [24]Sjáið, þér eruð út af öngu og yðvar gjörningur er og af öngu og að útvelja yður er andstyggilegt.

[25]En eg uppvek einn út af norðrinu og kemur af uppgöngu sólarinnar. Hann mun í mínu nafni prédika og hann mun ganga yfir hina voldugu sem yfir annan jarðarleir og hann mun niðurtroða þann saurinn líka sem annar leirkerasmiður. [26]Hver kann nokkuð að kunngjöra út af upphafinu, þá viljum vér skilja það, eður spá fyrir fram, þá viljum vér segja: Þú segir rétt. En þar er sá enginn eð kunngjörir og eigi sá neinn sem nokkuð lætur heyra. [27]Eg em fyrstur sem til Síon segir: Sjá þú, það sama er það, og eg gef Jerúsalem prédikara. [28]En eg lít þangað og þar er enginn og eg sá á meðal þeirra en þar er enginn ráðgjafari. Eg að spyr þeirra gjörningum en þeir andsvara öngu. [29]Sjá þú, það er allt saman ekki utan armæði og öngu neytt með þeirra gjörningum, þeirra afguðir eru vindur og hégómi.

42 Sjá þú, það er minn þjón. Eg annast hann og minn sá hinn útvaldi á hverjum mín sála hefur geðþekkni. Eg hefi honum minn anda gefið, hann mun dóm útflytja á meðal heiðinna þjóða. **Mattheus 12:18, 3:17, 17:5** [2]Hann mun hvorki kalla né hrópa og hans traust mun ekki heyrast á strætunum. [3]Þann brákaða reyrlegginn mun hann ekki í sundurmerja og þann lítt loganda línkveikinn mun hann ekki útslökkva. Hann mun kenna að halda dóminn með sannleiknum. [4]Hann mun ekki möglunarsamur né hræðilegur vera so að hann á jörðu dóminn uppbyrji og eyjarnar munu eftir hans lögmáli vænta.

[5]So segir DROTTINN Guð sá eð himininn skapar og útbreiðir, sá eð jörðina gjörir og hennar ávöxt, sá eð fólkinu því sem þar er upp á andardrátt gefur og andann þeim sem þar upp á ganga: [6]Eg DROTTINN hefi kallað þig með réttlæti og hefi tekið þig við þína hönd og bívarað þig og hefi gefið þig til sáttmála meðal fölksins, til ljósins heiðinna þjóða [7]so að þú skalt opna augun blindra og hertekna í burt leiða úr fangelsinu og þá sem þar sitja í myrkrunum í burt úr dýflissunni. [8]Eg DROTTINN, það er mitt nafn og mína dýrð vil eg öngum öðrum gefa né mitt lof afguðunum.

[9]Sjá þú, hvað eftirkomanda er mun eg kunngjöra fyrirfram og hið nýja gjöri eg vitanlegt, áður en það uppgengur þá læt eg yður það heyra.

[10]Syngið DROTTNI nýjan lofsöng, hans lofstír er allt til veraldarinnar enda. Þeir í sjónum fara og hvað þar er inni, þær eyjarnar og þeir sem þar inni búa. [11]Kallið hátt, þér eyðimerkur og borgirnar þar inni með þorpunum þar sem Kedar býr. Látið þá lofsyngja sem í grjóthellunum byggja og kalla af hæðum fjallanna. [12]Látið þá gefa DROTTNI dýrðina og hans lof kunngjöra í þeim eyjönum.

[13]DROTTINN mun útdraga sem ein hetja, hann mun vandlætið uppvekja sem einn bardagamaður, hann mun gleðjast og fagna, hann mun sína óvini yfirvinna.

[14]Eg þegi um stund og em hljóður og aftra mér. Nú vil eg svo hátt hrópa sem sú að barn fæðir. Eg vil foreyða þeim og uppsvelgja þá alla. [15]Eg vil eyða fjöll og hálsa og allt þeirra gras uppþurrka og vil vatsföllin að eyjum gjöra og stöðuvötnin uppþurrka. [16]En þá hinu blindu mun eg leiða á þeim vegi sem þeir vita ekki af, eg mun láta þá ganga þann fótstíginn sem þeir þekkja ekki, eg mun fyrir þeim myrkrin að ljósi gjöra og það jafna sem óslétt er. Svodan vil eg þeim gjöra og ekki yfirgefa þá. [17]En þeir sem treysta upp á guðina og segja til þeirra steyptra líkneskjanna: Þér eruð vorir guðir, þeir sömu skulu aftur til baka snúa og til skammar vera. [18]Heyri, þér hinir daufu, og lítið hingað,

þér hinir blindu, so að þér sjáið. 19Hver er so blindur sem minn þjón? Hver er so daufur sem minn sendiboði þann eg sendi? Hver er so blindur sem sá hinn fullkomni og so blindur sem þjón DROTTINS? 20Þeim er vel mikið prédikað en þeir halda það ekki, þeim er nóg sagt en þeir vilja það ekki heyra.

21Þó vill DROTTINN þeim vel fyrir hans réttlætis sakir og það hann mikli og vegsamlegt gjöri lögmálið. 22Það sama er eitt rænt og ruplað fólk, þeir eru allir fjötrum vafðir í gröfinni og niðurbyrgðir í myrkvastofunni. Þeir eru að herfangi vorðnir og þar er enginn sá eð þá frelsar, þeir eru í burt ræntir og þar er enginn sá sem segir: Gefið þá aftur.

23Hver er sá á meðal yðar sem sér láti slíkt í eyrum loða, sá eð gætir þar að gefi og því hlýði hvað hér eftir á mun koma? 24Hver hefur yfirgefið Jakob til gripdeilda og Ísrael þeim ránsmönnum? Hefur ekki DROTTINN gjört það hið sama móti hverjum að vér höfum syndgast? Og þeir vildu ekki á hans vegum ganga og hlýddu ekki hans lögmáli. 25Þar fyrir hefur hann úthellt yfir þá grimmd sinnar reiði og öflugum hernaði og hefir so brennt þá alla um kring en þeir formerkja það ekki og kveikt eld um þá en þeir hugsa eigi eftir því.

43 Og nú segir DROTTINN, sá eð þig hefur skapað Jakob, og þig hefur gjört Ísrael: Óttast þú ekki það eg hefi frelsað þig, eg hefi kallað þig með þínu nafni, þú ert minn. 2Því nær eð þú fer yfir um vötnin mun eg hjá þér vera svo að vatsflóðin skulu ekki drekkja þér. Og ef þú gengur í eldinn skaltu ekki brenna og sá eldsloginn skal ekki granda þér. 3Því að eg em DROTTINN Guð þinn, sá Hinn Heilagi í Ísrael, þinn hjálpari. Eg hefi Egyptaland, Bláland og Seba gefið í þinn stað til forlíkunar. 4Af því þú ert so mikils verður fyrir mínu augliti, so hlýtur þú einnin vegsamlegur að vera og eg elska þig. Þar fyrir gef eg menn í þinn stað og þjóðirnar fyrir þína sálu. 5Þar fyrir þá óttast þú ekki því að eg em hjá þér. Eg vil af austri þitt sæði hér fram leiða og úr vestri til samans safna 6og eg mun móti norðrinu segja: Gef hér fram, og í mót suðrinu: Hamla þú ekki. Lát hér fram koma mína sonu af fjarlægðinni og mínar dætur í frá veraldarinnar enda, 7alla þá sem mínu nafni nefndir eru, hverja eg hefi skapað til minnar dýrðar og þá tilreitt og gjört.

8Láttu hér fram koma það blinda fólkið hvert eð þó hefur augun og þá hinu daufu sem þó hafa eyrun, 9látið allar heiðnar þjóðir flykkjast í einn hóp og það fólkið samansafnist. Hver er þar á meðal þeirra sem svodan kunni að kunngjöra og láti oss það heyra fyrirfram hvað ske skal? Látið þá sína votta fram leiða og sanna það, þá munu þeir heyra það og segja: Það sama er sannleikurinn.

10En þér eruð mínir vottar, segir DROTTINN, og minn þjón þann eg hefi útvalið so að þér vitið það og trúið mér og skiljið það að eg sjálfur sé það. Fyrir mér er enginn Guð vorðinn, so mun og einnin eftir mig enginn vera. 11Eg em, eg em DROTTINN og þar er enginn hjálpari utan eg alleina. 12Eg hefi kunngjört það, eg hefi einnin hjálpað og eg hefi látið segja yður það og þar er enginn framandi guð á meðal yðvar. Þér eruð mínir vottar, segir DROTTINN, so em eg Guð. 13Eg var og einnin áður en það nokkur dagur var til og sá er enginn sem út af minni hendi kunni að frelsa. Eg verka það, hver vill hamla mér?

14Svo segir DROTTINN yðvar frelsari, sá Hinn Heilagi í Ísrael: Yðvar vegna þá hefi seg sent í Babýlon og hefi allarjárnstengur niðurslegið og þá kveinandi Chaldeos út í skipin jagað. 15Eg em sá DROTTINN, yðvar Hinn Heilagi, eg sem Ísrael hefi skapað, yðvar kóngur. 16So segir DROTTINN, sá eð í sjónum veg-

inn og í ströngum vötnum brautina gjörir, [17]hann sá ed hér útleiðir vagna og víghesta, herlið og manna magt svo að þeir liggi í einum hóp og standi ei upp, so að þeir útslokkni líka sem annar kveikur útslokknar: [18]Hugsið ekki á hið gamla og aktið ekki það sem fyrr meir var. [19]Því sjáið, eg mun gjöra nokkuð nýtt. Nú skal það upp koma so að þér munið það reyna að eg gjöri vegu í eyðimörkinni og vatstrauma í óbyggðinni [20]so að mig prísi villidýrin á mörkunum, drekarnir og strússfuglarnir. Því að eg mun vatnið í eyðimörkinni og vatsstraumana í óbyggðunum gefa að drekka mínu fólki og mínum útvöldum. [21]Þetta fólk hefi eg tilreitt mér, það skal mitt lof fram telja.

[22]Eigi so að þú hafir kallað mig, Jakob, eða það þú hafir vegna mín erfiðað, Ísrael. [23]Mér hefur þú að sönnu ekki fært þá sauðina þíns brennioffurs né mig heiðrað með þínum fórnfæringum, mér hefur ekki geðþekkni verið á þinni þjónustu í mataroffrinu, eg hefi og einnin öngva lysting á þínu erfiði út í reykelsisveifuninni. [24]Mér hefur þú fyrir öngva peninga kalmes keypt. Mig hefur þú ekki fyllt með feiti þíns offurs. Já, þú hefur gjört mér erfiðismuni í þínum syndum og hefur gjört mér armæði í þínum misgjörðum.

[25]Eg em hann, eg em hann sem afmái þínar illgjörðir minna vegna og hugleiði ekki þínar syndir. [26]Minntu mig á, láttu oss ganga í dóm til samans. Seg þú hér fram hvernin þú vilt réttlátur vera. [27]Þínir feður hafa syndgast og þínir lærimeistarar hafa misgjört á móti mér. [28]Þar fyrir þá hefi eg saurgað þá höfðingja helgidómsins og hefi Jakob að bölvan gjört og Ísrael að háðungu.

44 Svo heyr nú, minn þjón Jakob, og Ísrael, þann eg hefi útvalið. [2]Svo segir DROTTINN sá ed þig hefur gjört og tilreitt, sá ed þér hjástoð veitir allt frá móðurkviði: Óttast þú ekki, minn þjón Jakob, og þú hinn ágætlegi hvern eg hefi útvalið. [3]Því að eg mun vötnum úthella yfir hina þyrstugu og vatsstraumum yfir hina þurru. Eg mun úthella mínum anda yfir þitt sæði og minni blessan yfir þína eftirkomendur [4]so að þeir skulu vaxa sem gras og so sem víðir við vatslæki. [5]Þessi mun segja: Eg em DROTTINS, og hinn mun nefndur verða með því nafninu Jakob og þessi mun með sinni hendi tilskrifa sig DROTTNI og mun meður því nafninu Ísrael nefndur verða.

[6]So segir DROTTINN, sá kóngurinn Ísraels og hans frelsari, DROTTINN Sebaót: Eg em hinn fyrsti og em eg hinn síðasti og fyrir utan mig er enginn Guð. [7]Og hver er mér líkur? Eg sem kallar og kunngjörir og tilreiði mér það, eg sá sem í frá veraldarinnar upphafi tilskipa fólkið. Látið þá kunngjöra þeim táknin og hvað koma skal. [8]Óttist þér ekki og hræðist ei. Hefi eg ekki í það sinn látið þig það heyra og kunngjört þér það? Því að þér eruð mínir vottar. Hvert er þar nokkur annar Guð utan eg? Þar er enginn skapari, eg veit og öngvan annan.

[9]Þeir sem skúrgoð smíða eru allir samt hégómi og þeirra hið kostulegasta er engin nytsemi. Þeir eru þeirra vottar og sjái ekki neitt, skynja og ekki neitt. Þar fyrir þá hljóta þeir til skammar að verða. [10]Hvernin eru þeir sem einn afguð gjöra og steypa eitt skúrgoð þeim sem til einskis er neytt? [11]Sjá, allir þeirra hluttakendur verða til skammar það þeir eru hagleiksmeistarar af mönnum til. Því þó þeir komi allir til samans þá hljóta þeir þó líka vel óttablandnir að vera um sig og til skammar að verða.

[12]Einn smíðar járnið og sýður það í aflinum og tilreiðir það með hamrinum og erfiðar þar upp á með öllu afli síns handleggs, þolir einnin svengd þangað til hann orkar eigi meir, drekkur og ekki vatn þangað til að hann mæðist.

[13]Hinn annar smíðar tréð og mælir það með mæliþræðinum og teiknar það með rauðsteininum og höggur það um kring og strikar það út og gjörir það so sem aðra mannsmynd, so sem einn fagran mann þann í húsinu býr. [14]Hann gengur djarft þar að á meðal trjánna í skóginum það hann sedrusviðinn niðurhöggvi og taki beykivið og eikitré, já eitt plantað sedrustré og það sem af regninu er uppvaxið og það mönnum væri til eldiviðar. [15]Hvar af þeir taka hvað þeir verma sig við og kveikja þar upp með og baka þar brauð við. Af því gjörir hann eitt goð og tilbiður það sama. Hann gjörir þar einn afguð út af og hnékrýpur þar fyri. [16]Helminginn þar frá uppbrennir hann í eldi og yfir öðrum helminginum etur hann kjöt. Hann steikir steik og mettar sig, vermir sig einnin og segir: Hei já, eg em heitur vorðinn! Mína líking hefi eg séð á eldinum.“ [17]En það annað sem eftir er gjörir hann að guði so að það sé hans afguð þar eð hann hnékrýpur fyrir, framfellur og tilbiður og segir: Frelsaðu mig því að þú ert minn guð.

[18]Þeir vita ekki neitt og skilja ekki neitt því að þeir eru forblindaðir so að þeirra augu sjái ekki og kunna ekki að skilja neitt í sínum hjörtum og það inngengur ekki í þeirra hjarta. [19]Þar er og engin skynsemi né vitsmunir fyrir höndum so að þeir hugleiddu það: Helmingurinn þar frá hefi eg með eldi uppbrennt og á glóðunum hef eg brauð bakað og kjöt steikt og það etið og skyldir nú af því sem auk væri gjöra eitt skúrgoð og skyldir hnékrjúpa fyrir einum trédrumb [20]hvers partur að vorðinn er að ösku og heimskar það hjartað sem sig hneigir til þess hins sama og það ekki kann hans sálu að frelsa. En þó hugleiðir hann ekki að því: Er það ekki falskleiki sem mín hægri hönd gjörir?

[21]Minnstu það, Jakob og Ísrael, því að þú ert minn þjón, eg hefi tilreitt þig að þú sért minn þjón, Ísrael, forgleymdu mér ekki. [22]Eg afmá þínar misgjörðir sem annað ský og þínar syndir sem aðra þoku. Snú þér til mín það eg frelsa þig. [23]Lofsyngi, þér himnar, því að DROTTINN hefur gjört. Kalla hátt, þú jörð hér niðri, þér fjöllin, verið glaðvær með lofsöng, skógurinn og öll trén þar inni, því að DROTTINN hefur endurleyst Jakob og er dýrðarsamlegur í Ísrael.

[24]So segir DROTTINN, þinn endurlausnari, sá ið þig hefur tilreitt í frá móðurkviði: Eg em sá DROTTINN sem alla hluti gjörir, hver ið himininn útbreiðir alleina, sá ið jörðina útvíkkar án nokkurs tilstyrks, [25]hver ið teiknin forsagnaranna ónýtir og spásögumennina að heimsku gjörir, sá ið vitringunum snýr til baka og þeirra vísdóm að fávisku gjörir [26]en staðfestir orð síns þjóns og fullkomnar ráðið sinna sendiboða sem til Jerúsalem segja: Vertu byggð, og til staðanna í Júda: Verið byggðir – og eg upprétti þeirra foreyðing, [27]eg sem segi til undirdjúpsins: Þverra þú, og til vatsstraumanna: Þurrkist upp; [28]eg sem segi til Cyrus: Sá er minn hirðir og hann skal fullkomna allan minn vilja so að sagt verði til Jerúsalem: Vertu uppbyggð, og til musterisins: Þú skalt grundvallast.

45 So segir DROTTINN til Cyrus síns smurða, þann að eg tek við hans hægri hönd so það eg leggi undir hann heiðnar þjóðir og kóngunum sverðið af leysi, so að fyrir honum verði dyrnar upplátnar og að þau borgarhliðin blífi ekki tillukt: [2]Eg mun ganga frammi fyri þér og hæðirnar jafnsléttar gjöra og eg mun eirhurðirnar uppslá og járngrindurnar sundurbrjóta. [3]Og eg mun gefa þér þa fólgna fjársjóðuna og þær niðurbyrgðu háfunar so að þú vitir það eg, DROTTINN Guð Ísrael, hafi þig kallað með þínu nafni, [4]vegna Jakobs míns þjóns og vegna

Ísraels míns hins útvalda. Já eg kallaði þig með þínu nafni og nefnda þig þá eð þú þekktir mig ekki. [5]Eg em DROTTINN og enginn annar, þar er og enginn Guð utan eg einn saman. [6]Eg hefi þig útbrynjað þá eð þú þekktir mig enn ei so að þeir viti bæði í frá uppgöngu sólarinnar og so í frá niðurgöngu sólarinnar það án mín sé ekki neitt. [7]Eg em DROTTINN og enginn annar, eg sem gjöri ljósið og skapa myrkrin, eg sem friðinn gef og skapa hið vonda. Eg em DROTTINN sem allt þetta gjörir.

[8]Drjúpi, þér himnar, ofan af og skýin þau rigni réttvísinni, jörðin lúki sig upp og framleiði hjálpræðið og réttvísin vaxi þar upp með einnin. Eg DROTTINN verka það.

[9]Vei þeim sem möglar í móti sínum Skapara, einkum sem er skurnið leirsins móti leirkerasmiðnum. Segir nokkuð leirinn til síns leirkerasmiðs: Hvað gjörir þú? Eigi auðsýnir þú þínar hendur á þínu verki. [10]Vei þeim sem segir til föðursins: Hvar fyrir hefur þú getið mig? Og til kvinnunnar: Hvar fyrir fæddir þú mig?

[11]So segir DROTTINN, sá Hinn Heilagi í Ísrael og hans meistari: Spyrjið mig að teiknum og vísið mínum börnum og verkum minna handa til mín. [12]Eg hefi jörðina gjört og manninn þar upp á skapað. Eg em hann hvers hendur að himininn hafa útbreitt og hefi öllum hans herskara boðið. [13]Eg hefi hann uppvakið í réttvísi og alla hans vegu mun eg jafnslétta gjöra. Hann skal mína borg uppbyggja og mína hertekna lausa láta, eigi fyrir peninga né fégjafir, segir DROTTINN Sebaót.

[14]So segir DROTTINN: Umsýslan egypskra og útvegir þeirra Blálendinga og svo þeir stóru mennirnir til Seba munu undirgefa sig þér og þínir eiginlegir vera. Þeir munu þér eftirfylgja, í járnböndum munu þeir ganga og fyrir þér munu þeir niðurkrjúpa og þig grátbæna. Því að Guð er hjá þér og þar er enginn annar Guð. [15]Sannarlegana þá ertu einn fólginn Guð, þú Guð Ísraels, þú lausnarinn. [16]En þeir afguðagjörendurnir hljóta allir til samans með skömm og smán að standa og allir með vanvirðu í burt að ganga. [17]En Ísrael mun frelsast fyrir DROTTIN, fyrir eina eilífa endurlausn og mun ei til skammar né til háðungar verða um aldur og ævi.

[18]Því að so segir DROTTINN, sá eð himininn hefur skapað, sá Guð sem jörðina hefur tilreitt og hana hefur gjört og útbúið og hefur ei gjört hana það hún skuli tóm vera heldur hefur hann tilbúið hana so það menn skulu þar upp á búa: Eg em DROTTINN og enginn annar, [19]eg hefi ei í leynum talað, út í myrkum stöðum jarðarinnar. Eg hefi ekki til sæðisins Jakobs forgefins sagt: Leita þú mín, það eg em DROTTINN sem réttvísina talar og kunngjöri það hvað rétt er.

[20]Safnist saman og komið hér fram, þér hetjur heiðinna þjóða sem ekki neitt vita og slæða sér fram með drumbum sinna skúrgoða og grátbæna þann guðinn sem þeim kann ekki að hjálpa. [21]Kunngjörið það og komið hér fram og takið ráð til samans. Hver hefir látið segja þetta fyrir í frá forðum tíðum og þá þegar kunngjört það sama? Hefi eg, DROTTINN, ekki gjört það? Og þar er enginn annar Guð utan eg alleina, einn réttlátur Guð og Hjálpari, og án mín er þar enginn. [22]Snúist til mín, þá munu þér hjálplegir verða, allar ættir jarðarinnar, því að eg em Guð og enginn annar. [23]Eg sver við sjálfan mig og eitt orð réttlætisins út gengur af mínum munni, þar skal það við blífa: Fyrir mér skulu sig beygja öll kné og allar tungur sverja og segja: [24]Í DROTTNI hefi eg réttlæti og styrkleik. Slíkir munu og einnin til hans koma. En þeir allir sem honum í móti standa hljóta til skammar að verða. [25]Því að í DROTTNI mun réttlætast allt það sæðið í Ísrael og hrósa sér af honum.

46 Bel er niðurbeygður, Nebó er
niðurfallinn. Þeirra afguðir eru
villudýrunum og fénaðinum að hlut-
skipti vorðnir so að þeir af þeirra
byrðarþunga eru mæddir. [2]Já þeir
hrasa og beygja sig allir saman og
kunna ekki þeim byrgðarþunga af að
koma heldur gengur þeirra sála þar
undir svo sem að sé hún hertekin.
[3]Heyrið mér, þér af húsi Jakobs og
allir hinir eftirblífnu af húsi Ísraels, þér
hverja eg ber í mínu lífi og með hverja
eg geng. [4]Já eg mun bera yður allt til
ellidaga og þangað til að þér gráir af
hærum verðið. Eg vil gjöra það, eg vil
upphefja og bera og frelsa.
[5]Eftir hverjum myndið þér og hverj-
um samlíki þér mig þá? [6]Viður hvern
mæli þér mig þeim að eg skuli líkur
vera? Þeir hrista gullið úr pyngjunum
og vega þar út silfrið með voginni og
gjalda laun gullsmiðnum það hann
gjörir einn guð þar út af, fyrir hverjum
að þeir hnékrjúpa og tilbiðja. [7]Þeir taka
hann upp á herðarnar og bera hann og
setja hann á sinn stall. Þar stendur
hann og kemst ekki í burt úr sínum
stað. Kallar nokkur til hans þá andsvar-
ar hann ekki og hjálpar honum ei í burt
úr sinni ánauð.
[8]Minnist þó á þetta og verið stað-
fastir. Þér misgjörðamenn, hverfið aft-
ur í sjálfs yðar hjarta. [9]Hugsið um það
hvað forðum var hinnar fyrri ævinnar
því að eg em Guð en enginn annar, sá
Guð þess líki að hvergi er, [10]eg sá sem
áður til forna kunngjöri það hvað hér
eftir á koma skal, áður fyrri en það sker
þá segi eg það fyrir. Minn ásetningur
stendur stöðugur og eg gjöri allt hvað
mér vel þóknast. [11]Eg kalla einn fugl úr
austrinu og einn mann sem mína vild
man gjöra úr fjarlægu landi. Hvað eg
segi, það framkvæmi eg einnin, hvað
eg hugsa það gjöri eg einnin.
[12]Heyrið mér, þér stolthjartaðir, þér
sem langt eruð frá réttlætinu. [13]Eg hefi
mitt réttlæti hér nærri látið vera so að
það er ekki fjærri og mitt hjálpræði það
dvelst ekki við. Því að eg mun til Síon
hjálpræðið gefa og í Ísrael mína dýrðar-
vegsemd.

47 Stígðu niður, jungfrú, þú
dótturin Babýlon, settu þig í
moldarduft, settu þig á jörðina niður.
Því að dótturin þeirra Chaldeis hefur
öngvan stól lengur. Þú munt og ei meir
kölluð vera hin prýðilega og lystilega.
[2]Tak þú kvernina og malaðu mjölið,
útgreittu þínar hárfléttur og lát beran
þinn fót og sýn þína sköflunga, vattu
vatnið [3]so að þinn leyndarlimur í ljós
látist og þín smán sjáist. Eg mun hefna
mín og enginn maður skal fá beðið þess
af mér. [4]Svoddan gjörir vor lausnari,
hver að heitir DROTTINN Sebaót, sá Hinn
Heilagi í Ísrael. [5]Settu þig í leynið, gakk
þú inn í myrkrin, þú dótturin Chaldeis,
því að þú skalt ei lengur kallast drottn-
ing yfir kóngaríkjunum. [6]Því að þá að
eg var reiður viður mitt fólk og eg
óvirti mína arfleifð yfirgaf eg þá í þína
hönd. En þú sýndir þeim öngva mis-
kunnsemi og einni yfir hina gömlu
gjörðir þú þitt ok of þungt [7]og hugsaðir:
„Eg em ein drottning eilíflegana.“ Þú
hefur hingað til ekki sett þér þetta so til
hjarta og ekki hugsað eftir því hvernin
það skyldi með þeim hér eftir á seinna
meira verða.
[8]So heyr nú þetta, þú sem í sælgæti
lifir og so athugalaus situr og segir í
þínu hjarta: Eg em og engin önnur. Eg
mun engin ekkja verða né óbyrja vera.
[9]En svoddan mun þér hvorttveggja
bráðlega koma á einum degi það þú
sért bæði ekkja og óbyrja, já fullkom-
legana munu þeir yfir þig koma fyrir
sakir fjölda þinna galdramanna og
vegna þinna særingarmanna, þeirra eð
mikill flokkur er hjá þér. [10]Því að þú
hefir treyst upp á þína illgirni þá eð þú
hugsaðir: Þeir sjá mig ekki. Þín speki og
kænska hefur fyrirkomið þér og þú
segir í þínu hjarta: Eg em og engin önn-

ur. [11]Þar fyrir mun yfir þig koma ein ógæfa so þú veist ei hvenær hún brýst hér fram og eitt slys mun yfir þig falla við hvert þú munt ekki kunna að skiljast því að þar mun skyndilegana ein styrjöld yfir þig koma það þú átt ei von.

[12]Svo gakk hér nú fram með þína særingarmenn og með þann flokkinn þinna galdramanna meðal hverra eð þú hefur erfiðismenn haft í frá barnæsku þinni, hvort þú kynnir nokkuð ráð að finna og hvort þú gætir eflt þig það þú ert þreytt af fjöldanum þinna ráðagjörða. [13]Lát hér fram koma og þér hjálpa meistarana himintunglagangsins og þá stjörnulistarmennina sem eftir tunglkomunum reikna hvað yfir þig mun koma. [14]Sjá þú, þeir eru sem annað hálmstrá það eldurinn uppbrennir, þeir kunna ei sitt líf að frelsa fyrir þeim eldsloganum. Því að það mun ekki vera sem eldsglóð þar ed menn verma sig við eður sá eldur er menn mega í kringum sitja, [15]so eru þeir þínir keppinautar á meðal hverra eð þú hefur erfiðismuni haft í frá barnæsku þinni og hver þeirra einn munn sinn veg hingað og þangað í burt ráfa og þú munt öngva hjálp hafa.

48 Heyrið það, þér af húsi Jakobs, þér sem heitið að nafni Ísrael og út af vatninu Júda útrunnir eruð, þér sem sverjið við nafnið DROTTINS og minnist þess Guðs í Ísrael en þó ekki í sannleika né réttlæti, [2]því að þeir nefna sig út af þeirri heilagri borg og meta sig út af Guði Ísrael sem heitir DROTTINN Sebaót: [3]Eg hefi áður fyrr kunngjört þetta hið ókomna, út af mínum munni er það framkomið og eg hefi látið það segja. [4]Eg gjöri það einnin skyndlega að það komi því að eg veit að þú ert harðúðigur og þinn hnakki er ein járnæð og þitt enni af kopar. [5]Eg hefi kunngjört þér það fyrirfram og eg hefi látið segja þér það áður en það kemur upp á það að þú kunnir ekki að segja: Minn afguð hann gjörir það og mín líkneskja og skúrgoð hefur so boðið það. [6]Þetta heyrir þú og sér það og hefur þó ekki kunngjört það. Því að eg hefi áður fyrir fram nokkuð nýlegt látið þér segja og það hvað hulið var og þú vissir ekki. [7]Nú er það skapað en ei þá og ekki einum degi áður hefur þú þar út af heyrt upp á það þú kunnir ei að segja. Sjá þú, það vissa eg vel [8]því að þú heyrðir það ekki og vissir það einnin ei og þitt eyra var í það sinn ekki upplokið. En eg vissa vel að þú mundir fyrirlíta það og ert því kallaður einn yfirtroðslumaður í frá móðurlífi.

[9]Af því eg em fyrir míns nafns sakir biðlundargóður og fyrir minnar dýrðar sakir mun eg umlíða það til góða við þig so að þú verðir ei afmáður. [10]Sjá þú, eg mun hreinsa þig en ei sem silfur heldur mun eg gjöra þig útvaldan í ofni fátæktarinnar minna vegna, [11]já fyrir mínar sakir mun eg gjöra það so að eg verði ekki lastaður, það mína dýrð vil eg öngum gefa. [12]Heyr þú mig, Jakob, og þú Ísrael, hvern eg hefi kallað: Eg em hann, eg em sá fyrsti og einnin síðasti. **Opinberanir 1:17, 22:13** [13]Mín hönd hefur jörðina grundvallað og mín hægri hönd hefur himininn metið. Hvað eg kalla það stendur allt þar. Samansafnið yður allir og heyrið.

[14]Hver er þar á meðal þessara sem þetta kann að kunngjöra? DROTTINN elskar hann, þar fyrir mun hann og augsýna hans vilja viður Babýlon og hans armlegg viður þá Chaldeos. [15]Eg, já, eg hefi sagt það, eg hefi kallað hann, eg mun han og einnin koma láta og hans vegir skulu honum vel einnin lukkast. [16]Gangið hingað til mín og heyrið þetta. Eg hefi ekki í leyndum það áður fyrir fram talað, síðan það var talað var eg þar. Og nú sendir DROTTINN GUÐ mig og sinn Anda.

[17]So segir DROTTINN, þinn lausnari, sá Hinn Heilagi í Ísrael: Eg em DROTTINN Guð þinn hver eð þér kennir það hvað nytsamlegt er og leiðir þig upp á þann

veginn eð þú gengur. [18]Eg sæi gjarnan
að þú gættir að mínum boðorðum, þá
mundi þinn friður vera sem vatns-
straumur og þitt réttlæti sem bylgjur
sjávarins[19]og þitt sæði mundi vera sem
ægisandur og ávöxturinn þíns kviðar
so sem smásteinar sandsins, hvers nafn
að ekki mun afmáð né afskafið verða
fyrir mér.
[20]Gangið út af Babýlon, flýið í burt frá
þeim Chaldeis með gleðinnar raust,
kunngjörið það og látið heyra svoddan
og flytjið það út allt til veraldarinnar
enda. Segið það DROTTINN hafi frelsað
Jakob. [21]Þeir höfðu öngvan þosta þá eð
hann leiddi þá í eyðimörkinni, hann lét
þeim vatnið úr hellusteininum fram-
fljóta, hann í sundurklauf það hellu-
bjargið svo að þar spratt fram vatn.
[22]En hinir óguðlegu, segir DROTTINN,
hafa öngvan frið.

49 Heyrið mér, þér eyjarnar, og
þér fólkið sem í fjarska eruð,
hyggið að því. DROTTINN hefur mig kall-
að í frá móðurkviði, hann hefur minnst
míns nafns þá eð eg var enn í
móðuriðrum. [2]Og hann hefur minn
munn gjört sem eitt hvasst sverð, með
skugganum sinnar handar hefur hann
hulið mig. Hann hefur gjört mig að
einu ágætu skeyti og látið mit í sitt
pílnakoffur [3]og segir til mín: Þú ert
minn þjón, Ísrael, fyrir hvern að eg vil
prísaður verða. [4]En eg hugsaði eg erfið-
aði forgefins og fyrirkæma so mínum
styrkleika fyrir ekki og til ónýtis þó að
mitt málefni sé DROTTINS og mitt emb-
ætti míns Guðs.
[5]Og nú segir DROTTINN, sá eð mig í frá
móðurkviði hefur fyrirbúið til síns
þjóns, það eg skuli snúa Jakob til hans
so það Ísrael verði ekki í burt tekinn.
Þar fyrir em eg vegsamlegur í augsýn
DROTTINS og minn Guð er minn styrk-
leiki [6]og segir: Það er of lítið að þú sért
minn þjón til að upprétta þær kynkvísl-
irnar Jakob og það hið tapaða af Ísrael
aftur að hafa heldur hefi eg gjört þig til
ljóssins heiðinna þjóða so að þú sért
mitt hjálpræði allt til veraldarinnar
endimarka.
[7]So segir DROTTINN, endurlausnarinn
Ísraels, hans Hinn Heilagi til fyrirlitina
sálna, til þess viðurstyggilega fólksins,
til þess þjónsins sem á meðal víking-
anna er: Kóngarnir skulu sjá það og
uppstanda og höfðingjarnir skulu til-
biðja vegna DROTTINS sem trúlyndur er
vegna þess Hins heilaga í Ísrael sem þig
hefur útvalið.
[8]So segir DROTTINN: Í þakknæman
tíma heyrða eg þig og á degi hjálpræð-
isins hjálpaði eg þér og varðveitta þig
og setta þig til sáttmála meðal fólksins
so að þú uppréttir landið og að þér tæk-
ið þá eyddu arfleifðina, [9]til að segja
þeim herteknu: Farið út héðan, og til
þeirra í myrkrunum: Komið hér fram,
so að þeir fái sér fæðu á veginum og
hafi sína fæðslu á öllum upphæðum.
[10]Þá mun hvorki hungra né þyrsta, so
mun þá einnin enginn hiti né sól
brenna. Því að þeirra miskunnari mun
þeim leið segja og mun leiða þá til vats-
brunnanna. [11]Eg mun öll mín fjöll að
vegum gjöra og mínir fótstígir skulu
þjóðbrautir vera. [12]Sjá þú, þessir munu
af fjarlægð hér koma og sjá þú, hinir af
norðrinu og þessir af sjávarhafinu og
hinir af landinu Simín.
[13]Lofsyngi, þér himnar, gleð þig, jörð,
þér fjölllin, syngið hátt lof, það
DROTTINN hefur huggan veitt sínu fólki
og miskunnað sínum fátækum.
[14]En Síon segir: „DROTTINN hefur yfir-
gefið mig, DROTTINN hann hefur for-
gleymt mér.“ [15]Hvort kann konan
nokkuð að forgleyma sínu barni so að
hún sjái ekki aumur á syni síns kviðar?
Og þó að hún forgleymi því sama þá vil
eg þó ekki þér forgleyma. [16]Sjá þú, í
höndunum hefi eg teiknað þig, þínir
múrveggir eru jafnan fyrir minni aug-
sýn, [17]þínir uppbyggendur munu flýta
sér. En þínir spillendur og foreyðslu-

menn munu taka sig þar langt í frá.
18Upphef þú þín augu hér um kring og
sjá þú að allir þessir koma samansafn-
aðir til þín. So sannarlega sem eg lifi,
segir DROTTINN, þá skaltu með öllum
þessum líka sem með öðrum skrúða
klædd verða og þú munt taka þá um
kring þig sem aðra brúði 19það þitt hið
foreydda og í sundurdreifða og það
niðurbrotna land mun þér þá of þröngt
verða til að byggja þar inni. Þá nær eð
þínir fordjörfunarmenn þeir koma
langt í burt frá þér 20so það synir þíns
óbyrjuskapar munu enn framar segja
fyrir þínum eyrum: „Sá staðurinn er
mér of þröngur. Far þú í burt betur so
að eg megi hér búa.“ 21En þú munt segja
í þínu hjarta: „Hver hefur fætt mér
þessa? Eg em óbyrja, einsömun,
fordrifin og burtrekin. Hver hefur upp-
alið mér þessa? Sjá þú, eg var látin ein-
sömun, hvar voru þá þessir?“

22So segir DROTTINN GUÐ: Sjá þú, eg
mun upphefja mína hönd til heiðinna
þjóða og til fólksins mínu merki
útfleygja. Þá munu þeir þína sonu á
armleggjum hingað hafa og þínar dæt-
ur á herðunum hingað bera. 23Kóngarn-
ir skulu þínir forsvarsmenn og þeirra
drottningar þínar fósturmæður vera.
Þeir munu fyrir þér fram falla til jarðar
á ásjónuna og sleikja duftið þinna fóta.
Þá muntu það reyna að eg em
DROTTINN, á hverjum það ekki til
skammar verða þeir sem upp á mig
vona.

24Hvort verður nokkuð herfangið
tekið af einum öflugum risa eður
kunna nokkuð þess réttferðuga hans
bandingjar lausir að látast? 25Því að so
segir DROTTINN: Nú skulu bandingjarnir
frá þeim risanum lausir verða og það
herfangið af hinum öfluga leyst verða.
Og eg mun þínum mótstöðumönnum
mótstöðu veita og þínum börnum
hjálpa. 26Og eg mun þína áþjánaðar-
menn mata með þeirra eigin holdi og
þeir skulu af sínu eigin blóði (líka sem
að öðru sætu víni) drukknir verða. Og
allt hold skal formerkja það eg em
DROTTINN og þinn lausnari, sá Hinn
megtugi í Jakob.

50 So segir DROTTINN: Hvar er það
skilnaðarbréfið yðrar móður
það eð eg yfirgaf hana með eður hver
er minn lánadrottin það eð eg hefi selt
yður? Sjáið, þér eruð fyrir yðra synda
sakir í burt seldir og yðvar móðir er
fyrir yðvara misgjörða sakir yfirgefin.
2Hvar fyrir kom eg og þar var enginn?
Eg kallaði og enginn svaraði. Hvert er
mín hönd nú so stutt orðin það hún
kann ekki að frelsa eða hvert er þar
enginn kraftur hjá mér til að endur-
leysa? Sjáið, með minni ávítan upp-
þurrka eg sjávarhafið og gjöri vatsflóð-
in sem aðra eyðimörk so að þeirra
fiskar af þroti vatsins deyja af þorsta og
úldna so upp. 3Eg klæði himininn með
myrkrinu og gjöri hans skýling sem
annan sekk.

4DROTTINN GUÐ hefur gefið mér vel
lærða tungu so það eg viti í réttan tíma
að tala við þá sem mæddir eru. Hann
uppvekur mig alla morna, hann vekur
mitt eyra so það eg heyri sem annar
lærisveinn. 5DROTTINN GUÐ hefur opnað
mitt eyra og eg em ei óhlýðugur og
geng ekki til baka aftur. 6Eg sneri mínu
baki til þeirra sem mig slógu og mína
kinnvanga að þeim sem mig reyttu.
Mína ásjónu byrgða eg ekki fyrir for-
smán og hrákum. 7Því að DROTTINN GUÐ
hjálpar mér, þar fyrir verð eg ekki til
skammar. Af því hefi eg og mína ásjónu
fram boðið sem annan harðan stein
það eg veit að eg verð ekki til skammar.
8Hann er hartnærri sem mig réttlætir,
hver vill þrátta við mig? Látum oss
ganga til samans. Hver er sá eð mig
áklagar? Komi hann hingað til mín. 9Sjá
þú, DROTTINN GUÐ hjálpar mér, hver er
sá eð mig vill dæma? Sjá þú, þeir munu
allir saman fyrnast upp sem annað
klæði og mölurinn mun uppéta þá.

[10]Hver er þar á meðal yðar sá eð óttast DROTTIN, hann sem hlýðir raustinni síns þénara, sá í myrkrunum gengur og lýsir honum ekki? Voni sá upp á nafn DROTTINS og treysti upp á sinn Guð. [11]Sjáið þér allir saman sem þann eldinn uppkveikið, með loganum umvafðir, gangið í ljósinu eldsins yðvars og í þeim loganum sem þér hafið uppkveikt. Svoddan skeður yður af minni hendi: Í harmkvælum munu þér liggja.

51 Heyrið mér, þér sem stundið eftir réttlætinu, þér sem leitið DROTTINS. Lítið á það hellubjargið sem þér eruð af höggnir og á gröfina þess brunnsins sem þér eruð út af grafnir. [2]Álítið Abraham, yðvarn föður, og Saru af hverri þér eruð fæddir. Því að eg kallaði hann þá eð hann var einn saman og blessaði hann og ávaxtaði hann. [3]Því að DROTTINN hughreystir Síon, hann hughreystir allar hennar óbyggðir og hennar óbyggðir gjörir hann so sem sína jurtragarða og hennar sléttlendi sem aldingarð DROTTINS þar inni að fundin verður gleði og fögnuður, þakkargjörð og lofsöngur.

[4]Hyggið að mér, mitt fólk, heyrið mig, mínir menn, því að út af mér mun eitt lögmál ganga og minn dóm mun eg setja snart lýðnum til ljóssins. [5]Því að mitt réttlæti er hartnærri, mitt hjálpræði það dregur út og mínir armleggir munu fólkið dæma, eyjarnar vona upp á mig og hafa vakt á mínum armlegg. [6]Upphefjið yðvar augu til himins og sjáið niður á jörðina því að himinninn mun sem reykur forganga og jörðin sem annað klæði fyrnast og þeir sem þar á búa munu í burt deyja so sem það annað. En mitt hjálpræði blífur eilíflegana og mitt réttlæti mun eflaust vera.

[7]Heyrið mér, þér sem réttlætið vitið, þú það fólkið í hverra hjörtum að mitt lögmál er. Óttist ekki þá nær eð menn vanvirða yður og hræðist ekki þó að þeir gjöri yður efasama [8]því að mölurinn mun fortæra þeim sem öðru klæði og maðkurinn mun upp éta þá sem aðra ullþurrku. En mitt réttlæti blífur eilíflegana og mitt hjálpræði um aldur og ævi.

[9]Hef þig upp, hef þig upp, íklæðstu styrkleikanum, þú armleggur DROTTINS, hef þig upp so sem forðum daga hinnar fyrri ævi. Ertu ekki sá sem slóst hina dramblátu og særðir þann drekann? [10]Ertu ei sá sem það sjávarhafið þeirra miklu og djúpu vatnanna uppþurrkaðir og sá sem grunnið sjávarins gjörðir að vegi so það hinir frelsuðu gengu þar í gegnum? [11]Líka so munu þeir hinir endurleystu DROTTINS aftur snúa og til Síon koma meður lofsöng og eilífur fögnuður mun á þeirra höfðum vera. Gleði og unaðsemd munu þeir höndla en sorg og andvarpan mun í burt frá þeim flýja.

[12]Eg, eg sjálfur er yðvar hugsvalari. Hver ertu þá að þú hræðist fyrir manninum, þeim að dauðlegur er, og fyrir mannanna sonum, þeir eð fortærast líka sem annað hey, [13]og forgleymir DROTTNI, þeim sem þig hefur gjört, hver eð himininn útbreiðir og jörðina grundvallar. En þú ert iðuglega hræddur um þig alla daga fyrir grimmdarreiði þess fordjörfunarvíkings nær eð hann ásetur sér að fordjarfa. Hvað varð af þeirri heiftarbræðinni þess fordjörfunarmannsins? [14]Þá eð hann hlaut að flýta sér og um kring að hlaupa so að hann gæfi þá lausa og að þeir dæi ei niður undir þeirri fordjörfuninni, höfðu og einnin öngvan brest á brauðinu? [15]Því að eg em DROTTINN þinn Guð sem uppæsir það sjávarhafið so að þess bylgjur upp þjóti, hans nafn heitir DROTTINN Sebaót. [16]Eg legg mitt orð í þinn munn og skýli þér undir skugga minna handa upp á það eg rótsetji himininn og grundvalli jörðina og segi til Síon: „Þú ert mitt fólk.“ [17]Vakna þú, vakna þú, statt upp Jerúsalem, þú sem af hendi DROTTINS kaleikinn hans

grimmdarreiði hefur drukkið. Dreggina þess hrösunarkaleiksins þa hefur þú útdrukkið og þá dropana útstopið. 18Það var ei neitt af öllum hennar börnum sem hún hafði fætt það hana leiddi og ekki neitt af öllum þeim börnum sem hún hefur uppalið sem tæki í hennar hönd. 19Þetta tvennt hefur þér á móti komið, hver bar harm meður þér? Þar var foreyðsla, skaði, hungur og sverð, hver skyldi hugsvala þér? 20Þín börn voru farin í sulti, þau lágu á öllum strætum líka sem annar fjötraður skógaruxi, full af reiði DROTTINS og út af straffi þíns Guðs.

21Þar fyrir heyr þú þetta, þú hin fátæka og fordukkna án víns. 22So segir þinn yfirdrottnari, DROTTINN sjálfur, og þinn Guð sem hefnir síns fólks: Sjá þú, eg tek þinn hrösunarkaleik í burt af þinni hendi ásamt með þeirri dregginni þess kaleiksins minnar reiði. Þú skalt ekki lengur drekka þann hinn sama 23heldur mun eg gefa hann í hönd þinna niðurnarmanna, þeir eð segja til þinnar sálar: „Beyg þú þig niður so að vér göngum fram yfir þig og legg þinn hrygg á jörðina niður so að vér göngum þar upp á sem öðrum vegi.“

52 Statt upp, statt upp, Síon, íklæð þig þínum styrkleika, íklæð þig þínum dýrðarskrúða, þú hin heilaga borg Jerúsalem því að þar mun héðan í frá enginn óumskorinn eður óhreinn ríkja í þér. 2Haf þig í burt úr moldarduftinu, statt upp, þú hin hertekna Jerúsalem, leystu þig burt úr þínum hálsböndum, þú hin hertekna dótturin Síon.

3Því að svo segir DROTTINN: Þér eruð fyrir ekki neitt í burt seldir, þér skuluð og einnin án peninga endurleystir verða.

4Því að so segir DROTTINN GUÐ: Mitt fólk fór í fyrstu ofan í Egyptaland so að það væri þar framandi gestur og Assúr gjörði því ofríki fyrir utan sök. 5En hvernin verður nú hér við mig gjört? segir DROTTINN. Mitt fólk er burt vent fyrir ekkert, þeirra yfirdrottnarar gjöra ekki utan kveinan, segir DROTTINN, og mitt nafn verður daglegana æ meir og meir lastað. 6Þar fyrir skal mitt fólk meðkenna mitt nafn, á þeim sama tíma það sjá þú, sjálfur vil eg tala.

7Ó hversu ljúflegir eru á fjöllunum fæturnir þeirra sendiboðanna sem friðinn kunngjöra, gott prédika og hjálpræðið boða! Þeir sem til Síon segja: „Þinn Guð er kóngur.“ 8Þínir vökumenn kalla hátt með sínum hljóðum og gleðjast til samans því að þeir munu það með augum sjá þá eð DROTTINN umvendir Síon. 9Fagnið og gleðjist allir til samans, þér sem búið í þeirri foreyddu Jerúsalem því að DROTTINN hefir huggað sitt fólk og endurleyst Jerúsalem. 10DROTTINN hefir augsýnt sinn heilagan armlegg fyrir augsýn allra heiðinna þjóða og það öll endimörk veraldarinnar skulu sjá það hjálpræðið vors Guðs.

11Víkið frá, víkið frá, farið í burt þaðan og áhrærið ekki neitt saurugt, gangið út af henni, hreinsið yður, þér sem berið kerin DROTTINS, 12því þér skuluð ekki með flýti út fara né með flótta á burt ganga því að DROTTINN mun ganga frammi fyrir yður og Guð Ísraels mun samansafna yður.

13Sjá þú, minn þjón mun forsjállega breyta og hann mun forhefjast og mjög hátt upphafinn vera 14so það margir munu hneykslast á honum af því að hans ásjóna er viðurstyggilegri heldur en annarra manna og hans yfirlitur heldur en mannanna sona. 15En hann mun með þessu afleysa margar þjóðir so það einnin kóngarnir muni sínum munni saman halda fyrir honum. Því að það sem ekkert er þar af kunngjört þeir sömu munu sjá það með fagnaði og hinir sem þar hafa ekki neitt út af heyrt þeir munu merkja það.

53 En hver trúir vorri prédikan og hverjum verður armleggur DROTTINS opinberaður? **Johannis 12:38, Rómvjerar 10:16** [2]Því að hann sprettur upp fyrir honum líka sem víðirunnur og so sem önnur rót úr þurru landi. Hann hefir öngvan yfirlit né fegurð. Vér sáum hann og þar var ekkert álit so að vér hefðum mátt girnast hans, [3]hann var sá hinn allra fyrirlitnasti og hinn forsmánarlegasti, fullur af sorg og krankleik, so var hann forsmáður að menn byrgðu sína ásjónu fyrir honum, þar fyrir öktuðum vér hann einskis. **Marcus 9:12**

[4]Sannarlega þá bar hann var krankdæmi og vorum hryggðum hlóð hann upp á sig. En vér héldum hann fyrir þann sem plágaður var og af Guði væri sleginn og píndur. **Mattheus 8:17** [5]En fyrir vorra misgjörða sakir er hann særður og fyrir vorra synda sakir er hann lemstraður. Hegningin hún liggur á honum upp á það vér hefðum friðinn og fyrir hans benjar erum vér heilbrigðir vorðnir. **1.Corintios 15:3, 1. Pétur 2:24**

[6]Vér fórum allir villt sem sauðir, hver einn þá rásaði sína götu en DROTTINN lagði allar vorar syndir upp á hann. [7]Þá hann varð straffaður og píndur upplauk hann ei sínum munni líka sem lamb það til dráps er leitt og so sem sá sauður eð þegir fyrir þeim eð rýir hann og upplýkur ei sínum munni. **Mattheus 27:13 Marcus 14:61, 15:5** [8]En úr þeirri angist og þeim dómi er hann í burt numinn, hver mun lengd hans lífdaga mega út segja? Því að hann er af jörðu lifandi manna í burt slitinn þá eð hann fyrir misgjörða sakir míns fólks plágaður **Postulanna Gjörningar 8:32-33** [9]var og er greftraður líka sem sá hinn óguðlegi og deyði eins líka og hinn forríki, þó að hann hefði öngum órétt gjört og það engin svik væri fundin í hans munni. **1.Pétur 2:22** [10]En DROTTINN vildi so kremja hann niður með krankdæmi. Fyrst hann hefur nú sitt líf til syndoffurs útgefið þá mun hann sæði hafa og allt lengi lifa og DROTTINS áform mun fyrir hans hönd framganga. **Mattheus 26:54** [11]Þar fyrir að hans sála hefir erfiði drýgt mun hann fögnuð sjá og nægð hafa. Og fyrir sína viðurkenning mun hann, minn þjón sá hinn réttláti, marga réttláta gjöra það hann ber þeirra syndir. [12]Þar fyrir mun eg honum mikinn fjölda manna til býtis gefa og honum skulu hinir öflugu að herfangi skiptast, þar fyrir að hann hefur sitt líf í dauðann út gefið og er á meðal spillvirkjanna reiknaður og hann hefur margra syndir borið og hefur fyrir yfirtroðslumönnunum beðið. **Marcus 12:58, Lucas 22:37**

54 Vert glöð, þú hin óbyrja sem ekki fæðir, fagna þú af gleði og syng lof, þú sem ekki ert ólétt, því að hin einsama hefur fleiri börn en hún sem manninn hefur, segir DROTTINN. [2]Víkka þú út rúmið þinnar tjaldbúðar og útþen tjöldin þíns bústaðar, spar þú þau ekki, teyg þín reip út og keyr þína nagla fast, [3]það þú munt þig útbrjóta til hægri og vinstri handar og þitt sæði mun erfa heiðnar þjóðir og í þeim foreyddum stöðunum búa.

[4]Óttast ekki því að þú skalt ekki til skammar verða, vert eigi bljúg það þú skalt ei til háðungar verða heldur þá muntu þeirrar vanvirðunnar þíns meydóms forgleyma og smánina þíns ekkjudóms ekki meir hugleiða [5]því að hann sá eð þig hefur gjört, hann er þinn maður, DROTTINN Sebaót er hans heiti, og þinn endurlausnari sá Hinn heilagi í Ísrael, hann sem allrar veraldarinnar Guð verður kallaður. [6]Því að DROTTINN hefur látið þig í ryktinu vera það þú værir sem önnur fyrirlitin og af hjarta harmþrungin kvinna og sem aðra yngiskonu þá eð útrekin er, segir þinn Guð. [7]Eg yfirgaf þig á litlu augabragði en

með mikilli miskunnsemi þá vil eg samansafna þér. 8Eg hefi mitt andlit á augabragði reiðinnar um litla stund hulið fyrir þér en með eilífri miskunnsemi þá mun eg þér miskunnsamur vera, segir DROTTINN, þinn endurlausnari. 9Því að svodant skal mér vera so sem flóðið Noah þá eð eg svór að Noahflóð skyldi ekki meir ganga yfir jörðina. Líka so hefi eg svarið að eg skyldi ekki reiður upp á þig vera né þig straffa. 10Því að fjöllin skulu úr stað hrærast og hæðirnar niðurfalla en mín miskunnsemi skal ei burt frá þér víkja og sáttmálinn míns friðar skal ekki niðurfalla, segir DROTTINN, þinn miskunnari.

11Þú hin volaða, yfir hverja eð öll stórviðri ganga, og þú hin huggunarlausa, sjá þú, eg mun þína múrsteina leggja sem aðra fegurðarprýði og þinn grundvöll mun eg leggja með saphirissteina 12og þína vindglugga af christallus gjöra og þínar dyr af rubenis og öll þín endimörk af útvöldum steinum 13og öll þín af börn af DROTTNI menntuð og meðkenn frið þínum börnum. **Johannis 6:45** 14Þú skalt og fyrir réttlætið tilreidd verða. Þú munt fjarlæg vera ofríki og óréttindum so að þú þurfir ei þar fyrir að óttast og fyrir skelfingu því hún skal ekki nálægjast þig. 15Sjá þú, hver eð samansafnast á móti þér til að yfirfalla þig, ef að þeir samansafnast án mín? 16Sjá þú, því kem eg til vegar það smiðurinn blæs upp kolin í eldinum til að gjöra eitt verkfæri þar út af til síns smíðis. Því eg gjöri það að sá fordjarfarinn fyrirfarist. 17Því að allt verkfæri sem á móti þér verður tilreitt það skal ekki lukkast og allar tungur sem setja sig á móti þér þær skaltu í dómi fordæma. Það sama er arfleifðin þeirra þjónanna DROTTINS og þeirra réttlæti er af mér, segir DROTTINN.

55 Nú vel, allir þér sem þyrstir eruð, komið hingað til vatsins, og þér sem öngva peninga hafið, komið hingað, kaupið og etið, komið hingað og kaupið án peninga, fyrir ekki neitt, bæði vín og mjólk. 2Hvar fyrir telji þér peninga út þar ekki neitt brauð er og kostið þar yðru erfiði til hvar þér kunnið ekki saddir að verða? Heyri þér mér heldur og etið það góða, þá mun yðar sála í sælgæti feit verða. 3Hneigið yðar eyru hingað og komið hér til mín. Heyrið, þá mun yðvar sála lifa því að eg mun við yður eilíflegan sáttmála gjöra, einkum sem er þá vissulega náðina Davíðs. 4Sjá þú, eg hefi sett hann lýðnum til vitnismanns, til höfðingja og yfirboðara fólkinu. 5Þú munt hina heiðnu kalla hverja eð þú þekkir ei og þeir hinir heiðnu sem ekki þekkja þig munu hlaupa til þín vegna DROTTINS Guðs þíns og þess Hins Heilaga í Ísrael sem þig vegsamar.

6Leitið DROTTINS á meðan hann má finnast, kallið á hann á meðan hann er nálægur. 7Sá hinn óguðlegi láti af sínum vegi og illvirkinn af sinni hugsan og snúi sér til DROTTINS, þá mun hann miskunna honum, og til Guðs vors, því að í hjá honum er mikil fyrirgefning.

8Því mínar hugsanir eru ei sem yðrar hugsanir og yðrir vegir eru ei mínir vegir, segir DROTTINN. 9Heldur so miklu meir sem það himninninn er hærri en jörðin so eru einnin mínir vegir hærri en yðrir vegir og mínar hugsanir en yðrar hugsanir. 10Því að líka sem regnið og snjórinn það kemur af himni ofan og fer ei þangað aftur heldur vökvar það jörðina og hana frjóvsama gjörir og lætur vaxa so að hún gefur sæðið til að sá og brauðið til að eta, 11so skal það orðið sem út af mínum munni framgengur einnin vera: Það skal ekki tómt aftur til mín koma heldur gjöra það hvað mér vel þóknast og það skal vel gagnast þeim til hverra eg sendi það.

12Því að þér skuluð í gleðinni í burt fara og í friðinu út leiddir verða. Fjöllin og hálsarnir skulu fyrir yður glaðværir vera meður lofsöng og öll trén á mörk-

unum með lófaklappi. 13Grenið skal vaxa í staðinn þistlanna og myrrutréð í staðinn þyrnanna. Og DROTTNI skal það eitt nafn og eitt eilíft teikn vera það ekki mun í burt tekið verða.

56 So segir DROTTINN: Varðveitið dóminn og gjörið réttvísina því að mitt hjálpræði er hartnærri so að það komi og mitt réttlæti svo að það opinbert verði. 2Sæll er sá maður sem svodant gjörir og sá mannsins sonur sem það staðfastlega höndlar það hann haldi þvottdaginn og saurgi hann ei og varðveiti sínar hendur það hann gjöri ei neitt vondslegt.

3Og sá hinn framandi sem sig hefur undirgefið DROTTNI skal ei segja: „DROTTINN mun skilja mig í frá sínu fólki“ og sá sem geldur er skal ei segja: „Sjá þú, eg em eitt þurrt tré.“ 4Því að so segir DROTTINN til þeirra sem geldir eru, þeir eð halda mína þvottdaga og útvelja það hvað mér vel þóknast og höndla fast minn sáttmála: 5Þeim mun eg gefa rúm í mínu húsi og innan minna múrveggja og betra nafn en sonar og dóttur. Eilíflegt nafn mun eg gefa þeim það ei skal forganga. 6Og þeir annarlegir synir sem sig hafa gefið til DROTTINS so að þeir þjóni honum og elski hans nafn so að þeir sé hans þjónar, haldandi allir þvottdaginn so þeir saurgi hann ei og haldi fastlega minn sáttmála, 7þá sömu mun eg leiða til míns hins heilaga fjalls og mun gleðja þá í mínu bænahúsi so að þeirra fórnir og brennioffur skulu mér þakknæmar vera á mínu altari. Því að mitt hús kallast bænahús öllu fólki. **Mattheus 21:13, Marcus 11:17, Lucas 19:46** 8Sá DROTTINN GUÐ sem hina í sundurdreifðu af Ísrael samansafnar hann segir: Eg mun enn fleirum safna til þeirra sem samansafnaðir eru.

9Öll dýrin á mörkinni, komið og étið, já öll dýrin í skóginum. 10Allir þeirra vökumenn eru blindir. Þeir vita alls ekki, hljóðalausir hundar eru þeir sem ekki kunna um að vanda, eru latir, liggja og sofa gjarnan, 11en eru þó sterkir og hraustir hundar sem aldrei kunna saddir að verða. Sjá, hirðarnir hafa öngvan skilning, hver þeirra sem einn hnígur að sínum sjálfs vegi, hver þeirra dregur að sér í sinni stétt. 12„Komið hingað, látum oss vínið sækja og drekkum oss drukkna og á morgun skal það vera so sem í dag og enn miklu framar!“

57 En sá hinn réttferðugi tortýnist og þar er enginn sem það hugleiði í sínu hjarta og heilagir menn verða í burt teknir og enginn hyggur að því. Því að hinir réttferðugu verða burt teknir frá ógæfunni 2og þeir sem réttferðuglega hafa gengið koma til friðar og hvílast í sínum svefnhúsum.

3Og þér komið hingað, þér synir hennar sem dagana útvelur, þér sæðið hórkonunnar og skækjunnar. 4Á hverjum vilji þér nú yðra lysting hafa? Að hverjum vilji þér nú skæla yðvarn munn og tunguna útrétta? Hvort eru þér ekki þeir synirnir yfirtroðslunnar og það falslega sæðið? 5Þér sem í hitagirndinni hlaupið til afguðanna undir öll blómguð tré og drepið sjálfs yðvar börn við lækina, undir steinklettunum. 6Þín umsýslan er við þá flötu lækjarsteinana, þeir hinir sömu eru þín hlutdeild, á þá sömu úthellir þú þínu drykkjaroffri þar eð þú fórnar mataroffur. Skyldi eg hugga mig hér við? 7Þú gjörir þitt legurúm upp á einu mjög hávu fjalli og þú gengur upp þangað að offra þínar fórnir 8og fyrir aftan dyrnar og á bak við dyrastafina setur þú þína minning það þú veltir þér frá mér og gengur upp þangað og gjörir þitt legurúm vítt og bindur þinn sáttmála viður þá. Þú elskar þeirra legurúm hvar sem þú sér þau. 9Þú reisir með viðsmjör til kóngsins og hefir allsháttuð smyrsl og sendir þína sendiboða langt í burt og ert so niðurlægð allt til helvítis. 10Þú

ómakar þig í fjöldanum þíns vegar og segir ekki: „Það læt eg“ heldur á meðan þú finnur líf í þinni hendi þá muntu ei mæðast.

[11]Fyrir hverjum syrgir þú og óttast so mjög fyrst að þú fer þó með lygar og hugsar ekki til mín og tekur þér það ekki til hjarta? Þenkir þú að eg muni allt jafnt þegja það þú so gjörvaldlegana óttast mig ekki? [12]En eg mun þitt réttlæti kunnigt gjöra og þín verk að þau skulu þér engin nytsemi vera. [13]Nær að þú kallar þá láttu þinn flokk hjálpa þér. En vindurinn mun þeim öllum í burt svipta og hégóminn mun í burt taka þá. En hver hann treystir á mig sá mun landið erfa og eignast mitt hið heilaga fjall [14]og mun segja: Gjörið veguna, gjörið veguna, rýmið út veginn, takið burt þær forhindranir af veginum míns fólks. [15]So segir sá Hinn hávi og hann að upphafinn er, sá að eilíflegana býr, hvers nafn að heilagt er, eg sá sem í hæðunum og í helgidóminum byggir og í hjá þeim sem hafa sundurknosaðan og lítillátan anda svo að eg lífgi andann hinna lítillátu og hjörtun þeirra í sundurmörðu. [16]Eg mun ei þrátta með jafnaði og ekki reiðast ævinlegana heldur skal hlýrandi af mínu augliti blása og eg mun hægan andardrátt gjöra. [17]Eg var reiður fyrir sakir ranginda þeirra ágirndar og sló þá, geymda mig og varð reiður. Þá ráfuðu þeir hingað og þangað á veginum síns hjarta. [18]En þá að eg áleit þeirra vegu græddi eg þá og vísaði þeim leið og hugsvalaði þeim sem hörmuðu hina. [19]Eg mun tilreiða ávöxtinn þeirra vara þær að prédika. Frið, frið, bæði þeim sem fjarlægir eru og svo þeim sem nálægir eru, segir DROTTINN, og eg mun lækna þá.

[20]En hinir óguðlegu eru sem uppþjótandi sjór sá að ei kann kyrr að vera og þess bylgjur að útkasta saur og óhreinindum. [21]Hinir óguðlegu hafa öngvan frið, segir minn DROTTINN.

58 Kalla þú í ákefð, væg eigi, upphef þína raust sem herlúður og kunngjör mínu fólki þeirra misgjörðir og því húsinu Jakobs sínar syndir. [2]Þeir leita mín daglega og vilja vita mína vegu sem fólk að réttvísina gjörir og dóminn síns Guðs hefur ekki yfirgefið. [3]Þeir krefja mig til dóms og vilja þreyta lög við þeirra Guð. Hvar fyrir þá föstum vér og þú álítur það ekki? Hvar fyrir þjáum vér so vort líf og þú vilt eigi vita það? [4]Sjáið, nær þér fastið þá gjöri þér yðvarn vilja og þvingið alla yðra skuldamenn. Sjáið, þér fastið að þér deilið og þrætið og ryskist með hnefunum óguðlegana. Fastið ei so sem þér fastið nú so að af yður heyrt verði eitt kall í upphæðirnar. [5]Og skyldi það vera sú fasta hverja eg skyldi útvelja það maðurinn þvingi allan dag sitt líf eður hengi niður höfuðið sem hálmstrá eður liggi í sekk og ösku? Vilji þér kalla það föstu og þann þakknæmilegan dag DROTTINS?

[6]En það er sú fasta sem eg útvel: Láttu þá liðuga sem þú hefur með rangindum í bönd sett, lát lausa sem þú of þyngir, gef þá frjálsa sem þú þrengir, slít í burt allan ofurþunga. [7]Brjót þú hungruðum þitt brauð og innleið þá sem volaðir eru í þitt hús. Sér þú nokkurn nakinn þá klæð þú hann og óvirð ekki þitt eigið hold. [8]Þá mun þitt ljós hér frambrjótast sem morgunroði og þín forberan mun snarleg aukast og þitt réttlæti mun ganga fram fyrri þér og dýrðin DROTTINS mun taka þig til sín. [9]Þá muntu kalla og DROTTINN mun þér þá andsvar gefa. Þá að þú kallar þá mun hann segja: Sjá þú, hér em eg. Ef að þú þyngir öngvan hjá þér og beinir ei fingri að neinum og talar eigi neitt vondslegt [10]og lætur hinn hungraða finna þitt hjarta og mettar svo þá hinu fáráðu sálu þá mun þitt ljós í myrkrunum upprenna og þín myrkur munu vera sem miðdegisbirta. [11]Og DROTTINN mun þér ætíð veg vísa og þína sálu seðja í þurrkinum og þín bein styrkja.

Og þú munt vera sem annar vökvaður jurtragarður og sem annar uppsprettubrunnur þann aldrei þrýtur vatn. [12]Og fyrir þig skal uppbyggt verða hvað lengi hefur í eyði verið og þú munt þann grundvöll leggja sem standa mun um aldur og ævi og þú skalt kallast uppbyggjari niðurfallinna borga og sá að vegina forbetrar so að þar megi búa.

[13]Ef að þú burtsnýr þínum fæti frá þvottdeginum soa að þú gjörir ekki hvað þú vilt sjálfur á mínum heilögum degi þá mun það lystilegur þvottdagur kallast, DROTTNI til helgunar og dýrkunar. Því að þá muntu veglegan halda þann sama nær að þú gjörir ekki þína vegu og að það verði ekki þar inni fundið hvað þér sjálfum vel líkar eða það hvað þú talar. [14]Þá muntu unaðsemd hafa á DROTTNI og eg mun hafa þig upp yfir hæðir jarðarinnar og mun fæða þig meður arfleifð þíns föðurs Jakobs. Því að munnur DROTTINS hann segir það.

59 Sjá þú, hönd DROTTINS er ei so stutt vorðin það hann kunni ei að hjálpa og hans eyru eru ei so þykk vorðin að hann heyri ei [2]heldur yðrar illgjörðir aðskilja yður og yðvarn Guð hvora frá öðrum og yðrar syndir byrgja hans andlit fyrir yður so að þér verðið ei bænheyrðir. [3]Því að yðrar hendur eru með blóði saurgaðar og yðrir fingur með illgjörðum, yðrar varir þær tala lygar og yðar tunga diktar það upp hvað órétt er. [4]Þar er sá enginn sem af réttlætinu prédiki né trúlegadæmi. Þeir treysta upp á hégóma og tala það hvað ei dugir. Með ógæfuna eru þeir þungaðir og faða armæðið. [5]Þeir útklekja basiliskuseggjum og vefa kóngulóarvefu. Hver hann etur af þeirra eggjum sá hlýtur að deyja en verði þau í sundurtroðin þá skríður þar einn eiturormur út. [6]Þeirra kóngulóavefur dugir ei til klæða og það sem þeir hafa ofið dugir ei til skjóls. Því að þeirra verk eru erfiðismunir og í þeirra höndum er rangindi. [7]Þeirra fætur skunda til hins vonda og eru fljótir til að úthella saklausu blóði. Þeirra hugsanir eru erfiðismunir, þeirra vegur er allur fordjörfung og skaði. [8]Þeir þekkja ei veginn friðarins og þar er ekkert réttdæmi í þeirra framgöngu. Þeir eru frásnúnir á sínum vegum, hver að þar upp á gengur sá hefir aldrei frið.

[9]Þar fyrir er það réttdæmið langt frá oss og réttlætið það öðlumst vér ekki. Vér væntum ljóssins, sjá þú, þá verður myrkur, og þeirrar birtunnar, sjá þú, þá göngum vér í myrkrinu. [10]Vér fálmum eftir veggjum sem hinir sjónlausu og þreifum so sem þeir að engin augu hafa. Vær steytum oss um miðdegið so sem í rökkrinu, vér erum í myrkrinu so sem hinir dauðu. [11]Vér rymjum sem björndýr og krytjum sem dúfur. Því að vér væntum réttdæmisins, þá er það þar ekki og eftir hjálpræðinu, þá er það langt í burt frá oss. [12]Því að vorar misgjörðir eru helst til miklar fyrir þér og vorar syndir þær andsvara í móti oss. Því að vorar misgjörðir eru hjá oss og vér finnum vorar syndir [13]með illskuverkum og ljúgum á móti DROTTNI og með burtsnúningu í frá vorum Guði með ofstækisorðum og óhlýðni, ástundum og uppkveikjum lygileg orð úr hjartanu. [14]Þar fyrir er einnin það réttdæmi til baka gengið og réttlætið langt afvega farið því sannleikurinn fellur niður á strætunum og réttindin kunna ekki hingað að ganga. [15]Og sannleikurinn er í burt og hann hver að snýst frá illu sá hlýtur að vera hvers manns herfang. Það sama sér DROTTINN og það líkar honum illa að þar er ekki neitt réttdæmi.

[16]Og hann sér að þar er enginn og hann furðar það að enginn gengur fram fyrir þá. Þar fyrir hjálpar hann þeim sjálfur með sínum armlegg og hans réttlæti það styrkir hann. [17]Því að hann íklæðist réttlætinu sem hringa-

brynju og setur hjálpræðishjálminn á sitt höfuð og býr sig út til hefndar og klæðir sig með vandlætinu sem með öðrum kyrtli, **Efesios 6:17, 1.Tessalonia 5:8** [18]so sem til að endurgjalda sínum mótstöðumönnum og að bítala sínum óvinum meður grimmdarhefnd, já þeim eyjönum vill hann bitala [19]so að þeir óttist nafnið DROTTINS í frá niðurgöngu og hans dýrðarvegsemd í frá uppgöngu sólarinnar, nær eð hann mun koma so sem einn stífldur straumur þann vindur DROTTINS framdrífur.

[20]Því að þeim til Síon mun endurlausnarinn koma og þeim sem sér í burt snúa frá syndunum í Jakob, segir DROTTINN, [21]og eg gjöri svoddan sáttmála viður þá, segir DROTTINN. Minn andi sem hjá þér er og mín orð sem eg hefi lagt þér í munn skulu ekki í burt víkja af þínum munni né af munni þíns sæðis og barnabarna, segir DROTTINN, héðan í frá og að eilífu.

60 Gjör þig reiðubúna, Jerúsalem, og ver björt því að þitt ljós kemur og dýrð DROTTINS upprennur yfir þér. [2]Því sjá þú, myrkrin hylja jörðina og dimmuþokan þjóðirnar en yfir þér upprennur DROTTINN og hans dýrð sést yfir þér. [3]Og heiðnar þjóðir munu ganga í þínu ljósi og kóngarnir í þeirri birtunni sem yfir þér upprennur.

[4]Lyft upp þínum augum og lít umhverfis kringum þig: Þessir allir samansafnaðir koma til þín. Synir þínir munu koma úr fjarlægð og dætur þínar munu hjá hliðinni uppfóstrast. [5]Þá muntu sjá þína lysting og útbrjótast og þitt hjarta mun undrast og útbreiða sig nær eð sá múgafjöldinn við sjóinn mun snúast til þín og þá eð sú magtin heiðinna þjóða kemur til þín. [6]Því að sá fjöldinn úlfaldanna mun hylja þig, þeir hlauparar úr Madian og Efa, allir af Saba munu koma, færandi gull og reykelsi og kunngjörandi lof DROTTINS. [7]Allar hjarðir í Kedar skulu til þín safnaðar verða og hrútarnir Nebajót skulu þér þjóna. Þeir skulu upp á mínu þægilegu altari offraðir verða því að eg mun prýða húsið minnar vegsemdar.

[8]Hverjir eru þeir eð fljúga sem skýin og so sem dúfurnar til sinna vindglugga? [9]Þær eyjarnar væntu mín og skipin sjávarins fyrir langri ævi so að þeir færi hingað þín börn úr fjarlægð meður þeirra gulli og silfri, nafninu DROTTINS Guðs þíns og þeim Heilaga í Ísrael sem þig hefur vegsamlega gjört.

[10]Framandi munu uppbyggja þína múrveggi og þeirra kóngar munu þér þjóna. Því að í minni reiði hefi eg slegið þig og í minni líknsemi em eg þér miskunnsamur. [11]Og þínar dyr skulu með jafnaði opnar standa og hverki um daga né nætur afturlátnar verða so það magtin heiðinna þjóða sé til þín höfð og það þeirra kóngar verði hingað leiddir. **Opinberanir 21:25** [12]Því að hverjar þær þjóðir eður þau kóngaríki sem ekki vilja þér þjóna þá skulu fyrirfarast og þær þjóðir foreyddar verða. [13]Fegurðin Líbanons skal í þig koma, grenið, beykið, bosbumit, eitt með öðru til að prýða þann staðinn míns helgidóms. Því að eg mun þann staðinn minna fóta vegsamlegan gjöra. [14]So líka einnin skulu þeir bjúgir til þín koma sem þér hafa niðurþrykkt og þeir allir sem þig hafa lastað munu krjúpa til þinna fóta og munu kalla þig borg DROTTINS, þá Síon Hins Heilaga í Ísrael.

[15]Því þar fyrir að þú varst yfirgefin og að hatri höfð og þar var enginn sá að gengi um þig þá mun eg þig að fegurðarskrauti gjöra eilíflegana og til fagnaðargleði um aldur og ævi [16]so að þú skalt mjólkina útsjúga af heiðnum þjóðum og kónganna brjóst skulu þér mjólk gefa so að þú vitir það eg em DROTTINN, þinn frelsari, og eg sá Hinn voldugi í Jakob sé þinn endurlausnari.

[17]Eg mun láta koma gull í staðinn látúnsins og silfur í staðinn járnsins og messing í staðinn trésins og járn í stað-

inn grjótsins. Og eg mun gjöra það að
þínir forstjórar skulu friðinn kenna og
þínir fyrirsjónarmenn réttlætið pré-
dika. [18]Þar skulu engin rangindi lengur
heyrast í þinni landeign og engin skað-
semd né fordjörfun í þínum takmörk-
um heldur skulu þínir múrveggir hjálp-
ræðið og þínar dyr forprís kallast. [19]Sól-
in skal ekki skína þér daginn lengur og
birtan tunglsins skal ekki lýsa þér held-
ur mun DROTTINN sjálfur vera þitt eilíft
ljós og þinn Guð hann mun vera þín
vegsemd. **Opinberanir 21:22, 22:5**
[20]Þín sól mun ekki meir undirganga né
þitt tungl birtuna missa því að
DROTTINN mun vera þitt eilíflegt ljós og
dagarnir þinnar hörmungar skulu einn
enda hafa. [21]Og þitt fólk skal allt vera
réttferðugt og mun jarðríkið eignast ei-
líflegana svo sem aðalkvistir minnar
rótfestingar og verk minna handa, mér
til dýrðar. [22]Út af þeim minnsta skulu
þúsund verða og út af þeim smæstu eitt
voldugt fólk. Eg DROTTINN mun slíku á
sínum tíma snarleg til vegar koma.

61 Andi DROTTINS er yfir mér, þar
fyrir hefur DROTTINN smurt
mig. Hann hefur sent mig til að prédika
volöðum og að græða sundraða í hjört-
um og til að prédika þeim herteknu
frelsi [2]og það þakknæmilegt ár
DROTTINS og einn hefndardag vors
Guðs til huggunar öllum harmþrungn-
um, **Lucas 4:18-19** [3]til að afreka þeim
sorgbitnu í Síon að þeim gefist feg-
urðarprýðin fyrir öskuna og fagnaðar-
viðsmjör fyrir hryggðina og hátíðar-
búningur fyrir sorgaranda so að þeir
kallaðir verði tré réttlætisins, rótsetn-
ingin DROTTINS til dýrkunar.

[4]Þeir munu þær gömlu foreyddu
borgir uppbyggja og útrétta það aftur
hvað fyrr meir var niðurbrotið. Þeir
munu uppnýja aftur þær foreyddu
borgirnar sem um aldur og ævi hafa í
eyði legið. [5]Framandi menn munu
standa og yðrar hjarðar gæta og hinir
útlensku munu yðrir akurkarlar og vín-
garðsmenn vera. [6]En þér skuluð
DROTTINS kennimenn heita og þeir
munu kalla yður þjóna Guðs vors. Og
þér munuð eta auðæfin heiðinna þjóða
og hrósa yður yfir þeirra vegsemd.
[7]Fyrir yðra forsmán skal tvefalt koma
og fyrir yðra vanvirðu skulu þeir glað-
værir vera á þeirra akurlöndum. Því að
þeir skulu tvisvar sinnum eignast so
mikið í þeirra landi, þeir skulu eilíf-
legan fögnuð hafa.

[8]Því að eg em DROTTINN sá eð rétt-
dæmið elskar og að hatri hefur það rán-
fengið fé í brennioffur. Og eg mun það
gjöra að þeirra erfiði skal vissilegt vera
og einn eilífan sáttmála vil eg gjöra við
þá. [9]Og þeirra sæði skal auðkennt með-
al heiðinna þjóða og þeirra eftirkom-
endur meðal fólksins so að allir þeir
sem þá munu sjá munu þekkja þá að
þeir sé það blessaða sæðið af DROTTNI.

[10]Eg gleð mig í DROTTNI og mín sála er
glaðværi í Guði mínum því að hann hef-
ur íklætt mig með klæðum hjálpræðis-
ins og meður möttlinum réttlætisins
klæddi hann mig líka sem brúðguma
skrýddan kennimannlegum tignarbún-
ingi og so sem aðra brúði þá eð glóar í
sínu skarti. [11]Því að líka sem ávöxturinn
vex úr jörðunni og sæðið upprennur í
grasgarðinum líka so mun réttlætið og
lofsögnin uppganga fyrir öllum þjóðum
af DROTTNI GUÐ.

62 Vegna Síon mun eg eigi þegja
og vegna Jerúsalem mun eg
eigi hvílast þangað til að hennar rétt-
læti uppgengur sem annar geisli og
hennar hjálpræði uppkveikist sem ann-
ar ljóslogi [2]so að hinir heiðnu sjái þitt
réttlæti og allir kóngarnir þína dýrðar-
vegsemd. Og þú skalt með nýju nafni
nefnd verða hvert eð munnur DROTTINS
mun þig nefna. [3]Og þú munt vera eitt
dýrðardjásn í hendi DROTTINS og ein
kóngleg kóróna í hendi Guðs þíns. [4]Þú
skalt ekki lengur kallast hin fyrirlitna

né þitt land foreyðsla kallast heldur skalt þú kallast Mín ást til hennar og þitt land Minn kæri elskugi því að DROTTINN hefur ást á þér [5]og þitt land hefur einn elskulegan unnusta. Því að líka sem sá eð elskar hann hefur sína unnustu kæra svo munu þín börn þig kæra hafa og so sem það brúðguminn gleður sig yfir sinni brúði so mun þinn Guð gleðja sig yfir þér.

[6]Ó Jerúsalem, eg mun vökumenn tilskipa upp á þína múrveggi, þeir eð alla daga og allar nætur skulu aldregi hljóðir vera

og þeir eð æ skulu minnast DROTTINS so það í hjá yður sé engin þögn [7]og þér þegið ekki um hann þangað til að Jerúsalem verður búin og sett til lofs á jörðu. [8]DROTTINN hann hefur svarið við sína hægri hönd og við armlegginn síns magtarveldis: Eg mun ei lengur gefa þitt korn þínum óvinum að éta né láta framandi menn drekka þitt það sæta vínið sem þú hefur erfiði fyir haft [9]heldur þeir sem því safna skulu einnin þess neyta og lofa so DROTTIN og þeir eð það innbera skulu drekka það í fordyrum míns helgidóms.

[10]Gangið út, gangið út í gegnum portin, tilreiðið fólkinu veginn. Sléttið veguna, sléttið veguna, lesið í burt steinana, setjið upp merkið fyrir fólkinu. [11]Sjáið, DROTTINN hann lætur heyra sig allt til enda veraldarinnar. Segið dótturinni Síon: Sjá þú, þitt hjálpræði kemur, sjá þú, hverju hann launar það er hjá honum og hverjum hann bitalar það er fyrir höndinni. [12]Þeir munu kallast það heilaga fólk, þeir hinir endurleystu DROTTINS og þú munt kallast Hin Heimsótta borg og ekki hin fyrirlitna.

63 Hver er sá sem kemur af Edóm með lituðum klæðum af Basra sem so prýðilegur er í sínum klæðnaði og hér frambrunar í sínum veldiskrafti? Eg em hann sá sem réttlætið kennir og einn meistari er til að hjálpa. [2]Hvar fyrir er þá þinn gangveri so rauður að lit og þitt klæði so sem þess eð vínberin í sundursprengir? [3]Eg fóttreð vínþrúguna einn saman og þar er enginn af fólkinu meður mér. Eg hefi fergt þá í reiði minni og niðurtroðið í minni heiftarbræði. Þar fyrir hefur þeirra megn dreifst á mín klæði og eg hefi velkt allan minn gangvera. [4]Því að eg hefi ásett mér einn hefndardag, það árið til að endurleysa mína er komið. [5]Því að eg skyggndist í kringum mig og þar var enginn hjálpari og eg var í skelfingu og enginn studdi mig. Heldur varð mín hægri hönd að hjálpa mér og mín reiði að styðja mig. [6]Þar fyrir hefi eg fólkið niðurtroðið í minni reiði og hefi þá drukkna gjört í minni bræði og þeirra megn til jarðar niðurkeyrt.

[7]Eg mun minnast miskunnsemdar DROTTINS og so þeirrar lofsagnarinnar DROTTINS út í öllu því að hann hefur gjört við oss og so þess hins mikla góða við það húsið Ísraels sem hann hefur þeim veitt fyrir sína miskunnsemi og mikla góðgirni. [8]Því að hann sagði: Þeir eru mitt fólk, þau börn sem ekki eru fölsk, þar fyrir var hann og þeirra Hjálpari. [9]Hver hann angraði þá, þá styggði hann einnin, og sá engillinn sem fyrir hans augsýn er hjálpaði þeim. Hann frelsaði þá þar fyrir það hann elskaði þá og vægði þeim. Hann tók þá upp og bar þá alla tíma þegar í frá fyrsta upphafi. [10]En þeir styggðu og til reiði reittu hans heilaga Anda. Þar fyrir varð hann þeirra óvin og stríddi á móti þeim. [11]Og hann minntist aftur á þá umliðnu ævina, á Moysen sem var á meðal hans lýðs. Hvar er nú hann sem í burt leiddi þá úr hafinu meður hirðirnum sinnar hjarðar? Hvar er hann sem gaf sinn heilagan Anda meðal þeirra, [12]hver ið Moysen viður hægri hönd leiddi fyrir sinn dýrðarsamlegan armlegg, hver ið í sundurskildi vötnin fyrir þeim upp á það að hann gjörði sér eitt eilíft nafn, [13]hann sem þá leiddi í gegn-

um djúpin og líka sem þá hesta eð ei detta í gegnum eyðimörkina. [14]So sem þann fénað eð ofan gengur á sléttlendið, hvern eð Andi DROTTINS framdrífur? Líka so einnin hefur þú þitt fólk útleitt upp á það að þú gjörðir þér eitt dýrðarsamlegt nafn. [15]Sjáðu nú af himni ofan og líttu hingað af þínu heilögu dýrðarsamlegu tignarsæti. Hvar er nú þín vandlæting, þín veldismagt? Þín mikla hjartgróin miskunnsemi heldur sig fast við mig. [16]Þú ert að vísu vor faðir því Abraham hann veit ei af oss og Ísrael hann þekkir oss ei. En þú, DROTTINN, ert vor faðir og vor frelsari, þegar fyrir langri ævi er það þitt nafn. [17]Hvar fyrir lætur þú oss, DROTTINN, villt fara af þínum vegum og forharðna vort hjarta so að vér óttunst þig eigi? Snú þú aftur vegna þinna þjónustumanna og fyrir sakir slektisins þinnar arfleifðar. [18]Þeir eignast þitt heilaga fólk nærsta með öllu, þínir mótstöðumenn niðurtroða þinn helgidóm. [19]Vér erum líka so sem áður til forna þá eð þú drottnaðir ekki yfir oss og þá eð vér vorum ekki nefndir eftir þínu nafni.

64 Eg vilda að þú í sundurslitir himnana og færir hingað ofan so það fjöllin útrynni fyrir þinni augsýn [2]líka sem annað heitt vatn það er uppsýður af megnum eldi so að þitt nafn kunnigt verði meðal þinna óvina og það hinir heiðnu hljóti fyrir þinni augsýn að skelfast [3]fyrir þau stórmerkin sem þú gjörðir hverra ei var vænt þá eð þú fórt ofan hingað og fjöllin í sundurrunnu. [4]Hvað í frá veraldarinnar upphafi hafði ei heyrt né með eyrum heyrt verið, so hefur það og einnin ekki neitt auga séð utan þitt, Guð, hvað þá mun ske sem upp á hann vona. [5]Þú mætti þeim glaðværu og hinum sem réttlætið iðkuðu og á þínum vegum minntunst þín. Sjá þú, þú reiddist þá vér syndguðumst og blifum þar lengi inni. En oss varð þó hjálpað. [6]En nú eru vér allir til samans svo sem hinir óhreinu og allt vort réttlæti er sem annar óþekktarleppur. Vér erum allir uppvisnaðir sem laufblað og vorar syndir feykja oss í burt sem annar vindur. [7]Enginn ákallar þitt nafn eður tekur sig upp það hann haldi þér. Því að þú hylur þitt andlit fyrir oss og lætur oss í vorum syndum uppgefast.

[8]En nú, DROTTINN, þú ert vor faðir, vér erum leirið, þú ert vor leirpottasmiður og vér allir erum verkið þinna handa. [9]DROTTINN, reiðstu ekki of mjög og minnstu ekki eilíflegana á vorar syndir. Álíttu það heldur að vér allir saman erum þitt fólk. [10]Staðirnir þíns helgidóms eru að örbýli vorðnir, Síon er foreydd, Jerúsalem liggur í eyði. [11]Það húsið vors heilagleiks og vorrar vegsemdar, þar inni eð feður vorir lofuðu þig, er með eldi uppbrennt og allt hvað vér höfðum lystilegt það er til skammar gjört. [12]DROTTINN, viltu so harðráður vera í slíku og þegja um þetta og niðurslá oss svo geysilegana?

65 Mín verður leitað af þeim sem ekki spurðu eftir mér, eg verð fundinn af þeim sem ekki leituðu að mér og til þeirra heiðinna þjóða sem ekki kalla mitt nafn segi eg: Hér em eg, hér em eg. [2]Því að eg útrétti mínar hendur allan daginn til eins óhlýðugs fólks hvert eð gengur eftir sínum hugrenningum, á þeim veginum sem ekki er góður. [3]Það fólk sem mig til reiði reitir er jafnan fyrir minni augsýn [4]og byggir í hjá dauðra manna leiðum og halda sig í jarðhreysunum, eta svínakjöt og hafa herfilegt jukk í sínum eldsgögnum [5]og segja so: „Vertu heima, áhrær mig ekki það eg skal helga þig.“ Slíkur skulu verða reykur í minni reiði, sá seldur sem allan daginn brennur. [6]Sjá þú, það stendur skrifað fyrir mér, eg mun ei þegja heldur endurgjalda, já eg mun gjalda þeim það aftur í þeirra eigin barm, [7]bæði þeirra sjálfs mis-

gjörðir og so misgjörðirnar feðra þeirra, allar til samans, segir DROTTINN, þeirra sem upp á fjöllunum hafa fórnfært og mig hafa vanvirt upp á hæðunum. Eg mun mæla þeim það aftur það fyrra athæfið í þeirra eigin barm.

[8]Svo segir DROTTINN: Líka so sem þá nær eð laugurinn finnst í vínberinu og sagt verður: „Spreng það ekki því að þar er blessan inni“ svo mun eg og einnin líka gjöra vegna minna þjónustumanna að eg fordjarfa það ekki allt saman [9]heldur mun eg út af Jakob láta sæði uppvaxa og út af Júda það sem eignast mun mitt fjall. Því að mínir hinir útvöldu skulu það erfa og mínir þjónustumenn skulu þar byggja. [10]Og Saron skal verða eitt hjarðarhús og sá dalurinn Akor að fjárskjóli mínu fólki þess sem mín leitar.

[11]En þér hverjir eð yfirgefið DROTTIN og forgleymið mínu heilögu fjalli og tilreiðið þeim Gaað matborð og skenkið fullt á þeim Mení af drykkjaroffrinu [12]nú vel, eg mun telja yður til sverðsins so að þér hljótið allir að beygja yður til slátrunar. Af því að eg kallaði og þér gáfuð ei svar og eg talaði og þér heyrðuð ekki heldur gjörðuð það hvað mér líkaði illa og útvölduð það hvað mér misþóknaðist.

[13]Þar fyrir segir DROTTINN GUÐ so: Sjá þú, mínir þjónar skulu eta en þér skuluð hungra. Sjá þú, mínir þjónar skulu glaðir vera en þér skuluð til skammar verða. [14]Sjá þú, mínir þjónar skulu drekka en þér skuluð þyrstir vera. Sjá þú, mínir þjónar skulu af góðu geði lofsyngja en þér skulið af hjartans angri hátt gráta og af vesaldar eymd æpa. [15]Og þér skuluð láta yðvart nafn mínum útvöldum eftir til að sverja við. Og DROTTINN Guð mun svipta þig lífinu og nefna sína þjóna með örðu nafni [16]so það hver eð sig mun blessa á jörðu sá mun velsigna sig í þeim sannarlegum Guði og hann hver eð sverja mun á jörðu sá mun sverja við þann sannarlega Guð. Því að þær hinar fyrri ánauðirnar eru forgleymdar og eru byrgðar fyrir mínum augum.

[17]Því að, sjá þú, eg mun skapa nýjan himin og jörð so að það hið fyrra skal ei lengur minnst vera né það í hug koma. **Opinberanir 21:1, 1.Pétur 3:13** [18]Heldur munu þeir gleðja sig elíflegana og glaðir vera yfir því sem eg skapa. [19]Því að sjá þú, eg mun gjöra Jerúsalem til unaðsemdar og hennar fólk til fagnaðar og eg mun glaður vera yfir Jerúsalem og gleðja mig yfir mínu fólki og þar skal ekki lengur inni heyrt verða raustin grátursins né hljóðin hryggðarinnar. **Opinberanir 21:4** [20]Þar skulu ekki meir þau börn vera sem ekki útlifa sína ævi eður þeir gamlir menn sem ekki fullkomna sína áratölu heldur skulu þeir æskumenn deyja sem eru hundrað vetra og þeir syndugir sem eru hundrað ára skulu bölvaðir vera. [21]Þeir munu húsin uppbyggja og þar inni búa, þeir munu planta víngarða og eta þeirra ávöxtu. [22]Þeir skulu ekki uppbyggja sem annar skal á búa og ekki það rótsetja sem annar mun upp eta. Því að dagar míns fólks skulu vera so sem dagarnir einnrar eikar og verkin þeirra handa mun gamalt verða hjá mínum útvöldum. [23]Þeir skulu ekki erfiða forgefins né ótímabæra burði fæða. Því að þeir eru sæðið hinna blessuðu DROTTINS og þeirra eftirkomendur með þeim. [24]Og það skal ske að fyrr en þeir kalla þá mun eg svara, á meðan þeir tala þá mun eg heyra. [25]Úlfurinn og lambið skulu til samans sér fæðslu leita, leónið mun gras bíta sem naut og höggormurinn skal jarðarduftið éta. Þá mun ekki neitt skaða né þeim granda upp á mínu heilaga fjalli, segir DROTTINN.

66 Svo segir DROTTINN: Himinninn er mitt sæti og jörðin er mín fótskör. Hvaða húsi er það þá eð þér viljið mér uppbyggja eða hver er sá

staður þar eg skuli hvílast? **Postulanna Gjörningar 7:49-50, 17:24** [2]Mín hönd hefir gjört allt það hvað þar er, segir DROTTINN. En eg álít þann hinn fátæka og þann sem hefur sundurknosaðan anda og þann ið hræðist mín orð.

[3]Því að hver hann slátrar nauti, það er jafnt sem hann slægi mann í hel. Hver hann offrar einum sauð, þeim er sem hálsbryti hann hund. Hver hann fórnfærir mataroffur, það er sem offraði hann svínablóði. Hver ið minnist þess reykelsis, þa er sem lofi hann óréttindin. Svoddan útvelja þeir í sínum vegum og þeirra sála hefir geðþekkni á þeirra svívirðingum. [4]Þar fyrir mun eg einnin útvelja það sem þeir spotta og það hvað þeir hræðast mun eg láta yfir þá koma. Af því að eg kallaði og enginn svaraði, eg talaði og þeir hlýddu því ekki og gjörðu hvað mér illa líkaði og útvöldu það hvað mér þóknaðist ei.

[5]Heyrið orð DROTTINS, þér sem hræðist hans orð, yðrir bræður sem yður hata og þeir ið í burt skilja yður frá sér fyrir míns nafns sakir og segja: „Láttu sjá hversu dýrðarsamlegur DROTTINN er, lát hann auðsýnast til yðvarar gleði!“ þeir hinir sömu skulu til skammar verða. [6]Því að þar mun heyrast herópið í borginni, eitt heróp af musterinu, eitt heróp DROTTINS sem endurgeldur sínum óvinum.

[7]Hún verður léttari áður en hún tekur sóttina, hún er hraust orðin eftir sveinbarn áður en hún tekur jóðsjúk að verða. [8]Hver hefur nokkurn tíma heyrt svoddan? Hver hefur nokkurn tíma séð slíkt? Hvort kann nokkuð fólkið undir eins fætt að verða áður en landið tekur sóttina? Nú hefur þó Síon fætt sín börn fyrir utan sjúkdóm. [9]Hvort skylda eg þá láta aðra opna móðurkviðinn en sjálfur ekki fæða? segir DROTTINN. Skylda eg láta aðra fæða og sjálfur óbyrja vera? segir þinn Guð. [10]Gleðjið yður með Jerúsalem og verið glaðir yfir henni, þér allir sem hana elskið, fagnið meður henni, þér allir sem hryggvir voruð yfir henni. [11]Því að þar fyrir skulu þér sjúga og saddir verða af brjóstunum hennar huggunar. Þér skuluð og þar fyrir sjúga og yður endurlífga út af þeirri gnægðinni hennar dýrðar.

[12]Því að so segir DROTTINN: Sjáið, eg útbreiði friðinn hjá henni líka sem annað vatsfall og dýrðina heiðinna þjóða so sem annan yfirfljótanda vatslæk. Þa munuð þér sjúga. Þér skuluð á hliðinni bornir verða og í kjöltunni mun hjúkrað vera að yður. [13]Eg mun hugga yður líka so sem það einhvern huggar hans móðir. Já þér skulið til Jerúsalem endurnærðir verða.

[14]Þér munuð sjá það saman og yðvart hjarta mun gleðja sig og yðvar bein skulu blómgast sem annað gras. Þá mun þekkjast hönd DROTTINS viður hans þjóna og reiðin við hans óvini. [15]Því sjáið að DROTTINN mun koma með eldi og hans vagn sem annað stormviðri það hann endurgjaldi í bræði sinnar reiði og hans straff í eldsins loga. [16]Því að DROTTINN mun fyrir eldinn og fyrir sitt sverð dæma allt hold og þeir hinir líflátnu af DROTTNI munu margir vera.

[17]Þeir ið sig helga og hreina gjöra í þeim grasgörðunum, einn hér en annar þar, og eta svínakjöt, bölvanir og mýs, þeir skulu allir til samans í burt sviptir verða, segir DROTTINN.

[18]Því að eg mun koma og samansafna þeirra verkum og hugrenningum ásamt með öllum heiðnum þjóðum og tungumálum so að þeir komi og sjái mína dýrð. [19]Og eg mun gefa eitt teikn á meðal þeirra og nokkra út af þeim sem frelsaðir eru senda til þeirra heiðinna þjóða í burt við sjávarhafið, til Púl og Lúd, til bogmannanna, til Túbal og Javan og langt í burt til eyjanna sem þar hafa ekki neitt út af mér heyrt og þeir ið ekki hafa séð mína dýrð og þeir skulu kunngjöra mína dýrðarvegsemd

á meðal heiðinna þjóða. [20]Og þeir munu alla yðra bræður af allsháttuðum þjóðum hér til leiða DROTTNI til matoffurs, á hestum og vögnum, á börum, á múlum og hlaupdýrum, til Jerúsalem, til míns heilaga fjalls, segir DROTTINN, líka so sem Ísraelsbörn færa sínar matfórnir út í hreinum fötum til þess hússins DROTTINS. [21]Og eg mun út af þeim sömum taka til kennimanna og Levíta, segir DROTTINN.

[22]Því að svo sem þá nýi himinn og sú hin nýja jörðin sem eg gjöri stendur fyrir mér, segir DROTTINN, líka so skal einnin yðvart sæði og nafn standa.

[23]Og allt hold mun hvern mánuð eftir annan og hvern þvottdag eftir annan koma til að biðja fyrir mér, segir DROTTINN.

[24]Og þeir munu út ganga og sjá líkami þeirra manna sem misgjört hafa við mig því að þeirra maðkur mun ei deyja og þeirra eldur mun ei útslokkna og þeir munu öllu holdi að viðurstyggingu verða. **Marcus 9:44,46,48**

Endir prophetans Esaie

PROPHETINN JEREMIAS

1 Þessar eru þær gjörðir Jeremie sonar Hilkía út af þeim kennimönnum til Anatót í Benjamínslandi,
2 til hvers að skeði orð DROTTINS á dögum Jósía sonar Amón kóngsins Júda, á því hinu þrettánda ári hans ríkis,
3 og þar eftir á á dögum kóngsins Júda Jóakíms sonar Jósía, allt til enda þess ellefta ársins Sedekía sonar Jósía kóngsins Júda, allt til herleiðingar Jerúsalem á þeim fimmta mánaði.
4 Og orð DROTTINS það skeði til mín og sagði:
5 „Eg þekkta þig áður en eg tilbjó þig í móðurlífi og útvalda þig fyrr en þú vart fæddur af móðurinni og setti þig til spámanns á meðal fólksins.“
6 En eg sagði: „Óhó DROTTINN Guð, eg dugi ekki til að prédika það eg er so ungur.“
7 En DROTTINN sagði til mín: „Seg þú eigi: Eg er so ungur, heldur þá skaltu fara burt þangað sem eg sendi þig og prédika það hvað eg býð þér.
8 Vert ekki hræddur við þá það eg em í hjá þér og eg vil frelsa þig, segir DROTTINN.“
9 Og DROTTINN rétti út sína hönd og áhrærði minn munn og sagði til mín: „Sjá þú, eg legg mín orð í þinn munn.
10 Sjá þú, að eg set þig á þessum degi yfir þjóðir og kóngaríki so að þú skalt upp slíta, í sundurbrjóta, íeyði leggja og fordjarfa og einnin líka uppbyggja og gróðsetja.“
11 Og orð DROTTINS það skeði til mín og sagði: „Jeremía, hvað sér þú?“ Eg sagði: „Eg sé einn vakandi staf.“
12 Og DROTTINN sagði til mín: „Það hefur þú rétt séð því að eg vil vakandi vera yfir mínu orði so að eg fullgjöri það.“
13 Og orð DROTTINS það skeði til mín enn í annað sinn og sagði: „Hvað sér þú?“ Eg sagði: „Eg sé einn sjóðanda pott af norðrinu.“
14 Og DROTTINN sagði til mín: „Af norðrinu mun koma sú ólukkan yfir alla þá sem í landinu búa.
15 Því að sjá þú, eg vil til samans kalla alla höfðingjana út í þeim kóngaríkjunum móti norðrinu, segir DROTTINN, so að þeir skulu koma og setja sína stóla fyrir borgarhliðunum til Jerúsalem og umhverfis kringum múrveggina og fyrir öllum stöðunum í Júda.
16 Og eg vil láta réttinn ganga yfir þá fyrir sakir allra þeirra illgirni að þeir yfirgefa mig og gefa reykelsi annarlegum guðum og tilbiðja sinna handa verk.
17 So umgyrtu þínar lendar og gjör þig reiðubúinn til að prédika þeim allt það hvað eg skipa þér. Óttast þá ekki so sem að skylda eg fráskelfa þig
18 því að eg vil í dag gjöra þig að einnri öruggri borg og að einum járnstólpa og að koparvegg í öllu landinu í gegn þeim konungunum Júda, í gegn þeirra höfðingjum, í gegn þeirra kennimönnum, í gegn því fólkinu landsins.
19 Þó so sé að þeir standi á móti þér þá skulu þeir þó ekki yfirvinna þig því að eg em hjá þér, segir DROTTINN, að eg frelsi þig.“

2 Og orð DROTTINS það skeði til mín og sagði:
2 Far þú og prédika opinberlegana til Jerúsalem og seg þú: So segir DROTTINN: Eg minnist á það að þú vart ein væn ung meyja og ein elskuleg brúður þar eð þú fylgdir mér í eyðimörkinni í því landinu sem ekkert sæði er,
3 þar eð Ísrael var eign DROTTINS og hans fyrsti ávöxtur. Hver sem vildi hann upp eta sá hlaut fyrir skuldu að vera og ógæfan hlaut yfir hann að koma, segir DROTTINN.
4 Heyrið orð DROTTINS, þér af húsi Jakobs og þér allar kynkvíslir af húsi Ísraels.
5 So segir DROTTINN: Hvern brest hafa yðrir forfeður fundið á mér að þeir í burt viku so frá mér og áhengu þeim ónýtum afguðum af þeim þó er þeir öðluðust ekki neitt
6 og hugleiddu það ekki né einu sinni: Hvar er sá DROTTINN sem oss hefur útflutt af Egyptalandi og leiðtogað oss í þeirri eyðimörkinni, á þeim óvegunum og auræfunum, í því

myrkva þurrlandinu, í því landinu sem enginn fer yfir og enginn maður innibýr? [7]Og eg flutti yður inn í eitt gott land so að þér skylduð neyta þess ávaxtar og landgæða. Og þá að þér komuð þar inn saurguðuð þér mitt land og gjörðuð mína arfleifð að svívirðingu. [8]Prestarnir hugsuðu eigi það: „Hvar er DROTTINN?“ og þeir hinir vel lærðu skeyttu ekki um mig og hirðarnir í burt leiddu fólkið frá mér og prophetarnir spáðu út af Baal og áhengu þeim ónýtum afguðum.

[9]Eg hlýt allt jafnt að þrátta við yður og við yðar barnabörn, segir DROTTINN. [10]Farið burt í þær eyjarnar Kitím og hyggið að og sendið til Kedar og merkið með athygli og gætið að því hvort að þar gengur so til [11]og hvort það hinir heiðnu gjöra umskipti á sínum guðum þó að það sé ekki neinir guðir? Og mitt fólk hefur þó umskipt sinni dýrð í einn ónýtan afguð, [12]fyrir hverjum það himinninn mætti þó grúa og hræðast og skelfast, segir DROTTINN. [13]Því að mitt fólk það gjörir eina tvefalda synd: Mig þann hinn lifanda brunninn yfirgefa þeir og gjöra sér hér og þar úthöggna brunna hverjir öngu vatni halda og ekkert vatn af sér gefa.

[14]Hvert er þá Ísrael einn þjón eður einn þræll það hann hlýtur að vera hvers manns herfang? [15]Því að leónin grenja yfir honum og rymja fast og foreyða hans land og uppbrenna hans borgir so að enginn búi þar inni. [16]Að auk þessa þá sundurslá þeir af Nóf og Taphanhes þitt höfuð. [17]Svodda þá gjörir þú þér sjálfur af því þú yfirgefur DROTTIN Guð þinn svo oft sem það hann vill leiða þig á réttan veg. [18]Hvað hjálpar það þér að þú fer í Egyptaland og vilt drekka það vatnið Síhor? Og hvað hjálpar það þér að þú fer burt í Assyriam og vilt drekka það vatnið Euphrates? [19]Því veldur þín illgirni að þú verður so húðstrýktur og þín óhlýðni að þú þannin straffast. So hlýtur þú nú með þessu fá að vita og formerkja hverja eymd og hjartans angur það gjörir að yfirgefa DROTTIN Guð þinn og að óttast hann ekki, segir DROTTINN Guð Sebaót.

[20]Því að þú hefur allt jafnt þitt ok í sundurbrotið og þín bönd í sundurslitið og sagt so: Eg vil ekki þannin undirgefinn vera, heldur hljópstu upp á allar háar upphæðir og undir öll blómguð tré eftir hóraninni. [21]En eg hafða þig útsett til eins sætleiks vínviðar, eitt næsta réttilegt sæði. Hvernin ertu þá vorðin fyrir mér einn beiskur villiskógarvínviður? [22]Og nær eð þú þvægir þig enn nú með lút og tækir þar mikla sápu til þá birtist þó þess meir þín ódyggð fyrir mér, segir DROTTINN Guð. [23]Hvernin dirfist þú þá að segja: „Eg er eigi saurugur, eg áheng ekki Baalím.“ Hygg að því hvað þú hefst að í dalnum og hugleittu að hvernin þú hefur því af stað komið. [24]Þú hleypur um kring sem önnur úfaldsfylja í brunntíð og so sem annað skógdýr er vant í eyðimörkinni nær eð það er álægta og ríður uppi af miklum ofurbruna so að enginn fær því þá aftur haldið. Hver eð það vill vita sá þarf eigi langt að leita, á hvíldardeginum sést það vel. [25]Kæri, stöðva þig og hlaup þig ekki so móðan. En þú segir: „Eg fæ þess ekki án verið, eg hlýt viður þá hinu annarlegu ást að leggja og eftir þeim að hlaupa.“

[26]Líka sem annar þjófur hann verður til skammar nær eð hann verður gripinn eins líka so þá mun Ísraels hús til skammar verða ásamt með sínum kóngum, höfðingjum, prestum og prophetum, [27]þeir eð til trésins segja: „Þú ert minn faðir“ og til steinsins: „Þú hefur fæddan mig.“ Því þeir snúa bakinu við mér og ekki andlitinu en nær eð nokkur nauð yfir gengur þá segja þeir: „Upp, þú, og hjálpa oss!“ [28]En hvar eru þá þínir guðir sem þú hefur gjört þér? Skipa þeim upp að standa, láttu sjá hvort að þeir kunna að hjálpa þér í

nauðinni. Því að so margar sem borgirnar eru svo margan guð hefur þú, Júda.

[29]Hvert vilji þér enn hafa rétt á móti mér? Þér eruð allir frá mér affallnir, segir DROTTINN. [30]Allar áklögur við yðar börn eru til forgefins því þau láta þó ei heldur mennta sig af því að yðvart sverð uppsvelgir einnin líka yðar propheta so sem annað grimmdafullt león. [31]Þú hin vonda tegund, gættu að orði DROTTINS: Hvort er eg vorðin Ísrael til einnrar eyðimerkur eður til eins eyðilands? Hvar fyrir segir þá mitt fólk: „Vér erum yfirherrarnir og megum ei hlaupa eftir þér“? [32]Ein jómfrú forgleymir ei sínu skarti og eigi heldur ein brúður sínu höfuðsilfri en mitt fólk það forgleymir mér ævinlegana. [33]Hvar fyrir prýðir þú þinn gjörning so mjög að eg skuli þér miskunnsamur vera? Undir þvílíku fegurðaryfirvarpi þá fremur þú æ þess meiri illgirni. [34]Þar að auk þá finnst einnin hjá þér blóðið fátækra og saklausra sálna í öllum stöðum og er ei heimöglegana heldur opinberlegana í þeim sömum stöðunum. [35]Þó segir þú samt: „Eg er saklaus, hann snúi sinni reiði í frá mér.“ Sjá þú, eg vil ganga í dóm við þig um það að þú segir: „Eg hefi ekki syndgast.“ [36]Hvar fyrir skeikar þú so viljanlega og dettur so hingað og þangað? En af Egyptalandi muntu til skammar verða so sem að þú ert af Assyria til hneykslunar vorðin. [37]Því að þú hlýtur einnin í burt þaðan að fara og slá þínum höndum til samans yfir þínu höfði. Því að DROTTINN mun láta þá þína von bregðast og í hjá þeim mönnum þér ekki neitt vel lukkast

3 Og segir: Nær ed maðurinn lætur skilja sig við sínar eignarkonu og hún fer í burt frá honum og tekur einn annan mann, þorir hann þá nokkuð að taka við henni aftur? Er eigi so að þá yrði landið saurgað? En þú hefur hóranir drýgt með mörgum elskhuga – þá kom aftur til mín, segir DROTTINN. [2]Upplyftu þínum augum til þeirra hæðanna og gæt að því hvernin þú drýgðir hóranir alla vegana. Við veginn situr þú og tekur vara á þeim líka sem einn Arabiar í eyðimörku og saurgar so landið meður þinni hóran og illsku. [3]Þar fyrir skal og einnin morgunregnið í burt takast og ei neinar kveldskúrir koma. Þú hefur einnrar hórkonu yfirlit og þú vilt eigi lengur þín skammast [4]og kallar þó líka samt til mín: „Kæri faðir, þú meistari míns ungdóms. [5]Viltu þannin reiðast allævina og láta eigi af þeirri grimmdarheiftinni?“ Sjá þú, þú kennir og gjörir illa og lætur ekki ráða við þig.

[6]Og DROTTINN sagði til mín á dögum kóngsins Jósía: Hefur þú og séð hvað sú hin fráhorfna Ísrael gjörði? Hún gekk í burt upp á allar hinar hæðstu hæðir og undir öll blómguð tré og drýgði þar hóranir. [7]Og eg sagða, þá eð hún hafði gjört allt þetta: „Snú þér til mín“ en hún sneri sér ekki. Og þótt að hennar hin forharðnaða systir Júda sæi [8]hversu að eg straffaði þær hóranir hinnar fráhorfnu Ísrael og það eg forlét hana og gaf henni skilnaðarskrá þó hræddist hennar hin forharðnaða systir Júda það ekki að heldur heldur gekk hún í burt og drýgði einnin líka hóranir. [9]Og út af hennar hórunarháhljóðan er landið saurgað því að hún drýgði hóranir við stokka og steina. [10]Og í öllu þessu þá sneri sér ekki hennar hin forharðnaða systir Júda til mín af öllu hjarta heldur voru það ekki utan læti hennar, segir DROTTINN.

[11]Og DROTTINN sagði til mín: Hin fráhorfna Ísrael er betri en sú hin forharðnaða Júda. [12]Far burt og prédika í mót norðrinu og seg so:

Snú þér, þú hin fráhorfna Ísrael, segir DROTTINN, þá vil eg ekki láta mína reiði koma yfir yður því að eg em miskunnsamur, segir DROTTINN, og vil ekki reiðast ævinlega. [13]Viðurkenn þú aðeins

þinn misgjörning að þú hafir syndgast á móti DROTTNI Guði þínum og hlaupið hingað og þangað til annarlegra afguða, undir öll blómguð tré, og þú hefur ekki viljað heyra mína raust, segir DROTTINN. 14Þér hin fráhorfnu börn, snúið yður, segir DROTTINN, því að eg vil trúlofa mig yður og eg vil sækja yður so að einn skal leiða heilan stað og tveir eitt gjörvallt land og eg vil innleiða yður til Síon. 15Og eg vil gefa yður hirðara eftir mínu hjarta sem yður skulu fæða með kenningum og vísdómi.

16Og það skal ske þá nær eð þér eruð uppvaxnir og margir vorðnir í landinu þá skal í þann tíma (segir DROTTINN) ekki meir sagt vera af sáttmálsörkinni DROTTINS og menn munu hana ekki meir hugleiða né þar af prédika né hennar vitja og ekki lengur þar fórnir færa heldur í þann sama tíma 17þá skal Jerúsalem kallast tignarsætið DROTTINS og allar heiðnar þjóðir skulu samansafna sér þangað til Jerúsalem fyrir sakir þess nafnsins DROTTINS. Og þeir munu ekki lengur ganga eftir þeirra sjálfs vondum hjartans hugrenningum. 18Á þeim tíma mun húsið Júda ganga til hússins Ísrael og munu so koma hvert með öðru af norðrinu inn í það landið sem eg gaf yðar forfeðrum til arftöku.

19Og eg tilsegi þér hvernin vil eg gefa þér svo mörg börn og það góða landið, þá fögru arfleifðina sem er sá fjöldinn heiðingjanna, og eg tilsegi þér að þú skalt þá kalla mig ljúfan föður og í burt víkja ekki frá mér. 20En það húsið Ísrael skeytir mér ekki, líka sem sú kvinna sem ekki sætir sínum ástmanni lengur, segir DROTTINN.

21Þar fyrir munu menn heyra aumlega kveinan og sáran grát Ísraelessona á þeim upphæðunum fyrir það að þeir gjörðu so illa og forgleymdu DROTTNI Guði sínum. 22So snúist nú aftur, þér hin fráhorfnu börn, þá vil eg og lækna yður út af yðvarri óhlýðni. „Sjá þú, vér komum til þín því að þú ert DROTTINN Guð vor.

23Sannarlega, það er ekki utan svikræði með þær hæðirnar og með þau öll háfjöllin. Sannarlega þá hefur Ísrael öngva hjálp utan alleinasta af DROTTNI vorum Guði 24og það erfiðið feðra vorra það vér höfum haldið í frá barndómi vorum það hlýtur með vanvirðu af að leggjast ásamt meður þeirra sauðum, nautum, sonum og dætrum. 25Því að það hvað vér vonuðum upp á það er oss nú til skammarinnar einnrar og á því hverju vér höfðum vort traust þess hljótum vér nú að skammast vor. Því að vér syndguðust þar með á móti DROTTNI Guði vorum, bæði vér og vorir forfeður, í frá barndómi vorum allt inn til þessa dags og hlýddum ekki raustinni DROTTINS Guðs vors.“

4 Viltu snúa þér, Ísrael, segir DROTTINN, þá snú þér til mín. Og ef þú vilt í burt taka þína svívirðing frá mínu augliti þá skaltu ekki útdrifinn verða. 2Þá muntu og sverja hræsnislaust, réttvíslega og heilaglega: „So sannarlega sem það DROTTINN lifir“ og hinir heiðnu munu í honum blessaðir verða og hrósa sér af honum.

3Því að so segir DROTTINN til þeirra í Júda og Jerúsalem: Plægið að nýju og sáið ekki á meðal klungurþyrnanna. 4Umskerið yður fyrir DROTTNI og í burt takið þá yfirhúðina yðvars hjarta, þér menn í Júda og þér borgarlýður í Jerúsalem, upp á það að mín reiði skuli ekki út fara sem eldur og brenna so að enginn kunni út að slökkva fyrir yðvarar illsku sakir.

5Já kunngjörið það í Júda og kallið hátt í Jerúsalem og segið: „Blásið í herlúðrana út í landinu!“ og kallið með hárri raust og segið: „Samansafnið yður og látum oss draga inn í þær sterku borgirnar.“ 6Setjið upp merkið í Síon, safnið yður til samans og dveljið ei við því að eg flyt eina ógæfu og stóra eymd

hingað í frá norðrinu. [7]Það leónið kemur hingað, farandi úr sínu rjóðri, og sá fordjarfarinn heiðingjanna er út dreginn af sínu takmarki að hann foreyði þitt land og uppbrenni þína staði svo að enginn búi þar inni. [8]Þar fyrir íklæðist sekkjum, syrgið og sýtið því að sú grimmdarreiðin DROTTINS vill ekki stillast yfir oss.

[9]Á þeim tíma skulu hjörtun kónganna og höfðingjanna blauð verða, segir DROTTINN. Prestunum skal ofbjóða og prophetunum ógna.

[10]En eg sagða: DROTTINN Guð, mjög hefur þú látið þessu fólki og Jerúsalem það bregðast þá þeir sögðu: Þar mun hjá yður friður vera, og sverðið er þó komið allt til sálarinnar. [11]Á þeim sama tíma mun segjast til fólks þessa og Jerúsalem: Þar kemur einn þurrvindur hingað yfir um fjöllin so sem á eyðimörkinni, á þann veginn sem liggur til dótturinnar míns fólks, ekki til að vinsa eður að hreinsa með. [12]Já þar skal koma einn vindur sem skal verða þeim of sterkur, þá vil eg og ganga í dóm við þá.

[13]Sjá þú, hann kemur farandi hingað sem skýjaklasi og hans vagnar so sem annað stormviðri. Hans hestar eru fljótari en ernur. Vei oss, vér munum í eyði lagðir verða. [14]Svo þvo þú nú, Jerúsalem, þitt hjarta af illskunni so að þér verði hjálpað. Hversu lengi skulu þeir slæmu lærdómar hjá þér vera?

[15]Því að þar kemur eitt heróp í frá Dan og ill tíðindi hingað í frá fjallinu Efraím, [16]hvernin heiðingjarnir hrósa sér. Og það er víðfrægt vorðið allt til Jerúsalem að þar komi varðmenn úr fjarlægum löndum og munu æpa herópi í móti þeim stöðunum Júda. [17]Þeir munu umsitja þá allt um kring so sem aðrir varðmenn um grundirnar því að þeir hafa mig til reiði reittan, segir DROTTINN. [18]Það hefur þú til verðlauna fyrir þína breytni og þín verk. Þá mun þitt hjarta og finna hversu mikil að er þín illska.

[19]Hvernin er mér so hjartað sárt! Mitt hjarta það flökrar so í mínu brjósti og hefur öngva hvíldarró. Því að mín sála heyrir herlúðursins hljóð og bardagans slag og hvert dauðlegt heróp eftir annað. [20]Því að allt landið verður í eyði lagt, mínar herbúðir og landtjöld verða skyndilegana niðurrifin. [21]Hversu lengi á eg þó að sjá þau merkin og heyra herlúðursins hljóð? [22]En mitt fólk er galið og trúir mér ekki, heimskir eru þeir og skeyta því ei. Nógu hyggnir eru þeir til illt að gjöra en vel að gjöra þa vilja þeir ekki læra.

[23]Eg leit á landið, sjá þú, það var tómt og í eyði, og í himninum, og hann var myrkur. [24]Eg leit til fjallanna og sjá þú, að þau hristust og allir háir hálsar þeir skulfu [25]og sjá þú, eg sá að þar var enginn maður og allir fuglar undir himninum voru í burt flognir. [26]Og sjá þú, eg sá það akurlöndin voru í eyði og allir staðirnir á þeim voru niðurbrotnir fyrir DROTTNI og fyrir hans grimmdarreiði.

[27]Því að so segir DROTTINN það allt landið skal foreytt verða og þó vil eg ekki öldungis í eyðileggja það. [28]Þar fyrir skal landið verða hörmulegt og himinninn þar fyrir ofan sorgarlegur af því að eg hefi talað það. Eg hefi ályktað það og eg skal ei angra mig um það, eg vil og eigi heldur láta af því. [29]Allir staðirnir skulu flýja fyrir því riddara og skotmanna herópinu og í burt hlaupa á þykkvar skógarmerkur og inn skríða í þá bjarghellana, allir staðirnir skulu í eyðileggjast so að enginn skal þar inni búa. [30]Þú hin niðurbrotna, hvað viltu þá til gjöra? En þó að þú skrýddir þig með purpuraklæðum og með gulllegum gersemum og prýddir þitt andlit, þá skrýddir þú þig þó til forgefins. Því að þeir sem nú látast lúta þér þeir munu helst fyrirlíta þig og þeir munu helst stunda eftir þínu lífi. [31]Því að eg heyrða

eitt hljóð líka sem þeirrar eð fæða skal,
eina kveinan so sem þeirrar sem að er í
sinni fyrstu fæðingarhríð: Þau háhljóð-
in dótturinnar Síon sem að grætur og
útréttir hendurnar: A, vei mér, eg hlýt
nú með öllu niður í grunn að forganga
fyrir manndrápinu!

5 Gangið um göturnar til Jerúsalem,
sjáið til og gefið gaum að og leitið á
hennar strætum hvort að þér finnið
nokkurn þann sem réttvísina gjörir og
spyrji eftir trúnni, so vil eg vera henni
miskunnsamur. [2]Og þá eð þeir segja þó
enn við þann lifanda Guð þá sverja þeir
þó falsklegana.

[3]DROTTINN, þín augu álíta trúna, þú
slær þá en þeir kenna ekki til þess. Þú
þvingar þá en þeir forbetra sig ekki,
þeir hafa harðara andlit en hellusteinn
og vilja ekki snúa sér. [4]En eg þenkta:
Nú vel, sá aumi flokkur er skynlaus, vit-
andi ekki neitt af DROTTINS vegi og af
síns Guðs réttindum. [5]Eg vil ganga til
fyrirmannanna og tala við þá, þeir hinir
sömu munu vita af vegi DROTTINS og
síns Guðs réttindum. En allir saman
höfðu þeir það okið í sundurbrotið og
þau togin í sundurslitið. [6]Þar fyrir mun
og einnin það leónið sem af skóginum
kemur í sundurslíta þá og sá úlfurinn
úr eyðimörkinni mun fordjarfa þá og sá
pardus mun umsitja þeirra borgir.
Hann mun og í sundurrífa þá alla sem
þar út ganga það þeirra syndir eru of
margar og þeir eru forharðnaðir í sinni
óhlýðni.

[7]Hvernin skal eg þér þá miskunn-
samur vera með því að þín börn yfir-
gefa mig og sverja við þann sem enginn
guð er? Og nú þá eg hefi mettað þig
drýgja þeir hóranir og hlaupa í skækna-
hús, [8]hver sem einn þá hnýsir eftir
eignarkonu síns náunga so sem ofaldir
stóðhestar. [9]Og eg skylda ekki fyrir
slíkra hluta sakir vitja þeirra, segir
DROTTINN, og mín sála skyldi ekki hefna
sín á svoddan fólki sem þetta er?
[10]Stormið til þeirra múrveggja og fleyg-
ið þeim um koll og leggið þá ei með öllu
í eyði. Í burt flytjið þeirra vínviðar-
arkvistu því að þeir eru ekki DROTTINS
[11]heldur þá forsmá þeir mig, bæði húsið
Ísrael og það húsið Júda, segir
DROTTINN.

[12]Þeir afneita DROTTNI og segja: Ekki
er hann það og ekki mun það vegna oss
so illa. Sverð og hungur þa mun ekki
yfir oss koma. [13]Já þeir prophetarnir
eru skjallarar og hafa ekki Guðs orð og
komi það sama yfir þá sjálfa.

[14]Þar fyrir segir DROTTINN Guð
Sebaót: Með því þér talið svoddan orð,
sjá þú, þá vil eg gjöra mín orð í þínum
munni að eldi og fólk þetta að viðar-
trjám og hann skal foreyða þeim. [15]Sjá
þú, eg vil færa yfir yður af húsi Ísrael
eitt fólk úr fjarlægum stöðum, segir
DROTTINN, eitt megtugt fólk sem það
fyrsta mannfólk hefur verið, það fólk
hvers tungumál að þú skilur ekki og
hvað þeir tala þá muntu það eigi undir-
standa. [16]Þeirra pílnakoffur eru opnar
grafir, allir eru þeir berserkir, [17]þeir
munu fortæra þinni haustvinnu og
þínu brauði, þeir munu uppéta þína
syni og dætur, sauði þína og naut munu
þeir uppsvelgja og þeir munu foreyða
þínum vínviði og fíkjutrjám. Þeir munu
með sverði fordjarfa þínar öruggar
borgir sem þú hefur þitt traust upp á.

[18]Og eigi vil eg öldungis í eyðileggja
þá á þeim sama tíma, segir DROTTINN.
[19]Og ef að þeir vildu þá segja: Hvar fyrir
gjörir DROTTINN Guð vor oss allt þetta?
þá skaltu svara þeim: Líka sem að þér
yfirgáfuð mig og þjónuðu annarlegum
guðum í yðar eigin landi, so skulu þér
og þjóna annarlegum guðum í einu því
landi sem ekki er yðar.

[20]Þetta skulu þér kunngjöra í húsi
Jakobs og prédika í Júda og segja:
[21]Hlýðið til, þér fávíst fólk sem hafið
öngvan skilning, þér sem hafið augun
og sjáið ekki, hafið eyrun og heyrið
ekki! [22]Vilji þér ekki óttast mig, segir

DROTTINN, og skelfast ekki fyrir mér, eg sem setta sandinn á sjóvarströndinni innan þeirra takmarka hann hlýtur alla tíma að vera og má þar ekki yfirganga? Og þótt hann gnýi fast þá orkar hann einskis og þó að þess bylgjur þær falli og rísi hátt þá mega þær þó ekki þar yfir ganga. [23]En þetta fólk hefir eitt frá-horfið, óhlýðugt hjarta, þeir blífa fráleitir og ganga ætíð fjarlægari. [24]Og þeir segja ekki einu sinni í sínu hjarta: Látum oss þó óttast DROTTIN Guð vorn sem oss gefur morgundöggina og kveldregnið í réttan tíma og varðveitir vora haustyrkju árlega árs trúlegana. [25]En yðar illskuverk þau forhindra það og yðrar syndir þær snúa þvílíkum góða frá yður. [26]Því að þar finnast óguðhræddir á meðal míns fólks, þeir sem liggja til lægis og setja snörur fyrir fólkið að veiða það [27]líka sem það fuglarinn gjörir meður sínum veiði-brellum og þeirra hús eru full með kyndugskap, líka sem að eitt fuglabúr er fullt með tálfugla. Þar út af verða þeir ríkir og megtugir, [28]feitir og frjálslegir. Þeir fara með illskupör og vonda hnykki, þeir halda engin réttindi, þeir framkvæma ekki málefnið hins föðurlausa og það lukkast þeim þó og þeir hjálpa ekki hinum fátæka til réttra mála. [29]Skylda eg ekki vitja slíks, segir DROTTINN, og skyldi mín sála ekki hefna sín á svoddan fólki sem þetta er?

[30]Það stendur hræðilega og hörmulega til í landinu. [31]Prophetarnir kenna lygar, prestarnir þeir yfirdrottna í sínu embætti og mitt fólk vill gjarnan hafa það svo. Hvernin mun að síðustunni það vilja yður vegna yfir slíku?

6 Þér Benjamínsbörn, samansafnið yður af Jerúsalem og blásið í lúðrana á varðhaldinu í Tekóa og setjið upp eitt merki á því varðhaldinu Bet Kerem. Því að þar gengur ein ógæfa fram af norðrinu og ein mikil eymdarvesöld. [2]Dótturin Síon hún er líka sem eitt fagurt, lystilegt engi. [3]En þar munu hirðarar koma yfir hana með sína hjörð, þeir munu slá sínum landtjöldum upp í kringum hana og hjarðirnar fæða hver í sínu takmarki og segja:

[4]Búið yður til bardaga á móti henni. Standið upp, vér viljum draga upp þangað á meðan það er enn nú hár dagur. Aví, það tekur mjög að kvelda og skugginn gjörist mikill! [5]Nú vel, látum oss vera til reiðu, skyldu vér og einnin á náttarþeli uppdraga þangað og fordjarfa hennar herbergi?

[6]Því að so segir DROTTINN Sebaót: Afhöggvið trén og gjörið vígvélar á móti Jerúsalem það hún er sú borg sem heimsótt skal verða því þar inni eru ekki utan rangindin ein. [7]Því að líka sem annar brunnur uppvellir vatninu so uppvellur og einnin hennar illska. Hennar rangindi og yfirgangur kallar yfir henni og þeirra morð og manndráp fremja þeir daglega fyrir mér. [8]Gjörðu yfirbót, þú Jerúsalem, áður en það mitt hjarta snýr sér í burt frá þér og það eg gjöri þig að einu eyðilandi þar inni eð enginn býr.

[9]So segir DROTTINN Sebaót: Hvað eftir er vorðið af Ísrael það skal og líka seinna meir af lesið verða so sem af öðru vínviðartré. En hann sem vínberin les mun kasta hverjum eftir annan í körfina.

[10]Aha, við hvern skal eg þó tala og það vitna so að nokkur vildi það heyra? En þeirra eyru eru ei umskorin, þeir geta ekki heyrt það. Sjá þú, þeir halda orð DROTTINS fyrir spéskap og vilja ekki heyra það. [11]Þar fyrir er eg so þrútinn af ógnunarheitingum DROTTINS að eg kann ei af að láta að ausa þeim út, bæði yfir börnin á strætunum og yfir þá fullorðnu í ráðinu, alla til samans. Því að bæði menn og konur, bæði gamlir og örvasa þá skulu herleiddi verða. [12]Þeirra hús skulu verða ókunnigum að hlutskipti ásamt meður þeirra akurlöndum og húsfreyjum því að eg vil

útrétta mína hönd, segir DROTTINN, yfir landsins innbyggjendur. 13Því að þeir eru ágjarnir, bæði smáir og stórir, og bæði prophetarnir og prestarnir þá kenna allir til samans falslega Guðs þjónustu 14og hugsvala mínu fólki í sinni ógæfu að þeir skuli ekki skeyta par um það og segja: „Friður, friður“ – og þar er þó ekki friður. 15Þar fyrir munu þeir til skammar verða að þeir fremja svoddan svívirðingar, þó vilja þeir samt óskammaðir vera og vilja ekki skammast sín. Þar fyrir hljóta þeir að falla í eina hrúgu og nær eð eg verð þeirra vitjandi þá skulu þeir falla, segir DROTTINN.

16So segir DROTTINN: Stígið upp á veguna og skyggnist um og spyrjið eftir þeim hinum forna veginum, hver að sé sá hinn góði vegurinn, og gangið á þeim hinum sama, þá munu þér hvíld finna yðrum sálum. En þeir segja: „Vér viljum það ekki gjöra.“ 17Eg hefi sett varðmenn yfir yður, gefið gaum að herlúðursins hljóði. En þeir segja: „Vér viljum það ekki gjöra.“ 18Þar fyrir þá heyri, þér hinir heiðnu, og gætið að því með yðru liði, 19þú jörð, hlýtt og til. Sjá þú, eg vil innflytja yfir þetta fólk eina ógæfu sem er þeirra forþénuð laun af því að þeir gefa öngvan gaum að mínum orðum og í burt kasta mínu lögmáli. 20Hvað skeyti eg um reykelsið sem kemur út af því ríki Arabia eður um þann góða viðarbörkinn sem kemur úr fjarlægum löndum? Yðvar brennioffur er mér ekki þakknæmilegt og yðrar fórnir þóknast mér ekki.

21Þar fyrir segir DROTTINN so: Sjá þú, eg vil setja eina hneykslan á meðal fólks þessa á hverja það þeir skulu sig reka, bæði faðirinn og börnin, og hver nágranninn með öðrum skal tortýnast.

22So segir DROTTINN: Sjá þú, þar skal koma eitt fólk af norðrinu og eitt gilt fólk mum upphefja sig hart nærri voru landi 23sem hafa boga og skjöldu, þeir eru grimmlegir og miskunnarlausir. Þeir koma þjótandi sem annar stórsjór og ríða á hestum herklæddir sem stríðsmenn á móti þér, þú dótturin Síon.

24Nær eð vér heyrum af þeim þá munu vorir hnefar niður síga, vér munum hafa angist og sótt sem sú eð fæða skal. 25Enginn gangi þá út á akurlöndin, enginn gangi þá út á völluna, því að alla vegana er þá háskasamlegt fyrir óvinanna sverði. 26Þú dótturin míns fólks, klæð þig í sekk og legg þig í ösku, harmaðu líka sem fyrir einum einkasyni og syrg so sem sá eð næsta mjög er sorgbitin. Því að fordjarfarinn kemur mjög skyndlegana yfir oss.

27Eg hefi sett þig til eins niðursmeltara á meðal míns fólks sem er so hart að þú skalt reyna og prófa þeirra breytni. 28Allir saman þá eru þeir fráhorfnir og ganga sviksamlegana, allir eru þeir fordjarfaður kopar og járn. 29Smiðjubelgurinn er uppbrenndur, blýið í burt hverfur so það kemur til einskis niður að smelta því að það hið vonda er ekki frá skilið. 30Þar fyrir kallast þeir og einnin eitt forskotið silfur því að DROTTINN hefur útskúfað því.

7 Þetta er það orð hvert að skeði af DROTTNI til Jeremía, segjandi: 2Gakk þú í dyrnar á húsinu DROTTINS og prédika þar þetta hið sama orð og seg: Heyrið orð DROTTINS, þér allir af Júda sem um þessar dyr inngangið að tilbiðja DROTTIN. 3Því so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Betrið yðvarn lifnað og athæfi, á vil eg byggja hjá yður í þessum stað. 4Treystið ekki upp á lygina þá þeir segja: „Hér er musteri DROTTINS, hér er musteri DROTTINS, hér er musteri DROTTINS“ 5heldur þá yfirbætið yðvarn lifnað og athæfi so að þér gjörið rétt hver öðrum og þeim ókenndum, 6föðurlausum og ekkjum þá gjörið ekki neitt ofríki og úthellið ekki neinu saklausu blóði í þessum stað. Og eftirfylgið ekki annarlegum

guðum til yðars eiginlegs óbata. 7Þá vil
eg um aldir og ævinlega búa hjá yður í
þessum stað, í því landinu sem eg gaf
yðar forfeðrum.
8En nú treysti þér upp á lygar sem
engi gagnsemi er að. 9Þar til með þá eru
þér þjófar og manndráparar, hórkallar,
meinsærismenn og berið reykelsi Baal
og eftirfylgið annarlegum guðum sem
þér þekkið ekki. 10Þar eftir á þá komi
þér og gangið fyrir mig í þessu húsi
sem að nefnt er eftir mínu nafni og segið: „Það hefur öngva neyð með oss af
því vér gjörum svoddan svívirðing.“
11Hvert haldi þér þá þetta húsið sem að
nefnt er eftir mínu nafni fyrir eitt spillvirkjabæli? Sjá þú, eg sé það vel, segir
DROTTINN.
12Gangið burt til míns staðar í Síló þar
sem mitt nafn hefur áður búið og hyggið að því hvað eg hefi þar gjört fyrir
illsku sakir míns fólks Ísrael. 13En eftir
því að þér fremjið allir svoddan hluti,
segir DROTTINN, og eg læt alla tíma prédika fyrir yður og þér viljið ekki heyra,
eg kalla og þér viljið ekki andsvara, 14þá
vil eg gjöra við það húsið sem nefnist
eftir mínu nafni, á hvert þér treystið,
og við þann staðinn sem eg gaf yðar
forfeðrum eins líka so sem eg gjörða
við Síló 15og eg vil í burt kasta yður frá
mínu augliti líka sem að eg hefi í burt
kastað öllum yðar bræðrum, því
gjörvöllu sæði Efraíms. 16Og þú skalt
ekki biðja fyrir þessu fólki og þú skalt
ekki neina kveinstafi né bænastað
frammi hafa fyrir því og ekki tjá þeirra
mál fyrir mér því að eg vil ekki bænheyra þig.
17Því sér þú ekki hvað þeir gjöra í
þeim stöðunum Júda og á strætunum
til Jerúsalem? 18Börnin þau lesa viðinn
til samans, þá uppkveikja feðurnir
eldinn og konurnar hnoða deigið so að
þær baki brauðkökuna þeirri himnesku
drottningu *(Meleket)* og gefa þeim
annarlegum guðunum drykkjaroffrið
so að þeir gjöri mér til meins. 19En þeir
skulu ekki mér þar með meinsemd
gjöra, segir DROTTINN, heldur þeim
sjálfum og þeir hljóta til skammar að
verða. 20Þar fyrir segir DROTTINN: Sjá
þú, mín reiði og mín grimmd er úthellt
yfir þennan stað, bæði yfir menn og
fénað, yfir trén í skóginum og yfir þann
ávöxtinn landsins, og hún skal brenna
so það enginn kunni út að slökkva.
21So segir DROTTINN Sebaót, Guð
Ísraels: Leggið yðart brennioffur og
aðrar fórnir til samans og etið kjötið.
22Því að eg hefi hvorki sagt né boðið yðar forfeðrum af brennioffri eður öðrum
fórnfæringum á þeim degi er eg
útleidda þá af Egyptalandi. 23En þetta
bauð eg þeim og sagði: „Hlýðið mínu
orði, so vil eg vera yðar Guð og þér
skuluð vera mitt fólk og gangið á öllum
þeim vegum sem eg býð yður so að það
skuli vegna yður vel.“ 24En þeir vildu
ekki heyra né sín eyru þar að hneigja
heldur gengu þeir eftir sínu eigin ráði
og eftir þeirra sjálfs vondslegu hjartans
hugboði og gengu so á bak aftur en eigi
áfram. 25Já, í frá þeim degi þá eg
útleidda feður yðra af Egyptalandi og
allt til þess dags þá hef eg alla tíma sent
til yðar alla mína þjónustumenn, þá
prophetana. 26En þeir vilja ekki mér
heyra né sín eyru þar til hneigja heldur
eru þeir harðsvíraðir og gjöra verra en
þeirra forfeður gjörðu.
27Og þó eð þú segir þeim allt þetta þá
heyra þeir það þó ekki, kallir þú til
þeirra þá svara þeir þó eigi. 28Þar fyrir
seg þú svo til þeirra: Þetta er það fólkið
sem ekki vill heyra DROTTNI Guði sínum
né yfirbæta sig. Trúin er í burtu horfin
og útstlitin af þeirra munni.
29Raka þú þitt höfuðhár í burt og
kasta því frá þér og kveina sárgrætilegana á þeim hæðunum því að DROTTINN
hefur þessu slekti (á hvert hann er reiður) í burt kastað og útskúfað.
30Því að börnin Júda gjöra illt fyrir
mínu augliti, segir DROTTINN. Þeir setja
sína svívirðing inn í það húsið sem að

nefnt er eftir mínu nafni til að saurga það [31]og þeir byggja altari Tófet í Ben-Himmondal so að þeir uppbrenni þar sína syni og dætur, hvað eg hefi aldregi boðið og eigi hefur mér það til hugar komið. [32]Þar fyrir, sjá þú, sá tími kemur, segir DROTTINN, að það skal ekki meir kallast Tófet og Ben-Hinnömdalur heldur Morðdalur og þar skal grafið vera í Tófet af því þar mun ekki fást annars staðar rúm til. [33]Og líkamar fólks þessa skulu verða fuglum loftsins og dýrum jarðarinnar að átu og enginn skal í burt styggja þau það. [34]Og eg vil í stöðum Júda og á strætunum til Jerúsalem í burt taka það gleðinnar og fagnaðarhljóðið og þá raustina brúðgumans og brúðarinnar það landið skal í eyði vera.

8 Á þeim sama tíma, segir DROTTINN, munu útköstuð þau beinin konunganna í Júda, þau beinin þeirra höfðingjanna, þau beinin þeirra prestanna, þau beinin þeirra prophetann, þau beinin þeirra borgarmannanna til Jerúalem, í burt úr þeirra leiðum [2]og þeir munu útdreifa þeim undir sólina, tunglið og allar himneskar hersveitir hverjar þeir elskuðu, hverjum þeir þjónuðu, eftirfylgdu, vitjuðu og tilbáðu. Eigi skulu þau samanlesast aftur og grafin vera heldur skulu þau verða að saurindum jarðarinnar. [3]Og allir þeir sem eftir munu vera af þessu fólki í hverjum helst stað sem þeir munu staddir vera þangað sem eg hefi þá í burt rekið þá skulu þeir heldur vilja vera dauðir en lifandi, segir DROTTINN Sebaót.

[4]Þar fyrir seg þú til þeirra: So segir DROTTINN: Hver er sá sem að fellur að hann vildi ekki gjarnan upp aftur standa? [5]Hver er sá nokkur sem að villt fer að hann vilji ekki gjarnan komast á þann rétta veginn aftur? En þetta fólk í Jerúsalem vill þó samt ætíð og alla tíma villt fara. [6]Þeir halda so fast á þeirri falslegri guðsþjónustinni að þeir vilja eigi láta snúa sér þar í frá. Eg sé og heyri að þeir læra ekki neitt hvað rétt er, þar er og sá enginn sem að honum mislíki sín illska og segi: „Hvað er það eg gjöri?“ Allir þá hlaupa þeir sitt hlaup so sem grimmur víghestur í bardaga. [7]Storkfuglinn undir himninum veit sinn tíma, ein turtildúfa, tranan og svalan formerkja og þeirra tíma nær eð þær skulu aftur koma. En mitt fólk það vill ekki vita réttindin DROTTINS.

[8]Hvernin megi þér þá segja: „Vér vitum hvað rétt er og vér höfum þá heilögu Ritning fyrir oss“? Það eru þó ekki utan lygar hvað þeir hinir skriftklóku þeir framsetja. [9]Þar fyrir hljóta slíkir lærendur til skammar, skelfingar og fangaðir að verða því hvað kunna þeir gott að kenna á meðan þeir forleggja það orðið DROTTINS? [10]Þar fyrir vil eg gefa annarlegum þeirra húsfreyjur og þeirra akurlönd þeim sem þá munu útreka því að þeir eru allir saman ágjarnir, bæði smáir og stórir, bæði prestarnir og prophetarnir þa kenna falsklega guðsþjónustu [11]og hughreysta so mitt fólk í þeirra gæfuleysi að þeir skulu ekki hirða mikið um það og segja: „Friður, friður“ en þar er þó enginn friður. [12]Þar fyrir skulu þeir til skammar verða að þeir fremja svoddan svívirðingar þótt að þeir vilji óskammaðir vera og vilja ekki sjálfir sín skammast. Þar fyrir hljóta þeir að falla í eina hrúgu og nær eð eg fer þeirra að vitja þá skulu þeir falla, segir DROTTINN. [13]Eg vil af lesa þá alla saman, segir DROTTINN, so að það skulu engin vínber á vínviðinum og öngvar fíkjur á fíkjutrénu eftir vera, já þau laufblöðin skulu og einnin af falla og hvað sem það er eg hefi gefið þeim þá skal það frá þeim takast.

[14]„Hvar eigum vér þá að búa? Samansafnið yður þá og látum oss inndraga í þær steku borgirnar og bíða þar eftir hjálpinni því að DROTTINN Guð vor mun

hjálpa oss með beiskum drykk af því að vér syndgunst so mjög á móti DROTTNI.“ [15]Já treystið þar upp á það það skuli öngva neyð hafa sem þar er þó ekki neitt gott fyrir höndum og þér skuluð heilbrigðir verða sem þar er þó ekki utan skaðsemi fyrir höndum! [16]Menn heyra það þeirra hestar frýsa nú þegar í Dan og þeirra víghestar hneggja svo það allt landið skelfur. Þeir koma þar fram og munu upp éta landið með öllu því eð þar er inni, borgina ásamt með öllum þeim er þar búa inni.

[17]Því að sjá þú, eg vil senda höggorma og basilicos á meðal yðar sem ekki eru særðir, þeir skulu stinga yður, segir DROTTINN. [18]Þá mun eg endurlífga mig af minni hörmung og hjartans sorg. [19]Sjá þú, dótturin míns fólks mun kalla hingað úr fjarlægu landi hvort að DROTTINN vilji ekki lengur vera Guð út í Síon eða skuli hún nú öngvan konung hafa lengur?

Já, hvar fyrir hafa þeir gjört mig so reiðan fyrir sínar líkneskjur og þá annarlegu ónýta guðsþjónustu?

[20]Haustið er umliðið og sumarið er í burtu og oss kemur engin hjálp.

[21]Mig angrar það af hjarta að mitt fólk er so fordjarfað, eg grem mig þess og eg ber mig illa. [22]Hvert eru þar engin smyrsl í Gílead eða er þar enginn græðari til? Hvar fyrir er ekki dótturin míns fólks þá læknuð?

9 Ah, eg vilda eg hefða nóg vatn í mínu höfði og það mínu augu væri ein tárauppspretta so að eg mætti gráta bæði nætur og daga þá hinu í hel slegnu á meðal míns fólks! [2]Eg vilda að eg hefða eitt hreysi á eyðimörkinni, þá skylda eg yfirgefa mitt fólk og fara í burt frá því því að þeir eru ekki utan hórdómsmenn og einn þrjóskusamlegur flokkur.

[3]Þeir skjóta ekki utan lygunum með sínum tungum og öngvan sannleika og þeir veita yfirgang í landinu og ganga frá einu ranglætinu til annars og skeyta mér ekki, segir DROTTINN.

[4]Sérhver vari sig við sínum vin og trúi eigi heldur sínum bróður því að einn bróðurinn niðurþrykkir hinn annan og einn vinurinn svíkur hinn annan, einn vinurinn hann prettar hinn annan og talar honum ekki eitt satt orð til. [5]Þeir eru kostgæfir um það hvernin að þeir fái svikið hver annan og það gjörir þeim mein að þeir geta ekki gjört það enn verr. [6]Þar er allavegana ekki utan fláræði á meðal þeirra og fyrir svikræðanna sakir þá vilja þeir ekki þekkja mig, segir DROTTINN.

[7]Þar fyrir segir DROTTINN Sebaót so: Sjá þú, eg vil smelta þá og reyna þá. Því hvað skal eg annað til gjöra fyrst að mitt fólk það prýðir sig so? [8]Þeirra falslegar tungur eru dauðleg skeyti, meður sínum munni tala þeir vinsamlegana til síns náunga en í hjartanu þá umsitja þeir þann hinn sama. [9]Skylda eg ekki vitja þess á þeim, segir DROTTINN, skylda og ekki sála mín hefna sín á svoddan fólki sem þetta er?

[10]Eg hlýt að gráta og kveina upp á hábjörgunum og að ætelja mig í hjá fjárhúsunum í eyðimörkinni það þau eru so algjörlega í eyði lögð að þar umgengur enginn lengur og ekki heyra menn þar neitt hljóð fénaðarins, þar eru bæði fuglar loftsins og fénaðurinn allt saman í burtu.

[11]Og eg vil gjöra Jerúsalem að einnri grjóthrúgu og að einu drekabæli og eg vil í eyðileggja borgirnar Júda so að enginn skal búa þar inni.

[12]Hver hann væri nú vitur og léti sér það hjartstætt vera og kunngjörði það hvað er munnur DROTTINS segir til hans, hvar fyrir að landið mun fordjarfast og í eyðileggjast líka sem önnur óbyggð þar eð enginn umgengur. [13]Og DROTTINN sagði: Þar fyrir að þeir forláta mitt lögmál sem eg gaf þeim og hlýða ei mínu máli og lifa ei þar eftir [14]heldur eftirfylgja sínum sjálfs hjartans hug-

þokka og Baal svo sem þeirra feður kenndu þeim.

15Þar fyrir segir DROTTINN Sebaót,
Guð Ísraels so: Sjá þú, eg vil fæða fólk
þetta með beiskri grasajurt og gefa því
gall að drekka. 16Eg vil úttvístra þeim á
meðal heiðingjanna hverja það hvorki
þeir né þeirra feður þekktu og eg vil
senda sverðið á bak til við þá þangað til
að þeir eru foreyddir.

17So segir DROTTINN Sebaót: Útvegið
og tilsetjið harmakonur að þær komi
18og sendið eftir þeim sem það vel
kunna að harma oss skyndilega so að
vor augu megi fljóta í tárum og vorar
augnabrár renna í vatni 19so að menn
megi vel heyra eitt sárgrætilegt óp í Sí-
on með þessum hætti: „Aví, hvernin
erum vér so með öllu í eyði lagðir og til
skammar vorðnir? Vér hljótum landið
að rýma því að þeir nafa niðurbrotið
vora bústaði.“

20Svo heyrið nú, þér kvinnur, orðið
DROTTINS og látið yður það málið hans
munns í eyrum loða. Kennið yðrum
dætrum að gráta og hver kenni annarri
harm að bera, einkum so: 21„Dauðinn er
innfalinn um vor vindaugu og kominn í
vor herbergi til að drepa börnin á göt-
unni og ungmennin á strætunum.“

22So segir DROTTINN: Seg þú það
mannanna líkamir skulu liggja so sem
aðrar taðhrúgur á túnvöllum og so sem
heymúgar eftir sláttumanninum þá
enginn upptekur.

23So segir DROTTINN: Hinn vísi hrósi
sér ekki af sínum vísdómi, hinn öflugi
hrósi sér ekki af sínu afli, hinn ríki
hrósi sér ekki af sínum ríkdómi 24held-
ur hver ið sér vill hrósa hann hrósi sér
af því að hann viti og þekki það eg sé
DROTTINN sá sem að gjörir miskunn-
semina, dóminn og réttvísina á jörðu.
Því að sovddan þóknast mér, segir
DROTTINN.

25Sjá þú, tíminn kemur, segir
DROTTINN, það eg mun alla heimsækja,
svo þann umskorna sem hinn óum-
skorna, 26sem er egypska, Júda, Edóm,
Ammónssonu, Móab og alla þá sem búa
út í landsálfum eyðimarkarinnar. Því að
allir heiðingjar þeir hafa óumskorna yf-
irhúð en allt Ísraels hús hefur óum-
skorin hjörtu.

10 Heyri þér hvað er DROTTINN tal-
ar til yðar, þér af húsi Ísraels.
2So segir DROTTINN: Þér skuluð ekki
læra siðvenjur heiðinna manna og þér
skuluð ekki hræddir vera fyrir himin-
teiknunum so sem það heiðingjarnir
hræddir eru 3því að afguðirnir heiðinna
manna eru alls ekkert. Þeir höggva tréð
í skóginum og smiðurinn smíðar það
með öxinni 4og prýðir það með gulli og
silfri og festir það með nöglum og
hamri að það skuli ekki ofan detta.
5Þeir eru ei annað utan málaðir tré-
stokkar, þeir kunna eigi að tala, so
hljóta þeir einnin bornir að vera það
sjálfir kunna þeir eigi að ganga. Þar fyr-
ir skulu þér ekki hræddir vera fyrir
þeim það þeir kunna hverki að hjálpa
né skaða gjöra.

6En þér, DROTTINN, er enginn líkur, þú
ert stór og þitt nafn er mikilsháttar og
þú kannt það að auðsýna með gjörn-
ingi. 7Hver er sá að þig ætti eigi að
hræðast, þú kóngurinn heiðinna þjóða?
Þér er skyldugt að hlýða því að þar er
enginn sá spekingur á meðal heiðinna
þjóða og út í öllum kóngaríkjunum að
hann megi jafnast við þig. 8Allir saman
þá eru þeir heimskir og viskulausir því
að tréstokkurinn er ein fáfengileg
guðsþjónusta. 9Silfurplöturnar flytjast
hingað yfir um sjávarhafið en gullið út
af Úfas tilbúið af meistaranum og gull-
smiðunum, í gult silki og purpura
klæða þeir þau og það er allt saman
ekki utan vísra manna fundningar. 10En
DROTTINN er einn sannur Guð, einn lif-
andi Guð, einn eilíflegur kóngur. Fyrir
hans reiði skelfur jörðin og þeir hinir
heiðnu kunna ekki að þola hans ógnan-
ir. 11Því segið nú svo til þeirra: Þeir guð-

ir sem ekki hafa gjört himin og jörð
þeir hljóta afmáðir að verða í burt af
jörðunni og undan himninum.
[12]En hann hefir gjört jörðina með sín-
um krafti og tilbúið jarðarkringluna
með sínum vísdómi og himininn út-
breitt með sínum skilningi. [13]Nær eð
hann slær reiðarþrumurnar þá er þar
vatsins nógleg nægð undir himninum
og dregur upp þokuna í frá enda jarðar-
innar, hann gjörir þær eldingarnar í
regninu og lætur vindinn koma úr
leynilegum fylsnum.
[14]Allir menn eru heimskir í sinni
kunnáttu og hver gullsmiður verður
skammarlegur meður sínar líkneskjur
það þeirra skúrgoð eru svikræði og
hafa ekki neitt líf. [15]Það er ekki utan hé-
gómi og sviksamlegt smíði, þeir skulu
og fyrirfarast nær eð þeirra verður vitj-
að.
[16]En hann er eigi so sá sem að er fé-
sjóður Jakobs heldur er hann sá hinn
sami sem skapað hefur alla hluti og Ísr-
ael er hans arfleifð, hann heitir
DROTTINN Sebaót. [17]Tak þína handtéran
burt úr landinu, þú sem býr í þeirri ör-
uggri borginni, [18]því so segir DROTTINN:
Sjá þú, eg vil í burt dreifa innbyggjur-
unum landsins í þessu sinni og eg vil
þrengja að þeim so að þeir skulu kenna
þess.
[19]Ah, mín eymdarneyð og hjartans
sorg! En eg þenki að það sama sé mín
hefndarplága og eg hljóti hana að líða.
[20]Mín tjaldbúð er niðurbrotin og öll mín
reip eru í sundur slitin. Mín börn eru í
burtu og eru eigi meir fyrir sjónum,
enginn útréttir mína tjaldbúð aftur og
engin slær mínu landtjaldi upp aftur.
[21]því að hirðararnir eru vorðnir að vit-
leysingum og hirða eigi um DROTTIN,
þar fyri kunna þeir og einnin ekki neitt
réttvíslegt að kenna heldur eru allar
hjarðir í sundur dreifðar. [22]Sjá þú, þar
kemur eitt heróp fram þaðan og ein
mikil skelfing úr norðurlandinu so að
þeir staðirnir í Júda skulu í eyði leggj-
ast og að drekabælum verða. [23]Eg veit
það, DROTTINN, að mannsins gjörningur
er ekki í sjálfs hans valdi og það stend-
ur ekki í neins manns magt hvernin
það hann skuli ganga eður greiða sína
götu. [24]Tyfta þú mig, DROTTINN, þó með
hófsemd og ekki í bræði þinnar reiði so
að þú upprætir mig ekki.
[25]Heldur úthell þú þinni reiði yfir
heiðingjana þá sem ekki þekkja þig og
yfir þær kynkvíslirnar sem ekki ákalla
þitt nafn. Því að þeir hafa Jakob upp-
étið og uppsvelgt, þeir hafa útrýmt
hann og hans bústaði í eyði lagt.

11 Þetta er það orð sem skeði af
DROTTNI til Jeremía og sagði:
[2]Heyrið orðin þessa sáttmálans so að
þér segið þau þeim í Júda og þeim
borgarmönnum til Jerúsalem [3]og segið
til þeirra: So segir DROTTINN Ísraels
Guð: Bölvaður sé sá sem ekki hlýðir
orðum þessa sáttmálans [4]hvern að eg
bauð yðar forfeðrum á þeim degi þá eg
útleidda þá af Egyptalandi, af þeim
járnofninum, og sagði: „Hlýðið minni
raust og gjörið so sem eg hefi boðið yð-
ur, þá skulu þér vera mitt fólk og eg vil
yðar Guð vera [5]so að eg megi halda
þann eið sem eg hefi svarið yðar for-
feðrum að gefa þeim eitt land þar eð
mjólk og hunang inni flýtur“ líka sem
að það stendur enn í dag. Eg svaraði og
sagði: „DROTTINN, já, það ske og so.“
[6]Og DROTTINN sagði til mín: Prédika
þú öll þessi orð í stöðunum Júda og á
strætunum til Jerúsalem og seg þú:
Heyrið þau orðin þessa sáttmálans og
gjörið þar eftir. [7]Því að eg vitnaði fyrir
yðar forfeðrum í frá þeim degi er eg
útleidda þá af Egyptalandi, allt til þessa
dags, og vitnaði það sama iðuglegana
og sagði: „Hlýðið minni raust“ [8]en þeir
hlýddu ei og þeir hneigðu ei heldur sín
eyru þar að heldur gekk hver einn eftir
sínu vondu hjartans hugboði. Þar fyrir
vil eg og einnin láta ganga yfir þá öll
orðin þessa sáttmálans sem eg hefi

boðið að halda og þeir hafa þó ekki þar eftir gjört.

[9]Og DROTTINN sagði til mín: Eg veit vel hvernin það þeir í Júda og þeir í Jerúsalem sambinda með sér, [10]það þeir snúa sér burt til þeirra syndanna sinna fyrru forfeðra, þeir sem ekki vildu heldur hlýða mínum orðum og eftirfylgdu einnin annarlegum goðum og þjónuðu þeim. Líka svo hefur húsið Ísrael og það húsið Júda alla tíma brotið minn sáttmála þann eg gjörði við feður þeirra. [11]Þar fyrir, sjá þú, segir DROTTINN, eg vil láta yfir þá ganga eina ógæfu hverja þeir skulu ekki umflúið geta. Og nær eð þeir kalla til mín þá vil eg ekki bænheyra þá. [12]Af því þá láttu staðina í Júda og borgarmennina í Jerúsalem ganga í burtu og kalla til þeirra goðanna fyrir hverjum þeir veifuðu reykelsinu, en þeir munu ekki hjálpa þeim í þeirra ánauð. [13]Því að þú, Júda, hefur so marga guði sem þú hefur staðina og so mörg stræti sem þar eru í Jerúsalem so mörg skammarleg altari hafi þér þar uppreist til að veifa reykelsinu fyrir Baal.

[14]Af því bið þú ekki fyrir þessu fólki og gjör öngva grátbeiðni eður bænastað fyrir þeim það eg vil ekki heyra þá nær eð þeir kalla til mín í sinni ánauð. [15]Hvað hafa þeir mínir vinir að gjöra í mínu húsi? Þeir fremja allan strákskap og meina að það hið heilaga kjötið skuli taka það i burt frá þeim og nær eð þeir gjöra illa þá gleðja þeir sig þar út af. [16]DROTTINN hann kallaði þig eitt grænt, blómgað, ávaxtarsamlegt viðsmjörsviðartré en nú hefur hann uppkveikt einn eld um það hið sama með miklu manndrápsherópi so að þess greinar skulu fordjarfast. [17]Því að DROTTINN Sebaót sem þig gróðursetti hann hefur hótað þér einnri ógæfu fyrir illsku sakir hússins Ísraels og hússins Júda sem þar fremja, það þau reita mig til reiði með því reykelsisoffri sem þeir offra fyrir Baal.[18]DROTTINN opinberaði mér þetta so að eg veit það og undirvísaði mér þeirra ástundan, [19]þessa að þeir vildu leiða mig út á blóðvöllinn sem annað meinlaust lamb. Því að eg vissa það ekki að þeir höfðu samtekið sín ráð á móti mér og sagt: „Látum oss fordjarfa það tréð með sínum ávexti og uppræta hann í burt úr landinu lifandi manna so að hans nafn skuli aldregi meir hugleitt verða.“ [20]En þú, DROTTINN Sebaót, þú réttvísi dómari, þú sem prófar nýrun og hjörtun, láttu mig sjá þína hefnd á þeim því að eg hefi þér á hendur falið mitt málefni.

[21]Þar fyrir segir DROTTINN so í móti þeim mönnum í Anatót sem leita eftir þínu lífi og segja: „Spáðu oss ekki neins í nafni DROTTINS utan þú viljir deyja fyrir vorum höndum“, [22]þar fyrir segir so DROTTINN Sebaót: Sjá þú, eg vil heimsækja þá, þeirra styrkvir æskumenn skulu í hel slegnir verða með sverði, synir þeirra og dætur skulu deyja af hungri [23]so að enginn skal eftir vera af þeim. Því að eg vil láta ógæfuna ganga yfir mennina í Anatót á ví árinu nær eð þeirra mun vitjað verða.

12 DROTTINN, þó að eg vilda þreyta lög við þig þá hefur þú þó réttara en eg hlýt þó samt af lagaréttinum að tala við þig. Hvar fyrir vegnar þeim óguðlegu so vel og þeir forsmánararnir hafa alls konar nægð? [2]Þú gróðursetur þá so að þeir fá rætur, vaxa upp og bera ávöxt, þú lætur þá hrósa mikið út af þér og agar þá ekki. [3]En mig, DROTTINN, þá þekkir þú og sér til mín og prófar mitt hjarta fyrir þér en þá lætur þú sjálfráða ganga sem sauði so að þeir skuli ekki slátrast og sparar þá til dráps. [4]Hversu lengi skal þó landið standa so aumlegana og grasið á völlunum í burt þorna so allavegana fyrir innbyggjarana illsku sakir so að bæði fé og fuglar eru þar aldrei síðan? Því að þeir segja: „Hann veit mikið af því hvernin það eigi oss að ganga.“ [5]Fyrst að þeir mæða þig sem á

fæti ganga, hvernin vill þér þá veita nær eð þú skalt með þeim hlaupa sem ríðandi eru? Og þar sem þú leitar eftir óhræddur að vera í því landinu sem friðurinn er, hvernin mun það þá vilja þér vegna í hjá þeirri hinni drambsömu Jórdan? [6]Því að þínir bræður og þíns föðurs hús forsmá þig einnin og hrópa eftir þér með háreysti. Þar fyrir set þú ekki þitt traust til þeirra þó að þeir tali enn vinsamlegana við þig.

[7]Þar fyrir hlaut eg að yfirgefa mitt heimili og að forðast mína arfleifð og gefa mína elskulega sálu út í óvina hendur. [8]Mín arfleifð er mér orðin so sem eitt león í skógi og grenjar á móti mér, þar fyrir er eg orðinn henni reiður. [9]Mín arfleifð er líka sem einn flekkóttur fugl í kringum hvern það fuglarnir safnast. Komið og samansafnið að yður öllum villidýrunum, komið og uppsvelgið! [10]Fjöldi hjarðargeymslumanna hefur fordjarfað minn víngarð og niðurtroðið minn akur. Þeir hafa gjört minn fagra akur að eyðimörku, þeir hafa lagt hann í eyði. [11]Eg sé og allareiðu hversu aumlegana það hann er í eyði lagður. Já gjörvallt landið er í eyði en þar er enginn sem sér lætur það til hjartans ganga. [12]Því að þeir foreyðendurnir koma hér fram yfir um allar hæðir eyðimerkurinnar og ekki neitt hold mun þá frið hafa. [13]Þeir niðursá hveitinu en illgresið munu þeir uppskera, þeir hafa þar erfiði fyrir en það kemur þó ekki að gagni, af sinni innkomu munu þeir og ekki glaðir vera fyrir grimmdarreiðinni DROTTINS.

[14]So segir DROTTINN í móti öllum þeim mínum vondum nágrönnum sem grípa þá arfleifð sem eg útskipti á meðal míns fólks Ísraels: Sjá þú, eg vil í burt slíta þá af þeirra landi og í burt rífa það húsið Júda mitt á meðal þeirra. [15]Og nær eð eg hefi þá í burt slitið þá vil eg þó enn aftur vera þeim miskunnsamur og eg vil flytja hvern til sinnar arfleifðar og inn í sitt land aftur. [16]Og það skal ske ef að þeir læra af mínu fólki að sverja við mitt nafn: „Svo sannarlega sem það DROTTINN lifir“ líka sem að þeir kenndu fyrr meir mínu fólki að sverja við Baal, þá skulu þeir uppbyggðir verða á meðal míns fólks. [17]En ef þeir vilja það ekki heyra þá vil eg upprykkja og fyrir koma slíku fólki, segir DROTTINN.

13 So segir DROTTINN til mín: Gakk burt og kaup þér einn léreftslinda og umgyrtu þínar lendar þar með og gjör hann ekki votan. [2]Og eg keypta mér linda eftir skipan DROTTINS og batt hann um mínar lendar. [3]Þá skeði orð DROTTINS í annað sinn til mín og sagði: [4]Tak þann lindann sem þú keyptir og battst um þínar lendar og bú þig og gakk í burt til Euphrates og fel hann þar í einnri bjargskoru. [5]Eg gekk þangað og faldi hann hjá Euphrates so sem það DROTTINN hafði mér boðið. [6]Og að liðnum löngum tíma eftir það sagði DROTTINN til mín: Bú þig og far þú í burt til Euphrates og sæk þú þann linda aftur sem eg bauð þér að fela þar. [7]Eg gekk í burt til Euphrates og gróf hann upp og tók lindann úr þeim stað sem eg hafði falið hann og sjá þú, að sá lindinn var skemmdur og til einskis neytur.

[8]Þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [9]So segir DROTTINN: Eins líka þá vil eg skemma þá hina miklu drambsemina Júda og Jerúsalem, [10]þá illu þjóð sem ekki vill heyra mín orð heldur ganga þeir eftir sínum sjálfs hjartans hugþokka og eftirfylgja annarlegum guðum, þjóna þeim og tilbiðja þá. Þeir hinir sömu skulu eins so verða sem að sá lindinn er hver að nú dugir ekki til neins. [11]Því að líka so sem það maðurinn bindur lindann um sínar lendar, eins líka þá hef eg, segir DROTTINN, umgyrt allan Ísraelslýð og það gjörvallt húsið Júda um kring mig so að þeir skyldu vera mitt fólk til nafnfrægðar, lofs og dýrðar, en þeir vilja ekki heyra.

[12]So seg þú nú þessi orð: So segir DROTTINN Guð Ísraels: Allir leglar skulu fyllast með vín. Þá munu þeir segja: „Hver er sá að hann viti eigi það að leglarnir skulu með víni fylltir vera?“ [13]En seg þú til þeirra: So segir DROTTINN: Sjá þú, eg vil fylla þá alla sem byggja í þessu landi, kóngana sem sitja upp á Davíðs stóli, prestana og prophetana og alla innbyggjarana í Jerúsalem so að þeir skulu drukknir verða [14]og eg vil so í sundur dreifa einum sem öðrum, feðrunum ásamt með börnunum, segir DROTTINN, og eg vil hverki spara eður vægja né miskunnsamur vera yfir þeirra fordjörfun.

[15]So heyrið nú og hyggið að því og stær þig ekki því að DROTTINN hefur talað það sama. [16]Gefið DROTTNI Guði yðrum dýrðina fyrr en það myrkt verður og áður en það yðrir fætur reka sig á þau myrkvu björgin. Þar eð þér væntið ljóssins þá mun hann þó með öllu gjöra það bæði myrkt og dimmt. [17]En þó þér viljið ekki heyra þetta þá hlýtur þó samt mín sála heimuglegana að gráta yfir slíkri drambsemi. Mín augu þau hljóta í tárum að fljóta það hjörðin DROTTINS verður so hertekin.

[18]Seg þú kónginum og drottningunni: Setjið ykkur niður því að kórónan vegsemdarinnar er dottin af ykkru höfði. [19]Staðirnir í mót suðrinu eru afturlæstir og þar er sá enginn sem upplúki þeim, gjörvallt Júda er í burt flutt.

[20]Upplyftið yðar augum og sjáið, hvernin að þeir koma hingað af norðrinu. Hvað er nú sú hjörðin sem þér var á hendi fólgin, þín herlega hjörð? [21]Hvað viltu til segja nær eð hann mun so heimsækja þig? Því að þú hefur vanið þá so á móti þér það þeir vilja vera höfðingjar og höfuðsmenn. Hvað gildir það að angist mun yfir þig koma so sem einnrar jóðsjúkrar konu. [22]Og nær eð þú vilt so segja í þínu hjarta: „Hvar fyrir mun mig henda soddan?“ Fyrir fjölda sakir þinna misgjörða þá er faldur þíns klæðnaðar uppflettur og þínir fótleggir augsýndir (með valdi). [23]Kann nokkuð Blámaðurinn að skipta um sinn skinnslit eða einn pardus um sína flekka? Eins líka so þá kunni þér ekki gott að gjöra af því að þér eruð vanari til hins vonda.

[24]Þar fyrir þá vil eg í sundur dreifa þeim so sem grasstráum þau eð fyrir stórviðri fjúka af eyðimörkinni. [25]Það skal þín laun vera og þín hlutdeild sem eg hefi þér til mælt, segir DROTTINN. Af því þú hefur forgleymt mér og treyst upp á lygarnar, [26]þar fyrir vil eg láta einnin þínum klæðsaumum hátt uppfletta so að þín blygðan megi vel sjást. [27]Því að eg hefi séð þína hórdóma, þitt lauslæti, þínar hóranir, já þínar svívirðingar, bæði upp á hæðunum og á akurlöndunum. Vei þér Jerúsalem, nær viltu þó nokkurn tíma verða hrein?

14 Þetta er það orð sem DROTTINN sagði til Jeremia út af hallæristíðinni:

[2]Júda hún liggur herfilegana, hennar borgarhlið standa aumlega, það gengur sárgrætilega til í landinu og þar er einn mikill þurrkur í Jerúsalem. [3]Hinir stóru senda þá hina smá eftir vatninu en nær eð þeir koma til brunnsins þá finna þeir þar ekki neitt vatn og þeir bera sínar vatsskjólur tómar heim aftur. Þeir ganga sorgfullir og harmþrungnir og vefja um sín höfuð, [4]þar fyrir að jörðin í sundur springur af því það rignir ekki á jörðina. Akurkarlarnir ganga sorgbitnir og vefja um sín höfuð. [5]Því að einnin hindurnar sem kelfa á skógunum yfirgefa kálfana af því að þar vex ekki neitt gras. [6]Villidýrin standa á hábjörgunum og snapa eftir veðrinu so sem þeir drekarnir og gefast upp af því að þar vaxa ekki neinar grasajurtrir.

[7]Ah, DROTTINN, vorir misgjörningar hafa það fullu forþénað en þú, hjálpa þó fyrir sakir þíns nafns sakir það vor óhlýðni er mikil með hverri vér höfum

syndgast á móti þér. [8]Þú ert Ísraels huggunartraust og þeirra nauðhjálpari. Því hegðar þú þér so líka sem að værir þú einn gestur í landinu og so sem einn framandi mann hver eð þar ekki dvelst nema um nætursakir? [9]Hvar fyrir hegðar þú þér so sem einn öflugur mann huglaus og so sem risi sem ekki kann hjálp að veita? En þú, DROTTINN, ert þó á meðal vor og vér nefnunst eftir þínu nafni. Yfirgef þú oss ekki.

[10]So segir DROTTINN um þetta fólk: Þeir hlaupa fegnir hingað og þangað og eru ekki gjarnan heima. Þar fyrir þá þóknast þeir ekki DROTTNI heldur minnist hann nú á þeirra misgjörning og vill heimvitja þeirra synda.

[11]Og DROTTINN sagði til mín: Þú skalt ekki biðjast líknar fyrir þetta fólk [12]því þó að þeir enn föstuðu þá vil eg ekki heldur heyra þeirra bæn og þó að þeir beri enn fram brennifórnir og mataroffur þá þóknast mér það ekki heldur vil eg í burt slíta þá með sverði, hungri og drepsótt. [13]Þá sagði eg: Aha, DROTTINN! Guð, sjá þú: Prophetarnir segja þeim: „Engin sverð munu þér sjá og ekki neitt hallæri hafa í hjá yður heldur mun eg gefa yður góðan frið í þessum stað.“ [14]Og DROTTINN sagði til mín: Þeir prophetar spá faslklega í mínu nafni. Eg hefi ekki útsent þá og ekki boðið þeim það og eigi talað við þá. Þeir prédika fyrir yður falslegar sjónir, útskýringar, afguðadýrkanir og sín hjartans svikræði. [15]Þar fyrir segir DROTTINN so um þá propheta sem spá í mínu nafni, þá sem eg hefi þó ekki útsent og þeir prédika þó samt, að þar skuli ekki neitt sverð né nein hallæristíð koma í þetta land: [16]Svoddan prophetar skulu deyja fyrir sverði og hungri og það fólk sem þeir spá þessu skal liggja af sverði og hungri hér og þar á strætunum til Jerúsalem so að enginn mun greftra þá, líka einnin þeirra kvinnur, synir og dætur, og þeirra illgirni vil eg so útausa yfir þá.

[17]Og þú skalt segja þeim þetta orð: Mín augu þau fljóta í tárum dag og nótt og linna ekki því að sú jungfrúin, dótturin míns fólks, er hræðilegana pláguð og herfilegana slegin. [18]Gangi eg út á völlinn, sjá þú, so liggja þar þeir eð í hel slegnir eru með sverðum. Komi eg inn í staðinn þá liggja þar þeir eð máttlausir eru af hungri. Því að þeir propheturnir og einnin líka prestarnir hljóta í burt að fara út í eitt annað land hvert eð þeir þekkja eigi.

[19]Hvert hefur þú þá í burt kastað Júda eða hefur þín sála viðbjóð til Síon? Hvar fyrir hefur þú þá slegið oss so það enginn kann að lækna oss? Vér vonuðum að það skyldi friður vera, þá kom þar ekkert gott, vér vonuðum það vér skyldum heilbrigðir verða, en sjá þú, að þá er þar enn meiri skemmd. [20]DROTTINN, vér meðkennum vort óguðlegt athæfi og misgjörðir vorra forfeðra það vér höfum syndgast á móti þér. [21]En fyrir þíns nafns sakir þá láttu oss ekki til skammar verða. Láttu ekki það tignarsætið þinnar dýrðar spottað verða. Minnstu á það og lát þinn sáttmála ekki endast við oss. [22]Þar eru þeir öngvir afguðir á meðal heiðingjanna sem kunna að gefa og himinninn kann eigi heldur að láta rigna. Þú ert þó sá DROTTINN vor Guð á hvern vér vonum það þú kannt allt þetta að gjöra.

15 Og DROTTINN sagði til mín: Og enn þó að Moises og Samúel þeir stæðu frammi fyrir mér þá hefða eg þó ekki neitt hjarta til fólks þessa. Rek þá í burt frá mér og láttu þá héðan fara. [2]Og nær eð þeir segja til þín: „Hvor skulu vær héðan?“ þá seg þú til þeirra: So segir DROTTINN: Sá eð deyja skal hann komi þar til, sá sem undir sverðið skal, hann komi þar til, sá sem hungra skal, hann komi þar til, sá sem fangaður skal vera, hann komi þar til.

[3]Því að eg vil vitja þeirra með fjögra handa plágum, segir DROTTINN, meður sverði so að þeir skulu í hel slegnir verða, með hundum sem þá skulu slíta og með fuglum loftsins og með dýrum jarðarinnar so að þeir skulu uppétast og að öngu verða. [4]Og eg vil láta í burt drífa þá hingað og þangað um öll kóngaríkin á jörðunni sakir Manasses sonar Ezechie kóngsins Júda, vegna þess að hann hafði gjört til Jerúsalem.

[5]Hver vill þér þá miskunnsamur vera, þú Jerúsalem? Hver mun þá sjá aumur á þér? Hver mun þá framganga og árna þér friðar? [6]Þú hefur yfirgefið mig, segir DROTTINN, og ert í burt horfin frá mér. Þar fyrir hefi eg útrétt mína hönd á móti þér so það eg vil fordjarfa þig. Mér leiðist miskunnsömum að vera, [7]eg vil meður vindskuplunni í burt kasta þeim úr landinu og eg vil mitt fólk, það sem ekki vill snúa sér í burt frá sínu vondu athæfi, gjöra með öllu föðurlaust og fyrirkoma því so. [8]Mér skulu fleiri ekkjur verða á meðal þeirra en það sandurinn er við sjávarströndu, eg vil láta einn augljóslegan fordjarfara koma yfir mæðurnar þeirra ungu mannskaparmannanna og láta þann staðinn skyndilegana og óforvarandi yfirfallast [9]so að hún sem sjö börn hefur skal aumleg vera og sáran hjartans trega hafa. Því að hennar sól skal þegar að björtum degi undirganga so það bæði hennar frægð og fögnuður skal einn enda hafa og þá sem afgangs eru vil eg gefa undir þeirra óvina sverð, segir DROTTINN. [10]Aví, mín móðir, að þú fæddir mig, á móti þeim eð hver maður í öllu landinu deilir og þrætir! Eg hefi hverki inntekið né útlánað meður okri, þó bölvar mér hver maður. [11]DROTTINN sagði: Nú vel, eg vil láta nokkra af yður afgangs verða, þeim eð aftur á ný skal vel ganga. Og eg vil yður til hjálpar koma í nauðinni og þrengslunum á meðal óvinanna. [12]Þenkir þú ekki að þar sé einhvers staðar það járn sem í sundur kunni að slá það járnið og þann koparinn af norðrinu? [13]En eg vil áður fyrirfram gefa yðart góss og fjársjóðu að herfangi so að þér skulið ei neitt grand fá þar fyrir og það sama fyrir allara yðvara synda sakir sem þér hafið framið út í öllum yðar landsálfum. [14]Og eg vil flytja yður í burt til óvina yðvarra, í það landið sem þér þekkið ekki. Því að eldurinn er upptendraður yfir yður í minni reiði. [15]Aha, þú veist það, DROTTINN, minnstu vor haf umsjón yfir oss og hefn þú vor á vorum ofsóknurum. Tak oss að þér og drag eigi undan þína reiði viður þá það þú veist það vér verðum forsmáðir þinna vegna. [16]En þitt orð, það efli oss þá eð vér fáum það og það sama þitt orð er vor hjartans gleði og huggunartraust. Því vér erum nefndir eftir þínu nafni, DROTTINN Guð Sebaót. [17]Vér samlögunst eigi við háðungarmennina og gleðjunst ei heldur með þeim. En vér einir verðum fyrir þinni hendi því að þú gjörir þig ofsareiðan við oss. [18]Hvar fyrir þá varir vor pína so lengi og vor sár eru so þrútin með öllu það enginn kann að græða þau? Þú ert oss orðin so sem sá brunnur sem ekkert uppsprettuvatn gefur.

[19]Þar fyrir segir DROTTINN: Ef þú hallast til við mig þá vil eg og hallast til við þig og þú skalt vera minn prédikari. Og ef þú kennir hinum réttláta að skilja sig í burt frá þessu illþýði þá skaltu vera minn lærimeistari. Og fyrr en þú skyldir hneigjast til þeirra þá skulu þeir fyrr hneigjast til við þig. [20]Því að eg hefi gjört þig að einum öruggum koparmúrvegg í gegn þessu fólki. Þó að þeir stríði á móti þér þá skulu þeir þó ekki yfirvinna þig því að eg er í hjá þér so að eg vil hjálpa þér og frelsa þig, segir DROTTINN. [21]Eg vil og einnin leysa þig af hendi þeirra hinna illskufullu og frelsa þig af valdi víkinganna.

16 Og orð DROTTINS það skeði til mín og sagði: [2]Öngva konu

skaltu þér til eignar taka og hverki syni né dætur geta í þessum stað. 3Því að so segir DROTTINN af þeim sonum og dætrum sem fæðast í þessum stað og einnin af mæðrunum þeim sem þau fæða og af feðrunum þeirra sem þau geta í þessu landi: 4Þau skulu deyja af sótt og þau skulu hvorki hörmuð né jörðuð vera heldur skulu þau að saurindum verða í landinu, þar að auk fyrir sverði og hungri fyrirfarast og þeirra líkamir skulu fuglum loftsins og dýrum jarðarinnar að átu verða.

5Því að so segir DROTTINN: Þú skalt ekki ganga burt í hryggð og eigi skaltu fara í nokkurn stað til að gráta né að hafa nokkra samhörmung yfir þeim. Því að eg hefi í burt tekið minn frið í frá þessu fólki, segir DROTTINN, líka einnin mína náð og miskunnsemi, 6so að bæði stórir og smáir skulu deyja í þessu landi og verða hverki jarðaðir né harmdauðir og enginn skal reyta sitt hár né gjöra sig sköllóttan þeirra vegna 7og enginn skal neinu útskipta hjá gröfinni þeim til hugsvölunar yfir líkinu og ekki gefa þeim þann huggunardrykkinn eftir föður og móður. 8Þar fyrir skaltu ekki innganga í nokkurt drykkjuhús til að sitja hjá þeim, hverki til matar né öls. 9Því að so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil burt taka í þessum stað fyrir yðar augsýn og af yður liföndum raustina gleðinnar og unaðsemdarinnar, raustina brúðgumans og brúðarinnar.

10Og nær að þú hefir nú sagt þessu fólki allt þetta og þeir segja til þín: „Hvar fyrir mælir DROTTINN yfir oss alla þessa stóru ógæfu? Hver er sú synd og sá misgjörningur þar að vér höfum með syndgast á móti DROTTNI Guði vorum?“ 11þá skaltu segja þeim: Þar fyrir að yðrir feður yfirgáfu mig, segir DROTTINN, og eftirfylgdu annarlegum guðum, þjónuðu þeim og tilbáðu þá, en mig yfirgáfu þeir og héldu ekki mitt lögmál. 12Og þér gjörið það enn verr en yðrir forfeður því að sjá þú, að hver lifir eftir sínu vondu hjartans hugboði so að hann hlýðir mér ei. 13Þar fyrir vil eg útdrífa yður af þessu landi, burt í það land sem hvorki þér né yðrir forfeður vita nein deili á. Þar skulu þér þjóna annarlegum guðum dag og nótt, þar vil eg og einnin öngva náð auðsýna yður.

14Þar fyrir sjá þú, sá tími kemur, segir DROTTINN, það ekki skal oftar sagt vera: „So sannarlega sem DROTTINN lifir, sá að útleiddi Ísraelssonu af Egyptalandi“ 15heldur: „So sannarlega sem DROTTINN lifir, sá að útleiddi Ísraelssonu af því norðurlandinu og úr öllum þeim löndum sem hann hafði í burt rekið þá.“ Því að eg vil innflytja þá aftur í það landið sem eg hefi gefið þeirra forfeðrum.

16Sjá þú, eg mun fiskimenn út senda, segir DROTTINN. Þeir skulu veiða þá og þar eftir á vil eg ústenda marga veiðimenn, þeir skulu veiða þá upp á öllum fjöllum og upp á öllum hæðum og í öllum bjargskorum. 17Því að mín augu álíta alla þeirra vegu so að þeir kunna ekki að dyljast fyrir mér og þeirra misgjörningur er opinn fyrir mínum augum. 18En áður fyrri þá vil eg þeirra misgjörning og synd tveföldu launa fyrir það að þeir saurguðu mitt land með líkunum sinna afguða og uppfylldu mína arfleifð með sínar svívirðingar. 19DROTTINN, þú ert minn styrkur og kraftur og mitt athvarf í nauðinni. Hinir heiðnu munu til þín koma í frá enda veraldarinnar og segja: „Vorir forfeður höfðu falska og fáfengilega guði sem ekki kunna að hjálpa.“ 20Hvernin kann einn maður afguði að gjöra þá sem ekki eru afguðir?

21Þar fyrir sjá þú, að nú vil eg kenna þeim mína hönd og magtarveldi so að þeir skulu formerkja það eg heiti DROTTINN.

17 Syndin Júda er með járnstíli og með hvössum adamas skrifuð og útgrafin á þeirra hjartans spjöldum

og upp á þeirra altarishornum [2]so að
þeirra börnum skuli til hugar koma þau
öltruin og runnarnir í hjá þeim blómguðu trjánum upp á hábjörgunum. [3]En
eg vil gefa þínar hæðir, bæði á fjöllum
og á sléttlendinu, með öllu þínu góssi
og fjársjóðum til herfangs fyrir þinna
synda sakir sem þú hefur gjört innan
allra þinna landamerkja. [4]Og þú skalt
útrekin verða af þinni arfleifð sem eg
gaf þér og eg mun gjöra þig að þræli
óvina þinna í því landinu sem þú þekkir
ekki. Því að þér hafið upptendrað einn
eld minnar reiði sem brenna mun eilíflegana.

[5]So segir DROTTINN: Bölvaður sé sá
maður sem hefur sitt traust á manninum og heldur holdið fyrir sinn styrktararm og í burt víkur frá DROTTNI með
sínu hjarta. [6]Hann mun vera so sem
annað lyng á eyðimörku og mun eigi
sjá þá tilkomandi huggan heldur mun
hann blífa út í þeim þurrknum í eyðimörkinni, í einu hrjóstugu landi þar eð
enginn byggir.

[7]En blessaður er sá maður sem treystir á DROTTIN og hann sem að DROTTIN er
hans athvarf. [8]Hann er líka sem það tré
sem að gróðursett er í hjá vatninu og
við lækinn er rótfest. Því þó að hitinn
komi þá er hann þó ekki hræddur um
sig heldur blífa hans laufblöð græn og
kvíðir ekki við þó að þerri árin komi
heldur færir hann ávöxt óaflátanlega.
[9]Mannsins hjarta er metnaðarfullt og
örvinlunarsamt, hver kann að rannsaka
það?

[10]Eg DROTTINN kann hjartað að rannsaka og nýrun að prófa og eg gef einum
sérhverjum eftir sínum gjörningi og
eftir ávextinum sinna verka.

[11]Því að líka sem sá fugl er liggur á
eggjum og klekur þeim eigi út, eins líka
so er maðurinn sem rangfengið fé til
samans dregur því að hann hlýtur þar í
frá nær ið hann minnst varir og hlýtur
þó að síðustunni dáruskap þar til að
hafa. [12]En sá staðurinn vors helgidóms,
sem er tignarsætið Guðs dýrðar, það
hefur alla tíma staðfast verið. [13]Því að
þú, DROTTINN, ert Ísraels fullnaðartraust. Allir þeir sem þig yfirgefa þeir
hljóta til skammar að verða og þeir hinir fráhorfnu skulu í jörðina skrifast. Því
að þeir yfirgefa DROTTIN sem er uppspretta hins lifanda vatsins.

[14]DROTTINN, lækna þú mig, þá verð eg
heilbrigður, hjálpa þú mér, þá em eg
hólpinn, því þú ert minn lofstír.

[15]Sjá þú, þeir segja til mín: „Hvar er þá
það orð DROTTINS? Kæri, láttu það koma
hingað!“ [16]En þar fyrir flýði eg ekki frá
þér, þú mín hjörð. Eg hefi og ekki
girnst ádaga mannsins, það veistu,
hvað eg hefi prédikað það er réttferðugt fyrir þér. [17]Vertu aðeins ekki harðúðlegur við mig, þú sem ert mitt
athvarf í nauðinni. [18]Láttu þá til
skammar verða sem mig ofsækja en
eigi mig, láttu þá skelfast en eigi mig,
láttu ólukkudaginn koma yfir þá og í
sundur slá þá tvefaldlega.

[19]So segir DROTTINN til mín: Far burt
og stattu í borgarhliðinu fólksins um
hvert það kóngurinn Júda gengur út og
inn og í öllum borgarhliðum Jerúsalem
[20]og seg þú til þeirra: Heyrið orð
DROTTINS, þér kóngar Júda og þér allir
út í Júda og allir innbyggjararnir í Jerúsalem sem inngangið um þessi borgarhlið! [21]Svo segir DROTTINN: Varið yður
og berið öngva byrði á þvottdeginum
[22]og fremjið ekki neitt erfiði heldur
haldið þvottdaginn heilagan so sem það
eg hefi boðið yðar forfeðrum. [23]En þeir
heyra það eigi og hneigja ekki sín eyru
hér til heldur blífa þeir harðsvíraðir svo
að þeir skuli ekki mér heyra né láta sig
leiðrétta.

[24]Ef að þér heyrið mér, segir
DROTTINN, so að þér berið öngvan
byrðarpunga á þvottdeginum í gegnum
þessi borgarhliðin heldur heilagan
haldið þann hinn sama so að þér gjörið
ekki neitt verk á þeim sama degi, [25]þá
skulu og einnin um þessi staðarportin

ganga út og inn konungar og höfðingjar þeir sem sitja á Davíðs stóli, ríðandi og rennandi bæði á vögnum og hestum, þeir sjálfir og so þeirra höfðingjar, með öllum þeim sem búa í Júda og Jerúsalem. Og þessi borg skal þá byggjast ævinlegana [26]og þeir munu koma út af stöðunum Júda og þeim öðrum sem hér liggja í kringum Jerúsalem og úr Benjamínslandi, úr dölunum og af fjallbyggðunum og af suðrinu, sem færa brennifórnir, offranir, matoffur og reykelsi til þess hússins DROTTINS. [27]En ef þér heyrið mér ekki so það þér helgan haldið þvottdaginn og berið eigi neinn byrðarþunga inn um þau borgarhliðin í Jerúsalem á þvottdeginum, þá vil eg uppkveikja einn eld út í hennar borgarhliðum sá ed foreyða skal þeim húsunum í Jerúsalem og hann skal ekki útslökktur verða.

18 Þetta er það orðið sem skeði af DROTTNI til Jeremia og sagði: [2]Statt upp og gakk ofan í hús leirkerasmiðsins. Þar vil eg láta þig heyra mitt orð. [3]Og eg gekk ofan í húsið leirkerasmiðsins og sjá þú, hann erfiðaði þann sama tíma á hjólinu. [4]Og sá potturinn sem hann var að gjöra af leirinu sundurbrotnaði í hans höndum. Þá gjörði hann einn annan pott aftur sem honum bíhagaði.

[5]Þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [6]Kann eg ekki einnin so að gjöra við yður, þér af húsi Ísraels, so sem að þessi leirkerasmiðurinn? segir DROTTINN. Líka sem það leirið er í leirkerasmiðshendi eins svo þá eru þér af Ísraels húsi í minni hendi. [7]Mjög skyndilega fæ eg talað á móti einnri þjóð og kóngsríki svo það eg vilji afmá, niðurbrjóta og fordjarfa það sama. [8]En ef það snýr sér í burt frá sinni illgirni á móti hverri eg tala þá skal mig og einnin angra þá ógæfu sem eg hugleidda að gjöra þeim. [9]Og mjög snarlega þá fæ eg talað um eina þjóð og kóngsríki það eg vilji uppbyggja og gróðsetja það. [10]En ef það gjörir illa fyrir minni augsýn so að það hlýðir ekki minni raust þá skal mig og einnin angra það hið góða sem eg hafða fyrirheitið þeim að gjöra. [11]So seg þú nú til þeirra í Júda og til borgarmannanna í Jerúsalem: So segir DROTTINN: Sjá þú, eg tilbý yður eina ógæfu, eg hefi einn hugarþanka á móti yður. Þar fyrir snúi sér hver sem einn í burt frá sínu vondu athæfi og yfirbætið yðar breytni og gjörninga. [12]En þeir segja: „Þar verður ekki af, það vér viljum ganga eftir voru sjálfs hugboði og gjöra hver eftir sínum vondum hjartans hugarþanka.“

[13]Þar fyrir segir DROTTINN: Spyrjið eftir á meðal heiðinna þjóða hver að nokkurn tíma hafi heyrt svoddan, það jungfrúin Ísrael gjöri so stóra svívirðilega hluti? [14]Snjórinn er þó lengur á steinunum í mörkinni nær ed það snjóvar hér að ofan í frá Líbanon og regnvatnið rennur ekki so snart í burt svo sem það mitt fólk gleymir mér. [15]Þeir veifa reykelsinu fyrir goðunum og uppbyrja so hneykslanir á sínum vegum ævinlega og ganga so á óvegunum [16]so að þeirra land verði í eyði lagt þeim til ævinlegrar skammar, so að hver sá sem þar gengur framhjá skal undrast það og hrista höfuðið. [17]Því að eg vil með einum austanvindi í sundur dreifa þeim fyrir þeirra óvinum. Eg vil snúa við þeim bakinu en ei andlitinu nær ed þeir fordjarfast.

[18]En þeir segja: „Komið og tökum vor ráð á móti Jeremia það þeir prestarnir kunna ekki villt að fara í lögmálinu og þeir hinir vísu kunna ekki að bregðast í ráðagjörðinni og þeir prophetarnir kunna ei órétt að kenna. Komið hingað, látum oss drepa hann niður með tungunni og gefa öngvan gaum að öllu því ed hann talar.“

[19]DROTTINN, gef þú gætur að mér og heyr þá raustina minna mótstöðumanna. [20]Er það rétt að maðurinn launi

illu fyrir gott? Því að þeir hafa grafið eina gröf minni sálu. Hugleittu það hvernin eg hefi frammi staðið fyrir þér til að tala þetta ið besta og snúa þinni grimmdarreiði í burt frá þeim. [21]Fyrir það straffa nú þeirra börn með hungri og lát þá í sverðseggjar falla so að þeirra kvinnur og ekkjur verði barnlausar og það þeirra liðsmenn í hel sláist og so þeirra æskumenn meður vopnum vegist í stríðinu, [22]so að það hljóð heyrt verði úr þeirra húsum hversu skyndilegana að þú hefur látið stríðsmennina yfir þá koma. Því að þeir hafa grafið eina gröf til að veiða mig út í og lagt snörur fyrir mínar fætur. [23]Og með því, DROTTINN, að þú veist allan þeirra ásetning á móti mér, að þeir vilja aflífa mig, þá fyrirgef þú ekki þann þeirra misgjörning og lát ekki þær syndir afmáðar verða fyrir þér. Láttu þá verða niður slegna fyrir þér og breyt viður þá eftir þinni reiði.

19 Svo segir DROTTINN: Far burt og kaup þér einn leirpott af leirsmiðnum og tak með þér nokkra út af öldungunum fólksins [2]og út af hinum elstum prestunum og gakk út í Ben-Hinnomsdal† sem liggur fyrir utan tígulsteinsportið og prédika þar þau orðin sem eg segi þér og tala þú so: [3]Heyrið orð DROTTINS, þér konungarnir af Júda og borgarmenn í Jerúsalem!

So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Sjáið, eg vil láta soddan ógæfu ganga yfir þennan stað að hann sem það heyrir, það skal syngja fyrir hans eyrum, [4]þar fyrir að þeir forlétu mig og gáfu einum annarlegum guði þennan stað og hafa þar inni veifað reykelsi fyrir annarlegum goðum sem hverki þeir né þeirra forfeður né kóngarnir Júda hafa þekkt og hafa uppfyllt þennan stað með saklaust blóð. [5]Því þeir hafa Baals hæðir uppbyggt til að brenna sín börn Baal til brennioffurs hvað eg hefi hverki boðið þeim né nokkurn tíma þar út af sagt, þar með kom það aldreigi í mitt hjarta. [6]Þar fyrir sjá þú, sá tími mun koma, segir DROTTINN, það þessi staður skal ekki meir kallast Tófet né Ben-Himmondalur heldur mun hann Drápsdalur heita. [7]Því að eg vil þá guðsþjónustuna Júda og Jerúsalem í þessum stað niðubrjóta. Eg vil láta þá falla fyrir sverði óvina sinna, í þeirra höndum sem sækja eftir þeirra lífi og þeirra líkami vil eg fuglum loftsins og dýrum jarðarinnar að átu gefa. [8]Og þennan stað vil eg leggja í eyði og til háðungar gjöra so að allir þeir sem þar framhjá ganga þeim skal þykja undrun gegna allar þeirra plágur og gjöra spé að þeim. [9]Eg vil láta þá eta kjötið sona sinna og dætra og hver þeirra skal eta annars hold í þeirri nauð og angist sem að þeirra óvinir og þeir eð sækja eftir þeirra lífi munu þvinga þá með.

[10]Og þú skalt í sundurbrjóta leirpottinn fyrir þeim mönnunum sem út gengu með þér [11]og seg þú til þeirra: So segir DROTTINN Sebaót: Líka sem að maður í sundurbrýtur pottasmiðsins leirker það sem ekki kann aftur heilt að verða eins líka so þá vil eg og einnin í sundurbrjóta þetta fólk og þennan stað. Þar til með skulu þeir grafnir verða í Tófet af því að þar mun ekki annað rúm til vera að grafa þá út í. [12]Svoddan umgang vil eg hafa við þennan stað og hans innbyggjara, segir DROTTINN, að staður þess skal vera sem Tófet. [13]Þar með skulu þau húsin í Jerúsalem og húsin kónganna Júda verða so óhreinleg sem að þessi staðurinn Tófet er, já öll þau húsin þar sem þeir báru reykelsið upp á þekjunni allri himneskri hersveit og fórnuðu annarlegum goðunum drykkjaroffurið. [14]Og þá eð Jeremias kom heim aftur frá Tófet þangað sem DROTTINN hafði sent hann til að spá gekk hann inn í fordyrnar hjá húsi DROTTINS og sagði til alls lýðsins: [15]So segir DROTTINN, Sebaót, Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil láta koma alla þá ógæfu yfir

þennan stað og yfir alla hans staði so sem það eg hefi áður umrætt á móti honum af því að þeir eru harðsvíraðir og vilja ekki heyra mín orð.
† (Ben-Himmondalur) Ben Hinnon hefur verið eitt fagurt, lystilegt dalverpi hartnær Jerúsalem hvers eð getur Josue 20. kap. Í þessum dal hafa þeir síðan eina víðfræga guðsþjónustugjörð stiftað því Lyra segir yfir 23. kap. Levit. að Ísraelssynir hafi í þessum dal brennt og offrað sín börn skúrgoðinu Mólok. Mólok var eitt líkneski af kopar, holt hið innra. Það uppfylltu þeir með eld og lögðu börnin í fang því og létu þau brenna en prestarnir gjörðu óhljóð með bjöllum og bumbum og öðrum hljóðfærum so foreldrarnir heyrðu ekki grát barnanna. Af þessum Ben Hinnon gjöra spámennirnir eitt viðurstyggilegt nafn og Christus (Math. 5. og 16.) dregur þar af Gehenna, það er helvítiseldur. Þennan dal hafa þeir síðan Tófet kallað og þýðist Hljóðahús eður Hljóðakirkja og Esaias 30. tilreiðir kónginum af Assúr slíka gröf, það er, að hann skuli í helvíti brenna.

20 En þá eð Pashúr prestur sonur Immer kennimanns sem að settur var til höfðingja í húsi DROTTINS heyrði að Jeremias spáði þessum orðum [2]þá sló hann Jeremiam propheta og kastaði honum inn í hvelfið undir því hæðsta portinu Benjamíns sem er hjá húsi DROTTINS. [3]Og að morgni dags tók Pashúr Jeremiam burt úr hvelfingunni aftur. Þá sagði Jeremias til hans: DROTTINN kallar þig ekki Pashúr heldur „Magur allt um kring.“ [4]Því að so segir DROTTINN: Sjá þú, eg vil gefa þig og alla þína vini út í hræðsluna og þeir skulu falla fyrir sverði óvina þinna. Það hið sama skaltu sjá með þínum eigin augum. Og eg vil gefa gjörvallt Júda í hönd konungsins af Babýlon so að hann skal burt flytja þá til Babýlon og með sverði drepa. [5]Og so einnin allt góssið þetta staðarins með öllu þeirra verksmíði og öllum dýrmætum gripum og allan þann fjársjóð kóngsins Júda þá vil eg gefa í þeirra óvina hendur svo að þeir skulu ræna því, taka það og flytja til Babýlon. [6]Og þú, Pashúr, með öllu þínu heimkynni skalt hertekinn ganga og í Babýlon koma. Þar skaltu deyja og jarðaðir verða með öllum þínum vinum hverjum eð þú prédikar lygina.

[7]DROTTINN, þú hefur so talið um fyrir mér og eg hefi látið umtelja mig, þú ert mér nógu öflugur vorðinn og þú hefur unnið. En eg er daglegana fyrir það sama að háðungu vorðinn og hver maður þá dárar mig [8]því að síðan það eg talaði, kallaði og prédikaði út af þeirri plágunni og foreyðslunni þá er mér það orð DROTTINS daglegana vorðið til háðungar og dáruskapar. [9]Þá þenkta eg: „Nú vel, eg vil eigi lengur minnast hans og prédika ekki meir í hans nafni.“ En það varð í mínu hjarta so sem það einn logandi eldur hefur þar inniluktur verið í mínum beinum so að eg kunni ekki að líða það og eg var svo nær sem af mér kominn. [10]Því að eg heyri hversu margir þeir straffa mig og hræða mig allavegana: „Áklagið hann ákaflegana“ segja allir mínir vinir og kunningjar, „vér viljum áklaga hann ef að vér gætum so fyrirkomið honum og náð honum og hefnt vor so á honum.“ [11]En DROTTINN er hjá mér sem einn öflugur kappi, þar fyrir munu mínir ofsóknarmenn falla og ekki sigur vinna heldur munu þeir mjög skammaðir verða af því að þeir breyta so fávíslegana, ævinleg mun sú skömm vera hverri að ekki mun forgleymt vera. [12]Og nú, DROTTINN Sebaót, sem prófar hinn réttferðuga, þú sem sér nýrun og hjörtun, láttu mig sjá þína hefnd á þeim því að eg hefi þér mitt málefni á hendur fólgið. [13]Lofsyngið DROTTNI, vegsamið DROTTIN, hann sem frelsað hefur lífið hins fátæka úr höndum þeirra illgjörnu. [14]Bölvaður veri sá dagur á

hverjum það eg var fæddur, vansignaður veri sá dagur á þeim eð mín móðir hún fæddi mig. [15]Bölvaður sé sá sem flutti mínum föður þau fagnaðartíðindi og sagði: „Einn ungan son hefur þú fengið“ að hann vildi gleðja hann með því, [16]sá hinn sami maður hann sé so sem þeir staðirnir hverjum eð DROTTINN umturnaði og það angraði hann eigi og hann skal að morgni heyra ofsaóp og um miðdegið sorgargrát. [17]En því hefur þú ekki heldur aflífað mig í móðurkviði so að mín móðir hefði mátt vera mín gröf og hennar kviður hefði so þungaður verið alla ævina? [18]Hvar fyrir mun eg framkominn af móðurkviði að eg skyldi eiga að sjá soddan eymdarlag og hjartans angur og að enda svo mína lífdaga með skömm?

21 Þetta er það orð sem skeði af DROTTNI til Jeremia þá eð kóngurinn Zedechias sendi Pashúr Malakíason til hans og Sefanía son Maesía kennimanns og lét segja honum: [2]„Aðspyr þú DROTTIN fyrir oss það Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon stríðir á móti oss það DROTTINN vildi þó gjöra við oss eftir öllum sínum dásemdum so að hann mætti í burt draga frá oss.“

[3]Jeremias sagði til þeirra: Segið so til Zedechia: [4]Þetta segir DROTTINN Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil snúa þeim vopnum á bak aftur sem þér hafið í yðar höndum, meður þeim eð þér berjist á móti konunginum af Babýlon og í móti þeim Caldeis sem yður hafa umkringt hér úti fyrir múrnum og vil safna þeim samans mitt inn í staðinn. [5]Og eg vil stríða á móti yður með útréttri hendi og sterkum armlegg, með mikilli reiðigrimmd og miskunnarleysi [6]og eg vil slá borgarmennina þessa staðarins, bæði menn og fénað, svo að þeir skulu deyja af mikilli drepsótt. [7]Og þar eftir á, segir DROTTINN, vil eg gefa Zedechiam konunginn Júda og hans þénara og það fólkið sem eftir verður í þessum stað af drepsóttinni, sverðinu og hungrinu í hendur Nabúgodonosor kóngsins af Babýlon og í þeirra óvina hendur og í þeirra hinna sömu hendur sem leita eftir þeirra lífi að hann skuli so slá þá meður sverðseggjum að þar skal engin vægð né miskunnsemi á vera.

[8]Og seg þú þessu fólki: So segir DROTTINN: Sjá þú, eg legg yður fyrir veginn til lífsins og veginn til dauðans. [9]Hver hann blífur í þessum stað sá skal deyja fyrir sverði, hungri og drepsótt. En hver eð gefur sig hér frá út til þeirra Caldeis sem yður hafa umkringt sá skal lifa og sínu lífi bíhalda sem öðru hlutskipti. [10]Því að eg hefi sett mitt auglit út yfir þennan stað til ógæfu og til einskis góðs, segir DROTTINN. Hann skal gefast í hendur konungsins af Babýlon so að hann skal brenna hann upp með eldi.

[11]Og heyrið það orð DROTTINS, þér af húsinu kóngsins Júda, þú Davíðs hús.

[12]So segir DROTTINN: Haldið dóminn á morgninum og frelsið þann sem rænt er af hendi ofsóknarans upp á það mín grimmd skuli eigi út fara sem eldur og brenna so að enginn kunni út að slökkva fyrir yðars vondslegs athæfis sakir. [13]Sjá þú, segir DROTTINN, eg segi þér, þú sem býr í dalnum, á fjallinu og á sléttlendinu og þú segir: „Hver vill oss yfirgang veita eður inn koma í vora herkastala?“ [14]Eg vil sækja yður heim, segir DROTTINN, eftir ávexti yðvara verka. Eg vil kveikja einn eld í hennar skógi so að hann skal foreyða öllum hlutum þar allt um kring.

22 So segir DROTTINN: Gakk þú ofan í húsið konungsins Júda og tala þar þessi orð [2]og seg þú so: Þú konungurinn Júda sem situr upp á Davíðs stóli, heyr þú orð DROTTINS, bæði þú og þínir þénarar og þitt fólk sem um þessar dyr innganga. [3]So segir DROTTINN: Haldið dóminn og réttvísina

og frelsið hinn niðurþrykkta af hendi ofsóknarans og sturlið ekki hinn framanda, föðurleysingjann og ekkjuna og gjörið öngum ofríki og úthellið ekki saklausu blóði í þessum stað. [4]Ef að þér gjörið þetta þá skulu þeir konungarnir sem sitja á Davíðs stóli inndraga um dyrnar þessa hússins bæði á vögnum og hestum með sínum þénurum og fólki. [5]En ef þér hlýðið ekki þessu þá hefi eg svarið við sjálfan mig, segir DROTTINN, að þetta hús skal niðurbrotið verða. [6]Því að so segir DROTTINN af húsinu konungsins Júda:

Gíleað, þú ert mitt höfuð í Líbanon. Hvað gildir eg vil gjöra þig eyði og þá staðina fyrir utan innbyggjara. [7]Því að eg hefi tileinkað foreyðslumenn yfir þig, hvern með sinni verju. Þeir skulu afhöggva þín útvalin sedrustré og kasta þeim í eld.

[8]Þá munu og margir heiðingjar ganga framhjá þessum stað og segja hver til annars: „Hvar fyrir mun DROTTINN hafa so breytt viður þennan hinn mikla stað?“ [9]En þar mun so svarað verða: „Af því þeir yfirgáfu sáttmálann DROTTINS Guðs síns og tilbáðu annarlega guði og þjónuðu þeim.“

[10]Grátið ekki yfir framliðnum og berið öngvan harm eftir þá en grátið heldur yfir þeim sem í burt fer það hann mun aldreigi aftur koma það hann fái að sjá sitt fósturland.

[11]Því að so segir DROTTINN af Sallúm syni Jósía konungsins Júda, hann hver að er kóngur í staðinn síns föðurs Jósía, hver eð í burt er farinn af þessum stað: Hann mun ekki hingað aftur koma [12]heldur mun hann deyja í þeim stað þangað sem hann er hertekinn, í burt fluttur, og hann mun eigi meir sjá þetta land. [13]Vei sé þeim sem byggir sitt hús með synd og sín herbergi með óréttindum, hann sem lætur sinn náunga erfiða fyrir ekkert og gefur honum ekki sitt verðkaup [14]og þenkir so: „Nú vel, eg vil byggja mér eitt stórt hús og víðan sal“ og lætur höggva sér vindaugu þar á og þilja með sedrusviði og mála út með rauðu. [15]Hvort þenkir þú að þú viljir þar fyrir konungur vera þó að þú haldir þér til með sedrusviði? Hefur ekki einnin þinn faðir etið og drukkið og gjörði þó samt réttan dóm og réttvísina og það vegnaði honum vel. [16]Hann hjálpaði hinum þurftuga og fátæka til réttarins og það gekk honum vel. Er það eigi so að slíkt kallist réttilega að þekkja mig? segir DROTTINN. [17]En þín augu og þitt hjarta standa eigi so heldur upp á ágirni og að úthella saklausu blóði, til að veita yfirgang og ofríki. [18]Þar fyrir segir DROTTINN af Jóakím syni Jósía konungsins í Júda það eigi munu þeir harma hann: „Aha bróðir, aha systir!“ og það eigi munu þeir gráta hann: „Aha, þú herra, aha þú ættgöfugi!“ [19]Hann mun jarðaður verða sem annar asni, dreginn og útkastaður fyrir portin í Jerúsalem.

[20]Já gakk þú þá upp á Líbanon og kalla og lát heyra til þín í Basan og kalla frá Abarím það allir þín ástvinir eru herfilegana foreyddir. [21]Eg sagða þér það áður fyrir fram þá eð það gekk enn vel til en þú sagðir: „Eg vil eigi heyra það.“ So hefur þú gjört alla þína lífdaga að þú vildir ekki hlýða minni raust. [22]Veðrið það fæðir alla þína hirðara og þínir ástmenn fara herteknir í burt. Þar hlýtur þú þá til háðungar og skammar að verða fyrir allra þinna illgjörða sakir. [23]Þú sem nú býr í Líbanon og hreiðrar þig í sedrusviði, hversu dægilegur muntu þá álits vera nær eð yfir þig kemur hörmung og harmkvæli líka sem jóðsjúkrar konu!

[24]So sannarlega sem eg lifi, segir DROTTINN: Þó að Jechonias sonur Jóakíms konungsins Júda væri einn signetshringur á minni hægri hendi þá vilda eg þó slíta þig þar út af [25]og gefa þig í þeirra hendur sem leita eftir þínu lífi og fyrir hverjum að þú ert hræddur, sem er í hendur Nabagodonosor kon-

ungsins af Babýlon og í þeirra Chaldeis hendur. [26]Og eg vil drífa þig og þína móður sem þig fæddi burt í eitt annað land sem ekki er yðart föðurland og þar skulu þér deyja [27]og ekki koma aftur hingað í þetta land í hverju þér vilduð þó af hjarta fegnir eiga að vera.

[28]Hversu aumlegur, forsmánarlegur og herfilegur maður þá er þó Jechonias? Eitt styggilegt ker! Aha, því er hann so útflæmdur með sínu sæði og í burt rekinn í eitt ókunnigt land? [29]Ó þú land, land, land! Heyr þú orð DROTTINS! [30]So segir DROTTINN: Skrifið hann upp fyrir einn fordjarfaðan mann, fyrir þann mann sem eigi mun vel lukkast um sína lífdaga. Því að hann mun eigi þar hamingju til hafa það nokkur út af hans sæði skuli sitja á stóli Davíðs og héðan í frá ríkisstjörn hafa í Júda.

23 Vei yður hirðurum, þér sem fyrirfarið og í sundurdreifið minni hjörð hverja eg fæði, segir DROTTINN. [2]Þar fyrir segir DROTTINN Guð Ísraels út af þeim hirðurunum sem fæðu gefa mínu fólki: Þér hafið í sundurdreift og í burt rekið mína hjörð og hennar ekki vitjað. Sjáið, eg vil sækja yður heim fyrir yðars illskulegs athæfis sakir, segir DROTTINN, [3]og eg vil þá sem eftir eru vorðnir af minni hjörð samansafna út af öllum löndum þaðan sem eg hefi í burt drifið þá og eg vil flytja þá aftur til sinna hjarðarhúsa svo að þeir skulu vaxa og margir verða. [4]Og eg vil setja hirðara yfir þá þeir eð þeim skulu fæðslu gefa so að þeir skuli ekki meir hræðast né skelfast né heimsóttir verða, segir DROTTINN.

[5]Sjá þú, sá tími kemur, segir DROTTINN, það eg muni Davíð uppvekja einn réttlætiskvist og hann skal einn konungur vera sá eð vel mun stjórna og upphefja dóminn og réttvísina á jörðu. [6]Á þeim tíma skal Júda hólpinn verða og Ísrael ugglaus búa. Og þetta mun hans nafn vera sem þeir munu kalla hann: „DROTTINN SEM ERT VOR RÉTTLÆTING.“

[7]Þar fyrir sjá þú, sá tími mun koma, segir DROTTINN, að eigi mun meir sagt verða: „So sannarlega sem það DROTTINN lifir sá eð útleiddi Ísraelssonu af Egyptalandi“ [8]heldur „So sannarlega sem DROTTINN lifir sem heimflutti það sæðið hússins Ísrael út af norðurlandinu“ og úr öllum þeim löndum sem eg hafði í burt rekið þá so að þeir skulu búa í sjálfs þeirra landi.

[9]Á móti þeim prophetunum: Mitt hjarta, það vill sundur springa í mínu lífi, öll mín bein þau skjálfa. Mér fer so sem öðrum fordrukknum manni og sem þeim að hrasar af víni, fyri DROTTNI og fyrir hans heilögu orði, [10]að landið er so fullt af hórdómum, að landið stendur so herfilegana, að því er so fyrirmælt og að engjarnar á eyðimörkinni eru í burt þornaðar og þeirra lifnaður er vondur og þeirra stjórnan dugir ekkert.

[11]Því að bæði prophetarnir og prestarnir eru illmenni og eg finn einnin þeirra illsku í mínu húsi, segir DROTTINN. [12]Þar fyrir er þeirra vegur so sem einn hálkuvegur í myrkrinu á hverjum eð þeir skriðna og falla. Því að eg vil láta ógæfu yfir þá koma á því ári nú þá þeirra verður vitjað, segir DROTTINN. [13]Að sönnu þá sá eg heimsku í hjá prophetunum í Samaria að þeir spáðu fyrir Baal og afvegaleiddu mitt fólk Ísrael. [14]En í hjá prophetunum til Jerúsalem sé eg svívirðingar, hvernin að þeir drýgja hórdóma og fara með lygar og styrkja hinu illskufullu so það enginn skuli snúa sér í burt frá sinni illgirni. Allir eru þeir fyrir mér líka sem Sódóma og hennar borgarmenn svo sem Gómorra.

[15]Þar fyrir segir DROTTINN Sebaót so af þeim prophetunum: Sjá þú, eg vil fæða þá með beiskri malurt og gefa þeim gall að drekka því að af þeim prophetunum til Jerúsalem kemur

hræsni út í allt landið. [16]So segir DROTTINN Sebaót: Hlýðið ekki orðum þeirra prophetanna sem spá fyrir yður. Þeir villa yður það þeir prédika sjónir síns hjarta og ekki af munni DROTTINS. [17]Þeir segja til þeirra sem mig lasta: „DROTTINN hefur sagt það að yður skuli vel ganga“ og þeir segja til allra þeirra sem ganga eftir sínu sjálfs hjartans hugboði: „Það skal engin ógæfa koma yfir yður.“

[18]Því að hver hefur so nálægt verið ráðagjörð DROTTINS að hann hafi séð eða heyrt hans orð? Hver hefur formerkt og heyrt hans orð? [19]Sjá þú, stormvindur DROTTINS mun koma með grimmd og eitt hræðilegt hretviðri mun falla yfir höfuð hinna óguðlegu. [20]Og reiði DROTTINS mun eigi afláta þangað til að hann hefur það fullgjört og því til vegar komið sem honum býr í skapi. Hér eftir á seinna meir munu þeir vel formerkja það.

[21]Eg senda ekki þá prophetana, þó hlupu þeir samt. Eg talaði ekki til þeirra, þó spáðu þeir. [22]Því þar sem þeir hefðu verið við mitt ráð og hefðu prédikað mitt orð mínu fólki, þá hefðu þeir í burt snúið því frá sínu vondu athæfi og frá sínum vondslegum lifnaði.

[23]Er eg ekki sá Guð sem nálægur er, segir DROTTINN, og ekki sá Guð sem fjarlægur er? [24]Þenkir þú að nokkur kunni so leynilegana að fela sig það eg fái eigi séð hann? segir DROTTINN. Er eg eigi sá sem uppfyllir himin og jörð? segir DROTTINN. [25]Eg heyri það vel að prophetarnir þeir prédika og spá falsklega í mínu nafni og segja: „Mig dreymdi það, mig dreymdi það.“ [26]Hvenar munu þeir prophetarnir vilja þó linna þessu að spá falsklegana og að spá fyrir þeirra hjartans svikræði [27]og vilja að mitt fólk það forgleymi mínu nafni vegna þeirra drauma sem hver þeirra prédikar fyrir öðrum líka sem að þeirra forfeður forgleymdu mínu nafni fyrir Baals sakir? [28]Sá propheti sem hefur drauma, hann prédiki drauma. En hver hann hefur mitt orð, sá prédiki mitt orð réttilegana. Hvað skulu agnirnar hjá hveitinu? segir DROTTINN. [29]Er mitt orð ekki líka sem einn eldur, segir DROTTINN, og líka sem einn járnhamar sá eð björgin í sundurmolar?

[30]Þar fyrir sjá þú, eg vil til við þá prophetana, segir DROTTINN, þeir eð stela mínu orði hver eftir annan. [31]Sjá þú, eg vil finna þá prophetana, segir DROTTINN, sem framflytja þeirra eigin orð og segja: „Hann hefur sagt það.“ [32]Sjá þú, eg vil finna þá sem fyrirspá falsklega drauma, segir DROTTINN, og prédika þá hinu sömu og villa so mitt fólk með sínum lygum og lausmælgi, hverja að eg hefi þó ei útsent og eigi heldur boðið þeim það og þeir eru ekki einnin þessu fólki nytsamlegir, segir DROTTINN.

[33]Nær eð þetta fólk eða einn propheti elligar einn prestmaður spyr þig að og segir: „Hver er sá DROTTINS byrðarþungi?“ þá skaltu segja til þeirra hver að sá byrðarþunginn sé: Eg vil burt kasta yður, segir DROTTINN. [34]En ef einhver propheti eða prestur elligar fólkið segir: „Það er sá byrðarþunginn DROTTINS“ þann vil eg heimsækja og hans hús þar til með. [35]En so mun hver til annars tala og sín á millum segja: „Hverju svaraði DROTTINN og hvað segir DROTTINN?“ [36]Og kallið það ekki meir einn byrðarþunga DROTTINS það hvers manns sjálfs eigið orð skal vera honum einn byrðarþungi. Þar fyrir að þér umsnúið so orðunum vors Guðs, þess lifanda DROTTINS Guðs Sebaót. [37]Þar fyrir skulu þér segja so til prophetanna: „Hverju svaraði DROTTIN þér og hvað segir DROTTINN?“ [38]En með því þér segið: „Byrðarþungi DROTTINS“ þar fyrir þá segir DROTTINN so: Nú þér kallið þetta orð einn byrðarþunga DROTTINS og eg hefi sent til yðar og látið segja til yðar að þér skylduð ekki kalla það einn byrðarþunga DROTTINS. [39]Sjáið, eg vil

yður í burt taka og þann staðinn með yður sem eg hefi gefið yður og yðar forfeðrum og í burt fleygja yður frá mínu augliti [40]og eg vil láta yfir yður koma ævinlega skömm og eilífa forsmán sem aldreigi skal forgleymd verða.

24 Sjá þú, DROTTINN sýndi mér tvær fíkjukarfir settar úti fyrir musterinu DROTTINS eftir það þá ed Nabagodonosor konungurinn af Babýlon hafði í burt flutt Jechoniam son Jóakím konungsins Júda meður höfðingjum Júda, trésmiðum og hagleiksmönnum af Jerúsalem og flutt þá til Babiloniam. [2]Í þeirri einni körfinni voru mjög góðar fíkjur so sem að eru þær hinar fyrstu fullvaxnar fíkjur. Í hinni annarri körfinni voru mjög illar fíkjur að þær voru öngvum etandi, so illar voru þær. [3]Og DROTTINN sagði til mín: Jeremia, hvað sér þú? Eg sagði: „Fíkjur, þær góðu fíkjurnar eru mjög góðar og hinar vondu eru mjög vondar að þær eru eigi étandi, so illar eru þær.“ [4]Þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [5]So segir DROTTINN Guð Ísraels: Líka sem að þessar fíkjurnar eru góðar so vil eg náðarsamlegana taka þá að mér sem fangaðir eru af Júda hverja eg hefi burt látið fara af þessum stað í þeirra Caldeis land. [6]Og eg vil líta náðarsamlegana til þeirra og innflytja þá aftur í þetta land og eg vil uppbyggja þá en ekki niðurbrjóta, eg vil gróðsetja þá en ekki uppræta [7]og eg vil gefa þeim það hjarta að þeir skulu þekkja mig það eg sé DROTTINN og þeir skulu vera mitt fólk, þá vil eg og vera þeirra Guð. Því að þeir munu snúa sér af öllu hjarta til mín.

[8]En líka sem að þær vondu fíkjurnar eru so vondar það enginn kann að eta þær, segir DROTTINN, so vil eg útgefa Zedechiam konunginn Júda og hans höfðingja og það hvað eftir er orðið til Jerúsalem og í þessu landi og þá sem búa í Egyptalandi. [9]Eg vil tilsenda þeim ógæfu og láta þá ekki vera í neinu kóngaríki á jörðu so að þeir skulu skömm verða og að orðskvið og frásögu og að bölvan í öllum stöðum þangað sem eg mun í burt reka þá. [10]Og eg vil á meðal þeirra senda sverð, hungur og drepsótt þangað til að þeir foreyddir verða út af því landi sem eg hefi gefið þeim og þeirra forfeðrum.

25 Þetta er það orð sem skeði til Jeremia yfir öllu fólki Júda á fjórða ári Jóakím sonar Jósía konungsins Júda, hvert ed var það fyrsta árið Nabagodonosor konungs af Babýlon, [2]hvað er prophetinn Jeremias talaði einnin til alls fólksins Júda og til allra borgarmannanna í Jerúsalem og sagði: [3]Það orð DROTTINS skeði til mín í frá því hinu þrettánda árinu Jósía sonar Amón konungsins Júda allt til þessa dags og eg hefi hugarlátlega prédikað fyrir yður í þrjú ár og tuttugu en þér hafið aldreigi viljað heyra það. [4]So hefur og einnin DROTTINN sent til yðar alla sína þénara þá prophetana hugarlátlega en þér hafið aldreigi viljað heyra þeim né hneigja yðar eyru til að heyra þeim. [5]Þá ed hann sagði: Snúið yður hver sem einn í burt frá sínum vondum vegi og í burt frá yðru vondu athæfi, þá skulu þér alla tíma og alla ævina vera í því landinu sem DROTTINN hefur gefið yður og yðar forfeðrum. [6]Eftirfylgið ekki annarlegum guðum so að þér þjónið þeim eður tilbiðjið þá upp á það að þér reitið mig eigi til reiði með yðar handaverkum og það eg tilsendi yður eina ógæfu. [7]En þér vilduð eigi hlýða mér, segir DROTTINN, so að þér gjörðuð mig fullkomlegana reiðan með yðar handaverkum, yður til eiginlegrar ógæfu. [8]Þar fyrir segir so DROTTINN Sebaót: Fyrst þér viljið ekki heyra mín orð, [9]sjá þú, þá vil eg útsenda og koma láta allt þetta fólkið á móti norðrinu, segir DROTTINN, og einnin minn þénara Nabagodonosor konunginn af Babýlon og eg vil færa þá yfir

um þetta land og yfir þá sem búa þar inni og yfir allt það fólk sem hér liggur um kring og eg vil fyrirfara og foreyða þeim og gjöra þá að háðung og eilífri foreyðslu. [10]Og eg vil héðan í burt taka allan gleðilegan söng, raustina brúðgumans og brúðarinnar, kvarnarniðinn og ljósluktirnar, [11]svo að allt þetta land skal liggja í eyði og niðurbrotið. Og þetta fólk skal þjóna konunginum af Babýlon í sjötígi ár. **Daniel 9:2** [12]Og nær þau sjötígi ár eru liðin þá vil eg sækja heim konunginn í Babýlon og allt það fólk, segir DROTTINN, fyrir þeirra misgjörða sakir, þar með einnin land þeirra Caldeis og það vil eg gjöra til einnrar eilíflegrar foreyðslu. [13]So vil eg innflytja öll mín orð yfir þetta land, þau sem eg hefi talað á móti því, einkum sem er allt þetta hvað skrifað stendur í þessari bók það sem Jeremias hefur spáð um allt fólk [14]og þeir skulu einnin þjóna þó að þeir sé eitt mikilsháttar fólk og miklir konungar. So vil eg endurgjalda þeim eftir þeirra verðskuldan og eftir þeirra sjálfs handaverkum.

[15]Því að svo segir DROTTINN Guð Ísraels til mín: Tak þennan bikar af minni hendi, fullan af reiðinnar víni, og skenk öllu fólki þar út af til hvers að eg senda þig so að þeir drekki, [16]detti og drukknir verði fyrir því sverði sem eg vil senda á meðal þeirra.

[17]Og eg tók bikarinn af hendi DROTTINS og skenkti öllu fólki til hvers að DROTTINN sendi mig, [18]einkum Jerúsalem og borgirnar Júda, þeirra konungar og höfðingjar, svo að þeir skulu í eyði og niðurbrotnir liggja og vera svo ein háðung og bölvan svo sem að það er enn þennan dag. [19]Og einnin pharaone konunginum í Egyptalandi með hans þénurum og höfðingjum og öllu hans fólki, [20]öllum löndum í mót vestrinu, öllum konungum í landinu Ús, öllum konungum í Palestinalandi, með Askalon, Gasa, Askaron og þeir sem eftir eru í Asdód, [21]þeim af Edóm, þeim af Móab, þeim sonum Amón, [22]öllum konungum til Tyro, öllum konungum í Sidon, þeim konungunum í eyjun hinumegin hafsins, [23]þeim af Dedan, þeim af Tema, þeim af Bús og öllum höfðingjum í því takmarkinu, [24]öllum konungum í Arabia, öllum konungum mót vestrinu sem búa í eyðimörkinni, [25]öllum konungum í Simrí, öllum konungum í Elam, öllum konungum í Meden, [26]öllum konungum mót norðrinu, bæði nærri og fjærri, so einum sem öðrum, og öllum konungunum þeim sem á jarðríki eru og einnin konungurinn Sesak skal drekka eftir þessa.

[27]Og seg þú til þeirra: So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Drekkið so að þér verðið drukknir, spýið og fallið niður og réttið yður ei upp aftur fyrir sverðinu því sem eg vil senda á meðal yðar. [28]Og ef þeir vilja ekki taka við bikarnum af þinni hönd og drekka þá seg þú til þeirra: So segir DROTTINN Sebaót: Nú skulu þér drekka. [29]Því að sjá þú, eg vil upphefja að plága í þessum stað sem að nefndur er eftir mínu nafni og skyldu þér óstraffaðir vera? Þér skuluð ekki óstraffaðir vera því að eg kalla sverðið yfir alla þá sem búa á jörðu, segir DROTTINN Sebaót.

[30]Og þú skalt spá þeim öll þessi orð og segðu til þeirra: DROTTINN mun grenja af hæðunum og láta heyra sína reiðarþrumu af sínum heilaga bústað. Hann mun grenja yfir sinni hjörð, hann mun syngja eitt kvæði so sem þeir eð vínþrúguna troða yfir öllum innbyggjendum landsins, [31]hver hljóð heyrast munu allt til veraldarinnar enda. DROTTINN hann hefur kærumál við heiðingjana og vill halda dóm við allt hold, hann mun yfirgefa hina óguðlegu undir sverðið, segir DROTTINN. [32]So segir DROTTINN Sebaót: Sjá þú, þar mun koma plága frá einu fólki til annars og eitt mikið stormviðri mun uppvakið verða í frá síðunni landsins. [33]Þá munu

þeir sem slegnir eru af DROTTNI á þeim sama tíma liggja í frá einum jarðarendanum allt til eins annars endans so að eigi skul þeir harmaðir vera, eigi í burt teknir né jarðaðir heldur skulu þeir á vígvöllunum liggja og að óhreinindum verða.

[34]Ýlið nú, þér hirðarar, og hrópið og veltið yður í ösku, þér voldugir, yfir hjörðinni! Því að sá tími er kominn að þér skuluð slátrast og sundudreifðir verða og í sundurbrjótast sem eitt kostulegt ker [35]og hirðararnir skulu ekki umflúið geta og hinir voldugu yfir hjörðinni skulu ekki kunna undan að komast. [36]Þá munu hirðararnir hátt hrópa og hinir voldugu yfir hjörðunni munu æpa það DROTTINN hefur so í eyði lagt þeirra hagalendi [37]og þeirra engjar sem stóð með blóma eru fordjarfaðar af grimmlegri reiði DROTTINS. [38]Hann hefur yfirgefið sína tjaldbúð sem eitt ungt león og þeirra land er svo í eyðilagt af víkingsins þunglegri heift og af hans grimmdarfullu reiði.

26 Í upphafi ríkisstjórnar Jóakíms sonar Jósía konungsins Júda skeði þetta orð af DROTTNI og sagði: [2]So segir DROTTINN: Gakk þú í fordyrnar á húsi DROTTINS og prédika fyrir öllum stöðunum Júda sem þar innganga að tilbiðja í húsi DROTTINS öll þau orð sem eg hefi boðið þér að segja þeim og tak ekki neitt undan, [3]ef svo verða mætti að þeir vildu það heyra og snúa sér, hver og einn í burt frá sínu vondu athæfi so að mig mætti og einnin angra þær meinsemdir sem eg þenki þeim að gjöra fyrir þeirra vondslegs athæfis sakir. [4]Og seg þú til þeirra: So segir DROTTINN: Ef þér viljið ekki mér hlýða svo að þér gangið í mínu lögmáli, því sem eg hefi lagt yður fyrir, [5]og að þér heyrið orðin minna þénara prophetanna, þá sem eg hefi alla tíma til yðar sent og þér vilduð þó ekki heyra, [6]því vil eg so gjöra við þetta hús so sem við Síló og gjöra þennan stað öllum heiðingjum á jörðu til bölvanar. [7]Þá að nú prestarnir, prophetarnir og allt fólkið heyrðu Jeremiam þá hann talaði soddan orð í húsi DROTTINS.

[8]Og er Jeremias hafði endað allt hvað DROTTINN hafði boðið honum að segja öllu fólki þá gripu prestarnir og prophetarnir hann og allt fólkið og sögðu: „Þú hlýtur að deyja. [9]Hvar fyrir dirfist þú að spá í nafni DROTTINS og segja: Það skal ganga þessu húsi so sem Síló og þessi borg skal foreydd verða so að enginn skal þar inni búa?“ Og allt fólkið safnaðist til samans í húsi DROTTINS í gegn Jeremia.

[10]Þá að höfðingjarnir Júda heyrðu þetta gengu þeir út af konungsins húsi upp í hús DROTTINS og settu sig niður fyrir þeim nýju dyrunum DROTTINS. [11]Og prestarnir og prophetarnir sögðu fyrir höfðingjunum og öllu fólki: „Þessi er dauðaverður það hann hefur spáð móti þessum stað sem þér hafið heyrt með yðar eyrum.“

[12]En Jeremias sagði til allra höfðingjanna og til alls fólksins: „DROTTINN hefur sent mig að eg skylda spá á móti þessu húsi og móti þessum stað allt það sem þér heyrðuð. [13]Þar fyrir þá forbetrið yðar athæfi og breytni og hlýði raustinni DROTTINS Guðs yðars, so mun og DROTTINN iðrast þeirrar meinsemdarinnar sem hann hefur talað á móti yður. [14]Sjá þú, eg er í yðar höndum, þér megið gjöra til við mig hvað yður líkar. [15]Þó skulu þér vita: Ef þér líflátið mig þá munu þér úthella saklausu blóði yfir yður sjálfa, yfir þennan stað og hans innbyggjara. Því að sannarlega hefur DROTTINN sent mig til yðar að eg skyldi tala þetta allt fyrir yðar eyrum.“ [16]Þá sögðu höfðingjarnir og allt fólkið til prestanna og prophetanna: „Þessi er ekki dauða verður því hann hefur talað til vor í nafni DROTTINS Guðs vors.“ [17]Og nokkrir af öldungum landsins stóðu upp og sögðu til alls

mannfjöldans: [18]„Á dögum Ezechia konungsins Júda var hér sá propheti Míkeas af Maresa og hann sagði til alls fólksins Júda:

So segir DROTTINN Sebaót: Síon skal plægjast sem annar akur og Jerúsalem skal vera sem önnur grjóthrúga og það fjallið sem húsið DROTTINS er á skal verða að eyðiskógi.

[19]En þó lét Ezechias konungur og allt Júda ekki þar fyrir að heldur lífláta hann. Já, þeir óttuðust miklu framar DROTTIN og tilbáðu fyrir DROTTNI. Þá iðraðist einnin DROTTIN þess hins vonda sem hann hafði talað á móti þeim. Þar fyrir gjörum vér mjög illa á móti vorum sálum.“

[20]Þar var og enn annar sem spáði í nafni DROTTINS, Úría Semjason af Kirjat Jearím. Hann spáði í gegn þessum stað og gegn þessu landi líka sem Jeremias. [21]En þá ed konungurinn Jóakím og allir hans magtarmenn og höfðingjar heyrðu hans orð þá vildi konungurinn láta drepa hann. Og er Úría spurði það hræddist hann og flýði undan, fór burt í Egyptaland. [22]En kóngurinn Jóakím sendi menn eftir honum til Egyptalands, Elnatan Akbórsson og aðra fleiri með hönum, þeir fluttu hann af Egyptalandi [23]og færðu hann kónginum Jóakím en hann lét aflífa hann með sverði og lét síðan jarða hans líkama í hjá alþýðufólki.

[24]Svo var hönd Ahíkam Safanssonar með Jeremia so að hann kom ei í fólksins hendur að það í hel slægi hann.

27 Í upphafi ríkisstjórnar Jóakím sonar Jósía konungsins Júda skeði þetta orð af DROTTNI til Jeremia og sagði: [2]So segir DROTTINN til mín: Gjör þér eitt ok og heng það á þinn háls [3]og send það til kóngsins í Edóm, til kóngsins í Móab, til kóngsins þeirra Ammónssona, til kóngsins í Tyro og til kóngsins í Sídon, með þeim sendiboðunum sem komnir eru til Jerúsalem til Zedechia konungsins Júda. [4]Og bjóð þeim að þeir segi til sinna yfirherra: So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: So skulu þér segja yðar herrum: [5]Eg hefi gjört jarðríkið og so manninn og so þann fénaðinn sem á jörðunni er fyrir minn hinn mikla kraft og útréttan armlegg og eg gef það hverjum eg vil. [6]En nú hefi eg gefið öll þessi lönd í hönd míns þénara Nabúgodonosor kóngsins af Babýlon. Eg hefi og gefið honum þau villidýrin sem eru á skógunum so að þau skulu þjóna honum. [7]Og allt fólkið skal þjóna honum og hans syni og hans sonarsyni, þangað til að kemur sá tíminn hans lands, það margar þjóðir og megtugir konungar skulu honum þjóna. [8]En hver sú þjóð og konungsríki sem ekki vill þjóna Nabúgodonosor kónginum af Babýlon og hver eð ekki vill gefa sinn háls undir hans ok, það fólk vil eg heimsækja með sverði, hungri og drepsótt, segir DROTTINN, þangað til að eg fyrirfer þeim fyrir hans hönd. [9]Þar fyrir heyrið ekki yðar prophetum, spámönnum, draumvitringum, dagveljurum, töframönnum, sem segja yður að þér skuluð ei þjóna kónginum af Babýlon, [10]því að þeir spá yður lygar so að þeir flytji yður langt í burt úr yðru landi so það eg útreki yður og þér forglatist. [11]Því að hver sú þjóð sem gefur sinn háls undir ok konungsins af Babýlon og þjónar honum, þá þjóð vil eg láta í sínu landi vera so að hún byggi og búi þar inni, segir DROTTINN.

[12]Og eg talaði allt þetta til Zedechia kóngsins Júda og sagði: Gefið yðar hálsa undir okið kóngsins af Babýlon og þjónið honum og hans fólki, þá skulu þér lífinu halda. [13]Hvar fyrir vilji þér deyja, þú og þitt fólk fyrir sverði, hungri og drepsótt so sem það DROTTINN hefur talað yfir því fólki sem ekki vill þjóna konunginum af Babýlon? [14]Þar fyrir skulu þér ekki hlýða þeirra prophetanna orðum sem segja til yðar:

„Þér munuð ekki þjóna konunginum af Babýlon“ það þeir spá yður lygar. 15Og eg hefi ekki sent þá, segir DROTTINN, heldur spá þeir lygar undir mínu nafni upp á það eg útreki yður og þér tortýnist með þeim prophetunum sem spá yður.

16Og til þeirra prestanna og til alls fólksins talaði eg og sagða: So segir DROTTINN: Hlýðið ekki orðum yðvara spámanna sem spá fyrir yður og segja: „Sjáið, þau kerin úr húsi DROTTINS munu snarlega koma hingað aftur frá Babýlon.“ því að þeir spá lygar fyrir yður. 17En hvar fyrir skal þessi staður foreyddur vera? 18Eru þeir prophetar og hafi þeir orð DROTTINS, þá látið þá biðja þess af DROTTNI Sebaót að þau kerin sem eftir eru vorðin í húsi DROTTINS og í því húsinu konungsins Júda og í Jerúsalem skuli ekki einnin í burt flutt verða til Babýlon. 19Því að so segir DROTTINN Seabót af þeim stólpunum og af hafinu, af stólunum og af kerunum sem enn eru eftir vorðin í þessum stað, 20þau eð Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon hafði ekki í burt þá eð hann í burt flutti Jechoniam son Jóakíms konunginn Júda frá Jerúsalem til Babýlon og alla höfðingja Júda og Jerúsalem; 21því að svo segir DROTTINN Seabót, Guð Ísraels af þeim kerunum sem enn nú eru eftir vorðin í húsi DROTTINS og í húsi konungsins af Júda og Jerúsalem: 22Þau skulu í burt flutt verða til Babýlon og vera þar allt til þess dags þá eg vitja þeirra, segir DROTTINN, og til þess að eg læt flytja þau upp hingað aftur til þessa staðar.

28 Og á því fimmta ári, í upphafi ríkisstjórnar Zedechia konungsins Júda, á þeim fimmta mánaðinum hins fjórða ársins, talaði Ananias Asúrsson, prophetinn af Gíbeon, til mín í húsi DROTTINS í náveru prestanna og alls fólksins og sagði: 2„Svo segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Eg hefi í sundurbrotið það okið konungsins af Babýlon. 3Og áður en tvö ár eru umliðin þá vil eg láta aftur flytja til þessa staðar þau kerin úr húsi DROTTINS sem Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon tók í burt af þessum stað og flutti til Babýlon, 4þar með og einnin Jechoniam son Jóakíms konungsins Júda með öllum þeim öðrum sem herleiddir voru af Júda og í burt fluttir eru til Babýlon þá vil eg og aftur flytja til þessa staðar, segir DROTTINN, það eg vil í sundurbrjóta það okið konungsins af Babýlon.“ 5Þá sagði Jeremie propheti til Anania propheta að hjáveröndum prestunum og öllu fólki sem að stóðu í húsi DROTTINS 6og sagði: „Amen, DROTTINN hann gjöri so. DROTTINN hann staðfesti þín orð sem þú hefur spáð, að hann vilji aftur flytja frá Babýlon þau kerin úr húsi DROTTINS til þessa staðar með þeim öllum sem herleiddir eru. 7En þó heyr þú einnin þetta orð sem eg tala fyrir þínum eyrum og fyrir eyrum alls fólksins 8það prophetarnir sem verið hafa fyrir mér og þér fyrir langri ævi, þeir hafa spáð í móti mörgum löndum og miklum kóngaríkjum, af bardögum, af ógæfu og drepsóttum. 9En nær eð einhver propheti spáir fyrir út af friði, hann má þekkja af því hvert DROTTINN hefur sent hann sannlega þá hans orð uppfyllast.“

10Þá tók prophetinn Ananias okið af hálsinum prophetans Jeremia og í sundurbraut það. 11Og Anania sagði að hjáverandi öllu fólki: „So segir DROTTINN: Líka so þá vil eg í sundurbrjóta okið Nabúgodonosor konungsins af Babýlon áður en það tvö ár eru umliðin af hálsinum alls fólksins.“ Og Jeremias propheti gekk í burt sína leið. 12En orð DROTTINS það skeði til Jeremia eftir það að Anania propheti hafði í sundurbrotið okið af hálsi Jeremia propheta og sagði: 13Gakk þú burt og seg til Ananiam: So segir DROTTINN: Þú hefur í sundurbrotið það tréokið, so

gjör nú eitt járnok í staðinn þess. [14]Því að so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Eg hefi hengt eitt járnok á hálsana alls þessa fólks hvar með þeir skulu þjóna Nabúgodonosor konunginum af Babýlon og honum skulu þeir þjóna það eg hefi og einnin gefið honum þau villidýrin. [15]Og Jeremias propheti sagði til Anania propheta: „Heyr þú, Anania: DROTTINN hefur ekki útsent þig og þú hefur það gjört að þetta fólk treystir upp á lygar. [16]Þar fyrir segir DROTTINN svo: Sjá þú, eg vil taka þig í burt af jörðu og á þessu ári skaltu deyja því að þú í burt snerir þeim frá DROTTNI meður þinni orðræðu.“ [17]So deyði sá prophetinn Anania á því sama árinu á þeim hinum sjöunda mánaði.

29 Þessi eru þau orð í því bréfinu sem Jeremias propheti sendi frá Jerúsalem til þeirra eftirblífnu öldunganna sem í burt voru fluttir og til prestanna og prophetanna og til alls fólksins sem Nabúgodonosor hafði í burt flutt til Babýlon [2](eftir það eð kóngurinn Jechonias og drottningin með hirðsveinum og höfðingjum Júda og þeim af Jerúsalem, með þeim trésmiðum og hagleiksmönnum af Jerúsalem voru nú í burtu) [3]meður Eleasa syni Safans og Gemaría syni Hilkía, hverja Zedechias konungurinn Júda sendi í Babýlon til Nabúgodonosor konungsins af Babýlon og sagði: [4]So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels, til allra þeirra hinna herteknu sem eg hefi í burt flytja látið frá Jerúsalem til Babýlon: [5]Byggið upp húsin í hverjum þér kunnið að búa, plantið aldingarða af þeim sem þér kunnið ávaxtarins að neyta, [6]takið yður eiginkonur og getið syni og dætur, takið sonum yðar eiginkonur og gefið menn dætrum yðar so að þær geti syni og dætur, fjölgið yður þar so að þér séuð ekki allfáir. [7]Leitið þess staðarins ið besta til hvers að eg læt í burt flytja yður og biðjið fyrir honum til DROTTINS því nær eð það vegnar honum vel so vegnar það og yður vel. [8]Því so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Látið ekki þá prophetana og vísindamenn sem þar hjá yður eru mega svíkja yður og hlýðið ekki yðar draumum sjálfs sem yður dreymir það [9]þeir spá yður lygar undir mínu nafni. Eg hefi ekki útsent þá, segir DROTTINN.

[10]Því að so segir DROTTINN: Nær eð sjötígi ár eru fullkomnuð í Babýlon þá vil eg vitja yðar og eg vil mitt hið náðarsamlega orð uppvekja yfir yður að eg flytji yður aftur til þessa staðar. **Daniel 9:2** [11]Því að eg veit vel hvern þanka eg hefi til yðar, segir DROTTINN, sem er þanka friðarins en eigi pínunnar, so að eg vil gefa yður þá ending sem þér væntið eftir. [12]Og þér skuluð ákalla mig og ganga í burt og biðja mig og eg vil bænheyra yður. [13]Þér munuð mín leita og mig finna því ef þér leitið mín af öllu hjarta [14]þá vil eg láta yður finna mig, segir DROTTINN, og eg vil umsnúa yðvari herleiðingu og samansafna yður frá allsháttuðu fólki og frá öllum þeim stöðum til hverra að eg hefi í burtskúfað yður, segir DROTTINN, og eg vil flytja yður aftur til þessa staðar hvaðan eg lét í burt flytja yður.

[15]Því þér meinið það að DROTTINN hafi uppvakið yður propheta í Babýlon. [16]Því að so talar DROTTINN um þann konunginn sem situr á Davíðs stóli og um allt það fólk sem að byggir í þessum stað, sem er um þá yðar bræður sem ekki er í burtu fluttir með yður í herleiðingina. [17]Já, so segir DROTTINN Sebaót: Sjá þú, eg vil koma láta sverð, hungur og drepsótt á meðal þeirra og eg vil breyta við þá sem við vondar fíkjur þær að manni er viðbjóður við að eta. [18]Og á bak til við þá vil eg vera með sverði, hungri og drepsótt og eg vil þá ekki vera láta í neinu kóngaríki á jörðu so að þeir skulu verða að bölvan og undrum, að háðung og forsmán á meðal allra þjóða til hverra að eg mun í burt

kasta þeim [19]af því að þeir hlýddu ekki
mínum orðum, segir DROTTINN, eg hver
að sendi alla tíma mína þénara prophetana til yðar en þér vilduð ekki heyra,
segir DROTTINN.
[20]En þér allir sem herteknir eruð í
burt fluttir, þá sem eg hefi látið burt
fara frá Jerúsalem til Babýlon, heyrið
þér orð DROTTINS. [21]So segir DROTTINN
Sebaót, Guð Ísraels í gegn Akab syni
Kólaja og í gegn Sedekía syni Maeseja
sem spá yður lygar undir mínu nafni:
Sjá þú, eg vil gefa þá í hendur Nabúgodonosor konungsins af Babýlon.
Hann skal láta slá þá fyrir yðar augum
[22]so að af þeim sömum skal gjörast ein
bölvan á meðal allra fanganna úr Júda
sem eru í Babýlon, segjandi: „DROTTINN
gjöri þér líka sem Sedekía og Akab
hverja eð konungurinn í Babýlon lét
steikja á eldi“ [23]fyrir það þeir höfðu
framið eina heimsku í Ísrael og drýgt
hóranir með öðrum konum og prédikað lygar í mínu nafni hvað eg hafða
ekki boðið þeim. Þetta veit eg og votta,
segir DROTTINN.
[24]Og á móti Semaja af Nehalam skaltu
segja: [25]Svo segir DROTTINN Sebaót, Guð
Ísraels: Af því að þú útsendir bréfið
undir þínu nafni til alls fólksins þess
sem er í Jerúsalem og til kennimannsins Efanía sonar Maeseja og til allra
prestanna og sagðir [26]að DROTTINN hefur sett þig til prests í staðinn Jójada
kennimanns so að þér skuluð yfirsjónarmenn í húsi DROTTINS yfir öllum
sinnulausum og spásagnarmönnum so
að þú legðir þá í fjötur og fangelsi. [27]En
hvar fyrir straffar þú ekki Jeremiam af
Anatót sem spáir fyrir yður? [28]Af því að
hann hefur sent boð til vor í Babýlon og
látið segja oss að það skuli enn lengi
vara: „Byggið upp hús sem þér kunnið í
að búa og plantið aldingarða so þér etið
ávöxtinn þar út af.“
[29]Því að Sefanía las það sama bréf og
lét Jeremiam propheta heyra það. [30]Þar
fyrir þá skeði orð DROTTINS til Jeremia
og sagði: [31]Sendið héðan til allra þeirra
sem herteknir eru og látið segja þeim:
So segir DROTTINN í móti Semaja af
Nehalam: Þar fyrir að Semaja spáir fyrir
yður og eg hefi þó ekki sent hann og
hann gjörir það að þér setjið yðar traust
upp á lygar, [32]þar fyrir segir DROTTINN
so: Sjá þú, eg vil heimsækja Semaja af
Nehalam og hans sæði so að enginn út
af hans skal vera á meðal fólks þessa og
hann skal ekki sjá það hið góða sem eg
vil gjöra mínu fólki, segir DROTTINN, því
að hann hefur snúið þeim frá DROTTNI
með sínum orðum.

30 Þetta er það orð sem skeði af DROTTNI til Jeremia. [2]So segir
DROTTINN Guð Ísraels: Skrifaðu þér öll
þau orðin í eina bók sem eg tala til þín.
[3]Því að sjá þú, sá tími kemur, segir
DROTTINN, að eg vil snúa herleiðingunni
míns fólks, bæði Ísraels og Júda, segir
DROTTINN, og eg vil flytja þá inn aftur í
það landið sem eg gaf þeirra forfeðrum
so að þeir skulu það eignast.
[4]En þessi eru þau orðin sem
DROTTINN talaði um Ísrael og Júda. [5]Því
að so segir DROTTINN: Vér heyrum þá
raustina skelfingarinnar so að þar er
ekki utan hræðsla og enginn friður. [6]En
spyrjið að því og og gefið gætur að
hvert að karlmaðurinn megi barn
fæða? En hvernin er þessu þá varið það
eg sé alla menn hafa sínar hendur so
lagðar að sínum lendum svo sem konur
í barnsótt og öll andlit eru so föl? [7]Það
er einn mikill dagur og hans líki var
eigi og er einn hörmungartími í Jakob,
þó skal honum þar út af hjálpað verða.
[8]En það skal ske á þeim sama tíma,
segir DROTTINN Sebaót, að eg vil í
sundurbrjóta hans ok af þínum hálsi og
í sundurslíta þín bönd so að hann skal
ekki meir þjóna annarlegum þar úti
[9]heldur DROTTNI Guði sínum og so þeim
kóngi Davíð hvern eg vil uppvekja
þeim. [10]Þar fyrir vertu óhræddur, minn
þjón Jakob, segir DROTTINN, og hræðst

ekki, þú Ísrael. Því að sjá þú, eg vil hjálpa þér úr fjarlægum löndum og þínu sæði af þeirra herleiðingarlandi so að Jakob skal aftur koma í friði, lifa og nægð hafa og enginn skal skelfa hann. 11Því að eg er hjá þér, segir DROTTINN, að eg vil hjálpa þér. Því eg vil einn enda gjöra við alla þá heiðingjana til hverra að eg hefi útdreift þér en við þig vil eg ekki einn enda gjöra en aga vil eg þig með hófsemi so að þú haldir þig ekki saklausan.

12Því að so segir DROTTINN: Þín lemstur eru ein óbætandi illska og þín sár eru ógræðandi. 13Þitt málefni rækir enginn svo að hann bindi þar um þín sár. Enginn kann þig að græða, 14allir þínir ástvinir þeir forgleyma þér og skeyta ekki um það. Eg hefi slegið þig líka sem að eg skyldi slá einn óvin, með miskunnarlausri hirting, vegna þinna mikilla misgjörða og fyrir þinna sterkra synda sakir. 15Hvar fyrir ber þú þig illa yfir þinni skaðsemd og yfir þínum ógræðandi illskuharmkvælum? En eg hefi þó gjört þetta vegna þinna stóru misgjörða og fyrir þinna sterkra synda sakir. 16Þar fyrir skulu allir þeir sem þig hafa etið uppétnir verða og allir þeir sem þig hafa angrað skulu allir herteknir verða og þeir eð þig hafa rænt skulu ræntir verða og allir þeir sem fyrir þér hafa gripið þá skal og fyrir þeim gripið verða. 17En eg vil þig aftur heilbrigðan gjöra og þín sár græða, segir DROTTINN, af því þú kallast hin útrekna og Síon er hún sem engin spyr eftir.

18So segir DROTTINN: Sjá þú, eg vil snúa herleiðingunni tjaldbúðanna Jakobs og miskunnsamlegur vera yfir hans bústöðum og staðurinn skal upp aftur byggjast á sinni hæð og musterið skal standa eftir sínum skammti. 19Og lofsögn og gleðinnar söngur skal þaðan útganga. Því að eg vil fjölga þá en ekki forminnka og eg vil gjöra þá heiðarlegri en ekki minniháttar. 20Þeirra synir skulu vera líka sem áður forðum og þeirra söfnuður skal lukku hafa fyrir mér. Því að eg vil sækja heim alla þá sem hana þvinga. 21Og hennar höfðingjar skulu út af þeim sjálfum framkoma og hennar stjórnari skal útganga af þeim sjálfum og hann skal halda sér til mín. Því hver er hann sem aðhyllist mig með einu viljuglegu hjarta? segir DROTTINN. 22Og þér skuluð vera mitt fólk og eg vil vera yðar Guð.

23Sjá þú, þar mun koma einn vindur DROTTINS með grimmd og einn hræðilegur stormur mun falla yfir höfuð þeirra hinna óguðlegu. 24Því að grimmdarreiði DROTTINS mun eigi afláta fyrr en hann gjörir það og því til vegar kemur sem honum býr í sinni. Á þeim síðasta tíma skulu þér fá svoddan að formerkja.

31 Á þeim sama tíma, segir DROTTINN, vil eg vera Guð alls Ísraels slektis og þeir skulu vera mitt fólk. 2So segir DROTTINN: Það fólk sem eftir er vorðið fyrir sverðinu það hefur fundið náð í eyðimörkinni. Ísrael fer burt til sinnar hvíldar.

3DROTTINN birtist mér álengdar: Eg hefi og alla tíma elskað þig, þar fyrir hefi eg laðað þig að mér af skærri miskunnsemi. 4Nú vel, eg vil byggja þig upp aftur so að þú skalt heita uppbyggð. Þú jungfrú Ísrael, þú skalt enn nú fara með gleðilegan bumbuslátt og útganga í dansinn. 5Þú skalt planta víngarða aftur að nýju á fjallbyggðunum Samarie, planta munu þeir og þar með í pípur blása. 6Því að sá tími mun enn koma að varðmennirnir á Efraímsfjalli munu kalla: „Tökum oss upp og förum af stað og látum oss ganga upp til Síon til DROTTINS Guðs vors.“

7Því að so segir DROTTINN: Kallið yfir Jakob með gleði og fagnið yfir því höfðinu meðal heiðingjanna, kallið hátt, hrópið og segið: „DROTTINN, hjálpa þú þínu fólki sem eftir er orðið í Ísrael.“ 8Sjá þú, eg vil flytja þá út af norður-

landinu og eg vil samansafna þeim í frá jarðarinnar enda, bæði blindum og höltum, óléttum og sængarkonum, so að þeir skulu koma hingað aftur með miklum hópafjölda. [9]Þeir munu koma grátandi og biðjandi, so vil eg þá segja þeim leið. Eg vil leiða þá í hjá vatslækjunum á slétta veginum so að þeir steyti sig ei því að eg er Ísraels faðir og Efraím er minn frumgetinn son.

[10]Heyri, þér hinir heiðnu, orð DROTTINS og kunngjöri það í þeim fjarlægum eyjunum og segið: Sá sem í sundurdreift hefur Ísrael hann mun og einnin samansafna honum aftur og hann mun varðveita hann so sem einn hirðir sína hjörð. [11]Því að DROTTINN mun frelsa Jakob og leysa hann út af hendi hins volduga. [12]Og þeir munu koma og gleðja sig á hæðunum til Síon og þeir munu samanflykkjast í hópa til þeirra ástgjafanna DROTTINS, sem er til korns, víns, viðsmjörs og ungra sauða og nauta, so að þeirra sálir munu vera líka sem einn votlendur urtragarður og skulu eigi meir angraðir verða. [13]Þá munu meyjarnar gleðjast í dansinum, þar með æskumennirnir, so og hinir gömlu hver með öðrum. Því að eg vil snúa þeirra sorg í gleði og hugsvala þeim og gleðja þá eftir þeirra hörmungar. [14]Og eg vil gjöra kennimannanna hjarta fullt af gleði og mitt fólk skal hafa alls konar nægð af mínum ástgjöfum, segir DROTTINN.

[15]So segir DROTTINN: Menn heyra hræðilegt óp og beiskan grát á hæðunum. Rakel grætur yfir sonum sínum og vill eigi huggast láta yfir sínu börnum það það er útgjört um þau.

[16]En so segir DROTTINN: Lát þína kveinan og grát og táraföllin þinna augna því að þitt erfiði skal vel launað verða, segir DROTTINN. Þeir skulu og aftur koma af því óvinalandinu. [17]Og þínir eftirkomendur hafa margs góðs að vænta, segir DROTTINN, því að þín börn skulu koma aftur í þetta land.

[18]Eg hefi vel heyrt hvernin það Efraím klagar sig: „Þú hefur agað mig, eg er og einnin agaður so sem einn lífaður kálfur. Snú þú mér, þá er mér snúið, því að þú, DROTTINN, ert minn Guð. [19]Þá er eg snerunst yfirbætta eg mig því að eftir það eg tók að gjörast forsjáll hélt eg að lendönum það eg em til skammar vorðinn og stend rjóður af óvirðingu. Því að eg hlýt að líða þær háðungar míns ungdóms.“ [20]Er Efraím ei minn dýrðarlegur son og mitt elskulegt barn? Því að eg minnunst enn nú vel á það hvað eg sagða til hans. Þar fyrir hneigist mitt hjarta til hans svo að eg hlýt honum miskunnsamur að vera, segir DROTTINN.

[21]Reistu þér upp minningarteikn, settu upp sorgarmerkið og set þitt hjarta á þá hinu troðnu vegina sem eg hefi ágengið. Þú Ísrael jungfrú, snú þú aftur, snú þér aftur til þessara þinna staða. [22]Hversu lengi þá viltu ganga þá villuvegina, þú hin fráhorfna dótturin? Því að DROTTINN mun skapa nokkuð nýtt í landinu: Kvinnan mun umkringja manninn. [23]So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels, að menn munu enn tala þessi orð að nýju í landinu Júda og í þessum stöðum þá eð eg mun snúa þeirra herleiðingu. DROTTINN hann blessi þig, þú réttlætisins bústaður, þú hið heilaga fjall [24]og Júda með öllum sínum stöðum skal búa þar inni, þar með einnin akurkarlar og þeir sem hjarðar gæta. [25]Því að eg vil endurnæra hinar þreyttu sálirnar og seðja þær hinar sorgbitnu sálir.

[26]Þar fyrir þá vaknaði eg og leit upp og hafði sofið so vært.

[27]Sjá þú, sá tími kemur, segir DROTTINN, að eg vil yfir sá húsið Ísrael og húsið Júda bæði með menn og fénað. [28]Og líka so sem eg vakti yfir þeim til að afmá, uppræta, af að brjóta, fordjarfa og til að plága þá, so vil eg og vaka yfir þeim til að uppbyggja þá og að gróðsetja þá, segir DROTTINN.

[29]Á þeim sama tíma munu menn og
eigi meir segja: „Feður vorir hafa etið
það beiska vínberið og barnanna tenn-
ur eru sljóvar vorðnar“ [30]heldur skal
hver og einn deyja fyrir sinna mis-
gjörða sakir. Og hver maður sem etur
beiskt vínber hans tennur þá skulu
sljógvast.
[31]Sjá þú, sá tími kemur, segir
DROTTINN, það eg vil gjöra einn nýjan
sáttmála við Ísraels hús og við húsið
Júda. [32]Ekki so sem sá sáttmálinn var
sem eg gjörða við feður þeirra þá eð eg
tók þá við hönd og leiddi þá út af Eg-
yptalandi, hvern sáttmála þeir hafa
ekki haldið og eg hlaut að þvinga þá,
segir DROTTINN. [33]Heldur skal þetta
vera sá sáttmálinn sem eg vil gjöra við
Ísraels hús hér eftir, segir DROTTINN: Eg
vil gefa mitt lögmál í þeirra hjörtu og
innskrifa það í þeirra hugskot. Og þeir
skulu vera mitt fólk, so vil eg vera
þeirra Guð. [34]Og enginn mun læra ann-
an og ei einn bróðurinn annan, segj-
andi: „Þekktu DROTTINN“ heldur skulu
þeir allir, bæði smáir og stórir, þekkja
mig, segir DROTTINN, það eg vil fyrir-
gefa þeim þeirra misgjörning og aldr-
eigi meir í minni leggja þeirra syndir.
[35]So segir DROTTINN, sá að sólina gef-
ur deginum til upplýsingar og tunglið
og stjörnurnar eftir þeirra gangi
nóttinni til uppbirtu, hann sem hrærir
sjávarhafið so að þess bylgjur upp
þjóta, DROTTINN Sebaót er hans nafn:
[36]Nær að svoddan tilskipan leggst af
fyrir mér, segir DROTTINN, þá skal og
einnin aftakast Ísraels sæði so að það
skal ekki meir vera eitt fólk fyrir mér
ævinlegana. [37]So segir DROTTINN: Nær
að mann kann að mæla himininn þar
uppi og rannsaka grundvöllinn jarðar-
innar þá vil eg og burt kasta öllu Ísraels
sæði fyrir allt það sem þeir hafa gjört,
segir DROTTINN. [38]Sjá þú, sá tími skal
koma, segir DROTTINN, það sá staðurinn
DROTTINS skal uppbyggður verða í frá
turninum Hananeels allt til Hyrningar-
portsins [39]og sá mælistrengurinn skal
ganga víðara út hjá því hinu sama, allt
inn til Garebhæðar og snúa sér so til
Gaat. [40]Og allur sá líkdalurinn og –ösk-
unnar með öllum akrinum allt til lækj-
arins Kedron, allt inn til þess hornsins á
Hestaportinu mót austrinu, þa skal
vera DROTTNI helgað so að það skal
aldreigi meir ofan rifið elligar niður-
brotið verða.

32 Þetta er það orðið sem skeði til
Jeremia af DROTTNI á því tí-
unda ári Zedechia konungsins Júda,
hvert að er hið áttanda ár Nabú-
godonosor. [2]Þá lá í kringum Jerúsalem
herliðið konungsins af Babýlon en
prophetinn Jeremias lá þá fjötraður í
fordyrunum myrkvastofunnar í hjá
húsi konungsins Júda, [3]þar að
Zedechias konungurinn Júda hafði
látið innilykja hann og sagt: „Hvar fyrir
spáir þú og segir: So segir DROTTINN: Sjá
þú, eg vil gefa þennan stað í hendur
konungsins af Babýlon og hann skal yf-
irvinna hann [4]og Zedechias konungur-
inn Júda skal ekki umflúið geta úr
höndum þeirra Caldeis heldur vil eg
gefa hann í hendur konungsins af Ba-
býlon so að hann skal tala munnlega
við hann og það hann skal sjá hann
með augum sínum. [5]Og hann mun í
burt flytja Zedechiam til Babýlon. Þar
skal hann og vera þangað til að eg vitja
hans, segir DROTTINN. Því þó að þér
stríðið á móti þeim Caldeis þá skal það
þó ekki lukkast yður“?
[6]Og Jeremias sagði: Orð DROTTINS er
skeð til mín, segjandi: [7]Sjá þú: Hana-
meel sonur Sallúm föðurbróðurs þíns
kemur til þín og segir: „Kæri, kaup þú
minn akur í Anatót því að þú ert nán-
astur ættmaður til að kaupa hann.“ [8]Og
Hanameel bróðurson föður míns kom
til mín so sem það DROTTINN hafði sagt
fyrir fordyrnar myrkvastofunnar og
sagði til mín: „Kæri, kaup þú minn akur
í Anatót sem liggur í Benjamínlandi því

að þú hefur erfðaréttinn þar til og þú ert hinn nánasti. Kæri, kauptu hann.“ Þá formerkta eg að það var orð DROTTINS.

[9]Og eg keypta akurinn af Hanameel bróðursyni föður míns í Anatót og vóg honum út peninga, sjö cyclos og tíu silfurpeninga, [10]og skrifaði eitt bréf og innsiglaði það og tók vitnisburði þar til og eg vóg peningana þar út í metaskálum. [11]Og eg tók það ið innsiglaða kaupbréfið til mín eftir lögum og venjulegum hætti og so eina opna útskrift. [12]Og eg fékk það sama mitt kaupbréf Barúk syni Nerias sonar Mahasía, að hjá veranda Hanameel míns föðursbróðurssyni og þeim vottunum sem stóðu í kaupbréfinu og í náveru allra þeirra Gyðinganna sem bjuggu hjá fordyrunum myrkvastofunnar. [13]Og eg bauð Barúk fyrir þeirra augum og sagði: [14]So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Tak þetta bréf, þetta hið innsiglaða kaupbréfið og þá hinu opnu útskriftina og legg þau í eitt leirker so að þau megi lengi varðveitast. [15]Því að so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Enn skulu menn kaupa sér hús, akurlönd og víngarða í þessu landi.

[16]Og þá ið eg hafða afhent Barúk syni Nerias þetta kaupbréf bað eg til DROTTINS og sagði: [17]Ó DROTTINN, GUÐ! Sjá, þú gjörðir himin og jörð fyrir þinn hinn mikla kraft og fyrir þinn útréttan armlegg og þar er enginn hlutur ómögulegur fyrir þér, [18]þú sem gjörir miskunnsemi við margar þúsundir og endurgeldur illsku feðranna í barminn þeirra barna eftir þá, þú hinn mikli og hinn öflugi Guð, DROTTINN Sebaót er þitt nafn, [19]mikill af ráði og máttugur af gjörningi og þín augu standa opin yfir öllum vegum mannanna sona so að þú gefur hverjum eftir sinni verkan og eftir ávextinum síns athæfis. [20]Þú sem gjörðir tákn og stórmerki í Egyptalandi allt til þessa dags, bæði við Ísrael og aðra menn og gjörðir þér eitt nafn so sem það er enn nú þennan dag. [21]Og þú fluttir þitt fólk Ísrael út af Egyptalandi fyri tákn og stórmerki, fyri eina volduga hönd, fyri útréttan armlegg og fyrir stórar skelfingar [22]og gafst þeim þetta land so sem að þú hafðir svarið þeirra forfeðrum að þú vildir gefa þeim eitt land í hverju að flýtur mjólk og hunang. [23]Og þá er þeir komu þar inn og eignuðust það þá hlýddu þeir ekki þinni raust og gengu ekki heldur eftir þínu lögmáli og þeir yfirgáfu allt það sem þú bauðst þeim að gjöra. Þar fyrir léstu og einnin alla þessa ógæfu koma yfir þá. [24]Sjá þú, þessi staður er bílagður allt um kring so það hann skuli yfirvinnast og uppgefinn verða í hendur þeirra Caldeis sem stríða á móti honum með sverði, hungri og drepsótt og so sem að þú hefur sagt so gengur það nú til, það sér þú sjálfur. [25]Og þú, DROTTINN, GUÐ, segir til mín: „Kaup þú akur fyrir peninga og haf votta þar við“ en staðurinn skal þó uppgefast í hendur þeirra Caldeis.

[26]Og orð DROTTINS það skeði til Jeremia og sagði: [27]Sjá þú, eg DROTTINN er einn Guð alls holds. Skyldi mér nokkuð ómögulegt vera? [28]Þar fyrir segir DROTTINN so: Sjá þú, eg gef þennan stað í hendur Caldeis og í hönd Nabúgodonosor konungsins af Babýlon. [29]Hann skal yfirvinna hann og þeir Caldei sem stríða á móti þessum stað skulu koma hér inn og kveikja eld í honum og brenna hann upp og öll þau húsin ofan á hverra ræfrum er þeir báru reykelsi fyrir Baal og offruðu annarlegum guðum drykkjaroffri svo að þeir reitti mig til reiði. [30]Því að Ísraelsbörn og Júdabörn hafa alla tíma þegar í frá þeirra æskualdri gjört það sem mér líkar illa og Ísraelssynir hafa reitt mig til reiði með sínum handaverkum, segir DROTTINN. [31]Því að þaðan í frá að þessi staður var uppbyggður hafa þeir gjört mig reiðan og heiftarfullan allt til þessa dags so að eg hlýt í

burt að skúfa honum frá mínu augliti
32fyrir allra illgjörða sakir Ísraelsbarna
og Júdabarna sem þeir hafa gjört að
þeir reittu mig til reiði. Sjá, þeir sjálfir,
þeirra konungar og höfðingjar, prestar,
prophetar og þeir sem búa í Júda og
Jerúsalem 33hafa snúið bakinu við mér
og ekki andlitinu. Þó að eg léti alla tíma
kenna þeim vildu þeir ekki heyra né yf-
irbæta sig. 34Þar með settu þeir sínar
svívirðingar í það húsið sem af mér
hafði nafn svo að þeir saurguðu það.
35Og þeir hafa uppbyggt hæðirnar Baals
í Ben-Hinnomdal so að þeir uppbrenndi
þar sonu sína og dætur fyrir Mólok
hvað eg hafði ekki boðið þeim og það
sló aldreigi í mitt sinni að þeir skyldu
gjöra svoddan svívirðing, hvar með að
þeir komu Júda svo til að syndgast.

36Og nú fyrir þess sama sakir talar
DROTTINN Guð Ísraels so um þennan
stað, af hverjum þér segið að hann skuli
fyrir sverði, hungri og drepsótt yfirgef-
inn verða í hendur konungsins af Ba-
býlon. 37Sjá þú, eg vil safna þeim úr öll-
um löndum sem eg hefi í burt kastað
þeim í minni mikilli reiði og grimmd og
ómiskunnsemi og eg vil flytja þá hingað
aftur til þessa staðar svo að þeir skulu
ugglausir búa 38og þeir skulu vera mitt
fólk, so vil eg og vera þeirra Guð. 39Og
eg vil gefa þeim eitt samlundað hjarta
og athæfi so að þeir skulu óttast mig
alla sína lífdaga so að það skuli þeim vel
vegna og þeirra börnum eftir þá. 40Og
eg vil gjöra einn eilífan sáttmála viður
þá so að eg vil ei því linna að gjöra þeim
til góða og eg vil gefa þeim mína
hræðslu í hjartað so að þeir skulu ekki í
burt víkja frá mér. 41Og það skal vera
mín gleði að eg megi þeim gott gjöra og
trúlegana vil eg gróðsetja þá í þessu
landi af öllu hjarta og af allri sálu.

42Því að so segir DROTTINN: Líka sem
það eg hefi alla þessa hina miklu ógæfu
látið koma yfir þetta fólk, so vil eg og
láta allt gott koma yfir þá það sem eg
hefi talað til þeirra 43og þar skulu enn
nú kaupast akrar í þessu landi um hvert
að þér segið: „Það skal í eyði liggja so að
þar skal hverki fólk né fénaður inni
vera og það skal gefast í hendur þeirra
Chaldeis.“ 44Þó skulu menn kaupa samt
akurlönd fyrir peninga og það sama
með bréfum inciglum og vitnum í
Benjamínlandi og allt um kring Jer-
úsalem og í stöðunum Júda, í stöðun-
um á fjallbyggðum, í stöðunum í döl-
unum og í þeim stöðunum móti suðrinu,
því eg vil snúa þeirra herleiðingu, segir
DROTTINN.

33 Og orð DROTTINS það skeði til
Jeremiam í annað sinn þá eð
hann var enn nú innlyktur í fordyrun-
um myrkvastofunnar og sagði: 2So seg-
ir DROTTINN sem slíkt gjörir, verkar og
framkvæmir; DROTTINN er hans heiti.
3Kalla þú til mín, þá vil eg svara þér og
eg vil kunngjöra þér mikla og merki-
lega hluti sem þú veist ekki. 4Því að svo
segir DROTTINN Guð Ísraels af húsunum
þessa staðarins, af húsinu konungsins
Júda sem niður er brotin að gjöra af
hervirki til varnar 5og af þeim sem eru
hér innkomnir til að stríða á móti þeim
Chaldeis so að þeir uppfylli þau hinu
sömu með dauða líkami, hverja það eg
vil í hel slá í minni reiði og heiftar-
grimmd, því að eg hefi byrgt mína
ásjónu fyrir þessum stað fyrir sakir
allra þeirra illgjörða. 6Sjá þú, eg vil
græða þá og heilbrigða gjöra og eg vil
auglýsa þeim þá bænina út af friðinum
og trúskapnum. 7Því að eg vil snúa her-
leiðingunni Júda og herleiðingunni
Ísraels og eg vil uppbyggja þá so sem í
fyrstunni. 8Og eg vil hreinsa þá út af öll-
um misgjörðum meður hverjum þeir
hafa syndgast á móti mér og eg vil fyr-
irgefa þeim alla misgjörninga meður
hverjum þeir hafa afvega gengið og
misgjört á móti mér. 9Og það skal vera
mér eitt gleðilegt nafn, frægð og for-
prís á meðal allra heiðinna þjóða á
jörðu nær að þeir fá að heyra allt það

hið góða sem eg gjöri þeim so að sjálfa
þá mun furða það og ægja allur sá góði
og allur sá friður sem eg vil gefa þeim.
[10]So segir DROTTINN: Í þessu takmarki
af hverju þér segið: „Það er í eyði“ með
því að þar er hverki menn né fénaður í
þeim stöðunum Júda og þeim strætun-
um til Jerúsalem sem so eru í eyðilögð
að þar er ekki fólk neitt eður borgar-
menn né fénaður inni, [11]þá skulu þó
samt þar inni heyrast aftur hljómurinn
af gleðinni og unaðsemdinni, raustin
brúðgumans og brúðarinnar og so
þeirra raust sem segja:
„Þakki þér DROTTNI Sebaót það hann
er so náðarsamlegur og það hann gjörir
eilíflegana til góða“ og þeirra sem færa
þakklætisoffur í húsið DROTTINS. Því að
eg vil snúa herleiðingunni landsins líka
sem það í fyrstunni, segir DROTTINN.
[12]So segir DROTTINN Sebaót: Í þessum
stað sem so er í eyði að þar er hverki
menn né fénaður inni og í öllum hans
stöðum þá skulu þar enn nú vera hús
þeirrar hjarðargeymslumanna sem
hjörðunni fæðslu gefa, [13]bæði í þeim
stöðunum á fjallbyggðunum og í þeim
stöðunum í þeim dölunum og í stöðun-
um móti suðrinu í Benjamínlandeign
og allt um kring Jerúsalem og í þeim
stöðunum Júda, að þar skulu enn nú
aftur hjarðir ganga, taldar út og inn,
segir DROTTINN. [14]Sjá þú, sá tími kemur,
segir DROTTINN, að eg vil uppvekja það
náðarinnar orð hvert að eg hefi talað til
hússins Ísrael og til hússins Júda. [15]Á
þeim sömum dögum og á þeim sama
tíma vil eg láta Davíð upprenna einn
réttlætisins kvist og hann skal vera
einn konungur sem vel skal stjórna og
hann skal upphefja dómin og réttvísina
á jörðu. [16]Á þeim tíma skal Júda hólp-
inn vera og Jerúsalem búa ugglaust og
þeir munu kalla hann „DROTTINN sem er
vort réttlæti“. [17]Því að so segir
DROTTINN: Það skal aldreigi bresta að
þar skuli eigi einn af Davíð sitja á þeim
stólinum hússins Ísrael, [18]líka so skal
það aldreigi bresta að þar skuli ei vera
kennimenn og Levítar fyrir mér sem
offra brennifórnir og upptendra matar-
offrið og slátra þeim fórnfæringum ei-
líflegana.
[19]Og orð DROTTINS það skeði til Jer-
emia og sagði: [20]Svo segir DROTTINN:
Nær eð minn sáttmáli tekur til að
þrjóta við dag og nótt so að þar verði ei
lengur dagur og nótt á sínum tíma,
[21]eins líka so þá skal minn sáttmáli
þrjóta við minn þjón Davíð so að hann
hafi ekki einn son til konungs á sínum
stóli og með þeim Levítunum og
prestunum mínum þénurum. [22]Líka so
sem mann kann ekki að telja það
himneska herliðið, eigi heldur að mæla
þann sandinn við sjávarhafið, eins svo
vil eg fjölga sæðið Davíðs míns þénara
og þeirra Levítanna sem mér þjóna.
[23]Og orð DROTTINS skeði til Jeremiam
og sagði: [24]Hefur þú áskynja vorðið
hvað þetta fólk talar og segir? Að
DROTTINN hafi í burt kastað þeim tveim-
ur kynkvíslunum sem hann hefur út-
valið og lasta so mitt fólk, líka sem að
skyldi það ekki meir vera mitt fólk. [25]So
segir DROTTINN: Held eg ekki minn sátt-
mála við dag og nótt þá skikkunina
himins og jarðarinnar, [26]þá vil eg og
einnin burt kasta sæðinu Jakobs og
Davíðs míns þénara so að eg taki þá
ekki út af þeirra sæði sem stjórna skulu
yfir sæðið Abrahams, Ísaaks og Jakobs.
Því að eg vil snúa þeirra herleiðingu og
þeim miskunnsamur vera.

34 Þetta er það orðið sem skeði af
DROTTNI til Jeremiam þá að
Nabúgodonosor konungurinn af Ba-
býlon með öllu sínu herliði og öllum
þeim kóngaríkjum á jörðu sem undir
hans valdi voru og öllu fólki barðist á
móti Jerúsalem og öllum hennar stöð-
um og sagði: [2]So segir DROTTINN Guð
Ísraels: Gakk héðan og tala við
Zedechiam konunginn í Júda og seg þú
honum: So segir DROTTINN: Sjá þú, eg vil

gefa þennan stað í hendur konungsins
af Babýlon og hann skal uppbrenna
hann með eldi. 3Og þú skalt ekki um-
flúið geta frá hans höndum heldur
skaltu gripinn verða og gefinn vera í
hans hönd so að þú skalt sjá hann með
augunum og hans munnur skal tala við
þinn munn og koma so til Babýlon. 4So
heyr þú þó, Zedechia kóngurinn Júda,
orð DROTTINS. So segir DROTTINN um
þig: Eigi skaltu líflátinn verða með
sverði 5heldur skaltu í friði deyja. Og so
sem þeir hafa kynt báleld yfir þínum
forfeðrum hinum fyrri konungum sem
fyrir þér hafa verið so skulu þeir og
einnin kynda bál yfir þér og harma þig:
„Óhó, herra!“ því að eg hefi það sagt,
segir DROTTINN.

6Og Jeremias propheti talaði öll þessi
orð til Zedechia kóngsins Júda í Jer-
úsalem 7þá þegar eð herlið konungsins
af Babýlon tók að berjast mót Jer-
úsalem og á móti öllum yfirblífandi
stöðum Júda, sem var á móti Lakís og
Aseka það þessir voru enn eftir á meðal
þeirra staðanna Júda so sem þeir hinir
sterku staðirnir. 8Þetta er það orð sem
skeði af DROTTNI til Jeremia eftir það eð
konungurinn Zedechias hafði gjört
einn sáttmála við allt fólkið í Jerúsalem
til að kunngjöra eitt frelsunarár 9so að
hver skyldi gefa sinn þræl og hver sína
ambátt frjálsa sem hann var ebraískur
og hún ebresk so að enginn Gyðingur
skyldi halda annan fyrir eignarþræl á
meðal þeirra sjálfra. 10Þá hlýddu allir
höfðingjarnir og allt fólkið sem undir
höfðu gengið svoddan sáttmála að hver
skyldi gefa sinn þræl lausan og ambátt
og halda þá ei meir fyrir eignarþræla og
þeir gáfu þá lausa. 11En þar eftir á tóku
þeir sig aftur og heimtu til sín þá þénar-
ana og þjónustukonurnar aftur sem
þeir höfðu frjálsa gefið og þvinguðu þá
so til að þeir hlutu að vera þrælar og
ambátir.

12Þá skeði orð DROTTINS til Jeremia af
DROTTNI og sagði: 13Svo segir DROTTINN
Guð Ísraels: Eg gjörði einn sáttmála við
feður yðar þann tíð eg útleidda þá af
Egyptalandi, af því þrældómshúsi, og
eg sagði: 14Nær eð sjö ár eru umliðin þá
skyldi hver láta sinn bróður frjálsan frá
sér sem væri ebreskur og hefði selt sig
honum og þjónað í sex ár. En yðrir feð-
ur hlýddu mér ekki og hneigðu ekki sín
eyru þar að. 15Svo hafi þér og einnin
snúið yður í dag og gjörðuð það mér vel
þóknaðist það þér létuð boða eitt frels-
unarár hver við sinn náunga og
gjörðuð um það einn sáttmála fyrir mér
í því húsinu sem að nefnt er eftir mínu
nafni. 16En þér kölluðuð það aftur og
vanhelguðuð mitt nafn og hver heimti
sinn þjónustumann og þjónustukonu
aftur sem þér höfðuð frjálsa gefið svo
að hver skyldi ráða sjálfum sér og þér
kúgið þá nú aftur svo að þeir hljóta að
vera yðrir þrælar og ambáttir.

17Þar fyrir segir DROTTINN so: Þér
hlýðið mér ekki so að þér úthrópið eitt
frelsunarár hver sínum bróður og ná-
unga. Sjá þú, so úthrópa eg, segir
DROTTINN, yður eitt frelsunarár til
sverðsins, til drepsóttarinnar, til
hungursins, og eg vil ekki láta yður
blífa í neinu kóngaríki á jörðu. 18Og eg
vil gjöra þetta fólk sem yfirtreður minn
sáttmála og heldur ekki þau sáttmála-
orðin sem þér gjörðuð fyrir mér líka so
sem þann kálfinn hvern eð þeir sundur
skiptu í tvö stykki og eru so gengnir á
millum þeirra beggja stykkjanna, 19sem
eru höfðingjarnir í Júda, höfðingjarnir í
Jerúsalem, hirðsveinarnir, prestarnir
og allt fólkið í landinu, sem gengnir eru
á millum stykkjanna kálfsins. 20Og eg
vil gefa þá í sinna óvina hendur og í
þeirra hendur sem sækja eftir þeirra lífi
so að þeirra líkamir skulu fuglunum
undir himninum og dýrunum á
jörðunni að átu verða. 21Og Zedechiam
konunginum Júda og hans höfðingja vil
eg gefa í þeirra óvina hendur og þeirra
sem sækja eftir þeirra lífi og því her-
liðinu kóngsins af Babýlon það sem nú

er í burt dregið frá yður. 22Því að sjá þú, eg vil bjóða þeim, segir DROTTINN, og eg vil flytja þá hingað aftur fyrir þennan stað og þeir skulu stríða á móti honum og yfirvinna hann og brenna hann upp með eldi og eg vil foreyða stöðunum Júda svo að enginn skal búa þar lengur.

35 Þetta er það orð sem skeði af DROTTNI til Jeremia á dögum Jóakím sonar Jósía konungsins Júda og sagði: 2Gakk þú í Recabitis hús og tala við þá og leið þá í hús DROTTINS í eina kapellu og skenk þeim vín. 3Þá tók eg Jasanja son Jeremia sonar Habasinja með hans bræðrum og öllum hans sonum og með gjörvöllu húsi Rechabitis 4og leiddi þá inn í hús DROTTINS í þá kapelluna Hanansona sonar Jegdalja þess guðsmanns hver að er í hjá kapellunni þeirra höfðingjanna fyrir ofan kapelluna Maeseja sonar Sallúm dyravörðsins. 5Og eg setti fyrir þá sonu af Rechabitis staup og skálir fullar af víni og eg sagði til þeirra: „Drekkið vín.“ 6En þeir svöruðu: „Vér drekkum ekki vín því að Jónadab faðir vor sonur Rekabs hefur boðið oss og sagt: Þér og yðar börn skuluð aldreigi drekka neitt vín 7og uppbyggja engin hús og öngu kornsæði sá og öngva víngarða gróðsetja, eigi heldur hafa. En þér skuluð búa í tjaldbúðum alla yðar lífdaga so að þér skuluð lengi lifa í því landinu þar eð þér inni gangið. 8So hlýðum vér nú þeirri raustinni föðurs vors Jónadab sonar Rekab í öllu því sem hann hefur boðið oss so að vér drekkum ekki neitt vín um vora daga, hverki vér né vorar húsfreyjur, synir eða dætur, 9og vér uppbyggjum ekki heldur nein hús að búa í og vér höfum hverki víngarða, eigi akurlönd né kornsæði, 10heldur búum vér í tjaldbúðum og hlýðum því og gjörum allt það sem faðir vor Jónadab hefur boðið oss. 11En þá eð Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon dró hingað upp í landið sögðum vér: Komið og látum oss fara til Jerúsalem undan herliði þeirra Chaldeis og hinna sýrlensku, og höfum so síðan verið í Jerúsalem.“ 12Þá skeði orð DROTTINS til Jeremiam og sagði: 13So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Gakk burt og seg til þeirra í Júda og borgarmannanna í Jerúsalem: Vilji þér ekki yfirbæta yður so að þér hlýðið mínu orði? segir DROTTINN. 14Orðin Jónadab sonar Rekab verða haldin sem hann bauð börnum sínum að þau skyldu ekki drekka vín og þau drekka ekki vín allt til þessa dags af því að þau hlýða síns föðurs boði. En eg hefi alla tíma látið prédika fyrir yður, þó hlýðið þér mér ekki. 15So hefi eg og alla tíma sent til yðar alla mína þénara prophetana og látið segja: „Snúið yður hver í frá sínu vondu athæfi og yfirbætið yðvarn lifnað og eftirfylgið ekki annarlegum guðum til þess að þjóna þeim, þá skulu þér blífa í landinu hvert að eg hefi gefið yður og yðar forfeðrum.“ En þér vilduð eigi hneigja yðar eyru þar að, eigi heldur hlýða mér. 16En þeir synir Jónadab sonar Rekab hafa þó haldið síns föðurs boðorð sem hann bauð þeim. En þetta fólk hlýðir mér ekki. 17Þar fyrir þá segir so DROTTINN Sebaót og Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil láta koma yfir Júda og yfir alla borgarmenn í Jerúsalem alla þá ógæfu sem eg hefi talað á móti þeim af því að eg talaði til þeirra og þeir vildu ekki heyra mér, eg kallaði og þeir vildu ekki svara mér. 18Og Jeremias sagði til hússins þeirra Rechabitis: So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Fyrir það að þér hlýdduð boði yðar föðurs Jónadab og haldið so alla hans skipan og gjörðuð allt það sem hann bauð yður, 19þar fyrir þá segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels so: Það skal aldreigi bresta Jónadab son Rekab að þar skal einatt einhver út af hans standa fyrir mér.

36 Á því fjórða árinu Jóakím sonar Jósía konungsins Júda skeði

þetta orð til Jeremia af DROTTNI og sagði: 2Tak eina bók og skrifa þar í alla þá orðræðu sem eg hefi talað til þín yfir Ísrael, yfir Júda og yfir öllu fólkinu, í frá þeim tíma eg talaði fyrst við þig, sem er í frá tíð Jósía, allt til þessa dags; 3ef ske mætti að húsið Júda, nær ed þeir heyra alla þá ógæfu sem eg hugða að gjöra þeim, að þeir muni þá snúa sér hver frá sínu vondu athæfi að eg mætta so fyrirgefa þeim þeirra misgjörninga.

4Þá kallaði Jeremias á Barúk Neríason. Sá hinn sami Barúk skrifaði í eina bók af munni Jeremia alla þá orðræðu DROTTINS sem hann hafði talað við hann. 5Og Jeremias skipaði Barúk og sagði: „Eg er innibyrgður so að eg kann ekki að ganga í hús DROTTINS. 6En gakk þú þangað og les þessa bók í hverja þú hefur skrifað þá orðræðu DROTTINS af mínum munni fyrir fólkinu í húsi DROTTINS á föstudeginum og þú skalt lesa hana fyrir eyrum alls Júda sem hingað inn koma út af sínum stöðum, 7ef að so mætti ske að þeir vildu lítillæta sig fyrir DROTTNI með bænaákalli og snúa sér sérhver í burt frá sínu vondu athæfi því sú reiðin og grimmdin er mikil sem DROTTINN hefur umtalað í gegn þessu fólki.“ 8Og Barúk Neríason gjörði allt það sem prophetinn Jeremias bauð honum svo að hann las þá orðræðuna DROTTINS af bókinni í húsi DROTTINS.

9En so bar til á því fimmta árinu Jóakím sonar Jósía konungsins Júda í þeim níunda mánaði það boðuð var ein fasta fyrir DROTTNI öllu fólki til Jerúsalem og öllu því fólki sem kom til Jerúsalem út af stöðunum Júda. 10Og Barúk las þá orðræðuna Jeremias úr bókinni í húsi DROTTINS í kapellu Gemaría sonar Safan cantzilerans í þeim hinum efri fordyrum fyrir því nýja pörtinu á húsi DROTTINS, fyrir öllu fólkinu.

11Þá ed Mikaja sonur Gemaría sonar Safan heyrði nú öll orð DROTTINS úr bókinni 12þá gekk hann ofan í konungsins garð í cantzelerans hús og sjá þú, að þar sátu allir höfðingjarnir, Elísama cantzelier, Delaja sonur Semaja, Elnatan Akbórson, Gemaría Safanson og Sedekía Hananjason með öllum höfðingjunum. 13Og Mikaja kunngjörði þeim alla þá ræðu sem hann hafði heyrt svo sem það að Barúk las af bókinni fyrir fólksins eyrum. 14Þá sendu allir höfðingjarnir Júdí son Natanja sonar Selemja sonar Kúsí eftir Barúk og létu segja honum: „Tak þú bókina með þér af hverri þú hefur lesið fyrir fólkinu og kom so hingað.“ Og Barúk Neríason tók bókina með sér og kom til þeirra. 15Og þeir sögðu til hans: „Set þig niður og les so að vér heyrum það.“ Og Barúk las hana fyrir þeirra eyrum. 16Og er þeir heyrðu alla þessa ræðu skelfdust þeir við það, einn með öðrum, og sögðu til Barúk: „Vér viljum kunngjöra konunginum alla þessa ræðu.“ 17Og þeir spurðu Barúk að: „Seg þú oss hvernin að þú hefur skrifað alla þessa ræðu út af hans munni.“ 18Barúk sagði til þeirra: „Hann las alla þessa ræðu fyrir mér með sínum munni og eg skrifaði hana með bleki í bókina.“ 19Þá sögðu höfðingjarnir til Barúk: „Gakk burt og geym þig með Jeremia svo að enginn viti hvar þið eruð.“

20En þeir gengu burt til konungsins í fordyrnar og létu bókina vera í herbergi Elísama cantzelérans og sögðu kónginum alla þessa ræðu. 21Þá sendi kóngurinn Júdí burt að sækja bókina. Hann tók hana af herbergi Elísama cantzelérans. Og Júdí las hana fyrir konunginum og fyrir öllum höfðingjunum sem stóðu hjá kónginum. 22En kóngurinn sat í vetrarsalnum fyrir skorsteininum á þeim níunda mánaði. 23En sem Júdí hafði lesið þrjú eða fjögur blöð þá skar hann þau burt með skrifhníf og kastaði þeim á eldinn sem var fyrir skorsteinunum þangað til að bókin var öll uppbrennd í eldi. 24Og öngum

blöskraði við þetta né í sundurreif sín klæði, hvorki konungurinn né hans þénarar, þó að þeir heyrði alla þessa ræðu [25]enn þó að Elnatan, Delaja og Gemaría báðu konunginn að hann vildi eigi brenna bókina en hann hlýddi þeim ekki. [26]Þar til með bauð konungurinn Jarehmeel syni Hamelek og Serja syni Asríel og Selamja syni Abdeel að þeir skyldu grípa Barúk skrifarann og Jeremiam prophetann en DROTTINN hafði forðað þeim.

[27]Þá skeði orð DROTTINS til Jeremia eftir það eð konungurinn hafði látið brenna bókina og þá orðræðuna sem Barúk hafði skrifað eftir munni Jeremias og sagði: [28]Tak þér eina aðra bók aftur og skrifa alla þá hina fyrri orðræðuna þar í sem stóð þeirri hinni fyrri bókinni, hverja eð Jóakím konungurinn Júda hafði uppbrennt. [29]Og seg so af Jóakím konunginum Júda: So segir DROTTINN: Þú uppbrenndir þá bókina og sagðir: „Hvar fyrir skrifaðir þú þar inni það kóngurinn af Babýlon skyldi koma og fordjarfa þetta land og gjöra það svo að þar skyldi hverki fólk né fénaður meir inni vera?“ [30]Þar fyrir segir DROTTINN af Jóakím konunginum Júda: Þar skal enginn út af hans sæði sitja upp á Davíðs stóli og hans líkami skal liggja útkastaður á daginn í hitanum og á nóttunni í kuldanum. [31]Og eg vil vitja hans heim og hans sæðis og hans þénara fyrir þeirra misgjörða sakir og eg vil láta alls kyns ógæfu koma yfir þá og yfir borgarmennina í Jerúsalem og yfir þá í Júda so sem það eg hefi sagt þeim og þó að þeir hlýddu mér ekki.

[32]Þá tók Jeremias aðra bók og fékk hana Barúk syni Nerie skrifaranum. Hann skrifaði þar eftir munni Jeremia alla þá orðræðu sem stóð í hinni bókinni þá sem Jóakím konungurinn Júda hafði í eldi brenna látið og umfram þá hinu sömu þá var þar enn miklu meiri ræða en það í hinni var.

37 Og Zedechias Jósíason varð konungur í staðinn Jechania Jóakímsonar það Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon gjörði hann að konungi í landinu Júda. [2]En hann og hans þénarar og fólkið í landinu hlýddu ekki orði DROTTINS því sem hann talaði fyrir Jeremiam propheta.

[3]En þó sendi kóngurinn Zedechias Júkal son Selemja og Sefanja son Maeseja þann kennimann til prophetans Jeremia og lét segja honum: „Bið þú DROTTIN Guð vorn fyrir oss.“ [4]Því að Jeremia gekk þá út og inn á meðal fólksins og enginn setti hann í neitt varðhald. [5]So var og það herliðið pharaonis útdregið af Egyptalandi og þeir Chaldei sem þar lágu fyrir Jerúsalem, þann tíð þeir heyrðu soddan rykti þá drógu þeir í burt frá Jerúsalem.

[6]Og orð DROTTINS skeði til Jeremia propheta og sagði: [7]Svo segir DROTTINN Guð Ísraels: Segið til konungsins Júda sem sendi yður til mín til að spyrja mig að. Sjá þú, það herliðið pharaonis sem út er dregið að koma yður til hjálpar skal fara heim aftur í Egyptaland [8]og þeir Chaldei skulu aftur koma og stríða móti þessum stað og yfirvinna hann og brenna hann upp með eldi. [9]Þar fyrir segir DROTTINN so: Tælið ekki sálir yðrar þar þér hugsið so það þeir Chaldei munu í burt draga frá oss. Þeir munu ei í burt draga. [10]Og þó að þér í hel slæguð allt þetta herlið þeirra Chaldeis sem stríðir á móti yður og nokkrir yðrar yrði sárir þar út af þá mundu þeir þó taka sig upp hver úr sínu landtjaldi og brenna upp þennan stað með eldi.

[11]En sem herfólkið þeirra Chaldeis var nú í burt dregið frá Jerúsalem vegna herliðsins pharaonis [12]gekk Jeremias út af Jerúsalem og vildi ganga í Benjamínland til að hlutskipta þar akurlendi á meðal fólksins. [13]Og þá eð hann kom í Benjamínsport þá var þar settur til dyravörðs sá sem eð hét Jería sonur Selemja sonar Hananja. Hann

tók Jeremiam propheta höndum og sagði: „Þú vilt flýja til þeirra Chaldeis.“ 14Jeremia svaraði: „Það er ekki satt. Eg vil ei flýja til þeirra Chaldeis.“ En Jería vildi ekki hlýða honum heldur greip hann Jeremiam og leiddi hann til höfðingjanna. 15Og höfðingjarnir reiddust við Jeremiam og létu slá hann og köstuðu honum í myrkvastofu í húsi Jónatan skrifara. Hann settu þeir til að vera vörð myrkvastofunnar.

16So gekk Jeremias síðan lengi í dýflisunni og í fjötrunum og lá þar langa tíma. 17Og konungurinn Zedechias sendi þangað og lét sækja hann og spurði hann heimuglega að í sínu herbergi og sagði: „Er þar enn ekki eitt orð af DROTTNI fyrir höndum?“ Jeremias sagði: „Já því að þú munt gefinn verða í hendur konungsins af Babýlon.“ 18Og Jeremias sagði til konungsins Zedechia: „Hvað hefi eg misgjört á móti þér og á móti þínum þénurum og á móti þessu fólki að þeir hafa kastað mér í myrkvastofu? 19Hvar eru nú yðrir prophetar sem spáðu yður og sögðu: Konungurinn af Babýlon mun ekki koma yfir yður né yfir þetta land? 20Og heyr mig nú, minn herra konungur, og lát mína bæn duga fyrir þér og lát ekki hafa mig í burt aftur í það húsið Jónatan skrifara so að eg deyi þar ekki.“ 21Þá skipaði konungurinn Zedechias að þeir skyldu geyma Jeremiam í fordyrunum myrkvastofunnar og lét gefi honum hvern dag eitt lítið brauð af bakarastrætinu þangað til að allt brauðið í staðnum var upp etið. Svo bleif Jeremias í fordyrunum myrkvastofunnar.

38 Og er Safatja Matanson og Gedalja Pashúrson og Júkal Selemíasson og Pashúr Malekíason heyrðu þá ræðu sem Jeremias talaði til alls fólksins, segjandi: 2„So segir DROTTINN: Hver hann blífur í þessum stað sá skal deyja fyrir sverði, hungri og drepsótt. En hver hann gengur út til þeirra Chaldeis sá mun lífi halda og sínu lífi þar í frá bjarga sem öðru herfangi. 3Því að so segir DROTTINN: Þessi staður skal yfirgefinn verða því herliði konungsins af Babýlon og þeir skulu vinna hann“ 4þá sögðu höfðingjarnir til konungsins: „Láttu lífláta þann mann því að með svoddan hætti þá frásnýr hann stríðsfólkinu því sem að enn er nú eftir í þessum stað jafnvel einnin öllu öðru fólkinu með því að hann segir svoddan orð til þeirra. Því að sá maður fer eigi þess á leit sem til friðar heyrir þessu fólki heldur hins sem til ógæfunnar horfir.“ 5Konungurinn Zedechias sagði: „Sjáið, hann er í yðar höndum því að konungurinn lætur ekki neitt á móti yður.“ 6Þá tóku þeir Jeremiam og köstuðu honum í dýflissuna Malachie sonar Hamelek sem var í fordyrum myrkvastofunnar og létu hann ofan síga með reipum í dýflissuna þar sem ekki neitt var vatn utan leirbleyta og Jeremias sökk í leirbleytuna.

7En sem Ebed Melek blálenski, einn hirðsveinn í kóngsins garði, heyrði að þeir höfðu kastað Jeremia í dýflissuna og kóngurinn sat þann sama tíma í Benjamínsporti 8þá gekk Ebed Melek úr konungsins garði og talaði til konungsins og sagði: 9„Minn herra konungur, þeir menn hafa illa gjört við Jeremiam propheta sem hafa kastað honum í dýflissuna þar eð hann hlýtur af hungri að deyja. Því að hér er ei neitt meira brauð í staðnum.“ 10Þá skipaði konungurinn Ebed Melek Blámanni og sagði: „Tak þrjátígi menn með þér af þessum og drag Jeremiam propheta upp úr dýflissunni áður en hann deyr þar.“ 11Og Ebedmelek tók mennina með sér og gekk inn í konungsins hús þar niður undir sem féhirslurnar voru og tók þar gamla sundurrifna og útslitna klúta og lét þá í einum streng ofan í dýflissuna til Jeremia. 12Og Ebed Melek Blámaður sagði til Jeremiam: „Lát þessa gamla sundurrifna útslitna klúta

undir þína armleggi kringum strenginn.“ Og Jeremias gjörði so. 13Og þeir drógu Jeremiam upp úr dýflissunni með toginu og Jeremias var svo síðan í fordyrunum myrkvastofunnar.

14Og konungurinn Zedechias sendi þangað og heimti Jeremiam propheta til sín undir þann hinn þriðja innganginn á húsi DROTTINS. Og konungurinn sagði til Jeremia: „Eg vil spyrja þig að nokkru, kæri, dyl ekki þess fyrir mér.“ 15Jeremias sagði til Zedechiam: „Segi eg þér nokkuð þá lætur þú lífláta mig en þó að eg gefi þér eitt ráð þá hlýðir þú mér ekki.“ 16Þá sór konungurinn Zedechias Jeremia heimuglegana og sagði: „So sannarlega sem DROTTINN lifir sá eð hefur gjört oss þessa sálu þá vil eg ekki lífláta þig og eigi heldur gefa þig í þeirra manna hendur sem sækja eftir þínu lífi.“

17Og Jeremias sagði til Zedechia: „So segir DROTTINN Guð Sebaót, Guð Ísraels: Ef að þú gengur út til höfðingjanna konungsins af Babýlon þá muntu lífi halda og þessi staðurinn mun þá ekki uppbrenndur verða heldur so, þú og þitt hús munuð þá lífi halda. 18En ef þú gengur ekki út til höfðingjanna konungsins af Babýlon þá mun þessi staður gefast í hendur þeirra Chaldeis og þeir munu brenna hann upp með eldi og þú munt ekki einnin sleppa úr þeirra höndum heldur muntu handtekinn verða af konunginum af Babýlon og þessi staður mun með eldi uppbrenndur verða.“ 24Og Zedechias sagði til Jeremia: „Sjá þú til að enginn fái þessi orð að vita, þá muntu ekki deyja. 25Og ef höfðingjarnir fá það að vita að eg hefi talað við þig og þeir koma til þín og segja: Segðu hvað þú talaðir við konunginn, dyl ekki fyrir oss, þá viljum vér ekki aflífa þig, og hvað talaði konungurinn við þig? 26þá segðu: Eg bað konunginn það hann vildi ekki láta leiða mig aftur í Jónatan hús so að eg dæi þar út af.“

27Þá komu allir höfðingjarnir til Jeremia og spurðu hann að og hann sagði þeim so það konungurinn hafði boðið honum. Þá forlétu þeir hann með því að þeir kunnu ekki neins af honum vísir að verða. 28Og Jeremias var í fordyrum myrkvastofunnar allt til þess dags þá Jerúsalem var unnin.

39 Og það skeði að Jerúsalem varð unnin. Því að á því níunda árinu Zedechia konungsins Júda á þeim tíunda mánaði kom Nabagodonosor konungurinn af Babýlon og allt hans herlið fyrir Jerúsalem og settust um hana. 2Og á því ellefta árinu Zedechia á þeim níunda degi hins fjórða mánaðar þá brutust þeir inn í staðinn 3og allir höfðingjarnir konungsins af Babýlon drógu þar inn og námu staðar undir Miðportinu sem voru þessir: Nergalsareser, Sangarnebó, Sarsekím hinn æðsti hirðsveinn, Nergalsareser hofmeistarinn og allir aðrir höfðingjar konungsins af Babýlon.

4En sem Zedechias konungurinn Júda hann sá þá og hans stríðsfólk þá flýðu þeir um nótt út af staðnum í hjá þeim jurtragarðinum konungsins út um það leyniportið á millum tveggja múrveggja og drógu so út að eyðimörkinni. 5En herliðið þeirra Chaldeis sóttu eftir þeim og gátu gripið Zedechiam á því sléttlendinu hjá Jeríkó og fönguðu hann og höfðu hann til Nabúgodonosor konungsins af Babýlon til Riblat sem liggur í landinu Hemat. Hann sagði dóm yfir honum. 6Og konungurinn í Babýlon lét í hel slá börnin Zedechia fyrir hans augum í Riblat og aflífa alla höfðingjana Júda 7en á Zedechia þá lét hann stinga út augun og binda hann með járnviðjum og hann flutti hann so til Babýlon. 8Og þeir Chaldei brenndu upp bæði konungsins hús og þau húsin borgarmannanna og niðurbrutu múrveggina Jerúsalem. 9En það hvað þar var til af fólkinu í staðnum og það ann-

að hvað þar hafði til þeirra flúið þá flutti Nebúsaradan hershöfðingi alla saman hertekna til Babýlon. [10]En á því minnaháttar fólkinu sem ekki neitt áttu til lét Nebúsaradan höfuðsmaðurinn í það sama sinn nokkra vera eftir í landinu Júda og gaf þeim víngarða, bæi og þorp.

[11]En Nabúgodonosor kóngurinn af Babýlon hafði boðið Nabúsaradan höfuðsmanninum af Jeremia og sagt so: [12]„Tak þú hann að þér og lát þína vernd yfir honum vera og gjör honum ekki neitt til vonda heldur gjör við hann eftir því sem hann beiðist af þér.“ [13]Þá sendi Nebúsaradan höfuðsmaður og Nebúsasban æðsti hirðsveinninn, Nergalsareser sá hofmeistarinn og allir kóngsins höfðingjar af Babýlon [14]og létu sækja Jeremiam úr fordyrum myrkvastofunnar og í hendur fengu hann Gedalja syni Ahíkam Safansonar að hann skyldi leiða hann í sitt hús og það hann skyldi vera hjá fólkinu.

[15]Orð DROTTINS var skeð og so til Jeremiam þá stund eð hann lá enn nú inniluktur í fordyrum myrkvastofunnar og sagði: [16]„Gakk þú burt og seg til Ebed Melek Blámannsins: So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil láta mitt orð koma yfir þennan stað til ógæfu og til einskis góðs og þú skalt sjá það þann sama tíma. [17]En eg vil frelsa þig í þann sama tíma, segir DROTTINN, og þú skalt ekki verða því fólki að hlutskipti fyrir hverju þú hræðist [18]því að eg vil hjálpa þér þar í frá so að þú skalt ei falla fyri sverði heldur skaltu þar í frá þínu lífi bjargað geta líka sem öðru hlutskipti af því að þú settir trú til mín, segir DROTTINN.“

40 Þetta er það orð sem skeði af DROTTNI til Jeremiam þá eð Nebúsaradan höfuðsmaður lét hann lausan í Rama. Því að hann var og bundinn með járnviðjum á meðal þeirra sem herteknir voru til Jerúsalem og í Júda að þá skyldi so flytja til Babýlon. [2]Þá eð höfuðsmaðurinn hafði nú látið kalla Jeremiam fyrir sig sagði hann til hans: „DROTTINN Guð þinn hefur talað allt þetta hið vonda yfir þessum stað, [3]hann lét og það einnin koma og gjörði sem hann hafði sagt það þér syndguðust á móti DROTTNI og hlýdduð ekki hans raust, þar fyrir er svoddan yfir yður komið.“ [4]Sjá þú nú, eg hefi í dag gjört þig lausan af þeim járnviðjum sem þínar hendur voru með bundnar. Líkar þér nú að fara með mér til Babýlon þá láttu það so vera. Sjá þú, þar hefur þú allt landið fyrir þér, hvar eð þér þykir gott að vera, þangað þá far þú. Því að ef það lengra er í burt farið þá er eigi von neinnrar afturkomu. [5]Þar fyrir máttu nú snúa aftur til Gedalja sonar Ahíka Safansonar hvern að konungurinn af Babýlon hefur sett yfir staðina Júda og vera so hjá honum á meðal fólksins. Eða far þangað sem þér sjálfum líkar best.“ Og höfuðsmaðurinn gaf honum tærupeninga og fégjafir og lét hann síðan í burt fara. [6]So kom Jeremias til Gedalja Ahíkamsonar til Mispa og var hjá honum á meðal fólksins þess sem eftir var í landinu.

[7]Þá eð þeir höfuðsmenn sem sér höfðu forðað á eyðimörkunum með sínum mönnum formerktu það konungurinn af Babýlon hafði sett Gedaliam Ahíkamson yfir landið og svo bæði yfir karlmenn, konur og börn og þá hinu minnstuháttar menn í landinu sem ekki voru í burt fluttir til Babýlon [8]þá komu þeir til Gedalea í Mispa, einkum sem voru þeir Ísmael Netanjason, Jóhanan og Jónatan Kareasynir og Seraja Tanhúmetson og synir Efaí af Netófat og Jesanja Maachatison með sínum mönnum. [9]Og Gedalja sonur Ahíkam sonar Safan sór þeim og þeirra mönnum einn eið og sagði: „Hræðist eigi það að vera þeim Chaldeis undirgefnir. Blífið í landinu og verið konunginum af Babýlon hlýðugir, þá mun

það vegna yður vel. [10]Sjáið, eg bý hér í Mispa að eg skuli þjóna þeim Chaldeis sem til vor koma. Þar fyrir safnið saman víni, fíkjum og viðsmjöri og látið það í yðar ker og búið síðan í yðar stöðum sem yður hafa hlotnast.“ [11]Og allir þeir Gyðingar sem voru í landinu Móab og Ammónsona og í Edóm og í öllum löndum, þá eð þeir heyrðu nú það að konungurinn af Babýlon hafði látið nokkra eftir vera í Júda og sett yfir þá Gedaliam son Ahíkam son Safan [12]þá komu þeir aftur í landið Júda úr öllum áttum þaðan sem þeir höfðu í burt flúið til Gedalja í Mispa og samansöfnuðu næsta miklu víni og sumarsávöxtum.

[13]En Jóhanan Kareason með öllum höfuðsmönnunum sem sér höfðu forðað á eyðimörku komu til Gedalja í Mispa [14]og sögðu til hans: „Veistu nokkuð það Baelím konungurinn Ammónsona hefur sent hingað Ísmael Netanjason að hann skyldi slá þig í hel?“ En Gedalja Ahíkamson vildi því ekki trúa. [15]Þá sagði Jóhanan Kareason til Gedalja heimöglegana í Mispa: „Kæri, eg vil fara í burt og í hel slá Ísmael Netanjason so að enginn skal það fá að vita. Hvar fyrir skal hann slá þig í hel so að allir Gyðingarnir sem til þín eru safnaðir skulu í sundurdreifðir verða og að þeir sem eftir eru vorðnir af Júda skulu nú svo fyrirfarast?“ [16]En Gedalja Ahíkamson sagði til Jóhanan Kareasonar: „Ekki skaltu það gjöra, það er ekki satt sem þú segir af Ísmael.“

41 En á þeim sjöunda mánaði kom Ísmael Natanjason Elísamasonar út af konunglegu slekti með tignarmönnum konungsins og tíu menn meður honum til Gedalja Ahíkamsonar Safansonar til Mispa og þeir neyttu þar matar í Mispa hvorir með öðrum. [2]Og Ísmael Netanjason bjó sig til með þá tíu menn sem honum fylgdu og slógu Gedaliam Ahíkamson Safansonar með sverði til dauðs fyrir það að konungurinn af Babýlon hafði sett hann yfir allt landið. [3]Þar til með sló Ísmael alla þá Gyðinga sem voru hjá Gedalja í Mispa og so þá Chaldeis sem þeir fundu þar og alla stríðsmenn.

[4]Annars dags eftir þá Gedalja var sleginn og það vissi enn enginn [5]komu áttatíi menn af Síkem af Síló og af Samaria og höfðu sín skegg af rakað og í sundurrifið sín klæði og klórað sig og báru með sér mataroffur og reykelsi til að offra því í húsi DROTTINS. [6]Og Ísmael Netanjason gekk út á móti þeim af Mispa, gekk so reikandi og grátandi. Þá eð hann kom nú að þeim sagði hann til þeirra: „Þér skuluð koma til Gedalja Ahíkamsonar.“ [7]En sem þeir komu mitt í staðinn sló Ísmael Netanjason þá í hel og þeir menn sem hjá honum voru við brunninn. [8]En þar voru tíu menn á meðal þeirra sem sögðu til Ísmael: „Kæri, slá þú oss ekki í hel, vér höfum fólgið fé liggjanda í akrinum af hveiti, byggi, viðsmjöri og hunangi.“ Þá hætti hann af því og aflífaði þá ekki með hinum öðrum.

[9]En sá brunnurinn í hvern það Ísmael kastaði þeim dauðu líkömunum sem hann hafði í hel slegið með Gedalja þa er sá hinn sami sem konungurinn Assa lét gjöra í mót Baesa Ísraelskonungi. Þann uppfylldi nú Ísmael Netanjason með þá í hel slegnu. [10]Og það fólkið sem umfram var í Mispa, einnin konungsins dóttir, það flutti Ísmael Netanjason hertekið í burt með öllu því fólki sem eftir var í Mispa yfir hvert Nebúsaradan höfuðsmaðurinn hafði sett Gedaliam Ahíkamson og síðan dró hann í burt og vildi yfir um aftur til Ammónsona.

[11]En þá eð Jóhanan Kareason og allir hershöfðingjarnir sem hjá honum voru spurðu öll þau illskuverk sem Ísmael Netanjason hafði gjört [12]söfnuðu þeir að sér mönnum og drógu út í móti Ísmael Netanjasyni til bardaga og náðu honum við það mikla vatnið hjá Gíbe-

on. 13En þá fólkið það sem var hjá Ísmael sá nú Jóhanan Kareason og alla hershöfðingjana sem hjá honum voru urðu þeir glaðir við. 14Og allt það fólkið sem Ísmael hafði í burt flutt frá Mispa sneri sér við og hvarf aftur til Jóhanan Kareasonar. 15En Ísmael Netanjason flýði undan Jóhanan við áttanda mann og dró til Ammónsona.

16Og Jóhanan Kareason með öllum hershöfðingjunum sem hjá honum voru tóku allt það fólkið sem eftir var vorðið af Mispa til sín hverja eð þeir höfðu náð af Ísmael Netanjasyni, af því það Gedalja Ahíkamson var í hel sleginn, sem voru stríðsmenn, konur og börn og hirðsveinar af Gíbeon sem þeir höfðu aftur flutt 17og fóru af stað og sneru inn til Kimham til herbergis sem bjó hjá Betlehem og vildu draga til Egyptalands 18fyrir sakir þeirra Chaldeis. Því að þeir voru hræddir við þá af því það Ísmael Netanjason hafði í hel slegið Gedaliam Ahíkamson hvern að konungurinn af Babýlon hafði sett yfir landið.

42 Þá gengu allir hershöfðingjarnir, Jóhanan Kareason og Jesanja Hósanjasonar með öllu fólki, bæði smáum og stórum 2og sögðu til Jeremiam propheta: „Kæri, lát vora bæn gilda nokkuð fyrir þér og til bið Drottins Guðs þíns fyrir oss vegna allra þessara sem eftir eru vorðnir (því að vér erum, því er verr, mjög fáir eftir vorðnir af mörgum svo sem það sjálfur þú sér oss nú með þínum augum) 3so það Drottinn Guð þinn vildi kunngjöra oss hvert vér ættum að fara og hvað vér skulum til gjöra.“ 4Og Jeremias propheti sagði til þeirra: „Nú vel, eg vil þessu hlýða og sjáið, eg vil biðja Drottin Guð yðvarn sem þér sögðuð og eg vil kunngjöra yður allt það hvað Drottinn svarar yður og dylja ekki neitt fyrir yður.“ 5Og þeir sögðu til Jeremia: „Drottinn hann sé þess einn trúlegur og sannarlegur vottur á millum vor ef að vér gjörum ekki allt hvað Drottinn Guð þinn sendir oss boð til með þér; 6hvort það er heldur gott eða illt þá viljum vér hlýða raustinni Drottins Guðs vors, til hans sem vér sendum þig, so að það megi vegna oss vel þar eð vér hlýðum raustinni Drottins Guðs vors.“

7Og tíu dögum þar eftir skeði orð Drottins til Jeremia. 8Þá kallaði hann Jóhanan Kareason og alla fyrirmennina hersins sem hjá honum voru og allt fólkið, bæði smá og stóra, 9og sagði til þeirra: „So segir Drottinn Guð Ísrael til hans sem þér senduð mig að eg skylda flytja yðra bæn fyrir hann: 10Ef að þér blífið í þessu landi þá vil eg uppbyggja yður en ekki niðurbrjóta, eg vil gróðsetja yður en ekki uppræta því það hið vonda sem eg hefi gjört yður það angrar mig nú allt til reiðu. 11Þér skuluð ekki hræddir vera um yður fyrir konunginum af Babýlon hvern þér óttist, segir Drottinn. Ekki skulu þér hann hræðast, það eg vil vera hjá yður að hjálpa og frelsa yður af hans hendi. 12Eg vil augsýna yður miskunnsemi og vera yður líknsamur og innflytja yður í yðvart land aftur.

13En ef þér segið: Vér viljum ekki vera í þessu landi, hvað með þér viljið ekki hlýða raustinni Drottins Guðs yðvars 14heldur segið: Nei, vér viljum fara í Egyptaland so að vér skulum öngvan ófrið sjá né heyra neinn herlúðrablástur og þurfa eigi heldur neitt hungur að líða brauðsins vegna, þar viljum vér vera, 15nú þá heyrið orð Drottins, þér sem eftir eruð vorðnir af Júda: Svo segir Drottinn Sebaót, Guð Ísraels: Þar eð þér setjið yðra ásjónu til að fara í Egyptaland so að þér viljið þar vera 16þá skal það sverðið fyrir hverju þér hræddir eruð hæfa yður í Egyptalandi og það hungrið fyrir hverju þér kvíðið skal alla tíma vera kringum yður á Egyptalandi og þar skuluð þér deyja. 17Þeir sé hverjir eð vilja sem þangað setja sína

ásjónu að fara í Egyptaland til að vera þeir, þeir hinir sömu skulu deyja fyrir sverði, hungri og drepsótt so að þar skal enginn eftir verða né það hið vonda umflúið geta sem eg vil láta koma yfir þá. [18]Því að so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísrael: Líka sem mín reiði og grimmd er gengin yfir þá Jerúsaleminnbyggjara, so skal hún og einnin ganga yfir yður ef að þér farið í Egyptaland so að þér skuluð vera til bölvunar, til forundrunar, til blóts og forsmánar og þér skuluð þá ekki sjá þennan stað aftur.

[19]Það orð DROTTINS kemur yður til, þér sem eftir eruð vorðnir af Júda, so að þér skuluð ekki inndraga í Egyptaland. Þar fyrir þá vitið að eg vitna fyrir yður í dag það þér munuð þá missa yðvart líf þar. [20]Því að þér senduð mig til DROTTINS Guðs yðvars og sögðuð: Bið þú DROTTIN Guð vorn fyrir oss og kunngjör oss so síðan allt hvað DROTTINN Guð vor hann segir, so viljum vér og gjöra þar eftir. [21]Það sama hefi eg nú látið yður fá að vita í dag. En þér viljið ekki hlýða raustinni DROTTINS Guðs yðvars og eigi heldur neinum þeim boðum sem hann sendi mig með til yðar. [22]So skulu þér nú það vita að þér hljótið að deyja fyrir sverði, hungri og drepsótt í þeim stöðunum til hverra þér þenkið yður nú að fara og þar að búa.“

43 Þá eð Jeremias hafði út talað öll orð DROTTINS Guðs þeirra til alls fólksins sem DROTTINN Guð þeirra hafði sent hann til að boða þeim öll þessi orð, [2]sagði Asarja Hósajason og Jóhanan Kareason og allir illskusamlegir menn til Jeremia: „Þú lýgur! DROTTINN Guð vor hefur ei sent þig til vor, eigi heldur það sagt: Þér skuluð ekki fara í Egyptaland til að búa þar, [3]heldur hefur Barúk Nerajason eggjað þig á þetta í móti oss so að vér skyldum gefast í hendur þeirra Chaldeis að þeir fengi so líflátið oss og í burt flutt til Babýlon.“ [4]Svo hlýddi nú Jóhanan Kareason og allir höfðingjar hersins ásamt með öllu fólkinu ei raustinni DROTTINS að þeir væri í landinu Júda [5]heldur þá tóku þeir Jóhanan Kareason og allir höfðingjarnir hersins að sér alla þá sem eftir voru af Júda og allt það fólkið sem aftur var komið til að búa í landinu Júda í frá allsháttuðum þjóðum og þangað höfðu flúið, [6]bæði menn og konur og börn og jafnvel einnin konungsins dætur og allar þær sálir sem Nabúsaradan höfuðsmaðurinn hafði eftir látið hjá Gedalja syni Ahíkam sonar Safan og einnin líka Jeremiam propheta og Barúk Nerajason [7]og fóru so í Egyptaland það þeir vildu ekki hlýða raustinni DROTTINS og komu til Takpanhes.

[8]Og orð DROTTINS það skeði til Jeremia í Takpanhes og sagði: [9]Tak stóra steina og byrg þá í tígulofninum sem er fyrir portdyrunum á húsi pharaonis í Takpanhes svo að þeir menn af Júda sjái það. [10]Og segðu til þeirra: So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Sjá þú, eg vil senda héðan og láta sækja minn þjón Nabúgodonosor konunginn af Babýlon og eg vil setja hans stól ofan á þessum steinum hverja eg byrgði hér og hann skal setja sitt landtjald þar upp yfir. [11]Og hann skal koma og slá Egyptaland og drepa hvern sem so hittist upp á og í burt flytja þann hertekinn sem so kann á að hittast og þann með sverði drepa sem það vill til. [12]Og eg vil setja eld í þau húsin skúrgoðanna í Egyptalandi svo að hann skal uppbrenna þau og í burt flytja. Og hann skal íklæða sig Egyptalandi líka sem einn hirðir íklæðir sig sínu fati og draga í burt þaðan í friði. [13]Hann skal í sundurbrjóta þau stallagoðin til Bet Semes í Egyptalandi og uppbrenna með eldi skúrgoðahofin Egyptalands.

44 Þetta er það orð sem skeði til Jeremia til allra þeirra Gyðinga

sem bjuggu í Egyptalandi sem var í Migdal, í Takpanhes, í Nóf og í landinu Patros og sagði: [2]So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Þér sáuð allt hið vonda sem eg lét koma yfir Jerúsalem og yfir alla staðina Júda og sjá, að þeir eru í eyði enn þennan dag og þar býr enginn inni. [3]Og það sama fyrir þeirra illgirni sakir sem þeir frömdu að þeir reittu mig til reiði og gengu í burt og gáfu reykelsi og þjónuðu annarlegum guðum hverja það hverki þeir né þér né yðrir forfeður þá þekktu. [4]Og eg senda ætíð til yðar alla mína þénara prophetana og lét segja yður: „Gjörið ekki svoddan svívirðingar hverjar eg hata.“ [5]En þeir hlýddu ekki, þeir hneigðu ekki heldur sín eyru til að snúa sér í burt frá sínum vondskap so að þeir sneri sér og bæru ekki reykelsi annarlegum guðum. [6]Þar fyrir upphófst mín reiði og grimmd og brann yfir stöðunum Júda og yfir strætunum í Jerúsalem so að þau urðu að eyðimörku og óbyggðum sem sjá má enn í dag.

[7]Nú, so segir DROTTINN Guð Sebaót, Guð Ísraels: Því gjöri þér so mikla illsku á móti yðar sjálfs eigin lífi fyrir hverja það upp skulu rætast á meðal yðar bæði karlmenn og konur, bæði börn og brjóstmylkingar af Júda, so það enginn af yður skal eftir vera? [8]Af því þér reitið mig so til reiði með yðar handaverkum og berið reykelsi fyrir annarlega guði í Egyptalandi, þangað sem þér eruð inn farnir til herbergis so að þér yrðuð þar afmáðir og til bölvanar og til forsmánar á meðal allra heiðinna þjóða á jörðu. [9]Hafi þér forgleymd ógæfunni yðvara foreldra og þeirri ólukkunni könungsins Júda og því lukkuleysinu þeirra eiginkvenna, þar til með yðvarri sjálfs ógæfu og óhamingju yuðvara eiginkvenna sem yfir yður hefur komið á Gyðingalandi og á þeim strætunum til Jerúsalem? [10]Og þér auðmýkið yður enn ei allt til þessa dags og uggið eigi um yður og þér gangið ekki í mínu lögmáli og réttindum sem eg gaf yður og yðar forfeðrum.

[11]Þar fyrir segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels so: Sjá þú, eg vil setja mitt auglit á móti yður til ógæfu og allt Júda skal afmáð verða. [12]Og eg vil taka þá sem eftir eru vorðnir af Júda, þeir eð sínu augliti hafa snúið til að fara í Egyptaland og að staðfestast þar, so skal það fá einn enda með alla þá í Egyptalandi og þeir skulu falla fyrir sverði og fyrirfarast af hungri, bæði smáir og stórir, og þeir skulu deyja fyrir sverði og hungri og þeir skulu að særingum, að undrum, að bölvan og að forsmán verða. [13]Eg vil og einnin vitja þeirra innbyggjaranna í Egyptalandi meður sverði, hungri og drepsótt, [14]líka so sem það eg hefi gjört til Jerúsalem, so það enginn af þeim sem eftir eru vorðnir af Júda skal undan komast eða eftir vera, þeir eð þó eru fyrir þann skuld hingað komnir í Egyptaland að staðfestast hér so að þeir mættu því heldur aftur komast til Gyðingalands hvert eð þeir vildu gjarnan eiga aftur að koma og búa þar. En enginn af þeim skal þangað aftur koma utan þeir sem héðan flýja.

[15]Þá svöruðu allir menn Jeremia, þeir sem vissu vel að þeirra húsfreyjur báru reykelsi annarlegum guðum, og allar þær konur sem þar stóðu í miklum fólksfjölda með öllu fólki því sem bjó í Egyptalandi og í Patros og sögðu: [16]„Vér viljum ekki hlýða þér eftir þeim orðum sem þú talar til vor í nafni DROTTINS [17]heldur viljum vér gjöra eftir öllum þeim orðum sem út ganga af vorum munni og vér viljum bera reykelsi fyrir þeirri himinsins himna drottningu *(Meleket)* og offra henni drykkjaroffri so sem vér og vorir forfeður, vorir konungar og höfðingjar hafa gjört í stöðunum Júda og á strætunum til Jerúsalem. Þá höfðum vér og einnin nóglegt brauð og þá gekk oss vel og sáum öngva ógæfu. [18]En upp frá því að vér létum af að bera reykelsi himinsins Meleket og

að offra henni drykkjaroffri þá höfum vér liðið brest á öllum hlutum og höfum forglatast fyrir sverði og hungri.

19Og svo líka þá nær eð vér bárum þeirra himinsins Meleket reykelsi og offruðum drykkjaroffri þá gjörðum vér það ekki utan með vilja vorra húsbænda að vér bökuðum henni brauðkökur og offruðum henni drykkjaroffri henni til umhyggju.“

20Þá sagði Jeremias til alls fólksins, bæði karlmanna og kvenna og alls lýðsins sem svo hafði svarað honum: 21„Já, eg meina og einnin það DROTTINN hafi minnst á þann reykelsisburðinn sem þér hafið framið í stöðunum Júda og á strætunum til Jerúsalem með yðar forfeðrum, konungum, höfðingjum og öllu fólkinu landsins og að hann hafi fest það í sínu hjarta 22so hann kunni ekki lengur að líða yðar vondslega breytni og svívirðingar sem þér gjörðuð hvar fyrir það einnin yðart land var so í eyði lagt og er fyrir það vorðið að forundran og að bölvan so að enginn býr þar inni so sem það stendur enn þennan dag, 23fyrir það að þér báruð reykelsið og syndguðust á móti DROTTNI og hlýdduð ekki raustinni DROTTINS og vilduð ekki ganga í hans lögmáli, réttindum og vitnisburðum, þar fyrir þá hefur yður skeð svoddan ógæfa so sem það stendur enn þennan dag.“ 24Og Jeremias sagði til alls fólksins og til allra kvennanna: „Heyrið orð DROTTINS, þér allir af Júda sem eruð í Egyptalandi: 25So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Þér og yðrar húsfreyjur hafa talað það með yðar munni og fullkomnað það með yðar höndum sem þér sögðuð: Vér viljum halda vora lofan sem vér höfum heitið himinsins Meleket að bera henni reykelsi og offra henni drykkjaroffri. Nú vel, þér hafið engt yðra lofan og haldið yðart heit. 26Svo heyrið nú orð DROTTINS, þér allir af Júda sem búið í Egyptalandi: Sjáið, eg sver við mitt hið mikla nafn, segir DROTTINN, það mitt nafn skal ekki meir nefnast af nokkurs manns munni út af Júda í öllu Egyptalandi sem það segir: „So sannarlega sem DROTTINN lifir“. 27Sjá þú, eg vil vaka yfir þeim til ógæfu og til einskis góðs svo að hver sem er í Egyptalandi út af Júda sá skal tortýnast fyrir sverði og hungri allt þar til að það hefur fengið einn enda með þeim. 28En þeir sem umflúið geta fyrir sverðinu þeir skulu þó aftur koma í landið Júda af Egyptalandi með einn lítinn flokk manna og allir þeir aðrir af Júda sem inn eru farnir í Egyptaland til að búa þar skulu þá formerkja hvers orð þá muni sannari vera, mín eður þeirra. 29Og til merkis, segir DROTTINN, það eg vil vitja yður í þessum stað so að þér skuluð vita að mitt orð skal sannarlegt vera yfir yður til ólukku 30þá segir DROTTINN so: Sjá þú, eg vil gefa pharaonem Hafra konunginum af Egyptalandi í hans óvina hendur og þeirra sem leita eftir hans lífi, líka so sem eg gaf Zedechiam konunginn Júda í hans óvina hönd Nabúgodonosor konungsins af Babýlon og í þeirra hendur sem stunduðu eftir hans lífi.“

45 Þetta er það orð sem Jeremias propheti talaði til Barúk Neríasonar þá eð hann skrifaði þessi orð í eina bók af munni Jeremias, á því fjórða árinu Jóakím Jósíasonar konungsins Júda, og sagði: 2So segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels af þér, Barúk: 3Þú segir „Vei mér! Hvernin hefur DROTTINN lagt mér til sorg ofan á sorg! Eg styn mig móðan og finn öngva hvíld.“ 4Seg þú honum so: Svo segir DROTTINN: Sjá þú, eg niðurbrýt það sem eg uppbyggði og það sem eg hefi gróðsett það uppræti eg ásamt með öllu þessu mínu eigin landi. 5Og þú girnist so mikla hluti. Girnst það ekki því að sjá þú, eg vil koma láta ógæfu yfir allt hold, segir DROTTINN, en eg vil gefa þér þína sálu að hlutskipti hvert sem þú fer.

46 Þetta er það orð DROTTINS sem skeði til Jeremia á móti öllum heiðnum þjóðum. [2]Á móti Egyptalandi Á móti herliði faraó Nekó kóngsins af Egyptalandi sem lá við vatnið Euphrates í Karkemis hvert eð Nabogodonosor konungurinn af Babýlon sló á því fjórða árinu Jóakím Jósíasonar konungsins í Júda.

[3]Búið til skjölduna og buklarana og dragið út í stríðið. [4]Leggið á hestana og látið riddarana þar upp á sitja. Setjið upp hjálmana, hvessið gladielen, farið í brynjurnar. [5]En hvernin kemur það til að eg sé þeir eru duglausir og flýja undan og þeirra kempur eru í hel slegnar? Þeir flýja so geist undan að þeir líta eigi aftur og skelfingin er í kringum þá, segir DROTTINN. [6]Sá hinn skjóti kann ekki í burt að flýja og eigi heldur hinn öflugi undan að komast. Þeir eru fallnir og niður slegnir í mót norðrinu hjá vatninu Euphrates.

[7]Hvar er nú sá sem dró hingað upp sem eitt vatsflóð og hvers bylgjur sig upphófu sem aðrar vatsbylgjur? [8]Egyptalandsmenn drógu upp hingað sem annað vatsflóð og þeirra bylgjur hófu sig hátt so sem vatsbylgjur og sögðu: „Eg vil draga upp þangað til að hylja landið og til að fordjarfa þá staðina með þeim sem þar inni búa.“ [9]Nú vel, stígið á hestana, hleypið með vagnana, látið hetjurnar út draga og Blámennina og þá út af Pút sem skjölduna hafa og bogaskytturnar af Lydia. [10]Því að þetta er dagur DROTTINS, GUÐS Sebaót, einn hefndardagur það hann vill hefna sín á sínum óvinum so að sverðið skal upp éta þá og verða fullt og drukkið af þeirra blóði. Því að þeir hljóta að verða DROTTNI Sebaót eitt slátrunaroffur í því landinu mót norðrinu við vatnið Euphrates. [11]Þú jungfrú, Egyptalandsdóttir, gakk héðan upp til Gílead og sæk þér smyrsl en það kemur til einskis að þú farir með miklar lækningar, þú verður ekki heilbrigð að heldur. [12]Þín skömm er augljós vorðin á meðal heiðinna þjóða, af þínum gráti er landið fullt það ein hetjan fellur yfir aðra og liggur svo hvor um þveran annan.

[13]Þetta er það orð DROTTINS sem hann talaði til Jeremiam propheta þá að Nabogodonosor konungurinn af Babýlon dró út til að slá Egyptaland. [14]Kunngjörið það í Egyptalandi og undirvísið það í Migdal, látið þá í Nóf og Takpanhes fá það að vita og segið: „Bú þig til varnar það sverðið mun upp eta allt það hvað í kringum þig er.“ [15]Hvernin kemur það til það þínir hinir voldugu falla til jarðar og geta ekki við staðið? DROTTINN kastar þeim so niður, [16]hann gjörir það að so margir falla af yður so að hver liggur þar um annan þveran annan. Þá sögðu þeir: „Upp, látum oss draga til vorra manna í vort fósturland fyrir sverðinu þess víkingsins.“ [17]Þá mun kallað eftir þeim það faraó konungurinn af Egyptalandi liggi fallinn og hann hafi misst sín landtjöld.

[18]So sannarlega sem eg lifi, segir sá konungurinn sem heitir DROTTINN Sebaót, hann skal draga hér fram so hár sem fjallið Tabor er á meðal annarra fjalla og so sem Karmel það við sjóinn stendur. [19]Þú dótturin sem býr í Egyptalandi, tak þinn ferðabúning það Nóf mun í eyði lögð og uppbrennd verða so að enginn mun búa þar inni.

[20]Egyptaland er einn feitur kálfur en slátrunarmaðurinn kemur af norðrinu [21]og þeir daglaunararnir sem þar inni búa eru einnin sem feitir kálfar en þó hljóta þeir að snúa sér á flótta hver með öðrum og fá ekki við staðið. Því að sá dagurinn þeirra ólukku mun yfir þá koma, einkum sem er þeirra vitjunartími. [22]Þeir bruna þar fram so eð glamrar í þeirra harneski og koma með óvígan her og flytja auxar yfir hana líka sem skógarmenn. [23]Þeir hinir sömu munu so höggva í hennar skógi, segir DROTTINN, að það mun ekki teljandi vera. Því að þeir eru fleiri en þær engi-

sprettur sem enginn fær talið. [24]Dótturin Egyptalands stendur með skömm það hún er gefin í hendur þess fólksins af norðrinu.

[25]DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels, hann segir: Sjá þú, eg vil vitja þeirra stjórnaranna af Nó og faraó og þeirra í Egyptalandi með sínum guðum og konungum. Já faraó með öllum þeim sem traust höfðu á honum, [26]þá vil eg gefa í þeirra hendur sem stunda eftir þeirra lífi og í hendur Nabogodonosor konungsins af Babýlon og hans þénara. Og þar eftir á skaltu byggð verða so sem það var forðum daga, segir DROTTINN.

[27]En þú, minn þénari Jakob, óttast ekki og þú Ísrael, vert óhræddur, því að, sjá þú, eg vil hjálpa þér af því fjarlæga landinu og þínu sæði burt úr þeirra herleiðingarlandi so að Jakob skal aftur koma og í friði vera og gnóglegt hafa og enginn skal skelfa hann. [28]Þar fyrir óttast ekki, minn þjón Jakob, segir DROTTINN, því að eg er hjá þér. Við alla þá heiðingja til hverra að eg hefi í burt rekið þig vil eg einn enda gjöra en við þig vil eg ekki neinn enda gjöra heldur þá vil eg aga þig með hófsemi so það eg láti þig þó ekki óhegndan.

47 Þetta er það orð DROTTINS sem skeði til prophetans Jeremia á móti Philisteis áður en það faraó sló Gasan. [2]So segir DROTTINN: Sjá þú, þar kemur vatn upp af norðrinu sem gjöra skal eitt flóð það sem í burt taka skal bæði landið og allt það sem þar er inni, bæði staðina og þá sem í þeim búa so það allt fólkið í landinu skal stynja hátt og allir innbyggjarar í landinu skulu bera sig lítt og gráta [3]fyrir þeim gný þeirra sterkra víghesta sem þar fram bruna og fyrir buldran þeirra vagna og óhljóðum hjólanna so þeir feðurnir skulu eigi líta um kring sig eftir börnunum, [4]so hræddir skulu þeir vera fyrir þeim deginum sem kemur til að foreyða öllum Philisteis og að uppræta Tyrum og Zidon með þeim öðrum þeirra hjálparmönnum. Því að DROTTINN mun niðurbrjóta þá Philisteis sem eftir eru orðnir af þeim í eyjunum Kaftór, [5]Gasa skal sköllótt verða og Askalon fordjörfuð með þeim sem eftir eru orðnir í þeirra dölum.

[6]Ó þú sverð DROTTINS, hversu lengi þá særir þú? Nær viltu þessu linna? Far þú aftur í þínar slíðrir og hvíl þig og vert kyrr. [7]En hvernin kanntu af að láta með því að DROTTINN hefur skipað þér á móti Askalon og sett þig á móti þeim höfnunum sjávarhafsins.

48 Á móti Móab, segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels, so: Vei þeim staðnum Nebó því að hann er í eyði lagður og er herfilegana til reika! Kirjataím er unnin, sá kastalinn stendur aumlegana og er niðurrifinn. [2]Það traustarkappið Móab er úti sem hann hafði á Hesbon því að þar hugsast nokkuð vont á móti honum, einkum sem er: „Komið, vér viljum afmá þá svo að þar skulu ei vera neitt fólk meir!“ Og þú, Madmen, skalt einnin fordjörfuð verða, sverðið skal koma á bak til við þig.

[3]Menn heyra eitt háreysti í Hórónaím af foreyðslunni og mikilli eymd. [4]Móab er í hel sleginn, þeir heyra hans ungmenni kalla hátt. [5]Því að þeir ganga grátandi á veginum upp til Lúhít og óvinirnir heyra eitt aumlegt hljóð á þeim veginum ofan frá Hórónaím sem er þetta: [6]„Hafið yður í burt og forðið yðar lífi!“ En þú munt verða so sem það lyngið á eyðimörkinni. [7]Þar fyrir að þú treystir upp á þína bygging og á þína fésjóðu þá skaltu unnin verða. Og Kamos hann hlýtur og hertekinn í burt að fara með sínum prestum og höfðingjum. [8]Því að sá foreyðslumaðurinn skal koma yfir alla staðina svo að þar skal ekki einn staður undan ganga. Þar skulu bæði dalirnir fordjarfast og sléttlendið foreytt verða það DROTTINN

hefur sagt það. [9]Gefið Móab fjaðrir,
hann skal út ganga sem að flygi hann,
hans staðir skulu í eyði leggjast so að
enginn skal búa í þeim.
[10]Bölvaður sé sá sem sviksamlega
gjörir verkið DROTTINS. Bölvaður sé sá
sem fyrirbýður sínu sverði að úthella
blóðinu. [11]Móab hefur verið athugalaus
í frá barndómi sínum og legið kyrr á
sinni dregg og aldreigi útsteypt verið
úr öðru kerinu í annað og hans ilmur
ekki umskiptilegur orðið.
[12]Þar fyrir sjá þú, segir DROTTINN, að
sá tími skal koma að eg vil senda þeim
þá burtberendur sem þá skulu burt
bera og tæma þeirra keröld og í
sundurbrjóta þeirra legla. [13]Og Móab
skal til skammar verða yfir Kamos líka
so sem það Ísraels hús er til skammar
orðið yfir Betel á hvert eð þeir treystu.
[14]Hvernin dirfist þér að segja: „Vér
erum hetjur og réttir stríðsmenn“?
[15]Með því þó að Móab skal foreyðast og
upp skal stígið vera í hans borgir og
þeirra hinir útvöldu, köskustu karl-
menn skulu hljóta ofan ganga til högg-
stokksins, segir sá konungurinn sem
heitir DROTTINN Sebaót. [16]Því að ólukk-
an Móab mun bráðleg koma og hans
ógæfa hún flýtir sér mjög. [17]Kæri, sjáið
þó aumur á honum, þér sem búið í
kringum hann og hans nafn þekkið og
segið: „Hvernin er sá hinn öflugi vönd-
urinn og sá hinn dýrðarlegi stafurinn í
sundur brotinn?“ [18]Stígðu niður frá
þinni vegsemd, þú dótturin sem býr í
Díbon, og sit í þosta. Því að sá for-
djarfarinn Móab mun koma upp þang-
að til þín og ofanrífa þína kastala.
[19]Gakk þú fram á veginn og sjá til, þú
sem býr í Aróer, spyr þú þá að sem þar
flýja og undan hlaupa og seg þú:
„Hversu gengur það til?“ [20]Aví, Móab er
fordjarfaður og í eyði lagður! Ýlið og
æpið, kunngjörið það í Arnon að Móab
er í eyði lagður!
[21]Refsingin er gengin yfir það slétta
landið sem er yfir Hólon, Jahsa, Mefa-
at, [22]Díbon, Nebó, Bet, Díblataím,
[23]Kirjataím, Bet Gamúl, Bet Meon,
[24]Kirjot Basra og yfir alla staðina í
landinu Móab hvort þeir liggja fjærri
eða nærri. [25]Það hornið Móab er af-
höggvið og hans armleggur í sundur-
brotinn, segir DROTTINN.
[26]Gjör þú hann drukkinn (því að hann
hóf sig á móti DROTTNI) so að hann spýi
og núi sínum höndum til samans so að
hann verði einnin til háðungar. [27]Því að
Ísrael hefur hlotið að vera þitt athlægi
so sem að hefði hann verið fundinn á
meðal þjófa. Og með því að þú talaðir
þvílíkt á móti honum þá skaltu og einn-
in í burt.
[28]Og þér innbyggjarar í Móab, yfirgef-
ið staðina og búið í hellunum og gjörið
so sem dúfurnar þær eð gjöra sér
hreiður í þeim djúpu holunum. [29]Alla
tíma hefur sagt verið af hinum ríkiláta
Móab það hann sé mjög ríkilátur,
dramsamur, ofstopafullur, sérlátur,
forsugur, [30]en DROTTINN segir: Eg þekki
vel hans reiði að hann orkar eigi so
miklu og hann ásetur sér meira að
gjöra en hans máttur er til. [31]Þar fyrir
hlýt eg að gráta yfir Móab og kalla út
yfir allan Móab og harm bera fyrir því
fólkinu í Kír Heres. [32]Eg hlýt og að gráta
yfir þér, Jaeser, þú vínviðurinn í Síbma,
því að þínir vínviðarkvistir eru farnir
yfir um hafið og komnir allt til þess
sjávarhafsins Jaeser, sá fordjarfarinn er
innfallinn í þína haustvinnu og í þína
vínyrkju. [33]Gleðin og frygðin er í burtu
af akrinum og af því landinu Móab og
þeir skulu ei neitt vín meir troða þar.
Hann sem vínberin í sundurtreður skal
ekki meir kveða þar sína vísu.
[34]Vegna þess herópsins í Hesbon inn
til Eleale hvert eð hljóðar inn til Jaksa
frá Sóar, þeirri þrevetrikýrinni, inn til
Hórónaím því að þau vötnin Nimrí
skulu einnin upp þurrkast. [35]Og
DROTTINN segir: þar með vil eg gjöra
einn enda með Móab svo að þeir skulu
ekki lengur offra þar á upphæðunum

og bera reykelsið fyrir sínum guði.
[36]Þar fyrir gellur mitt hjarta yfir Móab
sem einn herlúður og yfir því fólkinu í
Kír Heres hljóðar mitt hjarta sem tra-
met því að þeir gjörðu formikið þar út
af, hvar fyrir að þeir skulu í eyðileggj-
ast.
[37]Öll höfuð skulu sköllótt vera og öll
skegg skulu afrökuð, allar hendur
skulu í sundurklórast og hver maður
skal klæða sig í sekk [38]og þeir skulu
gráta og kveina allavegana í Móab,
bæði á strætunum, í húsunum og á
ræfrunum. Því að eg hefi í sundurslegið
Móab svo sem eitt herfilegt kerald, seg-
ir DROTTINN. [39]Og hversu hann er for-
djarfaður, hversu aumlegana þá gráta
þeir, hversu skammarlega þá niður-
hengja þeir höfuðin og Móab er
vorðinn til háðungar og til skelfingar
öllum þeim sem búa í kringum hann!
[40]Því að so segir DROTTINN: Sjá þú,
hann flýgur fram sem ein örn og út-
breiðir sína vængi yfir Móab. [41]Kíreat
er unnin og þeir hinir sterku staðirnir
eru innteknir og þau hjörtun þeirra
kappanna í Móab skulu vera á þeim
sama tíma svo sem konuhjarta í barn-
sótt. [42]Því að Móab skal afmáð verða so
að hann skal ekki neitt fólk meir vera
þar fyrir að hann hefur upphafið sig á
móti DROTTNI. [43]Hræðsla, grafir og
snörur koma yfir þig, þú sem býr í
Móab, segir DROTTINN. [44]Hver sem um-
flýr hræðsluna hann mun falla í gröfina
og hver sem kemst úr gröfinni hann
mun veiddur verða í snörunni. Því að
eg vil láta eitt þeirra vitjunarár koma
yfir landið Móab, segir DROTTINN.
[45]Þeir sem úr slaginu flýja munu leita
sér hjálpar í Hesbon en þar skal einn
eldur útganga af Hesbon og einn logi af
Síhon hver eð foreyðir því stríðsfólkinu
og þeim landsálfum í Móab. [46]Vei þér,
Móab! Það Kamosfólk er fortapað! Því
að þeir hafa tekið þína syni og dætur og
herleidda í burt flutt.
[47]En eg vil snúa herleiðingunni Móab
á þeim eftirkomandi tímum, segir
DROTTINN. Þetta sé sagt af þeirri refs-
ingunni yfir Móab.

49 Á móti Ammónsonum segir
DROTTINN so: Hefur Ísrael þá
ekki nein börn eða hefur hún öngvan
erfingja? Hvar fyrir eignast þá Malkón
það landið Gað og hans fólk býr í þeirra
stöðum? [2]Þar fyrir sjá þú, sá tími kem-
ur, segir DROTTINN, eg vil láta heyrast
eitt heróp yfir Rabbat Ammónsona það
hún í einni hrúgu skal í eyði liggja og
þeirra dætur skulu með eldi upp-
tendraðar verða en Ísrael skal þá eign-
ast þeirra land sem sér til eignuðu
hans, segir DROTTINN.
[3]Kveina þú hátt, Hesbon, það Aí er
niðurbrotin! Hástynji, þér dæturnar
Rabba, og klæðið yður í sekki, harmið
og hlaupið í kringum múrveggina það
Malkóm skal hertekinn í burt flytjast
með sínum prestum og höfðingjum!
[4]Hvað treystir þú upp á þína dali? Þínir
dalir eru niðursokknir, þú hin óhlýðuga
dótturin, þú sem treystir á þína fésjóðu
og segir í þínu hjarta: „Hver þorir að
koma í móti mér?“ [5]Sjá þú, so segir
DROTTINN, GUÐ Sebaót: Eg vil láta koma
hræðslu yfir þig af öllum þeim sem í
kringum þig búa so að sinn veginn skal
hver útrekinn vera og þar skal enginn
sá vera sem samansafni þeim aftur sem
í burt flúið hafa. [6]En þar eftir á vil eg
snúa herleiðingunni þeirra Ammón-
sona, segir DROTTINN.
[7]Á móti Edóm, So segir DROTTINN
Sebaót: Er þar þá enginn vísdómur
meiri í Teman? Er þar þá ekkert ráð hjá
vitringunum? Er þeirra vísdómur so
lauslegur? [8]Flýið undan, snúið yður og
felið yður djúpt niður, þér innbyggjarar
í Dedan, það eg læt ógæfu koma yfir
Esaú á hans vitjunartíma. [9]Þeir sem hið
nýja vínið innlesa skulu koma yfir þig,
þeir eð ekki munu láta þig fá miklu inn
að safna og þjófar skulu yfir þig koma á

náttarþeli, þeir skulu fordjarfa hana mjög. 10Því að eg hefi gjört Esaú nakinn og hans heimuglega hluti opinskára so að hann skal ekki kunna að skýla sér. Hans sæði, hans bræður og hans nábúar eru foreyddir svo að þar eru öngvir fleiri eftir af þeim. 11En þó það hvað eftir verður af þínum föðurleysingjum þeim vil eg unna lífsins og þínar ekkjur skulu vona á mig.

12Því so segir DROTTINN: Sjá þú, þeir sem það höfðu ekki verðskuldað að drekka þann kaleikinn þeir hljóta að drekka hann og þú skyldir hegningarlaus vera? Þú skalt ekki óhegndur vera heldur þá hlýtur þú og einnin að drekka hann. 13Því að eg hefi svarið við sjálfan mig, segir DROTTINN, það Basra skal verða ein undran, smán, foreyðing og bölvan og allir hennar staðir ein eilífleg eyðimörk.

14Eg hefi heyrt af DROTTNI að þar sé einn boðskapur útsendur á meðal heiðinna þjóða: „Samansafnið yður og komið hingað í móti henni, búið yður til bardagans!“

15Því að sjá þú, eg hefi gjört þig lítilsháttar á meðal heiðinna þjóða og fyrirlitna á meðal mannanna. 16Þinn hræðileiki og þitt hjartans ofstæki hefur svikið þig af því að þú býr í þeim steinhellunum og hefur hábjörg undir þér. Þó að þú hreiðraðir þig so hátt sem örnin þá vil eg þó hrinda þér ofan þaðan, segir DROTTINN.

17So skal Edóm verða í eyði að allir þeir sem ganga þar framhjá skulu undrast það og blístra yfir öllum hans plágum, 18líka sem það Sódóma og Gómorra með sínum nágrönnum eru umveltir, segir DROTTINN, so það enginn skal þar búa né neinn maður hús hafa. 19Því að sjá þú, hann kemur upp hingað sem león í frá þeirri dramblátu Jórdan, í móti þeim sterkum hjarðarhúsunum því að eg vil láta hann snarlega þangað hlaupa. Og hver veit hver sá hinn ungi maðurinn er sem eg vil útbúa á móti þeim? Því hver er mér jafn? Hver vill fræða mig? Og hver er sá hirðirinn sem staðið getur við mér?

20So heyrið nú það ráðið DROTTINS sem hann hefur yfir Edóm og hans hugsan sem hann hefur yfir þeim innbyggjurum í Teman. Hvað gildir ef að þeir hirðsveinarnir skulu ekki undirleggja þá og niðurbrjóta þeirra bústaði? 21So að jörðin skal hrærast við nær eð þeir falla niður hver um þveran annan og þeirra hrópan skal heyrast í hjá hafinu rauða. 22Sjá þú, hann flýgur upp hingað sem ein örn og hann mun útbreiða sína vængi yfir Basra. Á þeim sama tíma skulu hjörtun kappanna í Edóm vera líka sem eitt konuhjarta í barnburðarsótt.

23Á móti Damascum Hemat og Arpad eru aumlega staddar, þeirra menn eru duglausir. Því að þeir heyra eitt illt rykti, þeir sem búa við hafið eru so hræddir að þeir kunna öngva hvíld að hafa. 24Damascus er huglaus og flýr undan, hún skelfur og er í angist og harmkvæli sem kona í barnsótt. 25Hvernin þá? Er hann nú ekki yfirunninn sá hinn nafnfrægi og lystilegi staðurinn? 26Þar fyrir skulu hans æskumenn þar niðurslegnir liggja á hans strætum og allt hans stríðsfólk skal falla á þeim sama tíma, segir DROTTINN Sebaót. 27Og eg vil setja eld í múrveggina til Damascum so að hann skal foreyða þeim herbergjunum Benhadad.

28Móti Kedar og því ríkinu Hasór, hvert ið Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon sló So segir DROTTINN: Standið upp og farið upp í Kedar og foreyðið þeim börnunum á móti austrinu. 29Þeir skulu taka þeirra bústaði og fénað, þeirra landtjöld og öll verkfæri og þeirra úlfalda skulu þeir í burt keyra og þeir skulu hræðilegana kalla að þeim allt um kring. 30Flýið undan, flýtið yður snarlega þaðan og byrgið yður djúpt niður, þér Hasórs innbyggjarar, segir DROTTINN, því að Nabúgodonosor kon-

ungurinn af Babýlon hefur nokkuð í sinni við yður og hann hugsar til yðar.

31Farið á fætur og dragið upp þangað móti því fólki sem nóg hefur til og ugglaust býr, segir DROTTINN. Þeir hafa hvorki portdyr né hurðarstengur og búa einir saman. 32Þeirra úlfaldar skulu gripnir verða og þeirra hið mikla fé í burt tekið verða. Og eg vil í burt dreifa þeim í allar áttir vindanna sem búa í afkimunum og af öllum áttum vil eg láta þeirra ógæfu koma yfir þá, segir DROTTINN, 33svo að Hasór skal vera drekabæli og ein eilífleg eyðimörk so að enginn skal búa þar og eigi nokkur maður skal hafa þar sitt heimili. 34Þetta er það orð DROTTINS sem skeði til Jeremiam propheta á móti Elam í upphafi ríkisstjórnar Zedechia konungsins Júda og sagði: 35Svo segir DROTTINN Sebaót: Sjá þú, eg vil sundurbrjóta Elams boga, þeirra hið æðsta veldi, 36og eg vil láta þá fjóra vindana úr þeim fjórum áttum himinsins koma yfir þá. Og eg vil í burt dreifa þeim í alla þá sömu vinda so að þar skal ekki neitt fólk það til vera að eigi skuli þangað koma hinir burtreknu af Elam. 37Og eg vil gjöra Elam duglausan fyrir sínum óvinum og fyrir þeim sem stunda eftir þeirra lífi og eg vil láta ógæfu koma yfir þá með minni grimmdarreiði, segir DROTTINN. Og eg vil senda sverðið á bak til við þá þangað til að eg hefi foreytt þeim. 38Eg vil setja minn stól í Elam og eg vil fyrirkoma þar bæði konunginum og höfðingjunum, segir DROTTINN. 39En á eftirkomandi tímum vil eg snúa herleiðingunni Elam, segir DROTTINN.

50 Þetta er það orð sem DROTTINN talaði við Jeremiam propheta á móti Babýlon og landinu þeirra Chaldeis. 2Kunngjörið það á meðal heiðinna þjóða og látið það víðfrægt verða, setjið upp merkið og látið það alkunnigt verða og byrgið það ekki niðri og segið: Babýlon er unnin, Bel stendur með skömm, Meródak er í sundurbrotinn, hennar afguðir standa með skömm og hennar skúrgoð eru sundurbrotin. 3Því að þar dregur eitt fólk upp af norðrinu á móti þeim sem þeirra land skal í eyðileggja so að enginn skal þar inni búa heldur skulu bæði menn og fénaður flýja í burt þaðan.

4Á þeim dögum og á þeim sama tíma, segir DROTTINN, skulu Ísraelsbörn með sonum Júda koma og fara hingað grátandi og leita DROTTINS Guðs þeirra. 5Þeir munu spyrja eftir veginum til Síon og snúa sér þangað: „Komið og nálægum oss til DROTTINS með einum eilífleg-um sáttmála sem aldreigi mun forgleymdur verða.“ 6Því að mitt fólk er so sem ein glötuð hjörð, þeirra hirðarar hafa leitt þá afvega og látið þá villast á fjöllunum so að þeir gengu af fjöllunum ofan á þær hæðirnar og forgleymdu so sínum hjarðarhúsum. 7Allt hvað sem þá fann það uppsvelgdi þá og þeirra óvinir sögðu: „Vér gjörum það ekki óréttilega af því að þeir hafa syndgast á móti DROTTNI í byggingu réttlætisins og á móti þeim DROTTNI sem er vonin þeirra forfeðra.“

8Flýið út af Babýlon og farið burt af Chaldeislandi og hegðið yður so sem kjarnhafrar fyrir hjörðinni. 9Því að sjá þú, eg vil uppkveikja mikinn flokk margra þjóða af því landinu í mót norðrinu og flytja það upp í mót Babýlon. Þeir skulu búa sig út á móti henni hverjir að hana skulu vinna. Hans skeyti eru sem eins öflugs bardagamanns sem ei fara á miss við. 10Og landið þeirra Chaldeis skal verða eitt herfang og allir þeir sem það ræna skulu þar nóg af fá, segir DROTTINN,

11þar fyrir að þér gleðjið yður af því og hrósið yður um það að þér hafið rænt mína arfleifð og þér stukkuð upp sem feitir kálfar og rumduð við sem sterkir víghestar. 12Yðar móðir stendur með stórri skömm og hún sem yður hefur fætt er til háðungar vorðin. Sjá

þú, á meðal þjóðanna er hún hin síðasta foreydd, visin og einmana. 13Því að fyrir sakir reiði DROTTINS hlýtur hún óbyggð og með öllu foreydd að vera so að allir þeir sem fram ganga um Babýlon skulu undrast það og blása með blístran að öllum hennar plágum. 14Búið yður til, þér allar bogaskytturnar, utan um kring Babýlon. Skjótið að henni, sparið ekki skeytin, það hún hefur syndgað á móti DROTTNI. 15Gleðjið yður yfir henni, hún hlýtur að yfirgefa sig, hennar grundvellir eru fallnir, hennar múrveggir eru niðurbrotnir. Því að það er hefndin DROTTINS, hefnið yðar á henni, gjörið við hana so sem það hún hefur gjört. 16Afmáið bæði þann sem korninu sáir og hinn sem það upp vinnur af Babýlon svo að hver snúi sér til síns fólks og hver flýi í sitt land fyrir því sverðinu víkingsins.

17Ísrael hlaut að vera ein sundurtvístruð hjörð sem leónin hafa í burt drifið. Fyrst upp át þá konungurinn af Assyria, þar næst kúgaði þá Nabúgodonosor konungurinn af Babýlon.

18Þar fyrir segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels so: Sjá þú, eg vil vitja heim konungsins af Babýlon og hans lands líka sem að eg hefi heim vitjað konungsins af Assyria. 19En Ísrael vil eg flytja heim aftur til síns heimkynnis so að þeir skulu sér fæðslu fá upp á Karmel og Basan og þeirra sálir skulu saddar verða upp á fjallinu Efraím og Gílead. 20Á þeim sama tíma og á þeim dögum skal leitað vera að misgjörðum Ísraels, segir DROTTINN, en þar munu öngvar til vera, og að syndum Júda og þar munu öngvar finnast því að eg vil fyrirgefa þær þeim sem eg læt eftir verða.

21Drag upp í það land sem alla hefur hugmóðað, far upp þangað í móti þeim innbyggjurunum hverra vitjað skal verða. Eyðilegg og niðurdrep þeirra eftirkomendur, segir DROTTINN, og gjör allt sem eg hefi boðið þér. 22Þar er eitt heróp í landinu og stór ánauð. 23Hvernin gengur það til að sá hamarinn allrar veraldarinnar er í sundurbrotinn og í sundursleginn? Hvernin kemur það til að Babýlon er so í eyði vorðin á meðal allra heiðinna þjóða?

24Eg hefi sett snörur fyrir þig, Babýlon, þar fyrir ertu einnin hertekin, áður en þig varði þess ert þú fundin og höndluð. Því að þú hefur stært þig í gegn DROTTNI 25og DROTTINN hefur upplokið sinni hirslu og framborið vopnin sinnar reiði. Því að þessu hefur DROTTINN, GUÐ Sebaót til vegar komið í landinu þeirra Chaldeis. 26Komið hingað á móti henni út af yðstum endimörkum, lúkið upp hennar kornhúsum, kastið henni í eina hrúgu og foreyðið hana so að þar verði ekki neitt eftir. 27Drepið öll hennar börn og leiðið þau til höggstokksins. Vei þeim! Því að sá dagurinn er kominn þeirra vitjunartíma. 28Þar munu heyrast þeirra hljóð sem flýja og þeirra sem undan hafa komist úr landinu Babýlon so að þeir kunngjöri í Síon hefndina DROTTINS Guðs vors og þá hefndina hans musteris.

29Kallið marga á móti Babýlon sem spanna bogana og leggið að henni alla vegana, þér allir bogaskytturnar, og látið öngvan þaðan komast. Gjaldið henni sem hún hefur verðskuldað til, gjörið við hana so sem það hún hefur gjört það hún hefur höndlað drambsamlega í gegn DROTTNI, Hinum Heilaga í Ísrael. 30Fyrir það skulu hennar æskumenn falla á hennar strætum og allir hennar stríðsmenn skulu niðurslegnir þann sama tíma, segir DROTTINN. 31Sjá þú, þú hin drambsama, eg vil til við þig, segir DROTTINN, GUÐ Sebaót, því að þinn dagur er kominn, sá tíminn þinnar vitjunar. 32Þá skal sá hinn drambsami niður hrynja og falla so að enginn skal veita honum uppreisn. Eg vil setja eld í hans staði hver ed foreyða skal öllu því hvað í kringum hann er.

[33]Svo segir Drottinn sebót: Ísrael og Júda voru fangaðir saman, og allir þeir, sem tóku þá til fanga, héldu þeim kyrfilega, og þeir vildu ekki láta þá lausa. [34]Endurlausnari þeirra er mikill af mætti, Drottinn sebót er hans nafn. Hann mun berjast fyrir máli þeirra af fullum mætti so að landinu veitist hvíld og ófriður mun ráða íbúum Babýlons.

[35]Sverðið skal koma, segir DROTTINN, yfir þá Chaldeos og yfir þá innbyggjarana í Babýlon, yfir hennar höfðingja og yfir hennar spekinga. [36]Sverðið skal koma yfir hennar spásagnarmenn so að þeir skulu að vitleysingum verða. Sverðið skal koma yfir hennar hina öflugu so að þeir skulu duglausir verða. [37]Sverðið skal koma yfir hennar vígheста og vagna og yfir allan almúgann sem þar er inni so að þeir skulu verða sem konur. Sverðið skal koma yfir hennar féhirslur so að þær skulu sviptast. [38]Þurrkurinn skal koma yfir hennar vatsföll so að þau skulu í burt þorna það það er eitt skúrgoðaland og hrósar sér út af sínum hræðilegum afguðum. [39]Þar fyrir skulu og grimmleg dýr og hræfuglar þar inni búa og ungarnir strútsfuglanna og hún skal aldreigi meir byggð verða og enginn skal búa í henni héðan af um aldur og að eilífu, [40]líka sem það Guð hefur kollkastað Sódóma og Gómorra meður þeirra nágrönnum, segir DROTTINN, so þar skal enginn inni búa né nokkur maður þar inni hús hafa. [41]Sjá þú, þar kemur fólk af norðrinu, margar heiðnar þjóðir og margir konungar skulu taka sig upp af endimörkum landsins [42]sem hafa boga og skjöldu. Þeir eru grimmlegir og ómiskunnsamir, þeirra hljóð eru sem sjávarhljóð, þeir ríða á hestum tilbúnir sem bardagamenn á móti þér, þú dótturin Babýlon. [43]Nær eð konungurinn af Babýlon heyrir þessi tíðindi þá mun hann láta hendur falla, honum skal so sárt og angursamt við það verða sem konu í barnsótt. [44]Sjá þú, hann kemur upp hingað sem annað león í frá þeirri drambsömu Jórdan til þeirra hinna sterku híbýlanna því að eg vil láta hann snarlega þangað hlaupa. Og hver veit hver sá ungi maðurinn er sem eg vil útbúa á móti henni? Því hver er mér jafn? Hver vill kenna mér nokkuð? Og hver er sá hirðirinn sem standa kann á móti mér?

[45]Svo heyrið nú ráðagjörðina DROTTINS þá sem hann hefur yfir Babýlon og hans hugsanir sem hann hefur yfir þeim innbyggjurunum í Chaldeislandi. Hvað skal gilda ef það hinir ungu hirðararnir skulu ekki draga þá út og foreyða þeirra bústaði? [46]Og jörðin mun skjálfa út af því háreystinu og það mun víðfrægt verða meðal heiðinna þjóða nær eð Babýlon verður unnin.

51 Svo segir DROTTINN: Sjá þú, eg vil uppvekja hvassan vind á móti Babýlon og á móti hennar innbyggjurum, þeim sem þig hafa sett á móti mér. [2]Eg vil senda út þá eð vinsa til Babýlon sem hana skulu vinsa og hennar landi í burt sópa, þeir eð allavegana skulu vera í kringum hana á degi hennar ólukku. [3]Því að hennar skyttur skulu ei skotið geta og hennar brynjaðir bardagamenn skulu eigi kunna að verja sig. So sparið nú ekki hennar yngismenn og drepið niður allt hennar herlið [4]so að hinir í hel slegnu liggi drepnir í Chaldeislandi og þeir hinir í gegnum lögðu á hennar strætu. [5]Því að Ísrael og Júda skulu eigi ekkjur látnir vera af þeirra Guði DROTTNI Sebaót því það landið þeirra annarra hefur mjög þunglega syndgast á móti Hinum Heilaga í Ísrael.

[6]Flýið úr Babýlon so að hver bjargi sinni sálu so að þér fortapist ekki í hennar misgjörningi því að þetta er sá hefndartíminn DROTTINS, hann sem er endurgjaldarinn og hann vill endurgjalda henni. [7]Sá gullkaleikurinn í Ba-

býlon sem alla veröldina hefur gjört drukkna, hann er í hendi DROTTINS, af hennar víni hafa drukkið allar heiðnar þjóðir, þar fyrir þá hafa allar þjóðir vorðið so galnar.

[8]Hversu skyndilegana það Babýlon er fallin og niðurbrotin! Æpið hátt yfir henni, takið einnin smyrsl til hennar sára ef að so kynni að ske að hún mætti enn læknuð verða. [9]„Vér læknum Babýlon en hún vill ekki heilbrigð verða. Þar fyrir látum oss yfirgefa hana og förum hver til síns lands það hennar refsing tekur upp í himininn og nemur undir skýin. [10]DROTTINN hefur framflutt vora réttlæting, komið, látum oss upptelja þau dásemdarverkin DROTTINS Guðs vors til Síon.“

[11]Já fægið skeytin og tilbúið skjölduna. DROTTINN hefur upphvatt huginn þeirra konunganna af Meden því að hans hugsanir standa á móti Babýlon það hann vilji fordjarfa hana því að þetta er hefndin DROTTINS, hefndin hans musteris. [12]Já setjið nú upp merkin á múrveggjunum í Babýlon, takið inn varðhödlin, setjið til vökumenn, tilbúið njósnina það DROTTINN hugsar nokkuð og hann vill einnin framkvæma það sama sem hann hefur talað á móti þeim innbyggjurunum í Babýlon.

[13]Þú sem býr í hjá því hinu mikla vatninu og hefur stórar féhirslur, þín ending er komin og þín ágirnd er úti. [14]DROTTINN Sebaót hefur svarið so við sína sál: Eg vil fylla þig upp með menn líka sem að væri það kefer, þeir skulu kveða þér vísu.

[15]Hann sem gjört hefur jörðina fyrir sinn kraft og tilbúið þá jarðarkringluna með sínum vísdómi og hann sem himininn hefur tilreitt so skikkanlega. [16]Nær ið hann lýstur reiðarþrumunni þá er þar nóglegt vatn undir himninum, hann uppdregur þokuna í frá jarðarinnar enda. Hann gjörir eldingarnar í regninu og lætur vindinn koma úr leynilegum áttum.

[17]Allir menn eru þussar í sinni visku og allir gullsmiðir standa skammaðir með sínar líkneskjur það þeirra afguðir eru svikræði og hafa ekki líf. [18]Það er ekki neitt utan hégómi og sviksamlegt verk, þeir skulu og fyrirfarast nær ið þeirra verður vitjað. [19]En hann er ei so sá sem Jakobs fésjóður er heldur er hann sá sem alla hluti skapar og Ísrael er sá stafurinn hans arfleifðar, hann heitir DROTTINN Sebaót.

[20]Þú ert minn hamar, mín hervopn. Fyrir þig hefi eg í sundurbrotið heiðnar þjóðir og kóngaríkin í eyðilagt. [21]Eg vil í sundur slá þína víghesta og ríðandi menn, eg vil sundurbrjóta þína vagna og keyrisveina. [22]Eg vil í sundur lemja þína karlmenn og konur, eg vil í sundur lemja þína öldunga og ungmenni. Eg vil í sundur lemja þína yngismenn og meyjar, [23]eg vil í sundur lemja þína hirðara og hjörðina. Eg vil í sundur lemja þína kotkarla og þeirra ok, eg vil í sundur lemja þína höfðingja og herramenn. [24]Því að eg vil endurgjalda Babýlon og öllum innbyggjurum þeirra Chaldeis alla þá þeirra illsku sem þeir hafa gjört í móti Síon fyrir yðar augsýn, segir DROTTINN.

[25]Sjá þú, eg vil til við þig, þú hið skaðsamlega fjall, þú sem fordjarfaðir alla veröldina, segir DROTTINN. Eg vil útrétta mína hönd yfir þig og velta þér svo ofan af bjarginu og eg vil gjöra eitt uppbrennt bjarg af þér [26]svo að þeir skulu ekki geta tekið einn hyrningarstein eður grundvallarstein út af þér heldur þá skaltu vera ein eilífleg eyðimörk, segir DROTTINN.

[27]Setjið upp merkin í landinu, blásið í herlúðrana á meðal heiðinna þjóða. Helgið hina heiðnu á móti henni, kallið á móti henni þau kóngaríkin, Ararat, Mení og Askenas. Tilsetjið höfuðsmenn á móti henni, hafið hestana upp hingað sem húrrandi kefer. [28]Helgið hina heiðnu á móti henni, sem er konungana af Meden með sínum höfðingjum

og herramönnum og öllum herrastéttunum þeirra landskapar [29]so að landið skal bifa og skelfast við. Því að þær hugsanir DROTTINS skulu fullkomnaðar verða á móti Babýlon so að hann mun gjöra það landið Babýlonar að eyðimörku so að enginn skal þar inni búa. [30]Þær hetjurnar í Babýlon skulu ekki þora að draga út á vígvöllinn heldur munu þeir halda sig inni í sínum köstulum, þeirra hreysti er útgjörð og þeir eru vorðnir sem konur, þeirra bústaður er uppbrenndur og þeirra slagbrandar í sundurbrotnir. [31]Hér hleypur einn, þar annar, hver móti öðrum og einn sendiboðinn mætir hér og þar hver öðrum að þeir kunngjöri það konunginum af Babýlon það hans staðir sé yfirunnir allt til enda [32]og hafnirnar innteknar og sjávardíkin uppbrennd og bardagamennirnir duglausir vorðnir.

[33]Því að so segir DROTTINN Sebaót, Guð Ísraels: Dótturin Babýlon hún er líka sem eitt kornhlöðugólf nær eð þeir þreskja þar á, hennar kornskera skal snarlega koma.

[34]Nabogodonosor konungurinn í Babýlon hefur uppetið og fyrirkomið mér, hann hefur gjört eitt tómt ker af mér, hann uppsvelgdi mig sem einn dreki, hann uppfylldi sinn kvið af mínu besta, hann hefur útrekið mig. [35]En nú mun koma yfir Babýlon þau óréttindin sem Babýlon gjörði mér og mínu holdi, segir hún sem byggir í Síon, og mitt blóð yfir þá innbyggjarana í Chaldeis, segir Jerúsalem.

[36]Þar fyrir segir DROTTINN so: Sjá þú, eg vil framfylgja þínu málefni og hefna þín. Eg vil uppþurrka hennar sjó og láta hennar vatsbrunna uppþorna. [37]Og Babýlon skal verða að einnri grjóthrúgu og að drekabæli, að forundran og að blístran so að enginn skal búa þar inni. [38]Allir skulu þeir grenja sem león og rymja hátt sem ung león. [39]Eg vil setja þá í hjá með sinn drykk og vil gjöra þá drukkna so að þeir skulu glaðir vera og sofna eilíflegum svefni af hverjum þeir skulu aldreigi vakna, segir DROTTINN. [40]Eg vil leiða þá hér ofan af líka sem lömb til blóðtrogsins, so sem hrúta með kjarnhöfrum.

[41]Hvernin er Sesak yfirunnin og þeir hinir frægustu í allri veröldunni eru so höndlaðir! Hvernin er Babýlon vorðin so til forundrunar meðal heiðinna þjóða! [42]Sjávarhafið er gengið yfir Babýlon og hún er hulin af þeim fjöldanum bylgnanna þess hins sama. [43]Hennar staðir eru í eyði lagðir og vorðnir að hrjóstri og óbyggðum, að því landi sem enginn býr inni og þar eð enginn maður gengur inni. [44]Því að eg hefi vitjað þess Bels í Babýlon og dregið það út af hans kverkum sem hann hafði innsvelgt og þeir hinir heiðnu skulu ekki meir hlaupa til hans. Því að múrveggirnir í Babýlon eru einnin niðurfallnir.

[45]Dragið út, mitt fólk, og bjargi hver sinni sálu frá þeirri grimmdarreiðinni DROTTINS. [46]Yðart hjarta mætti annars blygðast við það og hræðslufullt verða af því herópinu sem þeir munu heyra í landinu. Því að á því árinu skal þar útganga eitt heróp og eftir það hið sama á því öðru árinu einnin ein hástynjan yfir ofríki í landinu og hver höfðinginn mun vera í móti öðrum. [47]Þar fyrir sjá þú, sá tími kemur að eg vil vitja afguðanna í Babýlon og allt hennar land skal verða til skammar og hennar í hel slegnu skulu liggja þar inni. [48]Himinn og jörð og allt hvað þar er út í skal gleðja sig yfir Babýlon það hennar foreyðslumaður er kominn af norðrinu, segir DROTTINN.

[49]Og líka sem Babýlon felldi þá hina í hel slegnu í Ísrael so skulu þeir hinir í hel slegnu felldir verða í Babýlon út í öllu landinu. [50]So farið nú burt, þér sem flúið hafið fyrir sverðinu, og tefjið ekki lengi, hugsið til DROTTINS í fjarlægu landi og látið Jerúsalem vera í yðru hjarta. [51]Vér vorum skammaðir þá vér

hlutum að heyra þá forsmán og skömmin huldi vort andlit þá eð hinir annarlegu komu yfir helgidóminn í húsi DROTTINS.

[52]Þar fyrir sjá þú, sá tími kemur, segir DROTTINN, það eg vil vitja hennar afguða og þeir sem banvænir eru af sárum skulu stynja í öllu landinu. [53]Og þó að Babýlon stígi upp í himininn og gjörði sér þar kastala í hæðunum þá skyldi þó foreyðslumaðurinn koma frá mér yfir hana, segir DROTTINN. [54]Menn heyra hrópað í Babýlon og stóra eymd í Chaldeislandi [55]það DROTTINN foreyðir Babýlon, hann fordjarfar hana með so stóru herópi og háreysti það hennar bylgjur þær dynja so sem mikilla vatna. [56]Því að foreyðslumaðurinn er kominn yfir Babýlon, hennar hreystimenn skulu herteknir verða, hennar bogar í sundur brotnir, það Guð DROTTINN hefndarinnar endurgeldur henni.

[57]Eg vil gjöra hennar höfðingja og vísdómsmenn, yfirvaldsherra, höfuðsmenn og stríðsmenn drukkna so að þeir skulu sofna eilíflegum svefni af þeim þeir skulu aldreigi uppvakna, segir sá konungurinn sem heitir DROTTINN Sebaót. [58]So segir DROTTINN Sebaót: Þeir múrveggirnir hinnar miklu Babýlon skulu neðan til grafnir verða og hennar hin hávu port skulu með eldi upptendruð verða svo það erfiðið heiðinna þjóða skal til forgefins vera og það skal brennt verða sem fólkið uppbyggði með erfiðismunum.

[59]Þetta eru þau orð sem Jeremias propheti bauð Seraja syni Nería sonar Maesea þá eð hann fór til Babiloniam með Zedechiam konunginum Júda á því fjórða árinu hans ríkisstjórnar. Og Seraja var einn friðsamlegur höfðingi. [60]Og Jeremias hann skrifaði alla þessa ógæfu í eina bók sem koma skyldi yfir Babýlon, einkum sem eru þau orðin hver að skrifuð eru á móti Babýlon. [61]Og Jeremias sagði til Seraja: „Nær þú kemur til Babýlon þá sjá svo til að þú lesir öll þessi orð [62]og seg þú so: DROTTINN, þú hefur talað í gegn þessum stað að þú vildir afmá hann so að enginn skal búa þar inni, hverki menn né fénaður, heldur skal hann í eyði verða eilíflegana. [63]Og nær eð þú hefur útlesið bókina þá bitt einn stein við hana og kasta henni so út í Euphrates [64]og segðu so: Líka so skal Babýlon niðursökkt verða og ekki upp aftur koma frá þeirri ógæfunni sem eg vil leiða yfir hana heldur þá skal hún forganga.“

So langt hefur Jeremias talað.

52 Zedechias var eins árs og tuttugu gamall þá eð hann varð konungur og hann ríkti í ellefu ár til Jerúsalem. Hans móðir hét Hamútal, dóttir Jeremía af Líbna. [2]Hann gjörði það sem DROTTNI illa líkaði líka so sem að Jóakím hafði gjört. [3]Því að reiði DROTTINS gekk yfir Jerúsalem og Júda þangað til að hann í burt fleygði þeim frá sínu augliti og Zedechias féll frá konunginum af Babýlon.

[4]En á því níunda árinu hans ríkisstjórnar, á þeim tíunda degi hins tíunda mánaðar, þá kom Nabagodonosor konungurinn af Babýlon með allan sinn her á móti Jerúsalem og settist um hana og gjörði hervirki utan um kring hana. [5]Og staðurinn var so umsetinn allt til hins ellefta ársins konungsins Zedechia. [6]En á þeim níunda deginum hins fjórða mánaðar tók hungrið mjög að vaxa í staðnum og fólkið í landinu hafði öngvan mat til meir að eta. [7]Þeir brutust þá inn í staðinn og allir stríðsmenn flýðu undan og drógu út af staðnum á náttarþeli um þann veginn að portinu, á millum tveggja múrveggja, sem er í hjá konungsins aldingarði. En þeir Chaldei lágu í kringum staðinn. [8]Og þá eð þeir drógu út af þeim veginum á sléttlendið þá sótti herinn þeirra Chaldeis eftir konunginum og tóku Zedechiam á þeim völlum hjá Jeríkó. Þá tvístraðist

allt hans lið í burt frá honum [9]og þeir gripu kónginn og höfðu hann upp til konungsins af Babýlon í Riblat, sem liggur í landinu Hemat. Hann úrskurðaði dóm yfir honum. [10]Þar lét konungurinn af Babýlon drepa börnin Zedechia fyrir hans augum, hann sló og í hel alla höfðingja Júda í Riblat. [11]En á Zedechia sjálfum lét hann stinga út augun og binda hann með tveimur járnviðjum og konungurinn af Babýlon flutti hann so til Babýlon og setti hann í myrkvastofu þangað til að hann andaðist þar.

[12]Á þeim tíunda deginum hins fimmta mánaðarins sem þá var það nítjánda árið Nabogodonosor konungsins af Babýlon kom Nebúsaradan höfuðsmaðurinn sem með jafnaði var hjá konunginum í Babýlon til Jerúsalem [13]og brenndi upp hús DROTTINS og konungsins hús og öll húsin í Jerúsalem. Öll þau hin stærstu húsin brenndi hann upp með eldi [14]og allur sá herinn þeirra Chaldeis sem var hjá höfuðsmanninum niðurrifu múrveggina kringum alla Jerúsalem. [15]En það óríka fólkið og annað múgafólk sem enn var eftir í staðnum og þeir sem gengið höfðu á hendur konunginum af Babýlon og það annað handverksfólk sem eftir var þá flutti Nebúsaradan höfuðsmaðurinn hertekna í burt. [16]Og af því fátæka fólkinu á landsbyggðinni lét Nebúsaradan höfuðsmaðurinn vera víngarðsmenn og akurkarla. [17]En þá koparstólpana í húsi DROTTINS og stólana og það koparhafið í húsi DROTTINS sundurbrutu Chaldei og fluttu allan þann málminn til Babýlon. [18]Og katlana og sleifarnar, hnífana, munnlaugarnar, matkrókana og öll þau koparkerin sem þeir plöguðu að hafa til guðsþjónustunnar þá tóku þeir í burtu. [19]Þar til með tók höfuðsmaðurinn allt það í burtu hvað gull og silfur var, bæði bikara, glóðarker, munnlaugar, katlar, ljósastjakar, skeiðir og skálir, [20]þá tvo stólpana, það einka hafið, þá tólf koparuxana sem í staðinn stólanna stóðu hverja eð Salómon kóngur lét gjöra í húsi DROTTINS. Málmurinn út af öllum þessum kerum var so mikill að hann varð eigi veginn. [21]En þeir tveir stólparnir var hvor um sig átján álna hár og ein snúra tólf álna löng vafðist í kringum þá og hún var fjögra fingra þykk og hol innan. [22]Og upp á hvorum fyrir sig stóð einn koparhnappur fimm álna hár og þar voru gjörð utan um kring hvorn hnappinn fegurðarepli, öll saman út af kopar. Og einn stólpinn var sem hinn annar og þau fegurðareplin líka so, [23]en þau fegurðareplin voru sex og níutígi og öll þau fegurðareplin voru hundrað á einni listu allt um kring.

[24]Og höfuðsmaðurinn tók prestinn Seraja af þeirri fyrstu skipuninni og prestinn Sefanja af þeirri annarri skipuninni og þrjá dyravörðuna [25]og einn hirðsveininn út af staðnum sem þar var settur yfir stríðsfólkið og sjö menn þá sem vera áttu hjá kónginum, þeir eð fundust í staðnum, þar til með Sófar þann hershöfðingjann sem vanur var að velja út leiðangursliðið, þar til sextígi menn af landsfólkinu sem fundust í staðnum. [26]Þessa tók Nebúsaradan höfuðsmaðurinn og flutti þá til konungsins af Babýlon í Riblat. [27]Og konungurinn af Babýlon lét drepa þá í Riblat sem liggur í landinu Hemat. Þannin varð Júda í burt flutt af sínu landi.

[28]Þetta er það fólk sem Nabogodonosor burtflutti, einkum á því sjöunda árinu þrjár þúsundir þrjár og tuttugu Gyðinga, [29]en á því átjánda árinu Nabogodonosor átta hundruð þrjátígi og tvær sálir af Jerúsalem, [30]og á því þriðja og tuttugasta árinu Nabogodonosor í burt flutti Nebúsaradan höfuðsmaðurinn sjö hundruð fjörutígi og fimm sálir af Júda. Allar sálir eru fjórar þúsundir og sex hundruð.

[31]En á því þrítugasta og sjöunda árinu, eftir það að Jóakím konungurinn

Júda var í burt fluttur, á þeim tuttugasta og fimmta degi hins tólfta mánaðar, upphóf Evvíl Merodak konungurinn af Babýlon á því árinu sem hann varð konungur höfuðið Jóakíns konungsins af Júda og lét hann út af myrkvastofunni [32]og talaði vinsamlegana við hann og setti hans stól yfir stólum þeirra konunganna sem hjá honum voru í Babýlon. [33]Og hann umskipti við hann þeim klæðnaði sem í myrkvastofunni hafði hann haft so að hann át með honum alla tíma so lengi sem hann lifði. [34]Og honum varð alltíð gefið sitt uppheldi af konunginum til Babýlon, það honum var tileinkað þá stund hann lifði, allt til dauðadags.

Endir prophetans Jeremie

HARMAGRÁTUR JEREMIE

1 Hvernin liggur sú borgin í eyði
sem full var með fólk! Hún sem var
ein höfðingsfrú á meðal þjóðanna er
vorðin sem ein ekkja og Drottningin í
landinu hlýtur nú skattgild að vera.
2Hún grætur á nóttinni so að tárin
renna ofan eftir hennar kinnbeinum,
þar er enginn á meðal allra hennar ást-
vina sem hugsvali henni, allir hennar
náungar fyrirlíta hana og eru vorðnir
hennar óvinir. 3Júda er hertekin í út-
legð og þungan þrældóm, hún byggir á
meðal þjóðanna og finnur öngva hvíld,
allir hennar ofsóknarmenn breyta
vondslegana við hana. 4Vegirnir til Síon
liggja í eyði af því að þangað kemur
enginn upp til neinnrar hátíðar. Allar
hennar portdyr standa auðar, hennar
kennimenn þeir andvarpa þungt, henn-
ar meyjar eru sorgarlegar á að sjá og
hún sjálf er harmþrungin. 5Hennar
mótstöðumenn eru upphafnir, hennar
óvinum vegnar allt vel því að DROTTINN
hefur fyllt hana með eymd fyrir hennar
mikilla synda sakir og hennar börn eru
hertekin í burt farin fyrir augsýn
óvinarins. 6Öll fegurðarprýðin er burt
frá dótturinni Síon, hennar höfðingjar
eru líka sem þeir hrútar eð ekkert fóð-
ur finna og ganga þreyttir fyrir þeim eð
þá fram rekur.

7Jerúsalem þenkir á þessum tíma
hversu það aumleg og fyrirlitin hún er
og hversu mikil auðæfi að hún hefur
haft forðum daga, með því að allt henn-
ar fólk liggur þar niður slegið af óvinar-
ins hendi og enginn er sá sem henni
hjálpar, hennar óvinir þeir sjá sína
lysting á henni og spotta hennar þvott-
daga. 8Jerúsalem hefur syndgast, þar
fyrir hlýtur hún að vera sem ein saurug
kvinna. Allir þeir sem hana heiðruðu
þeir forsmá hana nú með því að þeir sjá
hennar vanvirðing. En hún blæs
þungan og er aftur snúin. 9Hennar
óhreinindi þau loða við faldinn á henn-
ar klæðum, hún hafði ekki so meint að
það mundi so eiga að ganga henni að
síðustunni, hún er so hræðilegana
undirlaugð og þar með hefur hún öngv-
an þann sem henni hugsvalar.

Aha DROTTINN! Líttu á mína eymdar-
vesöld það óvinurinn hann þykist so
mikill!

10Óvinurinn hefur lagt sína hönd á
alla hennar dýrgripi það hún hlaut að
horfa á það að hinir heiðnu gengu inn í
hennar helgidóm, um hvað þú hefur þó
boðið að þeir skyldu ekki innkoma í
þína samkundu. 11Allt hennar fólk það
stynur hátt og leitar sér fæðslu, þeir
selja út sínar hávur fyrir mat að þeir
kunni so að lífga sáluna.

Aha DROTTINN! Álít það og hygg að
því hversu aumleg eg em orðin!

12Yður segi eg það, öllum þeim sem
hér framhjá ganga: Skoðið það og hygg-
ið að því hvert þar er nokkur sorg so
sem mín sorg sem eg hefi í ratað því að
DROTTINN hefur fyllt mig af eymd á
þeim deginum sinnar grimmdarreiði.
13Hann hefur sent í mín bein einn eld út
af hæðunum og lætur hann geisa, hann
hefur sett net fyrir mínar fætur og
hneppt mig so til baka, hann hefur
gjört mig að einu örbæli so að eg hlýt
daglegana sorgbitin að vera. 14Mínar
þungu syndir eru uppvaknaðar fyrir
hans refsing og eru í hópum komnar
yfir minn háls so það allur minn mann-
skapur líður í burt. DROTTINN hefur svo
útreitt mig það eg kann ekki upp að
komast. 15DROTTINN hefur niðurtroðið
alla mína öfluga þá sem eg hafði, hann
hefur látið úthrópa eitt helgihald yfir
mér til að fordjarfa mína kaska yngis-
menn. DROTTINN hann lét meyjarnar
dótturinnar Júda troða vínþrúguna.
16Þar fyrir græt eg so og bæði mín augu
fljóta af vatni af því að sá hugsvalarinn
sem endurlífga skyldi mína sálu er mér
mjög fjarlægur. Mín börn eru í burt það

óvinurinn hefur fengið sigur úr skiptum.
17Síon breiðir út sínar hendur og þar
er þó enginn sem hugsvalar henni því
að DROTTINN skipaði óvinum Jakobs í
kringum hann so að Jerúsalem hlaut að
vera á millum þeirra líka sem ein saurug kvinna.
18DROTTINN er réttlátur því að eg var
hans munni óhlýðug. Heyrið það, allt
fólk, og hyggið að minni sorg, mínar
meyjar og yngismenn eru í burt gengnir í herleiðingina. 19Eg kallaði á mína
vini en þeir tældu mig, mínir prestar og
öldungar í staðnum eru máttlausir það
þeir ganga og biðja sér matar so að þeir
kunni þar með að endurlífga sínar sálir.
20Óhó DROTTINN! Álíttu þó hversu
kvalin að eg er so að mér er aumt í
kviðinum þar út af, mitt hjarta það
slæst um í mínu lífi það eg em mjög
harmþrungin. Úti þá hefur sverðið mig
og í húsinu þá hefur dauðinn gjört mig
til einnrar ekkju. 21Þeir heyra það vel að
eg andvarpa so þungt og eg hefi þó
öngvan hugsvalara. Allir mínir óvinir
heyra mína ógæfu og gleðja sig þess,
það sama gjörir þú. So lát þó þann dag
koma sem þú úthrópar að þeim skuli
ganga líka sem mér. 22Lát alla þeirra
illsku koma fyrir þig og útreið þá so
sem þú hefur útreitt mig fyrir allra
minna misgjörða sakir. Því að mín andvarpan er mikil og mitt hjarta er harmþrungið.

2 Hvernin hefur Drottinn yfirausið
dótturina Síon með myrkrunum
sinnar reiði! Hann hefur útkastað
þeirri dýrðinni Ísraels af himnum ofan
á jörðina, hann hugsaði ekki til sinnar
fótskarar á þeim deginum sinnar reiði.
2Drottinn hefur miskunnarlaust afmáð
alla bústaðina Jakobs. Hann hefur í
sinni bræði niður brotið öll styrktarvígi
dótturinnar Júda og gjört þau slétt.
Hann hefur ósæmt bæði hennar ríkisstjórn og svo hennar höfðingja. 3Hann
hefur í sundurbrotið öll Ísraelshorn í
sinni grimmdarreiði, hann dró sína
hægri hönd á bak við sig þá ið óvinurinn kom og hefur svo uppkveikt þann
eld í Jakob sem eyðir allt umhverfis.
4Hann hefur uppspennt sinn boga sem
einn óvin, hann hefur tíað sína hægri
hönd sem einn mótstöðumaður og hefur niðurdrepið allt það sem lystilegt var
að sjá og útausið sinni grimmdarreiði
sem eldi í bústaðina dótturinnar Síon.
5Drottinn er líka sem sé hann óvinur,
hann hefur Ísrael í eyðilagt, hann hefur
afmáð hennar herbergi og hefur fordjarfað hennar sterka kastala. Hann
hefur gjört dótturinni Júda mikla sorg
og harm. 6Hann hefur um koll kastað
sinni tjaldbúð so sem einum garði og
fordjarfað sinn bústað. DROTTINN hefur
látið gleyma bæði hátíðum og þvottdagshelgum í Síon og látið so vanvirðast í sinni grimmdarreiði bæði konunginn og kennimanninn. 7Drottinn
hefur í burt kastað sínu altari og bölvað
sínum helgidómi. Hann hefur gefið
múrveggina hennar herbergja út í óvinar hendur so að þeir hafa háhljóðað í
húsi DROTTINS líka sem á hátíðardegi.
8DROTTINN hefur hugsað að fordjarfa þá
múrveggina dótturinnar Síon. Hann
hefur dregið þann mælistrenginn þar
út yfir og hann sneri ekki sinni hendi
þaðan í frá fyrr en hann hafði afmáð
hana. Vígskörðin þau standa sárgrætilegana og múrveggirnir þeir liggja
hörmulegana. 9Hennar portdyr liggja
djúpt í jörðunni, hann í sundurbraut
hennar slagbranda og gjörði þá að
öngu. Hennar konungar og höfðingjar
eru í burt á meðal heiðinna þjóða þar
ið þeir mega ekki iðka lögmálið og
hennar prophetar hafa öngvar sjónir af
DROTTNI. 10Þeir öldungarnir dótturinnar
Síon liggja á jörðu og eru kyrrir, þeir
ausa moldardufti yfir höfuð sér og
klæða sig í sekkjum. Meyjarnar af Jerúsalem hengja sín höfuð til jarðar. 11Eg
hefi so nær útgrátið mín augu so að

mitt líf það tekur að sárna þar af. Mín lifur er úthellt á jörðina yfir eymdinni dótturinnar míns fólks þá eð brjóstmylkingarnir og smábörnin hungruðu á strætunum í staðnum, [12]þá eð þau sögðu til sinna mæðra: „Hvar er brauð og vín?“ þann tíð þau sultu á strætunum í staðnum, líka sem að væri þau særð til ólífis og gáfu so upp aundina í faðmi sinna mæðra.

[13]Aví þú dótturin Jerúsalem! Við hvern skal eg jafna þér? Og fyrir hvern skal eg reikna þig, þú jungfrúin dótturin Síon, hverjum skal eg samlíkja þig hvar með að eg kynni so að hugsvala þér? Því að þinn skaði er so stór sem eitt sjávarhaf, hver kann að græða þig?

[14]Þínir prophetar hafa prédikað þér lygar og fávíslegar sjónir og hafa ekki opinberað þér þínar misgjörðir hvar með þeir hefðu mátt frásnúa þinni herleiðingu heldur á hafa þeir prédikað fyrir þér lygisamlegar prédikanir með hverjum þeir hafa prédikað þig út af landinu. [15]Allir þeir sem ganga framhjá klappa höndum til samans, blístra að þér og skaka sín höfuð eftir dótturinni Jerúsalem: „Er það sá staðurinn af hverjum þeir sögðu að hann væri sá hinn allra prýðilegasti, af hverjum það allt landið gladdi sig?“ [16]Allir þínir óvinir upplúka sínum munni á móti þér, blístra að þér, nísta tönnum og segja: „Hei, hei! Vér höfum afmáð hana! Það er sá dagurinn vér höfum eftir beðið! Vér höfum það og fengið og vér höfum það lifað.“

[17]DROTTINN hefur framkvæmt það hvað honum bjó í sinni, hann hefur fullkomnað sín orð þau sem hann hafði áður fyrir langri ævi boðað. Miskunnarlaust hefur hann í eyðilagt, þína óvini hefur hann glatt yfir þér og upphafið það hornið þinna óvina. [18]Þeirra hjarta kallar til DROTTINS og þú, múrveggurinn dótturinnar Síon, láttu tárin ofanrenna nátt og dag líka sem annan læk, lát eigi af því og þinn augasteinn linni því ekki.[19]Statt upp á náttarþeli og kalla, úthell þínu hjarta fyrir augsýn Drottins, á þeirri fyrstu eyktarvökunni so sem vatni. Halt upp þínum höndum fyrir honum vegna sálnanna þinna ungbarna sem dóu af hungri frammi á öllum strætunum. [20]DROTTINN, sjá þú og hygg að því hvern að þú hefur so fordjarfað. Skyldu konurnar eta ávöxtinn síns kviðar, þau ungu börnin spannarlöng? Skyldu prophetarnir og prestarnir so niðurdrepnir verða í helgidóminum Drottins? [21]Þar lágu á strætunum, á jörðunni, ungir og gamlir, mínar meyjar og yngismenn eru fallnir fyrir sverði hverja þú hefur í hel slegið á þeim deginum þinnar reiði, þú hefur niðurdrepið vægðarlaust. [22]Þú kallaðir mína óvini utan um kring mig so sem á einn hátíðardag so að enginn komst undan eða varð eftir á þeim reiðinnar degi DROTTINS. Þá sem eg hafði fóstrað og uppfætt þeim hafa óvinirnir fyrirfarið.

3 Eg er einn aumlegur mann sem hlýt að sjá refsingarvönd hans grimmdarreiði. [2]Hann leiddi mig og lét mig ganga í myrkri og ei í ljósi. [3]Hann sneri sinni hendi á móti mér og hann höndlar allt öðruvís við mig um aldur og ævinlegana. [4]Hann hefur gjört mitt hold og hörund gamalt og í sundurkramið mín bein. [5]Hann byggði í kringum mig og hefur umvafið mig með galli og beiskri armæðu. [6]Hann hefur lagt mig út í myrkrið so sem hjá dauðu í veröldinni. [7]Hann hefur innimúrað mig so að eg kann ekki út að koma og lagði mig í hörð fjötur. [8]Og nær eð eg kallaði og kveinaði þá tilbyrgði hann sín eyru fyrir mínu bænaákalli. [9]Hann hefur tilmúrað minn veg með höggnum steinum og tilbyrgt so mína stigu. [10]Hann sat um mig sem eitt bjarndýr, líka sem annað león í fylsninu. [11]Hann lét mig misfara á veginum, hann í sundurskipti mér og gjörði mig að öngu. [12]Hann

spennti sinn boga og setti mig upp til skotmáls fyrir pílunni. 13Hann lét skjóta af örvamælirnum í mín nýru. 14Eg er ein háðung öllu mínu fólki og daglegur þeirra kveðskapur, 15hann saddi mig með beiskleika og gaf mér rammar jurtir að drekka. 16Hann í sundurmolaði mínar tennur í smá parta, hann velti mér í ösku. 17Mín sála er í burt drifin frá friðinum, eg hlýt að forgleyma því hinu góða. 18Eg sagða: „Minn máttur er í burtu og mín von til DROTTINS.“ 19Hugleiddu hversu eg er aumleg og fyrirlitin, drykkjuð með galli og beiskum jurtum. 20Þar muntu hugsa upp á það mín sála segir mér það.

21Eg legg það og í minni, þar fyrir vona eg þess enn nú. 22Góðgirni DROTTINS er það að vér erum ekki öldungis útgjörðir, hans miskunnsemi hefur enn nú öngvan enda 23heldur er hún ný hvern morgun og þinn trúleiki er mikill. 24DROTTINN er mitt hlutskipti, segir mín sála, þar fyrir vil eg og vona til hans.

25Því að DROTTINN er ástamlegur við þá sem vona eftir honum og þeim sálum sem leita að honum. 26Það er einn merkilegur hlutur að vera þolinmóður og vona upp á hjálpina DROTTINS. 27Það er manninum einn merkilegur hlutur að hann beri okið í sínum ungdómi. 28Svo að sá sé þolinmóður sem yfirgefinn er nær eð nokkuð kann yfir hann að bera 29og það hann stingi sínum munni í moldarduft og vænti so upp á vonina, 30og tilsteðji það hann sé á kinnvangann sleginn og það honum sé mikil forsmál til lögð.

31Því að Drottinn burt rekur ekki eilíflegana heldur so: 32Hann hryggir að vísu en hann tjáir sína miskunnsemi aftur eftir mikilleik sinna miskunnsemda. 33Því að hann plágar og hryggir manninn ekki út af hjarta. 34Líka sem að vildi hann alla bandingjana á jörðu öldungis niðurtroða undir sínar fætur 35og láta eins manns réttarfar beygjast fyrir Hinum allra hæðsta 36og láta eins manns málefni ranglegana úrskurðast líka sem að Drottinn sæi það ekki.

37Hver dirfist það að segja að slíkt muni ske þó Drottinn skipi það ei 38og það hverki illt né gott komi af munni Hins allra hæðsta? 39Því mögla þá mennirnir so í lífinu? Hver einn mögli í móti sinni synd. 40Látum oss rannsaka og uppleita vora breytni og snúa oss so til DROTTINS. 41Látum oss upplyfta vorum hjörtum með vorum höndum til Guðs á himnum.

42Vér, vér höfum syndgast og verið óhlýðugir, þar fyrir gjörðir þú rétt að þú hlífðir ekki. 43Heldur yfirhelltir þú og ofsóttir oss með reiði og hefur látið drepa oss miskunnarlaust. 44Þú huldir þig með einu skýi so að þar kunni engin bæn í gegnum að koma. 45Þú hefur gjört oss að saur og óhreinindum á meðal fólksins. 46Allir vorir óvinir opna sína munna á móti oss. 47Vér niðurþrykkjunst og þvingunst með skelfing og sorg. 48Mín augu renna með táralækjum yfir þeirri eymdinni dótturinnar míns fólks. 49Mín augu þau fljóta og kunna ekki af að láta því að þar lætur aldreigi af 50þangað til að DROTTINN sér það og hyggur að því af himnum. 51Mitt auga foreyðir mínu lífi í burt fyrir sakir dótturinnar míns staðar.

52Mínir óvinir eltu mig sem annan fugl að saklausu. 53Þeir fyrirkomu mínum líkama í eina gröf og köstuðu steinum á mig. 54Þeir yfirjusu og so mitt höfuð með vatni. Þá sagða eg: „Nú em eg með öllu útgjörður.“ 55En eg kallaði á þitt nafn, Drottinn, neðan úr gröfinni 56og þú heyrðir mína raust. Byrg ekki þín eyru fyrir minni andvarpan og ákalli. 57Nálæg þig til mín nær eð eg kalla til þín og seg þú: „Óttast þú ekki.“ 58Legg þú, Drottinn, dóm á málefni minnar sálu og frelsa mitt líf. 59DROTTINN, álíttu það hver óréttindi mig ske og hjálpa mér til míns réttar.

[60]Þú sér allar þeirra hefndir og allar
þeirra hugsanir á móti mér. [61]DROTTINN,
þú heyrir þá forsmán og allar þeirra
hugsanir yfir mér, [62]varirnar minna
mótstöðumanna og þeirra daglega upp-
diktan á móti mér. [63]Sjá þú þó hvort að
þeir setjast niður eða standa þeir upp
þá kveða þeir vísur um mig.
[64]DROTTINN, umbuna þeim það sem þeir
hafa verðskuldað, [65]lát hjarta þeirra
skelfast og formerkja þína bölvan, [66]of-
sæk þá með grimmd og afmá þá undir
himninum DROTTINS.

4 Hvernin er það gullið so með öllu
blakkt og það skæra gullið so ljótt
orðið og steinarnir helgidómsins liggja
so í sundurdreifðir fram á öllum stræt-
unum! [2]Þau eðla börnin Síon, skíra
gullinu samjöfn, hvernin eru þau nú lík
þeim leirpottunum sem leirkera-
smiðurinn gjörir! [3]Drekarnir þeir rétta
brjóstin að sínum ungum og gefa þeim
að sjúga en dótturin míns fólks skal
vera so miskunnarlaus svo sem einn
stríðsfugl á eyðimörku. [4]Tungan brjóst-
barnanna tollir við góminn á þeim af
þorsta, þau ungu börnin beiðast brauðs
og þar er enginn sá sem þeim brjóti
það. [5]Þeir sem áður fyrri átu hið lysti-
legasta þeir hungra nú á strætunum.
Þeir sem áður voru klæddir í silki þeir
hljóta að liggja nú í óhreinindum. [6]Sá
misgjörningurinn dótturinnar míns
fólks er stærri en syndir Sódóma, þeirri
sem um var turnað og þar kom engin
hönd til.

[7]Hennar Nazarei voru hreinari en
snjór og skærri en mjólk. Þeirra yfir-
litur var rauðara en kuriel, þeirra
ásjóna var líka sem saphirus. [8]En nú er
þeirra yfirlitur dökkur af sorta so að
menn þekkja þá ekki á strætunum,
þeirra skinn það loðir við beinin og þeir
eru so þurrir sem tré. [9]Þeim vegnaði
það betur sem drepnir voru með
sverðinu heldur en þeim sem dóu út af
hungrinu, þeir sem sultu og í hel
stungnir urðu vegna þess ávaxtarleysis
akurlandanna. [10]Hinar hjartsárustu
kvinnur hlutu sjálfar að sjóða sín börn
svo að þær hefðu nokkuð að eta í þeirri
eymdinni dótturinnar míns fólks.

[11]DROTTINN hefur fullkomnað sína
reiði, hann hefur úthellt sinni
grimmdarbræði, hann uppkveikti einn
eld í Síon hver að foreyddi hennar
grundvallan. [12]Konungarnir á jarðríki
hefðu því ekki trúað, eigi heldur allt
fólkið í veröldunni það sá mótstandar-
inn og óvinurinn skyldi inndraga um
Jerúsalem borgarhlið. [13]En það er skeð
fyrir synda sakir hennar propheta og
fyrir misgjörða sakir hennar kenni-
manna sem úthelltu réttlátra manna
blóði þar inni. [14]Þeir ráfuðu hingað og
þangað á strætunum, líka sem sjónlaus-
ir menn, og voru saurgaðir með blóði
svo að þeir máttu ekki snerta þau klæði
hinna annarra. [15]En þeir kölluðu til
þeirra: „Víkið frá, þér hinir saurugu!
Víkið frá, víkið frá! Áhrærið ekki neitt!“
Því að þeir forðuðust þá og flýðu fyrir
þeim so að sagt var einnin á meðal
heiðingjanna: „Þeir verða þar ekki
lengi.“ [16]Þar fyrir hefur reiði DROTTINS í
sundurdreift þeim og vill ekki meir sjá
til þeirra af því að þeir ekki í heiðri
höfðu prestana og gjörðu öngva mis-
kunnsemi við öldungana.

[17]Þó góndu samt vor augu eftir þeirra
hégómahjálpinni þangað til að þau
voru þróttlaus einnin, þann tíð vér von-
uðum á það fólkið sem oss kunni öngva
hjálp að veita. [18]Þeir eltu oss so að vér
þorðum ekki að ganga á vorum vegum.
Þá komu einnin vor ævilok, vorir dagar
eru úti, vor ending er komin. [19]Vorir ofs-
óknarar voru fljótari en ernur í loft-
inu, þeir ofsóttu oss á fjöllunum og sátu
um oss í eyðimörkinni. [20]Sá hinn
smurði DROTTINS sem var vort traust
varð þar hertekinn þá þeir foreyddu
oss á hverjum vér höfðum vort traust
að vér vildum lifa undir hans skugga á
meðal heiðinna þjóða. [21]Já gleð þig og

vert glaðvær, þú dótturin Edóm, þú sem býr í landinu Ús, því að þinn kaleikur skal einnin koma yfir þig, þú hlýtur einnin að verða drukkin og nakin. [22]En þú, dótturin Síon, þinn misgjörningur hefur einn enda, hann mun eigi oftar láta þig í burt flytja. En þins misgjörnins, þú dótturin Edóm, mun hann vitja og opinbera so þína synd.

5 Hugleittu að því, DROTTINN, hvernin það oss veitir. Álít þú og hygg að vorri forsmán. [2]Vor arfleifð er orðin þeim annarlegum að hlutskipti og vort hús hinum útlensku. [3]Vér erum föðurlausir og höfum öngvan föður, vorar mæður eru sem ekkjur. [4]Vort eigið vatn hljótum vér að drekka fyrir peninga, vorn við verðum vér að láta sækja með verði bitalaðan. [5]Þeir keyra oss fram yfir um þveran hnakkann og nær eð vér erum uppgefnir af mæði þá láta þeir oss þó öngva hvíld hafa. [6]Vér höfum orðið að gefa oss undir þá í Egyptalandi og í Assyria svo að vér mættum saddir verða af brauði. [7]Vorir feður þeir syndguðu og þeir eru ekki meir fyrir höndum og vér hljótum að gjalda þeirra misgjörninga. [8]Þrælar drottna yfir oss og þar er enginn sem frelsar oss út af þeirra hendi. [9]Vér hljótum að sækja vort brauð með vorum lífsháska fyrir sverðinu á eyðimörkina. [10]Vort hörund er forbrennt so sem í öðrum ofni af því hræðilegu hungrinu. [11]Þeir hafa skammað og vanvirt þær kvinnurnar í Síon og þær meyjarnar í stöðunum Júda. [12]Þeir höfðingjarnir eru hengdir af þeim og þeir hafa öngva virðing gjört hinum gömlu. [13]Hinir ungu karlmenn hlutu að mala kvarnarsteinum og hinir smáu áfram að hrasa í viðardrættinum. [14]Hinir gömlu sitja ekki lengur í portdyrunum og hinir ungu iðka ekki meir nein hljóðfæri. [15]Vor hjartans gleði hefur einn enda, vor danslæti eru umsnúin í sorgarkvæði. [16]Kórónan vors höfuðs er af fallin. Ó vei að vér höfum so syndgast! [17]Þar fyrir er einnin vort hjarta so harmþrungið og vor augu döpur orðin [18]fyrir sakir þess fjallsins Síon að það liggur í eyði so það refar hlaupa þar yfir um.

[19]En þú, DROTTINN, sem ert eilíflegana og þinn veldisstóll um aldur og eilífu, [20]hvar fyrir viltu so öldungis forgleyma oss og með öllu yfirgefa oss so lengi? [21]DROTTINN, leið oss aftur til þín svo að vér mættum komast aftur heim. Endurnýja vora daga líka sem forðum tíð. [22]Því að þú hefur kastað oss í burt og ert orðinn of reiður viður oss.

Ending þess Harmagrátsins Jeremie

PROPHETINN ESEKÍEL

1 Á því þrítugasta árinu þann fimmta daginn þess fjórða mánaðar þá að eg var á meðal þeirra herteknu við vatnið Kebar opnaðist himinninn og Guð vísaði mér sýn. 2Sá sami fimmti dagurinn mánaðarins var rétt líka so á því fimmta árinu eftir það að Jóakím konungurinn af Júda var hertekinn í burt fluttur. 3Þá skeði orð DROTTINS til Esekíel sonar Búsí, kennimannsins í Kaldealandi við vatnið Kebar. Þar kom hönd DROTTINS yfir hann.

4Og eg sá og sjá þú, að þar kom einn stormvindur af norðrinu með miklum skýflóka fullum af eldi so það lýsti allt um kring og mitt í þeim sama eldinum var eitt skært ljós 5og þar innan í ein mynd þvílíkast sem fjögur dýr og myndin eins á meðal þeirra var svo sem mannsmynd 6og hvert þeirra hafði fjórar ásjónur og fjóra vængi. 7Og þeirra fótleggir stóðu réttir en þeirra fætur voru svo sem uxafætur og ljómuðu svo sem annað skært sléttalátún. 8Og höfðu mannshendur undir sínum vængjum á þeim þeirra fjórum áttum það þau höfðu öll fjögur sínar ásjónur og sína vængi 9og þeir sömu vængirnir samlimuðu sig so hver við annan. Og nær eð þau gengu þá þurftu þau ekki að snúa sér heldur hvert sem þau gengu þá gengu þau beint sem þau horfðu. 10Þeirra ásjónur á þeim fjórum til hægri hliðar voru líka sem eins manns og eins leóns en á þeim fjórum til vinstri hliðar voru þeirra ásjónur líka so sem eins uxa og einnrar arnar. 11Og þeirra ásjónur og vængir voru ofan til aðskiljanlegir so það tveir vængirnir slógu til samans og með tveimur vængjunum huldu þau sína líkami. 12Og hvert eð þau gengu þá gengu þau það beint fram fyrir sig. En þau gengu í þá áttina þaðan sem vindurinn var og þurftu ekki að snúa sér við nær eð þau gengu. 13Og dýrinu voru svo álits að sjá sem logandi eldsglæður og líka sem brennandi ljóslogi þá gekk á millum dýranna. En sá eldurinn gaf eina birtu af sér og út af þeim eldinum gekk ein leiftran 14og þau dýrin hlupu hingað og þangað so sem ein logandi leiftran.

15En sem eg sá nú so dýrin, sjá þú, þá stóð þar eitt hjól á jörðunni í hjá þeim fjórum dýrum og það var svo að sjá sem fjögur hjól. 16Og þau sömu hjólin voru líka sem annar túrkissteinn og öll þau fjögur voru eitt öðru líkt og þau voru svo á að líta líka sem það hvert hjólið væri innan í öðru. 17Nær eð þau skyldu af stað ganga þá kunnu þau að ganga í allar fjórar áttirnar og þau þurftu ekki að snúa sér við þá eð þau gengu. 18Rendurnar og þeirra hæð voru hræðilegar, og svo þeirra randir voru fullar með augu allt um kring á öllum þeim fjórum hjólunum. 19Og nær eð þau dýrin gengu þá gengu og einnin hjólin hjá þeim. Og nær eð dýrin loftuðu sér frá jörðunni þá loftuðu sér og einnin hjólin. 20Hvaðan sem vindurinn stóð á þaðan gengu þau og einnin og hjólin loftuðu sér upp hjá þeim það það var einn lifandi vindur í hjólunum. 21Nær eð þau gengu þá gengu og einnin þessi, nær eð þau stóðu þá stóðu og einnin þessi. Og nær eð þau loftuðu sér upp frá jörðunni þá loftuðu sér og einnin hjólin hjá þeim það þar var einn lifandi vindur í hjólunum.

22En fyrir ofan dýrin var þvílíkast sem himinn væri so sem ógnarlegur christallus útbreiddur mitt yfir þeim 23so að þeirra vængir stóðu undir himninum, hvert rétt á móti öðru, og tveir vængirnir skýldu hvers þeirra líkama. 24Og eg heyrði vængjanna þyt líka sem mikils vatsfalls og so sem gný Hins Almáttuga nær eð þau gengu og so sem eitt stórt buldur mikils mannfjölda. 25En nær eð þau stóðu kyrr þá létu þau vængina niður og nær eð þau stóðu nú

kyrr og létu vængina so niður þá ljósturðu þar reiðarþrumur í himninum uppi yfir þeim. [26]Og upp yfir þeim himninum sem yfir þeim var þá var þar svo að líta sem annar saphirus, líka sem einn veldisstóll, og þar sat einn á þeim sama stóli so álits sem maður. Og eg sá að hann var eins líka sem eitt skært ljós. [27]Og það var innan allt um kring so að líta sem eldur. Upp frá hans lendum og ofan í frá sá eg að það lýsti sem eldur allt í kringum hann. [28]Líka so sem það regnboginn er álits í skýjunum nær eð dögg hefur verið eins so lýsti það allt um kring. Þessi var sjónin þeirrar dýrðar DROTTINS. Og þá að eg hafða það séð féll eg fram á mína ásjónu og eg heyrði einn tala.

2 Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, statt upp á þína fætur, þá vil eg tala við þig.“ [2]Og þá eð hann talaði svo við mig þá lifnaði eg við aftur og stóð upp á mína fætur og hlýddi honum sem talaði við mig. [3]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, eg sendi þig til Ísraelssona, til þess frásnúna lýðsins sem mér er fráhorfinn orðinn. Bæði þeir og þeirra forfeður hafa gjört mér í mót allt til þessa dags. [4]En þau börn til hverra að eg sendi þig hafa hörð höfuð og forhörðnuð hjörtu. Þú skalt segja til þeirra: So segir Drottinn GUÐ, [5]hvort heldur að þeir hlýða því eða ekki – það er eitt óhlýðugt hús – þá skulu þeir þó samt vita að þar er spámaður á meðal þeirra.

[6]Og þú, mannsins son, skalt eigi hræðast þá og ekki óttast þeirra orð. Þeir eru andvígir og hvassir klungurþyrnar hjá þér og þú býr á meðal flugorma. En þú skalt ei hræðast þeirra illyrði og ekki heldur uggablandinn vera fyrir þeirra yggldum tillitum þó að þeir séu samt eitt óhlýðugt hús [7]heldur skaltu segja þeim mín orð hvort heldur að þeir hlýða þeim eða eigi. Því að það er eitt óhlýðugt fólk. [8]En þú, mannsins son, heyrðu hvað eg segi þér og vert ekki óhlýðugur svo sem það hið óhlýðuga húsið er. Lúk þínum munni upp og et það hvað eg mun gefa þér.“

[9]Og eg leit til og sjá þú, þar var ein hönd útrétt á móti mér sem hafði eitt samanbrotið bréf. [10]Það útbreiddi hún fyrir mér og það var alskrifað utan og innan og þar inni stóð skrifaður harmasprengur og sorgargrátur og eymdarvé.

3 Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, et þú það sem fyrir þér er, sem er þetta bréfið, og gakk so í burt og prédika fyrir Ísraels húsi.“ [2]Þá upplauk eg mínum munni og hann gaf mér bréfið að eta. [3]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son skalt eta þetta bréf sem eg gef þér í þinn kvið og fylla þinn kvið þar með.“ Þá át eg það og það var so sætt í mínum munni sem hunang.

[4]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, gakk burt til Ísraels hús og prédika þeim mín orð. [5]Því eg sendi þig ekki til þess fólks sem eitt framanda mál hefur og eitt ókunnigt tungutæki heldur til húsins Ísrael, [6]já vissilega ekki til þess mikla múgafólksins sem hefur annarlegt mál og óskiljanlegt tungutæki, hverra orð að þú skilur ekki. Og þó að so væri að eg senda þig enn til þvílíkra þá mundu þeir þó gjarnan heyra þér. [7]En Ísraels hús hefur hörð enni og harðúðug hjörtu. En þó hefi eg gjört þitt andlit hart í gegn þeirra andliti og þitt enni í gegn þeirra ennum. [8]Já eg hefi gjört þitt enni svo hart sem einn adamas hver að harðari er en grjótsteinn. [9]Þar fyrir óttast þú ekki og vert eigi hræddur við þá þó að þeir sé eitt svodan óhlýðugt hús.“ [10]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, merk þú öll mín orð í þínu hjarta og lát þér í eyrum loða hvað eg segi þér. [11]Og gakk burt til þíns fólks, þeirra herteknu, og prédika fyrir þeim og segðu til þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ, hvort heldur að þeir

heyra það eða eigi.“ 12Og andinn tók mig upp og eg heyrði á bak mér aftur einn gný svo sem eins mikils jarðskjálfta (lofsamleg sé dýrðin DROTTINS í sínum stað) 13og þar var einn niður af vængjunum dýranna, þeirra sem numu til samans, og buldran hjólanna sem voru þar hartnærri þeim og gnýr eins mikils jarðskjálfta. 14Þá tók andinn mig upp og flutti mig í burt og eg fór þaðan og varð mjög hræddur. En höndin DROTTINS hélt mér fast. 15Og eg kom til þeirra herteknu sem bjuggu hjá vatninu Kebar þá eð mandelkjarnarnir stóðu með blómgan í abíbmánuði og eg setta mig niður hjá þeim sem þar sátu og eg var þar á meðal þeirra mjög hryggur í sjö daga.

16Og er þeir sjö dagar voru umliðnir þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: 17„Þú mannsins son, eg hefi sett þig til eins varðhaldsmanns yfir Ísraels hús. Þú skalt heyra orðið af mínum munni og vara þá við minna vegna. 18Nær að eg segi til hins óguðlega: Þú skalt dauða deyja, og þú varar hann eigi við og segir honum það ekki so að sá hinn óguðlegi kunni að vakta sig fyrir sínu óguðlegu athæfi svo að hann megi lífi halda, þá mun hinn óguðlegi deyja fyrir sinna synda sakir en hans blóðs mun eg krefja af þinni hendi. 19En varir þú hinn óguðlega við og hann snýr sér ekki í burt frá sínu óguðlegu athæfi og vegi þá mun hann deyja fyrir sinna synda sakir en þína sál hefur þú frelsað. 20Og nær að einn réttlátur snýr sér í burt frá sínu réttlæti og gjörir ranglega þá vil eg láta hann reka sig þar á so að hann deyi það með því þú hefur ekki varað hann við þá mun hann deyja fyrir sinna synda sakir og hans réttvísi sem hann hefur gjört mun ekki álitin vera heldur mun eg krefja hans blóðs af þinni hendi. 21En ef þú varar hinn réttláta við að hann skuli ekki syndgast og hann syndgast og einnin ekki þá skal hann lifa það hann lét vara sig við og þú hefur frelsað þína sál.“ 22Og hönd DROTTINS kom þar yfir mig og hann sagði til mín: „Rís upp og gakk út á sléttlendið, þar vil eg tala við þig.“ 23Og eg bjó mig til og gekk út á sléttlendið. Og sjá þú, að þar stóð dýrðin DROTTINS eins líka sem það eg sá hana hjá vatninu Kebar. Og eg féll fram á mína ásjónu 24og eg lifnaði við og stóð upp á mínar fætur og hann talaði við mig og sagði til mín: „Gakk þú burt og lyk þig inn í þínu húsi. 25Og þú, mannsins son, sjá þú, þeir munu leggja bönd á þig og binda þig þar með svo að þú skulir ekki hlaupast um. 26Og þína tungu vil og láta tolla við góminn á þér svo að þú skalt málláus vera og geta eigi lengur fundið að við þá það það er eitt óhlýðugt hús. 27En nær eð eg tala við þig þá vil eg upplúka þínum munni svo að þú skalt segja til þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ, hver hann heyrir sá heyri það, hver hann skeytir þar ekki um, sá skeyti því ekki, því að það er eitt óhlýðugt hús.

4 Og þú, mannsins son, tak þú einn tígulstein og legg hann fram fyrir þig og mála þar upp á borgina Jerúsalem. 2Og gjör þar herbúðir utan um kring og gjör þar eitt hervirki í kringum og bygg einn kastala þar utan um og graf þar einn virkisvegg í kringum og skipa þar fylkingum utan um kring og set þar vígvélar alla vegana í kringum hana. 3En þú, tak þér eina járnpönnu og lát það vara einn járnmúr á millum þín og borgarinnar og hef þitt andlit upp á móti henni og sit um hana. Það sama skal vera eitt teikn Ísraels húsi.

4Þú skalt og leggja þig á þína hinu vinstri hlið og leggja þar upp á misgjörningana hússins Ísraels. So marga daga sem þú liggur á hinni sömu hlið so lengi þá skaltu bera þeirra misgjörðir. 5En eg vil gjöra þér þau árin þeirra misgjörninga að daga tölu, einkum sem eru þrjú hundruð og níutígir dagar, so

lengi þá skaltu bera þær misgjörðirnar
hússins Ísraels. 6Og nær eð þú hefur
það fullkomnað þá skaltu leggja þig á
þína hægri hlið og þú skalt bera mis-
gjörðirnar hússins Júda í fjörutígi daga,
það eg gef þér hér og einnin einn dag
fyrir eitt ár. 7Og vernda þínu andliti og
þínum berum armlegg í gegn þeirri
umsetinni Jerúsalem og spáðu á móti
henni. 8Og sjá þú, eg vil leggja bönd á
þig svo að þú skalt ekki kunna að snúa
þér frá einni hliðinni til annarrar allt
þangað til að þú hefur fullkomnað þína
umsátursdaga.

9So tak nú til þín hveiti, bygg, baunir,
grjón, hrísgrjón og rúgmjöl og legg
þetta allt saman út í eitt ker og gjör þér
svo mörg brauð þar út af sem þú skalt
liggja dagana til á þína hlið svo að þú
hafir til fæðu af þeim í þrjú hundruð og
níutígi daga 10so að þinn matur skal
vera tuttugu secel að þyngd sem þú
skalt hvern dag eta. So mikils skaltu
neyta í frá þeim einum tímanum til
annars. 11Þú skalt og drekka vatn eftir
skammti, sem að er hin sétta part út af
hín, og það skaltu og einnin drekka frá
einum tímanum til annars. 12Byggköku
skaltu eta þá sem þú skalt steikja fyrir
þeirra augum við mannaþrekk.“ 13Og
DROTTINN sagði: „Líka so skulu Ísraels-
börn eta sitt saurugt brauð á meðal
heiðingjanna til hverra að eg hefi í burt
rekið þá.“

14En eg sagði: „Ó Drottinn GUÐ! Sjá
þú, mín sála er nú enn ekki saurug
orðin því að í frá barndómi mínum allt
til þessa dags þá hefi eg enn ekki neitt
hræ eður dýraslitur etið og aldreigi þá
hefur þar enn neitt saurugt slátur kom-
ið í minn munn.“ 15Þá sagði hann til
mín: „Sjá þú, eg vil leyfa þér að þú takir
nautatað fyrir mannaþrekk og baka þitt
brauð þar við.“ 16Og hann sagði til mín:
„Þú mannsins son, sjá þú, eg vil í burt
taka nægtina brauðsins í Jerúsalem svo
að þeir skulu eta brauðið eftir vigt og
með eymdarneyð og drekka vatnið af
skammti og með eymdarneyð 17af því
að þar skal þrjóta bæði brauð og vatn
og hver skal harma með öðrum og van-
megnast svo í sínum misgjörningum.

5 Og þú, mannsins son, tak þú eitt
sverð það sem er so hvasst sem
einn hárhnífur og drag það yfir þitt
höfuð og hökuskegg og tak síðan eina
metaskál og í sundur skiptu því svo þar
með. 2Þann einn þriðjunginn skalt upp-
brenna með eldi mitt í staðnum nær eð
þeir umsátursdagarnir eru úti. Tak
þann annan þriðjunginn og slá þú hann
allt um kring með sverðinu. Þann sein-
asta þriðjunginn skaltu útdreifa í
vindinn so það eg skuli rykkja út
sverðinu eftir þeim. 3En þú, tak nokkuð
lítið út af því og bitt það í kápublað þitt
4og tak þú síðan nokkuð af því og kasta
því út á eldinn og uppbrenn það með
eldi þar út af skal koma einn eldur yfir
allt Ísraels hús.

5Svo segir Drottinn GUÐ: Það er Jer-
úsalem sem eg hefi sett á meðal
heiðingjanna og það landið allt um
kring hana. 6En hún umsneri mínu lög-
máli í óguðlega lærdóma meir en
heiðingjarnir og mínum réttindum
meir en þau löndin sem þar liggja allt
um kring hana. Því að þeir forleggja
mitt lögmál og vilja ekki lifa eftir mín-
um réttindum. 7Þar fyrir segir Drottinn
GUÐ svo: Fyrst að þér gjörið það frekara
en heiðingjarnir sem eru í kringum yð-
ur og lifið ekki eftir mínum boðorðum
og gjörið ekki eftir mínum réttindum
heldur breyti þér eftir siðvenju
heiðingjanna þeirra sem eru í kringum
yður, 8þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo:
Sjá þú, eg vil til við þig, eg vil og láta
ganga réttinn yfir þig svo að heiðingj-
arnir skulu sjá upp á það. 9Og eg vil svo
höndla við þig sem eg enn aldreigi
gjörði og ekki héðan í frá gjöra mun
fyrir allra þinna svívirðinga sakir. 10Svo
að í þér skulu foreldrarnir eta sín eigin
börn og börnin sína foreldra og eg vil

láta svoddan réttarfar ganga yfir þig að allir þeir sem eftir blífa af þér þá skulu útdreifast í allar áttir vindanna.

[11]Þar fyrir, so sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, af því að þú hefur saurgað minn helgidóm með allsháttuðum svívirðingum og afguðum, fyrir það vil eg og í sundurslíta þig og mitt auga skal ekki vægja þér og ekki sjá aumur á þér. [12]Þriðjungurinn út af þér skal deyja í drepsótt og af hungri að öngu verða og sá annar þriðjungur skal falla fyrir sverði allt í kringum þig og þann hinn síðasta þriðjunginn vil eg í sundur dreifa út í allar áttir vindanna og sverðinu útrykkja eftir þeim.

[13]Svo skal mín reiði fullkomnast og mín heiftargrimmd framkvæmast yfir þeim að eg kunni so að hefna minnar svívirðingar. Og þeir skulu fornema það að eg, DROTTINN, hefi talað þetta í minni vandlætingu nær að eg hefi útgjört mína grimmd viður þá. [14]Eg vil setja þig til eins eyðibóls og til forsmánar fyrir þeim heiðingjunum sem eru í kringum þig fyrir allra þeirra augsýn sem þar ganga hjá. [15]Og þú skalt verða ein háðung, forsmán, eftirdæmi, býsn og forundran fyrir öllum þeim heiðnjum þjóðum sem að eru í kringum þig þá nær að eg læt réttinn ganga yfir þig með ákefð, heift og hefndarreiði. Eg, DROTTINN, segi það. [16]Og nær að eg skýt þeim hungursins meinsemdar skeytum til þeirra sem skaðsamleg munu vera og eg skýt þeim út yður til fordjörfunar og læt so það hungrið allt jafnt magnast yfir yður og í burt svipti þeirri nægtinni brauðsins. [17]Já, eg vil senda hungur og grimm villudýr á meðal yðar þau eð yður skulu gjöra barnlausa og þar skal geisa drepsótt og blóð á meðal þín og eg vil leiða sverðið yfir þig. Eg, DROTTINN, hefi þetta talað.

6 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, snú þínu augliti í gegn fjöllunum Ísraels og spáðu á móti þeim [3]og seg þú svo: Þér Ísraelsfjöll, heyrið orð Drottin GUÐS. So segir Drottinn GUÐ bæði til fjallanna og hæðanna, bæði til lækjanna og dalanna. Sjá þú, eg vil innflytja sverðið yfir yður og foreyða svo yðrar hæðir [4]so að yðar ölturu skulu í eyði leggjast og yðrir afguðir í sundur brotnir verða. [5]Og eg vil láta í hel slá yðra líkami fyrir þeim líkneskjunum. Já, eg vil fella líkami Ísraelssona fyrir yðrum líkneskjum og eg vil sundurdreifa yðar beinum í kringum yðar ölturu.

[6]Hvar eð þér búið þar skulu staðirnir í eyði verða og þær hæðirnar að óbyggðum. Því að þeir munu yðar öltörum foreyða og að óbyggðum gjöra og í sundur brjóta yðar afguði og til einskis gjöra þá og í sundur slá yðrar líkneskjur og yðrar stiktanir afmá [7]og hinir í hel slegnu skulu liggja þar á meðal yðar svo að þér skuluð finna það að eg sé DROTTINN. [8]En nokkra vil eg láta eftir verða af yður sem sér skulu fyrir sverðinu forðað geta á meðal heiðinna þjóða þá að eg hefi nú í sundur dreift yður í landinu. [9]Þeir hinir sömu sem eftir eru orðnir af yður munu hugsa til mín á meðal þjóðanna þar sem þeir hljóta herteknir að vera þá að eg hefi nú í sundur slegið þeirra hóruhjarta sem í burt viku frá mér og þeirra hóruaugu sem skygndu eftir sínum skúrgoðum. Og þeir skulu iðrast sinna illgjörða sem þeir hafa framið með allsháttuðum svívirðingum [10]og þeir skulu finna það að eg er DROTTINN og hafi það ekki til forgefins talað að gjöra þeim svoddan ógæfu.

[11]Svo segir Drottinn GUÐ: Slá þú þínum höndum saman og stappa þínum fótum niður og seg svo: Vei yfir öllum illgjörðum svívirðinganna í húsi Ísraels! Þar fyrir skulu þeir falla fyrir sverði, hungri og drepsótt. [12]Hann hver að fjarlægur er skal deyja af drepsótt og hinn sem nálægur er skal falla fyrir sverði. En hann hver eð eftir er orðinn

og hefur getað forðað sér þá skal sá deyja af hungri. Svo vil eg nú fullkomna mína grimmdarreiði á meðal þeirra [13]svo að þeir skulu finna það að eg er DROTTINN nær eð hinir í hel slegnu út af þeim liggja þar á meðal afguðanna allt um kring þau öltörin þeirra, á öllum hæðunum og á öllum há fjöllum og undir öllum blómguðum viðartrjánum og undir öllum þykkgreinuðum stóreikum, út í hverjums töðum þeir færðu sínar ilmandi sætleiksfórnir fyrir alls kyns skúrgoðum. [14]Eg vil útrétta mína hönd á móti þeim og gjöra landið tómt og í eyði, í frá þeirri eyðimörkinni allt til Díblat hvar eð þeir búa. Og þeir skulu finna það að eg er DROTTINN.

7 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, svo segir Drottinn GUÐ af landinu Ísrael: Endinn kemur, sá endinn yfir allar fjórar álfur landsins. [3]Nú kemur endinn yfir þig því að eg vil útsenda mína reiði yfir þig og eg mun dæma þig eftir því sem þú hefur forþénan til og eg vil gefa þér hvað öllum þínum svívirðingum heyrir. [4]Mitt auga skal ekki spara þig né vægja þér heldur vil eg launa þér eftir því sem þú hefur forþénan til og þínar svívirðingar skulu hjá þér niður koma so að þér skuluð það fornema að eg er DROTTINN.

[5]Svo segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, ein ógæfan kemur eftir aðra. [6]Endinn kemur, sá endirinn kemur. Vaurðurinn er yfir þér, sjá þú, hann kemur. [7]Hann gengur upp nú þegar og brýst fram yfir þig, þú landsins innbyggjari. Tíðin kemur, sá hörmungardagurinn er í nánd, svo að þar mun enginn söngur á fjöllunum vera. [8]Snarlega þá vil eg nú úthella minni heiftarbræði yfir þig og fullkomna so mína reiði á þér og eg vil dæma þig eftir því sem þú hefur forþénað og gefa þér það sem öllum þínum svívirðingum heyrir. [9]Mitt auga skal ekki hlífa þér og eg vil ekki líknsamur vera heldur skal eg gjalda þér svo sem þú hefur forþénað og þínar svívirðingar skulu niðurkoma á meðal þín so að þér skuluð fornema það eg sé DROTTINN sá sem slær yður.

[10]Sjá þú, dagurinn, sjá þú, hann kemur hingað, hann brýst fram. Vöndurinn blómgast og sá hinn stolti hann grænkast. [11]Víkingurinn hefur reiðubúið sig til að vera vöndur yfir hina óguðlegu so að enginn af þeim eður af þeirra fólki né af þeirra flokki skal nokkuð traust hafa. Þar fyrir kemur sá tíminn og sá dagurinn tekur að nálægjast. [12]Hann hver að kaupir þarf eigi að gleðjast og hinn sá eð selur þarf eigi að kvíða því reiðin mun koma yfir allan hennar mannflokk. [13]Þar fyrir skal hann sá sem selur ekki hugsa eftir sínum útlögðum fémunum það sá sem þar lifir hann skal bíhalda því. Því að spádómurinn yfir öllum hennar mannfjölda skal ekki til baka ganga, enginn skal sínu lífi bíhalda fyrir sinna misgjörða sakir.

[14]Látið þá blása í herlúðrana og tilbúa alla hluti, þó mun þar enginn út fara til bardagans. Því að mín grimmd gengur yfir allan þeirra mannflokk. [15]Sverðið geisar á strætunum, drepsóttin og hungrið það gengur í húsunum. Hann sem er á akrinum skal deyja fyrir sverðinu og hver sem að er í staðnum þann skal drepsóttin og hungrið upp svelgja. [16]Og hver eð undan getur flúið af þeim sá mun á fjöllunum felast og so sem allar þær dúfur sem í dölunum krytja sín á milli, hver sem einn fyrir sinna misgjörða sakir. [17]Allra hendur skulu niður síga og öll kné skulu so skjálfandi standa sem vatn. [18]Og þeir munu vefja sig í sekkjum og yfirausast með hræðslu og öll andlit skulu hryggileg að sjá og allra höfuð skulu hárlaus verða. [19]Þeir munu útkasta sínu silfri á göturnar og akta sitt gull sem óhreinindi því að þeirra silfur og gull mun ekki frelsa þá á þeim reiðinnar degi DROTTINS. Og þeir skulu þó ekki seðja

sínar sálir þar með og eigi fylla sinn kvið þar af því að það var þeim ein hneykslan til sinna misgjörða.

[20]Þeir gjörðu af sínum dýrindisgripum (sem þeir skörtuðu við) líkneskjur sinna svívirðinga og skúrgoða. Þar fyrir þá vil eg gjöra þeim það sama að óhreinindum [21]og eg vil gefa það í ókunnugra hendur svo að þeir skulu ræna því og hlutskipta því hinum óguðlegu á jörðu so að þeir skulu saurga það. [22]Eg vil snúa mínu andliti í burt þaðan svo að þeir skulu saurga mína fjársjóðu, já, ræningjar skulu koma yfir þá og saurga þá.

[23]Gjör þú fjötra það landið er fullt með blóðskuld og staðurinn fullur af mótþróa. [24]So mun eg láta koma þá hina vestu á meðal heiðingjanna svo að þeir skulu eignast þeirra hús og eg vil gjöra einn enda á því dramblætinu hinna voldugu og saurga þeirra kirkjur. [25]Foreyðslumaðurinn kemur, þá munu þeir leita friðarins og hann mun eigi þar vera. [26]Eitt slysið mun koma eftir annað og ein ótíðindin eftir önnur. Þá munu þeir spyrja að vitran hjá prophetunum en þar mun hverki vera lögmál hjá prestunum né ráð hjá öldungunum. [27]Og kóngurinn mun hryggur vera og höfðingjarnir munu í sorgarbúningi klæddir og fólksins hendur í landinu munu duglausar vera. Eg vil höndla við þá svo sem að þeir hafa lifað til og eg vil dæma þá svo sem að þeir hafa verðskuldað svo að þeir skulu fornema það eg er DROTTINN.

8 Og það skeði so á því sétta árinu þann fimmta daginn í þeim sétta mánaðinum að eg sat í mínu húsi og öldungarnir af Júda sátu fyrir mér. Þar féll hönd Drottins GUÐS á mig. [2]Og sjá þú, að eg sá það sem var undir hans lendum, það var líka sem einn eldur. En fyrir ofan hans lendar var það sem skínandi geislar. [3]Og hann útrétti líka sem aðra hönd og tók í hárið á mínu höfði. Þá flutti andinn mig á millum himins og jarðar og flutti mig til Jerúsalem í einni Guðs sýn til þeirra innstu dyranna sem standa í móti norðrinu þar eð þá stóð eitt líkneski til misþóknunar við húsherrann. [4]Og sjá þú, að þar var dýrðin Guðs Ísraels so sem að eg hafði séð hana áður á akrinum. [5]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, upplyft þínum augum á móti norðrinu.“ Og þá eð eg upplyfti mínum augum í móti norðrinu, sjá þú, þá stóð þar gegnt norðrinu það óþokkalíkneski hjá portdyrunum altarisins, rétt þar sem inn er gengið. [6]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, sér þú einnin hvað þessir þeir gjöra? Einkum þá miklu svívirðingina sem húsið Ísrael gjörir hér að þeir drífa mig langt í burt frá mínum helgidómi. En þú skalt enn sjá miklu stærri svívirðingar.“

[7]Og hann flutti mig fyrir dyrnar fordyranna og sjá þú, eg sá að þar var ein hola inn í vegginn. [8]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, graf þú inn í gegnum vegginn.“ Og þá gróf eg í gegnum vegginn. Sjá þú, þá voru þar einar dyr. [9]Og hann sagði til mín: „Gakk þú þar inn og skoða þær vondar svívirðingarnar sem þeir fremja hér.“ [10]Og sem eg kom þangað inn og skoðaði, sjá þú, þá voru þar alls kyns líkneskjur orma og dýra og ekki utan svívirðingar og alls kyns afguðir húsins Ísrael var þar alla vegana í kringum veggina, [11]frammi fyrir hverjum að stóðu sjötígi menn af öldungunum hússins Ísraels og Jasanja Safanson stóð einnin á milli þeirra og hver af þeim hafði sitt glóðarker í hendi og þar gekk up ein þykk þoka af reykelsinu. [12]Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, sér þú hvað öldungarnir hússins Ísraels þeir gjöra í myrkrinu, hver í sínu prýðilegasta herbergi? Því að þeir segja: DROTTINN hann sér oss ekki heldur hefur DROTTINN yfirgefið landið.“ [13]Og hann sagði til mín: „Þú skalt enn

nú sjá miklu stærri svívirðingar sem
þeir gjöra.“
14Og hann leiddi mig inn til þeirra
dyranna í hús DROTTINS sem stóðu í
mót norðrinu og sjá þú, þar sátu konur
sem grétu yfir Tamús. 15Og hann sagði
til mín: „Þú mannsins son, sér þú þetta?
Þó skaltu enn nú sjá stærri svívirðingar
en þessar eru.“ 16Og hann leiddi mig
inn í þann innsta garðinn á húsi
DROTTINS og sjá þú, að fyrir musterisins
dyrum DROTTINS, á millum fordyranna
og altarisins, þar voru nær fimm og
tuttugu menn sem sneru bakinu við
musteri DROTTINS og sínum andlitum á
móti austrinu og þeir tilbáðu í móti sól-
arinnar uppgöngu. 17Og hann sagði til
mín: „Þú mannsins son, sér þú þetta?
Hvert er húsinu Júda þetta enn of lítið
að gjöra hér allar soddan svívirðingar?
Þar eð þeir fremja þó ekki utan yfir-
gang og óréttindi í öllu landinu og fara
þannin að og reita mig svo til reiði. Og
sjá þú að þeir halda vínviðarkvistum að
nösunum. 18Þar fyrir vil eg höndla við
þá meður hefndarreiði og mitt auga
skal ekki spara þá, eg vil og ekki vægja
þeim. Og þó að þeir kalli enn með hárri
raust fyrir mínum eyrum þá mun eg þó
ekki bænheyra þá.

9 Og hann kallaði með hárri raust
fyrir mínum eyrum og sagði: „Lát
vitjunina staðarins nálægjast og hver
einn skal hafa drápsvopn í sinni
hendi!“ 2Og sjá þú, þar komu sex menn
á veginn hingað frá því Yfirportinu sem
stendur mót norðrinu og hver þeirra
hafði eitt banvænlegt vopn í sinni
hendi. Og þar var einn á meðal þeirra
sem línklæði á sér hafði og ein skriffæri
við sína síðu. Og þeir gengu þangað inn
og stóðu hjá koparaltarinu.
3Og dýrðin Guðs Ísraels lyfti sér upp
frá kerúbín, yfir hverjum hún var undir
hvelfing hússins, og kallaði á þann sem
í línklæðunum var og skriffærin hafði
við sína síðu. 4Og DROTTINN sagði til
hans: „Gakk þú í gegnum staðinn Jer-
úsalem og teikna með einu teikni í enn-
um þess fólksins sem stynja og aumka
sig yfir öllum þeim svívirðingum sem
þar ske inni.“ 5En hann sagði til þeirra
hinna annarra so eg heyrða: „Gangið
eftir honum í gegnum staðinn og sláið
þar í bland, yðar augu skulu ekki vægja
né þyrma. 6Sláið bæði gamla og unga,
meyjar, konur og börn, alla til dauðs.
En öngvan af þeim skulu þér áhræra
sem teiknið hefur. En takið fyrst til á
mínum helgidómi.“ Og þeir upphófu á
því gamla fólkinu sem þar var fyrir hús-
inu. 7Og hann sagði til þeirra: „Saurgið
húsið og fyllið fordyrnar með dauða
líkami. Gangið út.“ Og þeir gengu út og
í hel slógu þá sem í staðnum voru.
8Og þá eð mannfallið var skeð þá var
eg enn eftir orðinn. Og eg féll fram á
mína ásjónu, kallaði og sagði: „Ó Drott-
inn GUÐ! Viltu þá fyrirfara þeim öllum
sem eftir eru orðnir í Ísrael fyrst að þú
úthellir so þinni reiði yfir Jerúsalem?“
9Og hann sagði til mín: „Sú misgjörð
hússins Ísraels og Júda er mikils til of
stór. Þar er ekki utan ofríki í landinu og
rangindi í staðnum. Því að þeir segja:
DROTTINN hefur yfirgefið landið og
DROTTINN hann sér oss ekki. 10Þar fyrir
skal mitt auga ekki spara þá, eg vil og
ekki sjá aumur á þeim heldur þá skal eg
láta koma þeirra gjörning yfir höfuð
þeim.“
11Og sjá þú, að sá maðurinn sem í lín-
inu var klæddur og skriffærin hafði við
sína síðu svaraði og sagði: „Eg hefi svo
gjört sem þú skipaðir mér.“

10 Og eg skoðaði og sjá þú, á
himninum upp yfir höfðinu
kerúbím var líka álits sem annar sap-
hirus og þar upp yfir var það líka svo til
að sjá sem einn veldisstóll. 2Og hann
sagði til þess mannsins í línklæðunum:
„Gakk þú inn á millum hjólanna undir
kerúbím og tak þínar hendur fullar
með eldsglæður sem eru á milli ker-

úbím og dreif þeim út yfir staðinn.“ 3Og hann gekk þangað inn svo að eg sá að sá hinn sami gekk þar inn. En kerúbím stóðu hægramegin í húsinu og fordyrnar urðu innan til fullar af þoku. 4Og dýrðin DROTTINS upplyfti sér frá kerúbím til hvolfsins á húsinu og húsið varð fullt af þoku en fordyrnar fylltust með skínandi geisla af dýrðinni DROTTINS. 5Og þyturinn vængjanna þeirra kerúbím heyrðist allt út yfir fordyrnar líka sem raustin Almáttugs Guðs nær eð hann talar.

6Og þá eð hann hafði boðið þeim manninum í línklæðunum og sagt: „Tak þú eldinn á millum hjólanna undir kerúbím“ þá gekk sá hinn sami inn og stóð hjá hjólunum. 7Og kerúbím útrétti sína hönd á millum þeirra kerúbím til eldsins þess sem var á millum kerúbím, tók þar af og fékk í hendur manninum í línklæðunum. Hann tók við því og gekk út. 8Og þá sýndist á þeim kerúbím líka sem ein mannshönd undir þeirra vængjum.

9Og eg leit til og sjá þú, að þar stóðu fjögur hjól hjá kerúbím, hjá hverjum kerúbím eitt hjól og hjólin voru til að sjá líka sem einn túrkis 10og öll fjögur voru þau það eina líka sem hið annað, líka svo sem hvort hjólið væri í öðru. 11Nær eð þau skyldu nú ganga af stað þá kunnu þau öll að ganga í fjórar áttir og þurftu ekki að snúa sér við þá eð þau gengu heldur hvort það hið fyrsta gekk þangað gengu hin eftir og þurftu ekki að snúa sér við 12ásamt með sínum gjörvöllum líkama, hrygg, höndum og vængjum. Og hjólin voru full með augu allt um kring á öllum fjórum hjólunum. 13Og hann kallaði til hjólanna: „Galgal“ svo að eg heyrða það. 14Hvert þeirra hafði fjögur andlit. Það fyrsta andlitið var eins og kerúbím, það annað var eins manns, hið þriðja eins leóns, fjórða einnrar arnar. 15Og þeir kerúbím lyftu sér upp. Þetta er það sama dýrið sem eg sá hjá vatninu Kebar. 16Nær eð kerúbím gengu þá gengu og einnin hjólin hjá þeim og nær eð kerúbím hreyfðu sínum vængjum að þeir loftuðu sér svo frá jörðunni þá snerust og ekki að heldur hjólin í frá þeim. 17Nær eð hinir þeir stóðu þá stóðu og einnin þessir, lyftu hinir sér upp þá upplyftu sér og einnin þessir, það þar var einn lifandi vindur í þeim.

18Og dýrðin DROTTINS gekk í burt aftur þaðan frá hvolfinu á húsinu og setti sig yfir kerúbím. 19Þá hreyfðu kerúbím sínum vængjum og loftuðu sér upp frá jörðunni fyrir mínum augum og nær eð þeir gengu út þá gengu hjólin hjá þeim og þeir gengu til þeirra dyranna á húsi DROTTINS á mót austrinu og dýrðin Guðs Ísraels var upp yfir þeim.

20Þetta er það sama dýrið sem eg sá undir Guði Ísraels hjá vatninu Kebar. Og eg formerkti að það voru þeir kerúbím 21sem þau fjögur andlitin höfðu og þá fjóra vængina og undir þeirra vængjum líka svo sem mannshendur. 22Þeirra andlitsmynd var eins líka so sem það eg sá í hjá vatninu Kebar og þau gengu beinan veg fram fyrir sig.

11 Og andinn tók mig upp og flutti mig til dyranna á húsi DROTTINS þeirra sem horfa á móti austrinu og sjá þú, að undir dyrunum voru fimm menn og tuttugu. Og eg sá Jasanja Assúrson á meðal þeirra og Platja Banajason, höfðingana á meðal fólksins. 2Og hann sagði til mín: „Þú mannsins son, þessir menn hafa illskusamlegar hugsanir og skaðsamlegar ráðagjörðir í þessum stað 3það þeir segja: Það er enn ekki so nær komið. Látum oss byggja upp húsin. Er hann ketillinn svo erum vér kjötið. 4Þar fyrir skaltu, mannsins son, spá í móti þeim.“ 5Og Andi DROTTINS féll yfir mig og sagði til mín: „Seg þú: Svo segir DROTTINN: Þér af húsi Ísraels hafið so talað og eg þekki vel þann andann yðvars hugskots. 6Þér hafið margan í hel slegið í þessum stað og hans stræti

liggja full af dauðum mönnum. [7]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Þeir sem þér hafið í hel slegið þar inni þeir eru kjötið og hann er ketillinn en þér hljótið hér út. [8]Eg vil láta sverðið koma yfir yður sem þér eruð hræddir við, segir Drottinn GUÐ. [9]Eg vil útskúfa yður í burt héðan og gefa yður í annarlegra hendur og eg vil gjöra yður yðvarn rétt [10]að þér skuluð falla fyrir sverði í þeim landsálfunum Ísraels vil eg dæma yður og þér skuluð fornema það að eg sé DROTTINN. [11]En staðurinn skal ekki vera yðar ketill, eigi heldur þér kjötið þar út í, heldur vil eg dæma yður í Ísraels landamerkjum. [12]Og þér skuluð fornema að eg er DROTTINN. Því að þér hafið ekki gengið eftir mínum boðorðum og ekki haldið mín réttindi heldur hafi þér breytt eftir siðvenju heiðinna þjóða þeirra sem eru í kringum yður.“

[13]Og þann tíð eg spáði svo á deyði Platja Benajason. Þá féll eg fram á mína ásjónu og æpti með hárri raust og sagði: „Óhó Drottinn GUÐ! Hvort viltu nú öldungis gjöra einn enda á öllum þeim sem eftir eru orðnir í Ísrael?“

[14]Þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [15]Þú mannsins son, þínir bræður og nánustu frændur og allt Ísraels hús sem enn nú býr í Jerúsalem segja svo hver við annan: Hinir aðrir eru langt í burt flýðir frá DROTTNI en vér höldum landinu. [16]Þar fyrir þá seg þú: Svo segir Drottinn GUÐ: Já, eg hefi látið drífa þá langt í burt á meðal heiðingjanna og dreift þeim víða um löndin. Þó vil eg snarlega vera þeirra frelsari í þeim löndunum sem þeir eru komnir til. [17]Þar fyrir seg þú: Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil samansafna yður í frá fólkinu og eg vil safna yður úr þeim löndunum sem þér eruð burt dreifðir og eg vil gefa yður það landið Ísrael. [18]Þangað skulu þér koma og í burt taka þaðan allar afguðadýrkanir og svívirðingar. [19]Og eg vil gefa yður eitt samhugað hjarta og eg vil gefa einn nýjan anda í yður og eg vil í burt taka það steinhjarta úr yðru brjósti og gefa yður eitt hjarta af holdi [20]svo að þeir munu ganga í mínum setningum og halda mín réttindi og gjöra þar eftir. Og þeir skulu vera mitt fólk, svo vil eg vera þeirra Guð. [21]En þeir sem ganga eftir þeirra sjálfs hjartans afguðadýrkun og svívirðingum þeirra gjörningur vil eg þeim sjálfum í koll kasta, segir Drottinn GUÐ.

[22]Þá flöktu kerúbím þeirra vængjum og hjólin gengu hjá þeim og dýrðin Guðs Ísraels var upp yfir þeim. [23]Og dýrðin DROTTINS upplyfti sér af staðnum og setti sig upp á fjallið það sem liggur mót austrinu frá staðnum. [24]Og andinn lyfti mér upp og flutti mig í einni sýn í Guðs anda í Chaldea til þeirra fanganna og sú sýnin sem eg sá hvarf frá mér. [25]Og eg sagði til fanganna öll þau orð DROTTINS sem hann hafði vísað mér.

12 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, þú býr á meðal eins óhlýðugs húss sem vel hafa augu svo að þeir kunni að sjá og vilja þó ekki sjá, eyru svo að þeir kunni að heyra og vilja þó ekki heyra heldur er það eitt óhlýðugt hús. [3]Þar fyrir, þú mannsins son, tak þinn ferðabúning og far af stað þaðan á björtum degi fyrir þeirra augum. Þú skalt fara í burt frá þínum bústað til eins annars staðar svo að þeir sjái það, ef það svo mætti verða að þeir vildu formerkja það að þeir væri eitt óhlýðugt fólk. [4]Og þú skalt taka þinn farangur út með þér svo sem búinn til ferðar á björtum degi fyrir þeirra augum. Og á móti kveldinu skaltu í burt fara þeim ásjáöndum líka svo sem það maður býr sig af stað nær ed hann vill ferðast. [5]Og þú skalt grafa í gegnum vegginn fyrir þeirra augum og fara so þar í gegnum. [6]Og þú skalt taka það upp á þínar herðar og bera það svo út þá myrkt er orðið. Þú skalt byrgja þitt and-

lit svo að þú sjáir ekki landið því að eg
hefi sett þig Ísraels húsi til eins undar-
legs fyrirburðar. 7Og eg gjörði sem mér
var boðið og bar út minn farangur svo
sem búinn til ferðar á björtum degi og
um kveldið gróf eg með hendinni í
gegnum vegginn og þá ed myrkt var
orðið tók eg hann upp á herðarnar og
bar hann út fyrir þeirra augum.
8Og orð DROTTINS skeði til mín
snemma um morguninn og sagði: 9Þú
mannsins son, hefur ekki Ísraels hús,
það óhlýðuga húsið, sagt til þín: „Hvað
gjörir þú?“ 10Svo seg þú til þeirra: Svo
segir Drottinn GUÐ. Þessi byrðar-
þunginn snertur þá höfðingjana í Jer-
úsalem og allt Ísraels hús sem þar er
inni. 11Seg þú: Eg er yðart undarlegt fyr-
irbyrðarteikn so sem eg hefi gjört líka
so skal yður ske svo að þér hljótið að
fara og herteknir í burt fluttir að verða.
12Yðar höfðingi skal í myrkrinu á
herðunum bera og út í gegnum þann
vegginn mun hann fara sem þeir munu
brjóta til að fara þar út í gegnum. Hans
andlit mun byrgjast svo að hann skuli
ekki sjá landið, með hvorugu auganu.
13Eg vil kasta mínu neti fyrir hann að
hann skal veiðast í mínum veiðarfær-
um og eg vil flytja hann til Babýlon í
Chaldeisland hvert ed hann skal þó ei
sjá og þar skal hann deyja. 14Og eg vil í
sundur tvístra þeim öllum sem að eru í
kringum hann, hans fulltingjörum og
átstuðningsmönnum og öllum hans
meðfylgjurum vil eg útdreifa í allar átt-
ir vindanna og útrykkja sverðinu á bak
til við þá. 15So skulu þeir formerkja að
eg er DROTTINN nær ed eg í burt keyri
þá meðal heiðingjanna og í sundur-
dreifi þeim um löndin. 16En eg vil þó
láta nokkra fáeina eftir verða af þeim
fyrir sverðinu, hungrinu og drep-
sóttinni. Þeir skulu kunngjöra þeirra
svívirðingar á meðal heiðinna þjóða til
hverra ed þeir munu koma og þeir
skulu formerkja að eg er DROTTINN.17Og
orð DROTTINS skeði til mín og sagði:
18Þú mannsins son, þú skalt eta þitt
brauð með hræðslu og drekka þitt vatn
með skjálfta og sorg 19og segja til fólks-
ins í landinu: So segir Drottinn GUÐ af
innbyggjurunum Jerúsalem í Ísraels-
landi: Þeir skulu eta sitt brauð með sorg
og drekka sitt vatn með eymd það
landið skal verða í eyði lagt með öllu
því sem þar er inni fyrir mótþróa sakir
allra innbyggjaranna. 20Og þeir staðirn-
ir sem vel eru setnir skulu í eyðileggjast
og landið að auræfum verða, so skulu
þér formerkja að eg er DROTTINN.
21Og orð DROTTINS það skeði til mín
og sagði: 22Þú mannsins son, hvað hafi
þér fyrir eitt orðtæki í Ísraelslandi og
segið: „Fyrst það dregst so lengi undan
þá verður nú héðan í frá ekki neitt af
spádómunum.“ 23Þar fyrir seg þú til
þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil í
burt taka það orðtækið so að það skal
ekki meir tíðkað vera í Ísrael. Og tala
þú til þeirra: Sá tími er nálægur og allt
það sem spáð er fyrir 24því að nú héðan
í frá skulu þér formerkja að þar skal á
öngri sjón brestur verða og enginn spá-
dómur skal bregðast í gegn Ísraels húsi.
25Því að eg er DROTTINN, hvað eg tala
það skal ske og ekki löng frest á verða
heldur vil eg það á yðrum dögum full-
gjöra, þú hið óhlýðuga hús, svo sem eg
hefi talað, segir Drottinn GUÐ.
26Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: 27Þú mannsins son, sjáðu, Ísraels
hús það segir: „Sú sýnin sem að þessi
hann sér hún er enn nú langt í burtu og
hann spár af þeim tímanum sem að enn
nú er mjög fjarlægur.“ 28Þar fyrir seg þú
til þeirra: Svo segir DROTTINN GUÐ:
Hvað eg tala þar skal ekki lengur
frestur á verða heldur skal það ske, seg-
ir Drottinn GUÐ.

13 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: 2Þú mannsins son, spá
þú á móti þeim prophetunum Ísraels og
seg til þeirra sem spá út af sínu eigin
hjarta: Heyrið orð DROTTINS. 3Svo segir

Drottinn GUÐ: Vei þeim heimskusamlegum prophetunum sem eftirfylgja sínum eiginlegum anda og hafa þó öngva sýn. [4]Ó Ísrael, þínir prophetar eru líka svo sem refar á eyðimörkum, [5]þeir stíga ekki upp yfir þær jarðholurnar og halda sig ekki til hjarðarinnar í kringum Ísraels hús og þeir standa ekki í stríðinu á degi DROTTINS. [6]Þeirra sjónir eru hégómi og þeirra spádómar eru lygar. Þeri segja: „DROTTINN sagði það“ þó að DROTTINN útsendi þá ekki og ómaka sig svo um það að þeir fái sínum efnum fram haldið. [7]Er það eigi svo að yðar sjónir eru hégómi og yðrir spádómar eru lygar? Og þér segið þó samt: „DROTTINN talaði það“ þó hann talaði það eigi. [8]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo: Fyrst að þér prédikið það sem ekki er utan hégómi og spáið fyrir lygum þá vil eg finna yður, segir Drottinn GUÐ, [9]og mín hönd skal koma yfir þá prophetana sem prédika það sem ekki er utan hégómi og spá ekki utan lygar. Þeir skulu ekki vera í samkundu míns fólks og ekki innskrifaðir vera í þá töluna hússins Ísrael og eigi heldur innkoma í landið Ísrael og þér skuluð fornema að eg er Drottinn GUÐ.

[10]Þar fyrir að þér afvegaleiðið mitt fólk og segið frið þar sem þó er enginn friður. Fólkið það uppbyggir vegginn en þeir líma hann með haldillu kalki. [11]Seg þú til þeirra múrsmiðanna sem líma með því haldilla kalkinu að það skuli af falla það þar skal koma ein steypidögg og þar skal koma stórt hagl svo að það hrynji niður og einn hvirfilvindur skal niður slá það. [12]Sjá þú, so skal veggurinn niður hrynja. Hvað gildir það að þá muni svo sagt vera til yðar: „Hvar er nú múrsmíðið það sem þér hafið smíðað?“ [13]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil láta einn hvirfilvind blása í minni grimmd og eina steypidögg í minni reiði og stórt hagl í minni heiftarbræði. [14]Þau skulu um koll kasta öllum hlutum. Þannin vil eg nú um koll kasta þeim veggnum sem þér hafið límt með því haldillu kalki og eg vil hrinda honum niður til jarðar svo að sjá megi hans grundvöll að hann liggi þar og þér skuluð og einnin tortýnast þar inni og reyna svo það eg sé DROTTINN. [15]Svo vil eg fullkomna mína grimmd á þeim veggnum og á þeim sem hann hafa múrað með haldillu kalki og segja til yðar: Hér er hverki veggurinn né múrsmiðurinn. [16]Það eru þeir Ísraels prophetar hverjir að spá Jerúsalem og prédika af friði þó að þar sé enginn friður, segir Drottinn GUÐ.

[17]Og þú mannsins son, set þitt andlit á móti dótturinni þíns fólks sem spár af sínu hjarta og spáðu á móti henni [18]og seg þú: So segir Drottinn GUÐ: Vei yður sem gjörið fólkinu hægindin undir handleggina og koddana undir höfuðin, bæði ungum og gömlum, til að veiða með sálirnar! Nær eð þér hafið nú veitt sálirnar á meðal míns fólks þá lofi þér þeim lífinu [19]og vanhelgið mig á mínu fólki fyrir einn hnefa byggmjöls og eitt stykki brauðs, þar með að þér dæmið sálirnar til dauða sem þó áttu ei að deyja og dæmið þeim lífið sem þó áttu ei að lifa, fyrir yðar lygar á meðal míns fólks sem gjarnan heyrir lygarnar.

[20]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil finna yðar hægindi meður hverjum þér veiðið og oftreystið sálirnar og eg vil í burt slíta þau frá yðar handleggjum og gjöra þá lausa sem þér veiðið og hughreystið. [21]Og eg vil í sundur rífa þá koddana yðar og frelsa mitt fólk af yðvari hendi svo að þér skuluð ekki meir veiða þá og þér skuluð fornema að eg er DROTTINN. [22]Þar fyrir að þér hrellduð þau hjörtun réttferðugra sviksamlegana sem eg hafði ekki hrellt og þér styrktuð þær hendurnar hinna óguðlegu að þeir sneri sér ekki í burt frá sínu illskusamlega athæfi svo eð þeir mættu lifa, [23]þar fyrir skulu þér ekki meir prédika og ekki heldur spá fyrir ónytsamlega lærdóma heldur vil

eg frelsa mitt fólk úr yðar höndum og þér skuluð fornema að eg er DROTTINN.

14 Og þar komu nokkrir af öldungunum Ísraels til mín og settust niður hjá mér. 2Þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: 3Mannsins son, þetta fólk heldur sér með þeirra hjörtum við sína afguði og halda fast á þeirri hneykslan sinna illgjörða. Skyldi eg svara þeim nær eð þeir aðspyrja mig? 4Þar fyrir tala þú við þá og seg þú til þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ: Hvaða manni af Ísraels húsi sem heldur sér í sínu hjarta við sína afguði og heldur fast á þeim skammfyllingum sinna illgjörða og kemur til prophetanna þá vil eg, DROTTINN, svara þeim hinum sama svo sem hann hefur forþénað meður sinni mikilli afguðadýrkan 5upp á það að Ísraels hús skulu tælast í sínu hjarta af því að þeir í burt víkja allir frá mér með afguðadýrkan.

6Þar fyrir skaltu segja til hússin Ísrael: Svo segir Drottinn GUÐ: Umvendið og í burt snúið yður í frá yðvari afguðadýrkan og snúið yðar andlitum í burt frá öllum yðar svívirðingum. 7Því að hver maður af Ísraels húsi eður útlendingur sá sem býr í Ísrael sem í burt víkur frá mér og hnígur með sínu hjarta til sinna afguða og heldur samt við þá hneykslun sinnar afguðadýrkunar og kemur til prophetans það hann aðspyrji mig fyrir honum þeim vil eg, DROTTINN, sjálfur svar gefa. 8Og eg vil setja mitt andlit á móti þeim hinum sama að þeir skulu blífa í eyði lagðir og hafðir vera að fyrirburði og málshætti og eg vil upprykkja þeim frá mínu fólki so að þér skuluð fornema að eg er DROTTINN. 9Og þar sem einn falspropheti talar eitthvað þá vil eg, DROTTINN, láta þann sama þar aftur svikinn verða og eg vil útrétta mína hönd yfir hann og upprykkja honum frá mínu fólki Ísrael. 10Svo skulu þeir hvorutveggja bera sinn misgjörning og svo sem að hans misgjörningur er sem aðspyr, eins líka svo skal og sá misgjörningurinn prophetans vera 11so að þeir skulu ei lengur villa Ísraels hús í burt frá mér og ekki meir saurga þá með allsháttuðum lögbrotum heldur skulu þeir vera mitt fólk og eg vil vera þeirra Guð, segir Drottinn GUÐ.

12Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: 13Þú mannsins son, nær eð eitt land syndgast á móti mér og þar með forsmár mig þar ofan á þá vil eg útrétta mína hönd yfir það hið sama og í burt svipta brauðsnægtunum og eg vil senda þangað hungur og hallæri svo að eg skal upprykkja þar inni bæði mönnum og fénaði. 14Og þó að þeir þrír menn Noe, Daníel og Job væri þar inni þá mundu þeir aðeins sínum eigin sálum bjargað geta fyrir sjálfs síns réttvísi, segir Drottinn GUÐ. 15Og þó að eg innleiddi mannskæð dýr í landið sem í burt drífa fólkið og eyða landið svo að enginn kynni að ferðast þar inni fyrir dýranna sakir 16og þessir þrír menn væri þar og einnin inni, svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá mundu þeir hvorki bjargað geta sonum eður dætrum heldur alleinasta sjálfum sér en landið skal í eyði leggjast. 17Elliegar ef eg læt sverð koma yfir landið og segi til sverðsins: „Far þú í gegnum landið“ og eg upprykkti so bæði mönnum og fénaði 18og þeir þrír menn væri þar inni, svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá mundu þeir hvorki fá bjargað sonum eður dætrum heldur skyldi þeim alleina bjargað verða. 19Elliegar ef að eg innsendi drepsótt í landið og léti so ausa minni grimmd yfir það og úthella blóðinu svo að upprykkti bæði mönnum og fénaði 20og Noe, Daníel og Job væri þar inni, svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá mundu þeir hvorki geta bjargað sonum eður dætrum heldur alleinasta sínum eigin sálum fyrir sjálfs þeirra réttvísi.

[21]Því svo segir Drottinn GUÐ: Ef að eg innsendi mínar fjórar refsingarplágur yfir Jerúsalem, sem er sverð, hungur, ólm dýr, drepsótt, að eg upprykki so þar inni bæði mönnum og fénaði, [22]sjá þú, þá skulu þó nokkrir þar inni eftir verða af þeim sem þaðan skulu útleiða syni og dætur og koma hingað til yðar svo að þér skuluð sjá hvernin að þeim vegnar og hughreysta yður yfir þeirra gæfuleysi sem eg læt koma yfir Jerúsalem með öllu því öðru sem eg lét koma yfir hana. [23]Þeir skulu vera yðar huggun nær eð þér fáið að sjá hvernin að þeim vegnar og þér skuluð fornema að eg gjörða það ekki fyrir sakleysi hvað eg hefi þar inni gjört, segir Drottinn GUÐ.

15 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, hvað er það tréð af vínviðinum fyrir öðrum trjám elliegar einn vínkvisturinn fyrir öðrum trjám í skóginum? [3]Tekur maður það og gjörir þar eitthvað af eða gjörist þar ein ugla út af svo að þar megi nokkuð upp á festa? [4]Sjá þú, því verður á eld kastað so því verði foreytt, að eldurinn foreyði so báðum þess endum og brenni einnin upp miðbikið þar út af. Hvar til skyldi það nú duga? Dugir það og þá til nokkurs? [5]Sjá þú, þann tíð að það var enn nú þá heilt var það til einskis, hversu miklu miður þá kann þar nú héðan í frá nokkuð af því að gjörast fyrst að eldurinn hefur foreytt því og uppbrennt það? [6]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ: Líka sem eg gaf vínviðartréð í eldinn að hann foreyddi því heldur en öðrum trjánum í skóginum, eins líka so vil eg einnin gjöra viður á innbyggjarana í Jerúsalem. [7]Og eg vil setja mitt auglit á móti þeim so að þeir skulu ekki undan eldinum komast heldur skal eldurinn upp eta þá. Og þér skuluð fornema að eg er DROTTINN nær eð eg set mitt auglit á móti þeim [8]og legg landið í eyði af því að þeir forsmá mig, segir Drottinn GUÐ.

16 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, kunngjör þú borginni Jerúsalem hennar svívirðingar [3]og seg þú: So segir Drottinn GUÐ til Jerúsalem: Þitt kynferði og þín ætt er af Kanaanslandi, þinn faðir af Amoreis og þín móðir af þeim Heteis. [4]Þú fæddist svo, þinn nafli er ekki umskorinn þá eð þú varst fædd, svo hafa þeir og ekki laugað þig í vatni svo að þú skyldir verða hrein og eigi heldur núið þig í salti og eigi heldur vafið þig í reifum. [5]Því að enginn sá aumur á þér né kenndi í brjóst um þig svo að hann veitti þér eitt af þessu heldur varð þér útkastað sem útburði, so fyrirlitin var þín sála þann tíð þú vart fædd. [6]En eg gekk framhjá þér og sá þig liggja í þínu blóði og sagði til þín, þar eð þú veltist svo í þínu blóði: „Þú skalt lifa“, já til þín sagða eg, þar eð þú veltist um í þínu blóði: „Þú skalt lifa.“ [7]Og eg hefi fætt þig upp og látið þig vaxa svo sem ávöxtinn á akurlendinu. Þú vart vaxin, stór og fögur orðin, þín brjóst voru vaxin og þú hafðir fengið langt hár og fagurt. En þú vart þá enn nú ber og nakin.

[8]Og eg gekk framhjá þér og leit til þín og sjá þú, að það var tími til aðbiðja þín. Þá útbreidda eg mitt fat yfir þig og breiddi yfir þína blygðan. Og eg trúlofaði þér því að þú skyldir vera mín og gaf mig út í einn sáttmála við þig, segir Drottinn GUÐ. [9]Og eg laugaði þig með vatni og þvoði þig af þínu blóði og smurði þig með balsamum [10]og klæddi þig með kostulegum klæðnaði og dró á þig flugelsskó. Eg gaf þér prýðileg línklæði og silkislæður [11]og prýdda þig með forkostulegu skarti og lagði spengur á þína armleggi og festar á þinn háls [12]og fékk þér gullhlað á þitt enni og eyrnahringa í þín eyru og eina virðilega kórónu á þitt höfuð. [13]Snöggt

að segja, þú vart skrýdd með gull og silfur og klædd með línklæðum, pelli og purpura. Þú átst ekki utan hveiti, hunang og viðsmjör og þú varst frábærlega væn og hlaust það konungsríkið. 14Og þín frægð barst út á meðal heiðinna þjóða fyrir þinnar fegurðar sakir sem algjörlegana er fullkomnuð, vegna þess búnings sem eg festi á þig, segir Drottinn GUÐ.

15En þú forlést þig upp á þitt fegurðarskart og af því þú vart svo víðfræg þá drýgðir þú hóranir so að þú gjörðir þig almennilega fyrir hverjum manni sem gekk fram um hjá þér og gjörðir hans vilja. 16Og þú tókst af þínum klæðum og gjörðir þér mislit altari þar út af og framdir þína hóran þar upp á sem aldreigi skeði fyrr né ske mun. 17Þú tókst af þínu fegurðarskarti sem eg gaf þér af mínu gulli og silfri og gjörðir þér mannsmyndir þar út af og drýgðir þína hóran meður þeim. 18Og þú tókst þín kostulegustu klæði og skrýddir þær þar með og lagðir mitt oleum og reykelsi fyrir þær. 19Minn mat sem eg gaf þér til fæðu, hveiti, viðsmjör og hunang, lagðir þú fyrir þær til sætleiks ilms. Já það kom enn so langt, segir Drottinn GUÐ, 20að þú tókst þína syni og dætur sem þú fæddir mér og offraðir þá þeim til fæðslu. Þenkir þú þá að þín hóran sé einn lítilsháttar hlutur 21það þú slátrar mínum börnum og lætur brenna þau upp fyrir þeim? 22Þú hefur enn nú aldreigi í þinni svívirðing og hóran hugleitt þinn æskutíma, hversu ber og allnakin þú varst og veltist í þínu blóði.

23Og umfram alla þessa þína illsku – Ach, vei, vei þér! – segir Drottinn GUÐ, 24þá byggir þú þér bjargkirkjur og gjörir þér bjargaltari á öllum strætum 25og fremst á öllum vegamótum byggir þú þér bjargaltari og gjörir þinn fegurðarblóma til svívirðingar, 26þú slær þínum fótum í sundur mót öllum þeim sem kringum þig ganga og drýgir mikla hóran. Fyrst þá drýgðir þú hóran við Egyptalandssonu, þína nágranna sem höfðu kjöt mikið og framdir miklar hóranir mér til styggðar. 27En eg útrétti mína hönd móti þér og aftraði þér þinni breytni og yfirgaf þig í vild þinna óvina Philisteisdætra sem skömmuðust sín vegna þíns skammarlegs athæfis. 28Þar eftir á drýgðir þú hóranir viður þá sonu Assúr og þú kunnir ekki að seðjast þar út af. Já, þá eð þú hafðir drýgt hóranir meður þeim og þú kunnir ekki að seðjast þar út af 29þá framdir þú enn meiri hóranir í Kanaanslandi, inn til Chaldeis, og þú kunnir enn ekki að seðjast þar með.

30Hvernin skal eg þá umskera þitt hjarta, segir Drottinn GUÐ, með því að þú gjörir svoddan einnrar höfuðskækju gjörning 31þar með að þú byggir þínar bjargkirkjur fram á öllum vegamótum og smíðar þín altari á öllum strætum? Þar til með vart þú ekki sem ein önnur portlífiskona sem kaupast kann með peningum 32og eigi heldur svo sem sú hórkona sem tekur annan í staðinn síns manns. 33Því að öllum öðrum portlífiskonum gefast peningar til en öllum þínum fylgjumönnum þá gefur þú peninga til og bígáfar þá so að þeir komi alla vegana til þín og drýgi hóranir með þér. 34Og það finnst hjá þér þvert á móti siðvenju annarra kvenna með þinni hóran af því að maðurinn hann hleypur ekki eftir þér heldur gefur þú honum þar peninga til en hann ekki þér, so breytir þú þar þvert á móti.

35Þar fyrir þá heyr, þú hóra, orð DROTTINS. 36Svo segir Drottinn GUÐ: Með því að þú gefur svo gjarnan peninga þar til og með þínu portlífi uppflettir þinni blygðan fyrir þinum fylgjumönnum og þinni svívirðing í móti öllum afguðum og það þú úthellir blóðinu þinna barna þeirra sem þú offrar þeim, 37þar fyrir þá sjá þú, öllum þínum fylgjumönnum meður hverjum að þú hefur lysting framið, ásamt með öllum

þeim sem þú heldur fyrir vini, vil eg samansafna til þinna óvina. Og eg vil samansafna þeim hvorutveggja á móti þér alla vegana og uppfletta fyrir þeim þinni blygðan so að þeir skulu gjörvallega sjá þína skömm. [38]Og eg vil láta dóminn hórdómskonunnar og þeirrar eð blóðinu úthellir ganga yfir þig. Og eg vil úthella þínu blóði með grimmd og vandlætingu. [39]Og eg vil gefa þig í þeirra hendur so að þeir skulu ofanbrjóta þínar bjargkirkjur og niðurslá þín bjargaltari og færa þig úr þínum klæðum og taka þinn kostulegan búning frá þér og láta þig svo sitja snauða og alnakta. [40]Og þeir skulu innleiða yfir þig mikinn fólksfjölda sem þig skulu grjóti grýta og í sundur höggva þig meður sínum sverðum [41]og uppbrenna þín hús með eldi og gjöra þér þinn rétt fyrir augsýn margra kvenna. Svo vil eg gjöra einn enda á þínu saurlífi so þú ekki lengur gefir þar peninga til. [42]Og eg vil kæla mína heift á þér og seðja á þér mína vandlæting að eg megi hvílast og þurfi ekki meir so reiður að vera. [43]Af því að þú hefur ekki hugleitt þinn æskutíma heldur reitt mig til reiði meður öllum þessum, þar fyrir vil eg og einnin leggja alla þína gjörninga upp á þitt höfuð, segir Drottinn GUÐ, þó að eg hafi enn ekki gjört þar með, eftir þeirri skammarlegri breytni í þínum svívirðingum.

[44]Sjá þú, allir þeir sem plaga að iðka málsháttu þeir skulu hafa þennan málsháttu um þig: „Dótturin er svo sem móðurin.“ [45]Þú ert dóttir þinnar móður, þeirrar sem rak út bónda sinn og börn og þú ert systur þinna systra sem útráku sína bændur og börn. Yðar móðir er ein af Heteis og yðar faðir einn af Amoreis. [46]Samaria er þín hin stærri systir með hennar dætrum sem búa þér til vinstri hliðar og Sódóma er þín hin minni systir með hennar dætrum sem búa þér til þinnar hægri hliðar. [47]Þó að þú hafir ekki lifað eftir þeirra athæfi og eigi heldur gjört eftir þeirra svívirðingum þá brestur þar þó ekki mikið á að þú hafir gjört verra en þær í öllu þínu athæfi. [48]Svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, Sódóma þín systir og hennar dætur hafa ekki gjört sem þú og þínar dætur. [49]Sjá þú, þetta var misgjörðin systur þinnar Sodoma: Drambsemi, bílífi og friður góður sem hún og hennar dætur þær höfðu en hjálpuðu ekki hinum fátæka og nauðþurftuga [50]heldur voru þær drambsamar og gjörðu svívirðingar fyrir mér. Þar fyrir svipta eg þeim í burt þá að eg tók til að skyggna þar að. [51]Svo hefur og einnin Samaria ekki gjört helminginn af þínum syndum. En þú gjörðir þína svívirðing miklu meiri en það hún hefur gjört svo að þú hefur gjört þína systur fróma hjá þér með öllum þeim svívirðingum sem þú gjörðir. [52]Svo ber þú nú einnin þína skömm, þú sem þína gjörir hana svo frómari en þú ert. Af því skammast þín og einnin og ber sjálf þína skömm fyrst að þú hefur gjört þína systur fróma hjá þér.

[53]En eg vil snúa þeirra herleiðingum, sem er þessarar Sodoma og hennar dætra og þeirri herleiðingunni Samarie og hennar dætra og þá hina herleiddu í þessari þinni herleiðingu meður þeim [54]svo að þú skalt sjálfur bera þína skömm og forsmán fyrir allt það sem þú hefur gjört og þó skulu þér samt verða huggaðir. [55]Og þín systir, þessi Sodoma og hennar dætur, skulu snúast líka sem þær voru forðum daga og Samaria og hennar dætur skulu snúast líka sem þær voru fyrr meir, þar til með skaltu einnin og þínar dætur snúast líka sem að þér voruð forðum daga. [56]Og þú skalt ekki meir hrósa þinni systur Sodoma so sem á tíma þinnar drambsemi [57]þá þín illska var enn ekki opinber, svo sem á þeim tíma þá eð Sýrlandsdætur og þær Philisteisdætur skömmuðu þig á alla vegu og forsmáðu þig allt um kring, [58]þá eð þér hlutuð að

bera yðar skammir og svívirðingar,
segir Drottinn GUÐ.
59Því svo segir DROTTINN: Eg vil gjöra
við þig líka sem þú hefur gjört að þú
forsmáðir eiðinn og brýtur sáttmálann.
60En eg vil minnast á minn sáttmála
sem eg gjörða við þig á þínum æsku-
aldri og eg vil uppbyrja einn eilífan
sáttmála við þig. 61Þá muntu minnast á
mína vegu og skammast þín nær eð þú
skalt taka að þér þína stærri og hina
minni systur sem eg vil gefa þér til
dætra. En ekki út af þínum sáttmála
62heldur vil eg uppreisa minn sáttmála
við þig so að þú skalt formerkja að eg
er DROTTINN, 63so þú minnist á það og
skammist þín og það þú dirfist eigi að
upplúka þinn munn fyrir kinnroða sak-
ir nær eð eg vil fyrirgefa þér allt þetta
sem þú hefur gjört, segir Drottinn GUÐ.

17 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: 2Þú mannsins son,
framsettu Ísraels húsi eina ráðgátu og
eina eftirlíking 3og seg þú: Svo segir
Drottinn GUÐ: Ein stór örn með miklum
vængjum, feitum og vel fiðruðum, með
aðskiljanlegum litarhætti, kom upp af
Líbanon og tók toppinn af sedrusviðin-
um 4og braut af þann hæðsta kvistinn
og flutti hann í kramaralandið og setti
hann í þá kaupmannsborgina. 5Hann
tók og einnin sæðið af því sama landi
og sáði því í það sama góða landið þar
sem mikil vötn eru og setti það lausleg-
ana niður. 6Og það vóx upp og varð eitt
þykkt vínviðartré og þó lágt því að
greinirnar þar á beygðu sig niður og
ræturnar þar á voru undir því og það
var svoddan eitt vínviðartré sem fékk
kvisti og greinir.

7Og þar var ein önnur stór örn með
miklum vængjum og mörgum fjöðrum.
Og sjá þú, vínviðartréð hafði einn
girndarhug í sínum rótum til þeirrar
sömu arnarinnar og útþandi sína vín-
viðarkvistu á móti henni svo að þeir
skyldu vökvast af hennar gröðsetning-
um. 8Og það var þó gróðsett á einu
frjósömu landi hjá mörgum vötnum so
að það hefði vel mátt fá kvistu og bera
ávöxt og verða eitt ágætt vínviðartré.
9Svo seg þú nú: Svo segir Drottinn GUÐ:
Skyldi það vel lukkast? Já menn munu
upprykkja rótunum þar af og af rífa
ávöxtinn og það skal uppþorna so að öll
fullvaxin blöð þar á skulu í burt visna
og það skal ekki ske fyri reinn stóran
armlegg eða fyrir mikinn mannfjölda
upp á það að menn skuli í burt flýja það
frá sínum rótum. 10Sjá þú, vel er það
gróðsett en skyldi því lukkast þar með?
Já, svo snart sem austanvindurinn
kemur við það þá mun það í burt visna í
þeim sama stað sem það vóx upp.

11Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: 12Kæri, seg þú til þess óhlýðuga
hússins: Viti þér ekki hvað þetta er? Og
segðu: Sjá þú, konungurinn af Babýlon
kom til Jerúsalem og tók hennar kon-
ung og hennar höfðingja og flutti þá í
burt til sín í Babýlon 13og tók einn af því
konunglega sæðinu og gjörði einn sátt-
mála við hann og tók einn eið af hon-
um. En þá hina voldugu í landinu tók
hann í burt 14svo að ríkið skyldi verða
lækkað þar með og það tæki sig ekki
upp svo það hans sáttmáli skyldi
haldinn verða og stöðugur standa. 15En
það sama sæði féll frá honum og sendi
sinn boðskap til Egyptalands að þeir
skyldu senda sér víghesta og margt
liðsfólk. Skyldi honum það vel lukkast?
Skyldi sá undan komast sem svoddan
gjörir? Og skyldi hann undan komast
sem rýfur sáttmálann? 16Svo sannarlega
sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, í þeim
stað þess konungsins sem hann setti til
konungs þá skal han deyja, hvers eið
hann hefur foraktað og hvers sáttmála
hann hefur rofið, einkum sem er til Ba-
býlon. 17Og faraó skal ekki veita honum
styrk í stríðinu með miklu herliði og
mörgu fólki, nær eð menn hlaða upp
virkisgarðana og byggja upp herkastal-
ana so að margur skuli í hel sleginn

verða. [18]Því að með því að hann hélt ekki þann eiðinn og rauf þá sáttargjörðina sem hann gaf upp á sína hönd og gjörir allt svoddan þá skal hann ekki undan komast. [19]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo: So sannarlega sem eg lifi þá vil eg innfæra minn eið þann sem hann foraktaði og minn sáttmála þann sem hann braut yfir hans höfuð. [20]Því að eg vil kasta mínu neti yfir hann og hann skal höndlaður verða í mínu lagneti og eg vil flytja hann til Babýlon og þar vil eg ganga í lagadóm við hann af því að hann hefur svo forbrotið sig við mig. [21]Og allir hans flóttamenn sem flýja með honum þeir skulu falla fyrir sverði og þeir sem eftir blífa þá skulu í burt dreifðir verða í allar áttir vindanna og þeir skulu formerkja að eg, DROTTINN, hefi sagt þetta.

[22]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil og taka toppinn af því háa sedrustrénu og brjóta einn fagran kvist af þeirri hæðstu greininni þar er á og eg vil gróðsetja hann upp á einu hávu fjalli sem upp er hlaðið, [23]sem er á Ísraels háa fjalli, að hann skal fá greinir og bera ávöxt og blífa eitt vegsamlegt sedrustré so að allra handa fuglar kunni að búa undir honum og allt það sem flogið getur kunni að blífa undir skugganum hans greina. [24]Og öll landsins tré skulu fornema að eg, DROTTINN, hafi niðurþrykkt því hinu háa trénu og upphafið það hið niðurþrykkta tréð og gjört það græna tréð þurrt og það þurra tréð grænt. Eg, DROTTINN, tala þetta og gjöri það einnin.

18 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Hvaða málshætti er það þér hafi í Ísraelslandi og segið: „Feðurnir átu það beiska vínberið en barnanna tennur hafa sljóvgast þar af?“ [3]So sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá skal svoddan málsháttur ekki meir ganga á meðal yðar í Ísrael. [4]Því sjáið, allar sálir eru mínar, föðursins sál er jafnvel mín svo sem sálin sonarins. Sú sál sem syndgast hún skal deyja. [5]Nær eð nokkur er nú frómur og breytir vel og réttvíslega, [6]hver að eigi etur á fjöllunum, hver eð eigi upplyftir sínum augum til afguðanna hússins Ísraels og saurgar eigi eiginkonu náunga síns og liggur eigi með konunni í hennar krankleika, [7]hver eð öngvum manni gjörir skaðræði, hver eð skuldamanninum fær sinn pant aftur, hver að ekki grípur neitt fyrir öðrum með valdi, hvör eð útskiptir sínu brauði með hungruðum og klæðir þann sem nakinn er, [8]hver að ekki fremur neitt okur, hver að ekki tekur nokkurs manns ábata frá honum, hver að í burt snýr sinni hendi frá röngu, hver að dæmir rétt á milli annarra manna, [9]hver að gengur eftir mínum réttindum og heldur mín boðorð að hann gjöri þar alvarlegana eftir, sá er réttlátur, hann skal lifa, segir Drottinn GUÐ.

[10]En ef hann getur einn son og verði hann einn morðingi sem úthellir blóðinu eða gjörir eitthvert út af þessum illskuverkum [11]og gjörir ekki neitt af hinum öðrum heldur etur á fjöllum uppi og saurgar húsfreyju náunga síns, [12]gjörir skaðræði hinum fátæka og volaða, tekur nokkuð með valdi, gefur ekki það aftur sem til panta var sett, upplyftir sínum augum til afguðanna hvar með hann gjörir eina svívirðing, [13]lánar út með okran, leitar ávinnings, skyldi sá lifa? Hann skal ekki lifa, heldur með því hann gjörði alla svoddan svívirðing þá skal hann dauða deyja, hans blóð skal yfir honum vera.

[14]En ef hann getur einn son sem sér allar svoddan syndir þær eð hans faðir gjörir og er óttasleginn það hann gjöri eigi so, [15]etur ekki á fjöllum uppi og hefur ekki sín augu upp til þeirra afguðanna hússins Ísraels, saurgar ekki eiginkonu náunga síns, [16]gjörir öngum skaðræði og heldur ekki inni því sem í panta var sett, tekur ekki neitt með

valdi, útskiptir sínu brauði með hungruðum og klæðir þann sem nakinn er, [17]í burt snýr sinni hendi frá röngu, tekur ekki upp á okur og ávinning heldur varðveitir mín boðorð og lifir eftir mínum réttindum, sá skal ekki deyja fyrir síns föðurs misgjörða sakir, heldur lifa. [18]En hans faðir sem rangindin og ofríkið framdi og gjörði það á meðal síns fólks sem ekki dugði, sjá þú, sá hinn sami skal deyja fyrir sinna misgjörða sakir.

[19]So segi þér: „Hvar fyrir skal sonurinn ei bera síns föðurs misgjörning?“ Fyrir það að hann gjörði vel og réttvíslega og hann hélt og gjörði öll mín réttindi, þá skal hann lifa. [20]Því að hver sála sem syndgast hún skal deyja. Sonurinn skal ekki bera föðursins ranglæti og faðirinn skal ei bera sonarins ranglæti heldur skal réttlætið hins réttferðuga vera yfir honum og það ranglætið hins rangláta skal vera yfir honum. [21]En ef sá hinn óguðlegi í burt snýr sér frá öllum sínum syndum sem hann hefur gjört og varðveitir öll mín boðorð og gjörir vel og réttvíslega þá skal hann lifa en ekki deyja. [22]Allar hans illgjörðir sem hann hefur gjört skulu ekki í minni festar verða heldur skal hann lifa fyrir síns réttlætis sakir sem hann gjörir.

[23]Þenkir þú það eg hafi þóknan á dauða hins óguðlega, segir Drottinn GUÐ, og ekki miklu heldur að hann í burt snúi sér frá sínu athæfi og lifi? [24]Og ef hinn réttferðugi í burt snýr sér frá sinni réttvísi og breytir vondslegana og lifir eftir öllum þeim svívirðingum sem hinn óguðlegi hann gjörir, skyldi hann lifa? Já, öll hans réttvísi sem hann hefur gjört skal ekki í minni leggjast heldur skal hann deyja í sínum misgjörningum og syndum sem hann hefur gjört. [25]En þó segi þér að DROTTINN höndli ekki réttilega. Svo heyrið nú, þér af húsi Ísraels: Er það eigi svo? Eg hefi rétt en þér hafið órétt. [26]Því nær eð hinn réttferðugi snýr sér í burt frá sinni réttvísi og breytir vondslegana þá hlýtur hann að deyja. En þó skal hann deyja fyrir sakir sjálfs sinnar illsku sem hann gjörði. [27]Þar í móti, nær eð hinn óguðlegi í burt snýr sér frá sinni óréttvísi sem hann hefur gjört og breytir nú vel og réttvíslega þá skal hann halda sinni sálu lifandi. [28]Því fyrst hann sér sig um og í burt snýr sér frá allri sinni illsku sem hann hefur gjört þá skal hann lifa en ekki deyja. [29]En þó segja þeir af Ísraels húsi að DROTTINN hann höndli ekki rétt. Skyldi eg hafa órétt? Þér af Ísraels húsi hafið órétt.

[30]Þar fyrir vil eg dæma yður, þér af húsi Ísraels, hvern eftir sinni tilverkan, segir Drottinn GUÐ. Þar fyrir þá umvendið yður af öllum yðar lögbrotum svo að þér fallið ekki fyrir yðvara misgjörða sakir. [31]Burt fleygið frá yður öllum yðar yfirtroðslum meður hverjum þér hafið afvega gengið og gjörið yður eitt nýtt hjarta og einn nýjan anda. Því hvar fyrir viltu svo deyja, þú Ísraels hús? [32]Því að eg hefi eigi neina vild á þess dauða sem deyr, segir Drottinn GUÐ. Þar fyrir snúið yður og skulu þér lifa.

19 En þú, gjör einn hryggðargrát yfir Ísraelshöfðingjum [2]og seg þú: Hvar fyrir liggur þín móðir leóninnan á meðal leónanna og uppelur sína leónshvölpa? [3]Hún uppfæddi einn af þeim og þar af varð eittungt león. Hann vandi sig á það að rífa menn í sundur og eta þá. [4]En þá eð heiðingjarnir heyrðu nú þetta af honum náðu þeir honum í sínum tálgröfum og fluttu hann í járnviðjum til Egyptalands. [5]Þá eð hans móðir sá nú að hennar von var úti þar eð hún hafði lengi eftir vonað þá tók hún einnannan af sínum hvölpum og gjörði eitt ungt león af honum. [6]Þá eð hann gekk nú á meðal leónanna þá varð hann eitt ungt león. Hann vandi sig og á það að rífa fólk í sundur og éta það, [7]hann lærði og það að þekkja

þeirra ekkjur og í eyðileggja þeirra
staði so að landið og allt það sem þar
var inni hræddist hans grimmdarhljóð.
8Þá lögðu heiðingjarnir sig af öllum
löndum allt í kringum hann og köstuðu
einu lagneti yfir hann og náðu honum
svo í sínum tálgröfum 9og hnepptu
hann bundinn út í eina járnviðjagrind
og fluttu hann so til konungsins af Ba-
býlon og þeir létu innibyrgja hann so að
hans raust skyldi ekki meir heyrast á
Ísraelsfjöllum.

10Þín móðir var sem eitt vínviðartré
eins líka sem þú, gróðsett hjá vatninu
og þess ávöxt og greinir þær spruttu af
því mikla vatninu 11so að þess kvistir
blifu so sterkir að þeir dugðu til stjórn-
arsprota yfirvaldsherranna og urðu há-
vir á meðal kvistanna. Og þá er þeir sáu
að það var svo hátt og hafði svo marga
kvistu 12varð því uppskipt og í sundur-
rifið í grimmdarreiði og varpað niður
til jarðar og í burt kastað. Austan-
vindurinn uppþurrkaði ávöxtinn þar á
og þær hinar sterku greinirnar þar á
urðu í sundurbrotnar so að þær
visnuðu og uppbrenndust. 13En nú er
það gróðsettt á eyðimörkinni, í einu
þurru þyrstugu landi. 14Og þar er einn
eldur útgenginn af þeim sterku
kvistunum þar upp á sem foreyddi
þeim ávextinum sem þar var á svo að
þar er enginn sterkur kvistur á því meir
sem hæfur er til eins stjórnunarsprota.

Það sama er einn aumlegur og
hörmulegur hlutur.

20 Það bar svo til á því sjöunda ár-
inu, þann tíunda daginn í þeim
fimmta mánaðinum, þá komu nokkrir
af öldungunum í Ísrael að aðspyrja
DROTTIN og settu sig niður hjá mér. 2Þá
skeði orð DROTTINS til mín og sagði: 3Þú
mannsins son, tala þú til öldunganna
og segðu til þeirra: So segir Drottinn
GUÐ: eru þér komnir til að spyrja mig?
So sannarlega sem eg lifi þá vil eg ei
vera aðspurður af yður, segir Drottinn
GUÐ. 4En viltu, mannsin son, umvanda
við þá, þá máttu á þennan veg finna að
við þá: Lát þá fá að vita svívirðingina
sinna forfeðra 5og seg þú til þeirra: Svo
segir Drottinn GUÐ: Á þeim tíma þá eð
eg útvaldi Ísrael upphóf eg mína hönd
til sæðisins þess hússins Jakobs og eg
auglýsta mig fyrir þeim í Egyptalandi.
Já, eg upphóf mína hönd upp til þeirra
og sagði: Eg er DROTTINN yðar Guð. 6Eg
upphóf mína hönd þann sama tíma að
eg útleidda þá af Egyptalandi í það land
er eg hafða fyrirhugað þeim það sem
rynni með mjólk og hunangi, eitt ágætt
land fyrir öllum löndum. 7Og eg sagði
til þeirra að hver kasti í burt þeirri
svívirðingunni frá sínum augum og
saurgið yður ekki á þeim Egyptalands
afguðum það eg er DROTTINN yðar Guð.
8En þeir voru mér óhlýðugir og vildu
ekki heyra mér og enginn af þeim í
burt kastaði þeirri svívirðingunni frá
sínum augum og yfirgáfu ekki þá Eg-
yptalands afguði.

Þá þenkta eg að úthella minni
grimmd yfir þá og láta alla mína reiði
koma yfir þá þá þegar í Egyptalandi.
9En eg gjörða það eigi fyrir míns nafns
sakir svo að það skyldi ekki vanhelgað
verða fyrir heiðnum þjóðum á meðal
hverra þeir voru, fyrir hverjum eg
hafða mig auljósan gjört í því að eg vildi
útleiða þá af Egyptalandi. 10En þann tíð
eg hafði útleitt þá af Egyptalandi og
leitt þá í burt í eyðimörkina 11þá gaf eg
þeim mín boðorð og kenndi þeim mín
réttindi fyrir hver að maðurinn lifir sá
sem heldur þau. 12Eg gaf þeim og einn-
in minn þvottdag til eins teikns á mill-
um mín og þeirra svo að þeir vissi þar
út af að eg sé sá DROTTINN sá sem þá
heilaga gjörir. 13En Ísraels hús var mér
óhlýðugt, einnin líka í eyðimörkinni, og
lifðu ei eftir mínum boðorðum heldur
fyrirlitu þeir mín réttindi fyrir hver að
maðurinn lifir sá sem heldur þau og
þeir saurguðu mína þvottdaga. Þá
þenkta eg að úthella minni grimmd yfir

þá í eyðimörkinni og foreyða þeim með öllu. 14En eg gjörða það ei fyrir míns nafns sakir svo að það skyldi ekki vanhelgað verða á meðal heiðingjanna í frá hverjum eg útleidda þá. 15Og eg upphóf mína hönd á móti þeim í eyðimörkinni að eg vildi ei innleiða þá í það landið sem eg hafði gefið þeim, það er flýtur með mjólk og hunangi, eitt ágætt land yfir öll lönd, 16af því að þeir fyrirlétu mín réttindi og lifðu ekki eftir mínum boðorðum og saurguðu minn þvottdag. Því að þeir gengu eftir þeim afguðum síns hjarta. 17En mitt auga vægði þeim að eg tortýndi þeim eigi og það eg fyrirfór þeim ekki með öllu á eyðimörkinni.

18Og eg sagða til barna þeirra á eyðimörkinni: Þér skuluð ekki lifa eftir boðorðum feðra yðvara og ekki varðveita þeirra réttindi og ekki saurga yður á þeirra skúrgoðum 19því að eg er DROTTINN yðar Guð. Þér skuluð lifa eftir mínum boðorðum og þér skuluð halda mín réttindi og gjöra þar eftir 20og þér skuluð helga mína þvottdaga að þeir sé eitt teikn á millum mín og yðar so að þér skuluð vita að eg er DROTTINN yðar Guð. 21En börnin voru mér einnin óhlýðug og lifðu ekki eftir mínum boðorðum, varðveittu og eigi heldur mín réttindi að þeir gjörðu þar eftir fyrir hver að maðurinn lifir sá sem þau varðveitir og þeir vanhelguðu mína þvottdaga.

Þá þenkta eg að úthella minni grimmd yfir þá og láta alla mína reiði geisa yfir þá á eyðimörkinni. 22En eg sneri minni hendi um og gjörði það ei fyrir míns nafns sakir so að það skyldi ekki vanheiðrað verða fyrir heiðnum þjóðum í frá hverjum eg hafði útleitt þá. 23Eg upphóf einnin mína hönd í móti þeim á eyðimörkinni að eg í burt dreifða þeim á meðal heiðingjanna og í sundurtvístraði þeim út í löndin 24af því að þeir héldu ei mín boðorð og fyrirlitu mín réttindi og vanhelguðu mína þvottdaga og litu eftir afguðum feðra sinna. 25Þar fyrir gaf eg þá í þann lærdóminn sem ekki er góður og í þau réttindin í hverjum þeir kunna ekki að hafa lífið 26og í burt kastaði þeim með sitt offur þar eð þeir uppbrenndu alla sína frumgetninga með eldi, hvar með eg eydda þeim svo að þeir vissu það að eg er DROTTINN.

27Þar fyrir tala þú, mannsins son, við Ísraels hús og segðu til þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ: Yðrir forfeður hafa enn nú framar lýtt mig og lastað. 28Því að þá eg hafða innleitt þá í landið yfir hvert að eg hafða mína hönd upphafið að eg vildi gefa þeim það, hvar eð þeir sáu eitt hátt fjall eður eitt þykkvaxið tré, þar offruðu þeir sínar fórnir og báru sínar háðuglegar gjafir þangað og fórnfærðu þar sinn sætleiksilm og úthelltu þar sínu drykkjaroffri. 29En eg sagði til þeirra: Hvað skulu þó þessar hæðir til hverra þér gangið? Og svo kallast það síðan hæðir allt til þessa dags. 30Þar fyrir seg þú til Ísraels hús: Svo segir Drottinn GUÐ: Þér saurgið yður í athæfi feðra yðvara og fremjið hóranir með yðrum svívirðingum og saurgið yður með yðrum afguðum 31til hverra þér offrið yðar gjafir og uppbrennið syni yðra og dætur með eldi allt til þessa dags. Og skyldi eg láta yður af Ísraels húsi spyrja mig? So sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá vil eg vera óspurður af yður.

32Þar að auk þá þenki þér so: „Vér viljum gjöra svo sem heiðnar þjóðir og so sem annað fólk í löndunum og tilbiðja stokka og steina“ – það skal bregðast yður.

33Svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, eg vil drottna yfir yður með öflugri hendi og útréttum armlegg og með úthelltri grimmd. 34Og eg vil útleiða yður frá þeim þjóðunum og af þeim löndunum sem þér eruð í burt dreifðir og samansafna yður þar með öflugri hendi og útréttum armlegg og með úthelltri grimmd. 35Og eg vil í burt

leiða yður á eyðimerkurnar fólksins og
ganga þar í lagadóm við yður frá augliti
til auglits. 36Líka sem að eg gekk í dóm
við forfeður yðra á eyðimörkinni hjá
Egyptalandi eins líka so vil eg ganga í
dóm við yður, segir Drottinn GUÐ. 37Eg
vil færa yður undir hirtingarvöndinn
og þvinga yður með böndunum sátt-
málans. 38Og þeir sem falla frá mér og
brjóta í móti mér yðar á milli þeim vil
eg í burt sópa, já úr því landinu sem nú
búa þeir í og láta þá ekki koma í Ísraels-
land, svo að þér skuluð það vita að eg
er DROTTINN.

39Þar fyrir, þér af Ísraels húsi, svo
segir Drottinn GUÐ: Fyrst að þér viljið
ekki mér hlýða, svo farið í burt og þjóni
hver yðar sínum afguðum. En látið héð-
an í frá mitt heilaga nafn vera óskamm-
að með yðrum fórnfæringum og afguð-
um. 40Því að svo segir Drottinn GUÐ:
Upp á mínu heilögu fjalli, á því háa
Ísraelsfjalli, þar skal allt Ísraels hús og
allir þeir sem í landinu eru þjóna mér,
þar skulu þeir þóknast mér og þar vil eg
krefja yðvars upphafningaroffurs og
yðvara frumfórna með öllu því þér
helgið mér. 41Þér skuluð mér þóknast
með þann sætleiksilminn nær að eg
útleiði yður frá fólkinu og samansafna
yður af löndunum til hverra að þér
eruð í burt dreifðir og eg vil helgaður
verða í yður fyrir heiðingjunum. 42Og
þér skuluð fá að vita að eg er DROTTINN
nær að eg hefi innleitt yður í Ísraels-
land, í það landið yfir hvert að eg upp-
hóf mína hönd að eg vildi gefa yðar
feðrum það. 43Þar munu þér minnast á
yðar breytni og á alla yðar gjörninga
meður hverjum þér eruð saurgaðir og
yður munu angra allar yðar illgjörðir
sem þér hafið gjört. 44Og þér skuluð
formerkja að eg er DROTTINN nær að eg
gjöri við yður fyrir míns nafns sakir en
ekki eftir yðvari vondri breytni og
skaðsamlegum gjörningum, þú Ísraels
hús, segir Drottinn GUÐ. 45Og orð
DROTTINS skeði til mín og sagði: 46Þú
mannsins son, set þú þitt auglit á móti
suðuráttinni og lát drjúpa móti suðrinu
47og spáðu á móti þeim skóginum í
mörkinni á móti suðrinu. Og seg þú til
skógarins mótsuðrinu: Heyr þú orð
DROTTINS. Svo segir Drottinn GUÐ: Sjá
þú, eg vil uppkveikja einn eld í þér,
hann skal bæði foreyða blómguðum
trjám og þurrum viðum svo mann skal
ekki kunna að útslökkva hans loga
heldur allt það sem stendur frá suðrinu
inn til norðursins það skal uppbrennt
verða. 48Og allt hold skal það sjá að eg,
DROTTINN, hafi kveikt þann eld og
enginn skal kunna að útslökkva hann.
49Og eg sagði: Aha Drottinn GUÐ! Þeir
segja um mig: „Þessi talar ekki utan
myrkyrði.“

21 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: 2Þú mannsins son, set
þitt auglit á móti Jerúsalem og lát
drjúpa á móti helgidóminum og spá þú
á móti Ísraelslandi 3og seg þú til Ísraels-
jarðar: Svo segir Drottinn GUÐ: Sjá þú,
eg vil til við þig. Eg vil draga mitt sverð
úr slíðrum og eg vil afmá í þér bæði
réttlátan og ranglátan. 4En með því að
eg vil uppræta í þér bæði réttlátan og
ranglátan svo skal mitt sverð út fara af
slíðrunum yfir allt hold í frá suðrinu allt
til norðursins 5og allt hold skal vita að
eg, DROTTINN, hafi útdregið mitt sverð
úr sínum slíðrum og það skal ekki slíðr-
ast aftur. 6Og þú, mannsins son, skalt
stynja þangað til að þínar lendar taka
að sárna, já þú skalt stynja beisklegana
svo að þeir sjái það. 7Og nær eð þeir
segja til þín: „Hvar fyrir stynur þú svo?“
þá skaltu segja: Fyrir þess óps sakir sem
þar kemur, fyrir hverju að öll hjörtu
munu duglaus verða og allar hendur
fallast, allra hughreysti niður falla og
öll kné munu renna sem vatn. Sjá þú,
það kemur og það skal ske, segir Drott-
inn GUÐ.

8Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: 9Þú mannsins son, spáðu og

segðu: Svo segir DROTTINN: Seg þú: Sverðið, já sverðið er hvesst og fægt. [10]Það er hvasst gjört svo að það skuli drepa, það er fægt svo að leiftra skal af því. Ó hversu glaðir vildu vær vera þó að hann gjörði öll trén að hrísvöndum handa þeim hinum vondum börnum!

[11]En hann hefur látið fægja eitt sverð að fá honum það í hönd sem í hel skal slá. [12]Æptu og kalla hátt, þú mannsins son, það það gengur yfir mitt fólk og yfir alla stjórnendur í Ísrael sem samansafnaðir eru undir sverðið ásamt með mínu fólki. Þar fyrir slá þú á þínar lendar [13]því að hann hefur oftlega refsað þeim en hvað hefur það hjálpað? Sá vöndurinn hinna vondu barnanna vill ekki stoða lengur, segir Drottinn GUÐ.

[14]Og þú mannsins son, spáðu og slá þínum höndum til samans. Því að sverðið skal koma tvefallt, já þrefalt, eitt drápssverð, eitt stórt manndrápssverð hvert að einnin það hitta skal á þá í herbergjunum þangað sem þeir flýja. [15]Eg vil láta sverðið söngla svo að hjörtun skuli duglaus vera og margir skulu falla í allra þeirra borgarhliðum. Aví hversu leiftrar það og veður áfram til höggsins [16]og segja: „Veg þú bæði til hægri og vinstri hliðar, hvað sem fyrir er“! [17]Þá vil eg þar yfir glaður vera og mínum lófum til samans klappa og láta mína reiði geisa. Eg, DROTTINN, sagði þetta.

[18]Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [19]Þú mannsins son, gjör tvo vegu um hverja að koma skal konungsins sverð af Babýlon. En þeir báðir skulu ganga frá einu landi og set eitt leiðarmerki fram fyrir á veginn gegnt staðnum sem vísar að honum. [20]Og gjör svo veginn að sverðið kunni að koma til Rabbat Ammónsona og í Júda til þeirrar sterku borgarinnar Jerúsalem. [21]Því að konungurinn af Babýlon mun setja sig á þau vegamótin, það fremsta á þeim tveimur vegunum, að láta spá þar fyrir sér og skjóta þar með örvarskeytum um hlutfallið, aðspyrjandi svo sína afguði og skoðandi lifrina. [22]Og spásögnin skal vísa á þá hægri hliðina í móti Jerúsalem og hann skal láta flytja þar að vígvélar og gjöra grafir og yfirfalla þá og niðurdrepa með miklu herópi og hann skal flytja vígturna í móti borgarhliðunum og byggja þar girðingar og hervirki. [23]En sá spádómurinn skal þeim þykja falsklegur vera: „Hann má sverja svo stórt sem hann vill.“ En þó mun hann þenkja upp á misgjörninginn að hann skuli vinna hana. [24]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Fyrir það að á yður verður minnst fyrir sakir yðvara misgjörninga og yðar óhlýðni er opinber svo að mann kann að sjá yðar synd í öllum yðar gjörningum, já þar fyrir að yðar verður minnst þá skulu þér með valdi herteknir verða. [25]Og þú, Ísraels höfðingi, þú sem ert dæmdur og úrskurðaður, hvers dagur að koma skal nær að misgjörningurinn er til enda kominn, [26]svo segir Drottinn GUÐ:

Leggðu af höfuðklæði og tak ofan kórónuna því að þar mun hvorki höfuðklæði né kóróna til vera heldur sá sem upphóf sig hann skal niðurlægður verða og hinn sem niðurþrykkti sér skal upphafinn vera. [27]Eg vil gjöra kórónuna til einskis, til einskis, til einskis, þangað til að hann kemur sem hana skal hafa, honum vil eg gefa hana.

[28]Og þú mannsins son, spáðu og segðu: Svo segir Drottinn GUÐ af þeim Ammónsonum og þeirra skammfyllingum. Og seg þú: Sverðið, sverðið er útdregið til að slá í hel. Það er uppfægt að það skuli niðurdrepa og það skal leiftra af því, [29]þar fyrir að þú lést segja þér falslegar sjónir og spá þér lygar hvar með þú skalt ofurseljast á meðal þeirra hinna óguðlegu sem niðurdrepnir verða, hverra dagur að kemur þá eð misgjörningurinn var kominn að enda. [30]Og þó að sverðið slíðrist enn aftur þá vil eg þó samt dæma þig í þeim stað

sem þú ert skapaður og í því landi sem
þú ert fæddur. [31]Og eg vil úthella minni
reiði yfir þig, eg vil uppkveikja minn
heiftareld yfir þér og eg vil ofurselja þig
því fólki í hendur sem kann að brenna
og fordjarfa. [32]Þú skalt vera eldsmatur
og þitt blóð skal úthellast í landinu og
þín skal ekki meir minnst verða því að
eg, DROTTINN, hefi talað það.

22 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: [2]Þú mannsins son,
viltu ekki straffa þann manndrápsstað-
inn og birta honum allar sínar
svívirðingar? [3]Segðu: Svo segir Drott-
inn GUÐ: Heyr þú staður, þú sem úthell-
ir þinna manna blóði upp á það að þinn
tími skuli koma og þú sem gjörir af-
guðina hjá þér hvar með þú saurgar
þig. [4]Þú gjörir þig sekan í því blóðinu
sem þú úthellir og þú saurgar þig með
þeim afguðum sem þú gjörir. Þar með
framleiðir þú þína daga og gjörir það so
að þín ár hljóta að koma. Þar fyrir vil eg
gjöra þig að einnri háðung meðal
heiðingjanna og til einnrar skammar í
öllu landinu, [5]bæði nærri og fjarri þá
skulu þeir hæða þig og þú skalt hafa
eitt skemmilegt orðrykti og líða stóra
neyð.

[6]Sjá þú, þeir höfðingjarnir í Ísrael,
hver þeirra er megtugur í hjá þér til að
úthella blóðinu. [7]Þeir fyrirlíta föður og
móður, hinum útlenda gjöra þeir vald
og ofríki, þeir þvinga ekkjur og föður-
laus börn. [8]Þú foraktar minn helgidóm
og saurgar mína þvottdaga. [9]Svikarar
eru á meðal þín svo að þeir kunni að út-
hella blóðinu. Þeir eta offrið á fjöllun-
um og höndla þrjóskusamlegana í þér.
[10]Þeir uppfletta blygðan feðra sinna og
nauðga konunum í þeirra krankdæmi
og þeir fremja svívirðingar sín á milli,
vinur með húsfreyju síns vinar. [11]Þeir
skamma sínar snærur með öllum mót-
þróa, þeir nauðga sínum eigin systrum,
þeim dætrunum síns föðurs. [12]Þeir
þiggja mútur að úthella blóðinu, þeir
gjöra okur og hafa ávinning hver á öðr-
um og fremja sinn ágirndarfédrátt við-
ur sína náunga og hver gjörir öðrum
ofríki og forgleyma mér so, segir Drott-
inn GUÐ.

[13]Sjá þú, eg slæ mínum höndum til
samans yfir þeirri ágirndinni sem þú
fremur og yfir því blóðinu sem úthellt
er í þér. [14]En þenkir þú að þitt hjarta
mun kunna að líða það eða þínar hend-
ur fái þolað það á þeim tíma nær að eg
vil straffa þig? Eg, DROTTINN, hefi talað
þetta, eg vil og einnin fullgjöra það [15]og
eg vil í burt dreifa þér á meðal heiðingj-
anna og út feykja þér um löndin og eg
vil gjöra einn enda á þinni óþekkt [16]svo
að þú skalt reiknast bölvuð hjá
heiðingjunum og formerkja að eg er
DROTTINN.

[17]Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: [18]Þú mannsins son, Ísraels hús er
mér orðið að froðuskúmi. Allur þeirra
kopar, tin, járn og blý er orðið í ofnin-
um að silfurfroðu. [19]Þar fyrir segir
Drottinn GUÐ svo: Fyrst þér allir eruð
orðnir svo sem froðuskúm, sjá þú, þá
vil eg safna yður öllum til samans í Jer-
úsalem [20]líka sem að lagt verður silfur,
kopar, járn, blý og tin til samans í ofn-
inn að þar skuli uppblástast einn eldur
undir og í sundur að smelta það. Líka
so vil eg einnin safna yður til samans í
minni grimmd og reiði, innleggja og
smelta yður, [21]já eg vil safna yður og
uppkveikja minn reiðinnar eld á meðal
yðar svo að þér skuluð þar inni bráðna
niður. [22]Líka sem að silfur það bráðnar
niður í ofninum eins líka svo skulu þér
einnin niðurbráðna þar inni og vita að
eg, DROTTINN, hafi úthellt minni
grimmd yfir yður.

[23]Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: [24]Þú mannsins son, seg þú til
þeirra: Þú ert það land sem ekki kann
hreinsað að verða, líka sem eitthvað
það sem ekki verður hreinsað á
reiðinnar tíma. [25]Þeir prophetarnir sem
eru þar inni hafa samtekið með sér að

upp eta sálirnar, líka sem grenjanda león nær að það tekur sér bráð. Þeir hrifsa góss og peninga til sín og gjöra þar margar ekkjur inni. [26]Þeirra prestar umsnúa með ofdirfð mínu lögmáli og saurga minn helgidóm. Þeir halda öngvan greinarmun á millum þess sem heilagt er og hins sem óheilagt er og þeir kenna ekki hvað hreint eður óhreint er og þeir varðveita ekki mína þvottdaga og eg verð vanhelgaður á meðal þeirra. [27]Þeirra höfðingjar eru þar inni líka sem glefsandi vargar til að úthella blóðinu og fyrirfara sálunum fyrir þeirra ágirndar sakir. [28]Og þeirra prophetar múra þá með lausheldu kalklími, prédika hégómafréttir og spá þeim lygar og segja: „Svo segir Drottinn GUÐ“ þó að DROTTINN hafi það ekki talað. [29]Fólkið í landinu veitir yfirgang og rænir með ofbeldi, þeir kúga hinn fátæka og hinn volaða og gjöra hinum útlenda ofríki og rangindi. [30]Eg leitaði á meðal þeirra hvort nokkur setti sig múrvegg mér í gegn vegna landsins so að eg skyldi ei fordjarfa það. En eg fann öngvan. [31]Þar fyrir úthellti eg minni reiði yfir þá og eg gjörði einn enda á þeim með mínum heiftareldi og gaf þeim svo þeirra forþénuð laun yfir þeirra höfuð, segir Drottinn GUÐ.

23 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, þar voru tvær kvinnur, einnrar móður dætur. [3]Þær drýgðu hóranir á Egyptalandi í æsku sinni, þær létu þar taka á sínum brjóstum og þreifa um sínar meydómsvörtur. [4]Hin stærri hét Ahala og hennar systir Ahalíba. Og eg tók þær til hjúskaparbands og þær fæddu mér syni og dætur og Ahala kallast Samaria en Ahalíba Jerúsalem. [5]Ahala drýgði hóran þá að eg hafða hana að mér tekið og hún brann fyrir sínum fylgjumönnum, fyrir þeim Assyriis sem komu til hennar, [6]fyrir þeim höfðingjunum og herramönnum sem með silki voru klæddir og fyrir öllum vænum æskumönnum, einkum sem var fyrir riddörum og vögnum. [7]Og hún framdi skömm með öllum fríðum mönnum í Assyria og saurgaði sig með öllum þeirra afguðum hvað eð hún hafði lysting til sérhvers þeirra. [8]Þar til með yfirgaf hún ekki heldur sína hóran við Egyptaland sem með henni hafði legið í frá barnæsku hennar og þreifað um hennar meydómsbrjóst og framið stóra hóran með henni. [9]Þá yfirgaf eg hana í hendur sinna fylgjumanna, sona Assyriorum, fyrir hverjum hún brann af lostagirnd. [10]Þeir létu sjá hennar blygðan og í burt tóku hennar syni og dætur og þeir í hel slógu hana með sverði. Og það barst út að þessar kvinnur væri straffaðar. [11]En þá eð hennar systir Ahalíba sá það þá brann hún miklu verr en hin önnur og drýgði meiri hóranir en hennar systir [12]og brann fyrir þeim Assyriis sonum, sem er fyrir höfðingjunum og herrunum (þeim sem komu til hennar vel útbúnir), riddörum og vögnum og fyrir öllum ungum fríðum æskumönnum. [13]Þá sá eg að þær voru báðar saurgaðar með sama hætti. [14]En þessi framdi stærri hóran því þar eð hún sá málaða menn á veggnum í rauðum litarklæðum, þeirra Chaldeis líkneskjur, [15]beltaða um lendarnar, hafandi mislita hatta á sínum höfðum (og allir eins að sjá sem voldugir menn) eins og þeir Babýlonar og Chaldeissynir bera í sínu fósturlandi, [16]hún brann fyrir þeim svo snart sem hún sá þá og hún sendi boð til þeirra í Chaldealand. [17]En þá eð þeir Babýlonsynir komu til hennar að sofa hjá henni eftir kærleika þá saurguðu þeir hana með þeirra hóran og hún saurgaði sig með þeim svo að hún var þreytt af þeim. [18]Og þá eð hennar hóran og skammir voru svo nærsta opinberar þá varð hún einnin mér hvimleið líka sem að systir hennar var mér leið orðin. [19]En hún drýgði sína hóran þess meir

og minntist á sinn barnæskutíma þá eð
hún framdi sína hóran á Egyptalandi
[20]og brann fyrir sínum fylgjumönnum,
hver girndarbruni að var líka sem
annarra asna og stóðhesta. [21]Og þú
framdir þinn saurlifnað líka sem í æsku
þinni þar eð þeir í Egyptalandi þreifuðu
á þínum brjóstum og struku um þínar
geirvörtur.

[22]Þar fyrir, Ahalíba, segir Drottinn
GUÐ: Sjá þú, eg vil uppvekja þína fylgju-
menn á móti þér, þá sem þér eru nú
leiðir orðnir og eg vil safna þeim allt í
kringum þig, [23]sem eru þeir Babýlon-
synir og allir Chaldeis með höf-
uðsmönnunum, höfðingjunum og herr-
unum og alla Assyrios með þeim hinum
ásjálegustu æskumönnum, allir höfð-
ingjar og stjórnarar, riddarar og frí-
bornir menn og allsháttað riddaralið.
[24]Og þeir munu koma yfir þig tilbúnir
með vögnum og hjólum og með mikl-
um fólksfjölda og þeir skulu setjast um
þig með buklaraskjöldu og hjálma allt
um kring. Þeim vil eg dómsatkvæðið í
hendur fá svo að þeir skulu dæma þig
eftir sínum lögum. [25]Eg vil láta mína
vandlæting ganga yfir þig svo að þeir
skulu breyta vægðarlaust viður þig.
Þeir skulu sníða af þér bæði nasirnar og
eyrun og hvað sem eftir verður það
skal falla fyrir sverði. Þeir skulu í burt
taka syni þína og dætur og brenna það
upp með eldi sem eftir verður. [26]Þeir
skulu draga þín klæði af þér og í burt
taka þitt skart. [27]Svo vil eg gjöra einn
enda á þínum saurlifnaði og á þinni
hóran við Egyptalandi svo að þú skalt
ekki meir upphefja þín augu og þenkja
ekki meir upp á Egyptaland. [28]Því svo
segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil í
hendur selja þig þeim sem þér er illa
við og þér eruð hvimleiðir. [29]Þeir skulu
höndla við þig sem óvinir og í burt taka
allt það sem þú hefur aflað og láta þig
nakta og nöturlega svo að þín blygðan
og þinn saurlifnaður og hóran skuli
augljós vera. [30]Þetta skal þig ske fyrir
þíns saurlifnaðar sakir sem þú hefur
framið við heiðingjana og saurgað þig
með þeirra afguðum. [31]Þú hefur gengið
í fótspor systur þinnar, þar fyrir gef eg
þér einnin hennar kaleik í þína hönd.
[32]So segir Drottinn GUÐ:

Þú skalt drekka þinnar systur kaleik,
svo djúpan og víðan sem han er. Þú
skalt verða til svo stórrar háðungar og
forsmánar að það skal vera óbærilegt.
[33]Þú skalt drekka þig fulla af þeim
sterka drykknum og eymdinni því að sá
kaleikurinn þinnar systur Samarie er
einn eymdar- og hörmungarkaleikur,
[34]þann skaltu drekka hreint út af. Þar
eftir á skaltu í sundur kasta brotunum
og í sundur rífa þín brjóst. Því að eg
hefi talað það, segir Drottinn GUÐ.

[35]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo:
Fyrir það að þú forgleymdir mér og
fleygðir mér á bak aftur, þar fyrir þá
ber þú nú einnin sjálf þinn saurlifnað
og þína hóran.

[36]Og DROTTINN sagði til mín: Þú
mannsins son, viltu ei vanda um við
Ahala og Ahalíba og birta fyrir þeim
sínar svívirðingar, [37]hvernin að þær
hafa framið hórdóm og blóðinu úthellt
og hórdóm drýgt með afguðunum? Þar
með uppbrenndu þær þeim til offurs
sín eigin börn sem þær fæddu mér.
[38]Að auk þessa þá hafa þær gjört mér
það að þær saurguðu þann sama tíma
minn helgidóm og vanhelguðu mína
þvottdaga. [39]Því að þá eð þeir höfðu
slátrað sínum börnum fyrir afguðunum
þá gengu þeir þann sama dag í minn
helgidóm að saurga hann. Sjá þú,
svoddan hafa þeir gjört í mínu húsi.
[40]Þeir sendu og einnin boð eftir mönn-
um sem koma skyldu út af fjarlægum
löndum og sjá þú, þá eð þeir komu
laugaðir þú þig og skautaðir þér og
prýddir þig með skarti þeim til
virðingar. [41]Þú sast á einnri veglegri
sæng fyrir hverri að stóð eitt borð til-
búið. Þar upp á veifaðir þú reykelsinu
og offraðir þar á mínu viðsmjöri. [42]Þar

upphófust mikil gleðskaparhljóð og þeir gáfu þeim mönnum sem þangað voru komnir úr öllum áttum af mikilsháttar fólki og af eyðimörkinni prýði á sína armleggi og veglegar kórónur á þeirra höfuð.

43En eg þenkti svo: Hún er vön við hórdóm fyrir langri ævi, hún fær ekki af því látið að hórast 44það þeir ganga inn til hennar líka sem að inn er gengið til einnrar portlífiskonu. Eins líka svo þá ganga þeir til Ahala og Ahalíba, þeirra saurlífiskvennanna. 45Þar fyrir skulu þeir sömu menn refsa þeim, sem þann lagaréttinn skulu fullkomna, sem þær hórkonurnar og blóðdrápskvendin skulu straffast með. Því að þær eru hórdómskonur og þeirra hendur eru fullar af blóði.

46Svo segir Drottinn GUÐ: Innleittu upp hinngað yfir þær einn mikinn mannfjölda og gef þær út til herfangs 47og hlutskiptis þeim sem þær skulu með grjóti lemja og í gegnum leggja með sínum sverðum og í hel slá þeirra syni og dætur og brenna upp þeirra hús með eldi. 48Með þessu vil eg og einn enda gjöra á þeim saurlifnaðinum í landinu svo að allar konur skulu sig þar á reka og breyta ekki eftir svoddan saurlifnaði. 49Og þeir skulu leggja upp á yður allan yðvarn saurlifnað og þér skuluð bera syndirnar yðvara afguða so að þér skuluð formerkja að eg er Drottinn GUÐ.

24 Og orð DROTTINS skeði til mín á því níunda árinu, þann tíunda daginn í þeim tíunda mánaðinum, og sagði: 2Þú mannsins son, skrifaðu upp þennan dag, já þennan sama dag, því að konungurinn af Babýlon hefur á þennan sama dag útbúið sig á móti Jerúsalem, 3og gef því óhlýðugu fólki eina eftirlíking og segðu til þeirra: Svo segir Drottinn GUÐ: Lát þú einn pott upp, lát þú hann upp og láttu vatn í hann. 4Legg þú stykkin til samans þar í sem þar skulu í og þau hinu bestu stykkin, lærin og bógana og fylldu hann með þau hinu bestu beinstykkin. 5Tak hið besta af hjörðinni og kynd einn eld þar undir og sjóð þau beinstykkin og lát þau mjög sjóða so að beinstykkin verði fullsoðin.

6Þar fyrir segir Drottinn GUÐ: Ó þann manndrápsstaðinn sem er einn svoddan pottur að það hið viðbrennda klemmist þar við og vill ekki af ganga! Tak hvert stykkið út eftir annað og þú þarft ekki að veðja um hvert að fyrst skal út. 7Því að hans blóð er þar í sem hann hefur úthellt upp á einu blóðugu bjargi og ekki á jörðina þar sem að það enn hefði mátt hyljast með moldunni. 8Og eg hefi og einnin þar fyrir látið hana úthella því sama blóði á einn beran hellustein að þar skyldi ekki yfir verða hulið upp á það að mín heiftargrimmd skyldi so koma yfir hann og að þessa skyldi hefnt verða.

9Þar fyrir segir DROTTINN GUÐ: Ó þú morðstaðurinn, hvern að eg vil gjöra að einu stóru eldsbáli! 10Ber aðeins hingað mikinn eldivið, kveiktu upp eldinn svo að kjötið verði soðið og krydda það vel svo að beinstykkin þau brenni við. 11Settu einnin pottinn tóman á glæðurnar svo að hann verði vel heitur og það hans málmur upp brenni ef að hans saurindi vildu svo í burt smeltast og hans skófir af ganga. 12En hversu mjög sem hann brennur þá vill þó ekki það hið viðbrennda af ganga því að það er of mjög viðbrunnið. Því hlýtur það í eldi að smeltast. 13Þinn óhreinleiki er svo ofharðnaður að þó að eg vildi enn gjöra þig hreinan þá viltu þó ekki láta hreinsa þig af þínum óhreinleika. Þar fyrir kanntu ekki hér eftir hreinn að vera aftur fyrr en mín grimmd hefur kælt sig á þér. 14Eg, DROTTINN, hefi talað þetta, það skal og koma. Eg vil gjöra það og það ekki undan draga, eg vil ekki vægja þeim, eigi heldur láta það angra mig heldur skulu þeir dæma þig

eftir því sem þú hefur gjört og lifað til,
segir Drottinn GUÐ.
15Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: 16Þú mannsins son, sjá þú, að eg
vil í burt taka lyst þinna augna með
einni sótt. En þú skalt ekki harma né
gráta og eigi heldur úthella neinu tári.
17En heimuglega máttu andvarpa en
öngvan harm skaltu bera yfir hinum
dauða heldur skaltu prýða þig þínum
fegurðarbúningi og draga þína skó á
þig. Eigi skaltu byrgja þinn munn, þú
skalt og ekki eta það sorgarbrauðið.
18Og þá að eg talaði til fólksins snemma
um morguninn þá deyði mín kvinna
um kveldið. Og eg gjörði hinn annan
morguninn líka sem að mér var boðið.
19Og fólkið sagði til mín: „Viltu ekki
kunngjöra oss það hvað þetta hefur að
merkja við oss sem þú gjörir?“ 20Og eg
sagði til þeirra: DROTTINN talaði til mín
og sagði: 21Seg þú til Ísraels hús að
Drottinn GUÐ segi svo: Sjá þú, eg vil
vanhelga minn helgidóm, yðart hið
hæðsta traust, yðar augnalysting og yð-
ar hjartans ósk, og yðra syni og dætur
sem þér skuluð missa og falla skulu fyr-
ir sverði. 22Og þér skuluð gjöra svo sem
að eg gjörði, þér skuluð eigi byrgja
yðarn munn og ekki eta sorgarbrauð
23heldur skulu þér setja upp yðart skart
upp á yðart höfuð og draga á yður yðar
skóklæði. Þér skuluð hvorki harma né
gráta heldur skulu þér uppgefast yfir
yðar syndum og stynja hver með öðr-
um. 24Og þannin skal Esekíel vera yður
ein forundran að þér skuluð gjöra líka
sem hann hefur gjört nær eð það mun
koma hvar með að þér skuluð for-
merkja að eg er Drottinn GUÐ.
25Og þú mannsins son, nær eð eg
mun í burt taka frá þeim þeirra magt og
traust, þeirra augnalysting og þeirra
hjartans ósk, þeirra syni og dætur, 26já á
þeim sama tíma skal einn koma til þín
sá að undan hefur flúið og kunngjöra
þér það. 27Á þeim sama tíma skal þinn
munnur upplúkast með honum sem
undan hefur flúið svo að þú skalt tala
og ekki meir þegja, það þú skalt vera
þeirra forundran so að þeir skulu for-
merkja að eg er DROTTINN.

25 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: 2Þú mannsins son, snú
þú þínu augliti á mót Ammónsonum og
spáðu á móti þeim 3og seg þú til
Ammónsona: Heyrið orð DROTTINS! So
segir Drottinn GUÐ: Fyrir það að þér
sögðuð „Ha ha!“ yfir mínum helgidómi,
að hann væri vanhelgaður, og yfir
Ísraelslandi að það væri í eyðilagt og
yfir húsinu Júda að það sé hertekið í
burt flutt, 4þar fyrir sjá þú, að eg vil
gefa þig í hendur þeirra barnanna af
austrinu og þeir skulu byggja sína kast-
ala og bústaði þar inni. Þeir skulu eta
þinn ávöxt og drekka þína mjólk. 5Og
eg vil gjöra Rabbat að úfaldastalli og
sonu Ammón til féhirðara. Og þér
skulu so formerkja að eg er DROTTINN.
6Því so segir Drottinn GUÐ: Fyrir það að
þú klappaðir þínum höndum so til sam-
ans og sparkaðir með fótunum og hef-
ur so með hæðni glatt þig af öllu þínu
hjarta yfir Ísraelslandi, 7þar fyrir sjá þú,
eg vil upprétta mína hönd yfir þig og
gefa þig heiðnum þjóðum til hlutskiptis
og upprykkja þér frá fólkinu og foreyða
þér úr landinu og afmá þig svo að þú
skalt formerkja að eg er DROTTINN.
8Svo segir Drottinn GUÐ: Af því að
Móab og Seír segja so: „Sjá þú, það hús-
ið Júda er líka so sem allir aðrir
heiðingjar!“ 9sjá þú, eins þá vil eg opna
Móab á hliðinni í hans stöðum og í tak-
mörkum þess eðla landsins, einkum
sem er Bet Jesímót, Bael Meon og
Kirjataím, 10þeim börnunum mót aust-
rinu meður Ammónsonum og eg vil gefa
þeim hana til arfleifðar svo að ekki skal
meir sona Ammón getið verða á meðal
heiðinna þjóða. 11Og eg vil láta ganga
lagadóm yfir Móab og þeir skulu for-
merkja að eg er DROTTINN.

[12]Svo segir Drottinn GUÐ: Þar fyrir að
Edóm hefur hefnt sín á húsinu Júda og
syndgast svo meður sinni hefnd, [13]þar
fyrir þá segir DROTTINN GUÐ svo: Eg vil
útrétta mína hönd yfir Edóm og eg vil í
burt svipta þaðan bæði mönnum og
fénaði og hana í eyðileggja frá Teman
inn til Dedan og fella þá fyrir sverði.
[14]Og eg vil hefna mín aftur á Edóm
vegna míns fólks Ísraels og þeir skulu
gjöra við Edóm eftir minni reiði og
grimmd svo að þeir skulu formerkja
mína hefnd, segir Drottinn GUÐ.

[15]Svo segir Drottinn GUÐ: Fyrir það að
þeir Philistei hafa hefnt sín og hefnt
svo þess gamla hatursins eftir öllum
sínum vilja meður skaðræði míns fólks,
[16]þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo: Sjá
þú, eg vil útrétta mína hönd yfir
Philisteis og afmá þá bardagamenn og
eg vil fyrirkoma þeim sem eftir eru
orðnir við sjávarsíðuna [17]og eg vil gjöra
stóra hefnd á þeim og refsa þeim með
grimmd svo að þeir skulu formerkja að
eg er DROTTINN þá eg hefi fullgjört mína
hefnd við þá.

26 Og það skeði á því ellefta árinu,
þann fyrsta daginn þess fyrsta
mánaðarins, að orð DROTTINS skeði til
mín og sagði: [2]Þú mannsins son, fyrst
það að Tyrus segir yfir Jerúsalem: „Hei-
ja! Borgarhliðin fólksins eru niðurbrot-
in! Nú er það komið til mín, eg fyllunst
nú fyrst hún er í eyði lögð!“ [3]þar fyrir
segir Drottinn GUÐ so: Sjá þú, eg vil til
við þig, Tyrus, og eg vil flytja yfir þig
margar heiðnar þjóðir líka svo sem að
eitt sjávarhaf það forhefur sig með sín-
um bylgjum. [4]Þeir skulu fordjarfa múr-
veggina í Tyro og ofanbrjóta hennar
turna, já eg vil og einnin því duftinu í
burt feykja sem fyrir henni er og eg vil
gjöra hana að berum steini [5]og að ein-
um hólma í hafinu þar eð þeir mega út-
breiða sín fiskinet. Því að eg hefi talað
það, segir Drottinn GUÐ. Og hún skal
verða heiðingjunum að herfangi [6]og
hennar dætur sem liggja á sléttlendinu
skulu drepnar verða fyrir sverði og þeir
skulu formerkja að eg er DROTTINN.

[7]Því svo segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg
vil láta Nabúgodonosor konunginn af
Babýlon koma yfir Tyro frá norðrinu
(hann sem er einn konungur yfir öllum
konungum) með víghesta, vagna og
riddaralið og með einn mikinn mann-
fjölda. [8]Hann skal í hel slá þínar dætur
sem á sléttlendinu liggja. En á móti þér
skal hann uppbyggja hervirki og
girðingar gjöra og herskjöldu útbúa á
móti þér. [9]Hann skal með vélum þína
múrveggi niðurbrjóta og þína turna
meður sínum hervopnum ofanrífa.
[10]Jóreykur af fjöldanum hans víghesta
skal hylja þig. Svo skulu og einnin þínir
múrveggir skjálfa af brakinu víghest-
anna riddaranna og hjólanna nær eð
hann mun inndraga um þín borgarhlið,
líka sem það menn plaga inn að draga
út í einn niðurbrotinn stað. [11]Hann
mun með fótunum sinna hesta niður-
troða öll þín stræti, þitt fólk mun hann
meður sverðinu niðurdrepa og þína
sterka stólpa að jörðu ofan rífa. [12]Þínu
góssi skulu þeir ræna og í burt grípa
þinn sölueyrir. Þína múrveggi skulu
þeir ofanbrjóta og þín fegurðarhús nið-
ur rífa og þeir munu þínu múrgrjóti,
húsaviði og sorpi útkasta á vatnið. [13]Og
svo vil eg gjöra einn enda á þínum
sönghljóðum og sláttarhljómurinn
þinnar hörpu skal ekki meir heyrður
verða. [14]Og eg vil gjöra þig að berum
steini og að einum hólma þar eð þeir
útbreiða sín fiskinet á so að þú skalt
ekki meir upp aftur byggjast. Því að eg
er DROTTINN sem þetta talar, segir
Drottinn GUÐ.[15]Svo segir Drottinn GUÐ í
mót Tyro: Hvað gildir það að þær eyj-
arnar munu skelfast við nær eð þú skalt
svo skemmilega falla og þá eð þínir hin-
ir sárum lemstruðu munu stynja, þeir
sem í þér skulu drepnir verða. [16]Allir
þeir höfðingjarnir við sjóinn skulu af-
settir verða sínum stólum og af sér

leggja sína kyrtla og afklæða sig sínum tignarbúningi og ganga í sorgarklæðum og sitja á jörðunni og þeir skulu skelfast við það og ugga um sig yfir þinni svo næsta skyndilegri hrapan. [17]Og þeir skulu sárgrætilegana harma þig og segja af þér:

„Aví, hvernin ert þú so með öllu í eyði orðinn, þú hinn nafnfrægi staðurinn, sem liggur við sjóinn og vart so megtugur á sjávarhafinu meður þínum innbyggjurum svo að allt landið var hrætt við þig! [18]Aví, hversu hræddar voru eyjarnar um sig af þinni hrapan, já þeim eyjunum í hafinu ógnaði þín foreyðsla!“

[19]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil gjöra þig að einum eyðistað svo sem þá aðra staði þar enginn inni býr og eg vil láta eitt mikið vatsflóð koma yfir þig svo að mikil vötn skulu hylja þig. [20]Og eg vil kasta þér niður til þeirra sem ofan fara í gröfina, sem er til hinna dauðu. Eg vil hrinda þér ofan, niður undir jörðina, og gjöra þig svo sem eina eilífa eyðimörk meður þeim sem í gröfina niður fara svo að enginn skuli í þér búa. Eg vil gjöra þig, þú hin prýðilega, í landinu lifandi manna, [21]já eg vil gjöra þig að skelfingu svo að þú skalt ekki meir til vera og nær eð þeir spyrja að þér þá skulu þeir aldreigi finna þig eilíflegana, segir DROTTINN GUÐ.

27 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, gjör einn sorgargrát yfir Tyrus [3]og seg þú til Tyrus, þeirrar sem liggur fram við sjávarhafið og kaupslagar við margar eyjar þjóðanna: Svo segir Drottinn GUÐ: Ó Tyrus! Þú segir: „Eg er þann allra fegursti.“ [4]Þín landamerki erumitt í hafinu og þínir uppbyggendur hafa tilbúið þig hið allra prýðilegasta, [5]þeir hafa allar þínar þilfjalir af þínum borðvið gjörðar af Sanír og látið flytja sedrustré af Líbanon og gjört þín möstur þar út af [6]og þínar árar af eikitrjánum úr Basan og þína bekki af fílsbeinum og þína kostulega stóla úr eyjunum Kitím. [7]Þín segl voru saumað silki af Egyptalandi og þín sigurmerki þar inni teiknuð og þín tjöld af gulu silki og purpura úr þeim eyjunum Elísa. [8]Þeir af Sídon og Arvat voru þínir skipferjarar og þú hafðir skynsama menn til siglinga í Tyro. [9]Þeir öldungarnir og hinir hagtæku af Gebal hlutu að smíða þín skip. Öll hafskipin og skipfólkið fannst hjá þér, þeir höfðu sinn kaupstað í þér.

[10]Þeir úr Persia, Lydia og Lybia voru þínir stríðsmenn sem sína skjöldu og hjálma upp festu í þér og gjörðu þig svo prýðilega. [11]Þeir af Arvat voru með þínu herliði í kringum þína múrveggi og héldu vörð upp í þínum turnum, þeir festu sína skjöldu allavegana út á múrveggina og gjörðu þig svo prýðilega. [12]Þú hafðir þinn kaupstað á hafinu og fluttir allsháttaðan varning, silfur, járn, tin og blý, til þinnar kaupstefnu. [13]Javan, Túbal, Mesek kaupslöguðu við þig og fluttu þér þræla og málm til þinnar kaupstefnu. [14]Þeir af Tógarma fluttu þér víghesta og vagna og múlasna til þinnar kaupstefnu. [15]Þeir af Dedan voru þínir kaupmenn og alla vegana hefur þú haft þinn kaupskap í eyjunum, þeir seldu þér fílabein og hebenvið. [16]Þeir af Syria sóttu þitt erfiði hjá þér sem þú verkaðir og fluttu rúbín, purpuratjöld, silki og flugel og kristalla til þinnar kaupstefnu. [17]Júda og Ísraelsland kaupslöguðu einnin við þig og fluttu þér hveiti og minnít og balsamum, hunang og oleum og malstix til þinnar kaupstefnu. [18]Þar til sótti einnin Damascus hjá þér þitt erfiði og allsháttaðan varning fyrir sterka vín og kostulega ull. [19]Dan og Javan og Mehúsal flutti einnin á þitt torg járnsmíðar, cassia og calmus, svo að þú kaupslagaðir þar með. [20]Dedan keypti við þig með tjaldavefnaði þar eð á er setið. [21]Arabia og allir höfðingjarnir af Kedar höfðu kaupskap við þig meður sauði, hrúta og

hafra. [22]Þeir kaupmennirnir af Saba og Raema keyptu við þig og fluttu þér allsháttaðar jurtrir og dýrðlega gimsteina og gull til þinnar kaupstefnu. [23]Haran og Kane og Eden með þeim kaupmönnunum af Seba, Assúr og Elímad voru þínir kaupmenn. [24]Þeir kaupslöguðu allir við þig með kostulegum klæðum, með silki og dýrindis vefnaði, hvern eð þeir í kostulegum kistum af sedrustrjám smíðöðum og vel umvenduðum fluttu til þinnar kaupstefnu. [25]En þau hafskipin voru hin yppurstu á þinni kauprein. Þannin ertu orðin rík og tígugleg í miðju sjávarhafinu [26]og þínir skipmenn hafa flutt af þér yfir um mikilsháttar vötn. En einn austanvindur skal í sundurbrjóta þig mitt í sjónum [27]so að þinn sölueyrir, kaupmenn, kaupskapur, skipfólk, stýrimenn og skipasmiðir og þínir varningsmenn og allir þínir stríðsmenn og allt fólkið í þér skal tortýnast mitt í sjávarhafinu, á þeim tíma nær eð þú átt niður í grunn að hrapa [28]svo að höfnin skal og einnin skjálfa við af þeim háhljóðunum þinna stýrimanna. [29]Og allir þeir sem róa með bátsárunum ásamt skipverjum og meistörum skulu stíga af skipunum upp á landið [30]og með háhljóðum æpa yfir þér og harma þig beisklegana og ausa moldu yfir höfuð sér og velta sér í ösku, [31]þeir munu raka sig bersköllótta yfir þér og vefja sekkjum í kringum sig og af hjarta beisklegana gráta og sorga yfir þér. [32]Þeirra börn munu og einnin harma þig: „Aha! Hver hefur nokkurn tíma svo kyrr orðinn á sjávarhafinu sem þú, Tyrus?“ Þar eð þú framdir þinn kaupskap á sjónum. [33]Mörg lönd auðgaðir þú, já þú auðgaðir einnin þá konungana á jörðunni meður þínum varningi og kaupskap. [34]En nú ertu af sjávarhafinu í burt köstuð í það mjög djúpa vatnið svo að öll þín handtéran og allur þinn mannfjöldi er niðurfallin í þér. [35]Allir þeir sem í eyjunum búa þá skelfdust yfir þér og þeirra konungum þá ógnaði það og báru sig hörmulegana. [36]Þeir kaupmenn í löndunum blístra eftir þér að þú ert svo skyndilegana forgengin og kannt ekki meir upp aftur að komast.

28 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, seg þú þeim höfðingjanumí Tyro: Svo segir Drottinn GUÐ: Fyrir það að þitt hjarta upphefur sig og segir: „Eg er Guð, eg sit á einum veldisstóli Guðs mitt á sjónum“ þó að þú sért maður en enginn Guð en þó forhefur sig samt þitt hjarta líka sem að væri það eitt Guðs hjarta – [3]sjá þú, þú þykist hyggnari en Daníel, að ekki neitt sé hulið fyrir þér [4]og að þú hafir sjálfur komið slíkri magt til vegar fyrir þinn klókskap og hyggjuvit og soddan fjársjóðu samandregið af gulli og silfri og gjörsemisgripum. [5]Og með þínum vísdómi og fyrirsjón hefur þú fengið svo stóra magt, þar út af ertu svo drambsamur orðinn að þú ert orðinn svo megtugur.

[6]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo: Með því að þitt hjarta það forhefur sig líka sem eins Guðs hjarta [7]þar fyrir sjá þú, eg vil innleiða yfir þig þá hinu framandi sem eru þeir víkingarnir heiðinna þjóða. Þeir skulu út draga sín sverð yfir þinni fegurðar visku og gjöra þína stóra vegsemd að vanvirðu. [8]Þeir skulu steypa þér í gröfina niður að þú skulir deyja mitt í sjávarhafinu svo sem þeir hinir í hel slegnu. [9]Hvað skal gilda? Hvert að þú munt þá segja til þeirar sem þig í hel slá: „Eg er Guð“ með því að þú ert þó enginn Guð heldur einn maður og í þeirra höndum sem þig í hel slá? [10]Þú skalt deyja líka sem hinir óumskornu fyrir hendi hinna annarlegu það eg hefi talað það, segir Drottinn GUÐ. [11]Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [12]Þú mannsins son, gjör einn harmagrát yfir konunginum af Tyro og seg þú um hann: Svo segir DROTTINN GUÐ: Þú ert eitt hreinlegt innsigli, fullt

af vísdómi og ofsafagurt. [13]Þú bjóst í
Eden, aldingarði Guðs prýddur með
allsháttuðum gimsteinum, einkum sem
er með sardus, topasius, adamas, túrk-
is, onix, jaspís, saphirus, carbunculus,
smaragdus og gull. Upp frá þeim degin-
um er þú vart skapaður þá hlutu hjá þér
reiðubúnar að vera þínar hörpur og
hljóðpípur. [14]Þú ert sem einn kerúbím
sem sig vítt útbreiðir og hylur sig. Og
eg setta þig upp á það heilaga fjallið
Guðs að þú skyldir ganga á glóandi
steinum [15]og þú varst flekklaus í þínum
gjörningum á þeim degi eð þú vart
skapaður þangað til og svo lengi það
þinn misgjörningur varð fundinn. [16]Því
að þú ert vorðinn hið innra fullur af of-
stopa af þínum miklum marknaði og þú
syndgaðist svo. Þar fyrir vil eg van-
helga þig í frá fjallinu Guðs og eg vil
útreka þig, þú hinn útbreiddi kerúbím,
af þeim glóandi steinum. [17]Og með því
að þitt hjarta það upphefur sig vegna
þinnar fegurðarprýði og þú lést þín
klókindi tæla þig í þínu skrauti þar fyrir
vil eg kasta þér niður til jarðar og gjöra
þig að undrum fyrir konungunum. [18]Því
að þú hefur fordjarfað þinn helgidóm
meður þinni mikilli misgjörð og röng-
um kaupskap. Þar fyrir vil eg láta einn
eld útganga af þér sem þér skal foreyða
og eg vil gjöra þig að ösku á jörðunni so
að öll veröldin skal sjá upp á það. [19]Allir
þeir sem þekkja til þín á meðal
heiðinna þjóða skulu hræðast þinna
vegna það þú ert so skyndilega í grunn
fallinn og kannt aldreigi meir upp að
komast.

[20]Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: [21]Þú mannsins son, set þitt auglit
á móti Sídon og spáðu á móti henni
[22]og seg þú: Svo segir Drottinn GUÐ: Sjá
þú, eg vil til við þig, þú Sídón, og eg vil
eiga sigri að hrósa á þér so að þeir
skulu formerkja að eg er DROTTINN nær
að eg læt dóminn ganga yfir hana og
auglýsi á henni að eg sé heilagur. [23]Og
vil tilsenda henni drepsótt og blóðsút-
helling á hennar stræti og þeir skulu
með banvænlegum áverkum falla þar
inni fyrir sverðinu sem alla vegana skal
yfir hana ganga og þeir skulu formerkja
að eg er DROTTINN. [24]Og síðan skal þar
alla vegana í kringum Ísraels hús sem
þeirra óvinir eru engin klungurþyrni
vera sem þá skulu stinga eður neitt það
illgresi sem þeim skal mein gjöra so að
þeir skulu formerkja að eg er Drottinn
GUÐ.

[25]Svo segir Drottinn GUÐ: Nær að eg
samansafna aftur Ísraels húsi í frá því
fólkinu meðal hverra þeir eru í sundur
dreifðir þá vil eg auglýsa á þeim fyrir
heiðingjunum það eg er heilagur og
þeir skulu búa í sínu landi því sem eg
gaf mínum þjón Jakob [26]og þeir skulu
ugglausir þar inni búa og húsin upp-
byggja og víngarðana planta. Já þeir
skulu ugglausir búa nær að eg læt dóm-
inn ganga yfir alla þeirra óvini allt um
kring. Og þeir skulu formerkja að eg er
DROTTINN þeirra Guð.

29 Á því tíunda árinu, þann tíunda
daginn þess tólfta mánaðar,
skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [2]Þú
mannsins son, set þitt auglit á móti
faraó kónginum í Egyptalandi og spáðu
á móti honum og í móti öllu Egypta-
landi. [3]Prédika og seg þú: Svo segir
DROTTINN GUÐ: Sjá, eg vil koma yfir þig,
faraó kóngur Egyptalands, þú hinn
mikli dreki sem liggur í þínu vatni og
segir: „Vatsstraumurinn er minn og eg
hefi gjört mér hann.“ [4]En eg vil leggja
þér einn bitil í munn og láta þá fiskana í
þínu vatni loða á þínu hreistri og eg vil
draga þig út af þínum vatsstraum með
öllum þeim fiskunum í þínu vatni sem
loða á þínu hreistri. [5]Eg vil útkasta þér
með þínum fiskum úr þínu vatni burt í
eyðimörkina, á landi skaltu falla og
ekki upp aftur lesinn né samansafnað-
ur verða heldur skaltu verða dýrunum í
landinu og fuglunum loftsins að tafni
[6]og allir þeir sem í Egyptalandi búa

skulu formerkja að eg er DROTTINN, fyrir það að þeir hafa verið Ísraels húsi
einn reyrstafur [7]hver eð brotnaði nær
eð þeir héldu honum í hendinni og
stakk þá í gegnum síðuna en nær eð
þeir studdu sig þar við þá brast hann í
sundur og stakk þá í mjaðmirnar.

[8]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Sjá
þú, eg vil láta sverðið koma yfir þig og í
burt svipta bæði mönnum og fénaði í
þér. [9]Og Egyptaland skal verða að einni
eyðimörku og öræfum og þeir skulu
formerkja að eg er DROTTINN. Fyrir það
að hann segir: „Vatsstraumurinn er
minn og eg er sá sem hann gjörir.“

[10]Þar fyrir sjá þú, eg vil til við þig og
við þína vatsstrauma og eg vil gjöra Egyptaland að eyðimörku og óbyggðum,
frá turninum til Síenne inn til landamerkjanna Blálands [11]svo að þar skal
hverki menn né fénaður inni ganga eða
þar inni búa í fjörutígi ár. [12]Því að eg vil
gjöra Egyptaland í eyði og láta þess
endimörk óbyggð vera og þá staðina í
eyði liggja um fjörutígi ár svo sem aðra
eyðistaði og eg vil útskúfa þeim egypskum á meðal þjóðanna og eg vil í
burt tvístra þeim um löndin.

[13]Þó segir Drottinn GUÐ so: Nær eð
þau fjörutíu árin eru umliðin þá vil eg
safna þeim egypskum til samans í burt
frá þeim þjóðunum á meðal hverra þeir
skulu útdreifðir verða [14]og eg vil snúa
herleiðingu þeirra egypskra og flytja þá
inn aftur í landið Patrós hvert að er
þeirra fósturland og þar skulu þeir vera
eitt lítið kóngsríki. [15]Því að þeir skulu
vera litlir hjá öðrum kóngaríkjum og
ekki meir drottna yfir heiðnum þjóðum. Og eg vil gjöra þá lítilsháttar so að
þeir skulu ekki drottna yfir þjóðunum.
[16]So það Ísraels hús skal ekki meir
treysta upp á þá og syndgast so þar
með nær eð þeir halda með þeim. Og
þeir skulu formerkja að eg er Drottinn
GUÐ.[17]Og það bar svo til á því tuttugasta
og sjöunda árinu, á þeim fyrsta deginum þess fyrsta mánaðarins að orð
DROTTINS skeði til mín og sagði: [18]Þú
mannsins son, Nabogodonosor
kóngurinn af Babýlon hefur flutt sitt
herlið fyrir Tyrus með mikilli armæðu
so að allra höfuð eru hárlaus orðin og
allra síður þreyttar og hans erfiðismunir fyrir Tyrus eru hverki honum né
hans stríðsfólki launað. [19]Þar fyrir segir
Drottinn GUÐ so: Sjá þú, eg vil gefa
Nabogodonosor konunginum af Babýlon Egyptaland að hann skal í burt
taka allt þeirra góss, ræna það og rupla,
svo að hann launi þar með sínu herliði.
[20]En honum sjálfum vil eg gefa Egyptaland fyrir sína erfiðismuni sem hann
hefur haft þar fyrir því að þeir hafa
þjónað mér, segir Drottinn GUÐ.

[21]Á þeim sama tíma vil eg láta það
hornið hússins Ísrael vaxa og eg vil
upplúka þínum munni á meðal þeirra
og þeir skulu formerkja að eg er
DROTTINN.

30 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: [2]Þú mannsins son,
spáðu og segðu: Svo segir Drottinn
GUÐ: Kveinið og segið: Ó vei þeim deginum, það sá dagurinn er nálægur, [3]já
sá dagurinn DROTTINS er nálægur, einn
myrkur dagur, sá tíminn er í nánd það
hinir heiðnu skulu koma [4]og það
sverðið skal koma yfir Egyptaland og
Bláland má hræðast nær eð hinir í hel
slegnu falla í Egyptalandi og þá eð það
fólk verður í burt flutt og þá eð þess
grundvallan um koll veltist. [5]Bláland,
Lybia og Lydia, með allsháttuðu múgafólki og Kúb og þeir sem eru af sáttmálans landi skulu falla meður þeim fyrir
sverðinu. [6]Svo segir DROTTINN: Þeir
landvarnarmenn Egyptalands hljóta að
falla og sú drambsemin þeirra magtarveldis skal niður slegin vera, í frá
turninum til Síene skulu þeir fyrir
sverði falla, segir Drottinn GUÐ. [7]Og
þeir skulu í eyði leggjast líka sem þær
hinar óbyggðu landsálfurnar og þess
staðir skulu í eyði liggja á meðal

annarra óbyggðra staða [8]so að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN nær að eg uppkveiki einn eld í Egyptalandi svo að allir þeir sem því veita hjálp foreyddir verði.

[9]Á þeim sama tíma skulu sendiboðarnir út fara frá mér í skipin að hræða Bláland sem nú er so athugalaust og þar skal vera ein hræðsla á meðal þeirra líka svo sem það gekk Egyptalandi þá eð þess tími kom því að sjá þú, að vissilegana kemur það. [10]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil í burt drífa mannfjöldann Egyptalands fyrir Nabogodonosor konunginum af Babýlon. [11]Því að hann og hans fólk með honum ásamt með þeim hervíkingum heiðinna þjóða eru þar tilkomnir að þeir fordjarfi landið og þeir munu sín sverð útdraga á móti Egyptalandi svo að landið skal alla vegana liggja fullt með þá í hel slegnu. [12]Og eg vil uppþurrka vatsstraumana og selja landið illskufólki og eg vil fyrir þá hinu annarlegu foreyða landið og allt hvað þar er inni. Eg, DROTTINN, hefi talað það. [13]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil í burt svipta skúrgoðunum í Nóf og afmá þá afguðina og hinir egypsku skulu öngvan höfðingja lengur hafa og eg vil innsenda eina hræðslu í Egyptaland. [14]Eg vil Patrós í eyði leggja og uppkveikja einn eld í Sóan og láta dóminn ganga yfir Nó. [15]Og eg vil úthella minni grimmd yfir Sín sem að er sá sterki kastali Egyptalands og eg vil upprykkja þeim mannfjöldanum í Nó. [16]Eg vil uppkveikja einn eld í Egyptalandi og Sín skal hafa angist og neyð og Nó skal verða í eyði lögð og Nóf skal hafa daglega angist. [17]Þeir hinir ungu karlmenn í Ón og Búbastó skulu falla fyrir sverði og konurnar skulu herteknar í burt fluttar verða. [18]Takpanhes skal fá einn myrkvan dag nær að eg í sundur slæ það okið egypskra so að drambsemin þeirra veldismagtar skal fá einn enda þar inni. Hún skal hyljast með skýjunum og hennar dætur skulu herteknar í burt flytjast. [19]Og eg vil láta dóminn ganga yfir Egyptaland að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

[20]Og það bar svo til á því ellefta árinu, þann sjöunda daginn á þeim fyrsta mánaðinum að orð Drottin skeði til mín og sagði: [21]Þú mannsins son, eg vil í sundur brjóta armlegginn faraó konungsins af Egyptalandi og sjá þú, að ei skal um hann bundið verða so að hann megi læknast. Hann skal og ekki heldur meður spelkum umvafinn verða svo að hann geti styrkur orðið og fái sverðinu haldið. [22]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo: Sjá þú, eg vil til við faraó konunginn í Egyptalandi og eg vil í sundurbrjóta hans armlegg, bæði þann hinn öfluga og hinn veika, svo að sverðið skal falla af hans hendi. [23]Og eg vil í burt dreifa þeim egypskum á meðal þjóðanna og í burt drífa þá út í löndin. [24]En eg vil styrkja armleggi konungsins af Babýlon og fá honum mitt sverð í hendur og eg vil í sundurbrjóta armleggina pharaonis so að hann skal stynja fyrir honum líka sem sá er til ólífis er særður. [25]Já eg vil styrkja armleggina konungsins af Babýlon so að armleggir pharaonis skulu niður síga upp á það að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN nær eð eg gef mitt sverð í konungsins hönd af Babýlon að hann skal útrykkja því yfir Egyptaland [26]og eg í burt dreifi þeim egypskum á meðal þjóðanna og í burt skipa þeim í löndin so að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

31 Og það skeði á því ellefta árinu, þann fyrsta daginn í þeim þriðja mánaðinum, að orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, seg þú til faraó konungsins í Egyptalandi og til alls hans fólks: Hverjum þenkir þú þá að þú sért líkur í þinni vegsemd? [3]Sjá þú, Assúr var sem eitt sedrustré á Líbanon með fögrum grein-

um og laufþykkvum og mjör hár so að hans toppur stóð hátt á meðal þeirra stóru digru greinanna. [4]Vatnið gjörði það að hann varð so stór og djúpið að hann vóx so hátt. Hans vatsrásir gengu utan um kring bolinn á honum og hans lækir til allra viðartrjánna í landinu. [5]Þar fyrir varð hann hærri en öll tré í landinu og fékk margar greinir og langa kvistu því að hann hafði nóglegt vatn til að útbreiða sig með. [6]Allir himinsins fuglar gjörðu hreiður á hans kvistum og öll skógdýrin höfðu unga undir hans greinum og þar bjuggu öll stórmenni undir hans skugga. [7]Hann hafði fagrar, stórar og langar greinir því að hans rætur höfðu mikið vatn. [8]Og þar var ekki neitt sedrustré honum líkt í Guðs aldingarði og grenitrén kunnu ekki að jafnast við hans greinir og þau kastaneutrén voru ekkert hjá hans greinum. Já hann var so fagur að þar var ekki neitt fegra tré í Guðs aldingarði. [9]Eg gjörði hann og prýðilegan að hann fékk margar greinir og öll lystileg tré í Guðs aldingarði hötuðu hann.

[10]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Af því að hann er orðinn so hár að hans toppur stóð á meðal stórra, hárra, þykkra greina og hans hjarta upphóf sig af því að hann var so hár, [11]þar fyrir gaf eg hann í hendur þeim megtugasta á meðal heiðinna þjóða sem skyldi handtéra við hann og í burt drífa hann so sem hann hafði verðskuldað með sínu óguðlegu athæfi, [12]so að hinir annarlegu skulu upprykkja honum sem að eru þeir hervíkingarnir heiðinna þjóða og í burt dreifa honum og hans greinir skulu liggja á fjöllunum og í öllum dölunum og hans greinir í sundurmolaðar í hjá öllum lækjum í landinu, so að allt fólkið á jörðunni skal í burt víkja frá hans skugga og yfirgefa hann [13]og allir fuglar himinsins sátu á hans niðurföllnum stofni og öll skógrýdin lögðu sig á hans greinir, [14]svo að engin tré skyldu upphefja sig héðan af í hjá vatninu í sinni hæð af því að topparnir standa á meðal stórra, þykkra greina og það ekki neitt tré hjá vatninu skuli upphefja sig yfir annað því að þeir skulu allir undir jörðina og ofurseljast í dauðann sem aðrir menn þeir eð niður fara í gröfina.

[15]So segir Drottinn GUÐ: Á þeim tíma nær eð hann ofan fór til helvítis þá gjörða eg einn harmagrát að undirdjúpin huldu hann og hans vatsstraumar hlutu kyrrir að standa og þau hin stóru vötnin kunnu ekki að renna og eg gjörði það að Líbanon bar harm eftir hann og öll trén á sléttlendinu í burt þornuðu yfir honum. [16]Eg hrædda heiðingjana þá eð þeir heyrðu hann falla, þann tíð eg steypta honum til helvítis niður meður þeim sem ofan fara í gröfina. Og öll þau lystilegu trén undir jörðunni þau hinu eðalbornustu og hin bestu á Líbanon og öll þau sem fyrr höfðu staðið hjá vatninu unnu honum vel. [17]Því að þau hlutu einnin með honum ofan að fara til helvítis til þeirra sem vegnir voru með sverðinu með því að þeir höfðu búið undir skugganum hans armleggja á meðal heiðinna þjóða. [18]Hversu stór meinar þú þá að þú sért með þínu bramli og vegsemdarskrauti á meðal þeirra lystilegra trjánna? Því að þú hlýtur niður að fara undir jörðina með þeim lystilegu trjánum og liggja meðal hinna óumskornu sem í hel vegnir eru meður sverði. Þannin skal það ganga faraó með öllu hans fólki, segir Drottinn GUÐ.

32 Og það bar svo til á því tólfta árinu, þann fyrsta daginn í þeim tólfta mánaðinum, að orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, gjör þú einn sorgargrát yfir konunginum af Egyptalandi og seg þú til hans: Þú ert líka sem eitt león á meðal heiðinna þjóða og so sem einn sjávardreki og stökkur í þínum vatsstraumum og rótar vatninu með þínum

fótum og gjörir það gruggugt. [3]So segir Drottinn GUÐ: Eg vil kasta mínu neti yfir þig fyrir einn mikinn mannfjölda sem þig skulu reka í mitt lagnet [4]og eg vil draga þig upp á landið og kasta þér upp á völluna so að allir fuglar himinsins skulu sitja á þér og öll dýrin af jörðunni skulu mettast af þér. [5]Og eg vil kasta þínu hræi upp á fjöllin og uppfylla dalina með þinni hæð. [6]Eg vil gjöra landið sem þú sveimar inni rautt af þínu blóði allt upp til fjallanna so að lækirnir skulu verða fullir af þér. [7]Og nær eð það er nú með öllu útgjört um þig þá vil eg byrgja himininn og myrkva hans stjörnur og draga fyrir sólina með skýjunum og tunglið skal ekki skína. [8]Og öll ljósin á himninum vil eg láta myrk verða yfir þér og eg vil gjöra myrkt í þínu landi, segir Drottinn GUÐ.

[9]Þar með vil eg skelfa hjörtun margra þjóða nær að eg læt heiðingjana formerkja þína hefndarplágu og mörg þau lönd sem þú þekkir ekki. [10]Og margt fólk skal hrætt verða þinna vegna, þeirra konunga skal grúa fyrir þér nær að eg læt mitt sverð leiftra á móti þér og þeir skulu skelfast skyndilegana so að þeirra hjörtu skulu verða huglaus af þinni hrasan.

[11]Því so segir Drottinn GUÐ: Konungsins sverð af Babýlon skal hæfa þig [12]og eg vil niður slá þitt fólk fyrir kappanna sverðum og fyrir allsháttuðum hervíkingum heiðinna þjóða. Þeir skulu foreyða vegsemdinni Egyptalands so að allt þess fólk skal afmáð verða. [13]Og eg vil fyrirkoma öllum dýrum í hjá því stóra vatninu so að einskis manns fótur og einskis dýrs klauf skal gjöra það gruggugt. [14]Þá vil eg hreinsa þeirra vötn so að þeirra straumar skulu fljóta sem viðsmjör, segir Drottinn GUÐ, [15]nær að eg hefi Egypaland í eyði lagt og foreytt því öllu sem þar er í landinu og í hel slegið alla þá sem þar búa inni, að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

[16]Þar verður ein stór eymdarneyð sem menn mega vel harma, já margar dætur heiðinna þjóða skulu framflytja soddan grát yfir Egyptalandi að menn skulu gráta yfir öllu þessu fólki, segir Drottinn GUÐ.

[17]Og á því tólfta árinu, þann fimmtánda daginn í sama mánaði, þá skeði orð DROTTINS til mín og sagði: [18]Þú mannsins son, grát þú fólkið í Egyptalandi og steyp því niður með þeim dætrunum hinna öflugustu þjóðanna undir jörðina til þeirra sem ofan fara í gröfina. [19]Hvar er nú þín vellysting? Far þú niður og legg þig hjá þeim óumskornu! [20]Þeir skulu falla á meðal hinna í hel slegnu með sverðinu. Það sverðið er nú þegar tekið og því er útrykkt yfir allt þetta fólk. [21]Þar út af skulu hinir öflugu kappar segja í helvíti meður sínum meðhjálparmönnum, þeir sem allir eru ofan farnir og liggja þar á meðal þeirra óumskornu og hinn aí hel slegnu með sverðinu.

[22]Þar liggur Assúr grafinn með öllu sínu fólki allt um kring sem allir eru í hel slegnir og fallnir fyrir sverði. [23]Þeirra legstaðir eru djúpir í gröfunum og hans fólk liggur grafið alla vegana um kring sem allir eru í hel slegnir og fallnir fyrir sverðinu, fyrir hverju það öll veröldin var hrædd.

[24]Þar liggur einnin Elam grafinn með allan sinn flokk allt um kring, þeir sem allir eru slegnir og fallnir fyrir sverðinu og niður farnir líka sem hinir óumskornu undir jörðina, fyrir hverjum að öll veröldin var hrædd. Og þeir skulu bera sína skömm meður þeim sem ofan fara í gröfina. [25]Þeir voru þar lagðir með allan sinn mannfjölda á meðal hinna í hel slegnu og þeir liggja þar grafnir allt um kring og eru allir líka sem hinir óumskornu og í hel slegnir með sverðinu, fyrir hverjum að einnin það öll veröldin hlaut að vera hrædd. Og þeir skulu bera sína skömm með

þeim sem ofan fara í gröfina og vera þar á meðal hinna í hel slegnu.
[26]Þar liggur Mesek og Túbal meður allan þeirra mannfjölda, grafnir allt um kring, sem allir eru óumskornir og í hel slegnir með sveðrinu, fyrir hverjum að öll veröldin hlaut einnin hrædd að vera
[27]og allir aðrir kappar sem fallnir eru á meðal hinna óumskornu og ofan eru farnir til helvítis með sínum hervopnum og þeir eð lögðu sín sverð undir sín höfuð og þeirra misgjörningur er kominn yfir þeirra bein, þeir eð einnin voru hræðilegir kappar í allri veröldinni,
[28]þó hljóta þeir að liggja. Eins so þá skaltu og einnin vissilegana í sundur kraminn verða á meðal hinna óumskornu og liggja so á milli þeirra sem í hel slegnir eru með sverðinu.
[29]Þar liggur Edóm meður sínum konungum og öllum sínum höfðingjum á meðal hinna í hel slegnu með sverðinu og á meðal hinna óumskornu, með þeim öðrum sem ofan fara í gröfina.
[30]Hverjir þó hafa verið megtugir, já allir höfðingjarnir af norðrinu hljóta þangað og allir Zidonier sem eru ofan farnir meður hinum í hel slegnu og þeirra hræðileg magt er orðin til skammar og þeir skulu liggja á meðal hinna óumskornu og þeirra sem í hel slegnir eru með sverðinu og bera sína skömm meður þeim sem ofan í gröfina fara.
[31]Þessa skal faraó sjá og hugga sig með öllu sínu fólki sem undir honum eru í hel slegnir með sverðinu og með öllu sínu herliði, segir Drottinn GUÐ.
[32]Því að öll veröldin skal enn eitt sinn uggandi um sig fyrir mér so að faraó og allur hans mannfjöldi skal liggja á meðal hinna óumskornu og í hjá þeim sem eru í hel slegnir með sverðinu, segir Drottinn GUÐ.

33 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, prédika á móti þínu fólki og segðu til þeirra: Ef að eg læt koma sverðið yfir landið og fólkið í landinu tekur einn á meðal sín og setur hann til varðhaldsmanns [3]og hann sér sverðið koma yfir landið og hann blæs í herlúðurinn og varar svo fólkið við, [4]hver sem þá heyrir hljóðin herlúðursins og vill ekki vakta sig og sverðið það kemur og sviptir honum í burt, hans blóð skal vera yfir hans höfði [5]því að hann heyrði herlúðursins hljóð og hefur þó ekki að heldur varað sig við. Þar fyrir þá veri hans blóð yfir honum. En hver sem lætur vara sig við hann mun bjarga sínu lífi þar í frá. [6]En ef varðhaldsmaðurinn sér sverðið koma og blæs ekki í herlúðurinn og varar eigi heldur sitt fólk við og sverðið kemur og sviptir nokkrum í burt: Þeir hinir sömu verða að vísu í burt teknir fyrir sinna synda sakir en þeirra blóðs vil eg krefja af varðhaldsmannsins hendi.
[7]Og nú, þú mannsins son, eg hefi sett þig til eins varðhaldsmanns yfir Ísraels hús nær eð þú heyrir nokkuð af mínum munni sem þú skalt vara þá við minna vegna. [8]Nær að eg segi nú so til hins óguðlega: „Þú hinn óguðlegi skalt vissilega deyja“ og þú segir honum ekki það sama so að sá hinn óguðlegi tæki sér vara fyrir sinni breytni þá skal hinn óguðlegi að vísu deyja fyrir síns óguðlegs athæfis sakir en eg vil krefja hans blóðs af þinni hendi. [9]En varir þú hinn óguðlega við sinni breytni, að hann snúi sér þar í frá, og hann vill ekki snúa sér frá sínu athæfi þá skal hann deyja fyrir sinna synda sakir en þú hefur frelsað þína sálu.
[10]Þar fyrir, þú mannsins son, seg þú til Ísraels hús: Þér segið so: „Vorar syndir og misgjörðir þær liggja á oss so að vér forgöngum þar undir. Hvernin kunnum vér þá að lifa?“ [11]þá seg þú til þeirra: Svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, þá hefi eg öngva þóknan á dauða hins óguðlega heldur það að sá hinn óguðlegi snúi sér frá sinni breytni

og lifi. So snúið yður nú í frá yðvari vondri breytni. Eða hvar fyrir vilji þér deyja, þér af húsi Ísraels? [12]Og þú mannsins son, seg þú til þíns fólks: Nær eð einn réttlátur gjörir ranglega þá mun það ekki stoða honum að hann hefur réttlátur verið. Og nær eð einn óguðlegur gjörist réttvís þá skal það ekki skaða hann að hann hefur óguðlegur verið. So kann og ekki hinn réttferðugi að lifa nær eð han syndgast. [13]Því ef að eg segði til hins réttferðuga: „Hann skal lifa“ og hann treystir upp á sína réttvísi og gjörir ranglega þá mun öll hans réttvísi ekki í minni lögð verða heldur mun hann deyja í sínu ranglæti sem hann gjörir. [14]Og ef eg segi til hins óguðlega að hann skuli deyja og hann snýr sér frá sínum syndum og gjörir það sem gott og réttvíst er, [15]so að hinn óguðlegi gefur það aftur sem í borgan var sett og bitalar það aftur sem hann hefur gripið og gengur eftir lífsins orðum so að hann gjörir ekki neitt ranglegana þá skal hann lifa og ei deyja [16]og allar hans syndir sem hann hefur gjört skulu ekki hugleiddar verða það hann gjörir nú það sem gott er og réttvíslegt, þar fyrir skal hann lifa.

[17]Þó segir þitt fólk: „DROTTINN dæmir ekki rétt“ þótt að þeir hafi rétt. [18]Því að nær eð hinn réttferðugi snýr sér í frá sinni réttvísi og gjörir ranglegana þá á hann með réttu að deyja þar fyrir. [19]Og nær eð hinn óguðlegi snýr sér í frá sínu óguðlegu athæfi og gjörir það sem gott og réttvíslegt er þá á hann að lifa. [20]Þó segi þér samt að DROTTINN dæmi ekki rétt þó að eg dæmi yður af Ísraels húsi hvern eftir sinni verkan.

[21]Og það skeði so á því hinu tólfta voru herleiðingarári, þann fimmta daginn í þeim tíunda mánaðinum, að þá kom einn til mín sá sem undan hafði komist frá Jerúsalem og sagði það staðurinn væri niðurbrotinn. [22]Og hönd DROTTINS var yfir mér um kveldið fyrr en sá kom sem undan hafði komist og upplauk minn munn þar til hann kom til mín um morguninn og hann upplauk so mínum munni á mér það eg kunni ekki meir að þegja.

[23]Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [24]Þú mannsins son, þeir sem búa í þeim foreyddu stöðunum í Ísraelslandi segja so: „Abraham var aðeins einn maður og hann erfði þetta land og vér erum margir, því höfum vér betra rétt til landsins.“ [25]Þar fyrir seg þú til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: Þér hafið etið blóðið og upphafið yðar augu til afguðanna og úthellt blóðinu og þér meinið að þér viljið eignast landið? [26]Já þér haldið ætíð áfram um manndrápin og fremjið svívirðingar og einn hann skammar eiginkonu hins annars og þér meinið að þér viljið eignast landið? [27]So seg þú til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: So sannarlega sem eg lifi, þá skulu þeir allir sem búa í þeim eyðistöðunum falla fyrir sverði og hvað sem á akurlöndunum er það vil eg gefa villudýrunum til fæðslu og þeir hinir sem eru í köstulunum og hellunum skulu deyja af drepsótt. [28]Því að eg vil með öllu foreyða landið og gjöra einn enda á þeirra drambsemi og magtarveldi so að Ísraelsfjöll skulu so í eyði vera að enginn skal ganga þar yfir um. [29]Og þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN nær að eg hefi landið so öldungis í eyðilagt fyrir allra þeirra svívirðinga sakir sem þeir gjöra.

[30]Þú mannsins son, þitt fólk talar á móti þér, hjá múrveggjunum og í húsdyrunum og hver segir til annars: „Kæri, komið og látum oss heyra hvað DROTTINN segir!“ [31]Og þeir munu koma til þín í samkundunni og sitja frammi fyrir þér so sem mitt fólk og munu heyra þín orð en ekki neitt gjöra þar eftir heldur munu þeir blístra eftir þér og lifa þó samt eftir sinni ágirni. [32]Og sjá þú, þú verður að vera þeirra kvæði hvert að þeir munu gjarnan kveða og sér að skemmtan hafa, so munu þeir nú

heyra þín orð og ekki neitt gjöra þar eftir. 33En nær það kemur hvað koma skal, sjá þú, þá skulu þeir formerkja að einn propheti hefur verið á meðal þeirra.

34 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: 2Þú mannsins son, spáðu á móti hirðum Ísraels. Spáðu og segðu til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: Vei þeim Ísraels hirðum sem ala sjálfa sig! Eiga ekki hirðirnir að ala hjörðina? 3En þér etið það hið feita og klæðið yður með ullunni og þér slátrið því sem alið er en sauðina viljið þér ekki ala. 4Þér gætið ekki að því vanfæra og læknið ekki það sjúka, það sem sárt er grærið þér ekki, það sem vegavillt fer sæki þér ekki aftur og þér leitið ekki eftir því sem glatað er, heldur drottni þér stranglega og harðlega yfir þeim. 5Og mínir sauðir eru í sundurtvístraðir líka sem þeir eð öngvan hirðir hafa og öllum villudýrunum að átu orðnir og með öllu í sundur dreifðir 6og þeir ráfa villir vega hingað og þangað á fjöllunum og upp á þeim hávu hálsunum og þeir eru í sundurtvístraðir um allt landið og þar er enginn sem spyrji eftir þeim eða hirði um þá.

7Þar fyrir heyri, þér hirðar, orð DROTTINS. 8So sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn GUÐ, af því að þér látið sauði mína verða að herfangi og mína hjörð öllum villidýrunum að átu með því að þeir hafa öngvan hirðir og mínir hirðar skeyta ekki um mína hjörð heldur eru þeir svoddan hirðarar sem ala sjálfa sig en mína sauði vilja þeir ekki ala, 9þar fyrir, þér hirðar, heyrið orð DROTTINS. 10Svo segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil koma yfir þá hirðara og krefja minnar hjarðar af þeirra höndum og eg vil láta þá hafa einn enda so að þeir skulu ekki lengur hirðarar vera og þeir skulu ekki meir ala so sjálfa sig. Eg vil frelsa mína sauði af þeirra munni so að þeir skulu ekki meir upp eta þá héðan í frá.11Því so segir DROTTINN: Sjá þú, eg sjálfur vil taka mína hjörð að mér og leita að þeim 12líka sem einn hirðir leitar að sínum sauðum nær eð þeir í burt villast frá hans hjörð. So vil eg leita að mínum sauðum og eg vil frelsa þá af öllum þeim stöðum í hverja þeir voru í burt dreifðir á þeim tíma þá eð það var so myrkt og dimmt. 13Eg vil útleiða þá frá öllu fólki og samansafna þeim af öllum löndum og eg vil innflytja þá í þeirra land og eg vil þeim fæðslu gefa á Ísraelsfjöllum og í öllum engiteigum og í öllum takmörkum landsins. 14Eg vil leiða þá inn til hins besta haglendis og þeirra sauðahús skal standa upp á háfjöllunum Ísraels. Þeir skulu liggja í einu lystilegu sauðahúsi og fá gott haglendi á Ísraelsfjöllum. 15Eg vil sjálfur ala mína sauði og eg vil bæla þá, segir Drottinn GUÐ. 16Eg vil uppleita það glataða og leiða aftur það sem villtist og græða það hið lemstraða og gæta að því hinu vanfæra og eg vil geyma að því sem feitt og velfært er og eg vil hafa umhyggju fyrir þeim so sem þörf er.

17En til yðar, mín hjörð, segir Drottinn GUÐ so: Sjá þú, eg vil dæma á millum sauðar og sauðar og á millum hrútanna og hafranna. 18Nægir það eigi að þér hafið so gott haglendi og so yfirfljótanleg að þér troðið það niður með fótum og so fagra brunna að drekka út af, so gnóglegana að þér stígið þar í og gjörið þá óhreina, 19so að mínir sauðir hljóta að eta það sem þér hafið með yðrum fótum niðurtroðið og drekka það sem þér hafið með yðrum fótum gruggugt gjört?

20Þar fyrir segir Drottinn GUÐ svo til þeirra: sjá þú, eg vil dæma á millum hins feita og hins magra sauðarins 21af því að þér sláið með fótunum og stangið frá yður það hið vanfæra með yðrum hornum þangað til að þér í burtrekið þá alla frá yður. 22Og eg vil hjálpa minni hjörð að þeir skulu ekki meir verða so að herfangi og eg vil dæma á millum

sauðar og sauðar. [23]Og eg vil uppvekja
þeim einn einka hirðir sem þá skal ala,
einkum sem er minn þénari Davíð.
Hann skal þeim fæðu gefa og hann skal
vera þeirra hirðir. [24]Og eg, DROTTINN,
vil vera þeirra Guð en minn þénari Dav-
íð skal vera einn höfðingi á meðal
þeirra. Það segi eg, DROTTINN.
[25]Og eg vil gjöra einn friðarins sátt-
mála viður þá og í burt reka öll illsku-
dýrin af landinu so að þeir skulu
óhræddir búa á eyðimörkunum og sofa
í skóginum. [26]Eg vil blessa þá og allar
mínar hæðir allt um kring og láta rigna
yfir þá í réttan tíma, það skal vera ein
blessunardögg, [27]so að trén á ak-
urlöndunum skulu bera sinn ávöxt og
landið skal gefa sinn gróða og þeir
skulu óhræddir búa í landinu. Og þeir
skulu formerkja að eg er DROTTINN nær
að eg hefi í sundurbrotið þeirra ok og
frelsað þá af þeirra hendi hverjum þeir
hlutu að þjóna. [28]Og þeir skulu ekki
meir heiðnum þjóðum að herfangi
verða og engin dýr á jörðunni skulu
meir uppsvelgja þá heldur skulu þeir
öruggir búa án allrar hræðslu. [29]Og eg
vil uppvekja þeim einn nafnfrægan
aldinkvist að þeir skulu ekki meir líða
hungur í landinu. Og þeir skulu ekki
meir bera sinn kinnroða á meðal
heiðinna þjóða. [30]Og þeir skulu for-
merkja að eg, DROTTINN þeirra Guð, er
hjá þeim og að þeir eru mitt fólk af húsi
Ísraels, segir Drottinn GUÐ. [31]Já þér
menn skuluð vera hjörðin minnar
fæðslu og eg vil vera yðar Guð, segir
Drottinn GUÐ.

35 Og orð DROTTINS skeði til mín
og sagði: [2]Þú mannsins son, set
þitt andlit á móti fjallinu Seír og spáðu
á móti því [3]og seg þú til þess: So segir
Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil til við þig,
þú fjallið Seír, og útrétta mína hönd á
móti þér og eg vil í eyðileggja þig með
öllu. [4]Eg vil gjöra þína staði að örbýlum
so að þú skalt verða að óbyggðum og
formerkja að eg er DROTTINN, [5]af því að
þér berið eilífan fjandskap til Ísraels-
sona og rákuð þá undir sverðið þá eð
þeim veitti illa og þeirra syndir höfðu
enda. [6]Þar fyrir, so sannarlega sem eg
lifi, segir Drottinn GUÐ, vil eg einnin
gjöra þig blóðugan og þú skalt ekki
komast undan blóðinu af því að þú hef-
ur lysting til blóðsins, þá skaltu ekki
undan komast blóðinu. [7]Og eg vil gjöra
fjallið Seír að eyðimörku og öræfum so
að enginn skal ferðast eður ganga þar
upp á [8]og eg vil uppfylla öll hans fjöll og
hálsa, dalina og sléttlendin með hina
dauðu þá sem þar skulu liggja í hel
slegnir með sverðinu. [9]Já eg vil gjöra
þig til einnrar eilífrar eyðimerkur og
enginn skal búa í þínum stöðum. Og
þér skuluð formerkja að eg er
DROTTINN. [10]Og af því að þú segi: „Þetta
hverttveggja fólk og bæði þeirra lönd
skulu vera mín og eg vil eignast þau þó
að DROTTINN hann búi þar“ [11]þar fyrir,
so sannarlega sem eg lifi, segir Drott-
inn GUÐ, eg vil breyta við þig eftir þinni
reiði og hatri so sem að þú hefur breytt
við þá af réttu hatri og þeir skulu
þekkja mig að eg hefi refsað þér. [12]Og
þú skalt formerkja að eg, DROTTINN,
hafi heyrt alla þína háðung sem þú hef-
ur talað á mót Ísraelsfjöllum og sagt:
„Þau eru í eyði lögð og oss ofurgefin til
að fordjarfa þau.“ [13]Og þér hafið hælst
um við mig og talað svívirðilega í gegn
mér, það sama hefi eg heyrt. [14]So segir
nú Drottinn GUÐ: Eg vil gjöra þig að
einnri eyðimörku so að allt landið skal
gleðja sig. [15]Og so sem að þú hefur glatt
þig af því að þú eignaðist arfleifðina
hússins Ísraels með því að það var í
eyðilagt, líka so vil eg gjöra við þig svo
að fjallið Seír skal vera í eyði með
gjörvallri Edóm. Og þér skuluð for-
merkja að eg er DROTTINN

.

36 Og þú mannsins son, spáðu
Ísraelsfjöllum og segðu: Þér
Ísraelsfjöll, heyrið orð DROTTINS! [2]So

segir Drottinn GUÐ: Af því að óvinirnir hrósuðu sér yfir yður: „Ha, ha! Þær hinar ævinlegu hæðirnar eru nú orðnar vor arfleifð“ [3]þar fyrir spáðu og segðu: So segir Drottinn GUÐ: Með því að þeir í eyðilögðu og afmáðu yður alla vegana og þér eruð þeim eftirorðnum heiðingjum að hlutskipti orðnir og eruð komnir í fólksins munna og eruð orðnir að vondri orðhrópan, [4]þar fyrir, heyri þér Ísraelsfjöll orð Drottins GUÐS: So segir Drottinn GUÐ, bæði til fjallanna og til hálsanna og til lækjanna og dalanna og til öræfa eyðimarkanna og óbyggðarstaðanna sem eru þeim eftirorðnu heiðingjunum að gripdeildum og háðungum orðnir allt um kring, [5]já svo segir Drottinn GUÐ: Eg hefi talað í minni brennandi vandlætingu móti þeim eftirorðnu heiðingjunum og í móti gjörvallri Edóm sem mitt land hefur að sér tekið með fagnaði af öllu hjarta og með háðuglegum aðhlátri til að fordjarfa og útarma það. [6]Þar fyrir spáðu um Ísraelsland og seg þú til fjallanna og hálsanna, til lækjanna og dalanna: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg hefi talað í minni vandlætingu og grimmd. Af því að þér hljótið að bera soddan forsmán af heiðingjunum [7]þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Eg upphef mína hönd að yðrir nágrannar, þeir heiðingjarnir allt um kring, skulu þar igen sjálfir bera sínar skammir.

[8]En þér Ísraelsfjöll skuluð blómgast aftur og bera yðvarn ávöxt mínu fólki Ísrael og það skal snarglega ske. [9]Því sjáið, eg vil snúa mér til yðar aftur og gæta að yður so að þér skuluð uppbyggjast og plantaðir verða [10]og eg vil fjölga mörgu fólki hjá yður því gjörvöllu Ísraels húsi öllu til samans. Og staðirnir skulu byggðir verða upp aftur, [11]já eg vil fjölga hjá yður fólki og fénaði so að þér skuluð fjölgast og vaxa. Og eg vil innsetja yður aftur þar þér bjugguð fyrr meir. Og eg vil gjöra yður meira gott heldur en nokkurn tíma áður fyrri og þér skuluð formerkja að eg er DROTTINN. [12]Eg vil innflytja menn til yðar sem skulu vera mitt fólk Ísrael, þeir skulu þig eignast og þú skalt þeirra arfleifð vera og þú skalt ekki meir vera erfingjalaus. [13]So segir Drottinn GUÐ: Með því að þeir segja það um yður: „Þú hefur uppetið fólkið og þú hefur gjört þitt fólk erfingjalaust“ [14]þar fyrir skaltu ekki nú meir uppeta fólkið, eigi heldur gjöra þitt fólk arflaust, segir Drottinn GUÐ. [15]Og eg vil ei láta þig lengur heyra brígslin heiðinna þjóða og þú skalt ekki lengur heyra háðungar heiðingjanna og þú skalt ekki gjöra fólk þitt erfingjalaust lengur, segir Drottinn GUÐ.

[16]Og orð DROTTINS skeði framleiðis til mín: [17]Þú mannsins son, þá eð Ísraels hús bjó í sínu landi og saurgaði það meður sinni breytni og gjörningum svo að þeirra breytni var fyrir mér so sem óhreinleiki kvinnunnar í hennar kvenlegu krankdæmi [18]þá úthellta eg minni grimmd yfir þá fyrir þess blóðsins sakir sem þeir úthelltu í landinu og saurguðu það sama með þeirra afguðum [19]og eg útdreifða þeim á meðal heiðinna þjóða og eg í burt rak þá út í löndin og dæmdi þá eftir þeirra breytni og gjörningum. [20]Og þeir héldu sig líka svo sem heiðingjarnir til hverra þeir komu og vanhelguðu mitt heilaga nafn so að þeir sögðu so af þeim: „Er þetta fólk DROTTINS það hann hlaut út að draga af sínu landi?“ [21]En eg vægða fyrir míns heilaga nafns sakir hvert eð Ísraels hús það vanhelgaði á meðal heiðinna þjóða til hverra þeir komu. [22]Þar fyrir skaltu segja til Ísraels hús: Svo segir Drottinn GUÐ: Eg gjöri það eigi fyrir yðar skuld, þér af húsi Ísraels, heldur fyrir míns heilaga nafns sakir hvert þér hafið vanhelgað á meðal heiðinna þjóða til hverra þér komuð. [23]Því að eg vil helga mitt hið mikla nafn sem af yður er vanhelgað fyrir heiðingjum, það sem þér hafið vanhelgað á meðal þeirra. Og þeir

hinir heiðinu skulu formerkja að eg er DROTTINN, segir Drottinn GUÐ, nær að eg auglýsi mig á yður fyrir þeim það eg sé heilagur. [24]Því að eg vil sækja yður til heiðinna þjóða og samansafna yður af öllum löndum og innflytja yður aftur í yðart land.

[25]Og eg vil stökkva hreinu vatni á yður so að þér skuluð verða hreinir af öllum yðar saurindum og eg vil hreinsa yður frá öllum yðar afguðum [26]og gefa yður nýtt hjarta og einn nýjan anda í yður og eg vil í burt taka það steinhjartað af yðru holdi og gefa yður eitt hjarta af holdi. [27]Eg vil gefa minn anda í yður og eg vil gjöra eitt svoddan fólk af yður sem gengur í mínum boðorðum og heldur mín réttindi og gjörir þar eftir. [28]Og þér skuluð búa í landinu sem eg gaf yðar forfeðrum og þér skuluð vera mitt fólk og eg vil vera yðar Guð.

[29]Og eg vil frelsa yður af öllum yðar óhreinleika og eg mun kalla kornið og eg vil margfalda það og ekki neitt hallæri vil eg láta koma til yðar. [30]Eg vil margfalda ávöxtinn á trjánum og ávöxtinn á akurlöndunum so að heiðingjarnir skulu ekki meir hæða yður með þeirri hallæristíðinni. [31]Þá munu þér hugleiða yðar vonda breytni og yðar gjörninga sem eigi voru góðir og þér munuð þá iðrast yðvara synda og afguðadýrkunar. [32]Þessu vil eg til vegar koma, ekki fyrir yðar skuld, segir Drottinn GUÐ, so að þér skuluð vita það heldur so að þér skuluð einnin skammast yðar og bera kinnroða, þér af Ísraels húsi, yfir yðra vonda breytni.

[33]So segir Drottinn GUÐ: Á þeim tíma nær eð eg mun hreinsa yður af öllum yðar syndum þá vil eg byggja þessa staðina aftur og þeir hinir foreyddu staðirnir skulu aftur uppbyggðir verða. [34]Það foreydda landið skal erjast aftur þó að það væri fordjarfað so að allir þeir sem þar ganga um skulu sjá það [35]og segja: „Þetta land var í eyði lagt og nú er það sem einn lystilegur aldingarður og þessir staðirnir voru niður brotnir og eyðilagðir og ofan rifnir en nú standa þeir rammlega byggðir.“ [36]Og þær heiðnar þjóðir sem eftir eru orðnar í kringum yður skulu formerkja að eg er DROTTINN, sá sem uppbyggir það sem ofan er brotið og gróðsetur það sem í eyði var lagt. Eg, DROTTINN, segi þetta og gjöri einnin það hið sama.

[37]Svo segir Drottinn GUÐ: Eg vil láta að nýju Ísraels hús spyrja mig svo að eg megi augsýna mig þeim og eg vil margfalda þá so sem mannsins hjörð, [38]so sem eina heilaga hjörð, sem eina hjörð til Jerúsalem á hennar hátíðum, so skulu þeir foreyddu staðirnir fullir verða af mannanna hjörð. Og þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

37 Og hönd DROTTINS kom yfir mig og flutti mig í anda DROTTINS og setti mig upp á einn víðan völl sem fullur lá af dauðra manna beinum [2]og hann leiddi mig um hann allan og sjá þú, þar lágu ofsa mörg bein á vellinum og sjá þú, þau voru mjög skinin. [3]Og hann sagði til mín: Þú mannsins son, meinar þú nokkuð að þessi bein skuli verða lifandi? Og eg sagði: Drottinn GUÐ, það veistu vel. [4]Og hann sagði til mín: Spáðu af þessum beinum og seg þú til þeirra: Þér skinin bein, heyrið orð DROTTINS! [5]So segir Drottinn GUÐ af þessum beinum: Sjá þú, eg vil innsenda einn anda í yður so að þér skuluð lifandi verða. [6]Eg vil gefa yður æðar og sinar og láta hold vaxa yfir yður og draga hörund þar yfir og gefa yður anda so að þér skuluð verða lifandi aftur. Og þér skuluð formerkja að eg er DROTTINN. [7]Og eg spáði so sem mér var bífalað og sjá þú, þar varð hark þá að eg spáði og sjá þú, að þau hrærðu sig. Og beinin komu til samans aftur hvert til síns liðar. [8]Og eg sá og sjá þú, að þar uxu æðar og kjöt á þeim og hann dró hörund yfir þau. Þó var þar enn nú enginn andi í þeim.

[9]Og hann sagði til mín: Spáðu til vindsins, spá þú, mannsins son, og seg þú til vindsins: Svo segir Drottinn GUÐ: Vindur, kom þú hingað úr fjórum áttunum og blás á þessa hina dauðu so að þeir verði lifandi. [10]Og eg spáði so sem hann skipaði mér. Þá kom þar einn andi í þá og þeir lifnuðu aftur og þeir reistu sig upp á sínar fætur. Og það var mjög mikill her.[11]Og hann sagði til mín: Þú mannsins son, þessi beinin eru gjörvallt Ísraels hús. Sjá þú, nú segja þeir: „Vor bein eru skinin og vor von er fortöpuð og það er útgjört um oss.“ [12]Þar fyrir spáðu og segðu til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil opna yðar grafir og eg vil útleiða yður, mitt fólk, af þeim og innflytja í Ísraelsland. [13]Og þér skuluð formerkja að eg er DROTTINN þá að eg hefi opnað yðrar grafir og útleitt yður, mitt fólk, af þeim. [14]Og eg vil gefa minn anda í yður so að þér skuluð verða lifandi aftur og eg vil innsetja yður í yðart land. Og þér skuluð formerkja að eg er DROTTINN. Eg tala það og gjöri það einnin, segir DROTTINN.

[15]Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [16]Þú mannsins son, tak þér eitt kefli og skrifa þar upp á Júda- og Ísraelsbörn og þeirra samlagsmenn. Og tak enn nú eitt annað kefli og skrifa þar upp á Jósefs (sem er Efraíms) kefli og alls Ísraels húss og þeirra samlagsmenn. [17]Og legg það eina til samans við hið annað að það verði so sem eitt trékefli í þinni hendi. [18]Nær eð þitt fólk talar nú til þín og segir: „Viltu ekki kunngjöra oss það hvað er þú meinar þar með?“ [19]Þá seg þú til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil taka það trékeflið Jósefs, sem er í Efraíms hendi, meður sínum samlagsmönnum, Ísraels slekti, og eg vil leggja þá til keflisins Júda og gjöra þar so eitt kefli af og þeir skulu so vera eitt í minni hendi. [20]Og þú skalt svo halda á þeim trékeflunum í þinni hendi á hver eð þú hefur skrifað, svo að þeir sjái það.

[21]Og þú skalt segja til þeirra: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil sækja aftur Ísraelsbörn til þeirra heiðingjanna til hverra eð þeir eru í burt farnir og eg vil samansafna þeim úr öllum áttum og innflytja þá aftur í þeirra land. [22]Og eg vil gjöra eitt fólk af þeim báðum í landinu, upp á Ísraels fjallbyggðum, og þeir skulu allir til samans hafa einn einka konung og þeir skulu ekki meir skiptast í tvennar þjóðir, eigi heldur í tvö kóngaríki. [23]Svo skulu þeir og einnin ekki meir saurga sig með sínum afguðum og svívirðingum og allsháttuðum syndum. Eg vil hjálpa þeim út af öllum áttum í hverjum þeir hafa syndgast og eg vil hreinsa þá og þeir skulu vera mitt fólk og eg vil vera þeirra Guð.

[24]Og Davíð, minn þénari, skal vera þeirra konungur og einn einkanlegur hirðir allra þeirra. Og þeir skulu ganga í mínum réttindum og halda mín boðorð og gjöra þar eftir. [25]Og þeir skulu búa í því landinu aftur sem eg gaf mínum þénara Jakob, í hverju það yðrir forfeður þeir bjuggu. Þeir og þeirra börn og barnabörn skulu búa þar inni eilíflegana og Davíð, minn þénari, skal vera þeirra höfðingi eilíflegana. [26]Og eg vil gjöra friðarins sáttmála viður þá, það skal vera einn eilífur sáttmáli við þá, og eg vil efla þá og margfalda og minn helgidómur skal vera á meðal þeirra eilíflegana. [27]Og eg vil búa á meðal þeirra og eg vil vera þeirra Guð og þeir skulu vera mitt fólk. [28]So það einnin heiðnar þjóðir skulu formerkja að eg er DROTTINN sem Ísrael gjörir heilagan þá að minn helgidómur verður eilíflegana á meðal þeirra.

38 Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [2]Þú mannsins son, snú þér á móti Góg sem er í landi Magóg og hinn æðsti höfðingi í Mesek og í Túbal og spáðu af honum [3]og seg þú: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil yfir þig, Góg, þú sem ert hinn æðsti

höfðingi af landsherrunum í Mesek og Túbal. [4]Sjá þú, eg vil um kring snúa þér og leggja þér einn bitil í munn og eg vil útleiða þig með allt þitt herlið, hesta og menn, alla vel búna, og það er einn mikill mannfjöldi, þeir eð allir hafa buklara, skjöldu og sverð. [5]Þú flytur með þér þá úr Persia, Blálandi og Lybia sem allir hafa hjálma og skjöldu. [6]Þar með Gómer og allt hans herlið, með því húsinu Tógorma sem liggur mót norðrinu með öllu hans herliði, já þú flytur margt fólk með þér.

[7]Nú vel, bú þig vel út, þú og allur þinn mannflokkur sem er hjá þér, og vertu þeirra höfuðsmaður, þú skalt heimsóttur verða eftir langan tíma umliðinn. [8]Á þeim hinum síðasta tíma skaltu koma í það landið sem aftur er leift frá sverðinu og til samans er komið af mörgu fólki, sem er upp á Ísraelsfjöll, þau eð í langan tíma hafa í eyði legið og nú útleiddir eru frá mörgu fólki og búa ugglausir. [9]Þú skalt draga upp þangað og koma þangað með einu stóru harki og háreysti og þú skalt vera sem einn skýjaklasi til að hylja landið, þú og allt þitt herlið og það hið mikla fólkið með þér.

[10]So segir Drottinn GUÐ: Á þeim tíma skaltu ásetja þér svoddan og þú munt hafa vondan ásetning [11]og þenkja so: „Eg vil innfalla í það landið sem er án múrveggja og koma yfir þá sem so búa með spekt og ugglausir eru, þeir eð allir sitja utan múrveggja og hafa hvorki vígskörð né borgarhlið“ [12]upp á það að þú kunnir bæði að herja og ræna og láta þína hönd ganga yfir þá hina foreyddu sem komnir eru í búskaparlag aftur og yfir það fólkið sem er samansafnað í frá heiðnum þjóðum og hafa útsett sig til útvega aftur og aðdrátta og búa mitt í landinu. [13]Ríkið Arabia, Dedan og þeirra kaupmennirnir á sjávarhafinu og allir mikilsháttar menn munu segja til þín: „Eg meina það að þú sért réttilega kominn til að ræna og það þú hafir samandregið þinn mannfjölda til að herja so að þú megir í burt taka bæði silfur og gull og safna þér so fé og auðæfum og fremja so eitt mikið hervirki.“

[14]Þar fyrir spáðu, mannsins son, og segðu til Góg: So segir Drottinn GUÐ: Er það eigi so? Þú munt gæta að nær eð mitt fólk býr ugglaust, [15]þá muntu koma af þínu takmarki, einkum sem er af þeirri álfu mót norðrinu, þú og margt fólk með þér, allir á hestum, einn mikill mannfjöldi og eitt megtugt herlið, [16]og þú munt draga upp hingað yfir mitt fólk Ísrael líka sem skýjaklasi til að hylja landið. Þetta skal ske á þeim síðasta tíma. En þar fyrir vil eg láta þig koma í mitt land upp á það að hinir heiðnu skulu þekkja mig, hvernin að eg verð helgaður fyrir þeirra augum á þér, ó þú Góg!

[17]So segir Drottinn GUÐ: Þú ert sá hinn sami af hverjum eg sagða forðum fyrir mína þénara prophetana í Ísrael sem spáðu á þeim sama tíma að eg vildi láta þig koma yfir þá. [18]Og það skal ske á þeim tíma nær eð Góg kemur yfir Ísraelsland, segir Drottinn GUÐ, þá skal mín reiði uppdraga í minni grimmd. [19]Og í minni vandlætingu tala eg svoddan og í eldinum minnar reiði. Því að á þeim sama tíma skal þar vera ein stór skelfing í Ísraelslandi [20]so að fiskarnir í sjónum og fuglarnir undir himninum, fénaðurinn á akurlöndunum og allt það sem gengur og hrærir sig á landinu og allir þeir menn sem eru á jörðunni skulu skjálfa fyrir mínu augliti og fjöllin skulu um koll kastast og veggir og allir múrar skulu niðurhrynja. [21]Og eg vil kalla sverðið yfir hann upp á öllum mínum fjöllum, segir Drottinn GUÐ, so það eina sverðið skal vera á móti hinu öðru. [22]Og eg vil dæma hann með drepsóttum og blóði og láta rigna hreggviðri með hagli, eldi og brennisteini yfir hann og hans herlið og yfir það mikla fólkið sem með honum er. [23]So þá vil eg verða dýrðarsamlegur, heilagur og al-

kunnigur fyrir mörgum heiðnum þjóðum so að þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

39 Og þú mannsins son, spáðu móti Góg og segðu: So segir Drottinn GUÐ: Sjá þú, eg vil til við þig, Góg, þú sem ert hinn æðsti höfðingi í Mesek og Túbal. [2]Sjá þú, eg vil um kring snúa þér og lokka og eg vil útflytja þig í frá þeim endimörkunum mót norðrinu og láta þig koma upp á Ísraelsfjöll. [3]Og eg vil slá bogann úr þinni vinstri hendi og í burt fleygja skeytunum af þinni hægri hendi. [4]Þú skalt á Ísraelsfjöllum niður við velli lagður verða, þú með öllu þínu herliði og með þínu fólki sem er með þér. Og eg vil gefa þig fuglunum hvaðan sem þeir koma fljúgandi og þeim dýrunum á mörkinni til að uppsvelgja þig. [5]Þú skalt við velli niður lagður liggja því að eg, Drottinn GUÐ, hefi sagt þetta. [6]Og eg vil útausa eldi yfir Magóg og yfir þá sem ugglausir búa í eyjunum og þeir skulu formerkja að eg er DROTTINN.

[7]Því að eg vil kunnigt gjöra mitt hið heilaga nafn á meðal míns fólks Ísraels og eg vil ekki lengur láta mitt hið heilaga nafn vanvirt vera heldur skulu hinir heiðnu formerkja að eg sé sá Hinn Heilagi í Ísrael. [8]Sjá þú, þetta er þegar komið og skeð, segir Drottinn GUÐ, þetta er sá dagurinn um hvern eg hefi talað.

[9]Og þeir innnbyggjararnir í stöðunum Ísraels skulu ganga út og kynda eld og brenna upp vopnin, skjölduna, buklarana, bogana, örvarnar, stríðshamrana og þau löngu spjótin og í sjö ár skulu þeir þar af hafa nógan eldivið [10]so að þeir skulu ekki þurfa að sækja sér viðinn á merkurnar eður höggva hann í skógunum heldur skulu þeir kynda eldana með vopnunum. Og þeir skulu ræna þá af hverjum þeir voru ræntir og taka af þeim sem í frá þeim höfðu tekið, segir Drottinn GUÐ.

[11]Og það skal ske á þeim tíma þá vil eg gefa Góg einn legstað í Ísrael sem er sá dalurinn þar gengið er til sjávarins mót austrinu svo að þeir sem þar ganga fram skuluforðast þann staðinn, þar fyrir að þeir hafa þar jarðað Góg með sínum mannfjölda og það skal því kallast Gógsmúgadalur. [12]En Ísraels hús skal jarða þá um sjö mánaði svo að landið megi hreinsað verða. [13]Já allt fólkið í landinu skal nóg hafa að gjöra að jarða þá og þeir munu nafnfrægir verða fyrir það að eg auglýsti á þeim degi mína dýrð, segir Drottinn GUÐ. [14]Og þeir munu kjósa þar menn til sem með jafnaði skulu fara um kring í landinu og þeir sem grafa hina dauðu meður þeim til að jarða þá sem eftir eru orðnir í landinu svo að það verði hreinsað aftur, eftir sjö mánaði skulu þeir rannsaka. [15]Og þeir hinir sem fara um kring í landinu og fái þeir að sjá í nokkrum stað eitthvert mannsbein þá munu þeir setja þar eitt merki upp hjá þangað til að þeir sem jarða hina dauðu grafa það einnin í Gógsmúgadal. [16]Síðan skal sá staður kallast Hamóna. Þannin munu þeir hreinsa landið.

[17]Nú þú mannsins son, so segir Drottinn GUÐ: Seg þú öllum fuglunum hvaðan sem þeir fljúga og öllum dýrunum á mörkinni: Safnið yður til samans og komið hingað! Rennið alla vegana að og komið til samans, til míns slátrunaroffurs sem eg slátra yður, eitt mikið slátrunaroffur á Ísraelsfjöllum, og etið kjötið og drekkið blóðið! [18]Þér skuluð eta kjötið hinna öflugu og þér skuluð drekka blóðið höfðingjanna á jörðunni, hrútanna, lambanna og hafranna, uxanna, sem allir saman eru feitir og vel aldir. [19]Og þér skuluð eta það hið feita so að þér skuluð saddir verða og drekka blóðið so að þér skuluð verða drukknir af því slátrunaröffrinu sem eg slátra yður. [20]Mettið yður nú við mitt borð af hestum og ríðandi mönn-

um, af þeim öflugu og allsháttuðu stríðsfólki, segir Drottinn GUÐ.
[21]Og eg vil koma minni dýrð á meðal heiðinna þjóða so að allir heiðingjarnir skulu sjá minn dóm sem eg hefi látið ganga og mína hönd sem eg hefi lagt á þá, [22]og so einnin skal Ísraels hús formerkja að eg er DROTTINN þeirra Guð í frá þeim degi og æ síðan framleiðis. [23]Og heiðingjarnir skulu formerkja hvernin það Ísraels hús er í burt flutt fyrir sinna illgjörða sakir og það eð þeir hafa syndgast á móti mér. Þar fyri hefi eg byrgt mitt auglit fyrir þeim og hefi gefið þá í hendur sinna mótstöðumanna svo að þeir allir saman skulu falla fyrir sverði. [24]Eg gjörða við þá líka so sem þeirra syndir og illgjörðir höfðu verðskuldað og byrgði mitt auglit fyrir þeim.
[25]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Nú vil eg snúa herleiðingunni Jakobs og líknsamur vera öllu Ísraels húsi og vandlæta um mitt hið heilaga nafn. [26]En þeir munu bera sína forsmán og allar sínar syndir með hverjum þeir hafa syndgast á móti mér nær eð þeir búa ugglausir í sínu landi að enginn muni skelfa þá. [27]Og nær eð eg hefi sótt þá aftur í frá því fólkinu og samansafnað þeim igen af sinna óvina landi og nær að eg verð helgaður af þeim fyrir augsýn margra heiðinna þjóða [28]þá skulu þeir það formerkja að eg er DROTTINN þeirra Guð sem lét í burt flytja þá á meðal heiðinna þjóða og hefi samansafnað þeim aftur í þeirra land og látið ekki einn af þeim þar eftir verða. [29]Og eg vil ekki meir byrgja mitt andlit fyrir þeim því að eg hefi úthellt mínum anda yfir Ísraels hús, segir Drottinn GUÐ.

40 Á því tuttugasta og fimmta voru herleiðingarári, þann tíunda daginn í mánaðinum í upphafinu ársins, það er það fjórtánda árið eftir það eð staðurinn var niðurbrotinn, á þeim sama degi kom hönd DROTTINS yfir mig og flutti mig þangað í burt [2]fyrir guðdómlega sýn, sem var, í Ísraelsland, og setti mig upp á eitt mjög ofurhátt fjall. Þar upp á var svo sem einn byggður staður fyrir sunnan fram. [3]Og þá eð hann hafði flutt mig þangað, sjá þú, þá var þar einn maður. Hans yfirlit var sem látún, hann hafði einn línustreng og eina mælistöng í sinni hendi og stóð undir portinu. [4]Og hann sagði til mín: Þú mannsins son, sjá þú og heyr þú með athygli og hugleittu vel að því hvað eg vil sýna þér. Því að þú ert þar fyrir hingað fluttur að eg skuli sýna þér það svo að þú skulir kunngjöra Ísraels húsi allt það sem þú sér.
[5]Og sjá þú, þar gekk einn múrveggur utan um húsið allt í kringum það og maðurinn hafði þá mælisstöngina í hendinni. Hún var sex álna löng. Hver alin var einni þverhönd lengri en almennileg alin. Og hann mælti breiddina á byggingunni eina mælisstöng og eina mælisstöng á hæðina. [6]Og hann kom til portdyranna sem horfðu mót austrinu og hann sté upp að tröppunum og mælti syllarnar á portinu. Hver dyrasyllin var einnrar mælistangar breið. [7]Og hann mælti so einnin þau herbergin sem voru beggja vegana hjá portinu, að lengdinni eina mælisstöng og að breiddinni eina mælisstöng. Og það rúmið á millum herbergjanna var fimm álna breitt. [8]Og hann mælti einnin dyrasyllina innan til hjá portinu upp að lofthúsinu, eina mælistöng. [9]Og hann mælti lofthúsið innan til hjá portinu, eina mælistöng. Og hann mælti lofthúsið hjá portinu, átta álnir, og útbrotið þar á, tvær álnir, og lofthúsið innan til á portinu. [10]Og herbergin voru þrjú á hvora hlið hjá portinu í mót austrinu, já það eina so breitt sem hitt annað. Og þar stóðu útbrot báðumegin. Þau voru jafnstór. [11]Þar eftir á mælti hann víddina dyranna á portinu, sem var tíu álna, og lengdina á portinu, þrettán álna. [12]Og

frammi fyrir herbergjunum voru sæti báðumegin álnabreið en herbergin voru sex álna á víddina beggja vegana. 13Þar til mælti hann portið frá þekjunni herbergisins inn til þekjunnar á portinu, fimm álna og tuttugu breið, og hvorar dyrnar stóðu í gegn öðrum. 14Hann gjörði og einnin lofthús sextígu álna að hæð og einar fordyr fyrir hverju lofthúsi hjá portinu allt um kring. 15Og inn til þess lofthússins hjá því innsta portinu þar inn er gengið þá voru fimmtígu álnir. 16Og þar voru mjó vindaugu innan til á herbergjunum og lofthúsinu innanvert hjá portinu allt um kring. So voru þar og innan til vindaugu á lofthúsunum og þar voru á útskorin pálmviðarlauf allt um kring.

17Og hann leiddi mig framvegis til hinna yðstu fordyranna og sjá þú, þar voru herbergi og eitt steinlagt gólf í fordyrunum allt um kring og þrjátígu herbergi á gólfinu. 18Og þar var eitt hátt steinlagt gólf hjá portunum, so langt sem portin voru, hjá því neðsta steinlagða gólfinu. 19Og hann mælti breiddina á því neðsta portinu í frá þeim innstu portdyrunum utan til, hundrað álna, bæði mót austrinu og norðrinu. 20So mælti hann og einnin það portið sem horfði mót norðrinu í hjá þeim yðstu fordyrunum að lengdinni og breiddinni. 21Það hafði og einnin þrjú herbergi hvorumegin og það hafði einnin sín útbrot og lofthús líka so stór sem hjá því fyrsta portinu, fimmtígu álna að lengdinni og fimm álna og tuttugu að breiddinni. 22Og það hafði einnin sín vindaugu og sín lofthús og sín útskorin pálmviðarlauf, líka sem það portið mót austrinu. Og það hafði sjö tröppur þar eð upp var gengið og það hafði sitt lofthús þar frammi fyrir. 23Og það portið hjá þeim innstu portdyrunum var gegnt því portinu sem stóð mót norðrinu og austrinu. Og hann mælti hundrað álna frá því öðru portinu til hins annars.

24Þar eftir á leiddi hann mig mót suðrinu og sjá þú, að þar var enn eitt portið á mót suðrinu. Og hann mælti þess útbrot og lofthús líka sem hinna annarra. 25Það hafði og einnin vindaugu og lofthús allt um kring líka sem þau önnur vindaugun, fimmtígu álna löng og fimm og tuttugu álna breið. 26Og þar voru sjö tröppur upp að og eitt lofthús þar frammi fyrir og útskorin pálmviðarlauf á þess útbrotum báðumegin. 27Og hann mælti einnin það portið hjá þeim innstu fordyrunum mót suðrinu, sem var hundrað álna, frá því syðra portinu til hins annars.

28Og hann leiddi mig enn lengra fram, í gegnum það syðra portið í þær innstu fordyrnar, og mælti það sama port mót suðrinu, 29líka so stórt sem hin önnur meður þess herbergjum, útbrotum og lofthúsum og meður vindaugum og loftsvölum þar á, líka so stór sem hin önnur allt um kring, fimmtígi álna löng og fimm og tuttugu álna breið. 30Og þar gekk einn loftsalur um kring, fimm og tuttugu álna langur og fimm álna breiður. 31Hann stóð úti fyrir í gegn því innsta fordyrinu og hann hafði útskorin pálmviðarlauf á útbrotunum og þar voru átta tröppur upp að ganga.

32Þar eftir á leiddi hann mig til þess innsta portsins í mót austrinu og mælti það líka so stórt sem hin önnur, 33meður þess herbergjum, úrbrotum og lofthúsum og þess vindaugum og loftsvölum allt um kring, líka so stór sem hin önnur, fimmtígir álna löng og fimm og tuttugu álna breið. 34Og það hafði einnin eitt lofthús gegnt því yðsta portinu og útskorin pálmalauf á útbrotunum báðumegin og átta tröppur upp að.

35Þar eftir á leiddi hann mig að því portinu mót norðrinu. Það mælti hann líka so stórt sem hin önnur, 36meður þess herbergjum, útbrotum og lofthúsum og þess vindaugum og loftsvölum allt um kring fimmtígi álna löng og

fimm og tuttugu álna breið. 37Og það hafði einnin eitt lofthús gegnt því yðsta portinu, einnin útskorin pálmalauf á útbrotunum báðumegin og átta tröppur upp að.

38Og neðan til upp að útbrotinu hjá hverju porti var eitt herbergi með einni dyrahurð í hvert þeir lögðu brennioffrið. 39En í lofthúsin fyrir portinu stóðu tvö borð á hvora hlið á hverju þeir skyldu slátra brennioffrinu, syndaoffrinu og sakaoffrinu. 40Og á hliðinni utan til þar eð gengið er upp að portinu mót norðinu stóðu einnin tvö borð og til hinnar annarrar handar undir lofthúsinu upp að portinu einnin tvö önnur borð. 41So að þar stóðu hvorumegin fjögur borð, það eru átta borð til samans sem þeir slátruðu upp á. 42Og þau fjögur borðin sem til brennioffursins voru gjörð það voru úthöggnir steinar, hálf önnur alin að lengd og breidd og alin að hæð, upp á hver þeir lögðu allra handa verkfæri til að slátra með brennifórnunum og öðru offri. 43Og þar voru spengur utan um kring beygðar inn að, þverar handar að hæð. Og á þau borðin áttu þeir að leggja það kjötið sem offrast skyldi.

44Og þar voru herbergi til söngmannanna utan fyrir því innsta portinu í þeim innstu fordyrunum. Eitt hjá þeirri hliðinni upp að portinu móti norðrinu, það horfði við suðrinu. Hitt annað upp að hliðinni mót austrinu, það horfði við norðrinu. 45Og hann sagði til mín: Þau herbergin mót suðrinu heyra þeim prestunum til sem þjóna eiga í húsinu. 46En þau herbergin mót norðrinu heyra þeim prestunum til sem þjóna altarinu. Og þeir eru Jadóksynir hverjir alleinasta af sonum Leví skulu framganga fyrir DROTTIN til að þjóna honum. 47Og hann mælti þann flötinn í húsinu, sem var hundrað álna langur og hundrað álna breiður, ferkantaður. Og þar stóð eitt altari rétt fyrir musterinu.

48Og hann leiddi mig inn í loftsalinn musterisins og mælti lofthúsið báðumegin, fimm álna breitt og portin á hvora síðu, þriggja álna breitt. 49En loftsalurinn var tuttugu álna langur og ellefu álna breiður og hafði tröppur sem þar gengu upp að og þar stóðu stólpar neðan að upp að útbrotinu, einn á hvera hlið.

41 Og hann leiddi mig inn í musterið og mælti útbrotin hjá veggjunum. Þau voru sex álna breið á hvora hlið, so víð sem húsið var. 2Og portin voru tíu álna breið en veggirnir á hvora hlið hjá portinu var hvor fyrir sig fimm álna breiður. Og hann mælti rúmið í musterinu, það var fjörutígi álna að lengdinni og tuttugu álna að breiddinni. 3Og hann gekk þangað inn og mælti dyrnar, tvær álnir, og dyrnar voru sex álnir og breiddin dyranna sjö álnir. 4Og hann stikaði tuttugu álnir á lengdina og tuttgu álnir á breiddina hjá musterinu. Og hann sagði til mín: Þetta er það hið allra heilagasta.

5Og hann mælti vegginn á húsinu, sex álna á hæð. Þar voru svalir alla vegana utan um kring, útskiptar í herbergi sem voru fjögra álna víð á alla vegu. 6Og þau sömu herbergi voru þrettán og tuttugu hvorumegin eitt hjá öðru og þar stóðu stólpar neðan undir upp við veggina á húsinu alla vegana um kring sem þau báru. 7Og yfir þessum voru enn fleiri loftsvalir allt um kring og svalirnar voru ofan til víðari og menn gengu frá hinni neðstu og til hinnar sem í miðið var og frá þeirri í miðið var til hinnar hæðstu 8og hver ein stóð sex álna yfir annarri. 9Og víddin á þeirri hinni efstu lofsvölunni var fimm álnir og stólparnir báru svalirnar upp að húsinu 10og þar voru tuttugu álnir í frá öðrum veggnum til eins annars í húsinu. 11Og þar voru tvær dyr upp að vindsteininum, aðrar á mót norðrinu en aðrar á móti suðrinu, og vindsteinn-

in var fimm álna víður. [12]Og múrinn mót vestrinu var fimmtán og sextígi álna víður, níutígu álna langur.

[13]Og hann mælti lengdina hússins. Það hafði hundrað álna utar í gegnum með múrnum og því eð þar var hjá og víddin frammi fyrir á húsinu mót austrinu með því sem þar studdi að var og hundrað álna. [14]Og hann mælti lengdina á byggingunni með öllu því sem þar studdi að, frá einu horninu til annars, það var hundrað álnir á hvora síðu [15]með því hinu innra musterinu og lofthúsinu og fordyrunum, með þeim dyrunum, vindaugum, hyrningunum og þeim þrimur loftsvölunum og því stannþilinu alla vegana utan um kring. [16]Hann mælti og einnin hversu hátt það var frá jörðunni upp að vindaugunum og hversu breið það vindaugun skyldu vera. [17]Og hann mælti frá portinu inn til hins allra heilagasta bæði innan og utan allt um kring. [18]Og þar voru kerúbím útgrafnir á húsinu rétt um kring, frá neðanverðu og að efstu gáttinni á dyrunum og á veggjunum, og þar voru útskorin pálmviðarlauf, smíðuð undir kerúbím. Og hver þeirra hafði tvö höfuð, [19]öðrumegin so sem mannshöfuð en hinumegin so sem eitt leónshöfuð. [20]Neðan frá gólfi og efst upp á dyr voru útgrafnir kerúbím og pálmakvistir, og eins á musterisveggnum.

[21]Og dyrnar á musterinu voru ferkantaðar og allir hlutir voru lystilegir til samans settir hver við annan. [22]Og það tréaltarið var þriggja álna hátt og tveggja álna að lengd og breidd og allir langveggirnir og hyrningarnar voru af tré. Og hann sagði til mín: Þetta er það borðið sem standa skal fyrir DROTTNI. [23]Og dyrnar bæði á musterinu og hjá því hinu allra heilagasta hafði tvo hurðarvængi sem menn láta upp og aftur. [24]Í hvorri hurð voru tveir hlerar, sem báðir voru lagðir saman á misvíxl; tveir hlerar voru í annarri hurðinni, og eins tveir hlerar í hinni hurðinni [25]Og þar voru einnin kerúbím og útskorin pálmviðarlauf á, líka sem á veggjunum. [26]Og þar voru sterkar stengur fyrir gegnt lofthúsinu og þar voru á mjó vindaugu og mörg útskorin pálmviðarlauf allt um kring á lofthúsinu og á veggjunum.

42 Og hann leiddi mig út til hinna yðstu fordyranna mót norðinu, á milli þeirra herbergjanna sem voru gegnt byggingunni, þeirri sem stóð við musterið og lá norðan til við musterið, [2]hver flötur eð var hundrað álna langur í frá því portinu mót norðrinu og fímmtígu álna breiður. [3]Þar voru tuttugu álnir í mót þeim innstu fordyrunum og í mót steingólfinu í þeim yðstu fordyrunum voru þrjátígu álnir, frá því einu horninu til hins annars. [4]Og þar var einn flötur innan til fyrir herberginu, tíu álna breiður fyrir herbergisdyrunum. Þetta lá allt til samans mót norðrinu. [5]Og ofan yfir þessum herbergjunum voru önnur mjórri herbergi. Því að rúmið á hinu neðsta og á því herberginu sem í miðið stóð var ekki stórt. [6]Því það voru þrjú herbergi að hæð og höfðu þó öngva stólpa líka so sem þeir stólparnir eð fordyrin höfðu heldur voru þau sett hvert ofan á annað. [7]Og það yðsta fordyrið, utan um það var hlaðið með einum múr hjá hverjum að stóðu herbergin. Hann var fimmtígu álna langur. [8]Og herbergin stóðu hvert eftir öðru, fimmtígu álna að lengd hjá því ysta fordyrinu. En rúmið frammi fyrir musterinu var hundrað álna langt. [9]Og niðri fyrir herbergjunum var einn flötur móti austrinu á hvern það gengið var af því yðsta fordyrinu. [10]Og þar voru einnin herbergi upp við múrinn mót austrinu. Þar var og einn flötur frammi fyrir þeim líka so sem fyrir hinum öðrum herbergjunum mót norðrinu. [11]Og allir hlutir voru líka með lengd og breidd og öllu því eð þar var á líka svo sem ofan á hinum öðrum. [12]Og

mót suðrinu voru einnin líka þvílík herbergi meður sínum dyraumbúnaði og fyrir þeim flötnum voru dyrnar mót suðrinu til hverra að gengið var frá þeim múrnum sem liggur mót austrinu.

13Og hann sagði til mín: Þau herbergin móti norðrinu og herbergin móti suðrinu og gegnt musterinu þau heyra til helgidóminum í hverjum prestarnir matar neyta nær eð þeir offra DROTTNI það hið allra heilagasta offrið. Og þar skulu þeir innleggja þær hinu allra heilögustu fórnirnar sem eru mataroffrin, syndaoffrin og sakaroffrin það þar er einn heilagur staður. 14Og nær eð prestarnir ganga þangað inn þá skulu þeir ekki ganga út aftur af helgidóminum í þær yðstu fordyrnar heldur skulu þeir þar frammi fyrir leggja af sér sín klæði í hverju þeir hafa þjónað í þau samu herbergin. Því að þeir eru heilagir. Og síðan skulu þeir færa sig aftur í þau önnur sín klæði og ganga so út á meðal fólksins.

15Og þá eð hann hafði mælt musterið allt saman innan til leiddi hann mig út að portinu mót austrinu og mælti frá því hinu sama alla vegana um kring. 16Mót austrinu mælti hann fimm hundruð mælistengur á lengd 17og hann stikaði so einnin mót norðrinu, fimm hundruð mælistengur að lengd, 18og líka so mót suðrinu, fimm hundruð mælistendur að lengd, 19og þá eð hann kom mót vestrinu þá stikaði hann einnin fimm hundruð mælistengur rétt um kring, 20hvar með það hið heilaga skyldi fráskilið vera frá því hinu óheilaga.

43 Og hann leiddi mig aftur að portinu mót austrinu og sjá þú, að dýrðin Guðs Ísraels kom úr austrinu 2og var að heyra líka sem einn niður mikils vatsfalls. Og það lýsti mjög á jörðunni af hans dýrð. 3Og þar var líka svo sem sú sýnin sem eg hafða séð hjá vatninu Kebar, í þann tíma eð eg þar kom, að staðurinn skyldi í eyði leggjast. Þá féll eg fram á mína ásjónu 4og dýrðin DROTTINS kom inn í húsið, inn um portið á móti austrinu.

5Þá lyfti andinn mér upp og flutti mig inn í það innsta fordyrið og sjá þú, að dýrðin DROTTINS uppfyllti húsið. 6Og eg heyrða talað til mín út af húsinu og einn maður stóð hjá mér 7og sagði til mín: Þú mannsins son, þetta er mitt tignarsæti og þau fótsporin minna fóta í hverjum að eg vil búa eilíflegana á meðal Ísraelsbarna. Og Ísraels hús skal ekki meir saurga mitt hið heilaga nafn, hverki þeir né þeirra konungar, meður sínum hórunarlifnaði og meður þeim dauðum líkömunum sinna konunga í þeirra hæðum, 8þeir sem settu sína þröskulda hjá mínum þröskeldi og sínar stoðir hjá mínum stoðum og þar var ekki utan einn veggur á millum mín og þeirra. Og þeir hafa so saurgað mitt hið heilaga nafn meður sínum svívirðingunum sem þeir gjörðu. Þar fyrir hefi eg og einnin foreytt þeim í minni reiði. 9En nú skulu þeir í burt kasta sínum hórunarlifnaði og þeim líkömunum sinna kónga langt í burt frá mér og eg vil búa á meðal þeirra eilíflegana.

10Og þú mannsins son, sýn þú Ísraels húsi þetta musteri að þeir skammist sín fyrir sinna misgjörða sakir og láttu þá taka eina skæra fyrirmynd þar af. 11Og nær eð þeir skammast sín nú vegna allra sinna misverka þá sýn þeim þennan form og fyrirmynd á húsinu og þess útgang og inngang og alla þess skipan og allar þess siðvenjur og alla þess setninga og allt þess lögmál og skrifa það fyrir þeim so að þeir skulu halda allar þess skipanir og allar þess siðvenjur og gjöra þar eftir. 12Og þetta skal vera hússins lögmál: A hæðum fjallsins, so vítt sem þess takmark er, þá skal það vera hið allra heilagasta. Þetta er hússin lögmál.13En þetta er mælingin altarisins eftir þeirri alin sem er einni þverhönd

lengri en ein almennileg alin. Fótstallurinn á því er ein alin að hæð og einnrar álnar breið og altarið nemur upp að spönginni hver að er spannarbreið allt um kring og það er hennar hæð. [14]Og í frá þeim fótstallinum af jörðunni til hins neðsta þrepsins er tveggja álna hátt og álnar breitt. [15]En frá því sama litla þrepinu til hins mikla sætitins er fjögra álna hátt og álnar breitt og harel fjögra álna hátt og frá Aríel ofanverðum fjögur horn. [16]Og Aríel var tólf álna langt og tólf álna breitt, ferkantað. [17]Og sú hin efsta trappan var fjórtán álna löng og fjórtán álna breið, ferköntuð, og þar gekk ein spöng alla vegana utan um kring, sem var hálfrar álnar breið. Fótstallurinn þar á var alin að hæð og tröppurnar þær horfðu við austrinu.

[18]Og hann sagði til mín: Þú mannsins son, so segir Drottinn GUÐ: Þetta skal vera siðvenjan altarisins á þeim degi nær eð það er gjört að þeir skulu leggja brennioffrið þar upp á og dreifa þar á blóðinu. [19]Og þú skalt gefa prestunum af Leví og Jadóks sæði sem fyrir mér ganga til að þjóna mér einn ungan uxa til syndaoffurs, segir Drottinn GUÐ. [20]Og þú skalt taka af því sama blóði og stökkva því á þau fjögur hornin hjá þeim efsta pallinum og allt um kring á spöngina. Þar með skaltu hreinsa það og friðþægja. [21]Og þú skalt taka uxann syndaoffursins og brenna hann upp í þeim stað sem þar er tileinkaður í húsinu, úti fyrir helgidóminum. [22]En þann annan daginn skaltu offra einum kjarnhafur sem er lastalaus til eins syndaoffurs og hreinsa altarið þar með, líka sem það var hreinsað með uxanum. [23]Og nær eð hreinsunin er nú útenduð þá skaltu offra einum ungum uxa sem er lastalaus og einum hrút af hjörðunni lastalausum [24]og þú skalt offra þeim báðum fyrir DROTTNI. Og prestarnir skulu dreifa þar salti á og fórnfæra þá so DROTTNI til eins brennioffurs. [25]Og so skaltu sjö daga í samt hvern eftir annan daglegana offra einum kjarnhafri til syndaoffurs og þeir skulu offra einum ungum uxa og einum hrút af hjörðinni, báðum lastalausum, [26]og skulu so í sjö daga forlíka og hreinsa altarið og uppfylla þess hendur. [27]Og eftir þá sömu daga skulu prestarnir á þeim áttunda deginum ætíð og alla tíma eftir það offra yðru brennioffri og yðru þakklætisoffri upp á altarinu. So vil eg vera yður náðarsamlegur, segir Drottinn GUÐ.

44 Og hann leiddi mig út aftur að því yðsta portinu helgidómsins mót austrinu. En það var tillukt. [2]Og DROTTINN sagði til mín: Þetta port skal vera tillukt og ekki upplúkast og inn um það skal enginn ganga utan alleinasta Drottinn GUÐ Ísraels. Hann skal ganga þar inn um og það skal vera tillukt, [3]að höfðingjanum þó undanteknum. Því að höfðinginn skal sitja þar inni til að neyta brauðsins fyrir DROTTNI. Hann skal innganga um lofthúsið og ganga so út aftur um það hið sama.

[4]Síðan leiddi hann mig að því portinu mót norðrinu frammi fyrir húsinu. Og eg sá og sjá þú, að húsið varð fullt af dýrð DROTTINS og eg féll fram á mína ásjónu. [5]Og DROTTINN sagði til mín: Þú mannsins son, hygg þú glögglegana að og sjá þú og hlýttu innvirðilega öllu því hvað eg vil segja þér af öllum siðvenjum og setningum í húsi DROTTINS og gæt vel að því hvernin að þar skal innganga og að öllum útgöngunum helgidómsins. [6]Og seg þú því óhlýðuga Ísraels húsi: Svo segir DROTTINN GUÐ: Þér af Ísraels húsi gjörið þar helst formikið út af með allar yðar svívirðingar. [7]Því að þér innleiðið í minn helgidóm framanda fólk með einu óumskornu hjarta og óumskornu holdi fyrir hverja að þér óhelgið mitt hús nær eð þér offrið mínu brauði, feitinn og blóðinu og brjótið so minn sátt-

mála með öllum yðar svívirðingum [8]og haldið ei þær siðvenjurnar míns helgidóms heldur gjörið yður sjálfum nýjar siðvenjur í mínum helgidómi.

[9]Þar fyrir segir Drottinn GUÐ so: Þar skal enginn framandi meður einu óumskornu hjarta og óumskornu holdi koma í minn helgidóm af öllum þeim útlendingum sem eru á meðal Ísraelsbarna, [10]já og ekki heldur þeir Levítarnir sem í burt viku frá mér og eru gengnir villuvega frá mér með Ísrael eftir þeirra afguðum. Þar fyrir skulu þeir bera sínar syndir. [11]En þeir skulu þjóna í mínum helgidómi út í dyragæslunni hússins og þeir skulu þjóna í húsinu og skulu ekki utan slátra brennioffrinu og öðru því offri sem fólkið hefur hingað og standa fyrir prestunum til að þjóna þeim [12]af því að þeir þjónuðu hinum öðrum fyrir þeirra afguðum og gáfu so Ísraelshúsi eina hneykslan til að syndgast. Þar fyrir hefi eg útrétt mína hönd yfir þá, segir Drottinn GUÐ, að þeir skuli bera sínar syndir. [13]Og ekki skulu þeir nálægjast mig til að framflytja mitt kennimannsembætti og eigi heldur að koma til nokkurs míns helgidóms hjá því allra heilagasta heldur skulu þeir bera sína vanvirðu og sínar svívirðingar sem þeir frömdu. [14]Þar fyrir hefi eg sett þá fyrir aðgæslumenn, til allra þjónustu í húsinu og til alls þess sem menn skulu gjöra þar inni.

[15]En prestarnir af Levítunum Sadók slekti sem héldu siðvenjurnar míns helgidóms þá eð Ísraelsbörn féllu frá mér, þeir skulu ganga fyrir mig og þjóna mér og standa frá inni fyrir mér so að þeir skulu offra mér því hinu feita og blóðinu, segir Drottinn GUÐ. [16]Þeir skulu ganga inn í minn helgidóm og ganga fyrir mínu borði og þjóna mér og halda mínar siðvenjur.

[17]Og nær eð þeir vilja ganga inn um það hið innsta portið á fordyrinu skulu þeir færa sig í þau línklæðin og ekki neitt ullklæði á sér hafa so lengi sem að þeir þjóna í því hinu innsta portinu fordyrsins. [18]Og þeir skulu hafa línhúfur á sínum höfðum og línklæði um sínar lendar og eigi skulu þeir gyrða sig í sveita. [19]Og nær eð þeir ganga einhverju sinni út til fólksins af því yðsta forydrinu þá skulu þeir færa sig af þeim klæðunum í hverjum þeir hafa þjónað og leggja þau hinu sömu í herbergi helgidómsins og færa sig aftur í önnur föt so að þeir helgi ekki fólkið í sínum klæðum. [20]Eigi skulu þeir raka sín höfuð og þeir skulu ekki heldur láta hárið vaxa mjög ofsa langt heldur skulu þeir láta kringskera það. [21]Og enginn kennimaður skal þá vín drekka nær eð þeir skulu ganga í það innsta fordyrið. [22]Og öngva ekkju né þá sem við mann er skilin skulu þeir taka sér til eiginkonu heldur eina mey af því sæðinu hússins Ísrael eður eina eftirlátna kennimanns ekkju. [23]Og þeir skulu kenna mínu fólki so að þeir viti að gjöra greinarmun á millum hins heilaga og hins óheilaga og á milli hins hreina og hins óhreina. [24]Og nær eð þar kemur eitthvert kærumál fyrir þá þá skulu þeir standa og dæma um það og úrskurða það eftir mínum lagarétti og halda mín boðorð og siðvenjur og halda allar mínar hátíðir og helga mína þvottdaga. [25]Og þeir skulu ekki ganga til neins framliðins og saurga sig so utan alleinasta til föður og móður, sonar eða dóttur, bróður eða systur sem ekki hafur enn gift verið, yfir þeim mega þeir saurga sig. [26]Og mann skal telja sjö daga eftir það eð hann er hreinsaður. [27]Og nær eð hann gengur inn aftur í helgidómin í það innsta fordyrið til að þjóna í helgidóminum so skal hann offra sínu syndaoffri, segir Drottinn GUÐ.

[28]En arfleifðin sem þeir skulu hafa vil eg sjálfur vera. Þar fyrir skulu þér ekkert land gefa þeim í Ísrael til eignar því að eg er þeirra arfleifð. [29]Þeir skulu hafa sitt uppheldi af mataroffrinu, syndaoffrinu og sakaroffrinu og allt

það sem forlofað er í Ísrael þá skal það vera þeirra. 30Og allur hinn fyrsti ávöxtur og frumgetningarnir af öllu upphafningaroffri þa skal vera kennimannanna. Þér skuluð og einnin gefa kennimönnunum hið fyrsta af öllum mat so að blessunin skuli vera í þínu húsi. 31En öll dauð hræ eður það sem dýrbitið er, sé það af fuglunum eður fénaði, það sama skulu kennimennirnir ekki eta.

45 Nær eð þér útskiptið nú landinu með hlutfalli þá skulu þér afskilja eitt upphafningaroffur af landinu það sem DROTTNI skal helgað vera, fimm og tuttugu þúsundir mælisköft að lengd og tíu þúsundir að breidd. Sá flöturinn skal heilagur vera so langt sem hann hrökkur. 2Og þar út af skulu fimm hundruð mælisköft koma til helgidómsins, ferkantað, og þar til eitt frjálslegt rúm allt um kring, fimmtigu álna. 3Og á þeim sama flötnum sem er fimm og tuttugu þúsundir mælisköft að lengd og tíu þúsundir breiður, þá skal helgidómurinn standa og það hið allra heilagasta. 4En það eftir verður af því landinu skal heyra kennimönnunum til sem þjóna í helgidóminum og ganga fyrir DROTTNI til að þjóna honum, so að þeir hafi rúm til húsanna, og það skal einnin heilagt vera. 5En þeir Levítarnir sem þjóna fyrir húsinu skulu einnin hafa fimm og tuttugu þúsund mælisköft að lengd og tíu þúsundir að breidd í sitt hlutskipti til tuttugu herbergja. 6Og til staðarins skulu þér einnin láta einn flötinn fyrir allt Ísraels hús, fimm þúsundir mælisköft á breiddina og fimm og tuttugu þúsundir á lengdina, næst þeim flötnum sem afskildur er til helgidómsins. 7Þér skuluð einnin gefa höfðingjanum eitt takmark hvorumegin, á millum kennimanna flötsins og á millum staðarflötsins, í mót vestrinu og í mót austrinu, og hann skal standa jafnlangur mót austrinu og vestrinu. 8Það skal vera hans eignarskipti í Ísrael so að mínir höfðingjar skulu ekki taka meira það mínu fólki til kemur heldur skulu þeir láta Ísraelsfólk bíhalda landinu til sinna kynkvísla.

9Því so segir DROTTINN GUÐ: Þér Ísraels höfðingjar hafið gjört það nógu lengi. Látið af ráni og rangindum og gjörið það hvað gott og réttvíslegt er og látið af því að útdrífa mitt fólk, segir Drottinn GUÐ. 10Þér skuluð hafa réttar vogir og rétt mælikeröld og réttan mælir,efa og bat skulu jafnar vera, 11so að einn bat skal halda einn tíundapartinn af einum hómer og efa einn tíundapartinn af einum hómer. Því að hvorttveggja skal það mælast eftir einum hómer. 12En einn siclus skal hafa tíu gera, ein mína gjörir tuttugu siclos, fimm og tuttugu siclos og fimmtán siclos.

13Þetta skal nú vera upphafningaroffrið sem þér skuluð upphefja, sem er hinn sétti parturinn af einum efa, af einum hómer hveitis, og einn séttungurinn af einum efa og af einum hómer bygg. 14Og þér skuluð gefa einn bat af oleum, sem er sá hinn tíundi bat af einum kór, og hinn tíundapart af einum hómer. Því að tíu bat gjörir einn hómer. 15Og eitt lamb af tveimur hundruðum sauða af þeirri hjörðinni sem er í Ísraels grashaga til mataroffurs, brennioffurs og þakklætisoffurs, til einnrar forlíkunar fyrir þá, segir Drottinn GUÐ. 16Allt fólkið í landinu skal færa soddan upphafningaroffur til höfðingjans í Ísrael. 17Og höfðinginn skal offra sínu brennioffri og mataroffri og drykkjaroffri á hátíðunum og tunglkomunum og þvottdögunum og á öllum æðstum hátíðum hússins Ísrael. Þar til með skal hann fórnfæra syndaoffrinu og mataroffrinu, brennioffrinu og þakklætisoffrinu til einnrar forlíkunar fyrir Ísraels hús. 18So segir Drottinn GUÐ: Á þeim fyrsta deginum þess fyrsta

mánaðarins skalt þú taka einn ungan uxa sem er lastalaus og hreinsa helgidóminn. 19Og presturinn skal taka af syndaoffursins blóð og dreifa því á stólpana í húsinu og á þau fjögur hornin á tröppunum altarisins og á stólpana í portinu þess innsta fordyrsins. 20Líka so skulu og einin gjöra á þeim sjöunda deginum í mánaðinum ef að nokkur kann að hafa hrasað eður forséð sig, að þér skuluð so hreinsa húsið.

21Á þeim fjórtánda deginum hins fyrsta mánaðar þá skulu þér halda páskana og í sjö daga heilagt halda og eta ósýrt brauð. 22Og á þeim sama deginum skal höfðinginn offra fyrir sér og fyrir öllu fólkinu í landinu einum uxa til syndaoffurs. 23En á þeim sjö hátíðisdögunum skal hann hvern dag offra DROTTNI eitt brennioffur, sem eru sjö uxar og sjö hrútar sem lastalausir eru og einn kjarnhafur til syndaoffurs, 24en til mataroffursins skal hann offra einum efa til eins uxa og einum efa til eins hrútsins og eitt hín með oleum til hvers efa. 25Á þeim fimmtánda deginum hins sjöunda mánaðar skal hann heilagt halda í sjö daga hvern eftir annan eins so sem þá aðra sjö dagana og halda þá eins líka so með syndaoffri, brennioffri, mataroffri og oleum.

46 Svo segir Drottinn GUÐ: Það portið á því innsta fordyrinu sem er mót austrinu skal vera tillukt þá sex rúmhelga dagana en á þvottdögunum og tunglkomunum skal það opið vera. 2Og höfðinginn skal ganga utan til undir það lofthúsið á portinu og standa við stólpana á portinu. Og prestarnir skulu offra hans brennioffri og þakklætisoffri en hann skal tilbiðja á þröskuldi portsins og ganga síðan út aftur. En portið skal opið vera til kvelds. 3Og fólkið af landinu skal eins líka so tilbiðja fyrir DROTTNI í þeim sömu portdyrunum, á þvottdögunum og tunglkomuhátíðunum. 4Það brennioffrið sem höfðinginn skal offra fyri DROTTNI á þvottdeginum skal vera sex lömb sem eru lastalaus og einn hrútur lastalaus 5og eitt efa mataroffurs til eins hrútsins og til mataroffursins en til lambanna so mikið sem hans hönd gefur til mataroffursins og eitt hín með oleum til eins efa. 6En á þeim tunglkomunum skal hann offra einum uxa sem er lastalaus og sex lömbum og einum hrút lastalausum 7og einu efa til uxans og einu efa til hrútsins til mataroffursins en til lambanna so mikið sem honum sýnist og einu hín oleum til eins efa. 8Og nær eð höfðinginn gengur inn þangað þá skal hann ganga inn að portinu lofthússins og ganga so þann sama veg út aftur.

9En það fólkið í landinu sem kemur fyrir DROTTIN á þeim stæstu hátíðunum að tilbiðja og gengur inn að portinu í mót norðrinu þá skal það ganga út aftur að því portinu mót suðrinu. Og hverjir sem innganga um það portið móti suðrinu þá skulu þeir útganga um það portið móti norðrinu. Og þeir skulu ekki út aftur ganga um það sama portið sem þeir eru inn gengnir heldur skulu þeir ganga rétt fram og so út. 10En höfðinginn skal ganga bæði inn og út með þeim.

11En á helgum dögunum og þeim stæstu hátíðunum skal offrast til mataroffursins til eins uxa eitt efa og til hrútsins eitt efa og til lambanna eftir því sem hans hönd vill gefið hafa og eitt hín oleum til eins efa. 12En nær eð höfðinginn vill fórnfæra DROTTNI eitt viljuglegt brennioffur eður þakklætisoffur so skal upplúkast fyrir honum það portið móti austrinu að hann megi so offra sínu brennioffri og þakklætisoffri líka so sem hann er vanur að offra á þvottdögunum. Og nær eð hann gengur út aftur þá skal portið látast aftur eftir honum.

13Og daglegana þá skal hann fórnfæra DROTTNI eitt brennioffur, einkum sem

er eitt ársgamalt lamb lastalaust því hann skal offra hvern morgun. [14]Og hann skal hvern morgun leggja þar upp á einn séttung af einum efa til mataroffurs og einn þriðjung af einum hín oleum til að vökva með hveitimjölið DROTTNI til eins mataroffurs, það skal vera einn ævinlegur réttur um það hið daglega offrið. [15]Og hvern morgun skulu þeir offra lambinu með mataroffrinu og oleum til eins daglegs brennioffurs.

[16]So segir Drottinn GUÐ: Nær einn höfðingi gefur einhverjum af sínum sonum eina gáfu af sinni arfleifð, þeirri hinni sömu skulu hans synir bíhalda og að erfðum eignast. [17]En gefi hann nokkrum af sínum sveinum eitthvað af sinni arfleifð það skulu þeir eingast til frelsunarársins. Þá skal það falla til höfðingjans aftur því að hans arfleifð skal alleinasta erfast af hans sonum. [18]Og höfðinginn skal ekki neitt hafa frá fólkinu af þeirra arfleifð og ekki að drífa þá af þeirra eigin góssi heldur skal hann láta sitt eigið góss sínum börnum sjálfs til erfðar falla so það enginn af mínu fólki skuli í burt drífast af sinni eign og ættleifð.

[19]Og hann leiddi mig undir innganginn hjá hliðinu á portinu í mót norðrinu hjá helgidómsins herbergi sem kennimönnunum tilheyrði og sjá þú, að þar var eitt rúm í einni hyrningunni mót vestrinu. [20]Og hann sagði til mín: Þetta er sá staðurinn á hverjum prestarnir skulu sjóða sakaroffrið og syndaoffrið og baka það mataroffrið so að þeir þurfi ekki að bera það út um það hið yðsta portið til að helga fólkið.

[21]Þar eftir á leiddi hann mig út til hins fordyrsins og bað mig að ganga í þau fjögur hornin á fordyrinu. [22]Og sjá þú, að þar voru út í hverjum af þeim fjórum hornunum önnur smá fordyri til að veifa reykelsinu út í, fjörutígi álna löng og þrjátígi álna breið, öll fjögur með einum skammti. [23]Og þar gekk einn lítill múr utan um kring hvert eitt af þeim fjórum. Þar voru og gjörðir eldsstaðir neðan til upp við múrinn. [24]Og hann sagði til mín: Þetta er það matgjörðahúsið í hverju það þénarar hússins skulu matreiða það sem fólkið offrar.

47 Og hann leiddi mig inn aftur að dyrunum musterisins og sjá þú, að þar flaut eitt vatn út undan þröskuldinum musterisins mót austrinu. Því að dyrnar musterisins horfðu og einnin á móti austrinu. Og vatnið rann á þá hægri hliðina hjá musterinu, hægra megin hjá altarinu í mót suðrinu. [2]Og hann leiddi mig út af portinu mót norðrinu í frá því yðsta portinu mót austrinu og sjá þú, að þar spratt út vatn af hinn hægri hliðinni. [3]Og maðurinn gekk út mót austrinu og hafði einn mælistreng í hendinni. Og hann mælti þúsund álnir og leiddi mig í vatnið þangað til að það tók mér í ökkla. [4]Og hann mælti enn einu sinni þúsund álnir og leiddi mig í vatnið þangað til að það tók mér í hné. Hann mælti enn einu sinni þúsund álnir og lét mig vaða þangað til að það tók mér enn í mitt lær. [5]Þá mælti hann enn þúsund álnir og þá varð það so djúpt að eg grynnta ekki því að vatnið var so djúpt að þar mátti synda yfir um og eg kunni eigi að ná til grunnsins. [6]Og hann sagði til mín: Þú mannsins son, þetta hefur þú nú séð. Og hann leiddi mig aftur um sama veg til lands.

[7]Og sjá þú, að þar stóðu nærsta mörg tré hjá ströndinni beggjamegin. [8]Og hann sagði til mín: Það vatnið sem rennur út héðan móti austrinu það skal renna í gegnum það sléttlendið út í sjávarhafið og í frá því eina sjávarhafinu í það annað. Og nær eð það kemur út í hafið þá skal það sama vatn vera heilsusamlegt, [9]já allt það sem þar lifir út í og hrærir sig, þangað sem er þessir vatsstraumarnir þeir koma það skal lifa og skal hafa mjög marga fiska og allir

skulu þeir lifa og heilsusamlegir verða hvar eð þessi vatsstraumur hann kemur. [10]Og fiskararnir skulu standa við þann hinn sama í frá Engeddí og inn til En Egglaím þá skulu þeir útbreiða fiskinetin. Því að þar skulu vera mjög margir fiskar líka sem í því hinu mikla sjávarhafinu. [11]En síkin og pyttirnir þeir munu ekki heilnæmir vera heldur saltir. [12]Og hjá ströndinni við sama vatsfall beggjamegin skulu vaxa allra handa frjósamleg aldintré og þeirra laufblöð skulu ekki visna og þeirra aldin skulu ekki rotna og hvern mánað skulu þau bera nýjan ávöxt því að þeirra vatn rennur út af helgidóminum. Þeirra ávöxtur skal duga til matar og þeirra laufblöð til lækninga.

[13]So segir Drottinn GUÐ: Þessi eru þau landamerkin eftir hverjum þér skuluð útskipta landinu á millum þeirra tólf kynkvísla Ísraels því að tvö hlutskiptin heyra Jósef ættlegg til [14]og þér skuluð skipta því jafnt út eins sem öðrum því að eg hefi upphafið mína hönd so það eg vil gefa yðar forfeðrum og so yður landið til arfleifðar.

[15]Þessi eru nú endimörkin landsins móti norðrinu: Í frá því mikla sjávarhafinu, í frá Hetlón inn til Sedat [16]sem er Hemat, Beróta, Sibraím sem nálægir sig við Damasco og Hemat og Haser Tíkón sem liggur við Haveran. [17]Það skulu vera landamerkin frá hafinu inn til Haser Enón og Damascus og Hemat skal vera landsendinn móti norðrinu.

[18]En landamerkin mót austrinu skulu þér mæla millum Haveran og Damasco og millum Gíleað og millum landsins Ísraels hjá Jórdan inn til sjávarhafsins móti austrinu. Það skulu vera landamerkin móti austrinu.

[19]En landamerkin móti suðrinu eru í frá Tamar inn til Þrætuvatsins í Kades og móti því vatsfallinu til hins mikla hafsins. Það skulu vera landamerkin móti suðrinu.[20]Og landamerkin móti vestrinu eru í frá því Hinu mikla hafinu beinleiðis inn til Hemat. Það skulu vera landamerkin móti vestrinu. [21]So skulu þér nú útskipta landinu á meðal þeirra kynkvislanna Ísraels. [22]Og nær eð þér kastið því hlutfallinu til að útskipta landinu á meðal yðar so skulu þér halda þá hinu framandi sem þá búa hjá yður og ala þar börn hjá yður líka sem þá innbyggjarana landsins á meðal Ísraelssona. [23]Og þeir skulu einnin hafa sína hlutdeild í landinu, hver sem einn á meðal þess slektisins sem hann býr hjá, segir Drottinn GUÐ.

48 Þessi eru þau nöfnin kynkvíslanna í frá norðuráttinni, frá Hetlón mót Hemat, Hasar Enón og frá Damasco mót Hemat. Það skal Dan hafa sitt hlutskipti í frá austrinu inn til vestursins. [2]Asser skal hafa í sitt hlutskipti hið næsta hjá Dan, í frá austrinu inn til vestursins. [3]Neftalí skal hafa sitt hlutskipti næst hjá Asser, í frá austrinu inn til vestursins. [4]Manasse skal hafa sitt hlutskipti í hjá Neftalí, í frá austrinu inn til vestursins. [5]Efraím skal hafa sitt hlutskipti næst hjá Manasse, í frá austrinu inn til vestursins. [6]Rúben skal hafa sitt hlutskipti næst hjá Efraím, í frá austrinu inn til vestursins. [7]Júda skal hafa sitt hlutskipti næst hjá Rúben, í frá austrinu inn til vestursins.

[8]En þér skuluð fráskilja eitt takmark næst hjá Júda, frá austrinu inn til vestursins, sem vera skal fimm og tuttugu þúsundir mælisköft að breidd og lengd, ein deildin af því hlutskiptinu sem tekur í frá austrinu inn til vestursins. Þar inni skal helgidómurinn standa. [9]Og þar út af skulu þér fráskilja DROTTNI eina hlutdeild, fimm og tuttugu þúsundir mælisköft að lengd og tíu þúsundir mælisköft að breidd. [10]Og sú hin heilaga hlutdeildin þá skal heyra prestunum til, sem er fimm og tuttugu þúsund mælisköft að lengd mót norðrinu og mót suðrinu og tíu þúsundir að breidd, móti austrinu og vestrinu. Og

helgidómurinn DROTTINS skal standa þar mitt í. 11Það skal helgað vera til prestanna sem eru af Sadóksonum, hverjir að héldu mínar siðvenjur og eru ei af fallnir með Ísraelssonum so sem það Levítarnir eru af fallnir. 12Og þessi hin fráskilda hlutdeildin skal vera þeirra eign af landinu í hverju það hið allra heilagasta er hjá Levítanna landamerkjum. 13En Levítarnir skulu hafa í hjá prestanna landamerkjum fimm og tuttugu þúsundir mælisköft að lengd og tíu þúsundir að breidd líka sem hinir aðrir. Því að öll lengdin skal hafa fimm og tuttugu þúsundir mælisköft og breiddin tíu þúsundir mælisköft. 14Og þeir skulu ei neitt selja þar út af eður í burt fá so að ekki neitt skuli í burt fargast af hinum fyrsta landsins ávexti því að það er DROTTNI helgað.

15En þau fimm þúsund mælisköft sem eftir eru vorðin á breiddina á móts við þau fimm og tuttugu þúsund mælisköft á lengdina, þau skulu til staðarins almennileg vera til að búa þar inni og so til forstaðanna. Og staðurinn skal standa þar mitt innan í 16og það skal vera hans skammtur, fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft mót norðrinu og suðrinu. Líka so einnin fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft á móti austrinu og vestrinu. 17En forstaðurinn tvö hundruð og fimmtíu mælisköft móti norðrinu og móti suðrinu, so einnin líka tvö hundruð og fimmtíu mælisköft í móti austrinu og móti vestrinu. 18En það eftir er vorðið af þeirri sömu lengdinni frá því hinu fráskilda og helgaða sem eru tíu þúsund mælisköft móti austrinu og móti vestrinu það skal heyra til þeirra uppheldis sem þjóna í staðnum. 19Og þeir sem arfiða eiga í staðnum þá skulu þeir allir vera af Ísraels slekti. 20So að sú gjörvöll aðskilningin sem hefur fimm og tuttugu þúsund mælisköft og er ferköntuð, hún skal vera eitt heilagt takmark til staðarins eigindóms.

21En hvað sem þar er enn nú eftir beggjamegin hjá þeirri aðskildri heilagri hlutdeildinni og hjá staðarins hlutdeild, sem er fimm og tuttugu þúsundir mælisköft móti austrinu og móti vestrinu, það skal allt saman vera höfðingjans. En sú hin aðskilda hlutdeildin og musterið helgidómsins skal vera þar mitt innan í 22en hvað sem á milli liggur á millum hlutskiptisins Levítanna og á millum staðarins hlutskiptis og á millum landamerkjanna Júda og Benjamínslandamerkja, það skal vera höfðingjans.

23Þar eftir á skulu vera hinar aðrar kynkvíslirnar. 24Benjamín skal hafa sitt hlutskipti frá austrinu inn til vestursins. 25En Símeon skal hafa sitt hlutskipti næst Benjamíns landamerkjum, frá austrinu inn til vestursins. 26Ísakar skal hafa sitt hlutskipti hjá Simeonis landamerkjum, frá austrinu inn til vestursins. 27Sabúlon skal hafa sitt hlutskipti hjá Ísakars landamerkjum, frá austrinu inn til vestursins. 28Gað skal hafa sitt hlutskipti hjá Sabúlons landamerkjum, frá austrinu inn til vestursins. En næst Gað er landamerkið mót suðrinu, frá Tamar inn til Þrætuvatsins í Kades og í mót því Vatsfallinu hjá því Mikla hafinu. 29So skal landið útskiptast til arfleifðar á meðal Ísraels kynkvísla og það skal vera þeirra arfleifð, segir Drottinn GUÐ.

30Og staðurinn skal vera so víður: Fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft mót norðrinu 31og portin staðarins skulu kallast eftir nöfnum Ísraels kynkvísla. Þrjú portin móti norðrinu: Hið fyrsta portið er Rúben, hið annað Júda, hið þriðja Leví. 32Og so í móti austrinu fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft og þrjú portin, sem er: Hið fyrsta portið Jósef, hið annað Benjamín, hið þriðja Dan. 33Mót suðrinu einnin líka fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft og þrjú portin: Hið fyrsta Simeonis, hið annað Ísakar, hið

þriðja Sebúlon. [34]Og líka svo móti vestrinu fjórar þúsundir og fimm hundruð mælisköft og þrjú portin: Hið fyrsta portið Gað, hið annað Aser, hið þriðja Neftalí. [35]So skal hann hafa átján þúsundir mælisköft allt um kring.

Og þá skal staðurinn kallast: „Hér er DROTTINN.“

Ending prophetans Ezechielis

PROPHETINN DANÍEL

1 Á þriðja ári ríkis Jóakím konungs
Júda kom Nabúgodonosor kon-
ungur af Babýlon fyrir Jerúsalem og
settist um hana. [2]Og Drottinn gaf
Jóakím konunginn Júda honum í vald
og nokkur kerin burt úr Guðs húsi, þau
að hann lét burt flytja í landið Sínear í
síns guðs hús og lagði þau sömu kerin í
féhirslur síns guðs.

[3]Og konungurinn sagði til Aspenas
síns dróttseta að hann skyldi útvelja af
sonum Ísraels þau ungmenni sem væri
af kónglegu slekti og ættgöfug, [4]þau
sem engin lýti hefði heldur þau sem
væri mannborleg, skynsöm, hyggin,
klók og skilningsfull, sem hæfileg væri
til að þjóna í konungsins garði og til að
læra kaldeiska skrift og tungumál.
[5]Slíkum tileinkaði konungurinn hvað
þeim daglega gefa skyldi af sjálfs hans
fæðslu og út af því víninu sem hann
drakk sjálfur af að þau so um þrjú ár
uppfóstruð mættu síðan þar eftir á
þjóna fyrir konunginum. [6]Meðal hverra
voru þeir Daníel, Hananja, Mísael og
Asarja af sonum Júda. [7]Og dróttsetinn
gaf þeim nöfn og nefndi Daníel Baltasar
en Hananiam Sadrak en Mísael Mísak
og Asarja Abed-Negó.

[8]En Daníel tók sér fyrir í sínu hjarta
að saurga sig ekki með konungsins
fæðu og meður því víninu sem hann
sjálfur af drakk og bað dróttsetann að
hann þyrfti ei að saurga sig. [9]Og Guð
gaf Daníeli það að dróttsetinn varð
honum náðigur og líknsamur. [10]Sá sami
sagði til hans: „Eg hræddust minn
herra konunginn hver eð yður hefur
tileinkað mat og drykk nær eð hann
sæi það að yðrar ásjónir yrði megri en
þeirra annarra æskumanna yðvara
jafnaldra, þá gjörðu þér mig líflausan
við konunginn.“ [11]Þá sagði Daníel til
Melsar þeim eð dróttsetinn hafði bífal-
að þá Daníel, Hananja, Mísael og Asarj:
[12]„Freista þú þess við þína þénara um
tíu daga og lát gefa oss af aldini að eta
og vatn að drekka [13]og skoða þá vor yf-
irlit, og so þeirra æskumanna sem út af
kóngsins fæðslu neyta og eftir því sem
þá sýnist þér þar eftir þá gjör þú viður
þína þjónustumenn.“ [14]Og hann hlýddi
þeim í þessu og freistaði þess viður þá í
tíu daga. [15]Og að liðnum tíu dögum
voru þeir vænni og betri álits heldur en
allir aðrir æskumenn þeir ið átu út af
kóngsins fæðslu. [16]Þá burt tók Melsar
þeirra tileinkaðan mat og drykk og gaf
þeim aldini að eta.

[17]En Guð gaf þeim fjórum skynsemi
og skilning í allsháttuðum ritningum
og vísdómi en Daníel gaf hann skilning
á öllum vitrunum og draumum. [18]Og þá
er sá tími var umliðinn sem konungur-
inn hafði tileinkað, að þeir skyldu inn-
leiddir verða, þá innleiddi dróttsetinn
þá fyrir Nabogodonosor. [19]Og kon-
ungurinn talaði við þá og þar fannst
enginn á meðal allra sem líkir væri
Daníel, Hananja, Mísael og Asarja og
þeir urðu konungsins þénarar. [20]Og
konungurinn fann þá í öllum greinum
sem hann þá að spurði tíu hlutunum
vísari og skilningsmeiri en alla aðra
stjörnumeistara og vísindamenn í
gjörvöllu hans ríki. [21]Og Daníel hann
lifði allt til hins fyrsta ársins Cyrus
kóngs.

2 Á öðru ári ríkis Nabogodonosor þá
birtist Nabogodonosor einn
draumur, þar af hann óttaði þá hann
vaknaði. [2]Og hann bauð til samans að
kalla alla stjörnumeistara, vitringa og
konstramenn og Chaldeos að þeir segði
konunginum hans draum. Og þeir
komu og gengu fyrir konunginn. [3]Og
konungurinn sagði til þeirra: „Mér hef-
ur vitrast draumur hver eð mig hefur
skelft og eg vilda gjarnan fá að vita
hvaða draum það væri.“ [4]Þeir Chaldei
sögðu þá á chaldaisku til kóngsins:

„Herra konungur, Guð unni þér langa lífdaga! Seg drauminn þínum þénurum og munum vér þá ráða hann.“ [5]Konungurinn svaraði og sagði til þeirra Chaldeis: „Hann er mér úr minni fallinn. Ef að þér segið mér ei þennan draum og ráðið hann þá munu þér forglatast með öllu og yðar hús skammarlega foreydd verða. [6]En ef þér segið mér drauminn og útþýðið hann þá skulu þér af mér þiggja skenkingar, gjafir og mikil metorð. Þar fyrir þá segið mér drauminn og hans útskýring.“ [7]Þeir svöruðu enn aftur og sögðu: „Konungurinn hann segi sínum þénurum drauminn og munum vér þá ráða hann.“ [8]Konungurinn svaraði og sagði: „Að sönnu þá formerki eg það þér viljið þessu fresta fyrir mér því þér sjáið að hann er mér úr minni liðinn. [9]En ef þér segið mér ekki drauminn þá útgengur sá úrskurður yfir yður so sem yfir þá eð fals og lygar hafa ásett sér að tala fyrir mér þangað til að tíminn er umliðinn. Þar fyrir þá segið mér drauminn. Þá kann eg að formerkja það þér ratið einnin upp á rétta útskýringina.“ [10]Þá svöruðu þeir Chaldei fyrir konunginum og sögðu til hans: „Enginn maður á jarðríki er sá að segja kunni það sem konungurinn heimtir, so er þar og einnin enginn konungur, hvörsu mikill og megtugur það hann er, sá eð slíks krefji út af nokkrum stjörnumeistara, vísindamanni eða Chaldeo. [11]Því að það sem konungurinn heimtir er allt formikið. Þar er og enginn sá sem það kunni fyrir konunginum að segja að fráskildum guðunum, sem byggja ekki hjá mönnum.“

[12]Þá varð konungurinn afar reiður og skipaði að láta drepa alla vísindamenn í Babýlon. [13]Og sá úrskurður gekk út að vísindamennirnir skyldu líflátnir verða og eftir Daníel og hans félögum var leitað að lífláta þá. [14]Þá formerkti Daníel svoddan úrskurð og bífalning af Arjók þeim æðsta konungsins dómara hver að útfór til að aflífa vitringana í Babýlon. [15]Og hann hóf upp og sagði til konungsins sendiboða, Arjók: „Hvar fyrir er so harður áfellisdómur útgenginn af konunginum?“ Og Arjók sagði það Daníel. [16]Þá gekk Daníel upp og bað kónginn að hann gæfi honum frest so að hann mætti konunginum útskýringina segja.

[17]Og Daníel gekk heim í sitt hús og kunngjörði þetta sínum félögum Hananja, Mísael og Asarja, [18]það þeir bæði Guð af himni um miskunn yfir slíkum leyndum dómi so það Daníel og hans félagar tortýndust ekki með hinum öðrum vísindamönnum í Babýlon. [19]Þá varð Daníeli fyrir eina vitran á náttarþeli svoddan leyndardómur opinberaður, fyrir hvað eð Daníel lofaði Guð af himni, [20]hóf upp og sagði:

„Blessað sé nafn Guðs um aldur og ævi að eilífu því að hans er bæði vísdómurinn og styrkleikinn. [21]Hann skiptir um tímana og stundirnar. Hann afsetur konungana og innsetur konunguna. Hann gefur vitringunum vísdóm og hinum skynsömu þeirra skilning. [22]Hann opinberar hvað djúpt og fólgið er, hann veit hvað í myrkrunum liggur því að í hjá honum er ljósið. [23]Eg þakka þér og lofa þig, Guð feðra minna, því þú veitir mér vísdóm og styrkleik og nú opinberaðir þú það sem vér höfum þig beðið, einkum það þú gjörir konungsins málefni oss opinbert.“

[24]Þá gekk Daníel upp til Arjók hverjum eð konungurinn hafði bífalning gefið til að aflífa vitringana í Babýlon og sagði til hans: „Ekki skaltu fyrirfara vitriningunum í Babýlon heldur haf mig upp fyrir konunginn. Eg mun segja konunginum útskýringina.“ [25]Arjók hafði þá Danielem jafnsnart upp fyrir konunginn og sagði so til hans: „Þar er einn fundinn á meðal þeirra herleiddu af Gyðingalandi sá eð segja kann konunginum útskýringina.“ [26]Kóngurinn svaraði og sagði til Daníel, þann þeir

kölluðu Baltasar: „Ertu sá sem kannt að segja mér drauminn þann eg hefi séð og hans útskýring?“ [27]Daníel hóf upp fyrir konunginum og sagði: „Sá leyndur dómur sem konungurinn heimtar af þeim spekingum, vitringum, stjörnumeisturum og sannsagnarmönnum, það sama er þeim ei mögulegt konunginum að segja. [28]Heldur Guð af himni, hann kann að opinbera leynda hluti, hann hefur og kunngjört konunginum Nabúgodonosor hvað eð ske skal á eftirkomandi tímum. Þinn draumur og vitran þá eð þú svafst kom þar út af: [29]Þú kóngur hugsaðir á þinni sæng hvernin það mundi seinna meir hér eftir á til ganga. Og sá hinn sami sem leynda hluti opinberar hann hefur kunngjört þér hvernin það mun til ganga. [30]Og mér er svoddan leyndur dómur opinberaður eigi fyrir minnar visku sakir svo sem það væri hún meiri en allra annarra þeirra eð lifa heldur þar fyrir það konunginum kunngjörð yrði útskýringin og að þú vissir so þína hugskotsþanka.

[31]Þú kóngur sast og sjá þú, að eitt mjög mikið og hátt líkneski stóð gegnt þér. Það var ógurlegt álits. [32]Þess sama líkneskis höfuð var af hinu besta gulli en brjóstið og armleggirnir voru af silfri, kviðurinn og lendarnar voru af messing [33]en fótleggirnir af járni, þess fætur voru sumpart járn og sumpart leir. [34]Svoddan sástu þangað til að einn steinn varð þar af brotinn án handa. Sá sló líkneskið á þess fætur þeir eð járn og leir voru og í sundurbraut þá. [35]Þá varð til líka í sundurbrotið járnið, leirinn, messingin, gullið og silfrið og urðu so sem agnir í sumarhlöðu og vindurinn feykti þeim í burt so að þar sáust ekki líkindi til. En steinninn sá eð líkneskið sló varð eitt mikið bjarg so það hann uppfylldi veröldina.

[36]Þetta er draumurinn. Nú viljum vér segja hans útskýring fyrir konunginum. [37]Þú kóngur ert einn konungur allra kónga þeim er Guð af himni hefur gefið ríkið, magtina, styrk og vegsemdina [38]og allt það hvar er menn búa, þar með villudýrin á mörkunum og fuglana í loftinu í þínar hendur gefið og veitt þér vald yfir öllum hlutum. Þú ert það gullhöfuðið. [39]Eftir þig mun upp koma eitt annað kóngaríki, minniháttar en þitt er, þar eftir á það þriðja kóngaríkið það messingin er hvert eð drottna mun yfir öllum löndum. [40]Það fjórða ríkið mun hart verða sem járn. Því að líka sem járnið molar og í sundurbrýtur alla hluti, já líka svo sem það að járnið brýtur allt, svo mun það einnin brjóta og í sundurmola alla hluti. [41]En það þú hefur séð fæturnar og tærnar, sumpart leir og sumpart járn, það mun vera eitt sundurlaust ríki. Þó mun af þeirri járnsins rótsetningu þar inniblífa, so sem það þú hefur séð járnið meður leirinu samblandað. [42]Og það tærnar á þess fótum eru sumpart járn og sumpart leir það mun í nokkurn máta eitt öflugt og í nokkurn máta eitt veikt ríki vera. [43]Og það þú hefur séð járnið við leirið samblandað þá munu þeir samtengja sig eftir mannlegu sæði en þó munu þeir ekki hver með öðrum halda, líka so sem það járnið lætur ekki samblanda sér við leirið. [44]En á tímum þeirra kóngaríkjanna mun Guð af himni upphefja eitt ríki sem aldreigi verður foreytt og hans ríki mun öngu öðru fólki í hendur seljast. En það mun öll þessi kóngaríkin foreyða og niðurbrjóta þau en það mun blífa eilíflega, **Lucas 1:33** [45]eftir því sem þú hefur séð það steinninn varð af brotinn frá berginu án handa tiltekta, sá eð járnið, messingina, leirið, silfrið og gullið sundurmolaði. Þannin hefur sá hinn mikli Guð kunngjört konunginum hvernin það seinna meir muni tilganga og þetta er vissulega draumurinn og útskýringin er rétt.“

[46]Þá féll konungurinn Nabogodonosor fram á sína ásjónu og tilbað fyrir Dan-

íeli og bauð að þeir skyldu offra honum matoffri og reykelsisfórnum. 47Og konungurinn andsvaraði Daníeli og sagði: „Það er enginn efi á því, yðar Guð er einn Guð yfir öllum guðum og einn herra yfir öllum kóngum, hver eð birta kann leynda hluti, með því þú hefur þennan leyndardóm kunnað að opinbera.“ 48Og konungurinn upphóf Daníelem og gaf honum margar og miklar gjafir og setti hann höfðingja yfir öll lönd í Babýlon, þar með forstjóra yfir öllum spekingum í Babýlon. 49Og Daníel bað af konunginum það hann mætti setja yfir héröðin í Babýlon þá Sadrak, Mesak, Abed-Negó. En sjálfur Daníel var hjá konunginum í kóngsins garði.

3 Konungurinn Nabúgodonosor lét gjöra eina gulllega líkneskju, sextígu álna há og sex álna að breidd, og lét setja hana á einn fagran flöt í landinu Babýlon. 2Og Nabúgodonosor konungur sendi eftir höfðingjum, herrum, landstjórnurum, dómurum, fóvitum og starfsmönnum, ráðgjöfum og öllum magtarmönnum í landinu að þeir skyldu til samans koma að vígja þá líkneskju hverja eð konungurinn Nabogodonosor hafði uppsetja látið. 3Þá komu höfðingjar, herrar, landstjórnarmenn, dómarar, hirðstjórar, ráðgjafar og starfsmenn og allir magtarmenn í ríkinu til samans að vígja þá líkneskju sem Nabúgodonosor hafði uppsetja látið og þeir stóðu gagnvart líkneskinu hvert Nabúgodonosor hafði setja látið. 4Og úthróparinn kallaði mjög hátt: „Það sé yður sagt, öllum þjóðum, lýðum og tungumálum: 5Nær eð þér heyrið hljóð lúðursins, herpípunnar, hörpunnar, gígjunnar, saltarans, symfónsins og alls kyns hljóðfæra, þá skulu þér framfalla og tilbiðja þá gulllíkneskju sem Nabogodonosor kóngur hefur uppsetja látið. 6En hver sem þá ekki framfellur og tilbiður sá skal á samri stundu kastaður verða í þann brennandi eldsofn.“ 7Þá eð þeir heyrðu nú hljóð lúðursins, herpípunnar, hörpunnar, gígjunnar, saltarans og allsháttaðra hljóðfæra féllu fram allar þjóðir, lýðir og tungumál og tilbáðu þá gulllíkneskju sem Nabúgodonosor konungur hafði uppsetja látið.

8Samstundis gengu fram nokkrir menn af Chaldeis og áklöguðu Gyðingana, 9hófu upp og sögðu til konungsins Nabúgodonosor: „Herra konungur, Guð gefi þér langa lífdaga! 10Þú hefur það boð látið út ganga að allir menn, nær eð þeir heyrðu hljóð lúðursins, herpípunnar, hörpunnar, gígjunnar, saltarans, symfónsins og allsháttaðra hljóðfæra, skyldu þeir framfalla og tilbiðja þá gulllíkneskju, 11en hver ekki framfélli og tilbæði sá skyldi kastaður verða í þann brennanda eldsins ofn. 12Nú eru þar nokkrir menn af gyðingum, hverja eð þú hefur sett fyrir ráðamenn yfir ríkið í Babýlon, Sadrak, Mísak og Abed-Negó, þeir hinir sömu fyrirlíta þitt boð og dýrka ekki þína guði og tilbiðja ekki þá gulllíkneskju sem þú hefur látið uppsetja.“

13Þá skipaði Nabúgodonosor konungur með grimmd og reiði að Sadrak, Mísak og Abed-Negó skyldu fyrir hann leiddir verða. Og þeir menn urðu leiddir fyrir konunginn. 14Þá hóf Nabúgodonosor upp og sagði til þeirra: „Hvert vilji þér, Sadrak, Mísak og Abed-Negó, ei heiðra minn guð og tilbiðja þá gulllíkneskju sem eg hefi upplátið setja? 15Nú vel, þá verið viðbúnir. Jafnsnart sem þér heyrið hljóð lúðursins, herpípunnar, hörpunnar, gígjunnar, saltarans, symfónsins og alls kyns hljóðfæra, þá fallið fram og tilbiðjið þá gulllíkneskju sem eg hefi gjöra látið. En ef þér tilbiðjið hana ekki þá skulu þér á samri stundu kastaðir verða í þann brennanda eldsins ofn. Látum sjá hver sá Guð sé sem yður mun frelsa af minni hendi.“ 16Þá svöruðu þeir Sadrak, Mísak og Abed-Negó og sögðu til konungsins

Nabúgodonosor: „Þess gjörist ekki þörf
að vér svörum þér hér til. 17Sjá þú, það
vor Guð þann vér heiðrum getur frels-
að oss út af þeim brennanda eldsins
ofni. Þar að auk kann hann einnin, þú
konungur, að frelsa oss út af þínum
höndum. 18Og þó hann vilji ekki það
gjöra, þá skaltu þó samt vita að vér
heiðrum ekki þína guði og tilbiðjum
ekki heldur þá gulllíkneskju sem þú
hefur látið uppsetja.“

19Þá uppfylltist Nabúgodonosor af
mikilli grimmdarreiði og sýndi sig
óskaplega bystan viður þá Sadrak,
Mísak og Abed-Negó og skipaði það
kynda skyldi ofninn sjö hlutum heitara
en það vanalegt var 20og skipaði hinum
færustum mönnum af sínu stríðsfólki
að binda þá Sadrak, Mísak og Abed-Ne-
gó og kasta þeim í þann brennanda
eldsins ofn. 21So urðu þeir menn í sín-
um klæðu, skófötum, höfuðbúnaði og
öðrum klæðnaði bundnir og innkastað-
ir í þann brennanda eldsins ofn 22því að
konungsins skipan hlaut strax að gjör-
ast. Og þeir sköruðu og kyntu bálið í
ofninum mjög ákaflega so að þeir
menn sem Sadrak, Mísak og Abed-Ne-
gó skyldu brenna þar fyrirfórust af
eldsloganum. 23En þeir þrír menn Sa-
drak, Mesak og Abed-Negó féllu niður í
þann brenndanda eldsofn sem þeir
voru bundnir.

24Þá ógnaði konunginum Nabú-
godonosor og stökk upp skyndilega og
sagði til sinna ráðgjafa: „Höfum vér
ekki látið fleygja þremur mönnum
fjötruðum í eldinn?“ Þeir svöruðu kon-
unginum og sögðu: „Já, herra konung-
ur.“ 25Hann svaraði og sagði: „Eg sé þó
fjóra menn lausa í eldinum ganga og
þeim grandar ekki neitt og sá hinn
fjórði er þvílíkast sem hann væri Sonur
Guðs.“

26Og Nabogodonosor gekk fram fyrir
munnann þess brennanda ofnsins og
sagði: „Sadrak, Mesak og Abed-Negó,
þér þjónustumenn ins æðsta Guðs,
gangið út og komið hingað!“ Þá gengu
þeir Sadrak, Mesak og Abed-Negó út úr
eldinum. 27Og þeir höfðingjarnir,
herrarnir, landsdómararnir og ráðgjaf-
arnir konungsins komu til samans og
sáu að eldurinn hafði öngva magt auð-
sýnt á líkömum þessara manna og eigi
skaddað þeirra höfuðhárum og þeirra
klæðnaður var óskemmdur, já og
enginn sviðiþefur var af þeim. 28Þá hóf
Nabúgodonosor upp og sagði: „Blessað-
ur sé Guð Sadrak, Mesak og Abed-Negó
sem sinn engil hefur útsent og frelsað
sína þjónustumenn þá sem honum
treystu og ekki skeyttu konungsins
orðum heldur yfirgáfu sína líkami svo
að þeir vildu öngvan guð heiðra né til-
biðja utan alleinasta sjálfs þeirra eigin
Guð. 29Þar fyrir þá sé þetta mín skipan:
Hver af öllu fólki eður af hverjum helst
þjóðum eður tungumálum sem lastar
Guð Sadrak, Mísak, Abed-Negó sá skal
tortýnast og hans hús skemmilegana í
eyðileggjast. Því að þar er enginn annar
Guð sem svo kann að frelsa sem þessi.“
30Og kóngurinn gaf Sadrak, Mísak og
Abet-Negó mikla magt í landinu til Ba-
býlon.

4 Konungurinn Nabogodonosr öll-
um þjóðum, fólki og tungumálum.
Guð gefi yður allmikinn frið. 2Mér líst
það vel fallið að eg kunngjöri yður þau
teikn og stórmerki sem sá hinn hæðsti
Guð hefur gjört við mig.

3Því að hans teikn eru mikil og hans
dásemdarverk eru máttug og hans ríki
er eitt eilíft ríki og hans magtarveldi
varir um aldir og að eilífu.

4Eg Nabúgodonosor þá eð eg hafði
góða hvíld í mínu húsi og það gekk allt
vel til í mínum tignarherbergjum 5þá
birtist mér sá draumur að skelfdi mig
og þær hugsanir sem eg hafða í minni
rekkju yfir þessari sjóninni sem eg
hafða séð þær sturluðu mig. 6Og eg
skipaði að allir vísindamenn í Babýlon
skyldu koma upp fyrir mína augsýn svo

að þeir segðu mér hvað draumurinn hefði að merkja. 7Þá höfðu þeir stjörnumeistarana, vitringana, Chaldeos og spádómsmenn upp til mín. Og eg sagða fram drauminn fyrir þeim en þeir kunnu ekki að segja mér hvað hann merkti, 8allt þangað til að síðustu að Daníel hann kom fyrir mig (sá er kallast Baltasar eftir nafni míns guðs), hver ed hefur anda heilagra guða. Og eg sagða fram fyrir honum þann sama draum: 9„Baltasar, þú hinn æðsti meðal vitringanna, hvern eg veita hafa anda heilagra guða og það ekkert er hulið fyrir þér, seg þú sjónina míns draums þá ed eg hefi séð og hvað hún merkir. 10En þessi er sú sjónin sem eg hefi séð í minni hvílu. Sjá þú, þar stóð eitt tré mitt í landinu. Það var nærsta hátt, mikið og digurt. 11Þess hæð tók allt upp í himininn og þandi sig út um gjörvöll endimörk alls landsins. 12Þess greinir voru fagrar og báru mikinn ávöxt so það allir höfðu þar fæðslu út af, öll dýrin í skóginum fundu sér skjól undir því og fuglarnir í loftinu settu sig á þess kvistu og allt hold fæddi sig út af því.

13Og eg sá eina sýn á minni sæng og sjá þú, einn heilagur varðhaldsmaður fór af himni ofan. 14Hann kallaði hárri röddu og sagði so: Höggvið tréð um koll og sníðið af því greinirnar, strjúkið af því laufblöðin og í sundurdreifið þess ávöxtum so að þau dýrin sem undir því liggja í burt flýi og þeir fuglarnir á þess kvistum fljúgi í burt þaðan. 15En látið þó stofninn samt blífa með sínum rótum í jörðunni. En hann skal í járnviðjum og eirhlekkjum bundinn, í grashögum ganga, hann skal undir döggu himins úti liggja og votur verða og skal næra sig meður villidýrunum út af grösum jarðarinnar. 16Og það mannshjartað skal í burt frá honum tekið verða og fénaðarhjarta í staðinn gefast þangað til að sjö tíðir eru yfir honum liðnar. 17Svoddan er í ráði varðhaldsmannanna úrskurðað og í samræðum heilagra ályktað so það hinir lifendu meðkenni að Hinn Hæðsti hafi magt yfir mannanna kóngaríkjum og gefi þau hverjum eð hann vill og uppsetji lítilmagnana til þeirra hinna sömu. 18Slíkan draum hefi eg Nabogodonosor séð. En þú Baltasar, seg hvað hann merkir því að allir vísindamenn í mínu ríki kunna ekki að segja mér hvað hann merkir. En þú kannt það vel því að andi heilagra guða er með þér.

19Þá tók Daníel (hver ed kallaðist Baltasar) að hugsa með sjálfum sér í hljóði so nær sem um eina stund og hans hugsanir hryggðu hann. En konungurinn sagði: „Baltasar, lát ekki drauminn né hans útþýðing sturla þig.“ Baltasar hóf upp og sagði: „Eg vilda, minn herra, að drauminn ættu þínir óvinir og hans útþýðing þínir mótstöðumenn. 20Það tréð sem þú hefur séð það so mikið og digurt var, hvers hæð er tók allt upp í himininn og það útbreiddi sig yfir um allt landið 21og hvers greinir og ávextir það miklir voru þar ed allir hlutir höfðu fæðslu út af og þau villudýrin sem undir því bjuggu og fuglar loftsins er á þess kvistum sátu, 22það sama ertu, konungur, þú sem so mikill og máttugur ert. Því að þín magt er mikil og tekur allt í himininn og þitt vald allt út til heimsins endimarka. 23En það konungurinn hefur séð einn heilagan varðhaldsmann af himni ofan fara, so segjanda: Höggvið tréð um koll og fordjarfið það en látið þó stofninn meður sínum rótum blífa í jörðunni. En hann skal í járnviðjum og eirhlekkjum bundinn, í grashögum ganga og undir döggu himins úti liggja og með villidýrum í útihögum ala sig þangað til að sjö tíðir eru umliðnar yfir honum 24þetta er þýðingin, herra konungur, og svoddan ráð Hins Hæðsta gengur yfir minn herra konunginn: 25Þeir munu í burt reka þig frá mönnum og þú hlýtur hjá villidýrum í úthögum að vera og þeir munu þig gras bíta láta sem naut og þú

munt undir döggu himins hljóta að liggja og votur að verða, þangað til að sjö tíðir eru yfir þér umliðnar, so að þú meðkennir það sá Hinn Hæðsti hafi magt yfir kóngaríkjum mannanna og gefi þau hverjum eð hann vill. [26]En það sagt er það þeir skyldu þó láta blífa stofninn trésins með sínum rótum, það er: Þitt ríki skal þitt blífa þá eð þú hefur meðkennt þá himnesku magt. [27]Þar fyrir, minn herra konungur, lát þér mitt ráð vel þóknast og gjör þig lausan af þínum syndum meður réttvísi og kvitta þig af þínum misverkum meður góðgjörðum viður fátæka. Þá mun hann líða þínar syndir við þig.“ [28]Allt þetta kom yfir konunginn Nabogodonosor. [29]Því að tólf mánuðum liðnum þá eð konungurinn gekk í sinni konunglegri höll til Babýlon [30]hóf hann upp og sagði: „Þetta er sú hin mikla Babýlon hverja eg hefi uppbyggt út af minni mikilli magt til konunglegra herbergja, til heiðurs við minn herradóm.“ [31]fyrr en það konungurinn hafði þessi orð út talað féll raust af himni ofan: „Þér Nabúgodonosor konungur verður sagt: Þitt ríki skal í burt frá þér takast [32]og þú munt í burt rekinn verða frá öðrum mönnum og meður fénaði og villudýrunum skaltu í úthögum ganga, gras áttu að eta sem annað naut, þangað til að sjö tíðir eru umliðnar yfir þér, so að þú meðkennir það að sá Hinn Hæðsti hafi magt yfir kóngaríkjum mannanna og gefi þau hverjum eð hann vill.“ [33]Á samri stundu varð það orð fullkomnað yfir Nabogodonosor og hann varð í burt rekinn frá mönnum og beit gras sem naut og hans líkami lá úti undir döggu himins og varð votur þangað til að hans hár var so mikið sem arnarfjaðrir og hans neglur urðu sem fuglaklær.

[34]Að liðnum þess tíma hóf eg Nabúgodonosor mín augu upp til himins og mér varð mitt skynsemdarsinni aftur gefið.

Og eg sagða lof þeim Hinum hæðsta, eg prísaði og heiðraði þann sem lifir eilíflegana, hvert magtarveldi það eilíft er og hans ríki varir um aldur og að eilífu, [35]í hjá hverjum það allir þeir eð á jörðu byggja eru svo sem ekki neitt reiknandi. Hann gjörir það hvernin eð hann vill, svo viður krafta himins sem viður þá er á jörðu búa og enginn er sá eð hans hendi getur á móti staðið né til hans fái sagt: „Hvað gjörir þú?“

[36]Á þeim sama tíma kom aftur mitt skilningarsinni til mín. So komst eg og aftur til minnar kónglegrar vegsemdar og til minnar mannprýði og til minna yfirlita og mínir ráðgjafar og vildarmenn leituðu mín og eg varð innsettur aftur í mitt ríki. Og mér til lögðust þá enn miklu meiri virðingar. [37]Þar fyrir lofa eg Nabúgodonesor, heiðra og dýrka þann himnakonunginn. Því að allar hans gjörðir eru sannleikir og hans vegir eru réttir og þann eð dramblátur er kann hann að lítillæta.

5 Baltasar konungur gjörði herralegt gestaboð sínum magtarmönnum og vildarmönnum og drakk sig drukkinn meður þeim. [2]Og þá eð hann var drukkinn orðinn skipaði hann að sækja þau gullkerin og silfurkerin sem hans faðir Nabúgodonosor hafði í burt tekið úr musterinu til Jerúsalem so það konungurinn með sínum vildarmönnum, með sínum kvinnum og með sínum frillum drykki þar út af. [3]Þá urðu þau gullkerin framborin sem úr musterinu, út af því Guðs húsi til Jerúsalem, voru í burt tekin og konungurinn, hans vildarmenn, hans kvinnur og frillur drukku þar út af. [4]Og þá eð þeir drukku svo lofuðu þeir þá guðina sem voru gull, silfur, eir, járn, stokkar og steinar.

[5]Á þeirri sömu stundu birtust þar fingur so sem á mannshendi þeir eð skrifuðu gegnt ljósastikunni á þeim forfágaða veggnum í kóngshöllunni. Og konungurinn leit þá höndina sem skrif-

aði. [6]Þá umskiptist konungsins litarháttur og hans hugarfar það skelfdi hann svo það hans lendar skulfu og fótleggir titruðu. [7]Og kóngurinn kallaði mjög ofurhátt að þeir innleiddi fyrir hann vitringana, þá Chaldeos og spásagnarmenn og lét segja vitringunum í Babýlon: „Hver maður sem les þessa skrift og kann að segja mér hvað hún merkir sá skal meður purpura klæddur verða og gullfestar á hálsi bera og hinn þriðji höfðingi í mínu ríki vera.“ [8]Þá urðu allir vísindamenn kóngsins upphafðir. En þeir kunnu hverki skriftina að lesa né þá útþýðingina kónginum að segja. [9]Hvar af það konungurinn Baltasar skelfdist enn miklu meir og missti með öllu sitt yfirbragð og hans vildarmönnum féll það þungt.

[10]Þá gekk drottningin vegna þvílíkra kóngsins málefna og hans vildarmanna upp í höllina og sagði: „Herra konungur, Guð gefi þér langa lífdaga. Láttu ekki þína hugsan so skelfa þig og umskipt ekki so þínum yfirlitum. [11]Þar er einn maður í þínu ríki sá eð hefur anda heilagra guða. Því að á dögum þíns föður fannst í hjá honum auglýsing, speki og vísdómur so sem að sá guðanna vísdómur er. Og þinn faðir Nabogodonosor konungur setti hann yfir stjörnumeistarana, vitringana, Chaldeos og spásagnarmennina [12]af því að þar fannst einn æðri andi með honum, þar að auk vísdómur og skilningur drauma út að skýra og myrkvar sagnir að ráða og hulin málefni að opinbera, sem er Daníel hvern eð konungurinn lét kalla Baltasar. Þar fyrir kallið nú á Daníel, hann mun segja yður hvað þetta merkir.“

[13]Þá varð Daníel innleiddur fyrir konunginn. Og konungurinn sagði til Daníel: „Ertu sá sami Daníel, einn út af þeim herleiðingarsonum af Júda, hvern eð konungurinn faðir minn hefur hingað haft af Gyðingalandi? [14]Eg hefi heyrt sagt af þér það þú hafir anda heilagra guða og uppbirting, skilningur og djúpur vísdómur sé hjá þér fundinn. [15]Nú hefi eg látið kalla fyrir mig spekingana og vísindamenn það þeir læsi mér þessa skrift og skyldu segja hvað hún merkti og þeir kunnu ekki að segja mér hvað svoddan merkir. [16]En út af þér heyri eg það þú munir kunna útskýringina að greina og það hvað hulið er að opinbera. Ef að þú kannt nú að lesa skriftina og segja mér hvað hún merkir þá skaltu með purpura klæddur verða og gullfesti á þínum hálsi bera og sá hinn þriðji höfðingi vera í mínu ríki.“

[17]Þá hóf Daníel upp og sagði fyrir konunginum: „Eignast þú sjálfur þínar gáfur og gef þínar gáfur einhverjum öðrum. En þó vil eg þessa skriftina lesa fyrir þér, konungur, og segja hvað hún merkir. [18]Herra kóngur, Guð sá hinn hæðsti hefur gefið þínum föður Nabúgodonosor ríkið, magtina, heiðurinn og herradóminn [19]og fyrir þeirrar sömu magtar sakir sem honum var gefin hræddust hann og forðuðust allar þjóðir, fólk og tungumál. Hann aflífaði hvern hann vildi, hann sló hvern hann vildi, hann upphafði hvern hann vildi, hann lítillætti hvern hann vildi. [20]En þá hans hjarta upphóf sig og hann tók stoltur og dramblátur að verða var hann afsettur þeim veldisstóli síns ríkis og var sínum heiðri sviptur [21]og í burt rekinn frá mönnum og hans hjarta varð líka sem skógdýra og hlaut í hjá villudýrum að hlaupa og gras að eta sem naut og hans líkami lá úti undir döggu himins og varð votur, allt þangað til eð hann lærði að kenna það sá hinn hæðsti Guð hafi magt yfir mannanna kóngaríkjum og gefi þau hverjum eð hann vill. [22]Og þú, Baltasar hans sonur, hefur ekki lítillætt þitt hjarta þó að þú vissir allt saman þetta [23]heldur hefur þú upphafið þig í móti himnanna Drottninum og kerin úr hans húsi hlutu þeir að bera fyrir þig og þú, þínir vildarmenn, þínar kvinnur og þínar frillur

hafa drukkið þar út af, þar að auk heiðrað þá afguði sem eru silfur, gull, eir, járn, tré og steinar, þeir eð hverki sjá né heyra né nokkuð skynja, en þann sama Guð sem þinn andardrátt og alla þína vegu hefur í sinni hendi þá hefur þú ekki dýrkað.

[24]Þar fyrir er þessi hönd frá honum útsent og þessi skrift sem þar stendur skrifuð. [25]En þessi er skriftin sem þar stendur tilteiknuð: „MENE, MENE, TEKEL, ÚFARSÍN.“ [26]Og hún merkir þetta: MENE, það er: Guð hefur þitt ríki talið og endað. [27]TEKEL, það er: Þeir hafa þig á vog vegið og helst til léttvægan fundið. [28]PERES, það er: Þitt ríki er í sundurskipt og þeim Medis og Persis gefið.“ [29]Þá skipaði Baltasar það Daníel skyldi klæða með purpura og láta gullfesti honum á háls og lét útberast af honum það hann væri inn þriðji höfðingi í ríkinu. [30]En á þeirri sömu nátt varð Baltasar konungur þeirr Chaldeis í hel sleginn. [31]Og Daríus út af Meden lagði það ríkið undir sig þá eð hann hafði tvo vetur um sextugt.

6 Og Dario leist það vel fallið að hann setti yfir allt ríkið hundrað og tuttugu landsfóvita. [2]En yfir þessa setti hann þrjá höfðingja. Einn af þeim var Daníel hverjum það landsfóvitarnir skyldu reikningsskap gjöra so það konungurinn hefði þar ekki þvingan út af. [3]En Daníel bar langt af höfðingjunum og öllum landsfóvitunum því að einn æðri andi var með honum. Þar fyrir þá huglagði konungurinn að setja hann yfir allt kóngsríkið.

[4]Hvar fyrir það höfðingjarnir og landsfóvitarnir stunduðu þar eftir hvernin þeir gætu fengið nokkra sök til Danielis sem kóngsríkinu væri á móti. En þeir gátu öngva sök né illgjörð fundið því að hann var trúr so það engin sök né misgjörð kunni að finnast með honum. [5]Þá sögðu þeir hinir sömu menn: „Vér munum öngva sök finna Daníeli utan alleinasta með hans Guðsdýrkan.“ [6]Þá komu höfðingjarnir og landsfóvitarnir allir til samans fyrir konunginn og sögðu so til hans: „Herra Daríus konungur, Guð gefi þér langa lífdaga. [7]Höfðingjarnir ríkisins, landstjórnarar, herrarnir, ráðgjafarar og allir yfirboðarar hafa ásett það ein konungleg skipan skyldi útganga og eitt strengilegt boð gjörast að hver hann í þrjátígu daga biður einshvers út af nokkrum guði eður manni utan af þér, kóngur, einum saman þá skuli sá kastaður verða í leónagröfina. [8]Þar fyrir skulu þér og, herra konungur, staðfesta soddan boð með yðar undirskrift so að það verði ekki ónýtt gjört, eftir lögmáli þeirra af Meden og Persen hvert það enginn má dirfast að brjóta.“ [9]Og konungurinn Daríus samþykkti og staðfesti þetta boð.

[10]En sem Daníel fornam nú það svoddan lögmálsboð var staðfest gekk hann heim í sitt hús. En hann hafði í sínum sumarsal eitt opið vindauga í móti Jerúsalem. Og hann féll á sín kné þrisvar sinnum á deginum, baðst fyrir og þakkaði sínum Guði so sem hann var áður vanur að gjöra. [11]Þá komu þessir menn allir til samans og fundu Danielem liggjandi á bæn og biðjandi Guð sinn. [12]Og þeir gengu burt þangað og töluðu viður konunginn um það sama kóngsins boð: „Herra konungur, hefur þú ei það sama boð staðfest að hver hann í þrjátígi daga bæði einshvers hlutar af nokkrum Guði eður manni utan af þér, konunginum, einum saman þá skyldi sá í leónagröfina kastaður að verða?“ Kóngurinn svaraði og sagði: „Sanndindi eru það og lög þessi í Meden og Persen skal enginn brjóta.“ [13]Þeir svöruðu og sögðu fyrir konunginum: „Daníel hinn hertekni af Gyðingalandi skeytir hverki um þig né þitt boð það þú hefur innsett því að hann biðst fyrir þrisvar sinnum á degi.“ [14]Þá konungurinn heyrði það varð hann

hryggur við og hafði þar alla ástundan
á það hann fengi frelsaði Danielem og
hafði þar mikið ómak fyri allt til þess að
sólin var undirgengin að hann fengi
hann lausan. 15En þeir sömu menn
komu allir samt til konungsins og
sögðu til hans: „Þú veist, herra konung-
ur, að það er lögmál í Meden og Persen
að öll þau boð og bífalningar sem kon-
ungurinn sjálfur hefur úrskurðað
skulin öngvum leyfast að brjóta.“
16Þá skipaði konungurinn að leiða
fram Danielem og þeir köstuðu honum
í gröfina til leónanna. En konungurinn
sagði til Daníels: „Þinn Guð sem þú
heiðrar alla tíma hann hjálpi þér!“ 17Og
þeir tóku einn stein, þann lögðu þeir
yfir munnann grafarinnar. Þann hinn
sama innsiglaði konungurinn með sín-
um eigin hring og með hringum
sinna vildarmanna svo það enginn
gjörði Daníeli neitt til vonda. 18Og kon-
ungurinn gekk í burt þaðan til síns her-
bergis og neytti einskis og lét öngvan
mat fyrir sig bera, gat og heldur ekki
sofið. 19Morguninn snemma þegar að
dagaði stóð konungurinn upp og gekk
með flýti burt til grafarinnar þar eð
leónin inni voru. 20Og sem hann kom
nær gröfinni kallaði hann á Daníel með
sorglegum hljóðum. Og konungurinn
sagði til Daníels: „Þú Daníel, þjónustu-
maður hins lifanda Guðs, hefur einnin
þinn Guð hverjum þú þjónar alla tíma
kunnað að frelsa þig í frá leónunum?“
21En Daníel talaði við konunginn:
„Herra konungur, Guð gefi þér langa
lífdaga. 22Minn Guð hefur sent sinn
engil hingað hver eð leónanna kverk-
um hefur til samans haldið so að þau
hafa ekkert mein mér gjört. Því að fyrir
honum eg em sakalaus fundinn, svo
hefi eg og ekki neitt vont á móti þér
gjört, herra konungur.“ 23Þá gladdist
konungurinn mjög og lét draga Daniel-
em út aftur af gröfinni. Og þeir drógu
Daníel burt úr gröfinni og þar fannst
ekkert sár á honum því að hann hafði
treyst sínum Guði.
24Þá skipaði konungurinn að fram-
leiða þá menn sem áklagað höfðu Dani-
elem og að kasta þeim í gröfina til león-
anna meður þeirra konum og börnum.
Og fyrr en þeir komu til jarðar gripu
leónin þá og í sundurmuldu einnin
þeirra bein.
25Þá lét konungurinn Daríus öllum
þjóðum, fólki og tungumálum til skrifa:
„Guð gefi yður mikinn frið. 26Það er
mín skipan það í allri veldisstjórnan
míns ríkis þá skulu menn óttast og
hræðast Guð Danielis. Því að hann er sá
hinn lifandi Guð sem blífur eilíflegana
og hans ríki er óforgengilegt og hans
veldisstjórnan hefur öngvan enda.
27Hann er einn frelsari og nauðhjálpari
og hann gjörir tákn og stórmerki bæði
á himnum og á jörðu, hver eð frelsað
hefur Danielem í frá leónunum.“
28Og Daníel var voldugur í ríki Daríus
og í ríki Cyrus af Persia.

7 Á fyrsta ári kóngsins Baltasar í Ba-
býlon vitraðist Daníel einn draum-
ur og sýn í svefni á sæng sinni og hann
skrifaði þann draum 2og samsetti hann
með þessum hætti: Eg Daníel sá eina
sýn á náttartíma og sjá þú, það fjórir
vindar undir himninum stormuðu hver
á móti öðrum á því hinu mikla sjávar-
hafinu. 3Og fjögur dýr mikil komu upp
úr sjónum, ekki neitt þó öðru líkt. 4Hið
fyrsta var líka sem león og hafði vængi
sem örn. Eg horfði á það þangað til að
vængirnir af því urðu í burt plokkaðir
og það varð í burt tekið af jörðu og það
stóð upp á sína fætur líka sem maður
og því varð eitt mannshjarta gefið. 5Og
sjá þú, það annað dýrið þar næst var
líkt einu bjarndýri og það stóð
öðrumegin og hafði í sínum munni
meðal sinna tanna þrjár stórar og
langar tennur. Og til þess hins sama var
so sagt: „Statt upp og et mikið kjöt.“
6Eftir þetta sá eg og sjá þú, eitt annað
dýr líkt einum pardus. Það hafði á sínu

baki fjóra vængi líka sem fugl og það
sama dýrið hafði fjögur höfuð og því
varð vald gefið. 7Eftir þetta sá eg í
þessari sýn á náttartíma og sjá þú, það
fjórða dýrið var ógurlegt og hræðilegt
og mjög sterklegt og hafði stórar járn-
tennur, át í kringum sig og í sundur-
molaði og það hvað afgangs var þá sté
það í sundur með sínum fótum. Það
sama var og mjög ólíkt hinum öðrum
dýrunum og hafði tíu horn. 8En þá eg
leit þau hornin, sjá þú, þá vóx upp á
milli þeirra hinna sömu eitt lítið annað
lítið horn fyrir hverju það hin fremstu
hornin þrjú urðu afbrotin. Og sjá þú,
það sama horn hafði augu líka sem
mannsaugu og munn þann eð talaði
mikla hluti.

9Svoddan sá eg þangað til að þar urðu
dómstólar settir og Hinn gamli settist
niður, hvers klæði var hvítt sem snjór
og hans höfuðhár so sem táhrein ull.
Hans dómstóll var sem eldslogi og hjól-
in þess hins sama loguðu sem eldur
10og af þess sama augliti gekk út einn
langur glóandi geisli. Þúshund sinnum
þúsund þjónuðu honum og tíu sinnum
hundrað þúshundir stóðu frammi fyrir
honum. Dómurinn varð haldinn og
bækur upploknar. **Opinberanir 5:11**

11Eg skyggnda að vegna þeirra stóru
orða sem það hornið talaði. Eg
skyggndist að allt þangað til að dýrið
varð í hel slegið og þess líkami fyrir-
fórst og honum varð í eld kastað 12og
magtin þeirra annarra dýranna varð
einnin útgjörð. Því að þeim var tími og
stund tileinkuð hversu lengi það sér-
hvert þeirra skyldi vara.

13Eg sá í þessari nætursýn og sjá þú,
að þar kom einn í skýjum himinsins
líka sem mannsins Son þangað til Hins
gamla og var hafður fyrir hans augsýn.
14Hann gaf honum magt, heiður og ríki
so það honum skyldu þjóna öll lönd,
þjóðir og tungumál. Hans vald er eilíft
hvert að ekki forgengur og hans ríki
hefur öngvan enda.

15Eg Daníel óttaðist af þessu og
svoddan sjónir þær skelfdu mig. 16Og
eg gekk til eins þeirra sem þar stóðu og
bað hann það hann segði mér sanna
skýring á öllu þessu. Og hann talaði við
mig og sagði mér í frá hvað það merkti:
17„Þessi fjögur hin miklu dýrin eru fjög-
ur kóngaríki sem upp munu koma á
jörðu. 18En heilagir hins Hæðsta Guðs
munu ríkið undir sig leggja og eignast
það um aldir og að eilífu.“

19Þar eftir á vildi eg gjarnan hafa vit-
að sanna vissu út af því fjórða dýrinu
hvert eð var allt öðruvís en öll þau hin
þrjú og ógurlegt, það er hafði járntenn-
ur og eirklær, það át í kringum sig og í
sundurmolaði og hitt hvað afgangs var
sté það í sundur með sínum fótum, 20og
af þeim tíu hornunum á þess höfði og
af því öðru sem þar vóx upp, fyrir
hverju það þrjú hornin af féllu, og af því
sama horninu sem augun hafði og þann
munninn sem mikla hluti talaði og það
meira var þeim sem hjá því voru. 21Og
eg sá það sama horn berjast í móti
heilögum og yfirvann þá 22þangað til sá
Hinn gamli kom og hélt dóm fyrir þá
heilögu Hins Hæðsta og sá tími kom
það hinir heilögu tóku ríkið undir sig.

23Hann sagði líka so: „Það fjórða dýr-
ið mun vera það fjórða ríkið á jörðu
hvert eð megtugra mun verða en hin
öll önnur ríkin. Það sama mun öll lönd
svelgja, undirtroða og sundurmerja.
24En þau tíu hornin merkja tíu kónga
sem út af því sama ríkinu munu upp-
koma. En eftir þá hina sömu mun einn
annar upp koma og sá mun megtugri
vera þeim hinum fyrrum og hann mun
þrjá konunga undirleggja. 25Hann mun
tala guðlastan á móti hinum Hæsta og
foreyða heilögum Hins hæðsta og mun
ásetja sér að umbreyta tímum og laga-
setningum. En þeir munu í hans hend-
ur oforseldir verða um einn tíma og
nokkra tíma og einn hálfan tíma.

26Þar eftir á mun dómurinn haldinn
verða. Þá mun hans magt í burt tekin

verða so það hann niður í grunn afmáður og forglataður verði. 27En ríkið, valdið og magtin undir öllum himni mun því heilögu fólki Hins hæðsta gefin verða, hvert ríki það eilíft er, og allt yfirvald mun honum þjóna og hlýða.“

28Þetta var endir ræðunnar. En eg Daníel hryggðist mjög í mínu hugskoti og mín yfirlit þau umskiptust. Þó geymdi eg þessi orð í mínu hjarta.

8 Á þriðja ári ríkis Baltasar konungs birtist mér Daníeli ein sjón eftir því sem mér birtist í fyrstu. 2En eg var þá eg svoddan sá til Súsan í þeirri höfuðborg í landinu Elam við vatnið Úlaí. 3Og eg leit mínum augum upp og sjá þú, að einn hrútur stóð fram við vatnið. Hann hafði tvö löng horn. Það annað var þó öðru lengra og það hið lengra vóx miklu seinna. 4Eg sá það hrúturinn stangaði með hornunum í mót vestrinu, mót norðrinu og í mót suðrinu. Og engin dýr kunnu honum í móti að standa né út af hans hendi að frelsast heldur hafðist hann að hvað hann vildi og varð mikill. 5Og sem eg hugleidda af þessu, sjá þú, þá kom einn kjarnhafur úr vestrinu, laust við alla jarðarkringluna so það hann snart ei jörðina. Og sá sami kjarnhafurinn hafði eitt frábært horn á millum sinna augna. 6Og hann kom allt að hrútnum sem tvö hornin hafði hvern eg sá fram við vatnið og hann hljóp í reiði sinni harðlega að honum. 7Og eg sá til hans þá eð hann kom alla leið að hrútnum og ólmaðist mjög viður hann og stangaði hrútinn og í sundurmolaði tvö hans horn. Og hrúturinn hafði öngvan kraft það hann gæti staðist fyrir honum heldur fleygði hann honum til jarðar og trað hann undir og enginn kunni þann hrútinn að frelsa af hans hendi. 8Og sá kjarnhafurinn varð næsta mikill. Og þá eð hann var sem sterkastur orðinn í sundurbrotnaði það mikla hornið og í staðinn þess uxu upp fjögur önnur horn í móti þeim fjórum vindum himinsins.

9Og út af einu því inu sama vóx upp eitt lítið horn. Það varð nærsta mikið mót suðrinu, móti austrinu og í móti því verðuga landi. 10Og það vóx allt upp til himneska hersins og niður sló þar nokkra út af og af þeim stjörnunum til jarðar og trað þá undir, 11já það sama óx allt til höfðingjans þess hersins og tók í burt frá honum það daglega offrið og foreyddi byggð hans helgidóms. 12En honum varð sú magt gefin í móti því daglega offrinu fyrir syndanna sakir að hann sannleikinn niður við veldi legði og hvað hann gjörði það lukkaðist honum.

13En eg heyrða einn heilagan segja og sá hinn sami heilagi mælti til eins þeirra sem þar talaði: „Hversu lengi skal þó soddan sýn af daglegu offrinu og af syndinni vera vegna hverrar það þessi foreyðing sker so það bæði helgidómurinn og herinn niðurtroðinn verði?“ 14Og hann svaraði mér: „Það eru tvö þúsund og þrjú hundruð dagar, frá kveldi til morguns að reikna, þá mun helgidómurinn vígður verða að nýju.“

15Og þá eg Daníel sá svoddan sýn og gjarnan vildi hana skilið hafa, sjá þú, þá stóð þar fyrir framan mig líka sem annar maður. 16Og eg heyrða eins manns raust á millum Úlaí. Sá kallaði: „Gabríel, útlegg þú þessum sýnina so að hann skilji hana.“ 17Og hann kom þar alla leið að mér. En eg varð óttasleginn þá eð hann kom og féll fram á mína ásjónu. En hann sagði til mín: „Lát þér skiljast, þú mannsins son, því að þessi sýn heyrir til þeim síðasta tíma.“

18Og þá eð hann talaði við mig leið eg niður í öngvit til jarðar fram á mína ásjónu. En hann tók til mín og reisti mig upp svo að eg stóð. 19Og hann sagði: „Sjá þú, eg vil kunngjöra þér hvernin það mun tilganga á tímum hinnar síðustu reiði. Því að endinn hefur tileinkaðan tíma. 20Sá hrúturinn með þeim tveimur hornunum sem þú hefur

séð það eru þeir konungar í Media og Persia. [21]En sá kjarnhafurinn er konungur í Grikklandi. Það hið mikla horn-
ið á millum hans augna er sá hinn fyrsti kóngur. [22]En þar eð fjögur uppuxu í
þess stað þá það var afbrotið, það merkir að fjögur kóngaríki munu upp-
koma af þeirri þjóð en þó eigi svo megtug sem hann var. [23]Eftir þessi kónga-
ríkin, nær eð illgjörðin er mikil orðin, þá mun uppkoma einn illgjarn og hrekkvís kóngur. [24]Sá mun megtugur vera, þó eigi út af sjálfs síns krafti. Hann mun með undarlegum hætti fore-
yða og það sama mun honum lukkast að hann fái því so til vegar komið. Hann mun hina öflugu og þá heilögu þjóð við velli leggja [25]og fyrir sína kænsku mun honum það svikræði tak-
ast. Og hann mun metnast í sínu hjarta og fyrir velgengni mun hann marga fordjarfa og mun setja sig upp í móti þeim höfðingjanum allra höfðingja. En hann mun án handa í sundurlaminn verða.

[26]Sú sýnin af kvöldinu og morninum sem þér er sögð hún er sönn en þú skalt bívara þá sýn heimuglegana það það er enn nú einn langur tími þangað til.“

[27]Og eg Daníel varð veikur og lá sjúk-
ur nokkra daga. Þar eftir á stóð eg upp og starfaði í konungsins erindum og mig furðaði þessi sýn og þar var sá enginn eð útlegði hana fyrir mér.

9 Á fyrsta ári Daríus sonar Assveri af slekti þeirra í Meden, hver eð kon-
ungur varð yfir ríkjum þeirra Chaldeis, [2]á því sama fyrsta árinu hans ríkis-
stjórnar hugða eg Daníel að í bókunum að þeirri áratölu sem DROTTINN hafði talað til prophetans Jeremía það Jer-
úsalem skyldi sjötígi ár í eyði liggja. **Jeremias 25:12, 29:10**

[3]Og eg sneri mér til DROTTINS míns Guðs að biðja hann og grátbæna meður föstum í sekk og ösku. [4]En eg bað so til DROTTINS míns Guðs, viðurkenndi og sagði: „Ó Guð Drottinn minn, þú hinn mikli og hræðilegi Guð, haldandi sátt-
málann og miskunnsemi viður þá sem þig elska og þín boðorð varðveita. [5]Vér höfum syndgast og gjört illa, vér höfum verið óguðlegir og fallið frá þér og höf-
um brotið af þínum boðorðum og rétt-
lætisdómum. [6]Vér hlýddum ekki þínum þénurum spámönnunum þeir eð í þínu nafni prédikuðu vorum konungum, höfðingjum, forfeðrum og öllu fólki í landinu. [7]Þú, DROTTINN, ert réttlátur en vér megum skammast vor so sem að nú gengur það þeim í Jerúsalem og öllum Ísrael, bæði þeim sem nærri og fjarri eru í öllum löndum, þangað eð þú hefur í burt rekið þá fyrir þeirra misgjörninga sakir sem þeir höfðu á móti þér brotið. [8]Já Drottinn, vér sjálfir, vorir konungar og höfðingjar og vorir forfeður hljótum nú að skammast vor fyrir það vér höf-
um á móti þér brotið. [9]En þín, DROTTINN vor Guð, er miskunnsemin og fyrir-
gefningin. Því að vér fráféllum [10]og eft-
irfylgdum ekki raust DROTTINS Guðs vors so það vér gengum í hans lögmáli hvert eð hann lagði fyrir oss fyrir sína þénara spámennina.

[11]Heldur allt Ísraelsfólk braut af þínu lögmáli og hneigðist þar í frá so að það eftirfylgdi ekki þinni raust. Þar fyrir kemur einnin yfir oss sú bölvan og fyr-
irmæling sem skrifuð er í lögmálsbók Moysi Guðs þjónustumanns að vér höf-
um syndgast á móti honum. [12]Og þau sín orð hefur hann haldið sem hann hefur talað í móti oss og vorum lands-
dómurum þeir eð oss áttu að dæma, það hann hefur so mikla ógæfur yfir oss koma látið það hennar líki er ekki skeður undir öllum himni so sem það skeð er yfir Jerúsalem.

[13]Eins líka so sem að það skrifað stendur í Moyses lögmáli líka so er öll þessi hin mikla ógæfa yfir oss komin. So tilbáðum vér og ekki einnin DROTTINN vorn Guð svo það vér

snerunst í frá vorum syndum og skildum þinn sannleika. [14]Þar fyrir hefur DROTTINN einnin vakandi verið meður þessa ógæfu og látið hana yfir oss ganga. Því að DROTTINN vor Guð er réttlátur í öllum sínum verkum þeim eð hann gjörir af því vér eftirfylgdum ekki hans raust.

[15]Og nú Drottinn Guð vor, þú sem útleiddir þitt fólk af Egyptalandi með öflugri hendi og gjörðir þér eitt nafn eftir því sem að nú er það: Vér höfum syndgast og mjög illa gjört. [16]Ah DROTTINN, vegna alls þíns réttlætis, lát nú af þinni reiði og grimmd yfir þinni borg Jerúsalem og þínu hinu heilögu fjalli. Því að vegna vorra synda og fyrir misgjörninga sakir feðra vorra líður Jerúsalem og þitt fólk smán hjá öllum þeim sem hér í kringum eru.

[17]Og nú Guð vor, heyr þú bæn þíns þénara og hans ákallan og álíttu mildilegana þinn helgidóm sem foreyddur er fyrir sakir DROTTINS. [18]Hneig þú þín eyru, minn Guð, og heyr þú. Upplúk þínum augum og sjá þú hversu það vér erum í eyði lagðir og sú borgin sem eftir þínu nafni er kölluð. Því að vér liggjum fyrir þinni augsýn með voru bænaákalli, ekki fyrir sakir vorra réttlætingar heldur vegna þinnar mikillar miskunnsemi. [19]DROTTINN, heyr þú, DROTTINN, vertu miskunnsamur, DROTTINN, hygg nú að og gjör það og drag það ekki lengur undan, þíns sjálfs vegna, minn Guð, því að þín borg og þitt fólk er nefnt eftir þínu nafni.“

[20]En þá eg nú so talaði og baðst þannin fyrir og viðurkenndi mínar syndir og míns fólks Ísraels og lá á bæn minni fyrir augliti DROTTINS Guðs míns vegna þess hins heilaga fjallsins míns Guðs, [21]á þeirri sömu stundu þá eð eg so talaði í minni bæn þá flaug sá maður Gabríel þangað hvern að eg hafða áður í sýn séð. Og hann áhrærði mig um tíma kveldoffursins. [22]Og hann undirvísaði mér og talaði við mig og sagði: „Daníel, nú em eg kominn til að undirvísa þér. [23]Því að þann tíð þú tókst til að biðja þá útgekk þetta boð og eg kom þar fyrir hingað að eg kunngjöri þér það sama. Því að þú ert kært og mikils metinn. Því hygg nú að so að þú skiljir sjónina.

[24]Sjötígu vikur eru ályktaðar yfir þitt fólk og yfir þína heilögu borg. Þá mun yfirtroðslunni hamlað og syndin fá enda og misgjörningurinn forlíkast og það hið eilífa réttlætið koma og sjónirnar og spádómarnir munu uppfyllast og sá hinn Allraheilagasti mun þá smurður verða. [25]So merk nú og hygg þar að: Í frá þeim tíma nær eð það boð útgengur að Jerúsalem skuli upp aftur byggð verða allt til höfðingjans Christum þá eru sjö vikur og tvær og sextíu vikur. Og strætin og múrveggirnir munu upp aftur byggðir verða, þó á hryggilegum tíma. [26]Og að liðnum þeim tveimur og sextíu víkum þá mun Kristur upprættur verða og vera ekki meir. Og fólkið þess höfðingjans mun koma og borgina og þann helgidóminn í eyði leggja so að það mun þá einn enda taka svo sem fyrir annað vatsflóð og allt til enda þess bardaga skal það í eyði blífa. [27]En mörgum mun hann staðfesta sáttmálann um eina viku og mitt í þeirri vikunni mun fórnfæringin og mataroffrið afleggjast. Og í hjá þeim vængjunum mun standa svívirðing foreyðslunnar og það er so ályktað að það skuli síðan í eyði blífa allt til enda.“ **Mattheus 24:15, Marcus 13:14**

10 Á þriðja ári konungsins Cyrus úr Persia varð Daníeli (þeim eð kallaðist Baltasar) nokkuð það opinberað sem sannarlegt er og af mikilsháttar efnum. Og hann hugsaði eftir því og merkti þá sýn fullvel.

[2]Í þann sama tíma var eg Daníel syrgjandi í þrjár vikur [3]og neytti öngrar lystilegrar fæðslu. Kjöt og vín kom ekki í minn munn og ekki smurða eg mig

með dýrlegum smyrslum þangað til eð
þær þrjár vikurnar voru umliðnar. [4]Á
þeim fjórða og tuttugasta degi hins
fyrsta mánaðar var eg í hjá því mikla
vatninu Hídekel. [5]Og eg hóf mín augu
upp og sá og sjá þú, að þar stóð einn
maður í hvítu silki. Sá hafði um sig gull-
linda, [6]hans líkami var líka sem einn
túrkissteinn, hans andlit so sem elding,
hans augu so sem loganda ljós. Hans
armleggir og fætur sem skær messing
og hans málrómur var líka sem einn
mikill niður. [7]Eg Daníel sá svoddan sýn
alleina og þeir menn sem hjá mér voru
sáu hana ekki. Þó féll þar ein mikil
hræðsla yfir þá so að þeir flýðu og földu
sig. [8]Og eg var einn saman eftir og sá
þessa inu miklu sýn. En þar varð ekkert
afl í mér og eg varð með öllu máttlaus
og eg hafða öngvan mannskap meira.
[9]Og eg heyrða hans ræðu og í því að eg
heyrða hana leið eg niður á mína
ásjónu til jarðar.

[10]Og sjá þú, ein hönd áhrærði mig og
reisti mig upp á knén og hendurnar
[11]og sagði til mín: „Þú ástsamlegi Dan-
íel, merk þau orð sem eg tala við þig og
statt uppréttur það eg em nú sendur til
þín.“ Og þá eð hann talaði svoddan við-
ur mig stóð eg upp og var skjálfandi.
[12]Og hann sagði til mín: „Hræðst þú
ekki, Daníel, því að í frá þeim fyrsta
degi þá eð þú ástundaðir af hjarta að fá
skilning og þá þú þjáðir þig fyrir þínum
Guði þá eru þín orð alheyrð og eg em
þinna vegna hingað kominn. [13]En höfð-
inginn ríkisins í Persialandi hefur stað-
ið mér í móti einn dag og tuttugu og sjá
þú, að Míkael, einn af þeim æðstu höfð-
ingjum, kom mér til hjálpar. Þá vann eg
sigurinn hjá kónginum í Persia. [14]En nú
kem eg að undirvísa þér hvernin þínu
fólki mun veita hér eftir því að þessi
sýn mun ske eftir nokkra tíma liðna.“

[15]Og sem hann talaði soddan við mig
laut eg niður til jarðar og þagði. [16]Og sjá
þú, að einn líka sem maður áhrærði
mínar varir. Þá lauk eg mínum munni
upp og talaði og sagði til þess sem fyrir
mér stóð: „Minn herra, mínir limir þeir
skjálfa allir af þessari sýn og eg hefi
öngvan mannskap meira. [17]Og hvernin
kann þjón míns herra að tala við minn
herra með því að þar er ekkert afl
meira í mér? Og eg get varla anda dreg-
ið.“

[18]Þá áhrærði mig einnin aftur líka
sem einn maður að yfirliti og styrkti
mig [19]og sagði: „Óttast ekki, þú elsku-
maður. Friður sé með þér og vert
hraustur og hugdjarfur.“ Og sem hann
talaði so við mig hreysta eg mig og
sagði: „Minn herra, tala þú því þú hefur
mig styrkvan gjört.“ [20]Og hann sagði:
„Veistu nokkuð hvar fyrir að eg em
kominn til þín? Nú vil eg í burt aftur
héðan og berjast viður höfðingjann í
Persialandi. En nær að eg fer í burt, sjá
þú, þá mun koma höfðinginn úr Grikk-
landi. [21]Þó vil eg og kunngjöra þér hvað
þar stendur skrifað það vissulegana
mun ske. Og þar er enginn sem mér
hjálpar móti hinum utan höfðinginn
Míkael.

11 Því að eg veitta honum einnin
lið á því fyrsta ári Daríus í
Meden svo það eg hjálpaði honum og
styrkti hann.

[2]Og nú vil eg kunngjöra þér hvað ske
skal vissilega. Sjá þú, þrír konungar
munu enn nú í Persialandi standa en sá
hinn fjórði mun meira ríkdóm hafa en
allir þeir aðrir og nær að hann er í sínu
ríkidæmi sem megtugastur mun hann
alla uppvekja á móti því kóngsríkinu í
Grikklandi. [3]Þar eftir á mun upprísa
einn megtugur konungur og yfir-
drottna með miklu veldi og hverju helst
að hann vill því mun hann til vegar
koma. [4]Og nær að hann er sem hæðst
uppkominn þá mun hans ríki í sundu-
bresta og sér í þá fjóra vinda himinsins
í sundurskipta, eigi þó upp á hans eftir-
komendur, ei heldur einnin meður
soddan magtarveldi sem það hans hef-

ur verið því hans ríki mun foreyðast og annarlegum að hlutskipti verða.

[5]Og sá konungurinn móti suðrinu sem að er einn út af hans hershöfðingjum mun megtugur verða en í móti honum mun einn annar megtugur vera og yfirdrottna, hvers veldisstjórnan mun mikil vera. [6]En eftir nokkur ár liðin munu þeir vináttu gjöra sín á millum. Og dóttir þess konungsins móti suðrinu mun koma til hins konungsins mót norðrinu vinskap að gjöra. En hún mun ekki blífa við magt þess armleggsins, þar að auk einnin mun hennar sæði ekki viðstanda heldur mun hún ofurseljast ásamt þeim sem hana hafa þangað haft og meður barninu og þeim sem hana hafði um stundarsakir megtuga gjört.

[7]En kvistuirnn einn af hennar rótum mun upp rísa. Sá mun koma með ógrynni her og innfalla í veldið þess konungsins móti norðrinu og það sama undir sig leggja og sigurinn vinna. [8]Hann mun einnin þeirra skúrgoð og líkneskjur meður kostulegum dýrgripum bæði af gulli og silfri burt flytja í Egyptaland og um nokkur ár viðstaðið geta þeim konunginum móti norðrinu [9]og nær eð hann hefur í gegnum farið ríki þess hins sama þá mun hann inndraga aftur í sitt eigið land.

[10]En hans synir munu reiðir verða og miklu herliði til samans safna og einn þeirra mun koma og líka sem vatsflóð þar framdynja og hinn þar aftur í mót fyrir sínum borgum til reiði reita. [11]Þá mun konungurinn móti suðrinu skapillskast og útdraga og berjast viður þann konunginn móti norðrinu og mun slíkan fólksfjölda til samans draga so það hinn flokkurinn mun honum í hendur seljast [12]og þann sama flokkinn mun hann að herfangi í burt flytja. Og sakir þess mun hans hjarta forhefja sig að hann hefur so margar þúshundir við velli lagt. En þar með mun hann ekki magt yfir honum fá. [13]Því að konungurinn móti norðrinu mun enn aftur mikinn fólksfjölda til samans draga, miklu meira þeim hinum fyrra.

[14]Og eftir nokkur ár liðin þá mun hann frambruna með ógrynni hers og með miklum ríkdómi. Og á þeim tíma munu margir setja sig í gegn þeim konunginum móti suðrinu. So munu einnin nokkrir rangsnúnir út af þínu fólki taka sig upp spásöguna að fylla og þeir hinir sömu munu falla. [15]Þá mun konungurinn móti norðrinu útdraga og hervirki að gjöra og sterkar borgir vinna og þeir armleggir hins syðra fá því ekki varið og hans hið besta fólk mun eigi kunna því í móti að standa [16]heldur mun hann þá eð hann kemur honum nær það gjöra sem honum líkar og enginn mun honum í móti staðið geta. Hann mun og einnin innkoma í það verðuga landið og mun það fullgjöra með sinni hendi [17]og mun sinni augsýn þangað venda það hann komi meður magt alls síns ríkis. En hann mun forlíkast viður hann og mun gefa honum sína dóttur til eignarkvinnu að hann fordjarfi hann so en það mun honum ekki lukkast og þar mun eigi af verða. [18]Þar eftir á mun hann snúa sinni augsýn til eyjanna og yfirvinna margar af þeim. En einn höfðingi mun þvinga hann so að hann hlýtur með ósæmd þar frá að hverfa upp á það að honum veitist ekki meiri vanvirða. [19]Síðan mun hann sinni augsýn snúa aftur til síns lands og mun reka sig þar á og niðurfalla so það hann mun hvergi fundinn verða.

[20]Og í staðinn hans mun einn annar upp koma. Sá mun í konunglegri tign sitja sem eitt illmenni. En eftir fáeina daga mun hann í burtskafast, þó hvorki fyrir reiði né bardaga. [21]Í hans stað mun upp koma einn fyrirlitinn maður hverju það sú konungleg tign var ekki fyrirhuguð. Sá mun koma og það mun lukkast honum og það sama kóngsríkið meður mjúkmælum undir sig leggja.

[22]Og hinir armleggirnir (þeir eð þangað runnu sem vatn) munu af honum líka sem öðrum árfossi yfirbugaðir og niðurbeygðir verða, þar með einnin sá höfðinginn viður hvern það sáttmálinn var gjörður. [23]Því að eftir það hann hefur vináttu gjört viður hann þá mun hann sviksamlega breyta við hann og mun draga hér upp og hann með fáu einu fólki yfirbuga. [24]Og það sama mun honum lukkast so það hann mun inn draga í þær bestu borgir landsins og mun því so til vegar koma sem hverki hans feður né foreldrar fengu gjört meður ránum, gripdeildum og herfangi. Og hann mun stunda eftir þeim sterkustu borgum og það sama um nokkra stund. [25]Og hann mun sína magt og sitt hjarta uppvekja í gegn þeim konunginum mót suðrinu með miklum hersfjölda. Þá mun sá konungurinn móti suðrinu upphvattur verða til bardaga með miklu og megtugu herliði. En hann mun ekki viðstaðið geta því að svikræði munu við hann gjörð. [26]Og þeir hinir sömu sem hans brauðbítar eru þeir munu styrkjast til að fyrirkoma honum og hans herliði niður að þrykkja so það nærsta margir munu í hel slegnir verða. [27]Og þeirra beggja konunganna hjörtu munu þenkja hvernin helst þeir geti hvor öðrum fyrirkomið og munu þó við eitt borð með undirhyggju hvor við annan tala. En það mun þeim ekki vinnast því að endinn er upp á einn annan tíma ályktaður. [28]Eftir það mun hann snúa heim aftur í sitt land með miklu góssi og sínu hjarta venda í móti þeim heilögum sáttmála. Þar mun hann nokkru af stað koma og svo síðan heim fara í sitt land.

[29]Eftir það mun hann í hæfilegan tíma draga enn inn aftur í móti suðrinu en honum mun það í annað sinn ekki so lukkast so sem í fyrra sinni. [30]Því að skipin út af Kitím munu í móti honum koma og sig þar um skoða og þá hina sömu til sín laða sem yfirgefa þann heilagan sáttmála. [31]Og hans armleggir munu þar standa. Þeir munu og saurga helgidóminn í borginni og það daglega offrið af taka og eina svívirðing foreyðslunnar uppsetja. [32]Og hann mun með smjaðurhræsni fara og viður þá óguðlegu sem sáttmálann yfirgefa mun hann fagurmæli hafa. En það fólk sem sinn Guð viðurkennir mun upphvetja sig og framkvæma það. [33]Og þeir hinir skynsömu á meðal fólksins munu mörgum öðrum kenna. Fyrir það munu þeir falla fyrir ófriðarsverði, eldi, herleiðingum, gripdeildum um nokkra stund. [34]En í þeirri hinni sömu ofsókn mun þeim þó samt ein lítil hjálp veitt verða. En margir munu með flæræði gefa sig til þeirra. [35]Og þeir hinir skynsömu munu nokkrir falla upp á það þeir reyndir, hreinir og klárir verði þangað til að það hefur einn enda. Því að þar er enn nú einn annar tími fyrir höndum.

[36]Og sá kóngurinn mun gjöra hvað honum sýnist og hann mun taka sig upp og forhefja sig á móti því öllu sem Guð er og í móti þeim Guði allra guðanna mun hann hræðilegana tala. Og það hið sama mun honum takast þangað til að sú reiðin er úti. Því að það er úrskurðað hversu lengi ið það skuli vara. [37]Og um Guð feðra sinna mun hann ei skeyta. Hann mun hverki um kvennaást né um nokkurn Guð hirða því að hann mun taka sig upp í móti öllum. [38]En í staðinn þess mun hann sinn sjálfs eigin guð Mausim heiðra. Því að hann mun þann guð sem hans feður hafa ekki af vitað heiðra með gulli og silfri, gimsteinum og dýrindisgripum. [39]Og hann mun þeim (sem honum hjálpa til Mausim að efla meður þeim annarlegum guði ið hann hefur sér útvalið) miklar sæmdir veita og þá að höfðingjum gjöra yfir miklu góssi og landinu að verðlaunum meður þeim útskipta.

40Og að lyktunum mun konungurinn
mót suðrinu berjast viður hann. Og sá
konungurinn móti norðrinu mun útbúa
sig móti honum meður vögnum,
riddörum og skipafjölda og mun inn-
falla í þau löndin að fordjarfa þau og yf-
irfara. 41Og hann mun inndraga í það
verðuga landið og margir munu þar
falla. En þessir munu hans hönd um-
flýja: Edóm, Móab og þeir frumburðir
af sonum Ammón. 42Og hann mun sína
magt útsenda í löndin og Egyptaland
mun ekki undan honum að komast
43heldur mun hann fyrir sína yfirferð
drottna yfir gulli og silfri og yfir öllum
fjársjóðum Egyptalands, Lybie og Blá-
lands. 44En eitt heróp mun skelfa hann
úr austri og norðri og hann mun með
mikilli grimmd útfara verandi þess
sinnis marga að drepa og fordjarfa.
45Hann mun landtjaldi sinnar hallar
uppslá á millum tveggja sjávarhafa í
kringum það verðuga heilaga fjallið
þangað til að það er útendað um hann
og enginn um honum til fulltingis
koma.

12 Á þeim tíma mun sá hinn mikli
höfðingi Míkael sem fyrir þínu
fólki stendur taka sig upp. Því að það
mun slík hörmungartíð vera sem ei
nokkurn tíma hefur verið í frá því það
menn tóku að vera allt til þess tíma. Og
á þeim sama tíma mun þitt fólk frelsað
verða, allir þeir sem skrifaðir standa í
bókinni. 2Og margir af þeim sem í
moldu jarðarinnar eru og sofa munu
uppvakna, sumir til eilífs lífs, sumir til
eilífrar smánar og skammar.
Mattheus 25:26, Johannis 5:29 3En
þeir sem gott hafa kennt munu skína
sem himinsins geislar og hinir sem
mörgum vísa til réttlætisins líka sem
stjörnur um aldir og að eilífu.
Mattheus 13:43 4Og þú, Daníel, byrg
þú þessi orð og innsigla þessa skrift allt
til þess hins síðasta tíma. Þá munu
margir þar upp á hitta og mikinn vís-
dóm finna.“

5Og eg Daníel sá og sjá þú, að þar
stóðu tveir aðrir, einn þessumegin
vatsins, hinn annar hinumegin. 6Og
hann sagði til þess sem í líninu var
klæddur hver uppi við vatnið stóð:
„Hvenær mun endi vera á þessum stór-
merkjum?“ 7Og eg heyrða til þess sem í
líninu var klæddur, sá uppi við vatnið
stóð. Og hann hóf upp sína hægri og
vinstri hönd upp til himins og svór við
þann sem eilíflegana lifir að það skuli
vara um einn tíma og nokkra tíma og
hálfan tíma. Og nær ed sundurdreifing
þess heilaga fólksins hefur enda þá skal
þetta ske.

8Og eg heyrða það en eg skilda það
ekki og sagði: „Minn herra, hvað mun
þar eftir á verða?“ 9En hann sagði:
„Gakk þú héðan, Daníel, því að það er
byrgt og innsiglað allt til hins síðasta
tíma. 10Margir munu hreinsaðir, klárað-
ir og reyndir verða og hinir óguðlegu
munu illskusamlegana breyta og hinir
ómildu munu ekki um það skeyta. En
hinir skynsömu munu þess gæta. 11Og í
frá þeim tíma nær það daglega offrið
aftekst og svívirðing foreyðslunnar þar
í staðinn verður innsett eru þúshund
tvö hundruð og níutíir dagar. 12Sæll er
sá sem eftir bíður og náð getur þús-
hund þrjú hundruð fimm og þrjátíu
dögum. 13En þú, Daníel, far héðan
þangað til endirinn kemur og hvíl þig
það þú uppstandir til þíns hlutskiptis á
endanum þeirra daga.“

Ending prophetans Danielis

PROPHETINN HÓSEAS

1 Þetta er það DROTTINS orð sem
skeði til Hoseam Bekerísonar á
dögum Úsía, Jótam, Akas og Ezechia
konunganna Júda og á þeim tíma sem
Jeróbóam Jóasson var kóngur yfir Ísr-
ael. [2]Og þá DROTTINN upphóf að tala við
Hoseam sagði hann so til hans: „Far þú
og tak þér eina hórkonu og hórubörn
það landið hleypur frá DROTTNI eftir
hóruskap.“ [3]Og hann gekk burt og tók
Gómer Diblaímsdóttir hver þegar varð
þunguð og hún fæddi einn son. [4]Og
DROTTINN sagði til hans: „Kalla þú hann
Jesreel því það er enn nú um einn lítinn
tíma að gjöra þá vil eg vitja blóð-
skuldarinnar í Jesreel yfir Jehú hús og
eg vil gjöra einn enda á því kóngsríki
Ísraels húsi. [5]Og á þeim tíma vil eg í
sundurbrjóta Ísraels boga í Jesreels-
dal.“

[6]Og hún varð þunguð í annað sinn og
fæddi eina dóttur. Og hann sagði til
hans: „Láttu hana nefnast Lóríhamó því
að eg vil ekki framar miskunn gjöra
Ísraels húsi heldur vil eg í burt kasta
því. [7]En þó vil eg miskunna Júda og eg
vil hjálpa þeim fyrir sakir DROTTINS
þeirra Guðs. En eg vil ekki hjálpa þeim,
hvorki fyrir boga, sverð, stríð, hesta né
riddara.“

[8]Og þá hún hafði afvanið Lóríkama þá
varð hún enn þunguð og ól einn son.
[9]Og hann sagði: „Nefndu hann Lóammí
því að þér eruð ekki mitt fólk, so vil eg
og ekki vera yðar Guð.“ [10]Og talan
Ísraelsbarna skal vera sem sjávarsand-
ur hvern menn kunna hverki að mæla
né telja. Og þá skal ske í þeim stað þar
sagt var til þeirra: „Þér eruð ekki mitt
fólk“ þá skulu menn segja þar til þeirra:
„Ó þér lifanda Guðs börn!“ [11]Því að
Júdabörn og Israelisbörn skulu koma
til samans og halda sér allir saman til
eins höfuðs og draga í burt af landinu.
Því að Jesreel dagur skal vera einn stór
og mikill dagur.

2 Segið yðar bræðrum: „Þér eruð
mitt fólk“ og til yðar systur: „Hún
er í náðinni.“

[2]Segið dóm yfir yðar móður. Hún er
ekki mín kvinna og eg vil ekki hafa
hana. Skipið henni að láta sinn hóru-
skap frá sér og hennar hórdóm frá
hennar brjósti [3]so að eg dragi hana ekki
nakta út og setji hana þangað aftur sem
hún var þá hún var fædd og so að eg
gjöri hana ekki sem eina eyðimörk og
sem eitt þurrt land og láti hana ekki
deyja af þorsta [4]og sjá ekki aumur á
hennar börnum. Því þau eru hórubörn
[5]og þeirra móðir er ein hóra og sú sem
fæddi þau heldur sig skammarlegana
og segir: „Eg vil hlaupa eftir mínum
fylgjumanni sem gefur mér brauð,
vatn, ull, lín, viðsmjör og drykk.“

[6]Þar fyrir sjá þú, eg vil afturbyrgja
þinn veg með þyrnum og hlaða einn
vegg þar fyrir so hún finni ekki sína
stigu. [7]Og þá hún hleypur eftir sínum
fylgjumönnum þá skal hún ekki ná
þeim og þá hún leitar eftir þeim ekki
finna þá. Þá skal hún segja: „Eg vil snúa
aftur til míns fyrsta manns, þar átti eg
betra en nú á eg.“ [8]Því hún vill ei vita að
eg er þann sem gefur henni korn, vín
og viðsmjör og að eg hefi gefið henni
mikið silfur og gull það hún hefur haft
Baal til dýrðar. [9]Þar fyrir vil eg taka
mitt korn og vín aftur á sinn tíma og
innihalda minni ullu og líni með hverju
hún huldi sína blygðan. [10]En nú vil eg
uppfletta hennar skömm fyrir augum
hennar fylgjumanna og enginn skal
frelsa hana frá minni hendi. [11]Og eg vil
gjöra einn enda á allri hennar gleði, há-
tíðum, tunglkomum, þvottdögum og
öllum hennar helgidögum. [12]Eg vil eyði-
leggja hennar vínþrúgur og fíkjutré
fyrst hún segir: „Það eru mín laun sem
mínir fylgjumenn gefa mér.“ Eg vil
gjöra einn skóg þar út af so að villudýr-
in skuli upp eta hann. [13]So vil eg vitja

yfir hana þeirra Baalsdaga hverjum hún gjörir reykelsisoffur og prýðir sig með nistum og gullspöngum og hálsböndum og hleyptur eftir sínum fylgjumönnum en gleymir mér, segir DROTTINN.

[14]Þar fyrir sjá þú, eg vil lokka hana og eg vil láta hana í eina eyðimörk og tala vinsamlega til hennar. [15]Þar vil eg gefa henni af þeim sama stað hennar víngarð og Akórsdal til að uppláta vonina. Og þar skal hún syngja sem á sínum æskutíma þá hún dró af Egyptalandi.

[16]Þá, segir DROTTINN, skaltu kalla mig „Minn maður“ og þú skalt ekki meir kalla mig „Minn Baal“. [17]Því eg vil burt taka Baals nafn af þeirra munni so menn skulu ekki meir minnast á það nafn. [18]Og á þann tíma vil eg gjöra einn sáttmála við dýrin á mörkinni, við fuglana undir himninum og við skriðkvikindin á jörðunni og eg vil í sundurbrjóta í landinu boga, sverð og stríð og eg vil láta þá búa tryggilega. [19]Eg vil gefa þér mína trú að eilífu. Eg vil trúlofa þig mér í réttlæti og dómi, í náð og miskunnsemi, [20]já eg vil trúlofa þig mér í trúnni. Og þú skalt þekkja DROTTIN.

[21]Eg vil bænheyra á þeirri sömu tíð, segir DROTTINN, eg vil bænheyra himininn og himininn skal bænheyra jörðina. [22]Og jörðin skal bænheyra kornið, vínið og viðsmjörið og þau skulu bænheyra Jesreel. [23]Og eg vil halda hana mér til eins sæðis á jörðunni og miskunna mig yfir þá sem í óvináttunni var og segja til þeirra sem ei var mitt fólk: „Þú ert mitt fólk“. Og þeir skulu segja: „Þú ert minn Guð.“

3 Og DROTTINN sagði til mín: „Gakktu enn einu sinni í burt og ligg hjá þinni frillu og hórkonu líka sem DROTTINN liggur hjá Ísraelsbörnum. En þeir snúa sér þó til annarlegra guða og láta lokka sig fyrir eina könnu víns.“ [2]Og eg varð ásáttur við hana um fimmtán silfurpeninga og fyrir hálfan annar hómer byggs. [3]Og eg sagða til hennar: „Haltu við mig nokkra stund og drýg öngvan hórdóm og lát öngvan annan til þín því eg vil og halda við þig.“ [4]Því að Ísraelsbörn skulu langan tíma vera án kóngs, án höfðingja, án offurs, án altaris, án lífkyrtils og án helgidóms. [5]En eftir það skulu Ísraelsbörn umvenda sér og leita að DROTTNI þeirra Guði og að Davíð þeirra kóngi og þeir skulu dýrka DROTTIN og lofa hans náð í síðustu tíð.

4 Heyrið DROTTINS orð, þér Ísraelsbörn, því að DROTTINN hefur yrkisefni til að ávíta landsins innbyggjara. Því að þar er engin trú, enginn kærleiki, ekkert Guðs orð í landinu heldur guðlastan.

[2]Lygar, morð, þjófnaður og hórdómur hafa yfirmagt fengið og ein blóðskuld kemur eftir aðra. [3]Því skal landið standa aumlega og þess innbyggjurum skal öllum illa vegna því dýrin á mörkinni og fuglarnir í loftinu og fiskarnir í hafinu skulu burt teknir verða. [4]Þó þora menn hverki að ávíta né nokkurn að straffa. Því að þitt fólk er svo sem þeir eð straffa prestana. [5]Því skaltu falla á deginum og spámaðurinn skal falla á nóttinni hjá þér. Svo vil eg dæma þína móður héðan. [6]Mitt fólk er í burt sökum þess það vill ekki læra. Og fyrst þú burt kastaðir Guðs orði þar fyrir vil eg og burt kasta þér að þú skalt ekki vera minn prestur. Þú forgleymir Guðs þíns lögmáli, þar fyrir vil eg og forgleyma þínum börnum.

[7]Þess fleiri þau verða þess meir syndgast þau í móti mér. Þar fyrir vil eg og gjöra þeirra æru til skammar. [8]Þau upp eta syndoffur míns fólks og hafa girnd til þeirra synda. [9]Þar fyrir skal það ganga fólkinu líka sem prestunum því eg vil heimvitja þeirra gjörninga og launa þeim sem þeir forþéna. [10]Þeir skulu eta og ekki verða mettir, þeir fremja hórdóma og það skal ekki lukk-

ast þeim því þeir forlétu DROTTIN og sinntu honum ekki.
[11]Hórdómar, vín og drykkur gjörir menn galna. [12]Mitt fólk gengur til spurninga við sitt tré og þess stafur skal prédika fyrir því. Því að hórunarandi villir þá að þeir fremja hór í móti sínum Guði. [13]Þeir fórnfæra upp á fjöllunum og gjöra reykelsi á hæðunum undir eikinni, lindinni og beykitrénu það þau hafa fínan skugga. Þar fyrir skulu og so yðar dætur vera hórur og yðrar brúðir hórkonur. [14]Og eg vil ekki afstýra því á yðar dætur og brúðir eru skammaðar og að hórum orðnar fyrst þér uppsetjið aðra guðsþjónkan með hórum og offur með skækjum. Því þetta heimska fólk vill vera slegið.
[15]En viltu, Ísrael, hórdóm drýgja þá syndga ekki þú Júda. Gangið ei burt til Gilgal og komið ekki upp til Bet Aven og sverjið ekki „Svo sannarlega sem DROTTINN lifir“. [16]Því Ísrael hleypur sem galin kýr, so skal og DROTTINN láta hana fóðrast sem eitt lamb það villt hleypur.
[17]Því Efraím hefur gefið sig til afguðanna, so lát hann fara í burt. [18]Þeir hafa gefið sig til ofneyslu og hóruskapar og þeirra herrar hafa þar lyst til að þeir uppreisa skammir. [19]Vindurinn skal í burt dreifa þeim bundnum með sínum vængjum og þeir skulu verða til skammar með þeirra offri.

5 So heyrið nú, þér prestarnir, og þú Ísraels hús, gef gætur að, og þú konungsins hús, lát þetta falla þér til eyrna. Því þar skal koma ein hefnd yfir yður, þér sem eruð orðnir ein snara í Mispa og eitt útþanið net í Tabór. [2]Þeir drekkja sér með sínu sláturstarfi og sínum hlaupum, þar fyrir hlýt eg að straffa þá alla saman. [3]Eg þekki vel Efraím og Ísrael dylst ekki fyrir mér að Efraím er nú ein hóra og Ísrael er saurguð. [4]Þeir þenkja ei þar upp á að snúa sér til þeirra Guðs því þeir hafa einn hóruanda í sínum hjörtum og læra ekki út af DROTTNI. [5]Þar fyrir skal Ísrael drambsemi niðurþrykkjast fyrir hennar augsýn og bæði Ísrael og Efraím skulu falla sökum þeirra misgjörninga, Júda skal og falla með þeim. [6]Þá skulu þeir koma með sauði og uxa og leita DROTTINS og finna hann ei því að hann hefur snúið sér frá þeim. [7]Þeir forsmá DROTTIN og geta annarleg börn. Þar fyrir skulu og þeirra nýju mánuðir eta þá og þeirra arfdeild.
[8]Já blásið í lúðra, þér í Gíbea, já látið gjalla herlúðrana í Raama, já kalli þér í Bet Aven, á bak þér, Benjamín. [9]Því Efraím skal verða í eyði á þeim tíma þá eg straffa hann. Þar fyrir hefi eg trúlega viðvarað Ísraels ættkvíslir. [10]Höfðingjarnir í Júda eru líka sem þeir eð flytja landamerki. Því vil eg úthella minni reiði yfir þá sem öðru vatni. [11]Efraím þolir yfirgang og er plágaður og það er rétt það hann hefur gefið sig til boðorða mannanna. [12]Eg er Efraím einn mölur og motti og Júda húsi einn maðkur.
[13]Og þá Efraím fann sinn sjúkdóm og Júda sín sár þá dró Efraím í burt í Assyria og sendi boð til kóngsins í Jareb en hann kunni ekki að hjálpa yður, eigi heldur að lækna yðar sár. [14]Því að eg er Efraím sem eitt león og Júda húsi sem leóns hvölpur. Eg, eg sundurríf þá og geng frá þeim, eg rek þá burt og enginn kann að hjálpa þeim. [15]Eg vil fara til mín staðar aftur þar til að þeir þekkja sín brot og leita að mínu augliti og þeim gengur illa þá skulu þeir árla vitja mín.

6 Og segja: „Komið, vér viljum aftur til DROTTINS því hann hefur í sundurslitið oss, hann skal og lækna oss aftur. Hann hefur slegið oss, hann skal og græða oss. [2]Hann skal gjöra oss lifandi eftir tvo daga, hann skal uppreisa oss á þann þriðja dag so vér skulum lifa fyrir honum. [3]Þá skulum vér gaumgæfa og vel til vara taka að vér

þekkjum DROTTIN. Því hann skal frambrjótast líka sem sá klári morgunroði og hann skal til vor koma sem eitt regn, já sem ein kveldskúr sá jörðina vökvar.

[4]Því mun eg so vel gjöra við þig Efraím? Því mun eg gjöra so vel á móti þér Júda? Sú náð sem eg vil veita og auðsýna yður skal vera sem eitt dagský um morguninn, so sem morgundögg sú árla sig útbreiðir. [5]Þar fyrir slétti eg þá fyrir prophetana og í hel slæ þá með orði míns munns, að þinn réttur skal koma til ljóssins. [6]Því að á miskunn hefi eg þóknan en ekki þá offri og á viðurkenningu Guðs en ekki á brennifórnum. [7]En þeir yfirtróðu sáttmálann líka sem menn og so forsmáðu þeir mig. [8]Því Gíleað er einn staður fullur með afguðadýrkan og blóðskuld. [9]Og prestarnir með sínum selskap eru líka sem vegaræningjar hverjir að umsitja fólkið og myrða á veginum sem liggur til Sikím því þeir gjöra hvað þeir vilja. [10]Eg sté í Ísraels hús fyrir hverju mig grúar því Efraím drýgir þar hóranir, svo saurgar Ísrael sig. [11]En Júda skal hafa eina haustvinnu fyrir sig nær eg vil snúa fangelsi míns fólks.

7 Þá vil eg lækna Ísrael, þá kemur fyrst fram Efraím synd og so illska Samarie, hversu þær hafa framið afguðadýrkanir. Því að þó þeir hafi plágast með stuldi sín á milli og hið ytra með ránum samt [2]þá sinna þeir því þó eigi að eg gaumgefi allra þeirra vonsku. En eg sé vel þeirra athæfi hvert þeir alls staðar hafa. [3]Þeir gleðja kónginn með sinni illsku og höfðingjana með sínum lygum. [4]Og þeir allir eru sem einn bakstursofn sem bakarinn heitan gjörir þá hann hefur úthnoðað og lætur deigið sýrast og bólna. [5]„Í dag er vors kóngs hátíð“ segja þeir. Þá taka höfðingjarnir til að gjöra sig galna af víni, þá dregur hann spottarann til sín. [6]Því þeirra hjarta er í glóanda þanka sem einn bakstursofn þá þeir offra og fólkið svíkja. En þeirra bakri sefur alla nátt en að morni brennur hann sem klár logi. [7]Þó eru þeir so glóandi í sínum þanka sem einn brennandi bakstursofn líka vel þó að þeirra dómarar uppetist og allir þeirra kóngar falli, þó er enginn á meðal þeirra sem kallar á mig.

[8]Efraím samblandar sér á meðal heiðingja, Efraím er sem ein brennd kaka þeirri eð enginn snýr [9]heldur eta annarlegir hennar kraft. Þó vill hún ekki þar að gæta. Hún hefur fengið grá hár, líka vel vill hún það ekki akta. [10]Og Ísraels drambsemi skal niðurþrykkjast fyrir þeirra augum og þó vilja þeir ekki snúa sér til DROTTINS þeirra Guðs og í öllum þessum hlutum hirða þeir ekki par um Guð.

[11]Því Efraím er líka sem ein villt dúfa sem ekki neitt kann merkja, stundum kalla þeir á Egyptaland, stundum hlaupa þeir til Assúr. [12]En fyrst þeir hlaupa nú hingað og þangað þá vil eg mínu neti varpa yfir þá og slá þeim hér niður líka sem fuglum loftsins. Eg vil straffa þá líka sem prédikari í þeirra samkundum. [13]Vei þeim að þeir snúa frá mér! Þeir skulu að öngu verða því þeir eru fallnir frá mér. Eg vilda þeim vel hjálpað hafa hefðu þeir ekki kennt lygar í móti mér. [14]Þeir kölluðu eigi heldur á mig af hjarta heldur ýla þeir í sínum legukofum, þeir safnast saman sökum víns og korns en eru mér óhlýðugir. [15]Eg kenni þeim og styrki þeirra armleggi en þeir hugsa vont um mig. [16]Þeir umvenda sér en ekki réttilega heldur eru þeir sem falskur bogi. Því skulu þeirra höfðingjar falla fyrir sverði og þeirra hótanir skulu verða til spotts í Egyptalandi.

8 Hrópa þú hátt so sem einn herlúður og segðu: Hann kemur alla reiðu yfir hús DROTTINS sem einn örn. Því þeir yfirfalla minn sáttmála og eru fallnir frá mínu lögmáli. [2]Þá munu þeir kalla til mín: „Þú ert minn Guð, vér

þekkjum þig, Ísrael.“ 3Ísrael, forleggur
það góða. Þar fyrir má óvinurinn of-
sækja þá. 4Þeir gjöra sér kónga, þó án
mín, þeir setja höfðingja og eg á það
ekki að vita. Þeir gjöra sér afguði af
sínu silfri og gulli so að þeir verða snart
upprættir.
5Samaria, hann burt kastar þín-
um kálfi. Mín reiði er grimm yfir þig.
Það má ekki lengi so standa, þeir verða
að straffast. 6Því kálfurinn er kominn
frá Ísrael og einn hagleiksmaður gjörði
hann en það má þó ekki vera Guð. Því
skal kálfur Samarie verða að dufti. 7Því
að þeir skulu sá vindi en uppskera
storm. Þeirra sáð skal ei uppkoma og
þeirra sæði skal ekkert mjöl gefa og þó
það gefist þá skulu annarlegir það eta.
8Ísrael verður uppetinn, heiðingjarnir
leika hann út líka sem annað svívirt
ker. 9Því þeir hlaupa til Assúr líka sem
villudýr, Efraím skenkir sínum
elskhugum og gefur heiðingjum skatt.
10Þeim sömu heiðingjum vil eg nú sam-
ansafna yfir þá, þeir skulu snart verða
þreyttir af konungsins byrði og höfð-
ingjanna. 11Því Efraím gjörði mörg öl-
töru að syndgast með, so skulu og öl-
törin verða honum til syndar. 12Og þó
eg skrifaði honum enn mjög margt og
mikið um mín lög þá skeyttu þeir því
ekki meir en öðrum annarlegum lær-
dómi. 13Þá þeir nú miklu offra, bera
fram kjöt og eta það þá hefur þó
DROTTINN öngva þóknan á því heldur
vill hann minnast þeirra misgjörninga
og heimvitja þeirra synda sem snúa sér
til Egyptalands. 14Ísrael gleymir sínum
skapara og smíðar kirkjur og Júda
byggir marga sterka staði. En eg vil
senda eld í hans byggð sem eyða skal
hans húsum.

9 Ísrael, þú þarft ekki að gleðjast,
eigi heldur að hrósa þér sem þjóð-
irnar, því þú fremur hór í móti þínum
Guði hvar með þú leitar hórulauna svo
að allar kornhlöður yrði fullar með
korn. 2Þar fyrir þá skulu hverki korn-
hlöður né vínþrúgur fæða þig og vínið
skal ekki vilja þér til. 3Og þér skuluð
ekki vera í DROTTINS landi heldur skal
Efraím aftur í Egyptaland og hlýtur í
Assyria að eta það sem er óhreint 4þar
sem þeir skulu ekki kunna að offra
DROTTNI drykkoffur af víni eða nokkuð
annað honum til þóknunar að gjöra.
Þeirra offur skal vera sem brauð sorg-
fullra af hverju að allir verða óhreinir
þar sem þar af eta. Því þeir skulu eta
sitt brauð hjá sér sjálfum og það skal
ekki berast í hús DROTTINS.
5Hvað vilji þér þá gjöra á ártíðum og á
DROTTINS hátíðisdögum? 6Sjá þú, þeir
skulu burt fyrir eyðileggjaranum, Eg-
yptaland skal safna þeim og Móab skal
grafa þá. Illgresi skulu þar vaxa þar sem
þeirra elskulegir silfurafguðir standa
nú og þyrnar í þeirra tjaldbúðum.
7Vitjunartíminn er kominn, endur-
gjaldstíminn er kominn, það skal Ísrael
vel formerkja. Prophetarnir eru þussar
og þeir villuandar eru galnir fyrir þann
stóra misgjörning og sökum þeirra
háðuglegu afguðadýrkunar. 8Varð-
haldsmennirnir í Efraím héldu sig í
forðum tíð til míns Guðs en spá-
mennirnir eru nú þeir sem snörur
leggja á alla þeirra vegu með háðug-
legri afguðadýrkan í þeirra Guðshú-
sum. 9Þeir fordjarfa það of mjög, svo
sem í Gíbea tíð, þar fyrir skal hann
minnast á þeirra misgjörninga og vitja
þeirra synda.
10Eg fann Ísrael í eyðimörku so sem
vínþrúgu og eg sá yðar feður so sem
hinar fyrstu fíkjur á fíkjutrénu. En þar
eftir gengu þeir til Baal Peór og gáfu
sína trú þeim skamarlegu afguðum og
þeir urðu so svívirðilegir sem þeirra
hórkallar. 11Þar fyrir skal Efraíms prýði
burt fljúga sem einn fugl svo þeir skulu
hverki fæða né geta né þungaðir verða.
12Og þó þeir alla reiðu upp ali sín börn
þá vil eg þó gjöra þá barnlausa svo þeir
skulu ekkert fólk vera. Og vei þeim nær

eg em í burt frá þeim vikinn! 13Efraím (sem mér sýnist) er plöntuð og fögur sem Tyrus en hlýtur nú að gefa sín börn út í hendur manndráparans.

14DROTTINN, gef þeim. En hvað viltu gefa þeim? Gef þeim ávaxtarlaust líf og þurrt brjóst.

15Öll þeirra vonska sker í Gilgal. Þar hata eg þá og eg vil hrinda þeim út af mínu húsi sökum þeirra vonds athæfis og öngvan kærleika vil eg þeim meir auðsýna því allir þeirra höfðingjar eru frá mér fallnir. 16Efraím er sleginn, þeirra rót er skræld so að þeir geta öngvan ávöxt meir borið og þó þeir enn fæddu þá vil eg líka vel í hel slá þeirra elskulega lífs ávöxt.

17Minn Guð skal burt kasta þeim það þeir vildu ekki heyra hann og þeir skulu villast á meðal heiðingjanna.

10 Ísrael er eitt eyðivíntré, hans ávöxtur er og líka so. Því so mikinn ávöxt sem hann hafði so margt altari hafði hann gjört og hvar landið var allra best þar settu þeir sínar fegurstu kirkjur. 2Þeirra hjarta er í sundurdeilt. Nú skulu þeir finna sína skuld. Þeirra öltöru skulu í sundur brjótast og þeirra kirkjur skulu kollkastast. 3Þá skulu þeir segja: „Vér höfum öngvan kóng það vér óttunst ekki DROTTINN. Hverju kann kóngurinn að hjálpa oss nú?“ 4Þeir sverja forgefins og gjöra einn sáttmál og svoddan ráð gróa á öllum þeirra ökrum á markinni so sem gall.

5Innbyggjararnir í Samaria eru hræddir um kálfinn í Bet Aven því hans fólk syrgir fyrir honum, yfir hverjum þó að hans Kamarím plöguðu að gleðjast hans vegsemdar vegna. Því hann er í burt fluttur frá þeim, 6já kálfurinn er fluttur í Assyria konunginum til einnrar skenkingar í Jareb. So skal Efraím skammast sín og Ísrael skal hafa kinnroða fyrir sitt uppsátur. 7Því konungurinn af Samaria er í burtu líka sem froða á vatni. 8Þær hæðirnar til Aven eru afmáðar með hverju Ísrael syndgaðist. Þar vaxa nú þyrnir og þislar á þeirra öltörum. Og þeir skulu segja: „Þér fjöll, hyljið oss, og þér hálsar, fallið yfir oss!“ **Lucas 23:30, Opinberanir 6:16**

9Ísrael, þú hefur syndgast síðan Gíbeons tíð, við það hafa þeir og haldið sig. En soddan stríð sem skeði móti þeim vondum mönnum í Gíbea skal ekki koma á þá 10heldur vil eg straffa þá eftir mínu sinni og ósk að þar skal koma samansafnað fólk yfir þá þegar eg vil straffa þá fyrir þeirra tvær syndir. 11Efraím er einn vaninn kálfur svo hann þreskir gjarnan. Eg vil stíga yfir hans fagra háls, eg vil ríða á Efraím. Júda skal erja og Jakob jafna.

12Þar fyrir sáið yður réttlæti og uppskerið kærleikann og erjið öðruvís meðan tíminn er og leitið DROTTINS þar til hann kemur og döggvar réttlætinu yfir yður.

13Því að þér sáið illu og uppskerið vonda gjörninga og etið lyginnar ávöxt. Og sökum þess að þú treystir á þína breytni og á fjöldann þinna stríðskappa 14þá skal þar upphefjast eitt upphlaup á meðal þíns fólks so að allir þínir fastir staðir skulu hrapa, líka sem Salman yfirvann og niðurbraut Arbeiel hús á þeim stríðstíma þá mæðurnar voru niðurslegnar með öllu til dauðs á börnunum. 15So skal það ganga yður í Betel sökum yðra stórra synda að Ísraelskóngur skal undir ganga snemma að morni.

11 Þá Ísrael var ungur hafða eg hann kæran og kallaði hann „Minn son af Egyptalandi“. **Mattheus 2:15** 2En ef nokkur kallar þá nú þá snúa þeir þar frá og offra Baal og veifa reykelsinu fyrir bílætum. 3Eg tók Efraím við hans arm og leiddi hann. En þeir merktu það ekki með hverju móti eg hjálpaði þeim. 4Eg lét þá draga eitt mannlegt ok og ganga í kærleiksböndum og hjálpaði þeim að bera okið á sín-

um hálsum og eg gaf þeim fóður. 5Að
þeir skyldu ei snúa sér aftur til Egypta-
lands. So er nú Assúr orðinn þeirra
kóngur því þeir vilja ekki umvenda sér.
6Því skal sverðið koma yfir þeirra staði
og gjöra þeirra járngrindur til einskis
og uppsvelgja þær sökum þeirra upp-
sáturs. 7Mitt fólk er þreytt að vernda
sér til mín og þó mann prédiki fyrir
þeim þá uppréttir enginn sig.

8Hvað skal eg gjöra af þér, Efraím?
Skal eg vernda þig, Ísrael? Skal eg ekki
með réttu gjöra einn Adamas af þér og
gjöra þig líka sem Sebóím? En mitt
hjarta er öðruvís sinnað, mín mis-
kunnsemd er so mjög heit 9að eg vil
ekki gjöra eftir grimmd minna reiði, eg
vil ekki snúa mér að fordjarfa Efraím
aldeilis. Því eg er Guð en ekki maður,
eg er Þann Heilagi á meðal þín. En ei vil
eg í staðinn koma.

10Þá skulu menn eftirfylgja DROTTNI
og hann skal öskra sem eitt león. Og
þegar hann öskrar þá skulu þeir hræð-
ast sem eru í móti vestrinu. 11Og þeir í
Egyptalandi skulu og fælast sem einn
fugl og þeir í Assyrialandi sem dúfur.
Og eg vil setja þá í þeirra hús, segir
DROTTINN.

12Í Efraím eru hvervetna lygar á móti
mér og í húsi Israelif fölsk guðsþjón-
usta. En Júda heldur fast enn nú við
Guð og á réttri heilagri guðsþjónustu.

12 Efraím fæðir sig af vindi og
hleypur eftir austanveðri og
gjörir daglega afguðadýrkan og meira
skaða. Þeir gjöra eitt samheldi með
Assyriis og færa balsamum til Egypta-
lands. 2Því skal DROTTINN gefa Júda sök
og heimsækja Jakob eftir hans athæfi
og bitala honum eftir hans forþénan.
3„Já“ segja þeir, „hann undirtrað sína
bræður í sinnar móðurkviði og glímdi
við Guð af öllu sínu afli. 4Hann tuskað-
ist við engilinn og yfirvann því hann
grét og bað hann og hann fann hann í
Betel og þar talaði hann við hann.“ 5En
DROTTINN er sá Guð Sebaót, DROTTINN
er hans nafn. 6Því snú þér nú til þíns
Guðs, haltu miskunnsemd og réttlæti
og treystu alltíð á þinn Guð.

7En kaupmaðurinn hefur ætíð falska
vigt í sinni hendi og svíkur gjarna. 8Því
að Efraím segir: „Eg er ríkur, eg hefi
nóg, enginn misgjörningur skal finnast
með mér í öllu mínu arfiði so það megi
kallast synd.“

9En eg er DROTTINN þinn Guð allt í frá
Egyptalandi og sá sem lætur þig enn
byggja í tjaldbúðum so sem menn plaga
á ártíðum. 10Og eg tala til spá-
mannanna, eg er sá sem gefur mikla
spádóma og auðsýni mig fyrir prophet-
unum.

11Í Gíleað er sífell afguðadýrkan og í
Gilgal offra þeir uxum fyrir ekki og þeir
hafa so mörg altari sem stofnar standa
á mörkinni.

12Jakob varð að flýja til Sýrlands og
Ísrael mátti þjóna fyrir einnrar kvinnu
skuld, fyrir eina kvinnu mátti hann
vakta fénað. 13En þar eftir á færði
DROTTINN Ísrael af Egyptalandi fyrir
einn spámann og lét bívara hann fyrir
einn propheta. 14En nú styggir Efraím
Guð með sínum afguðum. Því skal
þeirra blóð koma yfir þá. Og þeirra
DROTTIN skal bitala þeim sem þeirra
háðungar.

13 Þá Efraím kenndi svo hræði-
lega þá var hann upphafinn í
Ísrael. Eftir það syndguðust þeir á Baal
og urðu þar fyrir deyddir. 2En þeir
gjöra nú miklu meiri syndir og af þeirra
silfurmyndum sem þeir kunna sjálfir
upp að þenkja, sem er skúrgoð og eru
þó ekki annað en smiðsins gjörningar,
af þeim sömu prédika þeir. Hver sem
kálfinn vill kyssa hann skal manni
offra. 3Þeir sömu skulu hafa morgun-
skýin og þá dögg sem fellur snemma, já
líka sem agnir feykjast úr vindskuflu í
kornhlöðu eður sem reykur úr skor-
steini.

4En eg er DROTTINN þinn Guð af Egyptalandi og þú áttir öngvan annan
Guð að þekkja utan mig og öngvan
hjálpara utan mig alleina.
5Eg tók þig til mín í eyðimörkinni, í
því þurra landi, 6en þá þeir fengu fæði
og urðu saddir og höfðu nóg þá upphóf
þeirra hjarta sig og því gleymdu þeir
mér. 7Þar fyrir vil eg nú vera þeim sem
eitt león og sem eitt pardus vil eg um-
sitja þá á veginum. 8Eg vil mæta þeim
sem eitt bjarndýr það húna sína misst
hefur, eg vil sundurrífa þeirra harðúði-
gt hjarta og eg vil uppeta það sem eitt
león og villudýrin skulu í sundur rífa
þá.
9Ísrael, þú kemur þér í ólukku því þín
hjálp er alleinasta hjá mér. 10Hvar er
þinn kóngur sem þér hjálpa kann í öll-
um þínum stöðum og þínir dómendur
um hverja þú sagðir: „Gef mér kónga
og höfðingja“? 11Nú vel, eg gaf þér einn
kóng í minni reiði og eg vil í burt taka
hann frá þér með grimmd.
12Efraíms ranglæti er til samans
bundið og hans syndir eru geymdar.
13Því þeir skulu fá hryggð líka sem sú eð
fæðir. Því þeir eru óforsjáleg börn. Sú
tíð skal koma að þeir skulu ekki þola
við að vera fyrir hörmung barnanna.
14En eg vil leysa þá af helvíti og frelsa þá
frá dauðanum. Dauði, eg vil vera þínn
óljúfan, helvíti, eg vil vera þín drepsótt.
Þó er hjálpræðið hulið fyrir mínum
augum.
15Því hann skal bera ávöxt á meðal
bræðranna. Þar skal koma einn austan-
vindur, DROTTINN skal uppstíga af eyði-
mörkunni og uppþurrka þeirra brunna
og tilbyrgja þeirra uppsprettur og hann
skal í burt taka alla þeirra bestu klenód-
íur og yppustu dýrindisgripi. 16Samaria
skal í eyðileggjast því þeir eru sínum
Guði óhlýðugir. Þeir skulu falla fyrir
sverði og þeirra ungbörn skulu í
sundurmerjast og þeirra þungaðar
kvinnur skulu í sundur slitnar verða.

14 Snú þér, þú Ísrael, til DROTTINS
Guðs þíns því þú ert fallinn
sökum þinna misgjörninga. 2Takið
þessi orð til yðar og snúið yður til
DROTTINS og segið so til hans: „Fyrirgef
oss allar vorar syndir og gjör þú oss
gott, so viljum vér offra yxnum vorra
vara. 3Assúr skal ekki hjálpa oss og vér
viljum ekki meir ríða á hestum og ekki
oftar segja til gjörninga vorra handa:
Þér eruð vor Guð, heldur lát þá föður-
lausu finna náð hjá þér.“
4So vil eg lækna þeirra misfelli aftur,
eg vil gjarna elska þá. Þá skal mín reiði
sviptast frá þeim. 5Eg vil vera Ísrael
sem dögg og hann skal blómgast sem
ein lilja og hans rætur skulu útbrjótast
sem Líbanon. 6Og hans viðargreinir
skulu útbreiðast að hann skal verða so
fagur sem olíutré og hann skal gefa so
sætan ilm sem Líbanon. 7Og þeir skulu
að nýju sitja undir hans skugga, þeir
skulu fæðast af korni og blómgast sem
eitt víntré. Hans minning skal vera líka
sem vínið á Líbanon. 8Efraím, hvað
skulu mér héðan af afguðir? Eg vil
heyra hans bæn og leiða hann. Eg vil
vera sem eitt grænt grenitré og á mér
skulu menn finna þína frjóvgan.
9Sá hann er vís hann undirstendur
þetta og sá er klókur sem þvílíkt kann
merkja. Því vegir DROTTINS eru réttir og
þeir réttlátu ganga á þeim en þeir synd-
ugu falla á þeim.

Ending prophetans Hoseas

PROPHETINN JÓHEL

1 Þetta er það orð DROTTINS sem
skeði til Jóhel Petúelsonar. 2Heyrið
þetta, þér öldungar, og merkið vel, allir
landsins innbyggjarar, hvort svoddan
hefur skeð nokkurn tíma á yðrum dögum eða yðra foreldra dögum? 3Segið
yðar börnum þar af og látið börnin
segja það sínum börnum so að barnabörnin megi segja sínum eftirkomendum.

4Sem er þetta: Það sem kálormurinn
leyfir því uppeyða engispretturnar en
það sem engispretturnar eftirskilja það
eta tréormarnir og það sem tréormarnir leifa það eta kornormarnir. 5Vaknið
upp, þér drukknir, grátið og kveinið,
allir vínsvelgjarar, þess nýja víns því
það er í burt tekið frá yðrum munni.
6Því að í mitt land innkemur ofurmikið
fólk og óteljanlegt, það fólk sem hefur
tennur sem leónar og jaxla sem
leónsinnur. 7Það fólk mun eyðileggja
mína víngarða og uppeta mín fíkjutré,
skafa börkinn og burt kasta honum so
þeirra kvistir standa hvítir.

8Æpið sem ein jungfrú sú eð sekk
dregur á sig sökum síns brúðguma. 9Því
matoffur og drykkoffur er í burt af
DROTTINS húsi og prestarnir, DROTTINS
þénarar, syrgja. 10Merkurnar eru allar í
eyði og akranir standa aumlega, kornið
er fordjarfað, vínið stendur sárlega en
viðsmjörið sorglega.

11Akurverksmennirnir eru hörmulegir á að líta og víngarðsmennirnir ýla
vegna hveitis og byggs að kornskeran
er forspillt. 12So stendur nú víntréð
aumlega og fíkjutréð sorglega, so og
granatatréð, pálmviðartréð, eplatréð
og öll tré í skógunum og á völlunum
eru visnuð því mannanna gleði er orðin
að sorg.

13Umgyrðið yður og syrgið, þér prestarnir, æpið, þér altarisins þénarar.
Gangið, þér míns Guðs þénarar, inn og
færið yður í sekki því bæði matoffur og
drykkjaroffur er í burt af yðar Guðs
húsi. 14Helgið eina föstu og kallið
saman almúgann, safnið saman
öldungunum og landsins innbyggjurum í DROTTINS yðars Guðs hús og kallið
til DROTTINS.

15Ó vei þeim degi það sá dagur
DROTTINS er í nánd og kemur sem ein
fordjörfun frá Þeim almáttuga! 16Þá
skal maturinn burt takast frá vorum
augum og so öll gleðin og skemmtunin
af vors Guðs húsi. 17Sáðið er rotnað í
jörðunni, kornhúsin standa í eyði og
kornhlöðurnar eru hrapaðar því að
kornið er fordjarfað. 18Ó hversu peningurinn stynur og uxarnir bera sig illa
því þeir hafa hvorki fóður né haga og
sauðirnir hungra!

19DROTTINN, þig ákalla eg því eldurinn
hefur uppbrennt vort haglendi á mörkinni og loginn hefur upptært öll tré á
akrinum. 20Villudýrin hrópa og til þín
því að vatslækirnir eru uppþornaðir og
eldurinn hefur uppbrennt engjarnar í
eyðimörkinni.

2 Þér í Síon, blásið með herlúðrum,
hrópið á mínu heilögu fjalli! Skjálfið, allir innbyggjarar landsins, því dagur DROTTINS kemur og er í nánd, 2einn
myrkur dagur og dimmur dagur, einn
þykkmikill dagur, einn þokudagur, líka
sem einn morgunroði útbreiðir sig yfir
fjöllin, sem er eitt stórt og megtugt fólk
hvers líki fyrr hefur aldrei verið og eigi
hér eftir meir vera skal æ og að eilífu.

3Þar gengur undan honum einn eyðandi eldur og eftir honum brennandi
logi. Landið er fyrir honum sem einn
fagur aldingarður en á bak honum sem
ein eyðimörk og enginn skal sleppa hjá
honum.

4Þeir eru þvílíkast að sjá sem hestar
og renna sem riddarar, þeir stökkva
upp á fjöllunum 5líka sem þá hjölvagnar
slarka eða sem logi snarkar í hálmi, so

sem eitt megtugt fólk það til bardaga býst. 6Fólkið fælist fyrir honum, öll andlit eru so bleik sem pottar fágaðir. 7Þeir skulu hlaupa sem riddarar og stökkva á múrinn sem stríðsmenn. Sérhver einn skal strax framhlaupa sinn veg og ekki af sér sitja. 8Enginn mun annan villa heldur skal hver framdraga í sinni fylkingu. Þeir skulu brjótast fram á millum vopnanna og ekki sárir verða. 9Þeir skulu ríða um kring í stöðunum, hleypa á múrinn og innstíga í húsin og smjúga í gegnum vindaugun sem þjófar. 10Landið skelfur fyrir honum og himinninn bifast, sólin og tunglið verður myrkt og stjörnurnar innihalda sínu skini. 11Því að DROTTINN skal láta sínar reiðarþrumur fram ganga fyrir sínum her því hans her er mjög stór og megtugur, hver eð fullkomna skal hans bífalning. Því að DROTTINS dagur er stór og mjög ógnarlegur og hver mun kunna að líða hann?

12So segir nú DROTTINN: Snúið yður til mín af öllu yðar hjarta með föstum, með gráti og kveini. 13Rífið yðar hjörtu en ekki yðar klæði og snúið yður til DROTTINS yðars Guðs því hann er góðgjarn, miskunnsamur, þolinmóður og harla náðugur og snart angrar hann þó hann hirti og straffi. 14Hver veit nema það angri hann enn og láti eina blessan blífa eftir sig til að offra matoffur og drykkjaroffur fyrir DROTTNI yðar Guði?

15Blásið í lúðra, þér í Síon, helgið eina föstu, kallið almúgann til samans, 16samansafnið fólkinu, helgið almúgann, safnið öldungunum til samans, komið ungum börnum og brjóstmylkingum til samans. Brúðguminn gangi af sínu herbergi og brúðurin af sínu brúðarhúsi. 17Látið prestana, DROTTINS þénara, gráta á millum musteris og altaris og segja: „DROTTINN, þyrmdu þínu fólki og lát þína arfleifð ekki verða til smánar so að heiðingjar drottni yfir þeim. Hvar fyrir viltu láta segja á meðal þjóðanna: Hvar er nú þeirra Guð?“

18So skal DROTTINN vandlæta um sitt land og hlífa sínu fólki. 19Og DROTTINN skal svara og segja til síns fólks: „Sjáið, eg vil yfirfljótanlega sendi yður korn, vín og viðsmjör so þér skuluð hafa nóg þar af. Og eg vil láta yður ei lengur verða til smánar fyrir heiðingjum. 20Og eg vil drífa þá af norðrinu langt í burt frá yður og kasta þeim í eitt þurrt og autt land sem er hans andlit út til hafsins í austur og hans enda til hins yðsta hafs. Hann skal fúna og illa lykta því hann hefur gjört stóra hluti.

21Óttast þú ekki, mitt góða land, heldur ver glaðvært og í góðu geði því DROTTINN kann að gjöra mikla hluti. 22Óttist ekki, þér dýrin á mörkinni, því byggðirnar í eyðimörkinni skulu grænkast og eikurnar blómgast, fíkjutrén og vínviðurinn skulu og ávöxt bera. 23Og þér Síonsbörn, gleðjið yður og fagnið í DROTTNI yðrum Guði hver yður gefur kennifeður til réttlætis og yður sendir ofan að morginregn og kveldskúrir so sem fyrrmeir 24so að hlöðurnar fyllist með korn og vínþrúgurnar hafa skuli yfirfljótanlega vín og oleum.

25Og eg vil yður þau árin endurgjalda hver að engispretturnar og tréormarnir, kálormarnir og aðrir vondir ormar (sem var minn stóri her hvern eg sendi á meðal yðar) hafa uppetið, 26so þér skuluð hafa nógar fæðslur og göfga DROTTINS yðars Guðs nafn sá eð dásamlega hluti hefur gjört yðar á meðal og mitt fólk skal ei lengur til skammar verða. 27Og þér skuluð vita að eg em mitt á meðal Ísrael og að eg er DROTTINN yðar Guð en enginn annar og mitt fólk skal ekki lengur að skömm verða.

28Og eftir það vil eg úthella mínum anda yfir allt hold so að yðar synir og dætur skulu spá, yðar öldunga skal drauma dreyma og yðar smábörn skulu sjónir sjá. 29Og á þeim dögum vil eg útausa mínum anda bæði yfir þræla og

ambáttir. [30]Og eg vil gjöra undarleg teikn á himni og jörðu, sem er blóð, eld og reykjarsvælu. [31]Sólin skal snúast í myrkur og tunglið í blóð áður en sá mikli og ógnarlegi dagur DROTTINS. [32]Og það skal ske að hver sem ákallar nafn DROTTINS hann skal hólpinn verða. Því að upp á Síonfjalli og í Jerúsalem skal ein verndan vera so sem DROTTINN hefur sagt og so hjá þeim öðrum sem eftir eru orðnir hverja DROTTINN mun kalla.

3 Þar fyrir sjá þú, á þeim dögum og þeirri sömu tíð þá eg mun snúa Júda og Jerúsalem herleiðingu [2]þá vil eg safna til samans öllum heiðingjum og eg vil færa þá ofan í dalinn Jósafat. Og þar vil eg ganga til réttar með þá vegna míns fólks og vegna Ísraels minnar arfleifðar að þeir hafa dreift þeim á meðal heiðingja og skipt með sér mínu landi [3]og kastað hluti um mitt fólk og gáfu þá inu ungu sveina fyrir mat og seldu meyjar fyrir vín og drukku það. [4]Og þér af Sóar og Sídon og öll takmörk Philisteilands, hvað hafi þér að gjöra með mig? Vilji þér og stæra yður á móti mér? Nú vel, svo stærið yður á mót mér, þá vil eg fullsnart bitala yður það aftur yfir yðart höfuð. [5]Þér sem hafið tekið mitt silfur og gull og mínar kostulegar gjafir og fært það burt í yðar kirkjur. [6]Og hér að auk hafi þér selt Júda og Jerúsalembörn þeim í Grikklandi so að þér mættuð koma þeim langt frá þeirra landamerkjum. [7]Sjáið, eg vil uppvekja þá af þeim stað sem þér selduð þá og eg vil bitala yður yfir yðart höfuð það sama. [8]Og eg vil selja yðar syni og dætur fyrir Júdabörn hverjir yður skulu selja í ríki Arabia, því fólki sem býr í fjarlægu landi, því DROTTINN hefur þetta talað. [9]Gjörið það heyrumkunnigt á meðal heiðingjanna, helgið eitt stríð, uppvekið þá sterku, látið allt stríðsfólkið koma hingað og ferðast hér upp. [10]Gjörið sverð af yðar plógjárnum og spjót af yðar sigðum. Sá hinn veiki skal segja: „Eg er sterkur“. [11]Safnið yður saman og komið hingað, allir heiðingjar, úr öllum áttum heimtist saman. Þar skal DROTTINN við velli leggja þínar kempur. [12]Heiðingjar skulu búa sig og koma upp í dalinn Jósafat því þar vil eg sitja og dæma alla heiðingja allt um kring. [13]Setjið til sigðina því akurinn er fullvaxinn, komið hér niður því vínþrúgan er full og flýtur út af því þeirra illska er mjög stór.

[14]Þá skal fólkið flokkum saman vera hér og hvar í Dómsdal því DROTTINS dagur er nálægur í þessum Dómsdal. [15]Sólin og tunglið skal sortna og stjörnurnar skulu sitt skin byrgja. [16]Og Drottinn skal öskra af Síon og hans rödd skal heyrast af Jerúsalem so himinninn og jörðin skal hrærast. En DROTTINN skal vera verndari síns fólks og Ísraelsbörnum einn fastur staður.

[17]Og þér skuluð merkja það að eg, DROTTINN yðar Guð, bý á mínu heilögu fjalli. Þá skal Jerúsalem vera heilög og engin framdandi skal reisa þaðan í frá í gegnum hana.

[18]Og á þeim tíma skulu fjöllin drjúpa af sætu víni og hæðirnar fljóta með mjólk og allir lækir í Júda skulu renna fullir af vatni og þar skal einn brunnur uppspretta af húsi DROTTINS hver eð döggva skal Sittímstraum. [19]En Egyptaland skal í eyði vera og Edóm skal verða ein eyðimörk sökum þess yfirgangs sem þeir gjörðu Júdabörnum að þeir úthelltu saklausu blóði í þeirra landi.

[20]En Júda skal vera byggð ævinlega og Jerúsalem um aldur og að eilífu. [21]Og eg vil ekki láta óhefnt vera yðart blóð. Og DROTTINN mun búa í Síon.

Ending prophetans Johelis

PROPHETINN AMOS

1 Þetta er það sem Amos (hver eð var
á meðal fjárhirðaranna í Tekóa)
hefur séð yfir Ísrael í tíð Úsía Gyðinga-
kóngs og Jeróbóam Jóassonar Ísraels-
kóngs, tveimur árum áður en sá jarð-
skjálfti skeði.
[2]Og hann sagði: DROTTINN skal öskra
af Síon og láta heyra sína raust af Jer-
úsalem svo að haglendi hirðaranna skal
aumlega standa og Karmel skal að of-
anverðu uppvisna.
[3]So segir DROTTINN: Fyrir sökum
þriggja og fjögra synda Damascus vil eg
ei hlífa henni. Því þeir hafa þreskt Gí-
leað með járnstöngum. [4]En eg vil senda
eld í Hasaels hús og hann skal uppeyða
Benhadads herbergjum. [5]Og eg vil í
sundurbrjóta járnstengurnar í
Damasco og uppkippa innbyggjurum
úr dalnum Aven og þeim sem á ríkis-
sprota halda af gleðihúsinu so að fólkið
af Syria skal burt færast í Kír, segir
DROTTINN.
[6]So segir DROTTINN: Sökum þriggja og
fjögra synda Gasa vil eg ekki hlífa henni
því að þá fangara sem þeir að nýju
fönguðu þá hafa þeir rekið í burt í land
Edóms, [7]heldur vil eg senda eld í múr-
ana til Gasa hver eð eyða skal hennar
herbergjum. [8]Og eg vil uppkippa inn-
byggjurum af Asdód með þeim sem
halda á ríkissprotanum í Askalon og eg
vil snúa minni hendi móti Akkaron svo
að það skal drepast sem eftir er orðið af
þeim Philisteis, segir Drottinn GUÐ.
[9]So segir DROTTINN: Sökum þriggja og
fjögra synda borgarinnar Sór þá vil eg
henni ekki hlífa, af því að þeir ráku og
drifu fangarana lengra en í Edómsland
og þenktu ekki upp á samband bræðr-
anna, [10]heldur vil eg senda einn eld í
Sórmúra hver eð eyða skal hennar her-
bergjum.
[11]So segir DROTTINN: Sökum þriggja
og fjögra Edóms synda þá vil eg ekki
spara hann, af því að hann ofsótti sinn
bróður með sveðri og í hel sló þær
óléttu og í sundurreif þá ætíð með sinni
reiði og heldur í sífellu á sinni grimmd,
[12]heldur vil eg senda einn eld í Teman,
hann skal eyða herbergjunum í Basra.
[13]So segir DROTTINN: Fyrir sökum
þriggja og fjögra synda þeirra
Ammónsbarna vil eg ekki hlífa þeim,
því þeir sundurhjuggu þær óléttu í Gel-
eað hvar með þeir gjöra sín landamerki
víðari, [14]heldur vil eg uppkveikja einn
eld á Rabbamúrum og hann skal upp-
eyða þeirra herbergjum nær menn
kalla á þeim stríðstíma og nær sá vind-
ur kemur í þeirri stormöld. [15]Þá skal
þeirra kóngur með sínum höfðingjum
færast fanginn í burt, segir DROTTINN.

2 So segir DROTTINN: Fyrir sökum
þriggja og fjögra Móabs synda vil
eg ekki hlífa honum því þeir brenndu
upp kóngsins bein af Edóm til ösku,
[2]heldur vil eg senda einn eld í Móab.
Hann skal uppeyða Kirjótssal og Móab
skal deyja í upphlaupi og herópi og í
lúðraþyt. [3]Og eg vil upprykkja dóm-
endunum á meðal þeirra og alla hans
höfðingja með honum drepa, segir
DROTTINN.
[4]So segir DROTTINN: Sökum þriggja og
fjögra Júda synda vil eg ekki hlífa hon-
um því að þeir forsmá lögmál DROTTINS
og halda ekki hans réttindi og láta sínar
lygar tæla sig hverjum þerira feður eft-
irfylgdu, [5]heldur vil eg skikka einn eld í
Júda og hann skal uppbrenna her-
bergin til Jerúsalem. [6]So segir
DROTTINN: Sökum þriggja og fjögra
synda Ísraels vil eg ekki hlífa þeim, því
þeir selja þann réttláta fyrir peninga og
þá fátæku fyrir eina skó. [7]Þeir troða
höfuð fátækra í gólfið og hamla vegum
hinna voluðu. Sonurinn og faðirinn
liggja hjá einni stúlku, með hverju þeir

vanhelga mitt heilaga nafn. [8]Og þeir framfalla í pantsettum klæðum fyrir hverju altari og drekka vín í þeirra guðahúsum frá þeim sem straffaðir eru.

[9]Nú hefi eg þó afmáð þann Amoreum fyrir þá hver svo var hár sem sedrus og hans magt sem eikitré og eg afmáði hans ávöxt frá ofanverðu og allt til hans rótar. [10]Og eg færða yður af Egyptalandi og leiddi yður um þá eyðimörk í fjörutígi ár so þér skylduð eignast það land Amoreis. [11]Og eg uppvakti propheta af yðar börnum og þá Nazarenos af yðrum ungum sveinum. Þér Ísraelsbörn, er það ekki so? segir DROTTINN. [12]En þér gefið þeim Nazareis vín að drekka og bjóðið prophetonum: „Þér skuluð ekki spá.“

[13]Sjá þú, eg vil gjöra eitt brak á meðal yðar líka sem þá brakar í einum vagni fullum af korni [14]að sá sem er fljótur skal ekki undan flýja og hinn sem er sterkur skal ekki par megna og sá hinn megtugi skal ekki sínu lífi forðað geta. [15]Og bogmennirnir skulu ekki viðstandast og sá sem harðast hleypur hann skal ekki undan komast og sá sem ríður skal ekki bjarga sínu lífi [16]og sá sem er þreklegur á meðal sterkra skal flýja nakinn á þeim tíma, segir DROTTINN.

3 Þér Ísraelsbörn, heyrið hvað DROTTINN talar við yður, sem er: Allar þær ættir sem eg útfærði af Egyptalandi og sagði: [2]Eg hefi sérdeilis þekkt yður af öllum kynslóðum á jörðunni. Þar fyrir vil eg og heim vitja yðar sökum yðar margfaldra misgjörninga.

[3]Kunna nokkuð tveir að ganga til samans utan þeir sé samþykkir sín á millum? [4]Öskrar nokkuð leónið í skóginum ef það hefur öngva bráð? Grenjar nokkuð leónshvelpurinn í sínu inni utan hann hafi nokkuð fengið? [5]Fellur nokkur fugl í snöruna á mörkinni ef þar er enginn fuglafangari? Tekur nokkuð veiðimaðurinn sínar snörur frá einu stilli hafi hann ekki par veitt? [6]Blæs nokkur so í lúður innan staðar að fólkinu felmtri ekki? Er þar nokkur ólukka í staðnum sem DROTTINN gjörir ekki? [7]Því Drottinn GUÐ gjörir ekkert áður en hann opinberar sinn leyndan vilja fyrir sínum prophetum og þénurum. [8]Nær leónið öskrar, hver mun það ekki óttast? Og nær Drottinn GUÐ talar, hver skyldi þá ekki spá?

[9]Kunngjörið það í herbergjunum til Asód og í þeim höllunum Egyptalands og segið: „Heimtist saman upp á fjallið Samarie og sjáið hvað stór veinun, óp og óréttur þar sker inni.“ [10]Þeir akta öngvan lagarétt, segir DROTTINN, þeir safna liggjandi fé með órétti og herfangi í sín herbergi. [11]Þar fyrir segir DROTTINN so: Menn munu þetta land umkringja á alla vegu og slíta þig frá þínu magtarveldi og ræna þín hús. [12]So segir DROTTINN: Líka sem einn hirðir nær tveimur lærleggjum eður einum eyrnasnepli úr leóns munni so skulu og Israelisbörn frelsast sem búa í Samaria og hafa sína sæng í hyrningum og til Damasco eina trésæng.

[13]Heyrið og vitnið það í Jakobs húsi, segir Drottinn GUÐ Sebaót. [14]Því að á þeim tíma nær eð eg vil heimsækja og vitja Ísraels synda þá vil eg vitja altarisins í Betel og í sundur brjóta altarisins horn so þau skulu falla til jarðar. [15]Og eg vil bæði slá veturhús og sumarsetur og þau fílsbeinshúsin skulu niðurfalla og mörg hús skulu fordjarfast, segir DROTTINN.

4 Heyrið þetta orð, þér feitar kýr sem eruð á fjallinu Samarie, þér sem gjörið rangt nauðþurftugum og niðurþrykkið hina fátæku og segið til yðra herra: „Berið hingað og látið oss drekka!“ [2]Sá Drottinn GUÐ hefur svarið við sinn heilagleika: Sjáið, sá tími kemur yfir yður að menn munu útkrækja yður með krókum og yðar eftirkom-

endur með fiskiönglum. 3Og þér skuluð ganga út í gegnum smugurnar þar hver sem komin er og þér skuluð í burt kastast til Hermon, segir DROTTINN. 4Já þér komið hér til Betel og fremjið synd og til Gilgal og gjörið þar margar syndir og berið fram yðar offur á morna og yðar tíundir þann þriðja dag 5og gjörið reykelsi af súrdeigi til þakklætisoffurs og prédikið um það sjálfræðisoffur og kunngjörið það. Því að þér Ísraelsbörn viljið það gjarnan so hafa, segir Drottinn GUÐ.

6Þar fyrir hefi eg gefið yður í öllum yðar stöðum iðjulausar tennur og brauðsskort í öllum yðar stöðum. Þó samt og áður snúi þér yður ekki til mín, segir DROTTINN. 7Og eg hefi innihaldið regninu yfir yður so lengi að ekki voru meir en þrír mánuðir til haustyrkjunnar. Og eg lét rigna yfir þann eina stað en yfir þann annan stað lét eg ekki rigna. Einn akurinn fékk regn og sá annar akur fékk ekki regn og hann visnaði. 8Og tveir þrír staðir drógu til eins staðar og vildu fá vatn að drekka og þeir fengu ei nóg þar af. Þó líka samt og áður sneru þér yður ekki til mín, segir DROTTINN.

9Eg plágaði yður með þurrk og með brenndu korni og kálormarnir uppátu allt það sem óx í yðrum aldingörðum, víngörðum, á viðsmjörstrjánum og fíkjutrjánum. Þó sneru þér yður ekki til mín, segir DROTTINN. 10Eg senda drepsótt á meðal yðar líka sem í Egyptalandi, eg í hel sló yðar æskumenn með sverði og eg lét yðar hesta í burt færast hertekna. Eg lét ólyktina af yðar herbúðum koma til yðar nasa. Þó sneru þér yður ekki til mín, segir DROTTINN. 11Eg kollvarpaði nokkrum á meðal yðar so sem Guð kollkastaði Sodoma og Gomorra að þér voruð líka sem eldibrandar úr eldi útdregnir. Þó sneru þér yður ei til mín, segir DROTTINN. 12Því vil eg so framvegis gjöra við þig, Ísrael. Og með því að eg vil so gjöra í mót þér þá bú þig til að mæta þínum Guði.

13Því sjá þú, hann er sá sem gjörir fjöllin og skapar vindinn og kennir manninum hvað hann skal tala. Hann gjörir morgunroðann og myrkrið, hann gengur yfir hæðir jarðarinnar, hann heitir DROTTINN GUÐ allsherjar.

5 Heyrið þetta orð, þér af húsi Ísraels, því eg verð að kveða þessa harmavísu um yður. 2Ísraels jungfrú er fallin svo hún mun ekki upp aftur standa. Hún er um koll slegin til jarðar og þar er enginn sem upp reisir hana. 3Því svo segir Drottinn GUÐ: Sá staður af hverjum að útganga þúsund þar skulu hundrað eftir vera. Þar sem hundrað ganga út þar skulu ekki nema tíu eftir blífa í húsi Ísraels.

4Þar fyrir segir DROTTINN til Ísraels húss: Leitið mín, þá munu þér lifa. 5Leitið ekki til Betel og ferðist ekki til Gilgal og gangið ekki til Berseba. Því Gilgal skal hertekin í burt færast og Betel skal verða Bet Aven. 6Leitið DROTTINS, þá skulu þér lifa, so að elduriinn fái ekki magt í Jósefs húsi að uppbrenna það og þar skal enginn vera í Betel sem hann kann að útslökkva. 7Þér sem snúið réttinum í beiskleika og sláið réttlætið til grunna!

8Hann gjörir Sjö stjörnurnar og Orion, sá sem gjörir morgun að myrkri og nóttina að deginum, sá sem kallar vatnið af sjónum og úthellir því á jörðina, hann heitir DROTTINN. 9Hver eð hrasan lætur koma yfir þá hinu sterku og kollvarp færir yfir þá sterku staði. 10En þeir eru reiðir á hann sem straffar þá í staðardyrunum og halda fyrir svívirðing þann sem heilnæmt kennir. 11Og sökum þess að þér undirtroðið þá fátæku og takið kornið frá þeim í stórum byrðum þá skulu þér ekki búa í húsunum þeim sem þér hafið byggt af höggnum steinum og eigi heldur drekka það vín sem þér hafið plantað í

yðrum fögrum víngörðum. 12Því að eg
veit yðar margfaldar misgjörðir, og so
yðar stórar syndir, hversu þér þrengið
að þeim réttlátu og takið blóðgjald og
undirþrykkið þá inu fátæku í borg-
arhliðum. 13Þar fyrir mega þeir klóku
þegja á þeim tíma því það er vondur
tími.

14Leitið þess góða en ekki hins vonda
so þér megið lifa því þá mun DROTTINN
Guð Sebaót vera hjá yður svo sem þér
hrósið. 15Hatið það vonda en elskið það
góða. Gjörið rétt í staðarportunum, þá
skal DROTTINN Guð Sebaót vera mis-
kunnsamur yfir þá sem eftir blífa af
húsi Jósefs.

16Þar fyrir segir DROTTINN Guð
Sebaót, sá DROTTINN, so: Þar skal vera
sárgrætilegur harmur á öllum strætum
so menn skulu segja í öllum stöðum:
„Vei, vei!“ Og menn skulu akurmenn til
sorgar kalla og til sárgrætilegs klögu-
máls alla þá sem gráta kunna. 17Og þar
skal vera sorgargrátur í öllum víngörð-
um því eg vil fara meðal yðar, segir
DROTTINN.

18Vei þeim sem girnast dag DROTTINS!
Hvað skal hann yður? Því DROTTINS dag-
ur er eitt myrkur en ekki ljós. 19Líka
sem þá maður flýr undan leóni og þá
nokkur mætir bjarndýri og svo sem þá
nokkur kemur í eitt hús og styður sig
með hendinni til veggjarins og einn
höggormur stingur hann. 20Því að dag-
ur DROTTINS skal vera myrkur en ekki
ljós dagur, dimmur og ekki bjartur.

21Eg er reiður yðrum helgidómum og
eg forsmái þá og eg kann ekki að lykta í
yðvari samkundu. 22Og þó að þér offrið
mér brennioffrum og matarfórnum þá
hefi eg þó öngva þóknan þar á so eg get
eigi séð til yðars feita þakklætisoffurs.
23Tak frá mér það sálmabuldur því eg
get ekki heyrt þinn sálmasöng. 24Því
rétturinn skal opinber verða sem vatn
og réttlætið sem stríður straumur.

25Hafi þér af húsi Ísraels offrað mér
slátrunaroffri og mataroffri um þau
fjörutígu árin í eyðimörkunni? 26Já vel,
þér heiðruðuð Sikkút yðar kóng og
Kíon yðart bílæti, þá stjörnu yðara af-
guða sem þér sjálfir gjörðuð yður. 27So
vil eg láta færa yður hér burt frá til
Damascum, segir DROTTINN sem heitir
Guð Sebaót.

6 Vei þeim drambsömum í Síon og
þeim sem treysta upp á fjallið Sam-
arie, þeir sem halda sig inu yppustu yfir
heiðingjum og hofvera í Ísraels húsi!
2Gangið burt til Kalne og skoðið en það-
an til Hemat, þess stóra staðar, og
gangið ofan til Gat þeirra Philisteis sem
verið hafa betri kóngaríki en þessi og
þeirra landamerki vorou víðari en yðar
landamerki. 3Þér sem hyggið yður vera
langt frá þeim vonda degi og sækið all-
tíð eftir rangri ríkisstjórn 4og sofið á
sæng af fílabeinum og hafið of mikið
við yðar sængur. Þér etið lömbin af
hjörðunni og þá alikálfa, 5leikið á hljóð-
færi og gjörið yður sálma sem Davíð
6og drekkið vín af skálunum og smyrjið
yður með balsamum en harmið ekki
þar vegna Jósefs staða. 7Því skulu þér
nú fyrst undan ganga á meðal þeirra
sem fangaðir eru í burt leiddir og braml
yðar ofneyslu skal afleggjast. 8Því
Drottinn GUÐ hefur svarið við sjálfan
sig, segir DROTTINN Guð Sebaót: Mér er
leið drambsemi Jakobs og eg er reiður
þeirra höllum og eg vil yfirgefa staðinn
og allt það sem er í honum.

9Og þó þar sé eftir tíu menn í einu
húsi skulu þeir líka vel deyja 10og segja
til þeirra sem eru í húskimunum: „Eru
þér enn nú fleiri hér?“ Og þeir skulu
svara: „Allir eru þeir í burt.“ Og hann
skal segja: „Verið til friðs því þeir vildu
ekki að menn skyldu hugsa upp á
nafnið DROTTINS.“

11Því sjá þú, DROTTINN hefur boðið að
menn skyldu slá þau stóru húsin so þau
rifni og þau litlu húsin so þau raskist.
12Hver kann hestinum á skeið að hleypa
eða erja með yxanum upp á steininum?

Því þér snúið lagaréttinum í gall og
réttlætisins ávexti í ramma malurt.
13Og þér hafið huggun af því sem er
með öllu til einskis og segið so: „Erum
vér ekki sterkir í nóg með vorum horn-
um?“
14Þar fyrir sjáið, eg vil uppvekja eitt
fólk yfir yður af Ísraels húsi, segir
DROTTINN Guð Sebaót, það skal nauðga
yður af þeim stað sem liggur til Hemat,
allt til lækjarins í eyðimörkinni.

7 Og Drottinn GUÐ vísaði mér eina
sýn og sjá þú, þar stóð einn sem
myndaði engisprettur strax sem kornið
tók að gróa 2og sjá, það græna stóð eftir
þá að konungurinn hafði látið klippa
sína sauði. Og þá þær vildu nú með öllu
urtirnar uppeta í landinu þá sagða eg:
„Ó Drottinn GUÐ, vertu náðugur! Hver
vill nú hjálpa Jakob upp aftur? Því hann
er mjög lítill.“ 3Þá aumkaði DROTTINN
það og sagði: „Það skal ekki ske.“
4Og DROTTINN vísaði mér eina sýn og
sjá þú, að Drottinn GUÐ kallaði á eldinn
til að straffa með honum að hann
skyldi fortæra eitt stórt djúp og hann át
alla reiðu upp einn part þar af. 5Þá sagði
eg: „Ó Drottinn GUÐ, lát af! Hver vill
hjálpa Jakob upp aftur? Því hann er
mjög lítill. 6Þá angraði Drottinn það og
Drottinn GUÐ sagði: „Það skal ekki ske.“
7En hann vísaði mér þessa sýn og sjá
þú, DROTTINN hann stóð upp á einum
múr sem var mæltur með einum mæli-
þræði og hann hafði þann mæliþráð í
sinni hendi. 8Og DROTTINN sagði til mín:
„Hvað sér þú, Amos?“ Eg svaraði: „Einn
mæliþráð.“
Þá sagði DROTTINN til mín: „Sjá þú, eg
vil draga einn mæliþráð mitt í gegnum
mitt fólk Ísrael og eg vil ekki framar
líta augum yfir það 9heldur skulu Ísaaks
hæðir í eyðileggjast og Ísraels kirkjur
skulu niðurbrjótast og eg vil reiða mig
móti Jeróbóam húsi með sverði.“
10Þá sendi Amasías prestur í Betel til
Jeróbóam Ísraelskóngs og lét segja
honum: „Amos gjörir eitt upphlaup
móti þér í Ísraels húsi. Landið kann
ekki að líða hans orð. 11Því so segir
Amos: Jeróbóam skal deyja fyrir sverði
og Ísrael skal hertekinn burt flytjast af
sínu landi.“
12Og Amasía sagði til Amos: „Þú sjá-
andi, far burt og flýð þú í landið Júda, et
þar brauð og spá þú þar 13en spá þú
ekki meir í Betel því hér er kóngsins
helgidómur og hans konunglega hús.“
14Amos svaraði og sagði til Amasía:
„Eg er enginn spámaður og einskis spá-
manns son heldur em eg einn hirðir
hver eð samansafnar mórberjum. 15En
DROTTINN tók mig frá hjörðinni og
sagði til mín: Far burt og spáðu mínu
fólki Ísrael. 16So heyr nú orð DROTTINS:
Þú segir: Spá þú ekki í móti Ísrael og lát
ekki drjúpa í móti húsi Jakobs. 17Þar
fyrir segir DROTTINN svo: Þín eiginkona
skal verða að einni hóru í staðnum og
þínir synir og dætur skulu falla fyrir
sverði og þinn akur skal útskiptast með
vað en þú skalt deyja út í einu óhreinu
landi og Ísrael skal í burt skúfast úr
sínu landi.“

8 Og Drottinn GUÐ vísaði mér eina
sýn og sjáðu, þar stóð ein körf full
með sumarávöxt. 2Og hann sagði:
„Hvað sér þú, Amos?“ En eg svaraði:
„Eina körf fulla með sumarávöxt.“
Þá sagði DROTTINN til mín:
„Endirinn er kominn yfir mitt fólk Ísr-
ael. Eg vil nú ei lengur hlífa þeim. 3Og
söngurinn í þeirra kirkjum skal snúast í
grát á þeim sama tíma,“ segir Drottinn
GUÐ, „skal þar liggja alls staðar margur
dauður líkami hverja menn skulu leyni-
lega í burt bera.“ 4Heyrið þetta, þér sem
undirþrykkið þá fátæku og fordjarfið
þá aumu í landinu 5og segið: „Nær vill
nýi mánuðurinn fá enda svo vér meg-
um selja kornið og þvottdagurinn að
vér mættum láta kornið falt og gjöra
mælirinn minni og vexa gjaldið en falsa
vigtina 6so vér mættum koma þeim fá-

tækum undir oss fyrir peninga og þeim
nauðþurftuga fyrir eina skó og selja
agnir fyrir korn?“
7DROTTINN hefur svarað í móti Jakobs
drambsemi: Hvað gildir eg skal ekki
gleyma svoddan þeirra gjörningum æv-
inlega. 8Skyldi nú ekki landið bifast fyr-
ir svoddan efni og allir innbyggjarar
sorga? Já það skal allt saman hyljast so
sem með vatni og í burt færast og yfir-
hyljast so sem með vatninu í Egypta-
landi. 9Á þeirri sömu tíð, segir Drottinn
GUÐ, vil eg láta sólina niðurganga um
miðdaginn og láta landið vera myrkt á
ljósum degi. 10Eg vil snúa yðrum helgi-
dögum í hryggð og öllum yðar vísuim í
sorgargrát. Eg vil færa sekki yfir allra
þeirra lendur og gjöra öll höfuð sköllótt
og eg vil senda einn grát yfir þá líka
sem menn gráta yfir sínum einkasynim
og þeir skulu fá einn hryggilegan enda.
11Sjá þú, tíminn kemur, segir Drott-
inn GUÐ, að eg vil senda hungur í
landið, ekki hungur brauðs og vatns
heldur hungur orðs DROTTINS, 12að þeir
skulu hlaupa hingað og þangað, frá
einu hafi og til annars, frá norðri og til
austurs og leita eftir orði DROTTINS og
finna það þó ei. 13Og á þeim tíma skulu
fagrar jungfrúr og ungir sveinar van-
megnast af þorsta, 14þeir eð nú sverja
við bölvan og segja: „So sannarlega sem
þinn guð í Dan lifir, svo sannarlega sem
sú skikkan lifir í Berseba“. Því þeir
skulu so falla að þeir skulu ekki kunna
upp aftur að standa.

9 Eg sá Drottin standa upp á altarinu
og hann sagði: Slá þú upp á þann
efsta enda dyrastafsins so að stólparnir
bifist. Því þeirra ágirndir skulu koma
yfir allra þeirra höfuð og eg vil í hel slá
þeirra eftirkomendur með sverði so
enginn skal undan komast og ekki það-
an sleppa. 2Og þó þeir græfi sig niður í
helvíti þá skal þó mín hönd færa þá
þaðan eða þó þeir færi upp í himininn
þá vil eg líka vel slá þá niður 3og þó þeir
feli sig upp á fjallinu Karmel þá vil eg
líka vel leita þeirra og sækja þá þangað
og þó þeir geymdi sig fyrir mínum aug-
um á mararbotni þá vil eg þó bífala
höggormunum að þeir skulu stinga þá
þar. 4Og þó þeir gengi fangaðir burt frá
sínum óvinum þá vil eg þó bífala
sverðinu að það skal myrða þá þar. Því
eg vil hafa mín augu á þeim þeim til
ólukku en til einskis góða. 5Því Drott-
inn GUÐ Sebaót er slíkur að nær hann
áhrærir eitt land þá bráðnar það so að
allir innbyggjararnir skulu óttast að það
muni allt falla yfir þá sem vatn og yfir
þá fljóta sem vatnið í Egyptalandi.
6Hann er sá sem byggir sinn sal í himn-
inum og grundvallar sína tjaldbúð á
jörðunni. Hann kallar vatnið í sjónum
og úthellir því á jörðina. Hann heitir
DROTTINN.
7Eru þér, Ísraelsbörn, ekki álíka við
mig sem Blálendingar, segir DROTTINN?
Hefi eg ekki fært Ísrael af Egyptalandi
og þá Philisteis af Kaftór og þá sýr-
lensku af Kír? 8Sjá þú, augu DROTTINS
GUÐS líta upp á eitt syndugt kóngsríki
svo eg skal það með öllu afmá af jarð-
ríki. En þó vil eg ekki með öllu afmá
Jakobs hús, segir DROTTINN. 9En sjá þú,
eg vil bífala og láta sigta Ísraels hús á
meðal allra heiðingja so sem sigtað er
mjöl í sáldri. Og þau smákornin skulu
ekki falla á jörðina. 10Allir syndarar á
meðal míns fólks skulu deyja fyrir
sverði, þeir sem segja: „Ólukkan skal
ekki vera oss so nærri og eigi heldur
koma yfir oss“. 11Á þeim sömu dögum
vil eg upp aftur rétta þá niðurfallna
tjaldbúð Davíðs og uppbyggja hennar
niðurbrotna veggi og uppreisa það aft-
ur sem af er brotið og eg vil uppbyggja
hana aftur so sem hún var áður fyrri.
12Og þeir skulu eignast það eftirblífna í
Edóm og það eftirlátna á meðal allra
heiðingjanna hverjum mitt nafn pré-
dikast, segir DROTTINN sem svoddan
gjörir. 13Sjá þú, sú tíð skal koma, segir
DROTTINN, að menn skulu undir eins

erja og uppskera og sæðinu sá og vínberin sprengja. Og af fjöllunum mun drjúpa sætt vín og allar hæðir skulu frjósamar vera. [14]Því að eg vil umsnúa fangelsi míns fólks Ísraels að þeir skulu uppbyggja þá eyðistaði og búa þar, planta víngarða og drekka vín af þeim, gjöra aldingarða og eta ávöxtinn þar af. [15]Því að eg vil planta þá í þeirra landi so þeir skulu ekki meir upprykkjast af þeirra landi hvert eg vil gefa þeim, segir DROTTINN Guð þinn.

Ending prophetans Amos

PROPHETINN ABDÍAS

1 Þetta er Abdías sýn. Svo segir Drottinn GUÐ af Edóm: Vér höfum
heyrt af DROTTNI að þar skal koma einn
boðskapur á meðal heiðinna þjóða:
„Rísum upp, vér viljum stríða á móti
þeim!“
2Sjá, eg hefi þig lítinn á meðal
heiðingjanna og mjög fyrirlitinn gjört.
3Drambsemi þíns hjarta hefur svikið þig
af því þú bjóst í fjallaklofum, í þínum
háum slotum, og sagðir í þínu hjarta:
„Hver vill mig undirleggja?“ 4Og þó þú
færir enn so hátt upp í loftið sem örn
og gjörðir þitt hreiður á millum stjarn-
anna, samt þá vil eg þó kollvarpa þér
niður, segir DROTTINN.
5Já að þjófar og ræningjar falla yfir
þig á náttarþeli, hvernin muntu þá að
öngu verða? Já þeir skulu nóg stela og
nær þeir vínberjalesarar koma yfir þig
þá skulu þeir ekki par eftir hjá þér láta.
6Ó hversu þeir skulu þá rannsaka Esaú
og leita eftir hans fjársjóðum! 7Allir þín-
ir trúnaðarmenn skulu þig af landinu
reka og það fólk sem þú helst trúðir
skal þig svíkja og yfirfalla og þeir sem
eta þitt brauð skulu þig forráða áður þú
veist af. 8Hvað gildir, segir DROTTINN,
eg vil á þeim tíma gjöra vísindamenn-
ina í Edóm til einkis og hyggindin á
fjallinu Esaú. 9Því að þínir sterku í Tem-
an skulu örvæntast so að þeir skulu all-
ir með morði forganga upp á Esaúfjalli.
10Sökum þeirra ofríkis sem þeir
gjörðu sínum bróður Jakob á þeim tíma
sem þú stóðst í móti honum 11og þá
þeir annarlegu burt færðu hans her
fangaðan og þeir útlensku inndrógu
um hans borgarhlið og lögðu hluti yfir
Jerúsalem. Þá varstu líka sem einn af
þeim. Þar fyrir skaltu verða til allrar
skammar og vera í eyði ævinlega. 12Þú
skalt ekki hér eftir so sjá lyst á þínum
bróður í hans eymdartíð og þú skalt
ekki gleðja þig yfir Júdabörnum á
þeirra mótgangstíð. Og þú skalt ekki
tala so drambsamlega með þínum
munni í þeirra hryggðartíð. 13Þú skalt
ekki draga inn um borgarhliðin míns
fólks á þeirra eymdartímum. Þú skalt
ekki gleðja þig yfir þeirra óförum í
þeirra sorgartíð, þú skalt ekki senda í
móti hans herliði í hans mótgangstíð.
14Þú skalt ekki standa á gatnamótum til
að vega þá sem flýja frá honum. Þú
skalt ekki fordjarfa þá sem afgangs eru
á hans sorgartíð.
15Því dagur DROTTINS er nálægur yfir
öllum heiðingjum. Líka sem þú hefur
gjört so skal þér endurgjaldast og so
sem þú hefur forþénað so skal þér líka
það sama í koll koma. 16Því að líka sem
þér hafið drukkið á mínu heilögu fjalli
so skulu allir heiðingjar daglega
drekka. Já þeir skulu af drekka og upp-
svelgja að það skal vera so sem þar hafi
aldrei neitt verið. 17En þar skulu þó
nokkrir vera frelsaðir á Síonsfjalli og
þeir skulu vera einn helgidómur. Og
Jakobs hús skal þá eignast sem þá eign-
uðu sér áður. 18Og hús Jakobs skal vera
einn eldur og Jósefs hús einn logi en
Esaú hús einn hálmur. Hann skulu þeir
uppkveikja og uppbrenna so að þar skal
ekkert eftir vera af Esaú húsi. Því að
DROTTINN hefur so sagt.
19Og þeir í móti suðrinu skulu eignast
fjallbyggðir Esaú og þeir sem í dölunum
eru skulu eignast Philisteos. Já, þeir
skulu eiga Efraíms merkur og Samarie
grund og Benjamín Gíleaðsfjall. 20Og
þeir herteknu af her Israelisbarna,
hverjir að eru á meðal Cananeos allt til
Sarfat og þeir útreknu af Jerúsalem
sem að eru af Sefarat þeir skulu byggja
þá staðina sem eru nú í mót suðri. 21Og
frelsarar skulu koma á fjallið Síon að
dæma Esaú fjallbyggðir. So skal ríkið
verða DROTTINS.

Ending prophetans Abdías

PROPHETINN JÓNAS

1 Og orð DROTTINS skeði til Jónas
Amitaísonar og sagði: 2„Stattu upp
og gakk í þann stóra stað Ninivem og
prédika þú í honum það þeirra illska er
uppkomin fyrir mig.“ 3En Jónas stóð
upp og flýði frá augliti DROTTINS og vildi
yfir um sjóinn og hann fór ofan til Jafó.
Og hann fann þar eitt skip hvert eð yfir
sjóinn fara vildi og hann gaf skipherr-
anum flutningspeninga og sté á skip að
hann færi með þeim yfir um sjóinn frá
DROTTNI. 4Þá lét DROTTINN koma einn
mikinn storm yfir sjóinn og þar varð
ofurveður mikið á sjónum so skip-
verjarnir ætluðu að skipið mundi í
sundurbrotna. 5Og skipmennirnir voru
hræddir og hver og einn kallaði á sinn
guð og köstuðu farminum af skipinu í
sjóinn svo að skipið skyldi léttast. En
Jónas var genginn ofan í skipið, lá og
svaf. 6Þá gekk skipherrann til hans og
sagði: „Því sefur þú? Stattu upp og kalla
á þinn Guð ef verða mætti að Guð vilji
hugsa til vor so vér ekki forgöngum.“

7Og hver sagði til annars: „Komið og
göngum í hlutfall svo vér mættum vita
hvers skuld að það er að oss gengur so
illa.“ Og sem þeir hlutuðust um þá féll
hlutfallið yfir Jonam. 8Þá sögðu þeir til
hans: „Seg þú oss, hvað kemur til þess
að oss gengur so illa? Hvert er þitt er-
indi og hvaðan komstu? Af hverju landi
ertu? Frá hverju fólki ertu?“ 9Hann
sagði til þeirra: „Eg er einn ebreskur
maður og eg óttast DROTTIN Guð af
himnum, hver eð skapaði bæði sjó og
land.“ 10Þá óttuðust mennirnir mjög og
sögðu til hans: „Því hefur þú svoddan
gjört?“ Því þeir vissu að hann flúði frá
DROTTNI af því hann hafði sagt þeim
það. 11Þá sögðu þeir til hans: „Hvað
skulum vér þá gjöra þér so að sjórinn
megi stillast fyrir oss?“ Því að stórsjór-
inn var ógurlegur. 12Hann sagði til
þeirra: „Takið mig og kastið mér út í
sjóinn. Svo mun hafið sefast. Því eg veit
að slíkur stormur kemur fyrir mínar
sakir yfir yður.“ 13Og mennirnir neyttu
orku svo að þeir kæmist aftur til lands.
En þeir gátu það ekki því að sjórinn og
vindurinn voru í móti þeim. 14Þá köll-
uðu þeir til DROTTINS og sögðu: „Ó
DROTTINN, lát oss ei fordjarfast fyrir
þessa manns sál og reikna þú oss ekki
til saklaust blóð því að þú, DROTTINN,
gjörir so sem þér list.“ 15Og þeir tóku
Jonam og köstuðu honum í sjóinn og
jafnsnart varð sjórinn kyrr. 16Og
mennirnir óttuðust DROTTIN harla mjög
og færðu DROTTNI fórnir og áheit. 17En
DROTTINN setti til einn stóran hvalfisk
að svelgja Jonam. Og Jónas var í fisks-
ins kviði þrjá daga og þrjár nætur.

2 Og Jónas bað til DROTTINS Guðs
síns í kviði fisksins og sagði: 2Eg
kallaði til DROTTINS í minni neyð og
hann svaraði mér. Eg hrópaði úr kviði
helvítis og þú heyrðir mína bæn. 3Þú
varpaðir mér mitt í sjávardjúpið og
vatnið umkringdi mig. Allar þínar bár-
ur og bylgjur gengu yfir mig. 4So eg
þenkta að eg mundi í burt drifinn frá
þínum augum, að eg ætta ekki hér eftir
að sjá þitt heilagt musteri. 5Vatnið um-
kringdi mig allt til míns lífs, djúpið gaf
sig um mig, þangið huldi mitt höfuð.
6Eg sökk allt niður í undirdjúpið, jörðin
hafði læst mig ævinlega, en þú,
DROTTINN minn Guð, færðir mitt líf frá
glötuninni. 7Og þá mín sála örvilnaðist
meður mér þá minntist eg á DROTTIN og
mín bæn kom til þín í þitt heilaga must-
eri. 8Þeir sem halda sér við það sem
einkist er vert þeir forláta þeirra náð.
9En eg vil með þakklætisoffri og mitt
heit vil eg mínum DROTTNI gjalda það
hann mér hjálpað hefur. 10Og DROTTINN
sagði til fisksins og sá sami fiskur spjó
Jona úr sér upp á eitt þurrt land.

3 Og orð DROTTINS skeði í annað sinn
til Jónas og sagði: [2]„Stattu upp og
far í þann stóra stað Níníve og prédika
fyrir þeim þá prédikun sem eg segi
þér.“ [3]Þá reis Jónas upp og ferðaðist til
Níníve sem DROTTINN hafði sagt. En
Níníve var Guðs staður, þriggja dag-
ferða stór.

[4]Og sem Jónas tók til að ganga í stað-
inn og var kominn eina dagsreisu pré-
dikaði hann og sagði: „Enn nú eru
fjörutígu dagar þar til að Níníveborg
skal sökkva.“ [5]Þá trúði fólkið Níníve á
Guð og létu bjóða föstu og þeir klædd-
ust sekkjum, bæði stórir og smáir. [6]Og
sem þetta kom fyrir kónginn í Níníve
stóð hann upp af sínu tignarsæti og af-
skrýddi sig sínum purpura og sveipaði
um sig einum sekk og settist í ösku [7]og
lét eitt boð útganga og segja í staðnum
eftir skipun kóngsins og hans magtar-
manna: „Þar skal hverki menn né dýr,
ekki naut né sauðir, nokkuð smakka og
enginn skal þeim nokkuð ætt gefa, ekki
heldur láta þau drekka vatn. [8]Og menn
og dýr skulu sveipa sig sekkjum og
hrópa til Guðs alvarlega og hver skal
snúa sér frá sínum vonda vegi og frá
illsku sinna handa. [9]Hver veit nema
Guð umvendi sér og hann angri það og
snúi sér frá sinni grimmdarreiði so vér
fordjarfunst ekki?“

[10]Og sem Guð sá þeirra verk að þeir
sneru sér frá sínum vonda vegi angraði
hann það vonda sem hann hafði sagt að
hann vildi gjöra þeim og gjörði það
ekki.

4 Það mislíkaði Jona ofurmjög og
hann varð reiður [2]og bað til
DROTTINS og sagði: „Ó DROTTINN, þetta
er það sem eg sagði þá eg var enn í
mínu landi, hvar fyrir að eg vildi og svo
hafa komist undan og flýði á sjóinn. Því
að eg veit að þú ert náðugur, miskunn-
samur, þolinmóður og gæskufullur og
lætur þig angra það vonda. [3]So tak nú,
DROTTINN, mína sálu frá mér því eg vil
heldur deyja en lifa.“ [4]En DROTTINN
sagði: „Hyggur þú að þú reiðist með
réttu?“ [5]Og Jónas gekk út af staðnum
og setti sig í austur gagnvart staðnum
og gjörði sér þar eitt hreysi. Þar settist
hann niður undir skuggann þangað til
hann sæi hvað yfir staðinn mundi
koma.

[6]Og DROTTINN Guð lét vaxa einn lund
og hann óx yfir Jonam so hann skýldi
honum yfir hans höfuð og linaði hans
veikleika. Og Jónas gladdist mjög af
þeim lundi. [7]En DROTTINN tilsetti einn
orm um morguninn þá morgunroðinn
kom og ormurinn stakk þennan lund
so hann visnaði. [8]Og sem sólin var upp
komin lét DROTTINN koma eit þurrt
austanveður og sólargeislinn skein á
höfuð Jónas og hann varð máttlaus. Þá
óskaði hann sér dauða og sagði: „Eg vil
heldur deyja en lifa.“

[9]Þá sagði DROTTINN til Jonam: „Hugs-
ar þú að þú reiðist með réttu vegna
þessa lunds?“ Hann sagði: „Eg reiðunst
með réttu allt til dauða.“ [10]Og DROTTINN
sagði: „Þú kennir í brjósti um þennan
lund fyrir hverjum þú ekki erfiði hafðir
og ekki heldur létstu hann vaxa, hver á
einni nótt óx og á einni nótt visnaði.
[11]Og skyldi eg ekki sjá aumur á Níníve,
so stórum stað, í hverjum að eru meir
en hundrað og tuttugu þúsundir
manna hverjir öngvan greinarmun
vita, hvað hið hægra eða hið vinstra er,
og þar með fjöldi dýra?“

Ending prophetans Jónasar

PROPHETINN MICHEAS

1 Þetta er það orð DROTTINS sem
skeði til Micheas af Maresa á dögum Jótam, Akas og Ezechias Gyðingakónga, hvað hann sá yfir Samaria og Jerúsalem.

[2]Heyrið, allar þjóðir, og landið gaumgæfi og allt það sem þar er inni því að DROTTINN Guð hefur nokkuð að tala við yður, já DROTTINN af sínu heilögu musteri. [3]Því að sjáið, DROTTINN mun út fara af sínu takmarki og fara ofan og ganga um hæðirnar í landinu [4]so að fjöllin skulu bráðna undir honum og dalirnir í sundurklofna líka sem vax bráðnar fyrir eldi eða sem vatn það sem strítt fellur. [5]Þetta allt saman fyrir Jakobs yfirtroðslu skuld og sökum synda þeirra af húsi Ísraels. En hver er Jakobs synd? Er það ekki Samaria? Og hverjar eru Júda hæðir? Er það ekki Jerúsalem?

[6]Og eg vil gjöra Samaria að einni grjóthrúgu í markinni so sem menn hlaða upp í kringum víngarðana og eg vil velta hennar steinum í dalinn og niðurbrjóta í grunn. [7]Allir hennar afguðir skulu í sundur brjótast og öll hennar hórulaun skulu brennast með eldi og eg vil í eyði leggja öll hennar bílæti því að þau eru samansöfnuð af hórulaunum og þau skulu aftur verða að hórulaunum.

[8]Þar fyrir hlýt eg að gráta og veina. Eg má ganga sviptur klæðum og nakinn, eg má syrgja sem dreki og ýla sem strússfugl. [9]Því þar eru engin ráð til þeirrar plágu sem komin er allt að Júda og skal taka til alls míns fólks, til portdyranna í Jerúsalem. [10]Kunngjörið það þó ekki í Gat, látið ekki heyra yðvarn grát heldur farið í yðar sorgarhús og sitjið þar í ösku. [11]Þú inn fagri staður skalt niðurfalla með allri skömm. Þeir innbyggjarar í Jaenam skulu ekki útfara sökum sorgar þeirra næstu húsanna. Hann skal taka það frá yður þegar hann leggur sig þar. [12]Sá sorgfulli staður getur ekki huggað sig því ólukkan skal koma frá DROTTNI og so til portanna í Jerúsalem. [13]Þú Lakísstaður, bú þú til hesta og vagna og flý þar frá því þú ert Síonsdóttir upphaf til synda og Ísraels yfirtroðslur eru fundnar í þér. [14]Þú skalt fangarana útgefa so vel sem Gat. Staðurinn Aksíb skal finna það með Israeliskóngum, [15]eg vil færa þann rétta arf til þín, Maresa, og Ísraelsskraut skal koma til Adúllam. [16]Lát af þér raka hárið og gakktu sköllóttur yfir þínum fríðum börnum. Gjör þú þig með öllu sköllótta sem ein örn því þeir eru færðir fangaðir frá þér.

2 Vei þeim sem hugsa að gjöra skaða
og þeir sem ástundan hafa í sænginni að gjöra rangindi og að fullgjöra hann so snemma sem dagar því þeir hafa magtina! [2]Þeir hrifsa akrana til sín og taka þau hús sem þá girnir á og gjöra so ofríki á hvers manns heimili og hvers manns arfi. [3]Þar fyrir segir DROTTINN so: Sjá þú, eg hugsa þessari kynslóð illt undan hverju að þér skuluð ekki skjóta yðar hálsum og þér skuluð ekki ganga svo lengur drambsamlegana fram því það skal verða ein vond tíð. [4]Á þeim tíma skulu menn gjöra einn málshátt um yður og klaga: „Það er útgjört“ skulu menn segja, „vér erum hrapaðir. Landið míns fólks fær einn annarlegan herra. Nær skal Guð skipta þeim ökrum aftur sem hann hefur tekið frá oss?“ [5]Já vel, þér skuluð öngum hlut eftir halda í samkundu DROTTINS.

[6]Þeir segja: „Menn skulu ekki láta drjúpa það soddan dropar koma ekki á oss. Ekki munum vér so að skömm verða.“ [7]Jakobs hús huggar sig so. Meinar þú að andi DROTTINS sé stuttur orðinn? Skyldi hann vilja svoddan gjöra? Það er satt, mín orð eru góðum til gleði. [8]En mitt fólk hefur uppreist sig sem einn óvinur. Því þeir ræna þá bæði

kápum og kyrtlum, hverjir einarðlega
ganga fram líka sem þeir eð kom úr
stríði. 9Þér útrekið míns fólks kvinnur
frá þeirra ununarsömum húsum og
takið alltíð mína prýði frá þeirra börn-
um. 10Þar fyrir búið yður, þér hljótið í
burt héðan. Þér skuluð ekki vera hér,
fyrir soddan yðar óhreinleika skulu þér
verða harðlega foreyddir. 11Ef eg væra
einn villuandi og einn lygaprédikari og
prédikaði hversu þeir skyldu drekka og
svelgja, það væri fínn prédikari fyrir
þetta fólk.

12En eg vil þér, Jakob, öllum saman-
safna og til samans færa það eftir er í
Ísrael. Eg vil leiða þá til samans sem
eina hjörð og láta þá í einn fastan stall
og líka sem eina hjörð í eitt sauðahús
so þar skal verða niður af mannmergð-
inni. 13Sá skal undan þeim uppfara sem
í gegnum brýst, þeir skulu brjótast
fram og fara í gegnum portin, út og
inn, og þeirra kóngur skal ganga fyrir
þeim og DROTTINN fyrstur.

3 Og eg sagði: Heyrið þá, þér höfð-
ingjar af Jakobs húsi. Þér skylduð
vera með réttu þeir sem réttinn ættu að
vita. 2En þér hatið það góða og elskið
það vonda. Þér fláið húðina af þeim og
kjötið af þeirra beinum og etið kjöt
míns fólks. 3Og þá þer hafið dregið
húðina af þeim þá sundurbrjóti þér
þeirra bein og leggið þau í burt sem í
einn pott og líka sem kjöt í einn ketil.
4Þar fyrir nær þér kallið til DROTTINS þá
skal hann ekki bænheyra yður heldur
skal hann byrgja sitt andlit fyrir yður á
þeim sama tíma so sem þér hafið for-
þént með yðar vondri breytni.

5So talar DROTTINN á mót þeim proph-
etunum sem villa mitt fólk: Þeir pré-
dika að það skuli ganga vel nær menn
gefa þeim nóg að eta en fái þeir ekkert í
munninn þá prédika þeir: „Hér skal
koma eitt stríð.“ 6Þar fyrir skal yðar
sjón verða að nóttu og yðar spádómur
að myrkri. Sólin skal ganga undir yfir
þeim prophetum og dagurinn skal
myrkvast yfir þeim. 7Og sjáendurnir
skulu að skömm og spámennirnir skulu
að spotti verða og allir skulu þeir byrgja
sína munna það þá skal ekkert Guðs
orð vera.

8En eg er fullur af krafti og anda
DROTTINS, fullur styrks og réttar, so eg
þori að segja Jakob til sinna misgjörða
og Ísrael til sinna synda.

9So heyrið nú þetta, þér höfðingjar í
húsi Jakobs, og líka þér herrar í húsi
Ísraels, þér sem forsmáið réttinn og
umsnúið öllu því sem rétt er, 10þér sem
uppbyggið Síon með blóð og Jerúsalem
með ranglæti. 11Hennar höfðingjar
dæma fyrir gáfur, hennar prestar
kenna fyrir laun og hennar prophetar
spá fyrir peninga. Þeir forláta sig á
DROTTIN og segja: „Er ekki Guð með
oss? Þar kann engin ólukka að koma
yfir oss.“ 12Þar fyrir skal Síon verða
plægð sem einn akur yðar vegna og
Jerúsalem skal verða að steinhrúgu og
fjallið musterisins að einni eyðuhæð.

4 En á þeim síðustu dögum skal það
fjallið, á hverju eð hús DROTTINS
stendur, vissilegana hærra vera en öll
fjöll og upphefjast yfir allar hæðir. Og
fólkið skal hlaupa þar til 2og margir
heiðingjar skulu fara og segja: „Komið,
vér viljum ganga upp til fjalls Drottins
og til hússins Guðs Jakobs so að hann
læri oss sína vegu og vér skulum ganga
á hans götum.“ Því lögmálið skal út-
ganga af Síon en orð DROTTINS af Jer-
úsalem. 3Hann skal dæma á meðal mik-
ils fólks og straffa marga heiðingja í
fjarlægum löndum. Þeir skulu gjöra sín
sverð að plógjárnum og þeirra spjót til
sigða og þar skal ekkert fólk reisa sverð
á mót öðru og þeir skulu ekki þaðan í
frá læra að stríða. 4Hver skal búa undir
sínu víntré og fíkjutré án ótta því að
DROTTINS Sebaót munnur hefur sagt
það. 5Því að hvert fólk skal ganga í síns
guðs nafni en vér skulum ganga í vors

DROTTINS Guðs nafni ætíð og ævinlega.
6Á þeim tíma, segir DROTTINN, vil eg
samansafna höltum og þeim útreknu til
samans koma og þeim sem eg hefi
plágað 7og eg vil láta þá höltu fá arf og
þeir útskúfuðu skulu verða að miklu
fólki. Og DROTTINN skal vera kóngur
yfir þeim á fjallinu Síon héðan í frá og
að eilífu. 8Og þú, Eder, sá sterki turn Sí-
onsdóttir, þín gyllinirósa skal koma, sá
fyrsti höfðingskapur sem er Jer-
úsalemdóttir kóngsríki.

9Hvar fyrir heldur þú þér nú til
annarra vina? Er ekki kóngurinn hjá
þér? Og eru allir þínir ráðgjafarar í
burtu so að þar er kominn soddan
hrelling yfir þig, líka sem yfir jóðsjúka
konu? 10Ó minn hjartanlegi, líð þú vel
svoddan hrelling og styn þú, dóttir Sí-
on, líka sem sú hin jóðsjúka. Því þú
mátt vissulega út af staðnum og búa á
markinni og koma til Babýlon. En þú
skalt frelsast þaðan aftur, DROTTINN
skal þar frelsa þig frá þínum óvinum.

11Því margir heiðingjar skulu flykkj-
ast í mót þér og segja: „Hún er for-
boðuð, vér viljum sjá vora lyst á Síon!“
12En þeir vita ekki DROTTINS hugsun og
merkja ekki hans ráðagjörð, að hann
hefur safnað þeim til samans líka sem
öðru bindini í kornhlöðu. 13Þar fyrir þá
rís þú upp að þreskja, þú Síonsdóttir,
því eg vil gjöra þér járnhorn og kop-
arneglur og þú skalt í sundurslá margt
fólk. So vil eg heita að gefa DROTTNI
þeirra góss og þeirra eignir, þeim sem
drottnar yfir öllum heimi.

5 En þú stríðskvinna, herklæðstu nú
því þeir vilja umkringja oss og slá
Ísraels dómendur á kinnbeinið með
keppum.

2Og þú, Betlehem Efrata, þú sem ert
lítil á meðal þúshunda í Júda, út af þér
skal koma sá sem vera skal herra yfir
mitt fólk Ísrael, hvers útgangur að ver-
ið hefur frá upphafi og þegar frá eilífri
tíð. 3En á þessum lætur hann plága þá
allt til þeirrar tíðar að sú sem fæða skal
hefur fætt. So skulu þá hans eftirblíf-
andi bræður aftur koma til Ísraels-
barna. 4En hann skal upprísa og fóðra
þá í krafti DROTTINS og í sigri síns Guðs
nafns. Og þeir skulu óhræddir búa því
hann skal blífa dásamlegur á þeirri
sömu tíð svo vítt sem veröldin er. 5So
skulu vér og hafa frið fyrir Assúr sem
nú er innfallinn í vort land og hefur
niðurbrotið vor hús. Því að sjö hirðarar
og átta höfðingjar skulu uppvekjast á
móti honum, 6hverjir fordjarfa skulu
landið Assúr með sverði og Nimrods
land með þeirra berum vopnum. Þá
skulum vér frelsast frá Assúr sem er
innfallinn í vort land og hefur niður-
brotið vor landamerki.

7Og það sem eftir er af Jakob skal
verða á meðal margs fólks líka sem ein
dögg af DROTTNI og líka sem dropar á
grasi, það sem eftir öngvum manni bíð-
ur, eigi heldur vonar á mennina. 8Já
þeir sem eftir eru orðnir af Jakob skulu
vera á meðal heiðingjanna hjá mörgu
fólki líka sem eitt león á millum dýra í
skógi og líka sem einn leónshvölpur á
millum einnrar sauðahjarðar, hverjum
enginn getur hamlað nær hann gengur
þar í gegnum, niðurtreður og í sundur
rífur. 9Því að þín hönd skal vinna sigur-
inn á öllum þínum mótstöðumönnum
so að allir þínir óvinir skulu afmáðir
verða.

10Á þeim sama tíma, segir DROTTINN,
vil eg þína hesta í burt frá þér taka og
þína vagna fordjarfa 11og afmá allar
þínar borgir í landinu og niðurbrjóta
alla þína sterka kastala. 12Og eg vil
útreka alla töframenn frá þér so enginn
teiknaútþýðari skal lengur vera hjá þér.
13Eg vil upprykkja þínum bílætum og
þína afguði frá þér taka so þú skalt ekki
þaðan í frá biðja til þinna handagjörn-
inga. 14Og eg vil niðurbrjóta þína lunda
og afmá þína staði. 15Og eg vil hefnast
með grimmd og reiði á öllum heiðingj-
um sem ekki vilja hlýða.

6 Heyrið þó hvað DROTTINN segir:
Stattu upp og straffa fjöllin og lát
hæðirnar heyra þína raust. [2]Heyri, þér
fjöll, hvernin DROTTINN vill straffa, og
þér sterku jarðarinnar grundvellir, því
að DROTTINN vill straffa sitt fólk og
hann vill hirta Ísrael. [3]Mitt fólk, hvað
hefi eg gjört þér eða með hverju móti
hefi eg angrað þig? Segðu mér það.
[4]Færða eg þig ekki út af Egyptalandi og
frelsaði þig af því þrældómshúsi og
senda Moysen, Arron og Mariam und-
an þér? [5]Mitt fólk, þenk nú þar upp á
hvað Balak kóngurinn af Móab hafði í
sinni og hverju að Balaam Peórson
svaraði honum, frá Sitím og allt til Gil-
gal, á þessu skyldu þér merkja hversu
DROTTINN hefur gjört yður allt gott.

[6]Með hverju skal eg nú blíðka
DROTTIN? Með hnékropningu fyri þeim
hæðsta Guði? Eða skal eg forlíka hann
með brennifórnum og veturgömlum
kálfum? [7]Ætlar þú að DROTTINN hafi
þóknan á mörgum þúsunda hrútum
eða viðsmjöri þó þar væri óteljanlegar
ár fullar af? Eða skal eg gefa minn
frumgetinn son fyrir mína misgjörn-
inga eða ávöxt míns lífs fyrir syndir
minnar sálu? [8]Þú manneskja, það er þér
sagt hvað gott er og hvað DROTTINN
heimtir af þér, sem er að halda Guðs
orð og hafa kærleika og lítillæta þig fyr-
ir þínum Guði.

[9]Rödd DROTTINS skal hrópa yfir stað-
inn. En hver sem óttast þitt nafn, hon-
um skal ganga vel. [10]Heyri, þér kyn-
kvíslir, hvað þar prédikast. En líka sem
áður blífur óréttferðugt góss í húsi
óguðhræddra og sá haturlegi litli mælir
efa. [11]Eða skylda eg samþykkja þá
röngu vigt eður það falska peninga-
gjald? [12]Með hverju þeir ríku gjöra mik-
inn órétt og þeirra innbyggjarar fara
með lygar og hafa falskar tungur í sín-
um hálsum. [13]Þar fyrir vil eg nú taka til
að plága þig og eyðileggja þig fyrir
þinna synda skuld. [14]Þú skalt ekki hafa
nóg að eta og þú skalt vanmegnast. Og
hverju þú náir því skaltu aftur sleppa
en hverju þú sleppir það vil eg gefa
undir sverðið. [15]Þú skalt sá og ekki upp-
skera, þú skalt fergja oleum og ei
smyrja þig með því, þú skalt sprengja
vínberin og ei drekka vínið. [16]Því að þér
hafið sið Amrí og allan gjörnin Akabs
hús og fylgið þeirra ráðum. Því vil eg
eyðileggja þig og þína innbyggjara svo
menn skulu blístra eftir þeim og þeir
skulu bera brígsli míns fólks.

7 Aví, mér gengur líka sem þeim
manni sem eftirvinnu hefur í vín-
garði og finnur öngva vínþrúgu sér til
matar og vildi þó gjarnan hafa fundið
þann besta ávöxt! [2]Það réttláta fólkið er
í burt af þessu landi og þeir réttvísu eru
ekki meir á meðal fólksins. Þeir umsitja
allir blóð, hver vill veiða sinn bróður
[3]so hann megi fordjarfa hann og meina
sig að gjöra vel þar út í nær þeir gjöra
illa. Hvað höfðinginn vill það segir
dómandinn so að hann gjöri honum
enga þénustu aftur. Þeir sem magtina
hafa ráða eftir sínum eigin vilja skaða
að gjöra og beygja það hvert þeir vilja.
[4]Sá allra besti á meðal þeirra er líka sem
þyrnir og sá ærlegasti er líka sem þist-
ill. En nær dagur þinnar prédikunar
kemur á hverjum þín skal vitjað verða,
þá skulu þeir ekki vita hvað þeir skulu
til gjöra.

[5]Enginn trúi sínum náunga og enginn
treysti á höfðingjana. Vakta þú dyr þíns
munns fyrir þeim sem sefur í þínu
fangi. [6]Því sonurinn foraktar föðurinn,
dótturin setur sig í móti móðurinni,
sonarkonan á móti móður síns manns
og mannsins óvinir er hans heimafólk.
[7]En eg vil líta til DROTTINS og bíða eftir
hjálpræði míns Guðs. Minn Guð mun
heyra mig.

[8]Gleð þig ekki, mín mótstöðukona,
þó eg liggi þar fallin. Eg mun koma upp
aftur og þó eg sæta enn í myrkri þá er
þó DROTTINN mitt ljós. [9]Eg vil bera reiði
DROTTINS því eg hefi syndgast á móti

honum þar til hann dæmir mína sök og skikkar mér rétt, hann skal leiða mig til ljóssins so eg sjái mína lyst í hans náð.
[10]Mín mótstöðukona skal sjá það og standa með allri skömm, hver nú segir til mín: „Hvar er DROTTINN þinn Guð?“ Mín augu skulu það sjá að hún skal niðurtroðast á strætinu svo sem saur.

[11]En á þeim tíma skulu þínir múrar uppbyggjast og Guðs orð skal vítt útbreiðast. [12]Og á þeim tíma skulu þeir af Assúr og af þeim styrkvum stöðum koma til þín, þeir frá þeim sterkum stöðum allt til Vatsins, frá einu hafi til annars, frá einu fjalli til annars. [13]Því að landið skal verða í eyði fyrir sökum sinna innbyggjara og sökum ávaxtar þeirra verka.

[14]En fæð þú þitt fólk með þínum staf, þína arfleifðarhjörð, sú að býr bæði í skóginum og upp á markinni. Lát þá fóðrast í Basan og Gílead so sem í forðum tíð.

[15]Eg vil láta þá sjá undarlega hluti líka sem á þeim tíma þá þeir drógu út af Egyptalandi [16]að heiðingjarnir skulu það sjá og allir þeir inu voldugu skulu skammast sín og leggja hendur á sinn munn og halda fyrir sín eyru. [17]Þeir skulu sleikja duft sem höggormar og liggja sem maðkar á jörðunni og skjálfa í sínum holum. Þeir skulu vera hræddir fyrir DROTTNI vorum Guði og óttast þig.

[18]Hvar er soddan einn Guð sem þú ert, hver eð fyrirgefur syndirnar og forlætur misgjörningana þeim sem eftir eru af hans arfleifð? Hann framheldur ekki sinni reiði ævinlega því hann er miskunnsamur. [19]Hann mun miskunna oss aftur að nýju og niðurtroða vora misgjörninga og kasta öllum vorum syndum í hafsins djúp. [20]En þú munt halda þína trú við Jakob og við Abraham þína náð sem þú hefur svarið vorum forfeðrum fyrir langri ævi.

Ending prophetans Michee

PROPHETINN NAHÚM

1 Þetta er sá byrðarþungi Níníve og
sú spádómsbók Nahúm af Elkos.
[2]DROTTINN er einn vandlætandi Guð og
hefnandi, já DROTTINN er hefnandi og
reiður. DROTTINN er hefnandi á sínum
mótstöndurum og hann sem ei skal
gleyma því á sínum óvinum.
[3]DROTTINN er þolinmóður og mjög
kröftugur, fyrir hverjum að enginn er
saklaus. Hann er DROTTINN og hans
vegir eru í vindi og stormi og undir
hans fótum þykkt djúpt. [4]Sá sem hastar
á sjóinn og gjörir hann þurran, gjörandi
og so öll vötn þurr. Basan og Karmel
vanmegnast og allt það sem blómgast á
fjallinu Líbanon visnar. [5]Fjöllin skjálfa
fyrir honum og hálsarnir forganga og
allt jarðríkið bifast fyrir honum, so og
veraldarkringlan og þeir allir sem búa
þar á.
[6]Hver má standa fyrir hans reiði eða
hver má blífa fyrir hans grimmd? Hans
reiði brennur sem eldur og björgin
klofna í sundur fyrir honum. [7]DROTTINN
er góður og ein hlífð í neyðinni og hann
þekkir þá sem treystast í honum. [8]Nær
að flóðið yfirgengur þá lætur hann það
hafa enda. En hann ofsækir sína óvini
með myrkri.
[9]Hvað hugsi þér í móti DROTTNI?
Hann skal þó gjöra einn enda þar á.
Ólukkan skal ekki koma í tvær reisur.
[10]Því að líka sem þyrnar þeir eð vaxa
hver með öðrum og besta frjóvgan hafa
verða brenndir líka sem þurrt hálm-
strá, [11]so skal það ganga því skálkaráði
sem kemur af þér og þenkir vont í móti
DROTTNI. [12]So segir DROTTINN: Komi þeir
so brynjaðir og máttugir sem þeir vilja,
þeir skulu þó afhöggvast og í burt fara.
Eg hefi auðmýkt þig en eg vil ekki auð-
mýkja þig aftur. [13]Þá vil eg í sundur-
brjóta hans ok það þú ber og í sundur
slíta þín bönd. [14]En DROTTINN hefur
boðið mót þér að þar skal ekkert nafn
meir blífa af þínu sæði. Eg vil uppkippa
þér af þíns Guðs húsi og eg vil gjöra
þinn afguð og þitt bílæti þér til einnrar
grafar því þú er orðinn til einskis.
[15]Sjáið, upp á fjöllunum koma fætur
eins góðs sendiboða sem prédikar frið-
inn. Þú Júda, halt þína helgidaga og
efndu þín heit. Því skálkurinn skal ekki
framar koma yfir þig því hann er með
öllu afmáður.

2 Sundurdreifarinn skal draga upp í
móti þér og setjast um þína kast-
ala. En tilreittu strætin vel og bú þig
það allra besta og efl styrk það mesta
þú kannt. [2]Því að DROTTINN skal bitala
Jakobs drambsemi so sem Ísraels
drambsemi því reifararnir skulu rupla
þá og fordjarfa þeirra vínkvistu. [3]Hans
sterku skildir eru rauðir, hans stríðs-
menn eru sem purpuri, hans vagnar
leiftra sem eldur í orrustunni. [4]Þeirra
spjót bjúa, vagnarnir glamra á götunum
og hrikta á strætunum. Þeir lýsa sem
blys og fara til samans sem eldingar.
[5]En hann mun þenkja á sína magtar-
menn. Þá skulu þeir sömu falla hvert
sem þeir snúa sér og þeir munu flýta
sér til múrveggjanna og til vígis þar
þeir mega örugglega standa. [6]En portin
hjá vatninu skulu þó verða upplátin [7]og
tignarhöllin skal niður falla. Drottn-
ingin skal hertekin í burt flytjast og
hennar jungfrúr skulu sýta sem dúfur
og berja sig á sín brjóst.
[8]Því að Níníve er líka sem dammur
fullur af vatni en það skal burt renna.
Þá skulu þeir kalla: „Standið við,
standið við!“ En þar skal enginn snúa
sér aftur. [9]So rænið nú silfri og rænið
gulli því þar er ógrynni liggjanda fjár og
allra handa kostulegra dýrgripa. [10]En
nú hlýtur hún með öllu upp að lesast og
ruplast svo hennar hjarta skal bleyðast.
Knén veiklast, allar lendar bifast og öll
andlit skulu so föl sem pottur. [11]Hvar er
nú leónanna heimilið og grashagar

leónshvölpanna, þar sem leónið og leóninann ganga með sínum ungu hvölpum og enginn þorir að leggja par til þeirra? [12]Heldur rænti leónið nóg fyrir sína unga og drap niður handa sinni leóninnu. Hann uppfyllti sínar holur með herfang og sitt inni með þeim sem hann hafði í sundur rifið.

[13]Sjá þú, eg vil til við þig, segir DROTTINN Guð Sebaót, og uppkveikja reyk í þínum vögnum og sverðið skal eta þína ungu leóna og eg vil gjöra enda á þínu ráni á jörðu so menn skulu ekki heyra raust þinna sendiboða héðan af.

3 Vei þeim manndrápastað, hver fullur er af lygum og ráni og vill þó ekki láta af sínum ránskap! [2]Því þar skulu menn heyra svipurnar hljóma og hjólin hrikta, hestana hneggja og vagnana braka. [3]Hann færir riddarana upp með skyggðum sverðum og skínandi spjótum. Þar liggja margir í hel slegnir og mikill fjöldi dauðra manna so enginn getur talið þá og menn detta um þá inu dauðu. [4]Það sker allt saman fyrir þann stóra hóruskap þeirrar fögru hóru hver að fjölkynngi hefur með hönd og heiðingjana hefur með sínum hórdómi en lönd og lýði hefur með sínum göldrum útvegað. [5]Sjá þú, eg vil þér í mót, segir sá DROTTINN Sebaót, eg vil uppfletta faldi þinna klæða fyrir þínu augliti og eg vil gjöra þig nakinn fyrir heiðingum og sýna þína smán kóngaríkjunum. [6]Eg vil gjöra þig mjög hræðilega og skamma þig og gjöra þig að einu skoðunarspili [7]so að allir þeir sem þig sjá skulu flýja fyrir þér og segja so: „Níníve er foreydd! Hver vill samharma með henni?“ Og hvert skal eg leita þér að huggara?

[8]Meinar þú að þú sért betri en sá stjórnarastaðurinn Nó sá eð lá hjá vatninu og hafði vatnið allt um kring, hvers múrar og festingar að sjórinn var? [9]Bláland og Egyptaland voru hennar ósegjanleg magt, Pút og Líbía voru þín hjálp. [10]Hann varð þó fordjarfaður og varð fanginn að rýma í burt og hans börn voru í hel slegin á öllum strætum og menn köstuðu hluti um hans eðalborin börn og allir hans magtarmenn voru bundnir hlekkjum og settir í fjötur. [11]So skaltu og verða drukkin og fela þig og leita þér hlífðar fyrir þínum óvinum. [12]Allir þínir sterkustu staðir eru sem fíkjutré með fullvöxnum fíkjum nær mann hristir þau þá falla þær þeim í munn sem þær vill eta. [13]Sjá, þitt fólk skal verða að konum í þér og dyr þíns lands skulu upplátast fyrir þínum óvinum og eldurinn skal eyða þínum járngrindum.

[14]Drag þér vatn því þú skalt verða umkringd. Bættu upp þína kastala. Far til leirs, hnoða hann og gjör þér sterka tígulsteina. [15]En eldurinn skal uppeta þig og sverð skal í hel slá þig, það skal uppeta þig líka sem kálormur, það skal yfirfalla þig sem kálormur, það skal ofurfalla þig sem engisprettur. [16]Þú hefur fleiri kaupmenn en stjörnur eru á himnum en nú skulu þeir útbreiða sig sem kálormar og fljúga í burt. [17]Þínir herrar eru svo margir sem engisprettur og þínir höfðingjar sem kálormar sem sig leggja hjá görðunum á þeim kalda deginum. En þegar sólin uppkemur þá flýja þeir burt þaðan so enginn veit hvað af þeim verður.

[18]Þínir hirðarar skulu sofa, þú kóngur í Assyria, þínir magtarmenn skulu leggja sig og þitt fólk skal í sundurdreifast á fjöllunum og enginn safnar þeim saman. [19]Enginn skal harma þinn skaða, engi heldur hryggjast vegna þinnar plágu heldur allir þeir sem heyra soddan um þig skulu saman klappa sínum höndum yfir þér því yfir hvern er ekki þín illska í sífellu komin?

Ending prophetans Nahúm

PROPHETINN HABAKUK

1 Þetta er sú byrðin sem Habakuk
spámaður hefur séð.
[2]DROTTINN, hversu lengi skal eg hrópa
en þú vilt ekki heyra? Hversu lengi skal
eg hrópa til þín um það ofríki og þú vilt
ekki hjálpa? [3]Því lætur þú mig sjá mæðu
og arfiði? Því vísar þú mér rán og
rangindi í kringum mig? [4]Magtin geng-
ur yfir réttinn. Því gengur það mjög
öðruvís til en so sem rétt er og rétt mál
hefur öngvan sigur. Því að sá óguð-
hræddi svíkur þann réttláta og því
verða dómarnir rangir.
[5]Sjáið á meðal heiðingjanna, sjáið og
undrið yður því eg vil gjöra nokkuð á
yðrum tíma hverju þér skuluð ekki trúa
þá yður verður þar af sagt. [6]Því sjáið, eg
vil uppvekja þá Chaldeos, eitt fólk fljótt
og grimmt, hvert að reisa skal svo vítt
sem landið er að inntaka þau heimili
sem ekki eru þeirra. [7]Og þeir skulu vera
ógnarlegir og hræðilegir, þeir sem
skulu bjóða og þvinga sem þeir vilja.
[8]Þeirra hestar eru fljótari en pardus,
svo eru þeir gráðugri en úlfar að kveldi.
Þeirra riddarar draga hingað í stórum
hópum af fjarlægð sem fljúgi þeir líka
sem örn til eins hræs. [9]Þeir koma allir
saman hingað til þess að þeir gjöri
skaða. Þeir brjótast í gegnum hvert þeir
vilja sem eitt austanveður og þeir skulu
safna þeim herteknu til samans sem
sandi. [10]Þeir skulu hæða kóngana og
hlæja að höfðingjunum, allar sterkar
borgir skulu vera þeim eitt gaman því
þeir skulu gjöra vígvélar og vinna þær.
[11]Þá skulu þeir taka nýjan móð til sín,
þeir skulu áfram fara og syndgast. Svo
skal þeirra sigur heyra þeirra guði til.
[12]En þú, HERRA, minn Guð, minn heilag-
ur, þú sem ert af eilífri tíð, lát oss ekki
deyja heldur lát þá, DROTTINN, vera vort
straff, ó þú vor styrkur, lát þá aðeins
tyfta oss. [13]Þín augu eru hrein so þú
kannt ei að sjá það vonda og þú getur ei
séð það auma. Hvar fyrir sér þú til
þeirra forsmánara og þegir að sá hinn
óguðlegi uppsvelgir þann sem frómari
er en hann? [14]Og þú lætur mennina
ganga sem fiska í sjónum, so sem orma
þeir öngva herra hafa. [15]Þeir draga það
allt saman með krókum og veiða það
með sínum færum og safna því saman
með sínum netum. Af þessu gleðjast
þeir og eru kátir. [16]Þar fyrir offra þeir
sínum veiðarfærum og gjöra reykelsi
fyrir sínum netum það þeirra partur er
orðinn feitur af því sama og þeirra
matur so mikill. [17]Þar fyrir varpa þeir
sínu neti alltíð út og vilja ekki afláta að
drepa fólkið.

2 Hér stend eg á mínu varðhaldi og á
mínum styrkvum kastala, lítandi
um kring og skoðandi hvað mér sagt
verður og hverju eg skal svara þeim
sem mig straffar.
[2]DROTTINN svaraði mér og sagði:
Skrifa þú þessa sýn og mála þú hana á
eitt spjald so þeir kunni að lesa hana
sem þar framhjá hlaupa, [3]sem er so:
Spádómurinn skal þó enn fram koma á
sínum tíma og skal endilega koma á
þeim degi og ekki bregðast. Og þó hann
enn dvelji þá bíðið hans því hann skal
vissulega koma og ekki mjög tefja. [4]Sjá,
sá sem er harðsvíraður hann skal
öngva ró hafa í sínu hjarta því að sá
réttláti lifir af trú sinni.
[5]En vínið prettar þann drambsama so
að hann kann ekki að standast, hver
sína sál útþenur sem helvíti og er fljót-
ur sem dauðinn sá ei kann að seðjast
heldur safnar öllum heiðingjum til sín
og safnar öllu fólki að sér. [6]En hvað
gildir það að allir þeir inu sömu skulu
gjöra einn málsháttum hann og eina
ræðu með orðskviðum og segja: Vei
þeim sem sitt góss auka með annars
auðæfum (og hversu lengi skal það
vara?) og hleður á sig miklum saur! [7]Ó
hversu skyndilega skulu þeir uppvekj-

ast sem bíta skulu þig og uppvakna sem þér skulu burt kasta og þú skalt verða þeirra hlutskipti. 8Því þú hefur rænt marga heiðingja, so skulu þeir nú ræna þig aftur, allir þeir sem eftir eru af fólkinu, fyrir sökum manna blóðs og fyrir það ofríki sem þú gjörðir í landinu og staðnum öllum þeim þar inni búa.

9Vei þeim sem hann er ágjarn til ólukku síns húss til þess að hann megi leggja sitt hreiður í hæðinni so hann megi komast undan ólukkunni! 10En þín ráðagjörð skal verða til skammar þínu húsi. Því þú hefur deytt of margt fólk og hefur syndgast með allsháttaðri illsku. 11Því steinarnir í múrnum skulu og hrópa og bitarnir undir sperrunni skulu svara þeim.

12Vei þeim sem uppbyggir staðinn með blóð og tilbýr borgina með órétt! 13Er það ekki svo að það skal ske af DROTTNI Sebaót? Hvað fólkið hefur fyrir þig unnið það skal uppbrennast með eldi og það á hverju fólkið þreyttist það skal verða til einskis. 14Því að jörðin skal verða full af viðurkenningu dýrðar DROTTINS so sem vatn það sem hylur sjóinn. 15Vei þér, þú sem skenkir á fyrir þinn náunga og blandar þinni grimmd þar með og gjörir hann drukkinn so þú megir sjá hans smán! 16Menn skulu og metta þig með skamm fyrir heiður. Svo drekk þú nú so að þú dettir um koll. Þinn kaleikur af hægri hendi DROTTINS skal umkringja þig og þú skalt skammarlega spýja í staðinn þinnar vegsemdar. 17Því sú illskan sem þú framdir mót Líbanon hún skal falla yfir þig og þau niðurslegin dýrin skulu hræða þig fyrir sökum blóðs mannanna og þeirra svívirðinga sem framdar eru í landinu og við alla þá sem þar inni búa.

18Hvað skal þá það bílætið hjálpa sem meistarinn hefur gjört og það falska steypta líkneski á hvert meistarinn forlét sig þá hann gjörði það málllausa skúrgoð? 19Vei þeim sem segir til trésins: „Vakna upp!“ og til málllausra steina: „Standið upp!“ Hvernin skyldi það læra? Sjá, það er með gulli og silfri tilbúið en enginn andi er í því. 20En DROTTINN er í sínu heilaga musteri, öll jörðin skal vera kyrr fyrir honum.

3 Þetta er bæn Habakuks propheta fyrir þeim saklausu.

2DROTTINN, eg hefi heyrt þitt rykti og það óttaði mig. DROTTINN, þú gjörir þína gjörninga lifandi á miðjum árunum og á miðju árinu lætur þú kunngjöra það og þá hryggðin er þar þá minnist þú á þína miskunnsemd.

3Guð kom af suðri og Sá heilagi af fjallinu Paran. Sela. Himinninn var fullur af hans ljósi og jörðin var full af hans dýrð. 4Hans birti var sem ljós og geislar gengu af hans höndum og þar var hans heimugleg magt. 5Undan honum gekk drepsótt og plágan gekk út þar sem hann fór fram. 6Hann stóð og mælti landið, hann leit til og tvístraði heiðingjunum og veraldarfjöllin urðu í sundurmalin og hæðirnar í heiminum máttu lækkast þá hann gekk í veröldinni.

7Eg sá hreysin þeirra Blálendinga aumleg og sorgartjöld þeirra af Madian. 8DROTTINN, varstu ekki reiður í flóðinu og þín grimmd í vatninu og þín æði í sjónum, þá þú reiðst á þínum hestum og þínir vagnar höfðu sigurinn? 9Þinn bogi var nakinn, og lagður til hæfis; veldissprotar Amorítana brotnuðu, jörðin lætur vatnsföll framspretta. 10Fjöllin sáu þig og hræddust, vatsstraumurinn rann burt, djúpið lét heyra sig en hæðirnar hófu upp hendurnar. 11Sólin og tunglið stóðu kyrr, þínar píl-ur fljúga burt með leiftran og þín spjót með bjartri eldingu.

12Þú niðurtróðst landið í reiði og í sundurbarðir heiðingjana með grimmd. 13Þú drósst út að hjálpa þínu fólki, að hjálpa þínum smurða. Þú í sundurslóst höfuðið í þess óguðlega húsi og gjörðir nakinn grundvöllinn allt

upp að hálsi. Sela. [14]Formæltu ríkissprota þess höfuðsins með hans þorpum, hverjir eð koma sem einn stomur mér í sundur að dreifa en gleðja sig líka sem það þeir æti þann fátæka með leynd. [15]Þínir hestar fara í sjónum, í bleytu mikillra vatsfalla.

[16]Af því eg svoddan heyri þá er minn búkur hryggur, mínar varir titra af því hrópi, feyra kemur í mín bein, eg er hryggur með mér sjálfum. Ó að eg mætta hafa hvíld á þeim hörmungartíma þá vér reisum upp á móti því fólki sem móti oss stríðir!

[17]Því fíkjutréð skal ekki grænkast og þar skal enginn ávöxtur vera á vínviðinum, arfiðið vantar viðsmjörstrén og akrarnir bera öngva fæðu og sauðirnir verða úr fjárhúsunum gripnir og enginn uxi er í nauthúsunum. [18]En eg vil gleðja mig í DROTTNI og fagna í Guði mínum lausnara. [19]Því að DROTTINN Guð er minn styrkur og hann skal gjöra mína fætur sem hjörtafætur og hann skal færa mig í hæðina so eg skal syngja á mitt hljóðfæri.

Ending prophetans Habakuk

PROPHETINN ZEPHONIAS

1 Þetta er það orð DROTTINS sem
skeði til Zephonias Kúsísonar,
Gedaljasonar, Amarjasonar, Ezechiesonar, á dögum Jósía Ammónsonar
sem var kóngur Júda.
[2]Eg vil taka alla hluti í burt af landinu,
segir DROTTINN. [3]Eg vil í burt taka bæði
menn og fénað, bæði fuglana undir
himninum og fiskana í sjónum, með
þeim hneykslunum og ásamt þeim
óguðlegu. Já, eg vil fólkið útreka af
landinu, segir DROTTINN. [4]Eg vil útrétta
mína hönd yfir Júda og yfir alla þá sem
búa í Jerúsalem. So vil eg og uppræta
því sem eftir er af Baal, þar með
nafnið Kamarím og prestanna nöfn, af
þessum stað, [5]og þá sem upp á þekjunum ákalla himinsins herskap, þeir sem
tilbiðja það og sverja þó við DROTTIN og
undir eins við Malkón [6]og þá sem falla
frá DROTTNI og þá sem ekki hirða um
DROTTIN og ei akta hann.
[7]Verið kyrrir fyrir Drottni GUÐ því
DROTTINNS dagur er í nánd. Því
DROTTINN hefur tilreitt sitt slátrunaroffur og boðið sínum gestum þar til.
[8]Og á DROTTINS slátrunaroffursdegi
vil eg heimsækja höfðingjana og kóngsins börn og alla þá sem bera útlenskan
klæðnað. [9]Og á þeim sama tíma vil eg
heimsækja þá sem stökkva yfir
þrösköldu og fylla sinna herra hús með
ráni og rangindum.
[10]Á sama tíma, segir DROTTINN, skal
þar uppkoma eitt hátt kall frá
Fiskaportinu og einn grátur frá því
öðru portinu og ein mikil eymd á hæðunum. [11]Ýli, þér sem búa í mylnuhúsunum, því allt kaupmannafólkið er í burtu
og þeir allir sem safna peningum eru í
burt reknir. [12]Á sama tíma vil eg rannsaka Jerúsalem með skriðljósum og eg
vil heimsækja það fólk sem liggur á sínum dreggjum og segir í sínu hjarta:
„DROTTINN mun hvorki gjöra vont né
gott.“ [13]Og þeirra góss skal verða að
herfangi og þeirra hús í eyði. Þeir skulu
byggja hús og ei búa í þeim, þeir skulu
planta víngarða og ekkert vín drekka af
þeim.
[14]Því að sá mikli dagur DROTTINS er í
nánd, hann er nærri og flýtir sér. Þá
ryktið kemur um DROTTINS dag þá
skulu þeir inu sömu sterku beisklega
hrópa. [15]Því þessi dagur er reiðinnar
dagur, dagur hörmungar og eymdar,
dagur storms og vindar, dagur myrkurs
og dimmu, dagur skýja og þoku, [16]dagur lúðranna og básúnanna, mót þeim
sterku borgum og hávu slotum.
[17]Eg vil gjöra fólkið so hugsjúkt að
þeir skulu ganga í kring sem blindir
menn af því þeir hafa syndgast í mót
DROTTNI. Þeirra blóð skal úthellast líka
sem væri það duft og þeirra líkamir so
sem það væri óhreinindi.
[18]Þeirra silfur og gull skal ekki hjálpa
þeim á þeim reiðinnar degi, segir
DROTTINN, heldur allt landið skal eyðast
við hans vandlætingareld. Því hann
skal gjöra einn fljótan enda með alla þá
sem búa í landinu.

2 Þú haturlega þjóð, safnast saman
og kom hingað [2]áður en dómurinn
út gengur að þér farið í burt á degi so
sem agnir, áður en sú grimmdarreiði
DROTTINS kemur yfir yður og áður en sá
reiðinnar dagur DROTTINS kemur yfir
yður. [3]Þér allir vesölu í landinu, leitið
DROTTINS, þér sem haldið hans rétt,
leitið réttlætisins, leitið auðmýktarinnar so að þér mættuð verða geymdir á
þeim reiðinnar degi DROTTINS. [4]Því að
Gasa skal forlátast og Askalon skal
eyðileggjast, Asdód skal fordrífast á
miðjum degi og Akkaron skal upprykkjast. [5]Vei þeim sem þar búa niður við
sjóinn, því stríðsfólki! DROTTINS orð
skal koma yfir yður, þú Kanaanlandið
Philisteis! Eg vil fordjarfa þig so enginn
skal þar lengur búa. [6]Þar skal ekki vera

nema hirðarahreysi og sauðahús niður
við sjávarsíðuna [7]og þau sömu skulu
þeim eftirblífnu af Júda húsi verða að
hlutskipti so þeir skulu þar fæða þeirra
hjörð. Þeir skulu leggja sig að kveldi í
Askalons hús nær að DROTTINN þeirra
Guð vitjar þeirra aftur og snýr þeirra
fangelsi.

[8]Eg heyrði Móabs brígslyrði og spott-
anir Amónsbarna með hverju þeir
svívirtu mitt fólk og hrósuðu sér mikið
á þeim sömum landamerkjum. [9]Þar fyr-
ir, so sannarlega sem eg lifi, segir
DROTTINN Sebaót, Ísraels Guð, Móab
skal verða sem Sódóma og Amónbörn
sem Gómorra, já sem eitt þyrnarjóður
eða saltgröf og ein eilíf auðna. Þeir eft-
irblífnu af mínu fólki skulu ræna þá og
þeir eftirblífnu af mínu fólki skulu erfa
þá.

[10]Það skal þá ske fyrir þeirra dramb-
semi sakir, fyrir það að þeir vanvirtu
þess DROTTINS Sebaót fólk en hrósuðu
sér. [11]DROTTINN skal verða ógnarlegur
yfir þeim því hann skal afmá öll skúr-
goð af jörðunni og allar eyjar á meðal
heiðingjanna skulu tilbiðja hann, hver í
sinn stað.

[12]Og þér Blámenn skuluð í hel slást
fyrir mínu sverði [13]og hann skal útrétta
sína hönd yfir norðrið og fordjarfa
Assúr. Hann skal gjöra Níníve eyði og
þurra sem eyðimörk [14]so allra handa
dýr skulu bæla sig þar inni á meðal
heiðingjanna og þar skulu hrossa-
gaukar og pyntsvín búa ofan á þeirra
turnum og syngja í þeirra vindaugum
og hrafnar á bitunum því að sedrusfjal-
irnar skulu af brjótast. [15]Það er sá glað-
væri staðurinn sem bjó so athugalaus
og sagði í sínu hjarta: „Eg er og enginn
annar.“ Hvernin er hann orðinn so í
eyði að dýr búa þar inni! Og hver sem
gengur þar fram hann blístrar og
klappar með höndunum yfir honum.

3 Vei þeirri ljótu, saurugu víkinga-
borg! [2]Hún vill ekki hlýða og ekki
heldur láta aga sig, hún vill ekki treysta
á DROTTIN, eigi heldur halda sér til síns
Guðs. [3]Hennar höfðingjar í henni eru
grenjandi leónar og hennar dómendur
eru úlfar um kveldin þeir eð ekkert láta
eftirblífa til morguns. [4]Hennar spá-
menn eru gálausir og forsmánarar,
hennar prestar vanheiðra helgidóminn
og útleggja lögmálið ranglega.

[5]En DROTTINN sem er á millum þeirra
hann kennir rétt og gjörir ekki neitt
rangt. Hann lætur hvern morgin kenna
sín réttindi opinberlega og hann lætur
ekki af. En það vonda fólk vill ekki læra
að skammast sín.

[6]Þar fyrir vil eg þvílíkan lýð útreka,
þeirra borgir eyða og þeirra stræti tóm
gjöra so að enginn skal ganga á þeim.
Þeirra staðir skulu eyðileggjast so að
enginn skal meir búa í þeim. [7]Eg lét
segja þér: „Þú skalt óttast mig og láta
aga þig, so skal ekki þeirra heimili af-
mást og ekkert skal koma af því með
hverju eg hugða hans að vitja.“ En þeir
eru kostgæfnir til að fremja allra handa
illsku.

[8]Þar fyrir, segir DROTTINN, skulu þér
að nýju mín bíða þar til að eg upprís á
sínum tíma þá eg skal dæma og
heiðingjunum samansafna og kónga-
ríki í eitt færa, minni reiði yfir þá hella,
já allri reiði minar grimmdar því öll
veröldin skal uppeyðast fyrir minn
vandlætingareld. [9]Þá vil eg öðruvís láta
prédika fyrir fólkinu, með vinsamleg-
um vörum so þeir skulu ákalla allir
nafn DROTTINS og þjóna honum með
samþykki. [10]Menn skulu færa mér
hingað mína tilbiðjendur til einnrar
skenkingar, sem eru þeir sundur-
dreifðu á hina síðu Vatsins í Blálandi.

[11]Á þeim sama tíma skaltu ekki fram-
ar meir skammast þín vegna allra þinna
gjörninga með hverjum þú hefur mis-
gjört í móti mér. Því eg vil taka frá þér
þá dramblátu heilaga so þú skalt ekki
meir upphefja þig fyrir sökum míns
heilaga fjalls. [12]Eg vil láta eitt fátækt,

lítilsháttar fólk eftirblífa í þér, þeir skulu vona upp á nafnið DROTTINS.
13 Þeir sem eftirblífa í Ísrael skulu ekkert vont gjöra eður órétt tala og þar skal ei finnast ein sviksöm tunga í þeirra munni heldur þá skulu þeir fæðast og hvílast án alls ótta.

14 Gleð þig, þú Síonsdóttir, kalla þú, Ísrael, vertu glöð og fagna af öllu þínu hjarta, þú Jerúsalemdóttir! 15 Því að DROTTINN hefur burt tekið þitt straff og burtverndað þínum óvinum. DROTTINN Israelis kóngur er hjá þér svo að þú þarft ekki framar meir að óttast fyrir nokkri ólukku. 16 Á þeim sama tíma skulu menn segja til Jerúsalem: „Óttast þú ekki“ og til Síon: „Lát þínar hendur ekki mæðast.“ 17 Því að DROTTINN þinn Guð er hjá þér, einn styrkur frelsari. Hann skal gleðja sig yfir þér og vera þér vinsamlegur og fyrirgefa þér og hann skal gleðjast yfir þér með háhljóðum.

18 Eg vil burtkasta þeim sem plágaðir voru með mannasetningum og þeir skulu burt frá þér hverjir uppsetningar að voru þeirra byrðarþungi hvar af þeir höfðu vanvirðu. 19 Sjá þú, eg vil gjöra einn enda á þeim öllum á sama tíma sem þig pláguðu. Eg vil hjálpa þeim höltu og samansafna þeim útreknu og eg vil gjöra þá til lofs og heiðurs í öllum þeirra löndum sem menn forsmáðu þá.
20 Á þeirri tíð vil eg innleiða yður hingað og samansafna yður á þeim tíma. Því eg vil lát yður veitast lof og prís á meðal alls fólks á jörðunni þá eg sný yðar fangelsi um fyrir yðrum augum, segir DROTTINN.

Ending prophetans Zephonias

PROPHETINN HAGGEUS

1 Á því öðru ári Darii kóngs í þeim
sjötta mánuði, á þeim fyrsta degi í
mánuðinum skeði orð DROTTINS fyrir
Haggeum propheta til Sóróbabel
Sealtíelsonar höfðingja yfir Júda og
Jósúa Jósedekssonar þess yppasta
kennimanns og sagði: [2]So segir sá
DROTTINN Sebaót: Þetta fólk segir: „Tím-
inn er ei enn kominn að menn skuli
uppbyggja DROTTINS hús.“ [3]Og orð
DROTTINS skeði til Haggeus propheta:
[4]En yðar tíð er komin að þér skuluð búa
í þiljuðum húsum og þetta hús skal
standa í eyði! [5]Nú so segir DROTTINN
Sebaót: Sjáið hvernin yður gengur.

[6]Þér sáið miklu og safnið litlu. Þér
etið og verðið ekki mettir. Þér drekkið
og verðið ekki drukknir. Þér klæðið yð-
ur og verðið þó ekki varmir og hver
sem forþénar peninga sá leggur þá í
einn sundurslitinn pung.

[7]So segir DROTTINN Sebaót: Gaumgæf-
ið hvernin það gengur yður. [8]Farið upp
á fjallið, sækið viðina og byggið húsið.
Það skal vera mér þakknæmt og eg vil
láta sjá mína dýrð, segir DROTTINN. [9]Því
þér vonið mikils og sjáið, það verður
lítið. Og þér allareiðu það heimfærðuð
þá gjöri eg þó það að dufti. Hvernin
kemur það til, segir DROTTINN Sebaót?
Af því að mitt hús stendur so í eyði en
hver einn kostar á sitt hús. [10]Þar fyrir
heldur himninn sinni döggu fyrir yð-
ur og jörðin sínum ávexti. [11]Og eg hefi
kallað þurrk bæði yfir landið og fjöllin,
yfir korn, vín, viðsmjör og yfir allt það
sem kemur af jörðunni, og so yfir fólk
og fé og yfir allra handa erfiði.

[12]Þá hlýddi Sóróbabel Sealtíelsson og
Jósúa Jósedekssonur sá höfuðprestur
og allir þeir sem eftir voru orðnir af
fólkinu þvílíkri DROTTINS þeirra Guðs
röddu og orðum Haggei propheta, líka
sem DROTTINN þeirra Guð hafði útsent
hann, og fólkið óttaðist fyrir DROTTNI.
[13]Þá sagði Haggeus, GUÐS engill sem
hafði boðskap DROTTINS til fólksins: Eg
er með yður, segir DROTTINN. [14]Og
Drottinn uppvakti anda Sóróbabel
Sealtíelssonar höfðingja yfir Júda og
anda Jósúa Jósedekssonar sonar
prestahöfðingjans og so anda þess alls
eftirblífna fólks so að það kom og arfið-
aði upp á þeirra Guðs hús DROTTINS
Sebaót. [15]Og á þeim fjórða og tuttugasta
degi í þeim sétta mánaði og á öðru ári
Darii kóngs, á þann fyrsta og tuttugasta
dag.

2 Í þeim sjöunda mánaði, þá skeði
orð DROTTINS fyrir Haggeum
propheta og sagði: [2]Segðu til Sóróbabel
Sealtíelssonar Júda höfðingja og til Jós-
úa Jósedekssonar kennimannshöfð-
ingja og til þess eftirblífna fólks og seg:
[3]Hver er nú eftirblifinn á meðal yðar
sem sá þetta hús í sinni fyrri fegurð? Og
hvernin sjái þér það nú? Er það ekki so
að það þykir yður einskisvert vera? [4]Og
nú, Sóróbabel, vertu hughraustur, segir
DROTTINN. Vert öruggur, þú Jósúa
Jósedeksson, þú prestahöfðingi. Verið
hughraustir, allt fólk í landinu, segir
DROTTINN, og erfiðið því eg er með yð-
ur, segir DROTTINN Sebaót. [5]Eftir því
orði þá eg gjörði sáttmála með yður þá
þér dróguð af Egyptalandi, þá skal
minn andi blífa með yður. Óttist ekki.
[6]Því að so segir DROTTINN Sebaót: Þar er
nú einn lítill tími til að eg vil hræra
himin og jörð, sjóinn og þurrlendið, [7]já
eg vil hræra alla heiðingjana. Þá skal sá
huggari allra heiðingja koma. Og eg vil
gjöra þetta hús fullt af dýrð, segir
DROTTINN Sebaót, [8]því að bæði silfur og
gull er mitt, segir DROTTINN Sebaót.
[9]Þessi síðsta hússins dýrð skal vera
stærri en hins fyrra var, segir DROTTINN
Sebaót. Og eg vil gefa frið í þessum
stað, segir DROTTINN Sebaót.

[10]Á þeim fjórða og tuttugasta degi
þess níunda mánaðar, á því öðru ári

Darii, skeði orð DROTTINS til Haggeum
propheta og sagði: [11]So segir DROTTINN
Sebaót: Spyr prestana að lögmálinu og
segðu: [12]Ef nokkur ber heilagt kjöt í
skauti síns kyrtils og áhrærði síðan
með sama skauti brauð, kál, vín, oleum
eða hvað fyrir mat það væri, verður það
þá og heilagt? Og prestarnir svöruðu og
sögðu: „Nei.“ [13]Haggeus sagði: Ef nokk-
ur óhreinn sá sem snortið hefur eitt
hræ og ef hann snertur síðan eitt af
þessu, verður það þá og óhreint? Prest-
arnir svöruðu og sögðu: „Það verður
óhreint.“ [14]Þá svaraði Haggeus og
sagði: Líka so er þessi lýður og þessir
menn fyrir mér, segir DROTTINN, og all-
ur gjörningur þeirra handa og það þeir
offra er óhreint. [15]Og sjáið nú hvernin
það hefur gengið yður frá þessum degi
og áður til forna fyrr en nokkur steinn
var lagður upp á annan í musteri
DROTTINS, [16]að þegar nokkur kom til
kornhrúgunnar sá sem hafa skyldi tutt-
ugu mælikeröld þá urðu þar varla tíu.
Kæmi hann til vínþrúgunnar og ætlaði
að fylla fimmtígi tunnur þá urðu varla
tuttugu. [17]Því eg plágaði yður með þurr-
um vindi, brenndu korni og hagli í öllu
yðar arfiði. En þó líka vel sneru þér yð-
ur ekki til mín, segir DROTTINN. [18]Því
gefið gætur að frá þessum degi og til
forna, sem er frá þeim fjórða og tuttug-
asta degi á þeim níunda mánuði allt til
þessa dags, sem lagðist grundvöllur á
musteri DROTTINS. Hugleiðið það [19]því
sæðið liggur enn nú í hlöðunni og það
ber nú enn ekki ávöxt, hvorki víntréð,
fíkjutréð, granatatréð og ei heldur olíu-
tréð. En frá þessum degi vil eg gefa
blessan.

[20]Og orð DROTTINS skeði í annan tíma
til Haggeum, á þann fjórða og tuttug-
asta dag í mánuðinum, og sagði:
[21]Segðu til Sóróbabel höfðingjans í Júda
og seg þú: Eg vil hræra himin og jörð
[22]og umvelta stólum kónganna og eyði-
leggja þá megtugu konunga heiðingj-
anna og eg vil bæði vögnum og riddör-
um umturna so bæði menn og hestar
skulu niðurfalla hver fyrir annars
sverði.

[23]Á sama tíma, segir DROTTINN
Sebaót, vil eg taka þig, Sóróbabel
Séaltíelsson, minn þénara, segir
DROTTINN, og eg vil halda þér sem ein-
um signetishring því eg hefi útvalið þig,
segir sá DROTTINN Sebaót.

Ending prophetans Haggei

PROPHETINN SACHARIAS

1 Á öðru ári Daríus kóngs og áttunda mánaði skeði orð DROTTINS til Sachariam sonar Barakía, sonar Íddó, þess propheta, og sagði: [2]DROTTINN var reiður á yðar forfeður. [3]Og segðu til þeirra: So segir DROTTINN Sebaót: Snúið yður til mín, segir DROTTINN Sebaót, so vil eg snúa mér til yðar, segir DROTTINN Sebaót. [4]Verið ei sem yðar forfeður hverjum þeir fyrru prophetar prédikuðu og sögðu: So segir DROTTINN Sebaót: Snúist þér frá yðrum vondum vegum og frá yðrum vondum gjörningum. En þeir hlýddu ei og sinntu ekki um mig, segir DROTTINN. [5]Hvar eru nú yðar feður og spámenn? Lifa þeir enn nú? [6]Er það ekki svo að mín orð og minn réttur sem eg bauð fyrir mína þénara prophetana, hefur það ekki komið yfir yðar forfeður? So að þeir hefðu mátt vernda sér og sagt: „Líka so sem DROTTINN Sebaót hafði í sinni að gjöra oss so sem vér gengum og gjörðum, líka so hefur hann og gjört oss.“

[7]Á þeim fjórða og tuttugasta degi í þeim ellefta mánaði, sem er sebatmánuður, á því öðru kóngs Darii ári, skeði orð DROTTINS til Sachariam Barachiesonar, Íddósonar, prophetans, og sagði: [8]Eg sá um nóttina og sjá þú, einn maður sat upp á einum rauðum hesti og hann var undir einu mirrutré á nokkru engi og á baki honum voru rauðir, brúnir og hvítir hestar. [9]Og eg sagði: „Minn herra, hverjir eru þessir?“ Og engillinn sá sem talaði við mig sagði til mín: „Eg vil vísa þér hverjir þessir eru.“ [10]Og sá maðurinn sem var undir mirrutrénu á enginu svaraði og sagði: „Þessir eru þeir sem DROTTINN hefur útsent að reisa í gegnum landið.“ [11]En þeir svöruðu englinum DROTTINS sem stóð undir mirrutrénu og sögðu: „Vér höfum reist í gegnum landið og sjá þú, að öll löndin eru kyrr.“ [12]Þá svaraði engill DROTTINS og sagði: „DROTTINN Sebaót, hversu lengi viltu ekki miskunna þig yfir Jerúsalem og yfir borgirnar Júda hverjum þú hefur verið reiður í þessi sjötígi ár?“ [13]Og DROTTINN svaraði englinum sem talaði við mig vinsamlegum orðum og huggunarsömum orðum. [14]Og engillinn sá sem talaði við mig sagði til mín: „Prédika þú og segðu: So segir DROTTINN Sebaót: Eg hefi mjög vandlætt yfir Jerúsalem og Síon [15]en eg er mjög reiður yfir þá dramblátu heiðingja því eg var lítt reiður en þeir hjálpuðu til að fordjarfa. [16]Þar fyrir segir DROTTINN so: Eg vil snúa mér aftur til Jerúsalem með miskunnsemd og mitt hús skal uppbyggjast þar inni, segir DROTTINN Sebaót. Þar til skal og sá mæliþráður útgreiðast í Jerúsalem. [17]Og prédika enn framar og seg þú: So segir DROTTINN Sebaót: Það skal ganga mínum stöðum vel aftur og DROTTINN skal hugga Síon aftur og útvelja Jerúsalem að nýju.“

[18]Og eg upplyfta mínum augum og sá og sjá þú, þar voru fjögur horn. [19]Og eg sagða til engilsins sem talaði við mig: „Hverjir eru þessir?“ Hann sagði til mín: „Það eru þau horn sem sundur tvístrað hafa Júda, Ísrael og Jerúsalem.“ [20]Og DROTTINN vísaði mér fjóra smiði. [21]Þá sagða eg: „Hvað vilja þessir gjöra?“ Hann sagði: „Þeir eru komnir til að afbrjóta þau horn sem að sundurdreifðu Júda so enginn kunni að upplyfta sínu höfði, so að þeir í burt steyti heiðingjanna horn hverjir upplyftu sínu horni yfir Júdaland til að sundurdreifa því.“

2 Og eg upplyfta mínum augum og sá og sjá þú, einn maður hafði einn mæliþráð í hendinni. [2]Og eg sagða: „Hvert viltu fara?“ En hann sagði til mín: „Eg vil mæla Jerúsalem og sjá til hversu löng og víð hún skal vera.“ [3]Og sjá þú, að engillinn sá eð við mig talaði

gekk út og einn annar engill gekk út í móti honum [4]og sagði til hans: „Skunda þú og tala til þess ungmennis og segðu til hans: Jerúsalem skal byggjast án múrveggja fyrir sökum mikils mannfjölda þeirra manna og fénaðar sem þar skal vera úti [5]og eg vil vera einn glóandi múrveggur þar um kring, segir DROTTINN, og eg vil vera þar inni og eg vil auðsýna mig dýrðlegan þar inni.“

[6]Hei, hei, flýið af norðurlandinu, segir DROTTINN. Því að eg skildi yður í fjórar áttir undir himninum, segir DROTTINN. [7]Hei Síon, þú sem býr hjá Babýlonsdóttir, flý þú! [8]Því so segir DROTTINN Sebaót: Hann sendi mig til heiðingjanna, þeirra sem ræntu yður. Þeirra magt hefur einn enda. Hver sem snertir yður sá snertir hans augastein. [9]Því sjáið, eg vil veifa minni hendi yfir þá so þeir skulu verða eitt herfang sem þeim þjónað hafa so þér skuluð vita að DROTTINN Sebaót hefur sent mig.

[10]Gleð þig og fagna, þú Síonsdóttir, því að sjá þú, eg kem og vil búa hjá þér, segir DROTTINN. [11]Og á þeim tíma skulu margir heiðingjar falla til DROTTINS og skulu vera mitt fólk og eg vil búa hjá þér. So þú skalt merkja að sá DROTTINN Sebaót sendi mig til þín [12]og sá DROTTINN skal erfa Júda í sitt hlutskipti, í því heilögu landi, og hann skal útvelja Jerúsalem aftur. [13]Allt hold veri kyrrt fyrir DROTTNI því hann hefur tilreitt sig af sínum heilögum stað.

3 Og mér var sýndur sá mikli prestur Jósúa standandi fyrir engli DROTTINS. Og Satan stóð hjá hans hægri hönd að standa í mót honum. [2]Og DROTTINN sagði til Satans: „DROTTINN straffi þig, Satan, já DROTTINN straffi þig, sá sem útvaldi Jerúsalem! Er þetta ekki einn brandur úr eldi tekinn?“ [3]Og Jósúa var í óhreinum klæðum og stóð fyrir englinum [4]hver eð svaraði og sagði til þeirra sem stóðu hjá honum: „Takið þau óhreinu klæði frá honum.“ Og hann sagði til hans: „Sjáðu, eg hefi tekið þínar syndir frá þér og ífært þig hátíðaklæðum.“ [5]Og hann sagði: „Setjið einn hreinan hatt á hans höfuð.“ Og þeir settu einn hreinan hatt á hans höfuð og færðu hann í klæði og sá engill DROTTINS stóð þar.

[6]Og engill DROTTINS vitnaði fyrir Jósúa og sagði: [7]„Svo segir sá DROTTINN Sebaót: Ef þú gengur á mínum vegum og geymir mínar varðveitingar þá skaltu stjórna mínu húsi og geyma minna fordyra og eg vil gefa þér af þessum sem hér standa að þeir skulu vegvísa þér. [8]Heyr til, Jósúa æðsti kennimaður, þú og þínir vinir sem búa fyrir þér, því þeir eru ætíð undarlegir. Því sjá þú, að eg vil láta minn þénara SEMA (JESÚS) koma. [9]Því sjáið á þeim eina steini sem eg lagða fyrir Jósúa skulu vera sjö augu. En sjá, eg vil úthöggva hann, segir DROTTINN Sebaót, og eg vil burt taka sama lands syndir á einn dag. [10]Á þeim sama tíma, segir DROTTINN Sebaót, skal hver bjóða öðrum til gests undir vínviðartré og fíkjutré.“

4 Og engillinn sem við mig talaði kom aftur og uppvakti mig, líka sem þá nokkur uppvaknar af svefni, [2]og sagði til mín: „Hvað sér þú?“ Eg sagði: „Eg sé og sjá, að þar stóð ein kertistika af gulli og ein skál þar ofan upp á. Þar voru sjö lampar ofan á og líka sjö trektir, [3]við hvern lampa, og tvö viðsmjörstré þar hjá, eitt á hægri síðu skálarinnar og annað á vinstri síðu.“ [4]Og eg svaraði og sagði til engilsins sem talaði við mig: „Minn herra, hvað er það?“ [5]Og engillinn sá sem talaði við mig svaraði og sagði til mín: „Veistu ekki hvað það er?“ Og eg sagði: „Nei, minn herra.“ [6]Og hann svaraði og sagði til mín: „Það er orð DROTTINS um Sóróbabel. Það skal hverki ske með magt né hernaði heldur fyrir minn anda, segir DROTTINN Sebaót. [7]Hvað ertu, þú stóra

fjall, hvert þó vera skal eitt sléttlendi fyrir Sóróbabel? Og hann skal uppfæra þann fyrsta stein so menn skulu hrópa: Guð gefi til lukku, Guð gefi til lukku!“

[8]Og orð DROTTINS skeði til mín og sagði: [9]Sóróbabels hendur lögðu grundvöllinn þessa húss. Hans hendur skulu og fullkomna það so þér skuluð vita að DROTTINN hefur sent mig til yðar. [10]Því hver er sá sem foraktar þessa litla daga? Á hverjum að menn skulu þó gleðja sig og sjá þann mæliþráð í Sóróbabels hendi með þeim sjö, sem eru augu DROTTINS hver að reisa í gegnum það heilaga land. [11]Og eg svaraði og sagði til hans: „Hvað eru þau tvö olíutré til hægri og vinstri síðu ljósastjakans?“ [12]Og eg svaraði í annað sinn og sagði til hans: „Hvað eru þær tvær greinir þess viðsmjörsviðartrés sem þar standa hjá þeim tveim gylltum ljósaskærum með hverjum að menn taka skörin af þeim gylltu lömpunum?“ [13]Og hann sagði til mín: „Veistu ekki hvað það er?“ En eg svaraði: „Nei, minn herra.“ [14]Og hann sagði: „Það eru þau tvö olíuviðarbörn sem þar standa hjá DROTTNI alls landsins.“

5 Og eg upplyfta mínum augum enn einu sinni og sá og sjá þú, þar var eitt fljúganda bréf. [2]Og hann sagði til mín: „Hvað sér þú?“ Eg svaraði: „Eg sé eitt fljúganda bréf sem er tuttugu álna langt og tíu álna breitt.“ [3]Og hann sagði til mín: „Það er sú bölvan sem útgengur yfir allt landið. Því allir þjófar verða sagðir frómir eftir þessu bréfi og allir meinsærismenn verða og sagðir frómir eftir þessu bréfi. [4]En eg vil þar koma láta, segir DROTTINN Sebaót, að það skal koma yfir þjófanna hús og so líka yfir þeirra hús sem sverja falslega við mitt nafn og það skal blífa í þeirra húsi og eyða þar bæði stokkum og steinum.“

[5]En engillinn sem talaði við mig gekk út og sagði til mín: „Upplyftu þínum augum og sjá, hvað gengur þar út?“ [6]Og eg sagða: „Hvað er það?“ Og hann sagði: „Einn mælir gengur út.“ Og hann sagði: „Það er þeirra skikkan í öllu því landi.“ [7]Og sjá, þar barst fram eitt pund blý og þar var ein kvinna sem sat í mælirnum. [8]Og hann sagði: „Þetta er sá óguðlegi lærdómur.“ Og hann kastaði henni í mælirinn og varpaði því blýlóði í holið á honum. [9]Og eg hóf upp mínu augu og sá og sjáðu, þar gengu tvær konur út og höfðu vængi og vindur stóð af þeim og þeirra vængir voru sem storksvængir og þær færðu mælirinn í lofti á millum himins og jarðar. [10]Og eg sagða til engilsins sem talaði við mig: „Hvert flytja þær mælirinn héðan?“ [11]Og hann sagði til mín: „Að honum uppbyggist eitt hús og tilreiðist í landinu Sínear og að hann þar settur verði á sinn grundvöll.“

6 Og eg upplyfti mínum augum enn einu sinni og sá og sjá þú, þar voru fjórir vagnar sem framgengu á millum tveggja fjalla en þau sömu fjöll voru af kopar. [2]Fyrir þeim fyrsta vagni voru rauðir hestar en fyrir þeim öðrum vagni voru brúnir hestar, [3]fyrir þeim þriðja vagni voru hvítir og fyrir þeim fjórða vagni voru skjóttir hestar sterkir. [4]Og eg svaraði og sagði til engilsins sem talaði við mig: „Minn herra, hverjir eru þessir?“ [5]Engillinn svaraði og sagði til mín: „Þetta eru þeir fjórir vindar undir himninum sem koma fram að þeir skulu framganga fyrir allra landa stjórnendur. [6]En sá þeir svörtu hestar voru fyrir hann gekk í mót norðri en þeir hvítu hestar gengu eftir þeim en þeir skjóttu gengu í mót suðri, [7]þeir sterku út gengu og drógu um kring so þeir færi í gegnum öll lönd.“ Og hann sagði: „Farið burtu og ferðist í gegnum landið.“ Og þeir drógu í gegnum landið. [8]Og hann kallaði mig og talaði til mín og sagði: „Sjáðu, þeir sem draga í mót norðrinu, þeir koma mínum anda til að hvílast í landinu mót norðri.“ [9]Og orð

DROTTINS skeði til mín og sagði: [10]Tak af
þessum herteknu sem eru af Heldaí og
af Tobía og af Jedaja og kom þú þann
sama dag og gakk þú inn í Jósía Zoph-
oniesonar hús, hverjir komnir eru frá
Babýlon. [11]En tak þú silfur og gull og
gjör kórónur og set þær upp á höfuð
Jósúa Jósedekssonar þess yppasta
prests [12]og segðu til hans: So segir
DROTTINN Sebaót:

Sjáðu, það er einn mann, hans nafn
er SEMA, því undir honum skal það
vaxa og hann skal byggja Guðs musteri,
[13]já musteri DROTTINS skal hann byggja
og bera vegsemdina og hann skal sitja
og drottna á sínum stóli. Hann skal og
vera prestur á sínum stóli og þar skal
vera friður á millum þeirra beggja.

[14]Og þessar kórónur skulu vera þeim
Helem, Tobía, Jedaja og Hen Zophoni-
assyni til einnrar minningar í musteri
DROTTINS. [15]Og þeir skulu af fjarlægð
koma sem uppbyggja skulu musteri
DROTTINS. Þá skulu þér viðurkannast að
DROTTINN Guð Sebaót hefur sent mig til
yðar. Og það skal ske ef þér viljið hlýða
rödd DROTTINS yðars Guðs.

7 Og það skeði á því fjórða Daríus
kóngs ári að orð DROTTINS skeði til
Sachariam, á þeim fjórða degi þess ní-
unda mánaðar, sem kallast kíslev, [2]þá
Sareser og Regem Melek með þeirra
fólki sendu til Betel að tilbiðja fyrir
DROTTNI [3]og létu segja til prestanna
sem voru í húsi DROTTINS Sebaót og til
spámannanna: „Skal eg nokkuð gráta
nú á þeim fimmta mánaði og enn halda
mér frá so sem eg hefi gjört nú í nokk-
ur ár?“ [4]Og orð DROTTINS Sebaót skeði
til mín og sagði: [5]Tala þú til alls fólksins
í landinu og til prestanna og segðu: Þá
þér föstuðuð og grétuð í þeim fimma
og í þeim sjöunda mánuði á þeim sjö-
tígu árum, hafi þér þá so fastað fyrir
mér? [6]Eða þá þér átuð og drukkuð, hafi
þér þá ekki etið og drukkið fyrir yður
sjálfa? [7]Er þetta ekki það sem DROTTINN
lét prédika fyrir þá framförnu propheta
þá Jerúsalem var alsetin með fólki og
hafði allsnægtir með sínum stöðum þar
um kring og þann tíð að þar bjó fólk
bæði í mót suðri og svo í dölunum?

[8]Og orð DROTTINS skeði til Sachariam
og sagði: [9]So segir sá DROTTINN Sebaót:
Dæmið rétt, gjörið gott og verið mis-
kunnsamir, hver sínum bróður. [10]Og
gjörið hverki ekkjum, föðurleysingjum,
útlenskum eður fátækum nokkrum
órétt og enginn skal hugsa nokkuð
vont sínum bróður í sínu hjarta. [11]En
þeir vildu ekki hlýða og sneru bakinu
við mér og tilbyrgðu sín eyru so þeir
skyldu ekki heyra [12]og gjörðu sín hjörtu
sem einn adamas að þau skyldu hverki
heyra lögmálið né orðið hvert sá
DROTTINN Sebaót sendi í sínum anda
fyrir þá fyrri prophetana. Fyrir hvað sú
in stóra reiðin DROTTINS Sebaót er kom-
in.

[13]Og það er so skeð sem það var pré-
dikað og þeir heyrðu ekki. So vilda eg
og ekki heyra þá þá þeir kölluðu, segir
DROTTINN Sebaót. [14]So hefi eg í sundur-
tvístrað þeim á meðal allra heiðingja,
þeirra sem ekki þekktu þá, og landið
varð eyði eftir þeim so að engi reisti eð-
ur bjó þar inni og það göfuga land var
gjört að einni eyðimörku.

8 Og orð DROTTINS skeði til mín og
sagði: [2]So segir DROTTINN Sebaót:
Eg hefi verið mjög vandlátur við Síon
og eg hefi með stórri reiði verið vand-
látur við hana.

[3]So segir DROTTINN: Eg sný mér aftur
til Síon og vil búa í Jerúsalem so Jer-
úsalem skal kallast sannleiksins staður
og þess DROTTINS Sebaót fjall og eitt fjall
helgidómsins.

[4]So segir sá DROTTINN Sebaót: Þar
skulu enn nú hér eftir búa í Jerúsalem
gamlir menn og kvinnur og þeir sem
ganga við staf af stórri elli [5]og stræti
staðarins skulu vera full af piltum og
stúlkum sem sér skulu leika á hennar

strætum. [6]So segir DROTTINN Sebaót:
Þeim þykir svoddan vera ómögulegt
fyrir augum þessa eftirblífna fólks í
þessari tíð. Skyldi það þar fyrir vera
ómögulegt fyrir mínum augum? segir
DROTTINN Sebaót.
[7]So segir sá DROTTINN Sebaót: Sjáðu,
eg vil frelsa mitt fólk frá því landi í mót
austri og frá því landi í móti sólarinnar
niðurgangi [8]og eg vil færa það út hing-
að að það skal búa í Jerúsalem. Og þeir
skulu vera mitt fólk og eg vil vera
þeirra Guð í réttlæti og sannleika.
[9]So segir DROTTINN Sebaót: Styrkið
yðar hendur, þér sem heyrið þessi orð á
þessari tíð fyrir munn spámannanna, á
þeim degi sem sá DROTTINN Sebaót húss
grundvöllur er lagður, þá musterið skal
uppbyggjast. [10]Því að fyrir þessa daga
var arfiði mannanna forgefins og dýr-
anna arfiði til einkis og þeir höfðu
öngvan frið fyrir hörmung þeirra sömu
sem út og inn gengu heldur lét eg alla
menn fara hvern í mót sínum náunga.
[11]En nú vil eg ekki gjöra við þetta eftir-
blífna fólk sem á þeim fyrrum dögum,
segir DROTTINN Sebaót, [12]heldur skulu
þeir vera friðarins sæði. Víntréð skal
gefa sinn ávöxt og landið sína frjóvgan
og himinninn skal gefa regn af sér og
eg vil láta þá sem eftir eru orðnir af
þessu fólki alls þessa njóta. [13]Og það
skal ske að líka sem þér af Júda húsi og
af Ísraels húsi voruð eitt brígsli og bölv-
an á meðal heiðingjanna so vil eg frelsa
yður að þér skuluð vera ein blessan.
Óttist ekki og styrkið yðar hendur.
[14]So segir DROTTINN Sebaót: Líka sem
eg þenkti að plága yður þá yðar forfeð-
ur reittu mig til reiði, segir DROTTINN
Sebaót, og mig angraði það ekki, [15]so
hugsa eg nú þar í mót að gjöra vel á
þessum dögum mót Jerúsalem og húsi
Júda. Þar fyrir óttist ekki. [16]En þetta er
það sem þér skuluð gjöra: Hver einn
tali sannindi við annan og dæmið rétt
og setjið frið í yðrum portdyrum. [17]Og
enginn þenki nokkuð vont í sínu hjarta
á móti sínum náunga og elskið ekki
falska eiða því að eg hata allt soddan,
segir DROTTINN.
[18]Og orð DROTTINS Sebaót skeði til
mín og sagði: [19]Svo segir DROTTINN
Sebaót: Sú fasta fjórða, fimmta, sjöunda
og tíunda mánaðar skal vera Júda húsi
til gleði og fagnaðar og til glaðlegrar ár-
hátíðar. Elskið aðeins frið og sannleika.
[20]So segir DROTTINN Sebaót: Þar skal
enn nú koma mikið fólk og margra
staða borgarmenn [21]og borgarmenn
einnrar borgar skulu fara til þeirrar
annarrar og segja: „Látum oss fara og
tilbiðja fyrir DROTTNI og leita þess
DROTTINS Sebaót. Vér viljum fara með
yður.“ [22]So skal margt fólk og heiðingj-
ar koma í stóru manntali til að leita
DROTTINS Sebaót í Jerúsalem að tilbiðja
fyrir DROTTNI.
[23]So segir DROTTINN Sebaót: Á þeim
tíma skulu tíu menn af allra handa
tungumálum heiðingjanna grípa í
stakksskaut eins þess sem er af Júda og
segja: „Vér viljum fara með yður því vér
heyrum að Guð er með yður.“

9 Þetta er sú byrðin af hverri
DROTTINN sagði yfir landið Hadrak
og yfir Damascum upp á hvert það
treystir (því DROTTINN lítur yfir menn-
ina og yfir allar Israelis ættir) [2]og til Ha-
mat sem er í nánd henni, yfir Tyrum og
Sídon sem eru mjög klókar. [3]Því að
Tyrus uppbyggir kastala og safnar silfri
sem sandi og gulli so sem saur á stræt-
um. [4]En sjáðu, DROTTINN skal fordjarfa
hana og slá hennar magt þá sem hún
hefur upp á sjónum að hún skal vera so
sem það sem uppbrennur fyrir eldi.
[5]Nær Askalon sér það þá skal hún óttast
og Gasa skal hafa mikla angist, þar til
skal Ekron hrygg vera nær hún soddan
sér. Því það skal hafa einn enda með
kónginn af Gasa og menn skulu ekki
búa í Askalon [6]en útlenskir skulu búa í
Asdód og eg vil í burt taka drambsemi
þeirra Philisteis. [7]Og eg vil þeirra blóð

taka frá þeirra munni og þeirra svívirðingar frá þeirra tönnum so þeir skulu eftirblífa til handa vorum Guði og vera sem höfðingjar í Júda og Ekron so sem Jebúsítar. [8]Og eg vil sjálfur vera herbúðir í kringum mitt hús so að þar skal ekki þörf gjörast að standa eður ganga fram eður aftur so að þeir drífararnir skulu ekki meir koma yfir þá. Því eg hefi nú séð til þeirra með mínum augum.

[9]En þú dóttir Síon, gleð þig mjög, og þú dóttir Jerúsalem, fagna þú! Sjá þú, þinn kóngur kemur til þín, réttlátur og einn hjálpari og fátækur, ríðandi á einni ösnu og á einum ungum asnafola.
Mattheus 21:5, Johannis 12:15 [10]Því að eg vil burt taka vagnana frá Efraím og víghesta frá Jerúsalem og stríðsbogarnir skulu í sundurbrotnir verða. Því að hann skal kenna frið á meðal heiðingjanna og hans ríki skal vera frá einu hafinu til annars og frá Vatninu inn til veraldarinnar enda.

[11]Þú útleiðir fyrir blóð þíns sáttmála þína fangara út af gröfinni hvar ekkert vatn inni er. [12]So snúið yður nú til yðar hins styrkva kastala, þér sem í voninni liggið fangaðir. Því að eg vil í dag kunngjöra það og bitala þér tvefalt. [13]Því að eg hefi uppspannað Júda til eins boga og tilbúið Efraím. Og eg vil uppvekja þín börn, Síon, á meðal þinna barna, Grikkland, og eg vil gjöra þig sem sverð eins risa.

[14]Og DROTTINN skal opinberast yfir þeim og hans örvar skulu út fara sem eldingar. Og DROTTINN Guð skal blása í lúðra og hann skal framganga sem stormur úr suðri. [15]DROTTINN Sebaót skal varðveita þá so að þeir eti og undir sig varpi með slöngusteini, að þeir drekki og skvaldri so sem af víni og fullir verði sem bikarar og so sem horn á altari. [16]Og DROTTINN þeirra Guð skal hjálpa þeim á þeirri tíð so sem sauðum síns fólks því helgir steinar skulu uppreisast í hans landi. [17]En hvað hafa þeir gott fram yfir annað fólk eða hvað fegra en aðrir menn? Korn uppfæðir unga sveina og meyjarnar nýtt vín.

10 Þar fyrir biðjið nú um kveldregn af DROTTNI, so mun DROTTINN gjöra ský og gefa yður nóga dögg til allrar frjóvgunar yðrar jarðar. [2]Því að afguðirnir tala ætíð hégóma og sannsagnarmennirnir sjá ekki utan lygar og segja hégómadrauma og þeirra hugsvalan er einskisverð. Og því fara þeir villt sem ein hjörð og eru megnlausir því þar er enginn hirðir.

[3]Mín reiði er orðin grimm yfir hirðarana og eg vil vitja hafranna því DROTTINN Sebaót skal vitja sinnar hjarðar, sem er, hússins Júda. Og hann skal útbúa þá so sem prýðddan víghest til bardaga. [4]Hyrningin, naglarnir, stríðsboginn og drífararnir skal allt takast burt frá þeim. [5]Þó skulu þeir vera so röskvir sem risar, troðandi gatnasaurinn í bardaganum og þeir skulu berjast. Því að DROTTINN skal vera með þeim svo að þeir riddarar skulu til skammar verða.

[6]En eg vil styrkja húsið Júda og frelsa húsið Jósefs og eg vil innsetja þá aftur. Því að eg vil miskunna mig yfir þá og þeir skulu blífa sem þeir voru þann tíma eg hafða ekki í burt varpað þeim því eg, DROTTINN þeirra Guð, vil bænheyra þá. [7]Og Efraím skal vera sem einn risi og þeirra hjarta skal gleðjast líka sem af víni. Það skulu og þeirra synir sjá og gleðja sig. Og þeirra hjörtu skulu fagna í DROTTNI.

[8]Eg vil blístra að þeim og samansafna þeim því eg vil frelsa þá. Og þeir skulu fjölga sig so sem þeir juku sig fyrri. [9]Og eg vil niðursá þeim á meðal fólksins so þeir skulu minnast mín í fjarlægum löndum og þeir skulu lifa með sínum börnum og koma aftur. [10]Því eg vil færa þá igen af Egypalandi og eg vil safna þeim úr Assyria og eg vil færa þá í Gíleaðland og til Líbanon so að menn

skulu ekki finna þá. [11]Og hann skal ganga í gegnum það harmkvælishaf og slá bylgjurnar í sjónum so að öll þau djúp vötn skulu þurrkast. Þá skal sú ofstækin þeirra í Assyria niðurþrykkjast og sá veldissproti í Egyptalandi skal burt takast. [12]Eg vil styrkja þá í DROTTNI að þeir skulu ganga í hans nafni, segir DROTTINN.

11 Upplúk þínum dyrum, þú Líbanon, svo að eldurinn brenni þín sedrustré. [2]Gráti, þér grenitrén, því að sedrusviðirnir eru fallnir og sú prýðilega byggingin er um koll slegin. Grátið, þér eikurnar í Basan, því sá sterki skógur er upphöggvinn. [3]Menn heyra að hirðararnir gráta því þeirra veglega bygging er niðurbrotin. Menn heyra öskur leónanna því að Jórdans dreiss er niðurslegið.

[4]So segir DROTTINN minn Guð: Geymið sláturssauðina [5]það þeirra herrar slátra þeim og reikna það fyrir öngva synd. Þeir selja þá og segja: „Lofaður sé Drottinn, eg er nú ríkur!“ og þeirra hirðurum hlífa þeir ekki. [6]Þar fyrir vil eg ekki framarmeir spara þá innbyggjarana í landinu, segir Drottinn. Og sjáðu, eg vil láta fólkið koma, einn og sérhvern, í annars hendur og í þeirra kóngs hendur og þeir skulu niðurslá landið og eg vil ekki hjálpa þeim frá þeirra hendi.

[7]Og eg geymi slátur sauðanna fyrir þeirra vesölu sauðanna skuld. Og eg tók tvo stafi til mín, þann eina kallaði eg sætleika en þann annan kallaði eg sorg og geymdi sauðina. [8]Og eg eyðilagði þrjá hirðara í einum mánaði því eg kunni ei að líða þá, svo vildu þeir og ei hafa mig. [9]Og eg sagða: „Eg vil ekki gæta yðar. Hvað sem deyr, það deyi. Hvað sem hungrar, það hungri. Og þeir sem eftir eru skal hver eta annars kjöt.“ [10]Og eg tók minn staf sætleika og sundurbraut hann að eg í burt tæki minn sáttmála sem eg hafða bundið við allt fólk. [11]Og hann var burt tekinn þann sama dag. Og þeir fátæku sauðir sem höfðu gát á mér þeir merktu að það var orð DROTTINS. [12]Og eg sagða til þeirra: „Líkar yður það þá berið fram mína verðaura, en vilji þeir ekki, þá látið það vera.“ Og þeir vógu svo mikið sem eg gilta, þrjátígi silfurpeninga. [13]Og DROTTINN sagði til mín: Varpa þeim burt so þeir gefist pottmökurum, eitt merkilegt verðkaup fyrir hvert eg var virtur af þeim! Og eg tók þá þrjátígu silfurpeninga og kastaði þeim í hús DROTTINS so þeir skyldu gefast pottmakaranum. [14]Og eg í sundurbraut minn annan staf sorg so eg mætta burt taka bræðraskapinn í millum Júda og Ísrael.

[15]Og DROTTINN sagði til mín: Tak enn til þín búning eins heimskulegs hirðis [16]því sjáðu, eg vil uppvekja hirðara í landinu sem ekki skulu leita eftir því vanmáttuga, eigi vitja þess sundurslegna og ei græða það særða, eigi heldur hafa hugsun fyrir því heilbrigða. En kjötið af því feita munu þeir eta og í sundurrífa þess klaufir.

[17]Vei skúrgoðahirðurum, þeir sem forláta hjörðina! Sverðið komi á þeirra armleggi og á þeirra hægri augu! Þeirra armur skal uppvisna og þeirra hægra auga skal myrkvast.

12 Þetta er sú byrðin DROTTINS orðs yfir ísrael, segir sá DROTTINN sem útbreiðir himininn og grundvallar jörðina og skapar mannsins anda í honum. [2]Sjáðu, eg vil gjöra Jerúsalem að einu hörsunarkeri öllu fólki þar um kring. Því það skal og gilda Júda nær Jerúsalem verður umkringd. [3]En þó á þeirri sömu tíð vil eg gjöra Jerúsalem að einum þungum steini öllu fólki. Og allir þeir sem vilja í burtu bera hann þeir skulu í sundurmerjast því allir heiðingjar á jörðunni skulu samansafnast móti honum. [4]Á þeim tíma, segir DROTTINN, vil eg alla hesta gjöra fælna og þeirra riddara hrædda en eg

vil hafa mín augu opin yfir Jerúsalem
og allra manna hesta vil eg með blind-
leika plága. [5]Og höfðingjar í Júda skulu
segja í sínum hjörtum: „Látið eins
kostar Jerúsalem borgarmenn vera ör-
ugga í DROTTNI Sebaót þeirra Guði.“
[6]Á þeim tíma vil eg gjöra Júda höfð-
ingja til eins brennand ofns á meðal
trjánna og að einu loganda blysi í strái
so þeir uppeyði bæði til hægri og
vinstri síðu öllu fólki allt um kring. Og
Jerúsalem skal framvegis blífa á sínum
samastað í Jerúsalem. [7]Og DROTTINN
skal frelsa heimili Júda líka sem á fyrra
tíma upp á það að Davíðs hús skal ekki
ofmjög hrósa sér, eigi heldur Jerúsalem
borgarmenn mót Júda.
[8]Á þeirri tíð skal DROTTINN varðveita þá
borgarmennina í Jerúsalem og það skal
ske að hver sem veikur er á þeim tíma á
meðal þeirra hann skal vera sem Davíð
og Davíðs hús skal vera sem Guðs hús,
líka sem engill DROTTINS fyrir þeim. [9]Og
á þeim tíma vil eg þenkja að afmá alla
heiðingjana sem farnir eru mót Jer-
úsalem. [10]En yfir Davíðs hús og yfir
borgarmenn í Jerúsalem vil eg ausa
anda náðar og bænar. Því að þeir munu
sjá mig hvern þeir hafa í gegnum
stungið og þeir skulu gráta yfir honum
líka sem menn gráta yfir einum einka-
syni og þeir skulu hryggja sig yfir hon-
um líka sem menn hryggja sig yfir því
frumgetna barni. **Johannis 19:37**
[11]Og á þeim tíma skal vera einn mikill
harmur í Jerúsalem líka sem það var
hjá Hadarimon á þeim velli Megiddó.
[12]Og landið skal gráta, hver ættþáttur
fyrir sig, ættin Davíðs húss sér í lagi og
þeirra húsfrúr sér í lagi, það hús Natans
ættar sér í lagi og þeirra húsfrúr sér í
lagi, [13]það hús Leví ættar sér í lagi og
þeirra húsfrúr sér í lagi, Símeí ætt sér í
lagi og þeirra húsfrúr sér í lagi, [14]líka
sem allar ættir þær eftir eru orðnar sér
í lagi, þeirra húsfrúr og so sér í lagi.

13 Á þeim tíma skal Davíðs hús og
borgarmenn í Jerúsalem hafa
eina frí opna uppsprettu til að afþvo
þeirra syndir og saurganir. [2]Á þeim
tíma, segir DROTTINN Sebaót, vil eg af-
guðanöfnin afmá af landinu so menn
skulu ekki þaðan í frá minnast þeirra.
Þar með vil eg og útdrífa þá propheta
og óhreinu anda af landinu. [3]Það skal
so ske: Ef nokkur spár framarmeir þá
skulu hans faðir og móðir sem hann
fætt hafa segja til hans: „Þú skalt ekki
lifa því þú talar lygi í nafni DROTTINS.“
Og so skulu hans faðir og móðir sem
ólu hann í gegnum leggja hann þá hann
spár. [4]Því það skal ske á þeim tíma að
spámennirnir skulu verða að skömm
með þeirra vitrunum nær þeir spá þar
um. Og þeir skulu ekki meir íklæðast
loðnum kápum með hverjum þeir sviku
[5]heldur skal hann segja: „Eg er enginn
spámaður heldur akurverksmaður því
eg hefi mönnum þjónað af mínum ung-
dómi.“ [6]Og ef nokkur maður segir þá til
hans: „Hvaða sárum eru í þínum hönd-
um?“ Þá skal hann svara: „So er eg
sleginn í þeirra húsum sem mig elska.“
[7]Þú sverð, vertu til reiðu yfir minn
hirðir og yfir þann mann sem mér ná-
lægastur er, segir DROTTINN Sebaót. Slá
þú hirðirinn, so skal hjörðin í sundur-
driefast, so vil eg vernda minni hendi
til smábarna. [8]Og það skal ske að í
hverju landi sem að eru tveir hlutir,
segir DROTTINN, þeir skulu upprætast
og forganga. En sá þriðji partur skal
blífa þar inni [9]og þann þriðja part vil eg
í gegnum eldinn leiða og hreinsa líka
sem menn hreinsa silfur og fægja það
so sem menn fægja gull. Og þeir skulu
kalla á mitt nafn og eg vil bænheyra þá.
Eg vil segja: „Þeir eru mitt fólk“ og þeir
munu segja: „DROTTINN minn Guð.“

14 Sjáið, tíminn DROTTINS kemur
að menn skulu skipta þínu her-
fangi í þér. [2]Því að eg vil safna allra
handa heiðingjum til bardaga í mót Jer-

úsalem. Og staðurinn skal verða yfirunnin, húsin rænd og kvinnurnar skammaðar. Og hálfur partur staðarins skal verða hertekinn í burt færast en það fólk sem eftir verður skal ekki af staðnum upprætast. 3En DROTTINN mun draga út og stríða í mót þeim sömum heiðingjum so sem hann plagar að stríða í styrjaldartíðinni.

4Og hans fætur skulu standa á þeim sama tíma á fjallinu Oliveti hvert eð liggur hjá Jerúsalem mót austri. Olivetifjall skal í sundurklofna rétt í tvo parta, frá austri og allt til vesturs, mjög víður hvor partur frá öðrum, so að sá eini hálfur partur fjallsins skal gefa sig í mót norðri en sá annar í mót suðri. 5Og þér skuluð flýja fyrir svoddan dal í millum minna fjalla því dalurinn í millum fjallanna skal taka allt til Asal. Og þér skuluð flýja so sem þér flúðuð fyrir jarðskjálftanum í fyrri tíð á dögum Úsías Júdakonungs. Þá skal DROTTINN Guð minn koma og allir helgir með honum.

6Og á þeim tíma skal ekkert ljós vera utan kuldi og frost. 7Og þar skal vera sá einn dagur hver að DROTTINN er kunnur, hvorki dagur né nótt.

8En að kveldi skal verða ljós. Á þeim tíma skulu rennandi vötn fljóta af Jerúsalem, helftin í sjóinn mót austri og helftin til þess yðsta hafs og þar skal vera bæði sumar og vetur.

9Og DROTTINN skal vera kóngur yfir öllum löndum og á þeim tíma skal ekki vera utan einn Guð og eitt hans nafn.

10Og menn skulu ganga í kringum allt landið svo sem á einum sléttum velli, frá Gíbea og til Rimon sunnan til við Jerúsalem. Því hún skal upphefjast og byggjast í sínum stað frá Benjamínsporti allt til þeirra fyrstu staðardyra og að þeim horndyrum og frá Hananeelsturni og allt til kóngsins vínþrúgunnar. 11Og þar skulu menn inni búa og þar skal engin bölvan meir vera því að Jerúsalem skal með öllu óttalaus búa. 12Og það skal vera sú plága með hverri að DROTTINN skal plága allt það fólk það sem strítt hefur í mót Jerúsalem: Þeirra hold skal fúna á meðan þeir standa enn á sínar fætur og þeirra augu skulu visna í þeirra augnatóftum og þeirra tungur skulu rotna í munninum. 13Á þeim tíma skal DROTTINN gjöra mikið upphlaup á meðal þeirra að einn skal taka í annars hönd og leggja sína hönd á hans hönd. 14Því að Júda skal stríða í mót Jerúsalem og allt heiðingjagóss sem þar í kring er skal samansafnast, gull, silfur og klæði ofurmikil. 15Og so skal þessi plága koma yfir hestana, múldýrin, úlfaldana, asna og alls kyns dýr sem eru í þeim sama her, líka sem þeir aðrir eru plágaðir.

16Og allir eftirblífnu á meðal allra heiðingja sem drógu í mót Jerúsalem þeir skulu hvert ár hér upp koma að tilbiðja konunginn, þann DROTTINN Sebaót, og að halda tjaldbúðarhátíð. 17En hver sú ættkvísl á jörðunni sem ekki kemur upp til Jerúsalem að tilbiðja konunginn, þann DROTTINN Sebaót, yfir þá skal ekki rigna. 18Og ef Egyptanna ættkvíslir ferðast ekki upp og koma ekki þá skal og ekki rigna yfir þá. Það skal vera sú plágan með hverri að DROTTINN skal plága alla heiðingja sem ekki uppkoma að halda tjaldbúðarhátíðina. 19Því að það skal vera synd fyrir Egyptana og alla heiðingjana sem ei koma að halda þá tjaldbúðarhátíð.

20Og á þeirri tíð mun tilreiðing hestanna vera Heilög Fyrir DROTTNI og katlarnir í húsi DROTTINS kulu verða sem munnlaugar fyrir altari. 21Því að allir katlar, bæði í Júda og Jerúsalem, skulu þeim DROTTNI Sebaót helgaðir verða so að allir þeir sem offra vilja skulu koma og tak þá sömu og matgjöra í þeim og þar skulu hér eftir öngvir Cananei vera í DROTTINS Sebaót húsi á þeirri tíð.

Ending prophetans Sacharie

PROPHETINN MALACHIAS

1 Þetta er sú byrði sem DROTTINN
talaði í mót Ísrael fyrir Malachiam.
[2]Eg elska yður, segir DROTTINN. En
þér segið so: „Hvar með elskar þú oss?“
Er Esaú ekki Jakobs bróðir? segir
DROTTINN. Þó líka vel elskaði Jakob [3]en
hataði Esaú og gjörði hans fjallbyggðir í
eyði og hans arf að drekaeyðu. [4]Og ef
Edóm yrði segjandi: „Vér erum fordjar-
faðir en vér viljum aftur upp byggja það
sem í eyði er.“ So segir DROTTINN
Sebaót: Ef þeir uppbyggja þá skal eg
niðurbrjóta og það skulu kallast þau
fordæmdu landamerki og eitt fólk
hverju DROTTINN er reiður ævinlega.
[5]Það skulu yðar augu sjá og þér skuluð
segja: „DROTTINN er veglegur í Ísraels
landamerkjum.“

[6]Sonurinn skal heiðra föðurinn og
þénarinn sinn herra. Em eg nú faðir,
hvar er þá minn heiður? Er eg herrann,
hvar óttast menn mig? segir DROTTINN
Sebaót til yðar presta sem forakta mitt
nafn. So segi þér: „Hvar með foröktum
vér þitt nafn?“ [7]Þar með að þér offrið
óhreint brauð á mitt altari. En þér segið:
„Hvar með offrum vér óhreint?“ Þar
með að þér segið: „Borð DROTTINS er
fyrirlitið“ [8]og nær þér offrið nokkru
blindu so má það ekki vont heita og
nær þér offrið nokkru löstuðu eður
sjúku þá má það ekki heldur heita vont.
Ber þú þetta þínum höfðingja, hvað
gildir þú verður honum ekki þakknæm-
ur eða hann verður þína persónu ekki
sjáandi, segir sá DROTTINN Sebaót.

[9]So biðjið nú Guð að hann sé oss náð-
ugur því að svoddan er skeð af yður.
Þenki þér að hann muni líta yðar
persónur, segir sá DROTTINN Sebaót?
[10]Hver er og á meðal yðar sem lokar
einum dyrum? Þér uppkveikið ekki eld
á mínu altari forgefins. Eg hefi öngva
þóknan til yðar, segir DROTTINN Sebaót,
og matoffrið af yðar höndum er mér
ekki þakknæmt. [11]En mitt nafn skal
verða dýrðarlegt á meðal heiðingjanna,
frá uppgangi sólarinnar og til hennar
niðurgangs, og þar skal offrast reykelsi
alls staðar í mínu nafni og eitt hreint
matoffur. Því að mitt nafn skal vera
dýrðarlegt á meðal heiðingjanna, segir
sá DROTTINN Sebaót.

[12]En þér vanheiðrið það í því að þér
segið: „Borð DROTTINS er óheilagt og
hans offur er forsmáð með hans mat.“
[13]Og þér segið: „Sjá, það er ekki utan
arfiði“ og þér varpið því so í vind, segir
sá DROTTINN Sebaót. Og þér offrið því
sem rænt er, halt og sjúkt og af því offri
þér matoffri. Skyldi svoddan vera mér
þakknæmt af yðrum höndum? segir
DROTTINN. [14]Bölvaður sé sá svikari sem
kallkyns hefur í sinni hjörð og þá hann
heitir nokkru þá offrar hann Drottni
það sem ekki dugir. Því eg er einn mik-
ill kóngur, segir sá DROTTINN allsherjar,
og mitt nafn er hræðilegt á meðal
heiðingjanna.

2 Og nú prestar, þetta boð snertir
yður. [2]Ef þér ekki heyrið það og
leggið það ekki heldur á hjarta að þér
skuluð gefa mínu nafni dýrðina, segir
DROTTINN allsherjar, þá skal eg senda
bölvan til yðar og bölva yðar blessanir,
já eg skal bölva þeim fyrir því að þér
vilduð ekki taka það yður til hjarta. [3]Sjá,
eg vil formæla yður og yðar sæði og
kasta yðar helgradagasaur í yðar andlit
so það skal loða við yður. [4]So skulu þér
fornema að eg senda svoddan boð til
yðar so það skyldi vera minn sáttmáli
með Leví, segir sá DROTTINN Sebaót.
[5]Því að minn sáttmáli var með honum
til lífs og friðar og eg gaf honum ótta að
hann hræddist mig og óttaðist fyrir
mínu nafni. [6]Sannleikans lögmál var í
hans munni og þar var ei neitt vont
fundið í hans vörum. Hann gekk fyrir

mér friðsamlega og réttilega og sneri mörgum frá sínum syndum. 7Því prestsins varir skulu varðveita lærdóminn so menn skulu sækja lögmálið af hans munni því hann er DROTTINS Sebaót engill. 8En þér eruð gengnir af réttum vegum og hneykslið marga í lögmálinu og þér hafið í sundurbrotið Leví sáttmála, segir sá DROTTINN Sebaót. 9Þar fyrir hefi eg og gjört yður að foraktan og að óvirðingu fyrir öllu fólki af því að þér hélduð ekki mínum vegum og hafið manngreinarálit í lögmálinu.

10Því að höfum vér allir ekki einn föður? Hefur ekki einn Guð skapað oss? Hvar fyrir föröktum véðr þá hver annan og vanhelgum þann sáttmála sem gjörður er með vora feður? 11Því Júda er orðinn einn formsmánari og þar verða svívirðingar í Ísrael og Jerúsalem. Því að Júda vanheiðrar heilagleika DROTTINS sem hann elskar og drýgir hór með dóttur eins annarlegs guðs. 12En Drottinn mun þá útreka sem þvílíkt gjöra af húsi Jakobs, bæði meistarana og lærisveinana, ásamt með þeim sömum sem það matoffur fórnfæra DROTTNI Sebaót.

13Framleiðis gjöri þér og þetta að þar er ætíð grátur, sorg og veinanir fyrir altari DROTTINS so eg get ekki meir séð til þess matoffurs, eigi heldur meðtekið nokkuð þakknæmilega af yðar höndum. 14En þér segið: „Hvar fyrir?“ Fyrir því að DROTTINN hefur uppfætt þinn ungdóm millum þín og þinnar húsfrúr sem þú foraktar, so sem hver er þó þín félagssystir og þíns sáttmáls húsfrú. 15En sá einn sami gjörði ekki so hver þó að hafði einn mikinn anda. Hvað gjörði sá einsami? Hann leitaði þess sæðis af Guði sem honum var tilsagt. Þar fyrir sjái þér svo fyrir yður og fyrir yðar anda að enginn forakti sína ungdóms húsfrú. 16En hver sem hana hatar sá láti hana fara, segir DROTTINN Ísraels Guð, og gefi henni skjól óréttsins af sínum klæðum, segir sá DROTTINN Sebaót. Því sjáið fyrir yður fyrir yðrum anda og forsmáið ekki þær.

17Þér ofþreytið DROTTIN með yðrum orðum og segið svo: „Hvernin ofþreytum vér hann?“ Þar með að þér segið: „Hver sem illt gjörir sá þóknast DROTTNI og hann hefur lyst til hans, eða hvar er sá Guð sem straffar?“

3 Sjáið, eg vil senda minn engil sem skal tilreiða veginn fyrir mér og sá DROTTINN mun snart koma til síns musteris hvers þér leitið og sá sáttmálans engill hvern þér girnist. Sjáið, hann kemur, segir sá DROTTINN Sebaót. **Mattheus 11:10, Marcus 1:2, Lucas 1:76, 7:27** 2En hver mun þola hans tilkomudag og hver mun það standast þá hann mun opinberast? Því að hann er sem eins gullsmiðseldur og svo sem einnrar þvottarkonu sápa. 3Hann mun sitja og bræða og silfrið hreinsa. Hann mun hreinsa og klár gjöra Levíbörn so sem silfur og gull. Og þá munu þeir færa DROTTNI matoffur í réttlæti 4og þá mun matoffur Júda og Jerúsalem vera DROTTNI þakknæmt so sem áður og fyrir mörgum árum.

5Og eg vil koma til yðar og straffa yður. Eg vil vera einn fljótur vitnismaður á móti galdamönnum, hórdómsmönnum, meinsærismönnum og móti þeim sem gjöra vald og órétt arfiðismönnum, ekkjum og föðurleysingjum og undirþrykkja þá útlensku en óttast ekki mig, segir DROTTINN Sebaót. 6Því að eg er sá DROTTINN sem ekki lýgur og það skal ekki öldungis úti vera með yður, Jakobs börn.

7Þér hafið ætíð frá tíð yðra feðra vikið af mínum boðorðum og hafið þau ekki haldið. So snúið yður nú til mín, þá vil eg snúa mér til yðar, segir sá DROTTINN Sebaót. En þér segið so: „Í hverju skulu vér snúa oss?“ 8Er það rétt að nokkur maður pretti Guð sem þér prettið mig? En þér segið: „Hvernin prettum vér

þig?“ Með tíundum og upplyftingaroffri. 9Þar fyrir eru þér bölvaðir so að allir hlutir hverfa úr yðar höndum því þér prettið mig allir saman. 10En berið þá alla tíund í mitt kornhús so þar sé matur í mínu húsi og reynið mig þar inni, segir sá DROTTINN allsherjar, hvort eg mun ekki upplúka vindaugum himinsins fyrir yður og úthella yfirgnæfanlegri blessan. 11Og eg vil straffa uppetarann svo hann skal ekki fordjarfa yðarn ávöxt á akrinum og að víntréð sé yður ekki óávaxtarsamt á akrinum, segir sá DROTTINN Sebaót, 12so að allir heiðingjar skulu segja yður sæla vera. Því þér skuluð vera eitt kostulegt land, segir sá DROTTINN Sebaót.

13Þér talið hart í móti mér, segir DROTTINN. So segi þér: „Hvað tölum vér í mót þér?“ 14Það að þér segið: „Það er forgefins að mann þjónar Guði og hvað hjálpar það þó vér höldum hans boð og færum einn strangan lifnað fyrir þeim DROTTNI Sebaót? 15Þar fyrir prísum vér þá forsmánara því þeir óguðlegu vaxa, þeir freista Guðs og hafa lukku og framgang.“

16En þeir guðhræddu hugga sig hver við annan. En DROTTINN merkir það og heyrir það og það er eitt minningarbréf fyrir hann skrifað sem óttast DROTTIN og þenkir á hans nafn. 17Þeir skulu vera minn eigindómur, segir DROTTINN Sebaót, á þeim degi sem eg vil gjöra. Og eg vil spara þá so sem mann sparir sinn son þann honum þjónar. 18Og þér skuluð þar í mót sjá aftur hvaða mismunur að er í millum þeirra réttlátu og þeirra óguðlegu og á millum þeirra sem þjóna Guði og hinna sem honum ekki þjóna.

4 Því að sjá þú, þar kemur einn dagur, hann skal brenna sem einn ofn. Þá skulu allir forsmánarar og óguðlegir vera sem hálmur og sá tilkomandi dagur skal uppkveikja þá, segir DROTTINN allsherjar, og hann skal hverki kvist né rót láta eftir vera af þeim. 2En sól réttlætisins skal upprenna yfir yður sem óttist mitt nafn og hjálpræðið undir þeim sömum vængjum. Og þér skuluð ganga út og inn og vaxa sem alikálfar. 3Þér skuluð undirtroða þá óguðlegu því þeir skulu vera aska undir yðrum fótum á þeim degi sem eg vil gjöra, segir sá DROTTINN Sebaót.

4Minnist þér á lögmál Moysi míns þénara hvert eg honum bífalaði upp á fjallinu Hóreb við allt Ísraelsfólk með þeim boðum og réttindum. **Exódus 20:3**

5Sjá, eg vil senda yður þann spámanninn Eliam áður en sá mikli og ógnarlegi dagur DROTTINS kemur. 6Hann skal snúa feðranna hjörtum til sonanna og sonanna hjörtum til sinna feðra so að eg komi ekki og slái jörðina með bölvun. **Mattheus 11:14, Marcus 9:11, Lucas 1:17**

Ending prophetans Malachias



Nyia Testa-
mentum/ a Norrænu.

Matth. 17.

Þesse er minn Elskuligur
Sonur/ ad huerium mier
vel þocknast/ Honum
skulu þier hlyda

1584.

HIÐ

NÝJA TESTAMENT

UM

DROTTINN VORN OG FRELSARA

JESÚ KRIST

S. MATTHEUS EVANGELIUM

1 Þessi er fæðingarbók Jesú Christi,
sonar Davíðs, sonar Abrahams.
2Abraham gat Ísaak. Ísaak gat Jakob.
Jakob gat Judam og bræður hans. 3Júdas gat Phares og Saran af Tamar.
Phares gat Hesron. Hesron gat Ram.
4Ram gat Amínadab. Amínadab gat Nahasson. Nahasson gat Salma. 5Salma
gat Bóas af Rahab. Bóas gat Óbeð af
Rut. Óbeð gat Jesse. 6Jesse gat kónginn
Davíð. Davíð kóngur gat Salómon af
þeirri sem var húsfrú Urie. 7Salómon
gat Róbóam. Róbóam gat Abía. Abía gat
Assa. 8Assa gat Jósafat. Jósafat gat
Jóram. Jóram gat Ósía. 9Ósía gat
Jótam. Jótam gat Akas. Akas gat
Ezechia. 10Ezechia gat Manases. Manases gat Amón. Amón gat Jósía. 11Jósía
gat Jekonja og bræður hans um babýlónskan herleiðingartíma. 12Og eftir
babýlóneska herleiðing gat Jekonja
Sealtíel. Sealtíel gat Sóróbabel. 13Sóróbabel gat Abíúð. Abíúð gat Eljakím.
Eljakím gat Asór. 14Asór gat Sadók.
Sadók gat Akím. Akím gat Elíúd. 15Elíúd
gat Eleasar. Eleasar gat Mattan. Mattan
gat Jakob. 16Jakob gat Jósef, mann
Maríu, af hverri eð fæddur er Jesú sá er
kallast Kristur.

17Allir ættliðir frá Abraham allt að
Davíð eru fjórtán liðir og frá Davíð allt
til babýlóneskrar herleiðingar eru fjórtán liðir og frá babýlóneskri herleiðing
allt til Christum eru fjórtán liðir. 18En
Christi hingaðburður var so. Nær eð
María, hans móðir, var föstnuð Jósef
og áður en þau skyldu saman koma
fannst hún ólétt af Heilögum Anda.
19En Jósef, maður hennar, var réttvís
og vildi því ei ófrægja hana en þenkti
sér þó leynilega að forláta hana. 20En
sem hann hugsaði þetta, sjá, þá vitraðist honum engill Drottins í draumi og
sagði: „Jósef, sonur Davíð, þú skalt eigi
óttast að taka Mariam, þína festarkonu,
til þín. Því að hvað með henni fætt er
það er af Heilögum Anda. 21Og hún
mun son fæða og hans nafn skaltu
JESÚS kalla því að hann mun frelsa sitt
fólk af þeirra syndum.“ 22En allt þetta
skeði so að uppfylltist hvað sagt er af
Drottni fyrir spámanninn, so segjandi:
23„Sjáið, að hrein mey mun þunguð
verða og son fæða og hans nafn skal
kallast Immanúel“, hvað er so þýðist:
„Guð með oss.“ **Esaias 7:14**

24En þá Jósef vaknaði af svefni gjörði
hann so sem engill Drottins hafði honum boðið og tók sína festarkonu til sín
25og kenndi hennar eigi þar til hún
fæddi son sinn frumgetinn og kallaði
hann JESÚS.

2 Nær Jesús var fæddur í Betlehem á
Gyðingalandi, á dögum Heródes
kóngs, sjá, þá komu vitringar af Austurálfu til Jerúsalem 2og sögðu: „Hvar er
sá nýfæddi kóngur Gyðinga? Því að vér
höfum séð hans stjörnu í Austurvegi og
erum komnir að tilbiðja hann.“

3En er Heródes kóngur heyrði það
skelfdist hann og öll Jerúsalem með
honum 4og lét samansafna öllum
kennimannahöfðingjum og skriftlærðum lýðsins og forheyrði af þeim hvar
Kristur skyldi fæðast. 5En þeir sögðu
honum: „Til Betlehem í Júda. Því að so
er skrifað fyrir spámanninn: 6Og þú,
Betlehem á Júdalandi, ert öngvaneginn
hin minnsta á meðal höfðingja Júda,
því að af þér mun koma hertugi sá er
stjórna skal yfir fólk mitt Ísrael.“
Micheas 5:2 7Þá kallaði Heródes
vitringina til sín heimuglega og
hugarlátlega aðspurði þá á hverjum
tíma að stjarnan hefði birtst þeim 8og
vísaði þeim til Betlehem og sagði: „Fari
þér og spyrjið innilega að sveininum og
nær þér finnið hann þá kunngjörið mér
það aftur so eg komi einnin að tilbiðja
hann.“ 9Sem þeir höfðu nú kónginum
heyrt fóru þeir af stað. Og sjá, að stjarn-

an sem þeir séð höfðu í Austurálfu gekk fram fyrir þeim allt þar til hún kom og stóð þar upp yfir hvar sveinninn var. [10]En er þeir sáu stjörnuna glöddust þeir af næsta miklum fagnaði [11]og gengu í húsið inn og fundu þar sveininn með Maríu móður sinni, féllu fram og tilbáðu hann og að opnuðum sínum fjársjóðum offruðu þeir honum gjafir: Gull, reykelsi og myrru. [12]Og fengu þá ávísun í svefni að þeir gæfi sig ei aftur til Herodem og fóru so annan veg aftur í sitt land.

[13]En þá þeir voru í burt farnir, sjá, að engill Drottins vitraðist Jósef í draumi og sagði: „Statt upp og tak sveininn og móður hans til þín og flý í Egyptaland og ver þar allt þangað til eg segi þér. Því að það er eftirkomanda að Heródes mun leita sveinsins að fyrirfara honum.“ [14]Og hann stóð upp og tók sveininn og móður hans til sín um nátt og fór í Egyptaland [15]og var þar allt fram yfir andlát Heródes. So það uppfylltist hvað sagt er af Drottni fyrir spámanninn, eð segir: „Af Egyptalandi kallaði eg son minn.“ **Hóseas 11:1**

[16]Þá Heródes sá nú að hann var gabbaður af vitringunum varð hann afar reiður og sendi út og lét drepa öll sveinbörn til Betlehem og í öllum hennar endimörkum, tvævetur og þaðan af minni, eftir þeim tíma sem hann hafði útspurt af vitringunum. [17]Þá uppfylltist hvað sagt er fyrir Jeremiam spámann, sem segir: [18]„Á hæðum hefur heyrst kall mikillar kveinunar, óps og ýlfranar. Rakel æpti sonu sína og vildi eigi huggast láta því að það var með þeim úti.“ **Jeremias 31:15**

[19]En þá Heródes var látinn, sjá, að engill Drottins birtist Jósef í draumi á Egyptalandi [20]og sagði: „Statt upp og tak sveininn og móður hans til þín og far til Ísraelsjarðar því að þeir eru í helju sem leituðu að lífi sveinsins.“ [21]Hann stóð upp og tók sveininn og móður hans til sín og kom til Ísraelsjarðar. [22]En þá hann heyrði það Arkelaus ríkti í Judea í staðinn föður síns Heródes óttaðist hann þangað að fara. Og í draumi fékk hann undirvísan af Guði og fór í álfur Galilealands [23]og byggði í þeirri borg sem hét Naðsaret so það uppfylltist hvað sagt er fyrir spámennina að hann skyldi naðverskur kallast. **Esaias 11:1**

3 En á þeim dögum kom Jóhannes baptista og prédikaði í eyðimörku Judealands [2]og sagði: „Gjörið iðran því að Guðsríki er nálægt.“ [3]Hann er og einnin sá af þeim að sagt er fyrir Esaiam spámann sem segir: „Þar er ein hrópandi rödd í eyðimörku: Reiðið til götu Drottins og gjörið hans stigu rétta.“ **Esaias 40:3**

[4]En Jóhannes hafði klæðnað af úlfaldshárum og ólarbelti um sínar lendar. Hans matur voru engisprettur og skógarhunang. [5]Þá gekk og út til hans lýður Jerúsalemborgar og allt Gyðingaland og öll umliggjandi héröð Jórdanar [6]og skírðust af honum í Jórdan, játandi sínar syndir.

[7]En þá hann sá marga Phariseos og Saduceos koma til sinnar skírnar sagði hann til þeirra: „Þér nöðrukyn, hver kenndi yður að flýja fyrir tilkomandi reiði? [8]Af því gjörið verðugan ávöxt iðranarinnar [9]og verið ei þess hugar það þér segið með sjálfum yður að Abraham höfum vær fyrir föður. Því að eg segi yður að megtugur er Guð upp að vekja Abraham sonu af steinum þessum. [10]Af því að nú er öxin sett til rótar viðanna. Því mun hvert það tré sem eigi gjörir góðan ávöxt upphöggvast og í eld kastast. [11]Eg skíri yður í vatni til iðranar en sá eftir mig kemur er mér sterkari hvers skóklæði að eg er ei verðugur að bera. Hann mun skíra yður með Heilögum Anda og eldi, [12]hvers vindskupla er í hans hendi og hann mun hreinsa sinn láfa og hveitinu safna í sína kornhlöðu en agn-

irnar brenna í óslökkvanlegum eldi.“ 13Í
þann tíma kom Jesús af Galilea að Jórdan til Jóhannes að hann skírðist af honum. 14En Jóhannes varnaði honum þess
og sagði: „Mér er þörf að eg skírist af
þér og þú kemur til mín?“ 15En Jesús
svaraði og sagði til hans: „Lát nú so
vera því að so hæfir oss allt réttlæti upp
að fylla.“ Og þá lét hann það eftir honum. 16En er Jesús var skírður sté hann
jafnskjótt upp úr vatninu. Og sjá, að
himnarnir lukust upp yfir honum og
Jóhannes sá Guðs Anda ofan stíga sem
dúfu og yfir hann koma. 17Og sjá, að
röddin af himni sagði: „Þessi er Son
minn elskulegur, á hverjum mér vel
þóknast.“ **Esaias 42:1**

4 Þá var Jesús leiddur af anda á eyðimörk upp á það hann freistaður
yrði af djöflinum. 2Og þá hann hafði
fastað fjörutígu daga og fjörutígu nátta
hungraði hann. 3Og freistarinn gekk til
hans og sagði: „Ef að þú ert Sonur Guðs
seg að steinar þessir verði að brauðum.“ 4En hann svaraði og sagði: „Skrifað er: Maðurinn lifir eigi af einusaman
brauði heldur af sérhverju orði sem
framgengur af Guðs munni.“ **Deuteronomium 8:3**
5Þá tók djöfullinn hann með sér í
borgina helgu og setti hann upp á bust
musterisins 6og sagði til hans: „Ef þú
ert Guðs Son fleyg þér hér ofan það
skrifað er: Hann mun bjóða sínum
englum um þig að á höndum beri þeir
þig so að þú steytir ei fót þinn við
steini.“ 7Jesús sagði til hans: „Enn aftur
er skrifað: Eigi skaltu freista Drottins
Guðs þíns.“ **Deuteronomium 6:16**
8Og enn aftur flutti djöfullinn hann
með sér upp á ofurhátt fjall og sýndi
honum öll ríki veraldar og þeirra dýrð
9og sagði til hans: „Allt þetta mun eg
gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður
mig.“ 10Þá sagði Jesús til hans: „Far
burt, þú andskoti, því að skrifað er:
Drottin Guð þinn skaltu tilbiðja og honum einum þjóna.“ **Deuteronomium 6:13**
11Þá forlét djöfullinn hann og sjá, að
englar komu til hans og þjónuðu honum. 12En er Jesús heyrði það Jóhannes
var gripinn fór hann til Galilealands
13og forlét borgina Naðsaret og kom og
byggði í borginni Kapernaum hver eð
liggur við sjávarsíðu í endimörkum
Sabúlon og Neftalím. 14So að það uppfylltist hvað sagt er fyrir Esaiam spámann sem segir: 15„Landið Sabúlon og
landið Neftalím við sjávargötu
hinumegin Jórdanar og Galilea hin
heiðna, 16lýður sá er sat í myrkrunum
hann sá ljós mikið og þeir sem sátu í
byggð og skugga dauðans þeim er nú
ljós upprunnið.“ **Esaias 9:1-2** 17Þaðan í
frá tók Jesús að prédika og segja: „Gjörið iðran því að himnaríki er nálægt.“
18En er Jesús gekk með sjónum í
Galilea leit hann tvo bræður, Símon sá
er kallast Petrus og Andream bróður
hans, hverjir ið voru að varpa neti í sjóinn því að þeir voru fiskimenn. 19Og
hann sagði til þeirra: „Fylgið mér eftir
og eg mun gjöra yður að fiskörum
manna.“ 20En þeir forlétu jafnsnart
netin og fylgdu honum eftir.
21Og er hann gekk fram lengra burt
þaðan sá hann tvo aðra bræður, Jakob
son Zebdei og Johannem bróður hans,
vera í skipi með föður sínum Zebedeo
net sín að bæta. Og hann kallaði þá.
22En þeir forlétu strax skipið og föður
sinn og fylgdu honum eftir.
23Jesús fór og um allt Galileam,
kennandi í þeirra samkunduhúsum og
prédikaði evangelium ríkisins og læknaði öll sóttarfelli og öll krankdæmi með
fólkinu 24og hans rykti barst út um allt
Syriam. Og þeir færðu honum alla þá
sem krenktir voru af margvíslegum
sóttarferlum og í ýmislegum píslum
höndlaðir og þá er djöful höfðu, tunglamein eða iktsjúkir voru og hann læknaði þá alla. 25Og margt fólk fylgdi
honum eftir úr Galilea og úr þeim tíu

borgum og af Jerúsalem og Júda og af
þeim héröðum er voru hinumegin
Jórdanar.

5 En er Jesús sá fólkið gekk hann
upp á fjallið og þá hann setti sig
niður gengu hans lærisveinar til hans.
2Og hann lauk sínum munn upp og tók
að kenna þeim og sagði: 3„Sælir eru
þeir sem andlega eru volaðir það þeirra
er himnaríki. 4Sælir eru þeir sem
harma það þeir munu huggaðir verða.
5Sælir eru hógværir því að þeir munu
jarðríki erfa. 6Sælir eru þeir sem
hungra og þysta eftir réttlætinu því að
þeir skulu saddir verða. 7Sælir eru mis-
kunnsamir því að þeir munu miskunn
hljóta. 8Sælir eru hreinhjartaðir því að
þeir munu Guð sjá. 9Sælir eru þeir sem
friðinn gjöra því að þeir munu Guðs
synir kallaðir verða. 10Sælir eru þeir
sem fyrir réttlætisins sakir ofsóttir
verða því að þeirra er himnaríki. 11Sælir
eru þér nær eð lýðurinn formælir yður
og ofsókn veitir og talar í gegn yður
alla vonsku fyrir mínar sakir, þó ljúg-
andi. 12Fagni þér og verið glaðir því að
yðart verðkaup er nóglegt á himnum
því að so hafa þeir ofsótt spámennina
þá eð fyrir yður voru.
13Þér eruð salt jarðar. Nú ef saltið
deyfist í hverju verður þa saltað? Þá
dugir það til einkis meir nema að það
verður útsnarað so að það sé fóttroðið
af mönnum. 14Þér eruð ljós veraldar. Sú
borg sem á fjallinu er sett fær ei fólgist.
15Og eigi tendra þeir ljósið og setja það
undir mæliask heldur yfir ljóshaldinn
so að það lýsi öllum þeim sem í húsinu
eru. 16Líka skal yðvart ljós lýsa fyrir
mönnum so að þeir sjái yðar góðverk
og dýrki Föður yðarn á himnum. 17Þér
skuluð ei meina að eg sé kominn lög-
málið eður spámennina upp að leysa.
Eg em eigi kominn að leysa heldur upp
að fylla. 18Því að eg segi yður fyrir sann,
þangað til himinn og jörð forgengur
mun eigi hinn minnsti bókstafur eður
titill af lögmálinu forganga þar til að
allt það skeður.
19Því að hver hann uppleysir eitt af
þessum minnstu boðorðum og kennir
það lýðnum svo sá mun kallast
minnstur í himnaríki en hver það gjörir
og kennir hann mun mikill kallast í
himnaríki.
20Því að eg segi yður: Nema so sé að
yðvart réttlæti sé betra en hinna skrift-
lærðu og Phariseis þá munu þér eigi
innganga í himnaríki.
21Þér hafið heyrt hvað sagt er til hinna
gömlu: Þú skalt ei mann vega en hver
eð mann vegur hann verður dóms sek-
ur. 22En eg segi yður: Hver eð reiðist
bróður sínum án saka hann verður
dóms sekur. En hver sem til bróður
síns segir: Racha, hann verður ráðssek-
ur. En hver eð segir: Þú afglapi, hann
verður sekur helvítiselds. 23Fyrir því
nær þú offrar þína gáfu á altarið og þér
kemur þar til hugar það bróður þinn
hafi nokkuð á móti þér 24þá láttu þar
þína gáfu fyrir altarinu, gakk áður að
sætta þig við bróður þinn og kom þá að
offra þína gáfu.
25Vertu snarlega samþykkur þínum
mótstöðumanni á meðan þú ert enn á
vegi með honum so að eigi selji þig
þinn mótstöðumaður dómaranum og
dómarinn selji þig þénaranum og verð-
ir þú í dýflissu kastaður. 26Að sönnu
segi eg þér að þú munt eigi þaðan
útfara þar til þú borgar hinn síðasta
pening. 27Þér hafið og heyrt það sagt er
til hinna gömlu: Þú skalt ei hórdóm
drýgja. 28En eg segi yður að hver hann
lítur konu til að girnast hennar sá hefur
þegar drýgt hór með henni í sínu
hjarta.
29En ef þitt hægra auga hneykslar þig
þá kipp því út og kasta því frá þér. Því
að skárra er þér að einn þinna lima
farist heldur en allur þinn líkami kastist
í helvíska eld. 30Og ef þín hægri hönd
hneykslar þig þá sníð hana af og kasta
frá þér. Því að skárra er þér að einn

þinna lima tortýnist en að allur líkami þinn kastist í helvískan eld. 31So er og enn sagt að hver hann skilur við sína eiginkonu sá skuli gefa henni skilnaðarskrá. 32En eg segi yður: Hver hann forlætur sína eiginkonu (að undantekinni hórunarsök) sá gjörir það að hún verði hórdómskona. Og hver eð fastnar þá sem frá manni er skilin sá drýgir hór. 33Þér hafið enn framar heyrt hvað sagt er til hinna gömlu, að eigi skulir þú rangt sverja og þú skalt Guði þín særi ljúka. 34En eg segi yður að þér skuluð öldungis ekki sverja, hvorki við himin, því að hann er Guðs sæti, 35eigi heldur við jörðina, því að hún er skör hans fóta, eigi við Jerúsalem, því að hún er borg hins mikla konungs. 36Þú skalt og eigi sverja við höfuð þitt því að þú formátt eigi að gjöra eitt hár hvítt eður svart. 37En yðar ræða sé já já, nei nei. En hvað fram yfir það er það er af hinum vonda.

38Þér hafið og heyrt hvað sagt er: Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. 39En eg segi yður að þér skuluð ei brjótast í gegn illu heldur ef nokkur slær þig á þína hægri kinn þá bjóð honum hina aðra. 40Og þeim sem við þig vill lög þreyta og þinn kyrtil af þér hafa þá lát honum og þinn möttul lausan. 41Og hver þig neyðir um mílu eina þá gakk með honum og tvær aðrar. 42Gef og þeim er þig biður og vert ei afundinn þeim er af þér vill lán taka.

43Þér hafið heyrt að sagt er: Elska skaltu náunga þinn og óvin þinn að hatri hafa. 44En eg segi yður: Elski þér óvini yðra, blessið þá er yður bölva, gjörið þeim gott sem yður hata og biðjið fyrir þeim er yður lasta og ofsókn veita 45so að þér séuð synir Föðurs yðar þess á himnum er hver sína sól lætur uppganga yfir vonda og yfir góða og rigna lætur yfir réttláta og yfir rangláta. 46Því ef þér elskið þá er yður elska, hvert verðkaup hafi þér fyrir það? Gjöra það eigi líka tollheimtumenn? 47Og þó þér látið kært aðeins við bræður yðra, hvað gjöri þér þeim meira? Gjöra þetta og eigi líka hinir heiðnu? 48Fyrir því verið algjörðir so sem yðar himneskur Faðir er algjörður.

6 Gætið að það eigi gjöri þér yðar ölmusur fyrir mönnum svo að þér sjáist af þeim, annars hafi þér ekkert verðkaup hjá yðrum Föður sem á himnum er. 2Því nær þú gefur ölmusur þá skaltu eigi lúður þeyta láta fyrir þér so sem hræsnarar gjöra í ráðhúsum og á strætum so að þeir heiðrist af mönnum. Sannlega segi eg yður að þeir hafa sín laun úttekið. 3En nær þú gefur ölmusu þá lát þína vinstri hönd eigi vita hvað hin hægri gjörir 4svo að þín ölmusa sé í leyni og Faðir þinn, sá í leynum sér, gjaldi þér opinberlega aftur.

5Og nær þú biður skaltu eigi vera so sem hræsnarar hverjum kært er að standa og biðjast fyrir í samkunduhúsum og gatnahornum so að þeir sjáist af mönnum. Sannlega segi eg yður að þeir hafa sín laun úttekið. 6En nær þú biðst fyrir þá gakk inn í þinn svefnkofa og aðlyktum þínum dyrum bið þú Föður þinn sem í leynum er og Faðir þinn sá í leyni sér mun þér það opinberlega aftur gjalda.

7Og nær þér biðjið skulu þér eigi fjölmálugir vera so sem heiðingjar gjöra því að þeir meina að af sinni fjölmælgi munu þeir heyrðir verða. 8Fyrir því skulu þér eigi þeim líkjast því að Faðir yðar veit hvers þér hafið þörf áður en þér biðjið hann. 9Af því skulu þér so biðja:

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist nafn þitt. 10Tilkomi þitt ríki. Verði þinn vilji so á jörðu sem á himni. 11Gef oss í dag vort daglegt brauð. 12Og fyrirlát oss vorar skuldir so sem vér fyrirlátum vorum skuldunautum. 13Og innleið oss ekki í freistni heldur frelsa þú oss af illu. Því að þitt er ríkið, máttur

og dýrð um aldir alda. Amen. [14]Því að ef þér fyrirlátið mönnum sínar afgjörðir þá mun yðar himneskur Faðir fyrirgefa yður og yðar brot. [15]En ef þér fyrirlátið eigi mönnum sínar misgjörðir þá mun yðar Faðir og eigi fyrirgefa yður yðar syndir.

[16]Nær þér fastið þá skulu þér eigi vera kámleitir so sem hræsnarar. Því að þeir syrta sína ásjónu so að sýnist fyrir mönnum að þeir fasti. Sannlega segi eg yður að þeir hafa úttekið sín laun. [17]En nær þú fastar þá smyr höfuð þitt og þvo þitt andlit [18]so að eigi skíni fyrir mönnum það þú fastar heldur fyrir Föður þínum sem er í leyni. Og Faðir þinn sá er í leynum sér hann mun þér það opinskárlega aftur gjalda.

[19]Eigi skulu þér yður fjársjóðum safna á jörðu hvar þeim má mölur og ryð granda og hvar þjófar mega eftir grafa og stela [20]heldur safnið yður fjársjóðum á himni hvar eð hverki má mölur né ryð granda og hvar þjófar fá ei stolið né eftir grafið. [21]Því að hvar yðar sjóður er þar er yðart hjarta.

[22]Ljós þíns líkama er þitt auga. Ef auga þitt er einfalt þá er allur líkami þinn skær. [23]En ef auga þitt er skálkur þá er allur líkami þinn myrkur. Því ef það ljós sem að er í þér er myrkur, hve mikil munu þá myrkurin sjálf!

[24]Enginn kann tveimur herrum að þjóna. Annað hvert þá afrækir hann þann eina og elskar hinn annan elligar hann þýðist þann eina og forlítur hinn annan. Þér getið ei Guði þjónað og hinum Mammón. [25]Fyrir því segi eg yður: Verið ei hugsjúkir fyrir yðru lífi, hvað þér skulu eta og drekka, og ei fyrir yðrum líkama, hverju þér skuluð klæðast. Er eigi lífið meir en fæðan og líkaminn meir en klæðin? [26]Sjáið fugla himins, þeir eð hverki sá né uppskera og eigi safna þeir í kornhlöður og yðar himneskur Faðir hann fæðir þá. [27]Eru þér eigi miklu framar en þeir? Eða hver yðar getur aukið með sinni áhyggju alin eina að lengd sinni?

[28]Og hvar fyrir eru þér hugsjúkir fyrir klæðnaðinum? Hyggið að akursins liljugrösum, hvernin þau vaxa. Þau vinna hvorki né spinna. [29]Eg segi yður það Salómon í allri sinni dýrð var eigi so skrýddur so sem eitt af þeim. [30]Því að ef Guð skrýðir so grasið það í dag er á akri og á morgun verður í ofn kastað skyldi hann ei miklu framar við yður gjöra, ó þér lítiltrúaðir?

[31]Fyrir því skulu þér ekki hugsjúkir vera og segja: Hvað munu vér eta? eða: Hvað munu vér drekka? eða: Hverju munu vér klæðast? [32]Því að eftir þessu öllu sækir heiðin þjóð og yðar himneskur Faðir veit þér þurfið alls þessa við. [33]Fyrir því leitið fyrst Guðs ríkis og hans réttlætis og mun yður allt þetta til leggjast. [34]Og fyrir því skulu þér eigi önn ala annars morguns af því að morgundagur mun kvíða fyrir sjálfum sér bera. Hverjum degi nægir sín þjáning.

7 Eigi skulu þér dæma so að þér verðið ei dæmdir. [2]Því að með hverjum dómi þér dæmið munu þér dæmdir verða og með hverri mælingu þér mælið mun yður endurmælt verða. [3]En hvað sér þú ögn í auga bróður þíns og að þeim vagli sem er í sjálfs þíns auga sér þú ekki. [4]Eða hvernin dirfist þú að segja bróður þínum: Bróðir, leyf að eg dragi ögnina af auga þínu, og sjá, að vagl er þó í sjálfs þíns auga. [5]Þú hræsnari! Drag fyrst út vaglinn af þínu auga og gef þá gætur að að þú fáir útdregið ögnina af þíns bróðurs auga.

[6]Eigi skulu þér gefa hundum hvað heilagt er og varpið eigi heldur perlum yðar fyrir svín so að eigi troði þau þær með fótum sér og að snúist þau og yður í sundur slíti.

[7]Biðjið og yður mun gefast, leitið og munu þér finna, knýið á og mun fyrir yður upp lokið. [8]Því að hver eð biður

hann öðlast, hver eð leitar hann finnur og fyrir þeim eð áknýr mun upp lokið. 9Eða hver er þann mann af yður sá ef sonurinn biður hann um brauð að hann bjóði honum stein, 10elligar ef hann biður um fisk að hann bjóði honum þá höggorm? 11Því ef þér sem þó eruð vondir kunnið að gefa góðar gjafir sonum yðar, miklu meir mun yðar Faðir sá á himnum er gefa þeim gott er hann biðja. 12Því allt hvað þér viljið mennirnir gjöri yður það skulu þér og þeim gjöra því að þetta er lögmálið og spámennirnir. 13Gangið inn um hið þröngva hlið því að það hlið er vítt og sá vegur er breiður sem leiðir til fortöpunar og þeir eru margir sem á honum reika 14og það port er þröngt og sá vegur er mjór sem til lífsins leiðir og þeir eru fáir er hann rata.

15Vaktið yður fyrir falsspámönnum sem til yðar koma í klæðum sauðanna en innan til eru þeir glefsandi vargar. 16Af ávöxtum þeirra megi þér þá kenna. Verða nokkuð vínber samanlesin af þyrnum elligar fíkjur af þystlum? 17So mun hvert gott tré gjöra góðan ávöxt en hvert vont tré vondan ávöxt. 18Gott tré getur eigi fært vondan ávöxt og eigi heldur getur vont tré fært góðan ávöxt. 19Hvert það tré sem eigi færir góðan ávöxt mun afhöggvið verða og í eld kastað. 20Fyrir því megi þér af þeirra ávöxtum þá kenna.

21Þeir munu ei allir sem til mín segja: Drottin, drottin, innganga í Guðs ríki heldur þeir sem gjöra vilja míns himneska Föðurs. 22Margir munu til mín segja á þeim degi: Drottin, drottin, höfum vér eigi spáð í þínu nafni, höfum vær og eigi í þínu nafni djöfla útrekið og í þínu nafni gjörðu vær mörg kraftaverk? 23Og eg mun þá játa þeim að aldrei þekkta eg yður, farið frá mér allir illgjörðamenn.

24Fyrir því hver hann heyrir þessi mín orð og gjörir þau, þann mun eg líkja þeim vitrum manni sem byggði upp sitt hús yfir hellustein. 25Og er hríðviðri gjörði og vatsflóðið kom og vindar blésu og dundu að húsinu og húsið féll eigi að heldur því að það var grundvallað yfir helluna. 26Og hver hann heyrir þessi mín orð og gjörir þau eigi hann er líkur þeim fávísum manni sem uppbyggði sitt hús á sandi. 27Og er þeysidögg gjörði og vatsflóð kom og vindar blésu og dundu að því þá hrapaði það og þess hrapan varð mikil.“

28Og það skeði þá Jesús hafði lyktað þessa sína ræðu að fólkinu ægði hans kenning. 29Því að hans prédikan var voldug og eigi líka sem hinna skriftlærðu.

8 En er Jesús gekk ofan af fjallinu fylgdi honum margt fólk eftir. 2Og sjá, að líkþrár maður kom, tilbað hann og sagði: „Drottinn, ef þú vilt getur þú mig hreinsað.“ 3Og Jesús útrétti höndina, snart hann og sagði: „Eg vil, vertu hreinn.“ Og jafnsnart varð hans líkþrá hrein. 4Og Jesús sagði til hans: „Sjá til að þú seg það eigi neinum heldur far þú og sýn þig kennimönnunum og offra þína gáfu þá er Móses bauð, til vitnisburðar yfir þeim.“

5En þá Jesús gekk inn í Kapernaum kom til hans hundraðshöfðingi nokkur, biðjandi hann 6og sagði: „Drottin, þjón minn liggur kveisusjúkur heima og kvelst þunglega.“ 7Jesús sagði til hans: „Eg vil koma og lækna hann.“ 8Höfðinginn svaraði og sagði: „Lávarður, eg em eigi verðugur að þá gangir undir mitt þak heldur seg þú eitt orð og mun minn þjón heilbrigður verða. 9Því eg em maður yfirvaldinu undirgefinn, hafandi undir mér hernaðarsveina. Og nær eg segi þessum: Far, þá fer hann, og öðrum: Kom þú, og hann kemur, og þræli mínum: Gjör þetta, og hann gjörir það.“ 10En þá Jesús heyrði það undraðist hann og sagði til þeirra sem honum eftirfylgdu: „Sannlega segi eg yður að slíka trú hefi eg ei fundið í Ísr-

ael. 11En eg segi yður það margir munu
koma af austri og af vestri og sitja með
Abraham, Ísaak og Jakob í himnaríki
12en ríkisins synir munu verða útreknir
í yðstu myrkur þar sem vera mun óp og
tannagnístran.“ 13Og Jesús sagði til
höfðingjans: „Gakk héðan, verði þér
eftir því sem þú trúðir.“ Og hans þjón
varð heill á þeirri sömu stundu.

14Og þá Jesús kom í hús Péturs og leit
að móðir konu hans lá haldin í köldu
15þá tók hann um hönd hennar og kald-
an forlét hana. Og hún stóð upp og
þjónaði þeim.

16En er kvelda tók færðu þeir marga
djöfulóða til hans og hann rak andana
út með orðinu og læknaði þá alla er
krankir voru 17so að uppfylltist hvað
sagt er fyrir Esaiam spámann, sem seg-
ir: „Hann hefur vor meinlæti upp á sig
tekið og vorar sóttir hefur hann borið.“
Esaias 53:4

18En þá Jesús leit margt fólk kringum
sig bauð hann sínum lærisveinum að
þeir færi yfir um hinumegin þess sjóar.
19Og einn skriftlærður gekk að og sagði
til hans: „Meistari, eg vil fylgja þér
hvert þú fer.“ 20Jesús sagði til hans:
„Refar hafa holur og fuglar loftsins
hreiður en Mannsins son hefur eigi
hvar hann sitt höfuð að hneigi.“ 21Enn
annar af hans lærisveinum sagði til
hans: „Lávarður, lofa mér fyrst að fara
og greftra föður minn.“
22Jesús sagði til hans: „Fylg þú mér eftir
og lát þá dauðu greftra sína hina
dauðu.“

23Og er hann sté á skip fylgdu hans
lærisveinar honum eftir. 24Og sjá, að
mikill ókyrrleiki gjörðist í sjónum so að
skipið huldist bylgjum en hann svaf.
25Og hans lærisveinar gengu að honum
og vöktu hann upp og sögðu: „Drottin,
hjálpa þú oss, vær forgöngum!“ 26Þá
sagði hann: „Hvað hræðist þér, lítil-
trúaðir?“ Hann reis þá upp og hastaði á
sjóinn. Þá varð logn mikið. 27En
mennirnir undruðust og sögðu: „Hví-
líkur er þessi því að vindur og sjór eru
honum hlýðugir.“

28Og er Jesús kom yfir um sjóinn í
byggðir Gergesenimanna hlupu tveir
djöfulóðir í móti honum, komandi úr
leiðum framliðinna, þeir að voru mjög
ólmir svo að enginn mátti um þann veg
fara. 29Og sjá, að þeir kölluðu og sögðu:
„Hvað höfum vær með þig, þú Jesús
Guðs Sonur? Komstu hingað að kvelja
oss áður en tími er til?“ 30En þar var
langt í burt frá þeim hjörð margra svína
í gæslu. 31Djöflarnir báðu hann og
sögðu: „Ef þú rekur oss út héðan þá leyf
þú oss að fara í svínahjörðina.“ 32Og
hann sagði til þeirra: „Fari þér.“ En þeir
fóru út og hlupu í svínin og sjá, að öll
svínahjörðin fleygði sér með ös mikilli í
sjóinn og þau drekktust í vatninu. 33En
hirðarnir flýðu og komu í borgina,
kunngjörðu allt þetta og hvað þeim
djöfulóðum hafði veist. 34Og sjá, að al-
lur borgarmúgur gekk út í mót Jesú.
Og er þeir sáu hann báðu þeir hann
burt fara af þeirra landamerkjum.

9 Og er Jesús sté á skip fór hann yfir
um aftur og kom í sína borg. 2Og
sjá, að þeir færðu til hans iktsjúkan
mann sá er í sæng lá. En sem Jesús leit
þeirra trú sagði hann til hins iktsjúka:
„Vertu hughraustur, sonur. Þínar synd-
ir eru þér fyrirgefnar.“ 3Og sjá, að
nokkrir af skriftlærðum sögðu með
sjálfum sér: „Þessi guðlastar.“ 4Og sem
Jesús sá þeirra hugsanir sagði hann:
„Hvar fyrir hugsi þér svo vont í yðrum
hjörtum? 5Hvort er auðveldara að segja:
Þér eru þínar syndir fyrirgefnar, eða að
segja: Statt upp og gakk? 6En svo að þér
vitið að mannsins Son hefur magt á
jörðu syndir að fyrirgefa“ þá sagði
hann til hins iktsjúka: „Statt upp, tak
sæng þína og gakk í þitt hús.“ 7Og hann
stóð upp og fór í sitt hús. 8En þá fólkið
sá þetta undraðist það og prísaði Guð
sá eð þvílíka magt hafði mönnum gefið.
9Og er Jesús gekk þaðan sá hann mann

sitja í tollbúðinni, Mattheum að nafni, og sagði til hans: „Fylg þú mér eftir.“ Og hann stóð upp og fylgdi honum eftir. [10]Og það skeði er hann sat til borðs í húsinu, sjá, að margir tollheimtumenn og bersyndarar komu og settu sig til borðs með Jesú og hans lærisveinum. [11]Og er Pharisei sáu það sögðu þeir til hans lærisveina: „Því etur yðar meistari með tollheimturum og glæpamönnum?“ [12]En þá Jesús heyrði það sagði hann til þeirra: „Heilbrigðir hafa eigi læknarans þörf heldur þeir sem krankir eru. [13]En fari þér og nemið hvað það er: Á miskunn hefi eg þóknan og eigi á offri. Því að eigi kom eg að kalla réttláta heldur syndara til iðranar.“

[14]Þá gengu Jóhannes lærisveinar til hans og sögðu: „Hvar fyrir föstum vér og Pharisei so tíðum en þínir lærisveinar fasta eigi?“ [15]Jesús sagði til þeirra: „Eigi mega brúðgumabörnin þvingan líða svo lengi sem brúðguminn er með þeim. En þeir dagar munu koma eð brúðguminn mun frá þeim takast og þá munu þeir fasta. [16]Enginn setur bót af nýju klæði á gamalt fat því að bótin gliðnar frá fatinu aftur og verður svo slitin verri. [17]Og eigi láta menn nýtt vín í forna leðurbelgi, annars sprengjast belgirnir og vínið spillist og belgirnir fordjarfast, heldur láta þeir nýtt vín í nýja belgi og verður so hvorttveggja forvarað.“

[18]Og sem hann var þetta að tala við þá, sjá, að höfðingi nokkur gekk að og kraup fyrir honum niður og sagði: „Drottin, dóttir mín er nýsáluð. En kom og legg þína hönd yfir hana og mun hún lifna.“ [19]Jesús stóð upp og fylgdi honum eftir og so hans lærisveinar. [20]Og sjá, að kona hver eð í tólf ár hafði blóðfall haft gekk á bak til við hann og snerti fald hans klæða. [21]Því að hún sagði með sjálfri sér: „Ef eg mætta aðeins snerta hans klæðnað munda eg heil verða.“ [22]En Jesús snerist við, leit á hana og sagði: „Vert glöð, mín dóttir, þín trúa gjörði þig heila.“ Og konan varð heil á þeirri sömu stundu.

[23]Og er Jesús kom í foringjans hús og sá spilmennina og ys fólksins [24]sagði hann til þeirra: „Farið frá því að stúlkan er eigi dauð heldur sefur hún.“ Og þeir dáruðu hann. [25]En er fólkið var útdrifið gekk hann þar inn og tók um hönd hennar og stúlkan stóð upp. [26]Og þetta rykti barst út um allt það sama land.

[27]Og er Jesús gekk burt þaðan fylgdu honum eftir tveir menn blindir, þeir eð kölluðu og sögðu: „Ó þú Sonur Davíðs, miskunna okkur!“ [28]En er hann kom inn í húsið gengu hinir blindu til hans. Jesús sagði til þeirra: „Trúi þið að eg kunni að gjöra ykkur þetta?“ Þeir sögðu til hans: „Að vísu, Lávarður.“ [29]Þá snart hann þeirra augu og sagði: „Verði ykkur eftir trú ykkar.“ [30]Og þeirra augu lukust upp. Og Jesús hótaði þeim og sagði: „Sjáið til að það viti eigi nokkur.“ [31]En er þeir gengu burt þaðan báru þeir hans rykti út um allt það land.

[32]En þá þessir voru útgengnir, sjá, þá höfðu þeir til hans þann mann sem dumbi var og djöfulóður. [33]Og að útreknum djöflinum talaði hinn málausi og fólkið undraðist það og sagði: „Aldrei hefur slíkt verið í Ísrael.“ [34]En Pharisei tóku að segja: „Hann rekur djöful út fyrir djöflahöfðingjanum.“

[35]Og Jesús gekk um kring í öllum borgum og kauptúnum, kennandi í þeirra samkunduhúsum og prédikaði evangelium ríkisins og læknaði allar sóttir og öll krankdæmi með fólkinu. [36]Og er hann leit fólkið sá hann aumur á því því að þeir voru vanmegna orðnir og tvístraðir sem þeir sauðir er öngvan hirðir hafa. [37]Hann sagði þá til sinna lærisveina: „Að sönnu er kornskeran mikil en verkmennirnir fáir. [38]Fyrir því biðjið Drottinn kornskerunnar að hann sendi verkmenn í sína kornskeru.“

10 Og hann kallaði tólf sína lærisveina til sín og gaf þeim magt

yfir óhreina anda að þeir ræki þá út og að lækna alls kyns sóttir og öll meinlæti.

[2]En þeirra tólf postula nöfn eru þessi: Fyrstur er Símon sá er kallaðist Pétur og Andreas bróðir hans, Jakob son Zebedei og Jóhannes hans bróðir, [3]Philippus og Bartholomeus, Tómas og Matteus tollheimtari og Jakob Alpheison, Lebbeus er að viðurnefni hét Taddeus, [4]Símon Cananeus og Júdas Ískaríot sá er forréð hann.

[5]Þessa tólf útsendi Jesús, bjóðandi þeim og sagði: „Farið ei á götu heiðinnar þjóðar og gangið eigi inn í borgir samverskra manna [6]heldur gangið til þeirra fortapaðra sauða af húsi Ísraels. [7]En farið út, prédikið og segið það himnaríki er nálægt. [8]Læknið sjúka, hreinsið líkþá, uppvekið dauða, útrekið djöfla. Fyrir ekkert hafi þér það fengið, gefið það og út fyrir ekkert. [9]Þér skuluð eigi gull eða silfur né peninga hafa í lindum yðar [10]né tösku til vegar, engin skóklæði, ei tvo kyrtla, öngvan staf. Því að verður er verkmaðurinn sinnar fæðu.

[11]En í hverja borg eður kauptún þér inngangið þá spyrjið að hver í henni verðugur sé og þar hjá þeim sama blífið þar til þér farið burtu þaðan. [12]En nær þér inngangið í húsið þá heilsið því [13]og ef það sama hús er þess verðugt mun yðar friður koma yfir það en ef það er eigi verðugt þá mun yðar friður til yðar aftur hverfa.

[14]Og hver hann meðtekur yður eigi og eigi heyrir yðvari ræðu gangið út af því húsi eða borg og hristið duftið af yðrum fótum. [15]Sannlega segi eg yður að bærilegra mun verða landinu Sodome og Gomorre á dómsdegi heldur en þeirri sömu borg. [16]Sjáið, eg sendi yður so sem sauði á millum varga. Fyrir því verið forsjálir so sem höggormar og einfaldir sem dúfur. [17]En varið yður fyrir þeim mönnum því að þeir munu ofurselja yður fyrir sín ráðhús og í sínum samkunduhúsum munu þeir yður strýkja. [18]Og þér munuð leiddir verða fyrir kónga og landshöfðingja fyrir míns nafns sakir til vitnisburðar yfir þá og yfir heiðinn lýð.

[19]En nær eð þeir framselja yður verið ei hugsjúkir hvernin eður hvað þér skuluð tala því að það mun yður á þeirri stundu gefið verða hvað þér eigið að tala. [20]Því að þér eruð eigi þeir sem tala heldur Andi yðvars Föðurs, sá er talar fyrir yður.

[21]En einn bróðir mun selja annan í dauða og faðir soninn og niðjarnir munu upp rísa í móti foreldrunum og þeim fjörræði veita [22]og þér verðið að hatri hafðir af öllum mönnum fyrir míns nafns sakir. En hver hann er staðfastur allt til enda sá mun hólpinn verða.

[23]En nær eð þeir ofsækja yður í einni borg þá flýið í aðra. Sannlega segi eg yður að þér munuð eigi fullkomnað geta borgirnar í Ísrael þar til að mannsins Sonur hann kemur. [24]Eigi er lærisveininn yfir meistaranum og ekki þjóninn yfir sínum herra. [25]Nægist lærisveininum að hann sé so sem hans meistari og þjóninum sem hans herra. Ef þeir hafa húsföðurinn Beelsebúb kallað, hve miklu meir munu þeir þá hans heimamenn kalla? [26]Af því óttist þá ekki. Ekkert er so hulið að eigi verði augljóst og eigi so leynt að eigi vitist. [27]Hvað eg segi yður í myrkri það talið í ljósi og hvað þér heyrið í hljóði það prédikið á ræfrunum.[28]Hræðist eigi þá sem líkamann aflífa og sálina geta eigi líflátið heldur hræðist þann framar sem sálu og lífi getur tortýnt til helvítis. [29]Kaupast eigi tveir skógarþrestir fyrir pening? Þó fellur eigi einn af þeim á jörð án yðvars Föðurs vild. [30]Svo eru og einnin öll yðar höfuðhár talin. [31]Fyrir því óttist eigi, þér eruð mörgum skógarþröstum betri.

[32]Fyrir því hver hann meðkennir mig fyrir mönnum þann mun eg meðkenna

fyrir mínum Föður sem á himnum er.
33En hver hann afneitar mér fyrir
mönnum þeim mun eg afneita fyrir
mínum Föður sem á himnum er.
34Þér skuluð eigi meina að eg sé kom-
inn frið að senda á jörðina. Eigi kom eg
frið að senda heldur sverð. 35Því að eg
em kominn til að ýfa manninn í móti
föður sínum og dótturina í gegn móður
sinni og sonarkonuna í gegn móður
manns síns 36og mannsins óvinir eru
hans eigin hjú.
37Hver hann elskar föður og móður
meir en mig sá er mín eigi verðugur.
Og hver hann elskar son eður dóttur
yfir mig sá er mín eigi verðugur. 38Og
hver hann tekur eigi sinn kross á sig og
fylgir mér eftir sá er mín eigi verðugur.
39Hver eð finnur sitt líf sá mun týna því
og hver sínu lífi týnir minna vegna
hann mun það finna. 40Hver hann með-
tekur yður sá meðtekur mig og hver
mig meðtekur hann meðtekur þann
sem mig sendi. 41Hver hann meðtekur
spámann í spámanns nafni sá fær spá-
mannslaun. Hver hann meðtekur rétt-
látan í réttláts nafni sá fær réttláts laun.
42Og hver hann gefur einum af þessum
vesalingum kaldan vatsdrykk að
drekka í lærisveins nafni, sannlega segi
eg yður að það mun eigi ólaunað vera.“

11 Og það skeði er Jesús hafði
lyktað þessar boðanir til sinna
tólf lærisveina gekk hann þaðan að
kenna og prédika í þeirra borgum.
2Og þá Jóhannes heyrði í myrkvastof-
unni verkin Christi sendi hann tvo af
sínum lærisveinum 3og lét segja hon-
um: „Ertu sá sem koma mun eða eigum
vér að annars að bíða?“ 4Jesús svaraði
og sagði til þeirra: „Fari þér og kunn-
gjörið Johanne aftur hvað þér sjáið og
heyrið: 5Blindir sjá, haltir ganga, líkþrá-
ir hreinsast, daufir heyra, dauðir upp-
rísa og fátækum verður evangelium
boðað. 6Og sæll er sá sem eigi hneyksl-
ar sig á mér.“
7En að þeim burtgengnum hóf Jesús
að segja til fólksins af Johanne: „Hvað
fóru þér á eyðimörku að sjá? 8Vildu þér
sjá reyr af vindi skekinn? Eða hvað fóru
þér út að sjá? vildu þér sjá mann mjúk-
klæddan? Sjáið, þeir eð mjúkan klæðn-
að hafa eru í kónganna húsum. 9Eða
hvað fóru þér út að sjá? Vildu þér spá-
mann sjá? Eg segi yður fyrri sann: Þann
meiri er en nokkur spámann. 10Því að
þessi er af hverjum skrifað er: Sjá, eg
sendi minn engil fyrir þínu augliti sá er
þinn veg skal tilreiða fyrir þér.
Malachias 3:1
11Sannlega segi eg yður: Á meðal
þeirra sem af konum eru fæddir er eigi
annar um kominn sá meiri sé en Jó-
hannes baptista. En hann sem
minnstur er í himnaríki er honum
meiri. 12En í frá dögum Johannis
baptista allt til þess nú er komið þolir
himnaríki ofurefli og þeir sem ofureflið
gjöra hremma það til sín. 13Því að allir
spámenn og lögmálið spáðu til Johann-
is. 14Og ef þér viljið það meðtaka þá er
hann Elías sá er koma skal. **Malachias
4:5** 15Hver eyru hefur að heyra hann
heyri.
16En við hvað skal eg þessari kynslóð
jafna? Lík er hún þeim börnum sem
sátu á torgi, hver eð kölluðu til sinna
líka 17og sögðu: Vær höfum yður í pípur
blásið og þér vilduð eigi dansa. Vær
þuldum yður vorar raunir og þér grét-
uð eigi. 18Jóhannes er kominn, át ei og
drakk eigi og þeir segja hann hafi djöf-
ul. 19Mannsins Son er kominn, át og
drakk og þeir segja: Sjáið ofátsmanninn
og vínsvelgjarann, vininn tollheimtu-
manna og syndugra. Og spekin hlýtur
so að réttlætast af sínum niðjum.“
20Þá tók hann að formæla borgunum í
hverjum gjörð voru flest hans krafta-
verk og höfðu þó eigi iðrast: 21„Ve þér
Korasín! Ve þér Betsaída! Því að ef í
Tyro og Sídon hefði gjörst þau krafta-
verk sem í yður hafa gjörst hefði þeir
forðum í sekk og ösku iðran gjört. 22En

þó segi eg yður að Tyro og Sídon mun bærilegra vera á dómsdegi heldur en yður. [23]Og þú Kapernaum, sem allt til himins ert upphafin, munt niðurþrykkjast allt til helvítis. Því að ef í Sodoma hefði þau kraftaverk gjörst sem í þér hafa gjörð verið kann vera að þær hefði staðið allt til þessa dags. [24]En þó segi eg yður það að bærilegra mun vera landi Sodoma á dómadegi en þér.“

[25]Á þeim sama tíma andsvaraði Jesús og sagði: „Eg prísa þig, Faðir, Drottinn himins og jarðar, að þú duldir þetta fyrir spekingum og forvitringum og opinberaðir það smælingjum. [26]Að sönnu, Faðir, því að so var það þekkt fyrir þér. [27]Allir hlutir eru mér ofurgefnir af mínum Föður og enginn kennir Soninn nema Faðirinn og enginn kennir Föðurinn nema Sonurinn og hverjum eð Sonurinn vill það opinbera. [28]Komið til mín, allir þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir, eg mun endurnæra yður. [29]Takið á yður mitt ok og lærið af mér því að eg em hógvær og af hjarta lítillátur og munu þér hvíld finna sálum yðrum. [30]Því að mitt ok er sætt og minn þungi er léttur.“

12 Á þeim tíma gekk Jesús um kornsæði á þvottdegi og hans lærisveinar voru hungraðir, tóku að tína axin af og að eta. [2]En er Pharisei sáu það sögðu þeir til hans: „Sjá, þínir lærisveinar gjöra hvað þeim leyfist eigi á þvottdögum að gjöra.“ [3]En hann sagði til þeirra: „Hafi þér ei lesið hvað Davíð gjörði nær hann og þá er með honum voru hungraðir, [4]hvernin eð hann gekk inn í Guðs hús og át þau fórnunarbrauð hver honum leyfðist eigi að eta né heldur þeim sem með honum voru nema einum saman kennimönnum? [5]Eða hafi þér eigi lesið það kennimennirnir á þvottdögunum í musterinu brjóta þvottdaginn og eru þó án sakar? [6]En eg segi yður að sá er hér sem musterinu er meiri. [7]En ef þér vissuð hvað það væri: Á miskunn hefi eg þóknan og eigi á offri, hefði þér aldrei saklausa fordæmt. [8]Því mannsins Son er Drottinn, einnin þvottdagsins.“

[9]Og er hann gekk burt þaðan kom hann í þeirra samkundu [10]og sjá, að maður var þar sá er hafði visnaða hönd. Og þeir spurðu hann að og sögðu: „Er eigi leyfilegt að lækna á þvottdögum?“ so að þeir gætu áklagað hann. [11]En hann sagði til þeirra: „Hver maður er sá af yður sem hefir einn sauð og ef hann fellur á þvottdögum í gryfju grípur hann eigi hann og upp dregur? [12]Hve miklu meir er maðurinn sauðnum betri? Fyrir því leyfist á þvottdögum gott að gjöra.“ [13]Þá sagði hann til mannsins: „Réttu út hönd þína.“ Og hann rétti hana út og hún varð heil sem hin önnur.

[14]En Pharisei gengu út og tóku að hafa ráðagjörðir í móti honum, hvernin þeir mættu honum helst fyrirfara. [15]En er Jesús fornam það veik hann þaðan. Honum fylgdi og margt fólk eftir og þá alla læknaði hann [16]og bannaði þeim að þeir gjörði hann opinskáran. [17]So það uppfylldist hvað sagt er fyrir Esaiam spámann, er so segir: [18]„Sjáið, þjón minn hvern eg útvalda, og minn elskulegan á hverjum sála mín hefur þóknan. Yfir hann mun eg anda minn setja og sá skal heiðnum dóminn kunngjöra. [19]Eigi mun hann kífa né kalla og eigi mun nokkur heyra hans kall á strætum. [20]Reyr mun hann eigi í sundurmylja og rjúkandi hör eigi útslökkva þar til hann útdrífur dóm til sigranar [21]og heiðnir munu á hans nafn vona.“ **Esaias 42:1-4**

[22]Þá varð til hans hafður djöfulóður maður sá er blindur var og mállaus. Og þann læknaði hann so að hinn dumbi og blindi talaði og sá. [23]Allt fólkið óttaðist og sagði: „Er þessi ei sonur Davíðs?“ [24]En er Pharisei heyrðu það sögðu þeir: „Eigi rekur þessi djöfla út nema fyrir Belsebúb djöflahöfðingja.“ [25]En Jesús fornam þeirra hugsanir og sagði til

þeirra: „Hvert ríki í sjálfu sér sundurþykkt mun eyðast og hver borg eður hús sem misþykkt er í sjálfri sér fær eigi staðið. 26Og ef andskotinn rekur andskotann út þá er hann sundurþykkur í móti sjálfum sér. Hvernin fær hans ríki þá staðið? 27Og ef eg útrek djöfla fyrir Belsebúb, fyrir hvern verða þeir þá af yðrum sonum útreknir? Af því verða þeir yðrir dómendur. 28En ef eg útrek djöfla með Guðs Anda þá er Guðs ríki til yðar komið.

29Eða hvernin fær nokkur inngengið í öflugs hús og hans borðbúnað í burt gripið nema hann bindi áður hinn öfluga og ræni þá hans hús? 30Hver hann er eigi með mér, sá er í móti mér og hver eigi með mér safnar sá sundurdreifir. 31Fyrir því segi eg yður: Allar syndir og lastanir verða fyrirgefnar mönnum en löstun í mót Heilögum Anda fyrirgefst eigi. 32Og hver hann talar nokkurt orð í móti mannsins Syni honum mun fyrirgefast en hver eð talar nokkurt orð í móti Heilögum Anda honum mun hvorki fyrirgefast í þessum heimi né öðrum. 33Annaðhvort setjið gott tré og mun ávöxturinn góður elligar setjið vont tré og mun ávöxturinn vondur. Af ávextinum þekkist tréð. 34Þér nöðrukyn, hvernin megi þér gott mæla á meðan þér eruð sjálfir vondir? Því að munnurinn mælir af nægð hjartans. 35Góður maður framflytur gott af góðum sjóð síns hjarta en vondur maður af vondum sjóð síns hjarta framflytur vont. 36En eg segi yður: Af hverju því fáfengu orði það sem mennirnir tala munu þeir reikningsskap gjöra á dómsdegi. 37Því að af orðum þínum muntu réttlætast og af þínum orðum muntu fordæmast.“ 38Þá svöruðu honum nokkrir út af skriftlærðum og Phariseis og sögðu: „Meistari, vér vildum teikn af þér sjá.“ 39Hann svaraði: „Þetta vonda og hórunarslekti leitar teikns og því mun ei teikn gefast nema teikn Jona spámanns. 40Því að so sem Jónas var í kviði hvalsins þrjá daga og þrjár nætur so mun mannsins Son vera í fylsni jarðar þrjá daga og þrjár nætur. 41Menn Níníveborgar munu upprísa á efsta dómi með þessari kynslóð og munu hana fordæma því að þeir gjörðu iðran eftir prédikan Jónas og sjá, hér er meiri en Jónas. 42Drottningin af suðri mun upprísa á efsta dómi með þessari kynslóð og mun hana fordæma því að hún kom af endimörkum jarðar að heyra speki Salomonis og sjá, hér er meiri en Salómon.

43En nær óhreinn andi fer út af manninum reikar hann um þurrlendið, leitandi hvíldar og finnur eigi. 44Þá segir hann: Aftur mun eg snúa í mitt hús þaðan eg fór út. Og nær hann kemur finnur hann það tómt, sóplimum hreinsað og fágað. 45Þá fer hann og tekur sjö aðra anda með sér þeir eð verri eru en sjálfur hann og nær þeir eru innkomnir byggja þeir þar og verður þá þess manns hið síðara verra hinu fyrra. So mun og ske þessa vonda kynslóð.“

46Sem hann var enn þetta að tala til fólksins, sjá, að móðir hans og bræður stóðu þar fyrir utan og sóttu að tala við hann. 47En nokkur sagði til hans: „Sjá, að móðir þín og bræður standa úti og vilja þig finna.“ 48Hann svaraði og sagði til þess sem til hans talaði: „Hver er mín móðir og hverjir eru mínir bræður?“ 49Og hann rétti út sína hönd yfir sína lærisveina og sagði: „Sjáið mína móður og mína bræður. 50Því að hver hann gjörir vilja míns Föðurs þess á himnum er sá sami er minn bróðir, systir og móðir.“

13 Á þeim sama degi gekk Jesús út af húsinu og sat við sjóinn. 2Og margt fólk safnaðist að honum so hann sté á skip og setti sig og allt fólkið stóð í fjörunni. 3Og hann talaði margt til þeirra í eftirlíkingum og sagði: „Sá er sáði gekk út að sá sínu sæði. 4Og þá hann sáði féll sumt við veginn og fuglar

komu og átu það. 5En sumt féll í grýtta jörð hvar það hafði eigi mikla jörð og rann skjótlega upp því að það hafði eigi jarðardýpt. 6En sem sólin rann upp skrældist það og af því að það hafði eigi rót neina þá visnaði það. 7En sumt féll á millum þyrna og þyrnarnir spruttu upp og kæfðu það. 8En sumt féll í góða jörð og færði ávöxt, sumt hundraðfaldan, sumt sextugfaldan, sumt þrítugfaldan. 9Hver eyru hefur að heyra, sá heyri.“

10Og lærisveinarnir gengu til hans og sögðu: „Fyrir hví talar þú til þeirra í eftirlíkingum?“ 11Hann svaraði og sagði: „Yður er unnt að vita leynda dóma himnaríkis en þeim er það eigi veitt. 12Því hver hann hefur honum mun gefast so hann gnóg hafi en sá er eigi hefur af honum mun og takast það hann hefur. 13Fyrir því þá tala eg til þeirra í eftirlíkingum það með sjáanda augum sjá þeir eigi og með heyranda eyrum heyra þeir eigi því að þeir skilja það eigi. 14Og á þeim uppfyllist spádómur Esaia er hann segir: Með eyrunum munu þeir heyra og þó munu þér það ei skilja og með sjáandi augum munu þér sjá og eigi skynjað geta. 15Því að þessa fólks hjarta er forharðnað og þeirra eyru eru þungheyrð og augu þeirra samanlukt so að þeir eigi með augum sjái og eyrum heyri né með hjartanu skilji til að leiðrétta sig so að eg lækni þá. **Esaias 6:9-10**

16En sæl eru yðar augu það þau sjá og yðar eyru það þau heyra. 17Sannlega segi eg yður að margir spámenn og réttlátir fýstust að sjá hvað þér sjáið og hafa það eigi séð og að heyra hvað þér heyrið og hafa það eigi heyrt. 18Af því heyrið þessa eftirlíking sæðarans. 19Þá er nokkur heyrir orðið ríkisins og undirstendur eigi kemur hinn vondi og hrifsar burt hvað sáð er í hans hjarta. Þetta er það hvað við veginn er sáð. 20En sá sem í grýtta jörð er sáður er sá hver orðið heyrir og fljótlega af fagnaði meðtekur það 21en hann hefur eigi rót í sér heldur er hann fráhverfur. Nær ið hrellingar og ofsóknir hefjast fyrir orðsins sakir skammfyllist hann jafnskjótt. 22En hann sem á millum þyrna er sáður er hann sem heyrir orðið og áhyggja þessarar veraldar og flátskapur fédráttar kefur orðið og verður so án ávaxtar. 23En sá í góða jörð er sáður er hann sem heyrir orðið og undirstendur það og færir ávöxt, sumir hundraðfaldan, sumir sextugfaldan, sumir þrítugfaldan.“

24Aðra eftirlíking lagði hann þeim fyrir og sagði: „Himnaríki er líkt þeim manni sá er sáði góðu sæði í akur sinn. 25En þá menn sváfu kom hans óvinur og sáði illgresi með í bland hveitið og fór í burt. 26En er grasið spratt upp og bar ávöxt þá auglýsist og illgresið. 27En þénararnir gengu til húsföðursins og sögðu: Lávarður, sáðir þú eigi góðu sæði í akur þinn? Hvaðan kemur honum þá illgresið? 28Og hann sagði til þeirra: Það hefur fjandmaður gjört. Þjónarnir sögðu þá: Viltu að vær förum og útlesum það? 29Hann sagði: Nei, so að þér upprætið eigi hveitið undir eins nær þér útlesið illgresið. 30Látið hvorttveggja vaxa allt til kornskurða og á kornskerutíma skal eg segja til kornskurðarmanna: Lesið fyrst illgresið saman og bindið það í smábindini til brennslu en hveitinu samansafnið í mína kornhlöðu.“

31Aðra eftirlíking lagði hann enn framar fyrir þá og sagði: „Himnaríki er líkt einu mustarðskorni það maður tók og sáði í akur sinn, 32hvað ið minnst er allra sæða, en nær það sprettur upp er það sæst allra kálgrasa og verður það tré so að fuglar loftsins koma og byggja undir þess kvistum.“

33Enn aðra eftirlíking talaði hann til þeirra: „Líkt er himnaríki súrdeigi það kona tók og faldi í þremur mælum mjöls þar til að það sýrðist allt til sama.“ 34Þetta allt talaði Jesús í eftirlíkingum til fólksins og fyrir utan eftirlík-

ingar talaði hann ekki til þeirra, [35]so að uppfylldist hvað sagt er fyrir spámanninn þann er segir: „Munn minn mun eg upplúka í eftirlíkingum og leyndan dóm mun eg útmæla af upphafi veraldar.“ **Sálmar 78:2**

[36]Þá lét Jesús fólkið frá sér og kom inn í húsið. Og hans lærisveinar gengu til hans og sögðu: „Kenn þú oss líkingina illgresis á akrinum.“ [37]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Hann sem sáir góðu sæði er mannsis Sonur, [38]en akurinn er heimurinn. Góða sæðið eru þeir ríkisins synir en illgresið eru illskunnar synir [39]en óvinurinn sá er því sáði er djöfullinn. En kornskerutíminn er ending þessarar veraldar, kornskurðarmennirnir eru englarnir. [40]Því líka sem nú verður illgresið útlesið og í eldi brennt so mun og ske í enda þessarar veraldar. [41]Því að mannsins Son mun útsenda sína engla og þeir munu samanlesa af hans ríki öll hneyksli og þeim er rangindi gjöra [42]og þeir munu kasta þeim í eldsins ofn. Þar mun vera grátur og tannagnístran. [43]En þá munu réttlátir ljóma sem sól í ríki Föðurs þeirra. Hver eyru hefir að heyra, hann heyri. **Daníel 12:3** [44]Og enn, þá er himnaríki líkt fólgnum fjársjóði á akri hvern eð maður fann og faldi hann. Og af þeim fagnaði er hann hafði yfir honum gekk hann burt og seldi allt hvað hann hafði og keypti þann sama akur.

[45]Og enn aftur er himnaríki líkt þeim kaupmanni er góðrar perlu leitaði. [46]Og þá hann fann eina forkostulega perlu fór hann til og seldi allt hvað hann hafði og keypti þá sömu. [47]Og enn aftur er himnaríki líkt neti því sem í sjó er kastað og með hverju af öllu fiskakyni dregið verður. [48]En nær það er fullt draga þeir það að landi, sitja síðan og samanlesa hina góðu í keröld en vondum snara þeir út. [49]So mun og ske í enda veraldar að englar munu útfara og hina vondu mitt frá réttlátum skilja [50]og þeim munu þeir kasta í eldsins ofn hvar vera mun óp og tannagnístran.“ [51]Og Jesús sagði til þeirra: „Hafi þér allt þetta undirstaðið?“ Þeir sögðu: „Já, Drottinn.“ [52]Þá sagði hann: „Fyrir því, hver sá skriftlærður sem til himnaríkis menntaður er hann líkist þeim húsföðurs sem fram ber af sínum fjársjóð nýtt og gamalt.“

[53]Og það skeði þá Jesús hafði endað þessar eftirlíkingar að hann gekk þaðan [54]og kom til sinnar fósturjarðar og kenndi í þeirra samkunduhúsi so að þeim hnykkti við og sögðu: „Hvaðan kemur þessum slík speki og kraftar? [55]Er þessi eigi timbursmiðsins son? Heitir hans móðir ekki María og bræður hans Jakob og Jóses, Símon og Júdas? [56]Og eru hans systur ei hér hjá oss? Hvaðan kemur þessum allt þetta?“ [57]Og so skammfylltust þeir við hann.

En Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Spámaður er ei án vegsemdar nema á sinni fósturjörð og í sínu húsi.“ [58]Og eigi gjörði hann þar mörg kraftaverk fyrir sakir vantrúar þeirra.

14 Á þeim tíma heyrði Heródes fjórðungshöfðingi ryktið af Jesú. [2]Og hann sagði til sinna hirðsveina: „Þessi er Jóhannes baptista hver af dauða er upp aftur risinn og því gjörast þessi kraftaverk af honum.“ [3]Því að Heródes hafði fanga látið Johannem, bundið hann og í varðhöld sett fyrir sakir Herodiadis, húsfreyju Philippi bróður hans. [4]Því að Jóhannes hafði til hans sagt: „Eigi hæfir þér hana að hafa.“ [5]Og því vildi hann hafa líflátið hann en þorði þó eigi fyrir fólkinu því að það hélt hann fyrir spámann. [6]En að ártíðardegi Heródes dansaði dóttir Herodiadis mitt frammi fyrir honum og það hagaði Heródes ofurvel. [7]Af því lofaði hann henni með eiði að gefa henni hvers hún æskti af honum. [8]Og eftir því hún var áður tileggjuð af móður sinni sagði hún: „Gef mér á diski höfuð Jóhannes baptista.“ [9]Og konungurinn

varð hryggur. En þó, fyrir eiðsins sakir
og þeirra er með honum til borðs sátu,
bauð hann að það gæfist henni, [10]sendi
út og lét afhöfða Johannem í
myrkvastofu. [11]Og var höfuð hans borið
á diski og gefið stúlkunni og hún færði
móður sinni. [12]Þá komu lærisveinar
hans og tóku hans líkama og grófu,
komu síðan og kunngjörðu það Jesú.

[13]En er Jesús heyrði það fór hann það-
an á skipi alleina til eyðimerkur. Og þá
fólkið heyrði það fylgdi það honum á
fæti úr stöðunum. [14]Og Jesús gekk
fram undan og leit þann mikla múg og
sá aumur á þeim og læknaði þá af þeim
sem krankir voru. [15]En að kveldi gengu
hans lærisveinar til hans og sögðu:
„Þessi staður er í eyði. Tími tekur að
líða. Lát fólkið frá þér að það gangi í
kauptúnin og kaupi sér þar fæðu.“ [16]En
Jesús sagði til þeirra: „Þeir hafa þess
eigi þörf að þeir gangi burt. Gefi þér
þeim að eta.“ [17]Þeir sögðu: „Vær höfum
ekki hér nema fimm brauð og tvo
fiska.“ [18]Hann sagði: „Færið mér þau
hingað.“ [19]Og hann bauð fólkinu að
setjast niður á grasið og tók þau fimm
brauð og tvo fiska, leit til himins, þakk-
aði og braut þau og gaf sínum lær-
isveinum brauðin en lærisveinarnir
gáfu þau fólkinu. [20]Og þeir snæddu allir
og urðu saddir og tóku upp þær leifar
er afgengu, tólf karfir fullar. [21]En þeir
eð etið höfðu voru tals fimm þúsund
manna, undanteknum konum og börn-
um. [22]Og jafnsnart kom Jesús sínum
lærisveinum til að þeir gengi á skip og
færu fyrir honum yfir um sjóinn þar til
hann léti fólkið frá sér. [23]Og er hann
hafði fólkið frá sér látið gekk hann
einnsaman upp á fjallið að biðjast fyrir.
[24]Og um kveldið var hann þar alleina en
skipið var þá mitt á sjánum og hraktist í
bylgjunum því að vindurinn var þvert í
móti. [25]En um fjórðu eykt nætur kom
Jesús til þeirra gangandi á sjánum. [26]En
er lærisveinarnir sáu hann á sjónum
ganga hræddust þeir og sögðu að það
væri skrímsl og kölluðu upp af
hræðslu. [27]En Jesús talaði strax til
þeirra og sagði: „Verið stöðugir, eg em
hann, óttist eigi.“

[28]En Pétur svaraði honum og sagði:
„Ef þú ert það, Drottinn, þá bjóð mér að
koma til þín á vatninu.“ [29]Og hann
sagði: „Kom.“ Og Pétur sté af skipinu
og gekk á vatninu að hann kæmi til
Jesú. [30]En er hann leit megnan vind
ógnaði honum og tók að sökkva, kall-
aði og sagði: „Drottinn, hjálpa þú mér!“
[31]En Jesús rétti jafnsnart út höndina og
sagði til hans: „Þú lítiltrúaður, fyrir því
efaðist þú?“ [32]Og er þeir voru á skipið
komnir kyrrði vindinn. [33]En þeir sem á
skipinu voru komu og féllu fram fyrir
honum og sögðu: „Sannlega ertu Guðs
Sonur.“ [34]Og þeir fóru yfir um og komu
til Genesaretjarðar. [35]Og er hann
þekktu þar sveitarmenn sendu þeir út
um allt það byggðarlag og færðu til
hans alla vanfæra menn [36]og báðu hann
um að þeir mættu aðeins snerta föll
hans fata. Og so margir sem hann
snertu urðu allir heilbrigðir.

15 Þá gengu til hans skriftlærðir
og Pharisei af Jerúsalem og
sögðu: [2]„Fyrir því ofurtroða þínir lær-
isveinar öldunganna uppsetninga með
því þeir þvo eigi sínar hendur er þeir
brauð eta?“ [3]Hann svaraði og sagði til
þeirra: „Fyrir því ofurtroði þér Guðs
boðorð fyrir yðvarn uppsetning? [4]Því
Guð sagði: Heiðra skaltu föður þinn og
móður og hver hann bölvar föður eður
móður sá skal dauða deyja. [5]En þér seg-
ið: Hver hann segir til föður eður til
móður: Það er Guði helgað hvar með eg
skylda þér hjálpa, hann gjörir rétt. [6]Af
því sker það að nær enginn heiðrar
meir föður sinn né móður og hafið so
ónýtt gjört Guðs boðorð fyrir yðar upp-
setnings sakir. [7]Þér hræsnarar, vel hefir
Esaias spáð af yður er hann segir: [8]Þessi
lýður nálægist mig með sínum munni
og heiðrar mig með vörum sínum en

þeirra hjörtu eru langt frá mér. [9]Að
ónýtu dýrka þeir mig á meðan þeir
kenna þær kenningar sem ekki eru
annað en boðorð manna.“ **Esaias 29:13**
[10]Og hann kallaði fólkið til sín og sagði
til þeirra: „Heyrið þér og undirstandið
það. [11]Hvað er inngengur í munninn
það saurgar eigi manninn heldur hvað
er fram af munninum gengur það
saurgar manninn.“ [12]Þá gengu hans
lærisveinar að honum og sögðu:
„Veistu að þá eð þeir Pharisei heyrðu
það orð skammfylldust þeir?“ [13]En
hann svaraði og sagði: „Öll plantan
hverja minn himneskur Faðir plantar
eigi mun upprætast. [14]Látið þá fara,
þeir eru blindir og blindra leiðtogarar.
Ef blindur leiðir blindan þá falla þeir
báðir í gröfina.“
[15]Þá svaraði Pétur og sagði til hans:
„Þýð oss þessa eftirlíking.“ [16]Jesús sagði
til þeirra: „Eru þér enn so skilningslaus-
ir? [17]Skynjið þér eigi að allt hvað í
munninn inngengur það hverfur í mag-
ann og verður fyrir eðlilega rás útskúf-
að [18]en hvað af munninum framgengur
það kemur út af hjartanu og það
saurgar manninn. [19]Því að út af hjart-
anu koma vondar hugsanir, manndráp,
hórdómur, frillulífi, þjófnaður, ljúgvitn-
an, lastanir. [20]Þetta er það hvað mann-
inn saurgar en með óþvegnum hönd-
um að eta saurgar ekki manninn.“
[21]Jesús gekk í burt þaðan og fór í
landsálfur Tyri og Sidonis. [22]Og sjá, að
kanversk kona gekk út af þeim sömum
takmörkum, kallaði og sagði: „Ó Drot-
tinn, Sonur Davíðs, miskunna þú mér!
Mín dóttir kvelst illa af djöflinum.“ [23]Og
hann svaraði henni eigi orði. Hans lær-
isveinar gengu til hans, báðu hann og
sögðu: „Lát hana fara af því hún kallar
eftir oss.“ [24]En hann svaraði og sagði:
„Eg em eigi sendur nema til fortapaðra
sauða af húsi Ísraels.“ [25]En hún kom og
féll niður fyri honum og sagði: „Hjálpa
þú mér, Drottinn!“ [26]En hann svarað
henni og sagði: „Það er eigi térlegt að
taka brauðið það barnanna er og kasta
því fyrir hundana.“ [27]En hún sagði: „Satt
er það, Drottinn, en þó eta hundar af
molum þeim sem detta af borðum
drottna þeirra.“ [28]Þá svaraði Jesús og
sagði til hennar: „Þú kona, mikil er þín
trúa. Verði þér so sem þú vilt.“ Og á
þeirri sömu stundu varð hennar dóttir
heilbrigð.
[29]Og er Jesús gekk þaðan kom hann
að sjónum í Galilea, gekk upp á fjallið
og setti sig þar. [30]Og margt fólk dreif til
hans, hafandi með sér halta, blinda,
mállausa, vanaða og marga aðra og
snöruðu þeim fram fyrir fætur Jesú og
hann læknaði þá, [31]so að fólkið
undraðist er það sá mállausa mæla og
vanaða heila, halta ganga, blinda sjá-
andi og vegsömuðu Guð Ísraels.
[32]Og Jesús kallaði sína lærisveina til
sín og sagði: „Mig aumkar yfir fólkið
því að þeir hafa þrjá daga hjá mér verið
og hafa ekki til matar og fastandi vil eg
þá ekki frá mér fara láta so að eigi verði
þeir hungurmorða á veginum.“ [33]Og
lærisveinarnir sögðu til hans: „Hvaðan
töku vær so mörg brauð hér á eyði-
mörku að vér seðjum með jafnmargt
fólk?“ [34]Jesús sagði til þeirra: „Hversu
mörg brauð hafi þér?“ Þeir sögðu: „Sjö
og fá fiskakorn.“ [35]Og hann bauð fólk-
inu að það settist niður á jörðina og tók
þau sjö brauðin og fiskana. [36]Og er
hann hafði þakkir gjört braut hann þau
og gaf lærisveinunum og hans lær-
isveinar gáfu þau fólkinu. [37]Og þeir átu
allir og urðu saddir og tóku upp það
sem yfir var molanna, sjö karfir fullar.
[38]En þeir sem etið höfðu voru fjórar
þúsundir manna, fyrir utan konur og
börn. [39]Og er hann hafði fólkið frá sér
látið sté hann á skip og kom í endi-
merkur Magdalalands.

16 Þá gengu þeir Pharisei og
Saducei til hans, freistandi
hans og báðu hann að sýna sér teikn af
himni. [2]En hann svaraði þeim og sagði:

„Á kveldin segi þér: Það verður fínt veður það himinroði er. 3Og á morgna segi þér: Í dag verður hreggviðri því að himinninn er rauður og dimmur. Þér hræsnarar, himinsins ásján kunni þér að dæma en að vita teikn þessara tíma kunni þér eigi. 4Þessi vonda og hórdómskynslóð æskir teikns og henni skal ekkert teikn gefið verða nema teikn Jona spámanns.“ Og hann forlét þá og gekk í burt. 5Og er hans lærisveinar voru yfir um farnir höfðu þeir gleymt brauð með sér að taka. 6En Jesús sagði til þeirra: „Sjáið til og vaktið yður við súrdeigi þeirra Phariseis og Saduceis.“ 7Þá penktu þeir með sér og sögðu: „Það mun vera það vær höfum ei brauð með oss tekið.“ 8En er Jesús fornam það sagði hann til þeirra: „Þér lítiltrúaðir, hvar fyrir hugsi þér um það þó þér hafið eigi brauðin með yður haft? 9Skilji þér enn ekki? Minnist þér ekki á þau fimm brauð á meðal fimm þúsunda eða hversu margar karfir að þér tókuð þá upp? 10Og eigi enn á þau sjö brauð á meðal fjögra þúsunda og hversu margar karfir eð þér tókuð þá upp? 11Hvar fyrir skilji þér eigi að eg sagða yður ekki af brauðinu þá eg sagða: Vaktið yður fyrir súrdeigi þeirra Phariseis og Saduceis?“ 12Þá undirstóðu þeir að hann hafði eigi sagt þeim það þeir skyldu vara sig við súrdeigi brauðsins heldur við lærdómi þeirra Phariseis og Saduceis.

13Þá kom Jesús í landsálfur borgarinnar Cesaree Philippi og spurði sína lærisveina að og sagði: „Hvað segja menn til hver mannsins Son sé?“ 14Þeir sögðu: „Sumir segja þú sért Jóhannes baptista en aðrir þú sért Elías, sumir að þú sért Jeremias eður einn af spámönnunum.“ 15Hann sagði til þeirra: „Hvern segi þér mig vera?“ 16Þá svaraði Símon Petrus og sagði: „Þú ert Kristur, Sonur Guðs lifanda.“ 17En Jesús svaraði og sagði til hans: „Sæll ertu, Símon Jóhannsson, því að hold og blóð birti þér það eigi heldur minn himneski Faðir. 18Eg segi þér og: Þú ert Petrus. Og yfir þennan hellustein mun eg upp á byggja mína kristni og hliðin helvítis skulu eigi magn hafa í gegn henni. 19Og þér mun eg gefa lykla himnaríkis og allt hvað þú bindur á jörðu skal á himnum bundið vera og allt hvað þú leysir á jörðu skal á himnum leyst vera.“

20Þá fyrirbauð hann sínum lærisveinum að þeir segði það nokkrum að hann væri Jesús, sá Christus. 21Þaðan í frá tók Jesús til að auglýsa fyrir sínum lærisveinum það honum byrjaði að ganga til Jerúsalem og margt að líða af öldungunum, skriftlærðum og kennimannahöfðingjum og líflátinn verða og á þriðja degi upp að rísa. 22En Pétur tók hann út af, átaldi hann og sagði: „Drottinn, þyrm sjálfum þér að eigi hendi þig þetta.“ 23En hann snerist við og sagði til Péturs: „Far frá mér, andskoti, þú ert mér hneykslanlegur. Því að þú skilur eigi hvað Guðs er heldur hvað mannanna er.“

24Jesús sagði þá til sinna lærisveina: „Ef nokkur vill mér eftirfylgja þá afneiti hann sjálfum sér og taki sinn kross á sig og fylgi mér eftir. 25Því að hver hann vill sitt líf forsvara sá mun því týna en hver sem sínu lífi týnir fyrir mínar sakir sá mun það finna. 26Því hvað stoðar það manninum þó hann hreppti allan heiminn en gjörði tjón sinnar sálu? Eður hvað mun maðurinn fá gefið það hann sálu sína með endurleysi? 27Því að það mun ske að mannsins Son mun koma í dýrð síns Föðurs með sínum englum og þá mun hann gjalda hverjum sem einum eftir sínum verkum. 28Sannlega segi eg yður að nokkrir standa þeir hér sem dauðann munu eigi smakka þar til að þeir sjá mannsins Son komanda í sínu ríki.“

17 Og sex dögum þar eftir tók Jesús með sér Petrum og Jacobum og Johannem bróður hans og hafði

þá afsíðis upp á hátt fjall og auglýstist fyrir þeim. [2]Og hans ásján skein sem sól en hans klæði urðu so björt sem ljós [3]og sjá, að honum birtust þeir Moyses og Elías og töluðu við hann. [4]En Pétur ansaði og sagði til Jesú: „Drottinn, hér er oss gott að vera. En ef þú vilt þá viljum vær gjöra hér þrjár tjaldbúðir, þér eina, Moyse eina, Elie eina.“ [5]Og þá er hann var þetta að tala, sjá, að bjart ský umskyggði þá og sjá, að röddin úr skýinu sagði: „Þessi er Sonur minn elskulegur að hverjum mér vel þóknast. Heyrið honum.“ **Esaias 42:1** [6]Og er lærisveinarnir heyrðu það féllu þeir fram á sínar ásjánir og urðu mjög hræddir. [7]En Jesús gekk til þeirra, tók á þeim og sagði: „Standið upp og verið eigi hræddir.“ [8]En er þeir litu upp sáu þeir öngvan nema Jesúm einnsaman.

[9]Og er þeir gengu ofan af fjallinu bauð Jesús þeim og sagði: „Þér skuluð öngvum þessa sjón segja þar til að mannsins Son er upp aftur risinn af dauða.“ [10]Og hans lærisveinar spurðu hann að og sögðu: „Hvar fyrir segja hinir skriftlærðu þá það Elías hljóti áður að koma?“ [11]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Elías á að sönnu áður að koma og alla hluti lagfæra. [12]En eg segi yður það: Elías er nú kominn og þeir kenndu hann eigi heldur gjörðu þeir við hann hvað helst þeir vildu. So mun og mannsins Son verða af þeim að líða.“ [13]Þá undirstóðu lærisveinarnir það hann hafði sagt af Johanne baptista.

[14]Og er þeir komu til fólksins gekk maður til hans og féll á knén fyrir honum og sagði: [15]„Drottinn, miskunna þú syni mínum. Því að hann er tunglsjúkur og er herfilega píndur. Því oft fellur hann á eld og þráttsinnis í vatn. [16]Eg hafða hann og til þinna lærisveina og þeir gátu hann eigi læknað.“ [17]En Jesús svaraði og sagði: „Ó þú vantrúuð og rangsnúin kynslóð, hversu lengi skal eg hjá yður vera? Hversu lengi á eg yður að líða? Hafið hann hingað til mín.“ [18]Og Jesús hastaði á hann og djöfullinn fór út af honum og sveinninn varð heilbrigður á samri stundu.

[19]Þá gengu lærisveinarnir heimuglega til Jesú og sögðu: „Fyrir því gátu vær eigi rekið hann út?“ [20]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Fyrir yðar vantrúar sakir. Því eg segi yður fyrir sann: Ef þér hefðuð trú so sem mustarskorn mætti þér segja fjalli þessu: Far þú héðan og þangað, og mundi það fara. Og ekkert mundi yður ómáttugt vera. [21]En þetta kyn rekst eigi út nema fyrir bæn og föstu.“

[22]En sem þeir sýsluðust um í Galilea sagði Jesús til þeirra: „Eftirkomandi er það mannsins Sonur mun ofurseldur verða í manna hendur [23]og líflátinn verða og á þriðja degi mun hann upp rísa.“ Og við það urðu þeir næsta hryggvir.

[24]Og er þeir komu til Kapernaum gengu þeir að Pétri sem skattgjaldið uppbáru og sögðu: „Yðar meistari, geldur hann eigi skattpeninginn?“ [25]Hann sagði: „Já.“ Og er hann gekk inn í húsið kom Jesús fyrr að honum og sagði: „Hvað líst þér, Símon: Af hvorum taka jarðlegir konungar toll eður skattpening: Af sínum sonum eður af annarlegum?“ [26]Pétur sagði: „Af annarlegum.“ Jesús sagði til hans: „Þá eru synirnir frí. [27]En so að vér séum þeim ei að hneykslan þá far til sjávar og kasta út önglinum og þann fisk sem fyrst kemur upp tak þú. Og er þú opnar hans gin muntu finna eina stateram. Þá sömu tak og gef þeim fyrir mig og þig.“

18 Í þann sama tíma gengu lærisveinarnir til Jesú og sögðu: „Hver er mestur í himnaríki?“ [2]Jesús kallaði barn til sín og setti það mitt á millum þeirra [3]og sagði: „Sannlega segi eg yður: Nema þér snúist og verðið so sem smábörn munu þér eigi innganga í himnaríki. [4]Hver sjálfur sig lækkar svo sem ungbirni þetta, sá er mestur í

himnaríki. [5]Og hver sem meðtekur eitt þvílíkt ungmenni í mínu nafni sá meðtekur mig. [6]En hver hann hneykslar einn af þessum vesalingum sem á mig trúa, þarfara væri honum að mylnusteinn hengdist við háls honum og væri í sjávardjúp sökktur.

[7]Vei sé heiminum fyrir hneykslanir! Þar hljóta hneykslanir að koma en þó vei sé þeim manni fyrir hvern eð hneykslunin kemur! [8]En ef þín hönd eður þinn fótur hneykslar þig, sníð hann af og snara honum frá þér. Bera er þér inn að ganga til lífsins haltur og handarvani en það þú hafir tvær hendur eður tvo fætur og verðir í eilífan eld kastaður. [9]Og ef auga þitt hneykslar þig þá slít það út og snara því frá þér. Betra er þér eineygðum inn að ganga til lífsins en það þú hafir tvö augu og verðir í helvískan eld kastaður. [10]Sjáið til að þér forsmáið ekki einn af þessum vesalingum. Því að eg segi yður að þeirra englar á himnum sjá jafnan míns Föðurs auglit á himnum. [11]Því að Mannsins son er kominn að frelsa hvað fortapað er. [12]Hvað virðist yður? Ef einhver hefði hundrað sauða og villist einn af þeim, skilst hann eigi við þá níu og níutígi á fjöllum uppi og fer að leita hans sem villtist? [13]Og ef so sker að hann finnur hann, sannlega segi eg yður að hann fagnar meir yfir honum en yfir hinum níu og níutígu sem eigi villtust. [14]So er eigi vilji fyrir Föður yðrum sem á himnum er að einn af þessum vesalingum farist.

[15]En ef bróður þinn brýtur við þig far þú og straffa hann á millum þín og hans eins samans. En ef hann heyrir þig þá hefur þú þinn bróður unnið. [16]En ef hann heyrir þig eigi þá tak enn einn eður tvo til þín so að í munni tveggja eður þriggja standi öll orð. [17]Nú ef hann heyrir eigi þeim þá seg það samkundunni. En ef hann heyrir ei samkundunni þá halt hann sem annan heiðingja og tollheimtumann. [18]Sannlega segi eg yður: Hvað helst þér bindið á jörðu skal og á himnum bundið vera og hvað helst þér leysið á jörðu skal leyst vera á himni. [19]Og enn segi eg yður það: Hvað ef tveir af yður samtakið á jörðu um hvern hlut sem það er eð þeir vilja biðja skal þeim veitt vera af mínum Föður sem á himnum er. [20]Því að hvar tveir eður þrír samansafnaðir eru í mínu nafni þar em eg mitt á millum þeirra.“

[21]Þá gekk Pétur til hans og sagði: „Drottinn , hversu oft skal eg mínum bróður, þeim sem við mig brýtur, fyrirgefa? Er það nóg sjö sinnum?“ [22]Jesús sagði til hans: „Eg segi þér eigi sjö sinnum heldur sjötígi sinnum sjö sinnum. [23]Fyrir því er himnaríki líkt þeim konungi sem reikna vildi við þjóna sína. [24]Og er hann tók til að reikna kom einn fyrir hann sá er honum var skyldugur tíu þúsund punda. [25]En þá hann hafði eigi til hvað hann skyldi gjalda bauð herrann að selja hann og hans húsfreyju, so og börnin og allt hvað hann átti, og borga með. [26]En sá þjón féll fram, tilbað hann og sagði: Herra, haf þolinmæði við mig. Allt skal eg þér gjalda.“ [27]En herrann sá aumur þess þjóns og lét hann lausan og gaf honum upp skuldina.

[28]Þá gekk sá sami þjón út og fann einn af sínum samlagsþjónum. Sá var honum hundrað peninga skyldugur. Þann greip hann og tók fyrir kverkar honum og sagði: Gjalt hvað þú ert mér skyldugur. [29]Þá féll hans samlagsþjón fram, bað hann og sagði: Haf þolinmæði við mig því allt skal eg þér gjalda. [30]En hann vildi eigi heldur fór hann til og lét hann í dýflissu þar til hann hafði borgað sína skuld. [31]En er hans samþjónar sáu hvað skeði urðu þeir mjög hryggvir við, komu og undirvísuðu sínum herra allt hvað gjörst hafði. [32]Þá kallaði hans herra á hann og sagði til hans: Þú hinn vondi þjón, alla þessa skuld gaf eg þér til með því þú baðst mig. [33]Byrjaði þér

eigi miskunnsamur að vera við þinn samlagsþjón líka sem eg var þér miskunnsamur? 34Og hans herra varð reiður og ofurseldi hann kvölurunum þangað til að hann hafði borgað allt hvað hann vor honum skuldugur. 35So mun minn himneskur faðir gjöra yður ef þér fyrirgefið eigi af yðrum hjörtum hver einn sínum bróður misgjörðir sínar.“

19 Og það skeði sem Jesús hafði lyktað þessar ræður að hann fór af Galilea og kom í endimerkur Gyðingalands, öðrumegin Jórdanar. 2Og margt fólk fylgdi honum eftir og þar læknaði hann þá. 3Þá gengu Pharisei til hans, freistuðu hans og sögðu: „Leyfist nokkuð manninum að forláta sína eiginkonu fyrir hverja sem eina sök?“ 4En hann svaraði og sagði til þeirra: „Hafi þér eigi lesið að sá er í upphafi skapaði manninn hann gjörði það að vera skyldi maður og kona 5og sagði: Fyrir því mun maðurinn forláta föður og móður og viðtengjast eiginkonu sinni og þau tvö munu eitt hold vera. 6So eru þau nú eigi tvö heldur eitt hold. En hvað Guð hefur samantengt það skal maðurinn eigi í sundur skilja.“

7Þá sögðu þeir: „Fyrir því bauð Moyses þá að gefa skyldi skilnaðarskrá og hana að forláta?“ 8Hann sagði til þeirra: „Moyses hefur fyrir harðúð yðvars hjarta leyft yður að forláta húsfreyjur yðrar en af upphafi var það eigi so. 9En eg segi yður það: Hver sína eiginkonu forlætur (nema það sé fyrir hórunarsök) og giftist annarri sá drýgir hór. Og hver fráskilinni giftist sá drýgir og hór.“

10Þá sögðu lærisveinarnir til hans: „Ef so er háttað mannsins málefnum við eignarkonuna þá er eigi gagn í að giftast.“ 11En hann sagði til þeirra: „Þetta orð fá eigi allir höndlað heldur þeir hverjum það er gefið. 12Því að þar eru þeir geldingar sem so verða af móðurkviði fæddir og þeir geldingar er hverjir af mönnunum eru geldir og þar eru og líka þeir geldingar sem sjálfa sig hafa gelt fyrir himnaríkis sakir. Sá gripið getur hann grípi það.“

13Þá voru smábörn til hans höfð so að hann legði hendur yfir þau og bæðist fyrir. En lærisveinarnir ávítuðu þá. 14Jesús sagði til þeirra: „Látið börnin kyrr og fyrirbjóðið þeim eigi til mín að koma því að slíkra er himnaríki.“ 15Og er hann hafði hendur yfir þau lagt gekk hann þaðan.

16Og sjá, að einn gekk að honum og sagði til hans: „Góði meistari, hvað skal eg þess gott gjöra að eg hafi eilíft líf?“ 17Hverjum hann svaraði: „Hvað kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema einn, sem er Guð. En ef þú vilt til lífsins inn ganga svo varðveit þú boðorðin.“ 18Hann sagði þá til hans: „Hver helst?“ En Jesús sagði: „Ei skaltu mann vega, ei skaltu hórast, ei skaltu stela, eigi skaltu ljúgvitni mæla, 19heiðra skaltu föður þinn og móður og elska skalt þú náunga þinn so sem sjálfan þig.“ 20Þá sagði ungi maðurinn til hans: „Þetta allt hef eg varðveitt í frá barnæsku minni. Hvað brestur mig þá?“ 21Jesús sagði til hans: „Ef þú vilt algjörður verða far burt og sel allt hvað þú hefir og gef fátækum og munt þú þá stoð hafa á himni. Kom þá og fylg mér so eftir.“ 22Og er hinn ungi maður heyrði það orð gekk hann hryggur í burt því að hann hafði miklar eignir.

23En Jesús sagði til sinna lærisveina: „Sannlega segi eg yður að torvelt er ríkum inn að ganga í himnaríki. 24Og enn segi eg yður það auðveldara er úlfaldanum að smjúga í gegnum nálarauga en ríkum inn að ganga í Guðs ríki.“ 25Og er lærisveinarnir heyrðu það urðu þeir mjög óttaslegnir og sögðu: „Hver fær þá hjálpast?“ 26En Jesús leit við þeim og sagði til þeirra: „Hjá mönnunum er það ómögulegt en hjá Guði er allt mögulegt.“

[27]Þá svaraði Pétur og sagði til hans: „Sjáðu, að vér forlétum allt og fylgdum þér eftir. Hvað sker oss þar fyrir?“ [28]En Jesús sagði til þeirra: „Sannlega segi eg yður að þér hverjir mér hafið eftirfylgt: Í endurfæðingunni, þá er mannsins Son situr á stóli sinnar tignar, munu þér og sitja á tólf stólum dæmandi tólf kynkvíslir Ísraels. [29]Og hver hann forlætur hús eður bræður, systur, föður eða móður eður eiginkonu eða börn eða akra fyrir míns nafns sakir sá mun hundraðfalt í staðinn taka og erfa eilíft líf. [30]En margir þeir sem eru fyrstir verða síðastir og þeir sem síðastir eru verða hinir fyrstu.

20 Himnaríki er líkt þeim húsföðurur sem útgekk snemma morguns verkmenn að leigja í víngarð sinn. [2]En að gjörðum samningi við verkmennina af daglegu peningsgjaldi sendi hann þá í sinn víngarð. [3]Og nær þriðju stund gekk hann út og leit aðra iðjulausa standa á torginu [4]og sagði til þeirra: Fari þér í minn víngarð og hvað rétt er mun eg gefa yður. Þeir gengu og þangað. [5]Og enn gekk hann út aftur um séttu og níundu stund og gjörði so líka. [6]En um elleftu stund gekk hann út og fann enn aðra standa iðjulausa og sagði til þeirra: Hvar fyrir standi þér hér allan dag iðjulausir? [7]Þeir sögðu til hans: Því að enginn hefur leigt oss. Hann sagði til þeirra: Fari þér og í minn víngarð og hvað rétt er skulu þér fá. [8]En þá kveld var komið sagði herrann víngarðsins til síns ráðamanns: Kallaðu verkamennina og gjald þeim verðkaupið. Og hann tók til í frá inum seinasta og allt til hins fyrsta. [9]Þá komu þeir sem um elleftu stund leigðir voru og hver þeirra meðtók sinn pening. [10]En er hinir fyrstu komu meintu þeir það þeir mundu fá meira og hver þeirra meðtók sinn pening. [11]Og þá er þeir höfðu hann meðtekið mögluðu þeir í móti húsföðurnum og sögðu: [12]Þessir seinustu hafa eina stund erfiðað og þú gjörir þá oss jafna, vér sem borið höfum þunga og hita dagsins.

[13]En hann svaraði og sagði til eins þeirra: Vinur, ei gjöri eg þér órétt. Ertu ekki ásáttur orðinn við mig um einn pening? [14]Tak hvað þitt er og far burt. En þessum seinasta vil eg gefa so sem þér. [15]Eða lofast mér ekki að gjöra af mínu hvað eg vil? Eða ertu um það rangeygður þó að eg sé góðgjarn? [16]So verða nú síðastir hinir fyrstu og fyrstir hinir síðustu. Því að margir eru kallaðir en fáir útvaldir.“

[17]Og hann ferðaðist upp til Jerúsalem og tók þá tólf lærisveina heimuglega til sín á veginum og sagði til þeirra: [18]„Vér reisum nú upp til Jerúsalem og mannsins Son mun ofurseljast kennimannahöfðingjum og skriftlærðum og þeir munu hann fordæma til dauða [19]og ofurselja hann heiðingjum til spottunar og húðstrokunar og til krossfestingar. Og á þriðja degi mun hann upp aftur rísa.“

[20]Þá gekk móðir sona Zebedei til hans meður syni sína, kallandi fyrir hann fram og bað nokkurs af honum. [21]Og hann sagði til hennar: „Hvað viltu?“ Hún sagði til hans: „Lát þessa mína sonu sitja í ríki þínu, þann eina til þinnar hægri handar og annan til þinnar vinstri handar.“ [22]En Jesús svaraði og sagði: „Þér vitið eigi hvað þér biðjið. Geti þið þann kaleik drukkið hvern eg mun drekka og þeirri skírn skírast látið hverri eg mun skírast?“ Þeir sögðu til hans: „Það getum við.“ [23]Og hann sagði til þeirra: „Minn kaleik munu þið að sönnu drekka og þeirr skírn hverri eg skírunst munu þið skírast. En það að sitja til minnar hægri handar og vinstri handar er eigi mín yður að gefa heldur þeim hverjum það er fyrirbúið af mínum Föður.“

[24]Og er þeir tíu heyrðu það þykktust þeir þeim tveimur bræðrum. [25]En Jesús kallaði þá til sín og sagði: „Þér vitið að

veraldarmannahöfðingja drottna yfir þeim og þeir að voldugir eru hafa yfirvöld. 26So skal eigi vera yðar á milli heldur hver hann vill yðar á milli voldugur vera sé sá yðar þénari. 27Og hver yðar sem fremstur vill vera veri hann yðar þjón. 28Líka so sem mannsins Son kom eigi að hann léti sér þjóna heldur upp á það hann þjónaði og gæfi sitt líf til endurlausnar fyrir marga.“

29Og þá er þeir gengu út af Jeríkó fylgdi honum margt fólk eftir. 30Og sjá, að tveir blindir sátu við veginn. Og þá þeir heyrðu það að Jesús gekk þar fram hjá kölluðu þeir og sögðu: „Ó Drottinn, Sonur Davíðs, miskunna þú okkur!“ 31En fólkið hastaði á þá að þeir þegði. En þeir kölluðu því meir og sögðu: „Ó Drottinn, Sonur Davíðs, miskunna þú okkur!“ 32Og Jesús staðnæmdist, kallaði á þá og sagði: „Hvað vilji þið að eg skuli gjöra ykkur?“ 33Þeir sögðu til hans: „Drottinn, það að okkar augu upplúkist.“ 34En Jesús sá aumur á þeim, snart augu þeirra og þeir sáu jafnskjótt og fylgdu honum eftir.

21 Og er þeir tóku að nálgast Jerúsalem og komu til Betfage við fjallið Oliveti sendi Jesús út tvo sína lærisveina og sagði til þeirra: 2„Fari þið í það kauptún sem fyrir ykkur er og strax munuð þið finna ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið hana og leiðið til mín. 3Og ef einhver segir nokkuð til ykkar þá segið að Herrann hafi þeirra þörf og jafnsnart mun hann láta þau laus.“ 4En það skeði so að uppfylldist hvað sagt er fyrir spámanninn er segir: 5„Segið dótturinni Síon: Sjá, þinn kóngur kemur til þín, hógvær, sitjandi á ösnu og á fola klyfbærilegrar ösnu.“ **Esaias 62:11, Sacharias 9:9** 6En lærisveinarnir gengu burt og gjörðu so sem Jesús hafði boðið þeim 7og leiddu með sér ösnuna og folann og lögðu yfir þau sín klæði og settu hann þar upp á. 8En margt fólk breiddi sín klæði á veginn og aðrir hjuggu kvistu af trjánum og dreifðu þeim á veginn. 9En það fólkið sem fyrir gekk og eftirfylgdi kallaði og sagði: „Hósíanna Syni Davíðs! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins! Hósíanna í hæstum hæðum!“ 10Og er hann fór inn í Jerúsalem var öll borgin á reiðuskjálfi og sagði: „Hver er þessi?“ 11En fólkið sagði: „Þetta er Jesús, spámaðurinn af Naðsaret úr Galilea.“ 12Og Jesús gekk inn í Guðs musteri og rak út alla seljendur og kaupendur í musterinu og borðum veslunarmanna og stólum þeirra er dúfur seldu hratt hann um 13og sagði til þeirra: „Skrifað er: Mitt hús skal bænahús kallast. En þér hafið gjört það að spillvirkjinni.“ **Esaias 56:7, Jeremias 7:11** 14Og til hans gengu blindir og haltir í musterið og hann læknaði þá.

15En er kennimannahöfðingjar og skriftlærðir sáu þær undranir sem hann gjörði og það börnin kölluðu í musterinu og sögðu: „Hósíanna þeim Syni Davíðs“ reiddust þeir 16og sögðu til hans: „Heyrir þú hvað þessir segja?“ Jesús sagði til þeirra: „Já, viti menn. Hafi þér aldrei lesið það: Af munni ungbarna og brjóstmylkinga hefur þú lofið tilreitt“? **Sálmar 8:2** 17Og hann forlét þá og gekk út af borginni til Betania og bleif þar.

18En að morni er hann gekk aftur til borgarinnar hungraði hann. 19Og sem hann sá eitt fíkjutré við veginn gekk hann þangað að og fann ekkert á því nema einsta blöðin og sagði til þess: „Héðan í frá vaxi aldreigi ávöxtur af þér að eilífu.“ Og það fíkjutré visnaði upp jafnsnart. 20Og er lærisveinarnir sáu það undruðust þeir og sögðu: „Hvernin er fíkjutréð so snart uppþornað?“ 21En Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Sannlega segi eg yður: Ef þér hafið trúna og efist eigi þá munu þér eigi einasta gjöra slíkt við fíkjutréð heldur ef þér segðuð þessu fjalli: Tak þig upp og fleyg þér í sjóinn, þá mundi það ske. 22Og allt hvað

þér biðjið í bæninni, ef þér trúið því, þá munu þér það öðlast.“

[23]Og sem hann kom í musteri gengu til hans (sem hann var að kenna) prestahöfðingjar, öldungar lýðsins og sögðu: „Út af hvaða magt gjörir þú þetta og hver gaf þér þessa magt?“ [24]En Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Eg mun spyrja yður að einu orði. Ef þér segið mér það mun eg segja yður út af hvaða magt eg gjöri þetta. [25]Skírn Johannis, hvaðan var hún, hvert af himni eður af mönnum?“ En þeir hugsuðu með sér: „Ef vér segjum: Af himni, þá segir hann til vor: Fyrir því trúðu þér honum þá eigi? [26]En ef vér segjum: Af mönnum, þá megum vær óttast fólkið.“ Því að allir héldu Johannem fyrir spámann. [27]Og þeir svöruðu Jesú og sögðu: „Vér vitum ei.“ Hann sagði þá til þeirra: „So segi eg yður ei heldur út af hverri magt eg gjöri þetta. [28]En hvað líst yður? Maður nokkur hafði tvo sonu og gekk til ins fyrsta og sagði: Sonur, far þú í dag að vinna í víngarði mínum. [29]En hann svaraði: Eigi vil eg. Eftir á iðraði hann þessa og gekk burt. [30]Og hann gekk og til hins annars og sagði slíkt hið sama. En hann svaraði og sagði: Fara skal eg, og fór ekki. [31]Hvor af þeim tveimur gjörði föðursins vilja?“ Þeir sögðu til hans: „Hinn fyrsti.“ Jesús sagði til þeirra: „Sannlega segi eg yður að tollheimtarar og hórkonur mega fyrr komast í Guðs ríki en þér. [32]Jóhannes kom til yðar og lærði yður réttlætis götu og eigi trúðu þér honum en tollheimtumenn og pútur trúðu honum. Og þó að þér lituð þetta gjörðu þér öngva yfirbót so að eftir á hefði þér honum trúað.

[33]Heyrið enn aðra eftirlíking. Húsfaðir nokkur var þar sá er plantaði víngarð og girti í kringum hann og gróf í honum vínþrúgu og uppbyggði turn og leigði hann víngarðsmönnum og ferðaðist síðan langt burt. [34]En þá er ávaxtartími tók að nálgast sendi hann sína þjóna til víngarðsmannanna að þeir meðtæki hans ávöxtu. [35]Þá tóku víngarðsmennirnir hans þjóna. Þann eina strýktu þeir, annan aflífuðu þeir, hinn þriðja grýttu þeir. [36]Og í annað sinn sendi hann aðra þjóna út sem fleiri voru hinum fyrrum. Og þeim gjörðu þeir slíkt hið sama. [37]En síðast sendi hann son sinn til þeirra og sagði: Þeir munu feila sér fyrir syni mínum. [38]En er víngarðsmennirnir sáu soninn sögðu þeir með sér: Þessi er erfinginn. Komi þér og aflífu vær hann og leggjum so undir oss hans arfleifð. [39]Og þeir gripu hann og ráku hann út af víngarðinum og aflífuðu hann. [40]En nær herrann víngarðsins kemur hvað mun hann gjöra við þessa víngarðsmenn?“ [41]Þeir sögðu til hans: „Þeim vondum mun hann vondslega fyrirfara og sinn víngarð byggja öðrum víngarðsmönnum þeir ið honum ávöxt gjalda í réttan tíma.“

[42]Jesús sagði til þeirra: „Hafi þér aldrei lesið í Ritningunum: Þann stein sem byggendur höfðu útkastað, hann er nú orðinn að höfði hyrningar. Af Drottni er það gjört og er undarlegt fyrir vorum augum.“ **Sálmar 118:22-23, Esaias 28:16** [43]Fyrir því segi eg yður að Guðs ríki mun frá yður takast og heiðingjum gefið verða sem þess ávöxt færa. [44]En hver yfir þennan stein fellur hann mun sundurmyljast en yfir hvern hann fellur þann mun hann sundurmerja.“ [45]Og þá er kennimannahöfðingjar og Pharisei heyrðu hans eftirlíkingar formerktu þeir það hann sagði af þeim [46]og leituðu við að grípa hann en óttuðust þó fólkið því að það hélt hann fyrir spámann.

22 Og Jesús svaraði og talaði í annað sinn í eftirlíkingum til þeirra og sagði: [2]„Himnaríki er líkt þeim konungi sem brúðkaup gjörði syni sínum [3]og sendi út sína þjóna að kalla boðsmennina til brúðkaupsins. Og þeir vildu eigi koma. [4]Í annað sinn sendi hann aðra þjóna út og sagði: Seg-

ið boðsmönnunum: Sjáið, mína máltíð
hefi eg tilbúið, mínir uxar og aliðfé eru
slátraðir og allt er reiðubúið. Komið til
brúðkaupsins. 5En þeir forsmánuðu það
og gengu burt, einn á sinn bústað en
annar til sinnar sýslunar 6en sumir
gripu hans þjóna, dáruðu þá og drápu.
7En þá konungurinn heyrði það varð
hann reiður og sendi út sinn her og fyr-
irfór þessum morðingjum og brenndi
upp borg þeirra.
8Þá sagði hann til sinna þjóna:
Brullaupið er að sönnu reiðubúið en
þeim sem boðið var þeir voru þess ei
verðugir. 9Fyrir því farið út á strætin og
bjóðið til brúðkaupsins hverjum sem
þér finnið. 10Og hans þjónar gengu út á
strætin og samansöfnuðu öllum þeim
þeir fundu, vondum og góðum, og
brúðlaupið varð alskipað af mönnum.
11Þá gekk konungurinn inn að sjá
gestina og hann sá þar mann eigi
klæddam með brúðlaupsklæðum 12og
sagði til hans: Vinur, hvernin gekkstu
inn hingað hafandi ekki brúðkaups-
klæði? En hann þagði. 13Konungurinn
sagði þá til sinna þénara: Bindið hans
hendur og fætur og varpið honum í
ystu myrkur. Þar mun vera óp og
tannagnístran. 14Því að margir eru kall-
aðir en fáir útvaldir.“
15Þá gengu Pharisei burt og settu ráð
saman að þeir gæti veitt hann í orðum
16og sendu til hans sína lærisveina með
Herodis þénurum og sögðu: „Meistari,
vér vitum að þú ert sannsögull og
kennir Guðs götu í sannleika, skeytir ei
nokkrum það þú fer ei að mannvirðing-
um. 17Fyrir því seg oss hvað þér líki:
Hvort leyfist að gefa keisaranum skatt
eður eigi?“ 18En þá Jesús formerkti
þeirra flátskap sagði hann: „Hvað
freisti þér mín, hræsnarar? 19Sýnið mér
myntina peningsins.“ Og þeir fengu
honum peninginn. 20Jesús sagði til
þeirra: „Hvers er þessi mynd og yfir-
skrift?“ 21Þeir sögðu honum: „Keisar-
ans.“ Þá sagði hann til þeirra: „Gefið þá
keisaranum hvað keisarans er og það
Guði sem Guðs er.“ 22Og er þeir heyrðu
það undruðust þeir, forlétu hann og
gengu í burt. 23Á þeim sama degi gengu
Saducei til hans hverjir eð segja uppris-
una eigi vera, spurðu hann að 24og
sögðu: „Meistari, Moyses hefir sagt að
ef nokkur andaðist og hefði eigi barn
eftir þá skyldi bróðir hans eiga hans
eiginkonu og uppvekja sínum bróður
sæði. 25En hjá oss voru sjö bræður.
Hinn fyrsti fastnaði sér konu og hann
andaðist. Og af því að hann hafði ekk-
ert sáð lét hann bróður sínum eftir sína
eiginkonu. 26Líka sá annar og hinn
þriðji, allt til hins sjöunda. 27En síðast
allra andaðist og konan. 28Hvers þeirra
sjö verður hún nú eignarkona í upprisu-
unni? Því að allir þeir hafa hana haft.“
29En Jesús svaraði og sagði til þeirra:
„Þér villist og vitið eigi Ritningarnar né
heldur Guðs kraft. 30Því að í upprisunni
munu þeir hverki kvongast né sig
kvonga láta heldur eru þeir sem englar
Guðs á himni.
31En hafi þér eigi lesið hvað af Guði er
sagt af upprisu framliðinna er hann
segir: 32Eg er Guð Abrahams og Guð
Ísaaks og Guð Jakobs? Því að Guð er
eigi Guð dauðra heldur lifandi manna.“
Exódus 3:6 33Og er fólkið heyrði þetta
undraðist það hans kenning. 34En er
Pharisei heyrðu það hann hafði þaggað
Saduceos söfnuðust þeir saman í eitt
35og einn lögvitringur af þeim spurði
hann að, freistandi hans og sagði:
36„Meistari, hvert er hið mesta boðorð í
lögmálinu?“ 37En Jesús sagði til hans:
„Elska skaltu Drottinn Guð þinn af öllu
þínu hjarta og af allri sálu þinni og af
öllu þínu hugskoti. 38Þetta er hið helsta
og mesta boðorð. 39En annað er þessu
líkt: Elska skaltu náunga þinn so sem
sjálfan þig. 40Í þessum tveimur boðorð-
um hengur allt lögmál og spámenn.“
37Deuteronomium 6:5 39Leviticus 19:1841En þá Pharisei voru til samans
komnir spurði Jesús þá að 42og sagði:

„Hvað virðist yður af Christo, hvers son
ð hann sé?“ Þeir sögðu honum: „Dav-
íðs.“ [43]Hann sagði til þeirra: „Hvernin
kallar Davíð hann þá í anda einn Drott-
inn er hann segir: [44]DROTTINN sagði
mínum Drottni: Sit þú til minnar hægri
handar þar til eg set óvini þína til skar-
ar þinna fóta. **Sálmar 110:1** [45]Nú ef
Davíð kallar hann Drottinn hvernin er
hann þá hans sonur?“ [46]Og enginn gat
honum orði svarað og ei dirfðist
nokkur upp frá þeim degi hann framar
að spyrja.

23 Þá talaði Jesús til fólksins og til
sinna lærisveina [2]og sagði: „Á
Moyses stóli sitja skriftlærðir og
Pharisei. [3]Allt hvað þeir segja yður þér
skulið halda það haldið og gjörið. En
eftir þeirra verkum skulu þér eigi gjöra
því að þeir segja það og gjöra eigi. [4]Þeir
samanbinda þungar byrðar og óbæri-
legar og leggja þær mönnum á herðar
en sjálfir þeir vilja ei áhræra þær fingri
sínum. [5]Því að öll sín verk gjöra þeir að
þeir sjáist af mönnum. Sín minningar-
blöð útþenja þeir og fald sinna klæða
mikla þeir. [6]Kær hafa þeir hin fremstu
sæti að kveldverðum og æðstu sessa í
samkunduhúsum [7]og kveðjur á torgum
og af mönnum rabbí kallaðir verða.

[8]En þér skuluð eigi rabbí kallast því að
einn er yðar Meistari, Kristur, en þér
allir eruð bræður. [9]Og öngvan skulu
þér yðar föður kalla á jörðu því að einn
er yðar Faðir sá sem á himnum er. [10]Því
skulu þér eigi meistari kallast því einn
er yðar meistari, Kristur. [11]Sá sem að
mestur er yðar sé hann yðar þénari.
[12]Því að hver sig upphefur sá mun
niðurlægjast og hver sjálfan sig niður-
lægir hann mun upphafinn verða.

[13]Vei yður skriftlærðum og Phariseis,
þér hræsnarar! Hverjir himnaríkið aft-
urlokið fyrir mönnum. Eigi gangi þér
þar inn og þeim er inn vilja ganga í það
þá lofi þér eigi. [14]Vei yður skriftlærðum
og Phariseis, þér hræsnarar! Hverjir
ekknahúsin uppetið með yfirhylmingu
langra bæna. Fyrir það munu þér þess
meiri fordæming öðlast.

[15]Vei yður skriftlærðum og Phariseis,
þér hræsnarar! Hverjir um kringum
farið sjó og lönd so að þér gjörið einn
að ykkur og nær hann er það orðinn
gjöri þér hann að helvískum syni tvefalt
meir en þér eruð.

[16]Vei yður blindum leiðtogurum! Þér
sem segið: Hver hann sver við musterið
það sé ekkert en hver hann sver við
gullið musterið, sá er sekur. [17]Þér fíflar og
forblindaðir, hvort er meira, gullið eða
musterið það er gullið helgar? [18]Og
hver að sver við altarið, sé ekkert, en
hver hann sver við það offur sem á því
er, sá sé sekur. [19]Þér heimskir og blind-
ir, hvert er meira, offrið en altarið það
sem offrið helgar? [20]Fyrir því, hver
hann sver við altarið sá sver við altarið
og allt hvað þar er upp á [21]og hver hann
sver við musterið sá sver við það og við
þann sem þar byggir inni [22]og hver
hann sver við himininn sá sver við
Guðs sæti og við þann sem þar upp á
situr.

[23]Vei yður skriftlærðum og Phariseis,
þér hræsnarar! Hverjir tíundið myntu,
anet og kúmen en yfirgefið það hvað
þyngst er í lögmálinu, einkum: dóminn,
miskunnsemd og trúna. Þetta byrjaði
að gjöra og hitt eigi eftir að skilja. [24]Þér
blindir leiðtogarar, sem síið mýfluguna
en svelgið úlfaldann!

[25]Vei yður skriftlærðum og Phariseis,
þér hræsnarar! sem hreinsið hið ytra
bikara og diska en innan eru þér fullir
ráns og óhreininda. [26]Þú blindur farís-
eari, hreinsa fyrst hið innra á bikörum
og diskum so að hið ytra verði og
hreint. [27]Vei yður skriftlærðum og
Phariseis, þér hræsnarar! Hverjir líkir
eruð forfáguðum leiðum framliðinna
hver að utan sýnast mönnum fögur en
innan eru þau full af dauðra manna
beinum og allri óþekkt. [28]So og þér
skínið að sönnu utan fyrir mönnum

réttlátir en fyrir innan eru þér fullir hræsni og ranginda. 29Vei yður skriftlærðum og Phariseis, þér hræsnarar! Hverjir uppbyggið spámannaleiðin og prýðið grafir réttlátra manna 30og segið: Ef vér hefðum verið á dögum feðra vorra skyldu vær eigi verið hafa samlagsmenn í þeirra blóði spámannanna. 31Svo beri þér sjálfir yður vitni að þér eruð synir þeirra sem spámennina aflífuðu. 32Nú vel, uppfyllið mæling feðra yðvara. 33Þér eiturormar og nöðrukyn, hvernin vilji þér umflýja helvíska fyrirdæming? 34Fyrir því sjáið: Eg sendi til yðar spámenn, spekinga og skriftlærða menn og nokkra af þeim munu þér lífláta og krossfesta og suma munu þér húðstrýkja í samkunduhúsum yðar og af annarri borg í aðra munu þér þá ofsækja, 35svo að yfir yður komi allt réttlátt blóð sem á jörðina er úthellt í frá blóði Abels réttláta allt til blóðs Zacharie sonar Barakía, hvern þér drápuð á milli musteris og altarisins. 36Sannlega segi eg yður að allt þetta mun koma yfir þessa kynslóð. 37Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem aflífar spámennina og grýtir þá sem til þín eru sendir! Hversu oft hefi eg viljað samansafna sonum þínum líka sem að hæna safnar ungum sínum undir vængi sér og þér hafið eigi viljað! 38Sjáið, yðvart hús skal yður í eyði látið verða. 39Því að eg segi yður: Þér munuð eigi sjá mig upp frá þessu þar til þér segið: Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.“

24 Og sem Jesús gekk út af musterinu þá gengu hans lærisveinar til hans að þeir sýndu honum bygging musterisins. 2En Jesús sagði til þeirra: „Sjái þér ekki allt þetta? Sannlega segi eg yður að hér mun eigi eftir látast steinn yfir steini sá er eigi mun niðurbrotinn verða.“ 3En sem hann sat á fjallinu Oliveti gengu hans lærisveinar að honum heimuglega og sögðu: „Seg þú oss hvenar þetta mun ske og hvert teikn er þinnar tilkomu og veraldarinnar enda.“ 4En Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Sjáið til að enginn villi yður. 5Því að margir munu koma undir mínu nafni og segja: Eg em Kristur, og þeir munu marga villa.

6Þér munuð heyra bardaga og hernaðartíðindi. Sjáið til að þér skelfist ekki því að allt þetta hlýtur að ske. Þó er þá enn eigi endirinn kominn. 7Því að þar mun ein þjóð hefja sig upp í móti annarri og ríki í móti ríki. Drepsóttir og hungur og jarðskjálftar munu þar verða í ýmsum stöðum 8en allt þetta eru upphöf harmkvælanna.

9Þá munu þeir ofurselja yður í harðkvæli og yður munu þeir lífi firra og þér verðið hataðir af öllum þjóðum fyrir míns nafns sakir. 10Og þá munu margir hneykslun fyllast og innbyrðis hver annan svíkja og hver annan að hatri hafa. 11Og margir falsspámenn munu sig upphefja og margan afvegaleiða. 12Og af því að ranglætið mun yfirgnæfa mun kærleikurinn margra kólna. 13En hver eð staðfastur blífur allt til enda sá mun hólpinn verða. 14Og þetta evangelium ríkisins mun prédikað verða um allan heim til vitnisburðar yfir allar þjóðir og þá mun endirinn koma.

15Nær þér sjáið nú svívirðing eyðslunnar (af hverri sagt er fyrir spámanninn Daníel) standa í helgum stað, hver það les hann hyggi þar að **Daníel 9:27**
16hverjir þá eru á Gyðingalandi flýi þeir á fjöll 17og hver hann er á ræfri fari sá ei ofan nokkuð að taka úr sínu húsi 18og sá sem á akri er snúi hann ei aftur að taka upp kyrtil sinn. 24Og Vei þeim sem eru þungaðar, og þær, er börn hafa á brjósti. 20Af því biðjið að yðar flótti ske eigi um vetur eður á þvottdegi. 21Því að þá mun verða so stór hörmung hvilík að eigi var í frá upphafi veraldar allt til þessarar stundar og eigi heldur verða mun. 22Og nema það að þessir dagar sé

styttir verður ekkert hold hólpið. En fyrir útvaldra sakir þá eru þessir dagar forstyttir.
[23]En ef nokkur segir þá til yðar: Sjá, hér er Kristur, eður, Þar, þá skulu þér eigi því trúa. [24]Því að upp munu rísa falskristar og falsspámenn og þeir munu gjöra stór tákn og undur so að í villu munu leiðast (ef ske mætti) einnin útvaldir. [25]Sjáið, eg sagði yður það fyrir. [26]Nú ef þeir segja til yðar: Sjáið, hann er á eyðimörku, þá gangið eigi út. Sjáið, hann er í launkofum, þá trúið eigi. [27]Því að so sem elding út gengur af uppgöngu og skín allt til niðurgöngu líka mun vera tilkoma mannsins Sonar. [28]Því að hvar helst að hræið er þangað munu ernirnir safnast.
[29]En strax eftir hörmung þessara daga mun sólin sortna og tunglið eigi sitt ljós gefa og stjörnur munu af himni hrapa og kraftar himnanna munu bifast. [30]Og þá mun skína teikn mannsins Sonar á himni og munu sér þá kveina allar kynkvíslir jarðar og þeir munu sjá mannsins Son komandi í skýjum himins með krafti miklum og tignarveldi. **Daníel 7:13** [31]Og sína engla mun hann útsenda með lúðraþeytingu mikilli og hans útvöldum munu þeir samansafna af fjórum vindum, frá ystu álfum himnanna og allt til þeirra endimarka.
[32]Af fíkjutrénu lærið eftirlíking. Nær eð þess kvistur gjörist frjór og laufin útspretta þá viti þér það sumarið er í nánd. [33]Líka so, nær eð þér sjáið allt þetta þá vitið að það er nærri, fyrir dyrum. [34]Sannlega segi eg yður að þessi kynslóð mun eigi forganga þar til að allt þetta sker. [35]Himinn og jörð munu forganga en mín orð munu eigi forganga. [36]En af þeim degi eður stundu veit enginn og ekki englar á himnum nema minn Faðir einnsaman. [37]En líka sem var um daga Noe so mun og verða í tilkomu mannsins Sonar. [38]Því so sem þeir voru á þeim dögum fyrir flóðið að þeir átu, þeir drukku, þeir giftust og létu gifta sig, allt til þess dags á hverjum Nói gekk í örkina [39]og þeir sættu því ekki þar til að flóðið kom og tók þá alla í burt, so mun og vera í tilkomu mannsins Sonar. [40]Þá munu tveir á akri vera og mun einn upptekinn en annar forlátinn verða [41]og tvær munu í kvernhúsi malandi vera og mun ein upptekin og önnur forlátin verða.
[42]Fyrir því vakið því að þér vitið eigi á hverri stundu yðar Herra muni koma. [43]En það skulu þér vita að ef húsfaðirinn vissi á hverri stundu eð þjófurinn kæmi mundi hann vaka og láta eigi sitt hús í sundur grafa. [44]Fyrir því verið þér og reiðubúnir því að mannsins Son mun koma á þeirri stund þér meinið ekki. [45]En hver hann er trúr þjón og forsjáll sem herrann hefur sett yfir sín hjú að hann gefi þeim fæði í réttan tíma. [46]Sæll er sá þjón nær hans herra kemur og finnur hann so gjöranda. [47]Sannlega segi eg yður að hann mun hann setja yfir öll sín auðæfi. [48]En ef sá vondi þjón segir í sínu hjarta: Minn herra gjörir dvöl á að koma, [49]og tekur að slá sína samlagsþjóna, etur og drekkur með drykkjurútörum. [50]En herra þess þjóns mun koma á þeim degi sem hann vonar eigi og á þeirri stundu er hann grunar eigi [51]og í sundur partar hann og setur hans hlutskipti með hræsnurum. Þar mun vera óp og tannagnístran.

25 Þá mun himnaríki líkt vera tíu meyjum hverjar eð tóku sína lampa og gengu út í móti brúðgumanum. [2]En fimm af þeim voru fávísar og fimm forsjálar. [3]Þær sem fávísar voru tóku sína lampa en tóku þó ekkert viðsmjör með sér [4]en hinar forsjálu tóku í sínum kerum viðsmjör með lömpunum. [5]Og er brúðguminn gjörði dvöl á að koma syfjaði þær allar og sofnuðu. [6]En um miðnætti kom kall: Sjáið, brúðguminn kemur, gangi þér út í móti honum. [7]Þá stóðu upp allar þessar meyjar og

prýddu sína lampa. [8]En þær fávísu
sögðu til hinna forsjálu: Gefið oss af
viðsmjöri yðru því að vorir lampar
slokkna út. [9]Hinar forsjálu svöruðu og
sögðu: Nei, má vera að ei sé nóg fyrir
oss og so yður. Fari þér heldur til sölu-
manna og kaupið yður. [10]En er þær
gengu að kaupa kom brúðguminn og
þær sem reiðubúnar voru gengu með
honum inn til brúðkaupsins og
hurðinni var afturlokað. [11]Að síðustu
komu og hinar aðrar meyjar og sögðu:
Herra, Herra, lúk þú upp fyrir oss. [12]En
hann svaraði og sagði til þeirra: Sann-
lega segi eg yður að eg þekki yður eigi.
[13]Fyrir því vakið það þér vitið eigi þann
dag og stund á hverri mannsins Son
mun koma.

[14]Líka sem sá maður er ferðaðist langt
burt kallaði sína þjóna og fékk þeim sitt
góss. [15]Og einum fékk hann fimm pund
en öðrum tvö, hinum þriðja eitt, hverj-
um manni eftir sínum formætti, og
ferðaðist strax af stað. [16]Þá gekk sá til
sem fimm pund hafði meðtekið og
verkaði með þeim sömum og vann þar
með önnur fimm pund. [17]Líka einnin sá
sem tvö pund hafði meðtekið vann og á
tvö önnur. [18]En sá er eitt hafði meðtek-
ið fór burt, gróf í jörðu og faldi þar síns
herra fé. [19]En eftir langan tíma liðinn
kom herrann þessara þjóna og hélt
reikningskap við þá. [20]Þá gekk sá til
sem fimm pund hafði meðtekið og
færði honum önnur fimm pund og
sagði: Herra, fimm pund fékkstu mér.
Sjá, önnur fimm hefi eg á unnið. [21]Hans
herra sagði honum: Ey þú hinn góði og
trúlyndi þjón. Af því þú vart trúr yfir
litlu þá mun eg setja þig yfir mikið.
Gakk inn í þíns herra fögnuð. [22]Þá gekk
og sá að sem tvö pund hafði meðtekið
og sagði: Herra, tvö pund fékkstu mér.
Sjá, önnur tvö pund hefi eg áunnið.
[23]Hans herra sagði til hans: Ey þú, hinn
góði þjón og trúlyndi. Það þú vart trúr
yfir fáu mun eg setja þig yfir mikið.
Gakk inn í þíns herra fögnuð.

[24]Þá gekk sá að sem eitt pund hafði
meðtekið og sagði: Herra, eg veit að þú
ert harður mann. Þú uppsker hvar þú
sáðir eigi og samansafnar hvar þú
dreifðir ei. [25]Og óttasleginn fór eg burt
og faldi pund þitt í jörðu. Sjá, þar hefir
þú það hvað þitt er. [26]En hans herra
svaraði og sagði til hans: Þú vondur
þjón og latur! Vissir þú að eg sker upp
hvar eg sáði eigi og samansafna hvar eg
dreifði eigi, [27]því byrjaði þér að fá minn
pening verslunar mönnum og nær eg
kæma hefða eg hvað mitt er til mín tek-
ið með ábata. [28]Fyrir því takið af honum
það pund og gefið honum sem tíu pund
hefir. [29]Því að hver sem hefur honum
gefið verða og mun hann nægð hafa en
hver eð eigi hefur frá þeim mun tekið
verða og það hann hefur. [30]Og þeim
ónýta þjón kasti þér í hin yðstu myrkur.
Þar mun vera óp og tannagnístran.

[31]En þá mannsins Son mun koma í
sínu tignarveldi og allir helgir englar
með honum, hann mun þá sitja í sæti
síns veldis [32]og allar þjóðir munu sam-
ansafnast fyrir honum. Og hann mun
þá sundurskilja hvora frá öðrum so
sem hirðir sundurgreinir sauði frá kið-
um. [33]Og sauðina mun hann skipa til
sinnar hægri handar en kiðin til vinstri.
[34]Þá mun konungurinn segja til þeirra
sem á hans hægri hönd eru: Komi þér,
blessaðir Föður míns, og eignist það
ríki sem yður var tilbúið frá upphafi
veraldar. [35]Því að hungraður var eg og
þér gáfuð mér að eta, þyrstur var eg og
þér gáfuð mér að drekka, gestur var eg
og þér hýstuð mig, [36]nakinn var eg og
þér klædduð mig, sjúkur var eg og þér
vitjuðuðu mín, í myrkvastofu var eg og
þér komuð til mín. [37]Þá munu hinir
réttlátu svara honum og segja: Herra,
hvenar sáum vær þig hungraðan og
söddum þig eða þyrstan og gáfum þér
að drekka? [38]Eða hvenar sáum vér þig
gestkominn og hýstum þig eða nakinn
og klæddum þig? [39]Eða hvenar sáum
vær þig sjúkan eða í myrkvastofu og

komum til þín? 40Og konungurinn mun
svara og segja til þeirra: Sannlega segi
eg yður: Hvað þér gjörðuð einum af
þessum mínum minnstum bræðrum
það gjörðu þér mér.
41Þá mun hann og segja til þeirra sem
til vinstri handar eru: Farið burt frá
mér, þér bölvaðir, í eilífan eld þann
sem fyrirbúinn er fjandanum og hans
árum. 42Því að hungraður var eg og þér
gáfuð mér eigi að eta, þyrstur var eg og
þér gáfuð mér eigi að drekka, 43gestur
var eg og þér hýstuð mig eigi, nakinn
var eg og þér klædduð mig eigi, sjúkur
og í myrkvastofu var eg og þér vitjuðuð
mín eigi.
44Þá munu þeir svara og segja: Herra,
hvenar sáum vér þig hungraðan eður
þyrstan, gest eða nakinn, sjúkan eður í
myrkvastofu og höfum þér ekki þjóna?
45Þá mun hann svara þeim og segja:
Sannlega segi eg yður: Hvað þér
gjörðuð eigi einum af þessum inum
minnstu það gjörðuð þér mér eigi. 46Og
munu þeir þá ganga í eilífar píslir en
réttlátir í eilíft líf.“ **Daníel 12:2**

26 Og það gjörðist þá Jesús hafði
lyktað öll þessi orð sagði hann
til sinna lærisveina: 2„Þér vitið að eftir
tvo daga verða páskar. Og mannsins
Son mun ofurseljast að hann kross-
festur verði.“ 3Þá samansöfnuðust
kennimannahöfðingjar, skriftlærðir og
öldungar lýðsins í höll kennimanna-
höfðingjas, þess er Kaífas hét, 4og sam-
settu ráð hvernin þeir gæti með slægð
gripið Jesú og líflátið. 5En þeir sögðu:
„Eigi á hátíðardeginum so að eigi verði
upphlaup með fólkinu.“
6En þá Jesús var nú í Bethania, í húsi
Símonar vanheila 7gekk kona að hon-
um, hafandi buðk dýrlegs smyrslavats
og hún hellti því yfir höfuð honum er
hann sat við borðið. 8En er það sáu
hans lærisveinar þykktust þeir við og
sögðu: „Til hvers er þessi spilling?
9Þetta vatn hefði mátt seljast fyrir mik-
ið og gefast fátækum.“ 10En er Jesús
fornam það sagði hann til þeirra: „Hvað
eru þér ýfnir við þessa konu? Því að
gott verk gjörði hún á mér. 11Fátæka
hafi þér jafnan hjá yður en mig hafi þér
eigi alla tíma. 12Það hún hellti sínu
smyrslavatni yfir minn líkama það
gjörði hún mér til greftrunar. 13Sann-
lega segi eg yður: Hvar helst þetta
evangelium prédikað verður í öllum
heimi mun sagt verða í hennar minn-
ing hvað hún hefur gjört.“
14Þá gekk burt einn af tólf, sá er Júdas
Ískaríot hét, til kennimannahöfðingja
15og sagði til þeirra: „Hvað vilji þér gefa
mér og mun eg selja yður hann?“ En
þeir buðu honum þrjátígi silfurpeninga.
Sacharias 26:15 16Þaðan í frá leitaði
hann lægs það hann sviki hann. 17En á
fyrsta sætubrauðsdegi gengu læri-
sveinarnir til Jesú og sögðu til hans:
„Hvar vilt þú að vér tilreiðum þér
páskalambið að eta?“ 18En Jesús sagði:
„Fari þér í borgina til nokkurs og segið
honum: Meistarinn lætur segja þér:
Minn tími er í nánd, hjá þér vil eg páska
halda með lærisveinum mínum.“ 19Og
lærisveinarnir gjörðu so sem Jesús
hafði þeim boðið og reiddu til páska-
lambið.
20En að kveldi komnu setti hann sig til
borðs með tólf sínum lærisveinum.
21Og er þeir átu sagði hann: „Sannlega
segi eg yður að einn yðar mun svíkja
mig.“ 22Þeir hryggðust mjög við það og
tóku allir til að segja: „Er eg það nokk-
uð, Drottinn?“ 23En hann svaraði og
sagði: „Sá er hendinni drepur í fatið
með mér, sá mun mig forráða.
24Mannsins Son mun að sönnu fara so
sem skrifað er af honum en vei þeim
manni fyrir hvern mannsins Son mun
forráðinn verða! Betra væri honum að
sá sami maður hefði aldrei fæddur ver-
ið.“ 25Þá svaraði Júdas, sá er forréð
hann, og sagði: „Er eg það nokkuð,
rabbí?“ Hann sagði til hans: „Þú sagðir
það.“

[26]En þá þeir neyttu tók Jesús brauðin, gjörði þakkir og braut það, gaf sínum lærisveinum og sagði: „Takið og etið, þetta er mitt hold.“ [27]Hann tók og kaleikinn, gjörði þakkir, gaf þeim og sagði: „Drekkið allir hér út af. [28]Það er mitt blóð ins nýja testamentis, hvert eð úthellist fyrir marga til syndanna fyrirgefningar. [29]En eg segi yður að eg mun eigi héðan í frá drekka af þessum vínviðarins ávexti allt til þess dags er eg mun drekka það nýtt með yður í míns Föðurs ríki.“ [30]Og að lofsöngnum sögðum gengu þeir út í fjallið Oliveti.

[31]Þá sagði Jesús til þeirra: „Á þessari nóttu munu þér allir hneykslast á mér. Því að skrifað er: Hirðirinn mun eg slá og sauðir hjarðarinnar munu í sundur tvístrast. **Sacharias 13:7** [32]En eftir það eð eg er upprisinn mun eg ganga fyrir yður í Galilea.“ [33]Pétur svaraði og sagði til hans: „Og þó allir skammfyllist við þig þá skal eg þó aldrei skammfyllast þér.“ [34]Jesús sagði til hans: „Sannlega segi eg þér að á þessari nótt áður en haninn galar muntu afneita mér þrisvar.“ [35]Pétur sagði til hans: „Einnin þó mér byrjaði með þér að deyja skyldi eg eigi neita þér.“ Slíkt hið sama sögðu og allir lærisveinarnir. [36]Jesús kom þá með þeim í það gerðistún sem kallaðist Getsemane og sagði til sinna lærisveina: „Sitjið hér á meðan eg fer þangað og biðst fyrir.“ [37]Og hann tók með sér Petrum og tvo sonu Zebedei, tók síðan til að hryggvast og harmþrunginn að verða. [38]Hann sagði þá til þeirra: „Hrygg er sála mín allt til dauða. Blífið hér og vakið með mér.“ [39]Og hann gekk litlu eina fram lengra, féll fram á sína ásjónu biðjandi og sagði: „Faðir minn, ef mögulegt er þá líði af mér kaleikur þessi. En eigi so sem eg vil heldur so sem þú vilt.“ [40]Og hann kom til sinna lærisveina og fann þá sofandi og sagði til Péturs: „Gátuð þér ekki eina stund vakað með mér? [41]Vaki þér og biðjið so að þér fallið eigi í freistni. Andinn er að sönnu reiðubúinn en holdið er breyskt.“

[42]Í annað sinn gekk hann enn burt og bað, segjandi: „Faðir minn, ef þessi kaleikur má eigi af mér líða utan eg drekki hann, þá verði þinn vilji.“ [43]Og hann kom aftur og fann þá sofandi og þeirra augu voru full af svefni. [44]Og hann lét þá kyrra og gekk í burt aftur og bað í þriðja sinn, segjandi inu sömu orð. [45]Þá kom hann til sinna lærisveina og sagði til þeirra: „Ó já, vilji þér nú sofa og hvílast. Sjáið, sú stund tekur að nálgast að mannsins Son mun ofurseljast í syndugra hendur. [46]Standið upp, förum vær. Sjáið, hann tekur að nálgast sá er mig forræður.“

[47]Og sem hann var þetta að tala, sjá, að Júdas, einn af tólf, kom og með honum flokkur mikill með sverðum og stöngum, útsendir af kennimannahöfðingjum og öldungum lýðsins. [48]En sá er hann forréð gaf þeim teikn og sagði: „Hvern helst ið eg kyssi, sá er það, haldið honum.“ [49]Og jafnsnart gekk hann að Jesú og sagði: „Heill sért þú, rabbí“ og kyssti hann. [50]En Jesús sagði til hans: „Minn vinur, hvar til komst þú hingað?“ Þá gengu þeir þangað að, lögðu hendur á Jesúm og gripu hann.

[51]Og sjá, að einn út af þeim sem með Jesú voru rétti út höndina, rykkti sínu sverði og sló þjón kennimannahöfðingjans og hjó af hans eyra. [52]Þá sagði Jesú til hans: „Snú þú sverði þínu aftur í sína slíður. Því að hverjir sem sverðið taka þeir munu fyrir sverði farast. [53]Eður meinar þú að eg kunni ekki að biðja Föður minn að hann skikkaði mér meir en tólf legion engla? [54]Eða hvernin uppfyllast þá Ritningarnar? So byrjar að ske skuli.“ **Esaias 53:10**

[55]Á þeim tíma sagði Jesús til fólksins: „Þér eruð útgengnir líka sem til annars spillvirkja með sverðum og stöngum að höndla mig. Daglega hefi eg þó hjá yður setið og kennt í musterinu og þér hafið mig eigi gripið. [56]En allt þetta er skeð so

að uppfylldust Ritningar spámannanna.“ Þá forlétu hann allir lærisveinarnir og flýðu. [57]En þeir sem Jesúm höfðu gripið leiddu hann til Kaífas kennimannahöfðingja, hvar eð skriftlærðir og öldungar voru samankomnir. [58]En Pétur fylgdi honum eftir langt í burt frá allt í forbyrgi kennimannahöfðingjans og gekk inn, settti sig hjá þénörunum so að hann sæi hver endir á yrði.

[59]En kennimannahöfðingjar og allt ráðið leituðu ljúgvitna í gegn Jesú svo að þeir gætu selt hann í dauðann [60]og fundu engin. Og þó að mörg falsvitni gengi fram að þá fundu þeir engin. En að síðustu gengu tveir falsvottar fram [61]og sögðu: „Þessi sagði: Eg get niðurbrotið musteri Guðs og eftir þrjá daga það upp aftur byggt.“

[62]Kennimannahöfðinginn stóð upp og sagði til hans: „Svarar þú öngu til þessa sem þeir vitna í móti þér?“ [63]En Jesús þagði. Kennimannahöfðinginn ansaði og sagði til hans: „Eg særi þig fyrir lifanda Guð að þú segir oss ef þú ert Kristur, sonur Guðs.“ [64]Jesús sagði: „Þú sagðir það. Þó segi eg yður: Hér eftir mun það ske að þér munuð sjá mannsins Son sitja til hægri handar Guðs kraftar og komanda í skýjum himins.“ **Daniel 7:13**

[65]Þá reif kennimannahöfðinginn sín klæði og sagði: „Hann guðlastaði. Hvað þurfum vær vitnanna við? Sjá, þér heyrðuð nú sjálfir hans guðlastan. [66]Hvað virðist yður?“ Þeir svöruðu og sögðu: „Hann er dauðans sekur.“ [67]Þá spýttu þeir í hans ásján og börðu hann með hnefum en aðrir gáfu pústra í hans andlit [68]og sögðu: „Spá þú oss, Kristur, hver sá er sem þig sló!“

[69]En Pétur sat út í fordyrinu. Og ambátt ein gekk að honum og sagði: „Og þú vart með þessum Jesú af Galilea.“ [70]En hann neitaði fyrir öllum og sagði: „Eg veit eigi hvað þú segir.“ [71]En sem hann gekk út um dyrnar leit hann ein önnur og sagði til þeirra sem þar voru: „Þessi var og með Jesú af Naðsaret.“ [72]Og í annað sinn neitaði hann með eiði og sagði: „Ei þekki eg þann mann.“ [73]Og innan skamms gengu þeir að sem þar stóðu og sögðu til Petro: „Að sönnu ertu og einn af þeim því að þitt mál opinberar þig.“ [74]Þá tók hann að formæla sér og sverja að eigi þekkti hann þann mann. Og jafnsnart gól haninn. [75]Og þá minntist Pétur orða Jesú er hann sagði til hans: „Áður en haninn galar muntu neita mér þrisvar.“ Og hann gekk út og grét beisklega.

27 En að morni gengu allir kennimannahöfðingjar og öldungar lýðsins saman í ráð móti Jesú so að þeir gætu hann líflátið. [2]Og þeir bundu hann og leiddu í burt og ofurseldu hann pontverskum Pilato landsdómara.

[3]Þá er Júdas, sá er hann hafði forráðið, leit það að hann var til dauða dæmdur iðraðist hann þess og færði aftur kennimannahöfðingjum og öldungum lýðsins þá þrjátigu silfurpeninga [4]og sagði: „Misgjört hef eg það eg forréð saklaust blóð!“ En þeir sögðu: „Hvað kemur það við oss? Sjá þú þar fyrir.“ [5]Og hann snaraði þeim silfurpeningum í musterið, fór þaðan, gekk í burt og hengdi sjálfan sig í snöru.

[6]En kennimannahöfðingjar tóku silfurpeningana og sögðu: „Eigi hæfir að vér látum þá í guðskistuna því að það er blóðsverð.“ [7]En að samteknu ráði keyptu þeir meður þeim einn leirsmiðsakur vegföröndum til greftrunar. [8]Fyrir það er sá akur kallaður Blóðsakur allt til þessa dags. [9]Þá er uppfyllt hvað sagt er fyrir Jeremiam spámann, segjandi: „Og þeir tóku þá þrjátigi silfurpeninga er hinn seldi með bítalaður varð hvern þeir keyptu af sonum Ísraels [10]og hafa gefið þá fyrir leirkerasmiðsakur eftir því sem Drottinn hafði mér boðið.“ **Sacharias 11:13** [11]En Jesús stóð frammi fyrir landsdómaran-

um. Og landsdómarinn spurði hann að og sagði: „Ertu konungur Gyðinga?“ En Jesús sagði til hans: „Þú segir það.“ [12]Og sem hann klagaðist af kennimannahöfðingjum og öldungum svaraði hann öngu. **Esaias 53:7** [13]Þá sagði Pílatus til hans: „Heyrir þú ekki hversu harlega þeir ásaka þig?“ [14]Og eigi svaraði hann honum til nokkurs orðs so að dómarinn undraðist það næsta.

[15]En á hátíðardeginum var landsdómarinn vanur fólkinu lausan að láta einn bandingja hvern helst þeir vildu. [16]En þá hafði hann einn frábæran bandingja sá er Barrabas hét. [17]Sem þeir voru til samans komnir sagði Pílatus til þeirra: „Hvorn vilji þér að eg láti yður lausan: Barrabam eða Jesúm sá er kallast Kristur?“ [18]Því að hann vissi vel að þeir höfðu fyrir öfundar sakir ofurselt hann.

[19]Og sem hann sat á dómstólinum sendi hans húsfrú til hans og lét segja honum: „Haf þú ekkert með þennan réttláta því að margt hefi eg liðið í dag í svefni fyrir hann.“

[20]En kennimannahöfðingjar og öldungar réðu fólkinu að það skyldi biðja um Barrabam en Jesú skyldu þeir fyrirfara. [21]Landsdómarinn svaraði þá og sagði til þeirra: „Hvorn af þessum tveimur vilji þér að eg láti yður lausan?“ Þeir sögðu: „Barrabam!“ [22]Pílatus sagði til þeirra: „Hvað skal eg gjöra af Jesú hver að Kristur kallast?“ Þeir sögðu honum allir: „Lát hann krossfestast!“ [23]En landsdómarinn sagði: „Hvað hefir hann þess illt gjört?“ En þeir kölluðu því meir, segjandi: „Krossfestist hann!“ [24]Og er Pílatus sá það hann fékk ekki að gjört heldur það að þar yrði enn meira upphlaup af tók hann vatn og þvoði hendurnar fyrir fólkinu og sagði: „Saklaus em eg af blóði þess hins réttláta. Sjái þér til.“ [25]Allur lýðurinn svaraði og sagði: „Hans blóð komi yfir oss og yfir sonu vora!“ [26]Þá lét hann þeim Barrabam lausan en húðstrýktan Jesú gaf hann þeim ofur að hann krossfestist.

[27]Þá höfðu stríðsveinar landsdómandans Jesú meður sér inn í þinghúsið. Og þeir söfnuðu saman að honum allt liðið [28]og afklæddu hann. Þeir lögðu yfir hann purpuramöttul [29]og fléttuðu kórónu af þyrnum og settu upp á hans höfuð og reyr í hans hægri hönd og beygðu knén fyrir honum, spéuðu hann og sögðu: „Heill sértu, konungur Gyðinga!“ [30]og hræktu á hann, tóku reyrvöndinn og börðu um höfuð honum.

[31]Og eftir það þeir höfðu spottað hann færðu þeir hann úr möttlinum og færðu hann aftur í sinn klæðnað og leiddu hann út að þeir krossfestu hann. [32]En er þeir gengu út fundu þeir mann af Cirenia, Simonem að nafni. Honum þrengdu þeir til að hann bæri hans kross. [33]Og er þeir komu í þann stað sem kallaðist Golgata, hvað er þýðist „Hausaskeljastaður“, [34]gáfu þeir honum edik að drekka galli blandað. Og er hann smakkaði það vildi hann eigi drekka. [35]En sem þeir höfðu krossfest hann skiptu þeir klæðum hans, kastandi þar um þrautkesti, so að uppfylldist hvað sagt er fyrir spámanninn er hann segir: „Þeir skiptu með sér klæðum mínum og yfir mínu fati köstuðu þeir hlutkesti.“ **Sálmar 22:18** [36]Og þar sátu þeir og varðveittu hann. [37]Og upp yfir hans höfði festu þeir hans dauðasök skrifaða: „ÞESSI ER JESÚS, KÓNGUR GYÐINGA.“ [38]Þá voru og krossfestir með honum tveir spillvirkjar, einn til hægri handar og einn til hinnar vinstri. [39]Og þeir sem þar gengu hjá hæddu hann, skakandi höfuð sín [40]og sögðu: „Þú sem niðurbrýtur musteirð og uppbyggir það aftur á þrimur dögum, frelsa þú sjálfan þig! Ef þú ert Guðs Sonur þá stíg þú ofan af krossinum!“ [41]Líka einnin spottuðu hann kennimannahöfðingjar með skriftlærðum og öldugnum og sögðu: [42]„Aðra

frelsaði hann, sig sjálfan getur hann eigi frelsað! Ef hann er konungur Ísraels stígi hann nú af krossinum og munu vér trúa honum! 43Hann trúði á Guð, hann frelsi hann nú ef hann vill því að hann sagði: Eg em Guðs Sonur.“ 44Og um það sama hæddu hann og spillvirkjarnir þeir með honum voru krossfestir.

45En í frá séttu stund gjörðist myrkur yfir allt landið til níundu stundar. 46Og nærri níundu stund kallaði Jesús hárri röddu og sagði: „Elí, Elí, lama sabataní?“ Það er: „Guð minn, Guð minn, hvar fyrir forléstu mig?“ 47En nokkrir af þeim sem stóðu þar og heyrðu það sögðu: „Þessi kallar Eliam.“ 48Og jafnsnart hljóp einn af þeim til, tók njarðarvött og fylldi af ediki og setti hann ofan á reyrlegg og gaf honum að drekka. 49En aðrir sögðu: „Vert kyrr, sjáum hvert Elías kemur að frelsa hann!“ 50Jesús kallaði enn upp í annað sinn hárri röddu og gaf upp andann.

51Og sjá, að tjaldið musterisins í sundurrifnaði í tvo parta frá ofanverðu og allt til niður í gegnum. Og jörðin skalf og björgin klofnuðu 52og grafir framliðinna lukust upp og margir líkamir heilagra risu upp þeir eð sváfu 53og gengu eftir hans upprisu úr graufunum, komu og í hina heilögu borg og auglýstust þar mörgum.

54En höfuðsmaðurinn og þeir sem með honum voru að varðveita Jesú, þá þeir sáu jarðskjálftann og það hvað þar skeði urðu þeir mjög óttaslegnir og sögðu: „Sannlega var þessi Guðs Sonur.“ 55Þar voru og margar konur langt í frá sem sáu það hverjar Jesú höfðu eftirfylgt af Galilea og honum höfðu þjónað, 56meðal hverra var María Magdalena og María, móðir Jacobi, og Jóses og móðir þeirra Zebedeisona. 57En að kveldi kom nokkur mann ríkur af Arimathea, Jósef að nafni, hver eð sjálfur var og lærisveinn Jesú. 58Hann gekk til Pilato og beiddi um líkama Jesú. Þá skipaði Pílatus að honum skyldi fást líkið. 59Og er Jósef hafði tekið við líkinu sveipaði hann það í hreinn lérefti 60og lagði það í sína eigin nýja gröf hverja hann hafði úthöggva látið í steini og velti að dyrunum grafarinnar stórum steini og gekk í burt. 61Þar var María Magdalena og önnur María sitjandi gegnt yfir frá gröfinni.

62En annan dag, þann sem eftir affangadaginn er, söfnuðust saman kennimanahöfðingjar og Pharisei til Pilato 63og sögðu: „Herra, vær minnust á það að þessi falsari sagði þá er hann lifði: Eftir þrjá daga mun eg upp rísa. 64Af því skipa þú að forvara gröfina allt til hins þriðja dags so að eigi komi hans lærisveinar og steli honum í burt og segi fólkinu að hann sé upprisinn af dauða og verði sú hin síðari villan argari hinni fyrri.“ 65Pílatus sagði til þeirra: „Þar hafi þér varðmennina, farið og forvarið sem þér kunnið.“ 66En þeir gengu í burt og forvöruðu gröfina meður varðmönnunum og innsigluðu steininn.

28 En að aftni þvottdagsins, sá er hefst að morni hins fyrsta dags þvottdaganna, kom María Magdalena og hin önnur María að sjá gröfina.

2Og sjá, þar varð jarðskjálfti mikill. Því að engill Drottins sté af himni, gekk þar að og velti steininum frá dyrunum og sat á honum. 3Og hans ásján var sem elding og hans klæði hvít sem snjár. 4En fyrir ógninni er af honum var urðu varðhaldsmennirnir sem væri þeir dauðir.

5En engillinn svaraði og sagði til kvennanna: „Eigi skulu þér óttast því að eg veit að þér spyrjið að Jesú sem krossfestur var. 6Ei er hann hér, upp er hann risinn so sem hann sagði. Komi þér hér og sjáið þann stað hvar Drottinn var lagður. 7Gangið skyndilega og segið það hans lærisveinum að hann sé upprisinn af dauða og sjá, að hann mun

ganga fyrir yður í Galileam. Þar munu þér sjá hann. Sjáið, eg sagði yður það.“
[8]Og þær gengu skyndilega frá gröfinni meður ótta og fagnaði miklum og hlupu so hart að þær undirvísuðu það hans lærisveinum. [9]En meðan þær gengu að kunngjöra það hans lærisveinum, sjá, þá mætti þeim Jesús og sagði: „Heilar séu þér.“ Og þær gengu til hans og héldu hans fótum og krupu fyrir honum niður. [10]Þá sagði Jesús til þeirra: „Eigi skulu þér óttast. Farið og kunngjörið mínum bræðrum að þeir gangi í Galileam og þar skulu þeir mig sjá.“
[11]En meðan þær gengu á burt, sjá, þá komu nokkrir af varðhaldsmönnunum í borgina og undirvísuðu kennimanna-höfðingjunum allt hvað til hafði borið. [12]Og þeir söfnuðust saman með öldungunum, haldandi ráðstefnu og gáfu stríðsmönnunum ærna peninga [13]og sögðu: „Segið: Hans lærisveinar komu um nótt og stálu honum á meðan vér sváfum. [14]Og ef það kann að heyrast fyrir dómaranum skulu vér stilla hann og gjöra að þér séuð traustir.“ [15]Og þeir tóku peningana og gjörðu so sem þeim var kennt. Og þessi orðrómur er víðfrægur orðinn meðal Gyðinga allt til þessa dags.
[16]En þeir ellefu lærisveinar gengu burt í Galileam á eitt fjall það eð Jesús hafði þeim fyrirskipað. [17]Og er þeir sáu hann hnékrupu þeir honum en nokkrir efuðu það. [18]Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himnum og jörðu. [19]Fyrir því gangi þér út og lærið allar þjóðir og skírið þær í nafni Föður, Sonar og Heilags Anda [20]og kennið þeim að halda allt hvað eg bauð yður. Og sjáið, eg em með yður alla daga allt til enda veraldar.“
Hér er endi S. Mattheus guðspjalla.

S. MARCUS EVANGELIUM

1 Þetta er upphaf evangelii Jesú Christi, Guðs Sonar, [2]so sem skrifað er í hjá spámönnunum: „Sjá, eg sendi minn engil fyrir þínu augliti, sá eð tilreiði þinn veg fyrir þér. **Malachias 3:1** [3]Þar er ein hrópandi rödd í eyðimörku: Greiði þér vegu Drottins og gjörið hans stigu rétta.“ **Esaias 40:3** [4]Jóhannes var í eyðimörku, skírði og prédikaði iðrunarskírn til syndanna fyrirgefningar. [5]Og þar gengu út til hans allir af Júda og af Jerúsalem að þeir skírðust af honum í Jórdan, játandi sínar syndir.

[6]En Jóhannes var klæddur með úfaldshárum og eitt ólarbelti um hans lendar og hann át engisprettur og skógarhunang. [7]Hann prédikaði og sagði: „Sá kemur eftir mig sem mér er styrkri hvers að eg em eigi verðugur framfallandi upp að leysa þvengi hans skófata. [8]Eg skíri yður með vatni en hann mun skíra yður með Helgum Anda.“

[9]Það varð og á þeim dögum að Jesús af Naðsaret úr Galilea kom og skírðist af Johanne í Jórdan. [10]Og strax þá hann sté upp úr vatninu sá hann himnana opna og Helgan Anda í dúfulíki ofanstígandi yfir hann. [11]Þá varð og rödd af himnum: „Þú ert Sonur minn elskulegur að hverjum mér vel þóknast.“

[12]Og þá strax dreif andinn hann á eyðimörk. [13]Þar var hann í fjörutígi dag og fjörutígi nátta og freistaðist af andskotanum. Hann var þar og með villudýrum. Og englar þjónuðu honum þar.

[14]En eftir það er Jóhannes var gripinn kom Jesús í Galileam og prédikaði evangelium af Guðs ríki, [15]so segjandi: „Sá tími er nú uppfylldur og Guðs ríki nálgast. Iðrist þér og trúið evangelio.“

[16]En er hann gekk með sjónum í Galilea sá hann Simonem og Andream bróður hans látandi sín net í sjóinn því að þeir voru fiskarar. [17]Jesús sagði til þeirra: „Fylgið mér eftir og eg mun gjöra það að þér verðið fiskendur manna.“ [18]Strax forlétu þeir sín net og fylgdu honum eftir.

[19]Og þá hann var skammt í burt þaðan genginn sá hann Jakob son Zebedei og Johannem bróður hans og þeir voru á skipi bæta að neti. [20]Og strax þá kallaði hann á þá. Og þeir forlétu sinn föður Zebedeum í skipinu eftir hjá leiguliðunum og fylgdu honum eftir.

[21]Þeir gengu þá til Kapernaum. Og strax um þvottdaginn gekk hann inn í samkunduhúsið og lærði þá. [22]Og þeim ægði hans kenning það hann kenndi þeim sem af valdi en eigi so sem hinir skriftlærðu.

[23]Og einn maður var þar í þeirra samkunduhúsi haldinn af óhreinum anda. Sá kallaði [24]og sagði: „Hei, hvað höfum vær með þig, Jesús af Naðsaret? Komtu að glata oss? Eg veit að þú ert hinn heilagi Guðs.“ [25]Jesús straffaði hann og sagði: „Þegi þú og far út af manninum.“ [26]Og sá óhreini andi hreif hann og kallaði upp hárri röddu og fór út frá honum. [27]Og þeir undruðust allir so að þeir spurðu að sín á millum, so segjandi: „Hvað er þetta? Eða hver er þessi hin nýja kenning? Því að af valdi skipar hann óhreinum öndum og þeir hlýða honum.“ [28]Og hans rykti gekk strax út um Galileahérað.

[29]Þá gengu þeir strax út af samkunduhúsinu og komu til húsa Símonar og Andree með Jacobo og Johanne. [30]En móðir húsfreyju Péturs lá þar krönk í köldu og strax þá sögðu þeir honum til hennar. [31]Hann gekk þá til, reisti hana upp og hélt í hönd hennar og strax þá missti hún köldunnar og þjónaði þeim.

[32]En að kveldi komnu þá sólsett var fluttu þeir alls kyns sjúka menn og djöfulóða til hans. [33]Og allur borgarmúgur safnaðist fyrir dyrunum. [34]Og hann læknaði marga sem kvöldust af ýmsum

sóttum. Hann rak og út marga djöfla. Og eigi leyfði hann djöflunum að mæla það þeir þekktu hann.

[35]En að morni fyrir dögun stóð hann upp, gekk út og fór burt í einn eyðistað og baðst þar fyrir. [36]En Petrus og þeir eð með honum voru skunduðu eftir honum [37]og þá þeir fundu hann sögðu þeir honum: „Allir leita að þér.“ [38]Hann sagði þá til þeirra: „Göngu vær í hinar næstu borgir og byggðarlög so að eg prédiki og þar því til þess kom eg.“ [39]Hann prédikaði og í þeirra samkunduhúsum og um allt Galileahérað og rak út djöfla.

[40]Og einn líkþrár maður kom til hans, biðjandi hann með hneigðu kné og sagði: „Ef þú vilt þá fær þú mig hreinsað.“ [41]En Jesús sá aumur á honum, rétti út sína hönd, áhrærði hann og sagði honum: „Eg vil. Vertu hreinn.“ [42]Og þá hann sagði so hvarf strax líkþráin af honum og hann varð hreinn. [43]Jesús hastaði á hann og lét hann strax frá sér [44]og sagði honum: „Sjá þú til að þú segir það öngum heldur far þú og sýn þig prestunum og fórna fyrir þinni hreinsun sem Moyses bað til vitnisburðar yfir þá.“ [45]En þá hann kom út hóf hann upp og kunngjörði margt þar út af og víðfrægði þessi orð so að hann mátti eigi opinberlega innganga í borgina heldur var hann þar fyrir utan í eyðistöðum. Og margir komu til hans úr ýmsum álfum.

2 Og enn eftir fá daga þá gekk hann aftur til Kapernaum. Og er það heyrðist að hann var í húsinu [2]söfnuðust margir saman so að þeir höfðu ekki rúm og einnin fyrir utan dyrnar. Og hann talaði orðið fyrir þeim. [3]Þar komu nokkrir til hans, færandi einn iktsjúkan hver eð borinn var af fjórum. [4]Og þá er þeir fengu ei fyrir fólkinu fært honum hann opnuðu þeir þekjuna upp yfir honum og grófu þar í gegnum, létu so sængina niður síga sem hinn sjúki lá í. [5]En er Jesús sá þeirra trú sagði hann til hins iktsjúka: „Son minn, þínar syndir eru þér fyrirgefnar.“

[6]En þar voru nokkrir skriftlærðir, sátu þar og hugsuðu í sínum hjörtum: [7]„Hvernin talar þessi slíka guðlastan? Hver má syndirnar fyrirgefa nema Guð einn?“ [8]Jesús fann strax í sínum anda að þeir þenktu so með sér og sagði til þeirra: „Því þenki þér þetta í yðrum hjörtum? [9]Hvert er auðveldara að segja til hins iktsjúka: Þér eru þínar syndir fyrirlátnar, eða að segja: Statt upp og tak sæng þína og gakk héðan? [10]En að þér vitið það mannsins Sonur hefur vald til á jörðu að fyrirgefa syndirnar“ þá sagði hann til hins iktsjúka: [11]„Eg segi þér: Statt upp, tak sæng þína og gakk í þitt hús.“ [12]Og strax þá stóð hann upp, tók sæng sína og gekk burt þaðan í allra augsýn so að allir undruðust og heiðruðu Guð, svo segjandi: „Aldrei höfu vær fyrr slíkt séð.“

[13]Hann gekk enn út aftur að sjónum og allt fólk kom til hans og hann lærði það. [14]En þá er Jesús gekk fram hjá leit hann Leví son Alphei sitjanda í tollbúðinni og sagði til hans: „Fylg þú mér eftir.“ Hann stóð upp og fylgdi honum eftir. [15]Það gjörðist þá hann sat til borðs í hans húsi að margir tollheimtumenn og bersyndugir settu sig til borðs með Jesú og hans lærisveinum því að þeir voru margir sem honum fylgdu eftir. [16]Og er hinir skriftlærðu og Pharisei sáu það að hann át með tollörum og bersyndugum sögðu þeir til hans lærisveina: „Því etur og drekkur yðar meistari með bersyndugum og tollheimturum?“ [17]Þá er Jesús heyrði það sagði hann til þeirra: „Þeir sem heilbrigðir eru þurfa eigi læknarans heldur þeir sem sjúkir eru. Því ei kom eg til að kalla réttláta heldur synduga til iðrunar.“ [18]Þar voru Johannis og Phariseis lærisveinar hverjir eð föstuðu mjög. Þeir komu og sögðu til hans: „Því fasta Johannis og Phariseis lærisveinar en

þínir lærisveinar fasta ekki?“ 19Jesús sagði til þeirra: „Hvernin mega brúðlaupsbörnin fasta á meðan brúðguminn er hjá þeim? Það so lengi mega þeir eigi fasta sem þeir hafa brúðgumann hjá sér. 20En þeir dagar munu koma að brúðguminn verður frá þeim tekinn og á þeim dögum þá munu þeir fasta.

21Engin saumar nýja klæðisbót á gamalt fat því að hin nýja bótin gliðnar frá hinu forna og verða slitin þá verri. 22Og enginn lætur nýtt vín í forna belgi, annars sprengir vínið belgina so að vínið spillist en belgirnir skemmast, heldur skal nýtt vín látast í nýja belgi.“

23Það skeði enn aftur að Jesús gekk um þvottdag yfir kornekrur. Og hans lærisveinar tóku til þá þeir gengu og tíndu axin af korninu. 24En Pharisei sögðu til hans: „Sjá, hvað þínir lærisveinar gjöra á þvottdegi það er eigi hæfir.“ 25Hann sagði þá til þeirra: „Hafi þér eigi lesið hvað Davíð gjörði þá hann þurfti við nær hann hungraði sjálfan og þá er með honum voru, **1.Bók Samuelis 21:3-6** 26hvernin að hann gekk inn í Guðs húsið á dögum Abjatars prestahöfðingja og át þau sjónarbrauðin sem eigi leyfðust að eta nema kennimönnum einum og hann gaf þau þeim sem með honum voru?“ 27Hann sagði og þá til þeirra: „Þvottdagurinn er fyrir mannsins sakir gjörður en eigi maðurinn fyrir þvottdagsins sakir. 28Því er mannsins Sonur er einn Drottinn og einnin þvottdagsins.“

3 Hann gekk og inn í samkunduhúsið aftur. Og þar var einn sá maður er hafði visnaða hönd. 2Og þeir gættu að hvort hann læknaði hann á þvottdegi so að þeir mættu áklaga hann. 3Og hann sagði til mannsins þess sem visna hafði höndina: „Stattu upp hér í miðið.“ 4Hann sagði og til þeirra: „Hvort hæfir á þvottdögum vel að gjöra eður illa, lífinu til frelsis að gjöra eður því að tortína?“ En þeir þögðu allir. 5Hann leit þá til þeirra með reiðisvip og angraðist viður þeirra hjartans blindleik og segir so til mannsins: „Réttu út þína hönd.“ Og hann rétti hana út og hans hönd varð heil líka sem hin önnur.

6En Pharisei gengu út og gjörðu strax sín ráð með Herodes þénurum í móti honum hvernin helst að þeir fengi tortýnt honum. 7En Jesús veik þaðan til sjávar með sína lærisveina. Og margt fólk af Galilea og úr Judea þá fylgdi honum eftir 8og þeir sem voru af Jerúsalem og Idumea og þeir hinumegin Jórdanar og þeir sem byggðu kringum Tyro og Sidonem, mikill mannfjöldi, sem heyrðu hvað hann gjörði og komu til hans.

9Hann sagði og til sinna lærisveina að þeir skyldu leigja honum skip fyrir fólksins sakir að það þrengdi honum eigi 10því að hann læknaði margan. En þeir tráðu að honum öllum þeim er plágaðir voru að þeir mættu fá að snerta hann. 11Og nær eð óhreinir andar sáu hann féllu þeir niður fyrir honum og kölluðu upp, so segjandi: „Þú ert Guðs Sonur!“ 12En hann straffaði þá harðlega so að þeir opinberuðu hann eigi.

13Hann gekk og upp á fjallið og kallaði til sín þá hann vildi sjálfur og þeir komu til hans. 14En hann hagaði so til að þeir tólf voru hjá honum og hann sendi þá út að prédika 15og gaf þeim vald til sóttir að lækna og djöfla út að reka.

16Og á Simonem setti hann Péturs nafn 17og á Jacobum son Zebedei og Johannem bróður Jakobs, þeim gaf hann nafnið Bnehargen, hvað útþýðist „Reiðarþrumusynir“. 18Og Andream, Philippum, Bartholomeum, Mattheum og Thomam og Jacobum son Alphei og Taddheum og Symon af Chananea 19og Júdas Ískaríot sá er sveik hann. 20Og þá er þeir komu til herbergis kom fólkið enn saman aftur so að þeir gátu eigi matast fyrir því. 21Og þá er þeir heyrðu

það sem með honum voru gengu þeir út og vildu hamla honum því að þeir sögðu að hann mundi ganga af vitinu.
22 En hinir skriftlærðu sem ofan frá Jerúsalem voru farnir sögðu: „Hann hefir Belsebúb og fyrir djöflahöfðingja þá rekur hann djöfla út.“ 23 Og að þeim samankölluðum sagði hann í eftirlíking til þeirra:

„Hvernin fær andskotinn annan andskotann útrekið? 24 Því ef ríkið skiptist í sjálfu sér þá fær það ríki eigi staðið.
25 Og ef eitt hús tvístrast í sjálfu sér þá fær það hús eigi staðið.
26 Og ef andskotinn rís upp í móti sjálfum sér á er hann við sig ósamþykkur og fær eigi staðið heldur hefur hann þá ein endalok.
27 Enginn fær og inngengið í hús hins öfluga og burtgripið hans húsbúnað nema að hann bindi áður hinn öfluga og megi hann þá so ræna hans hús.
28 Sannlega segi eg yður: Allar syndir fyrigefast mannanna sonum og einnin guðlastanir þar þeir lasta Guð með.
29 En sá er lastar Helgan Anda hann hefir eigi fyrirgefning að eilífu heldur verður hann sekur eilífs dóms.“
30 Því að þeir sögðu: „Hann hefur óhreinan anda.“

31 Þar komu þá móðir hans og bræður, stóðu þar úti fyrir, sendu til hans, kallandi á hann
32 og fólkið sat kringum hann og þeir sögðu til hans: „Sjá, móðir þín og bræður þínir standa þar úti og spyrja að þér.“
33 Hann svaraði þeim og sagði: „Hver er mín móðir og mínir bræður?“
34 Þá leit hann og um sig til lærisveinanna er sátu í kringum hann og sagði: „Sjáið, það er mín móðir og mínir bræður.
35 Því að hver er gjörir Guðs vilja sá er minn bróðir, mín systir og mín móðir.“

4 Hann tók enn aftur að kenna þeim við sjóinn. Þar safnaðist saman margt fólk til hans so að hann varð að stíga á skip og sat so á sjónum og allt það fólk stóð þar á landi við sjóinn.
2 Og hann kenndi þeim margt í eftirlíkingum. Og í sinni prédikan þá sagði hann til þeirra:
3 „Heyri þér. Sjá, einn sáðsæðari gekk út að sá.
4 Og það varð þá hann sáði að sumt féll utan hjá veginum og þar komu fuglar loftsins og átu það upp.
5 En sumt féll í grýtt akurlendi þar það hafði ekki mikla jörð og rann fljótlega upp því að það hafði öngva jarðardýpt.
6 Og þá er sólin gekk upp skrældist það og af því að það hafði öngva rót þá visnaði það.
7 Og sumt féll í bland þyrna og þyrnarnir vóxu upp yfir og kæfðu það so það færði öngvan ávöxt.
8 Og sumt féll í góða jörð og færði ávöxt, hvert eð uppvóx og frjóvgaðist. Og sumt færði þrítugfaldan og annað sextugfaldan og sumt hundraðfaldan ávöxt.“
9 Og hann sagði til þeirra: „Hver hann hefir eyru til að heyra sá heyri.“

10 Og þá hann var einnsaman spurðu þeir sem hjá honum voru (með þeim tólf) hann að þessari eftirlíkingu.
11 Og hann sagði til þeirra: „Yður er það gefið að vita leynda dóma Guðs ríkis en til þeirra sem þar eru fyrir utan þá sker það allt í eftirlíkingum
12 að þeir með sjáandi augum sjái og skynji þó eigi og meður heyrandi eyrum heyri og undirstandi þó eigi so þeir snúist ekki það þeirra syndir mættu fyrirgefast.“ **Esaias 6:9-10**
13 Og hann sagði til þeirra: „Kunni þér ekki að skilja þessa eftirlíking, hvernin munu þér þá kunna að skilja hinar allar?

14 Sáðsæðarinn sáir orðinu.
15 En þeir eru það sem utan hjá veginum er hvar orðið verður sáð og þá þeir hafa heyrt það kemur andskotinn skjótt og nemur í burt orðið það sáð var í þeirra hjörtu.
16 Líka so eru þeir einnin sem sáðust í grýtta jörð. Því nær þeir hafa heyrt orðið þá meðtaka þeir það strax með fagnaði
17 og hafa þó öngva rót í sér heldur eru þeir fráhverfir. Nær sér hreyfir mótgangur og ofsókn fyrir orðsins sakir þá blygðast þeir strax.
18 Og hinir er í bland þyrnanna sáðust eru þeir sem

heyra orðið [19]og þá er áhyggjur þessa heims og sviksemi auðs og aðrar fleiri girndir ganga inn og kefja orðið so blífur það án ávaxtar. [20]Og þeir eru það sem í góða jörð eru sáðir er heyra orðið og meðtaka það og færa ávöxt, einn þrítugfaldan, annar sextugfaldan og sumir hundraðfaldan.“

[21]Og hann sagði til þeirra: „Kveikist og ljósið til þess að það setjist undir borð eður mæliask? Nei, heldur að það setjist upp á einn kertahald. [22]Því að þar er ekkert so hulið að það opinberist eigi og þar er ekkert so leynt að það kunngjörist eigi. [23]Hver hann hefur eyru að heyra, sá heyri.“ [24]Og hann sagði til þeirra: „Gætið að hvað þér heyrið. Með þeim mælir er þér mælið út þá mælist yður inn og yður sem áheyrið skal við aukast. [25]Því að hver hann hefur þeim skal gefast og hver hann hefur eigi frá honum mun takast og einnin það hann hefur.“

[26]Og hann sagði: „Guðs ríki er líka so sem nær eð maðurinn kastar fræ í jörðina [27]og sofnar síðan og hann stendur upp nótt og dag. En fræið grær og vex upp so að hann veit eigi [28]því að jörðin færir ávöxt af sér sjálfri, í fyrstu grasið, þar næst axið og so þarnæst fullt hveiti í axið [29]og er það hefir framleitt ávöxtinn þá sendir hann strax kornsigðin því að kornskurðartíminn er kominn.“

[30]Og hann sagði: „Hverju skulu vér jafna Guðs ríki? Eða við hverjar eftirlíkingar skulu vér það samlíkja? [31]So sem að eitt mustarðskorn þá því verður í jörð sáð er það öllu sæði minna sem eru hér á jörðu. [32]Og þá því er sáð vex það upp og verður öllum kálgrösum meira og fær mikla kvistu so að fuglar himins mega hreiður byggja undir þess skugga.“

[33]Og í slíkum mörgum eftirlíkingum þá talaði hann fyrir þeim orðið eftir því sem þeir það heyrt gátu [34]og án eftirlíkinga þá talaði hann ei til þeirra. En sérdeilis þá lagði hann það allt út fyrir sínum lærisveinum. [35]Og sama dags að kveldi þá sagði hann til þeirra: „Föru vær hér yfir um.“ [36]Og þeir forlétu fólkið en tóku hann til sín. Sem hann var á skip kominn voru þar og önnur skip hjá honum.

[37]Og þar gjörðist mikill stormvindur so bylgjurnar féllu yfir skipið og það fylltist upp. [38]En hann sjálfur var í skutnum og svaf á einum kodda. Þeir vöktu hann þá upp og sögðu til hans: „Meistari, hirðir þú ekki um það þó vér tortýnust hér?“ [39]Hann reis upp við og hastaði á vindinn og sagði til sjóvarins: „Þagna þú og vert hljóður.“ Og vindinn kyrrði og þar varð logn mikið. [40]Hann sagði þá til þeirra: „Því eru þér so hræddir? Eða hverju gegnir það þér hafið öngva trú?“ [41]Og þeir skelfdust af ótta og sögðu sín í millum: „Hvern meini þér þennan? Því að vindur og sjór hlýðir honum.“

5 Og þeir komu yfir um þann sjó í byggðir Gadarenorum. [2]Og er hann sté af skipinu þá hljóp strax í móti þeim úr leiðum framliðinna einn djöfulóður maður, [3]sá er hafði sitt híbýli í gröfum dauðra manna. Því enginn fékk hann bundið og eigi með járnviðjum. [4]Því að hann hafði oft bundinn verið með fjötrum og járnviðjum og hann hafði viðjurnar af sér slitið og fjötrin í sundur núið og enginn fékk hann tamið. [5]Og allt jafnt nætur og daga þá var hann á fjöllum eður í dauðra manna gröfum, kallandi og lemjandi sig með grjóti. [6]En þá er hann sá langt til Jesú hljóp hann og féll fram fyrir honum, [7]kallaði hárri röddu og sagði: „Hvað hefi eg með þig að gjöra, Jesús, Sonur Guðs hins hæsta? Eg særi þig fyrir Guð að þú kveljir mig ekki.“ [8]En Jesús sagði til hans: „Far út, þú óhreini andi, af þessum manni.“ [9]Og hann spurði hann að: „Hvert er þitt heiti?“ Hann svaraði og sagði: „Legion er mitt heiti því að vær erum margir.“

[10]Og sá bað hann mikillega að hann ræki þá eigi burt úr þeirri byggð. [11]En þar var í þeim stað við fjallið mikil svínahjörð á biti um hagana. [12]Og djöflarnir báðu hann, segjandi: „Lofa oss það að vær förum í svínin.“ [13]Og Jesús leyfði þeim það strax. Þá fóru inu óhreinu andar út og hlupu í svínin. Og svínahjörðin fleygði sér með miklum þys í sjóinn, nær tveimur þúsundum, og drukknuðu þar í sjónum. [14]En þeir sem þeirra gættu flýðu og kunngjörðu það um staðinn og um allar grundir. Og þeir gengu þá út að sjá hvað þar hafði gjörst [15]og komu til Jesú og sáu þann sem af djöflunum hafði kvalist sitjanda klæddan og heilvita og þeir hræddust það. [16]En þeir sem það höfðu séð sögðu þeim hvernin gjört hafði verið við hann sem djöflana hafði haft og so frá svínunum. [17]Og þeir hófu upp og báðu hann að hann færi burt úr þeirra landsálfum. [18]Og er hann sté á skip tók sá til að biðja hann sem af djöflunum hafði kvalist að hann mætti vera hjá honum. [19]En Jesús lofaði honum það eigi heldur sagði til hans: „Far þú í þitt hús til þinna og kunngjör þeim hvað mikið er Drottinn gjörði þér og hvörsu líknsamur að hann var þér.“ [20]Hann fór þaðan og tók út að hrópa um þær tíu borgir hvað mikinn velgjörning að Jesús hafði honum gjört. Og allir undruðust það.

[21]Og þá að Jesús fór yfir um sjóinn aftur á skipi kom samans margt fólk til hans og var við sjóinn. [22]Og sjá, þar kom og einn af foringjum samkunduhússins, Jaírus að nafni. Og þá er hann sá Jesúm féll hann að fótum hans [23]og bað hann mikillega og sagði: „Mín dóttir er komin að dauða, kom og legg þína hönd yfir hana so hún verði heil og lifi.“ [24]Og hann fór með honum. Margt fólk fylgdi honum eftir og það þrengdi að honum. [25]Og sú kona var þar er haft hafði blóðfall í tólf ár. [26]Hún hafði og mikið þolað af mörgum læknir, hafði og kostað þar til öllu sínu. Það stoðaði henni þó ekkert heldur hafði hún þess meiri kvöl. [27]Þá hún heyrði nú af Jesú kom hún með fólkinu á bak til og snart hans klæði. [28]Því að hún sagði: „Ef eg fæ að snerta hans klæði þá mun eg heil verða.“ [29]Og jafnsnart þá uppþurrkaðist hennar blóðfallsbrunnur og hún fann þá á sínum líkama að hún var heil orðin af þeirri plágu. [30]Og Jesús fann strax með sjálfum sér þann kraft er út af honum gekk og sneri sér við til fólksins og sagði: „Hver snart mín klæði?“ [31]Hans lærisveinar sögðu til hans: „Þú sér að fólkið þrengist að þér. Þó segir þú: Hver snart mig?“ [32]Og hann skyggndist í kringum sig að sjá þann er það hafði gjört. [33]En konan var hrædd og óttaslegin (því að hún vissi hvað hana hafði skeð) og kom, féll fyrir honum niður og sagði honum allan sannleik. [34]En hann sagði til hennar: „Mín dóttir, þín trúa gjörði þig heila. Far í friði og vert heil af þinni plágu.“ [35]Þá hann talaði þetta komu sendiboðar til samkunduforingjans og sögðu: „Þín dóttir er önduð. Hví ómakar þú meistarann lengra?“ [36]En er Jesús heyrði hvað þar sagðist sagði hann til samkunduforingjans: „Óttast þú eigi, trú þú heldur.“ [37]Og hann lofaði öngvum að fylgja sér nema Pétri og Jakob og Johanne bróður Jakobs. [38]Og hann kom í samkunduhöfðingjans hús og leit þar buldran og þá er þar grétu mjög og æptu. [39]Og hann gekk þangað innar og sagði til þeirra: „Hvað buldri þér og sýtið? Stúlkan er eigi látin heldur sefur hún.“ [40]Og þeir dáruðu hann. En hann rak þá alla út og tók með sér föður og móður stúlkunnar og þá er með honum voru og gekk þangað inn er stúlkan lá.

[41]Og hann hélt um hönd stúlkunnar og sagði til hennar: „Talíþa kúmí.“ Það útleggst: „Stúlka, eg segi þér: Rís upp.“ [42]Og þá strax reis stúlkan upp og gekk. En hún var tólf ára gömul. Og þeir urðu af miklum ótta felmsfullir. [43]Og hann

bauð þeim stórlega að það skyldi enginn vita og bauð að gefa henni að eta.

6 Hann gekk út þaðan aftur og fór til sinnar fósturjarðar. Hans lærisveinar fylgdu honum eftir. [2]Og er þvottdagur kom þá tók hann til að kenna í þeirra samkunduhúsi. Og margir af þeim sem það heyrðu undruðust hans kenning og sögðu: „Hvaðan kemur þessum allt þetta? Eða hver er sú speki sem honum er gefin og slík kraftaverk er gjörast fyrir hans hendur? [3]Er þetta ekki sá trésmiður, sonur Maríu, bróðir Jakobs, Jósefs, Jude og Símonar? Eru hans systur eigi hér með oss?“ Og þeir skammfylldust við hann. [4]En Jesús sagði til þeirra að spámaðurinn væri eigi án vegsemdar nema á sinni ættleifð og hjá sínu hyski og kynslóð. [5]Hann fékk þar og ekkert kraftaverk gjört nema yfir fáeina sjúka þá lagði hann hendur og læknaði þá. [6]Og hann undraðist þeirra vantrú.

Hann gekk og kringum þau kauptún er þar stóðu í þyrping og kenndi. [7]Og hann kallaði saman þá tólf og tók að senda þá tvo og tvo til samans, gaf þeim og vald yfir óhreinum öndum [8]og bauð þeim að bera ekkert með sér á veg nema einn staf, eigi pyngju, eigi brauð, eigi pening á linda, [9]heldur klæddir skófötum og það þeir klæddust eigi tveimur kyrtlum [10]og sagði til þeirra: „Í hvert það hús þér gangið inn þá blífið þar til þess að þér farið þaðan. [11]Og hverjir eð eigi meðtaka yður eða heyra yður eigi þá gangið út þaðan og hristið duft af fótum yðar til vitnisburðar yfir þá. Eg segi yður og fyrir fram að líðanlegra mun vera á dómadegi Sodoma og Gomorra en þeim stað.“

[12]Þeir gengu út og prédikuðu það menn skyldu gjöra iðran [13]og ráku út marga djöfla, smurðu og marga sjúka með viðsmjöri og læknuðu þá so.

[14]Heródes kóngur fékk og að heyra það (því að hans nafn gjörðist víðfrægt). Hann sagði: „Jóhannes baptista er og upp aftur risinn af dauða og því gjörast slík kraftaverk af honum.“ [15]En aðrir sögðu það hann væri Elías en sumir sögðu að hann væri spámaður elligar einn af þeim spámönnum. [16]Og er Heródes heyrði þetta sagði hann: „Sá Jóhannes sem eg lét afhöfða hann er nú upprisinn af dauða.“

[17]Því að Heródes hafði sent út að grípa Johannem og lukt hann í myrkvastofu fyrir sakir Herodiadis bróðurkonu sinnar. Því að hann hafði gifst henni. [18]En Jóhannes sagði til Heródes: „Eigi leyfist þér að hafa bróðurkonu þína.“ [19]Því veitti Heródes honum umsát og vildi láta aflífa hann en gat það þó eigi. [20]Heródes óttaðist og Johannem því hann vissi hann vera helgan mann og réttlátan, varðveitti hann og hlýddi honum í mörgum greinum og heyrði honum gjarnan.

[21]Þar hlotnaðist og so tiltækilegur dagur að Heródes gjörði á sinni ártíð eina kveldmáltíð höfðingjum og höfuðsmönnum og hinum fremstu mönnum úr Galilea. [22]Þá gekk dóttir Herodiadis þar inn og dansaði og það þóknaðist Herode og þeim er með honum sátu til borðs. Þá sagði konungurinn til stúlkunnar: „Bið af mér hvers þú vilt og eg skal veita þér.“ [23]Og hann svór henni einn eið að: „Hvers þú beiðist af mér það skal eg gefa þér þótt það sé helftin af mínu ríki.“ [24]Hún gekk út og sagði til móður sinnar: „Hvers skal eg biðja?“ En hún sagði: „Um höfuð Johannis baptista.“ [25]Hún gekk þá strax inn með skunda til kóngsins, bað hann og sagði: „Eg vil að þú gefir mér nú strax höfuð Johannis baptista á diski.“ [26]Kóngurinn hryggðist þá við. Þó fyrir eiðsins sakir og þeirra sem til borðsins sátu með honum þá vildi hann ekki hrella hana [27]heldur sendi hann böðulinn út og bauð að hann færði hans höfuð á diski. Og hann afhöfðaði hann í myrkvastofunni [28]og bar hans höfuð á diski og fékk

það stúlkunni en stúlkan fékk það móður sinni. [29]Og er það heyrðu hans lærisveinar komu þeir og tóku hans líkama og lögðu hann í jörð. [30]Og er postularnir komu saman aftur til Jesú og kunngjörðu honum allt hvað þeir höfðu gjört og kennt. [31]Og hann sagði til þeirra: „Komið yður í einhvern afvikinn stað í eyðimörku og hvílist þar litla stund.“ Því að margir voru þeir sem gengu frá og til so þeir höfðu ekki rúm til að eta. [32]Hann sté því á skip og fór afsíða í eyðimörku. [33]Og er fólkið sá þá í burt fara þekktu hann margir og hlupu þangað á fæti úr öllum stöðum og komu fyrr en þeir og fóru til hans. [34]En er Jesús gekk fram og sá þar margt fólk þá vorkynnti hann því því að þeir voru sem aðrir sauðir er öngvan hafa hirðir. Og hann tók til að kenna þeim margt.

[35]Og þá er áliðið gjörðist gengu lærisveinarnir til hans og sögðu: „Þessi staður er í eyði og framorðið er. [36]Því lát þá ganga burt í hin næstu þorp og kauptún að þeir kaupi sér þar brauð því þeir hafa ekkert að eta.“ [37]En Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Gefi þér þeim að eta.“ Og þeir sögðu til hans: „Skulu vær þá fara og kaupa fyrir tvö hundruð peninga brauð og gefa þeim að eta?“ [38]En hann sagði þá til þeirra: „Hversu mörg brauð þá hafi þér? Gangið til og skoðið.“ Og þá er þeir höfðu það skoðað sögðu þeir: „Fimm og tvo fiska.“ [39]Og hann bauð þeim að þeir settu sig allir niður eftir borðsiðum á grænt gras. [40]Og þeir settu sig þá niður í riðlum, hundrað og hundrað saman, fimmtígir og fimmtígir saman. [41]Og hann tók þau fimm brauð og tvo fiska, leit upp til himins, blessaði og braut brauðin, fékk sínum lærisveinum að þeir legðu fyrir þá og þeim tveimur fiskum skipti hann og meður öllum. [42]Og allir þeir átu og urðu saddir. [43]Þeir tóku þá upp leifarnar, tólf karfir fullar, og líka af fiskunum. [44]En þeir voru sem etið höfðu fimm þúsundir manna. [45]Og jafnsnart þá dreif hann sína lærisveina til að þeir færi á skip og færu fyrir honum yfir um sjóinn til Betsaída á meðan hann skildi fólkið við sig. [46]Og þá er hann hafði það frá sér látið fór hann upp á fjallið að biðjast fyrir. [47]Og þá er kvelda tók var skipið mitt á sjónum en hann var einn á landi. [48]Og hann sá þá erfiðandi í róðri því að vindurinn var í móti þeim. Og nær um fjórðu eykt nætur þá fór hann til þeirra gangandi á sjánum. Og hann lést vilja ganga fram hjá þeim. [49]Og þeir sáu hann ganganda á sjónum. Ætluðu þeir skrímsl vera mundi og kölluðu upp [50]því að þeir sáu hann allir og urðu óttaslegnir. En strax þá talaði hann við þá og sagði til þeirra: „Verið óhræddir, eg em hann, óttist eigi.“ [51]Og hann sté þá á skipið til þeirra og vindinn lygndi. Og þeir óttuðust þá enn meir með sjálfum sér og undruðust. [52]Því að þeim skildist enn eigi af brauðunum og þeirra hjörtu voru forblinduð.

[53]Og er þeir voru yfir um farnir komu þeir í landið Genesaret og lentu þar. [54]En er þeir stigu af skipinu þekktu þeir hann strax, [55]hlupu og út í öll umliggjandi héröð, tóku til og fluttu saman þar um kring sjúka menn á sængum. Og hvar helst þeir heyrðu hann vera [56]og hvar er hann gekk inn í kauptún, þorp og staði, þá lögðu þeir sjúka menn á strætin og báðu hann að þeir mættu snerta fald hans fata. Og allir þeir er hann snertu þá urðu heilbrigðir.

7 Þar komu og til hans Pharisei og nokkrir af hinum skriftlærðu sem komnir voru af Jerúsalem. [2]Og þá þeir sáu nokkra af hans lærisveinum meður almenningshöndum, það er meður óþvegnum, eta brauð ávítuðu þeir þá. [3]Því að Pharisei og allir Gyðingar eta eigi nema þeir þvoi oftsinnis sínar hendur, haldandi so öldunganna setninga. [4]Og þá þeir komu af torgum þá

neyttu þeir eigi nema þeir skíruðu sig áður. Og margir aðrir hlutir eru þeir hverjir þeim voru settir að varðveita, sem var hreinsun drykkjarkera, bikara, búgagns og borða. 5Þá spurðu Pharisei og hinir skriftlærðu hann að: „Því ganga þínir lærisveinar ei eftir setningum öldunganna heldur eta þeir brauðið með óþvegnum höndum?“ 6En hann svaraði og sagði til þeirra: „Næsta vel þá spáði Esaias af yður hræsnurum, sem skrifað er: Fólk þetta heiðrar mig með vörunum en þeirra hjarta er langt frá mér. 7Og til ónýtis dýrka þeir mig kennandi kenningar og boðorð manna. **Esaias 29:13** 8Þér yfirgefið Guðs boðorð og haldið mannanna uppsetninga, sem er um fæging krúsa og drykkjarkera og margt annað þessu líkt þa gjöri þér.“

9Og hann sagði til þeirra: „Fínlega þá hafi þér Guðs boðorð gjört ónýt að þér mættuð svo geyma yðvarn uppsetning. 10Því að Moyses sagði: Heiðra föður þinn og móður en hver hann bölvar föður eða móður sá skal dauða deyja. **Exódus 20:12, 21:17** 11En þér segið: Þegar nokkur segir föður og móður: Korban, það er: Ef eg offra því það kemur þér meir til gagns, hann gjörir vel, 12og eigi þá leyfi þér honum framar nokkuð að gjöra föður sínum né móður sinni, 13ónýt gjörandi svo Guðs orð fyrir yðar setninga þá þér hafið sjálfir uppsett. Og margt annað þvílíkt þa gjöri þér.“

14Hann kallaði þá fólkið aftur til sín og sagði til þeirra: „Heyrið mér og undirstandið mig. 15Þar er ekkert fyrir utan í manninn innfarandi það hann fái saurgað heldur það sem út af manninum gengur, það er það sem mannninn saurgar. 16Hver hann hefir eyru að heyra, sá heyri.“ 17Og er hann gekk inn í húsið burt frá fólkinu spurðu hans lærisveinar hann að þessari eftirlíking. 18En hann sagði til þeirra: „Eru þér og so skilningslausir? Og skilji þér enn eigi að allt það sem fyrir utan er og innfer í manninn það fær eigi saurgað hann? 19Því að það fer eigi inn í hans hjarta heldur fer það í magann og gengur so út eftir eðlilegri rás hver eð úthreinsar allan mat.“

20Og hann sagði: „Hvað eð útfer af manninum það saurgar manninn 21því að af innan úr hjartanu mannsins þá framganga vondar hugrenningar, hórdómar, frillulífi, manndráp, 22þjófnaður, ágirni, illvilji, undirhyggja, munaðlífi, illt tillit, guðlastanir, drambsemi, vanvirðing. 23Allt þetta vont kemur innanfrá og saurgar manninn.“

24Hann stóð upp og fór þaðan í landsálfur Tyri og Sidonis og gekk þar inn í eitt hús og vildi það öngvan vita láta en fékk þó eigi dulið sig. 25Því að ein kona, strax er hún heyrði af honum, hverrar dóttir er hafði óhreinan anda, gekk inn og féll til fóta hans 26(en það var ein grísk kona syrophenice ættar) og hún bað hann að reka út djöfulinn frá dóttur sinni. 27En Jesús sagði til hennar: „Leyf þú að börnin mettist áður því að það er eigi tilheyrilegt að taka brauðið barnanna og kasta því fyrir hundana.“ 28En hún svaraði og sagði til hans: „So er það, Drottinn. En þó eta hundar sem eru undir borðinu af molum barnanna.“ 29Hann sagði þá til hennar: „Fyrir sakir þessa orðs þá far héðan, djöfullinn er útfarinn frá þinni dóttur.“ 30Og hún gekk þaðan í sitt hús og fann stúlkuna í sæng liggjandi og djöfulinn útfarinn.

31Og þá hann gekk burt aftur úr byggðarlagi Tyri og Sidonis kom hann til sjávar í Galilea, í miðjar byggðir þeirra tíu staðanna. 32En þeir leiddu til hann daufan mann þann er og var dumbi og báðu hann að hann legði hendur yfir hann. 33En hann veik honum afsíða frá fólkinu og stakk sínum fingri í hans eyru, hrækti út, snart og hans tungu, 34leit upp til himins, andvarpaði og sagði til hans: „Hefeta“, það

er: „Opna þig.“ 35Og strax þá opnuðust hans eyru. Þá uppleystist og einnin hans tunguhaft so hann talaði rétt. 36Og hann fyrirbauð þeim að segja það neinum. En því meir er hann fyrirbauð þeim það þess meir þá víðfrægðu þeir það. 37Þeir undruðust það næsta mjög og sögðu: „Allt þa hefir hann vel gjört. Því daufa lætur hann heyra og mállausa mæla.“

8 Á þeim dögum þá þar var enn margt fólk komið saman og hafði ei matar kallaði Jesús sína lærisveina til sín og sagði til þeirra: 2„Eg kenni aumur á fólkinu því að þeir hafa nú þrjá daga hjá mér verið og hafa ekki til matar haft 3og ef eg læt þá fastandi frá mér heim fara verða þeir hungurmorða á leiðinni.“ Það sumir voru langt að komnir. 4Lærisveinarnir svöruðu honum: „Hvaðan töku vær brauð hér á örræfum að vér seðjum þá?“ 5Og hann spurði þá að: „Hversu mörg brauð þá hafi þér?“ Þeir sögðu: „Sjö.“ 6Og þá bauð hann fólkinu að skipa sér niður á foldina. Og hann tók þá þau sjö brauðin, þakkaði og braut þau og gaf sínum larisveinum að þeir legðu þau fram og þeir lögðu þau fram fyrir fólkið. 7Þeir höfðu og fáeina fiska. Hann blessaði þá og bauð þá fram að leggja. 8En þeir neyttu og urðu mettir. Þeir tóku og upp það yfir var, sjö karfir meður afgangsleifar. 9Og þeir voru sem etið höfðu nær fjórum þúsundum. Og hann lét þá í burt fara frá sér.

10Og strax þá sté hann á skip meður sínum lærisveinum og kom í þær landsálfur er heita Dalmanúta. 11Pharisei gengu út og tóku að hafa spurningar við hann, freistuðu hans og eftir leittu af honum eins teikns af himni. 12En hann varð þrunginn í sínum anda og sagði: „Til hvers þá sækir þessi kynslóð eftir teikni? Sannlega þá segi eg yður að þessari kynslóð gefst ekkert teikn.“ 13Og hann forlét þá og sté á skip og fór yfir um aftur. 14Þeir höfðu og gleymt að taka brauð meður sér og höfðu ekki nema eitt brauð meður sér í skipinu. 15En hann bauð þeim og sagði: „Sjáið til og varið yður við súrdeigi þeirra Phariseis og so við súrdeigi Herodis.“ 16En þeir hugsuðu allt annað og sögðu hver við annan: „Það er af því að vér höfum engin brauð.“ 17Og er Jesús fornam það sagði hann til þeirra: „Hvað hugsi þér um það þó þér hafið ekki brauðin? Skynji þér ekkert né undirstandið? Hafi þér enn forblindað yðart hjarta? 18Hafið þó augu en sjáið eigi og eyru en heyrið eigi. Þér hugsið og eigi 19þar eftir að eg braut fimm brauð í millum fimm þúsunda. Hversu margar karfir fullar með afgangsleifar tóku þér þá upp?“ Þeir sögðu: „Tólf.“ 20„En þá eg braut þau sjö á millum fjögra þúsunda? Hversu margar karfir fullar með leifar tóku þér þá upp?“ Þeir sögðu: „Sjö.“ 21Og hann sagði til þeirra: „Hvernin eru þér þá skynsemdarlausir?“

22Hann kom og til Betsaída. Og þeir leiddu þá einn blindan mann til hans og báðu hann um að hann tæki á honum. 23En hann tók í hönd hins blinda og leiddi hann út af fyrir utan kauptúnið, spýtti í hans augu og lagði sínar hendur yfir hann og spurði hann að hvert hann sæi nokkuð. 24En hann leit upp og sagði: „Eg sé mennina sem skógartré væri er þar ganga.“ 25Þá lagði hann enn aftur sínar hendur yfir hans augu og bauð honum enn upp að líta. Og hann varð so lagfærður að hann sá allt klárlega. 26Og hann sendi hann so til síns heimilis og sagði: „Gakk eigi inn aftur í kauptúnið, seg það og ei neinum þar inni.“

27Jesús gekk og hans lærisveinar inn í eitt kauptún staðarins Cesare Philippi. Og á leiðinni þá spurði hann sína lærisveina að: „Hvern segja menn mig vera?“ 28Þeir önsuðu: „Þeir segja þú sért Jóhannes baptista en aðrir segja þú sért

Elías en sumir að þú sért einn af spámönnum.“ [29]Þá sagði hann til þeirra: „En þér, hvern segi þér þá mig vera?“ Þá svaraði Pétur og sagði til hans: „Þú ert Kristur.“ [30]Og hann þaggaði þá að þeir segði það ei neinum út af honum. [31]Hann tók þá og til að kenna þeim það mannsins Sonur skyldi margt þola og hrakinn vera af öldungunum, höfuðprestum og skriftlærðum og líflátinn vera og á hinum þriðja degi upp að rísa. [32]Hann talaði og þessi orð berlega út. Pétur tók þá á höndum og átaldi hann. [33]En hann sneri sér við og leit til sinna lærisveina, hastaði á Petrum og sagði: „Far á bak mér aftur, þú andskoti, því að þú skynjar eigi það guðlegt er heldur það sem líkamlegt er.“ [34]Og að samankölluðu fólkinu samt með hans lærisveinum sagði hann til þeirra: „Hver hann vill mér eftirfylgja afneiti sá sjálfum sér og taki sinn kross á sig og fylgi mér so eftir. [35]Því að hver hann stundar á að forsvara sitt líf, sá mun því tortýna, og hver hann lætur sitt líf fyrir mínar sakir og evangelii, sá mun varðveita það. [36]Hvað stoðar það manninum þótt hann eignist allan heim og gjörði so þar með glatan sinni sálu? [37]Eður hvað má maðurinn það gefa að hann frelsi sína sálu með? [38]En hver hann skammast mín eður minna orða hjá þessari hórdómsins og syndugri kynslóð þann mun mannsins Sonur og forsmá þá hann kemur með sínum englum í dýrð síns Föðurs.“

9 Hann sagði og þá til þeirra: „Sannlega segi eg yður að hér standa nokkrir af þeim hverjir eigi smakka dauðann þar til þeir sjá Guðs ríki með krafti komanda.“ [2]Og eftir sex daga tók Jesús með sér Petrum, Jacobum, Johannem og veik þeim einumsömum upp á eitt hátt fjall og ummyndaðist fyrir þeim. [3]Hans klæði urðu skínandi og næsta hvít sem snjár so að enginn litunarmaður á jörðu kann so hvítt að gjöra. [4]Þeim birtist og Elías með Moyse og voru þar talandi við Jesúm. [5]Pétur svaraði og sagði til Jesú: „Rabbí, gott er oss hér að vera. Og gjörum hér þrjár tjaldbúðir, þér eina, Moyse eina og Elie eina.“ [6]En hann vissi eigi sjálfur hvað hann sagði af því þeir voru óttaslegnir. [7]Þar varð og eittský sem þá yfirskyggði. Og rödd kom úr skýinu, segjandi: „Þessi er minn elskulegur Sonur, heyri þér honum.“ [8]Og strax þar eftir er þeir litu um sig sáu þeir öngvan meir nema Jesúm hjá sér.

[9]Og er þeir gengu ofan af fjallinu bauð hann þeim að þeir segði það öngum hvað þeir höfðu séð þangað til að mannsins Sonur væri upprisinn af dauða. [10]Þeir héldu og því orði hjá sér, spyrjandi sín á milli hvað það væri er hann sagði: „Upprisinn af dauða“. [11]Og þeir spurðu hann að og sögðu: „Hvað er það þá sem hinir skriftlærðu segja, að Elías byrjar fyrri að koma?“ **Malachias 4:5** [12]En hann svaraði og sagði til þeirra: „Elías skal að vísu fyrri koma og allt til lags færa. Þar að auk mun mannsins Son margt líða og forsmáður verða so sem skrifað er. **Esaias 53:4-5** [13]En eg segi yður það Elías er kominn og þeir hafa gjört honum hvað helst þeir vildu so sem skrifað er af honum.“

[14]Hann kom til sinna lærisveina og sá þar margt fólk kringum þá og hina skriftlærðu er spurðust á við þá. [15]Og strax er allt fólkið leit Jesúm felmtraði því og hræddust, hlupu og heilsuðu honum. [16]Og hann spurði þá hina skriftlærðu: „Að hverju spyrjist þér um við þá?“ [17]En einn af fólkinu svaraði og sagði: „Meistari, eg flutti son minn hingað til þín. Hann hefir mállausan anda [18]og nær helst er hann höndlast af honum þá slítur hann hann og hann froðufellir og nístrar tönnum og þornar upp. Og eg talaði til þinna lærisveina að þeir ræki hann út og það gátu þeir eigi.“ [19]En hann svaraði og sagði: „Ó þú vantrúaða kynslóð, hversu lengi þá skal

eg hjá yður vera eða hversu lengi á eg að líða yður? Færið hann hingað til mín.“ 20Og þeir færðu hann þangað til hans. Og er andinn leit hann sleit hann hann, féll á jörð og veltist um og froðufelldi. 21Hann spurði og hans föður að: „Hversu langur tími er frá því er hann hreppti þetta?“ En hann sagði: „Frá barnæsku. 22Og oftlega hefur hann fleygt honum á eld og í vatn að hann fyrirfæri honum so. Ef þú orkar nokkru á sjá aumur á og hjálpa okkur.“ 23En Jesús sagði til hans: „Ef þú gætir trúað. Því trúuðum er allt mögulegt.“ 24Og strax þá kallaði faðir barnsins upp með tárum og sagði: „Eg trúi, Drottinn, hjálpa þú minni vantrú!“ 25Og eð Jesús sá að fólkið hljóp að ávítaði hann hinn óhreina anda og sagði til hans: „Þú daufi og hinn dumbi andi, eg býð þér að þú farir út af honum og farir ei meir í hann þaðan í frá.“ 26Og hann kallaði upp, sleit hann mjög og fór út af honum. Og hann varð sem væri hann dauður svo að margir sögðu það hann væri dauður. 27En Jesús hélt hans hönd og reisti hann upp. Hann reis þá upp. 28Og þá hann var til húss genginn spurðu hans lærisveinar hann leynilega að: „Því gátu vær eigi drifið hann út?“ 29En hann sagði: „Þetta kyn fæst með öngu öðru útrekið nema fyrir bænir og föstu.“

30En þeir gengu og burt þaðan og ferðuðust um Galileam. Hann vildi og eigi að það skyldi nokkur vita. 31Hann lærði sína lærisveina og sagði þeim það mannsins Sonur skyldi seljast í manna hendur og þeir mundu aflífa hann og þá hann væri aflífaður mundi hann á þriðja degi upp aftur rísa. 32Þeir undirstóðu eigi þessi orð og þorðu þó eigi að spyrja hann að. 33Hann kom til Kapernaum og sem hann var til hús kominn spurði hann þá að: „Hvað handtéruðu þér yðar á milli á veginum?“ 34En þeir þögðu því að þeir höfðu metist um á veginum hver þeirra mestur væri. 35Og er hann setti sig kallaði hann þá tólf og sagði til þeirra: „Ef nokkur vill fyrstur vera sá skal öllum síðastur vera og allra þjón.“ 36Og hann tók eitt barn og setti það mitt á millum þeirra. Og er hann hélt um það sagði hann til þeirra: 37„Hver sá meðtekur eitt þvílíkt barn í mínu nafni hann meðtekur mig og hver helst hann meðtekur mig sá meðtekur ei mig heldur hann sem mig sendi.“

38En Jóhannes svaraði honum og sagði: „Meistari, vér sáum einn þann sem rak út djöfla í þínu nafni hver að eigi fylgir oss eftir og vær fyrirbuðum hönum það af því hann fylgdi oss eigi eftir.“ 39En Jesús sagði: „Eigi skulu þér fyrirbjóða honum það. Því að enginn sá ef hann gjörir kraftaverk í mínu nafni og kunni þá strax illa að tala um mig. 40Því að hver hann er eigi í móti oss hann er með oss 41því hver sem yður gefur að drekka einn bikar vats í mínu nafni af því að þér eruð Krists, sannlega þá segi eg yður að það skal honum ekki ólaunað verða.

42Og hver hann hneykslar einn af þeim inum litlu sem á mig trúa honum væri betra að kvarnarsteinn byndist við háls honum og væri so í sjá kastaður. 43Og ef þín hönd hneykslar þig þá sníð þú hana af. Betra er þér handarlausum inn að ganga til lífsins en hafandi tvær hendur og fara til helvítis í óslökkvanlegan eld 44hvar eð þeirra maðkur deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar ekki. 45Og ef þig hneykslar fótur þinn þá högg hann af. Betra er þér höltum inn að ganga í eilíft líf en það þú hafir tvo fætur og kastist í helvískan eld óslökkvanlegan 46hvar að þeirra maðkur deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar eigi. 47Hneyksli þig þitt auga þá kasta þú því frá þér. Betra er þér eineygðum inn að ganga í Guðs ríki en að þú hafir tvö augu og sendist í helvískan eld 48hvar eð þeirra maðkur deyr eigi og þar þeirra eldur slokknar eigi.
V44,46,48 Esaias 66:24

[49]Því að allir hljóta með eldi að saltast
og allar fórnir salti að saltast. [50]Saltið er
gott en ef saltið afseltist, með hverju
kryddi þér þa? Hafi þér saltið með yður
og hafið frið yðar á millum.“

10 Og er hann reis upp þaðan kom
hann í endimörk Júdalands
hinumegin Jórdanar. Þar kom og enn
aftur margt fólk til hans og sem hann
plagaði þá tók hann enn aftur til að
kenna þeim. [2]Pharisei gengu og til
hans, spurðu hann að ef manninum
leyfðist að forláta sína húsfrú, freist-
andi hans so. [3]En hann svaraði og sagði
til þeirra: „Hvað hefir Móses boðið yð-
ur?“ [4]Þeir sögðu: „Móses leyfði skilnað-
arbréf að skrifa og við að skilja.“
Deuteronomi 24:1-3 [5]Hverju Jesús
svaraði og sagði: „Fyrir harðleik hjarta
yðvars þá skrifaði hann yður þetta boð-
orð [6]en af upphafi skepnunnar gjörði
Guð einn kallmann og eina konu.
Genesis 1:27, 5:2 [7]Af því forlætur mað-
urinn föður og móður og heldur til við
konu sína og eru svo þau tvö eitt hold.
Genesis 2:24 [8]Af því eru þau nú eigi
tvö heldur eitt hold. [9]Því hvað Guð hef-
ur samtengt það skal maðurinn eigi
sundurskilja.“ [10]Og í húsinu spurðu
hans lærisveinar aftur að um hið sama.
[11]Og hann sagði þeim: „Hver sem for-
lætur sína eiginkonu og fastnar aðra sá
drýgir hór á henni. [12]Og ef konan for-
lætur sinn eiginmann og giftist öðrum,
sú hórast.“

[13]Og þeir færðu ungbörn til hans að
hann áhrærði þau. En lærisveinarnir
átöldu þá sem þau báru. [14]Og er Jesús
sá það líkaði honum það eigi vel og
sagði til þeirra: „Leyfið börnunum til
mín að koma og bannið þeim það eigi
því að þvílíkra er Guðs ríki. [15]Sannlega
segi eg yður: Hver hann meðtekur eigi
Guðs ríki sem annað ungbarn sá mun
eigi innganga í það.“ [16]Og hann tók þau
í fang og lagði sínar hendur yfir þau og
blessaði þau.

[17]Og þá hann var útgenginn upp á veg-
inn hljóp þar einn fram fyrir, bugtaði
sig fyrir honum og spurði hann að,
segjandi: „Góði meistari, hvað skal eg
gjöra so að eg eignist eilíft líf?“ [18]En
Jesús svaraði honum: „Hví segir þú mig
góðan? Enginn er góður nema Guð
einn. [19]Boðorðin muntu kunna? Þú
skalt ei hórdóm drýgja, eigi mann vega,
eigi stela, eigi skaltu ljúgvitni mæla,
eigi svik gjöra, heiðra föður og móður.“
Exódus 20:12-16 [20]En hann svaraði og
sagði til hans: „Meistari, allt þetta hefi
eg varðveitt í frá barnæsku minni.“ [21]En
Jesús horfði á hann, elskaði hann og
sagði til hans: „Eitt þá brestur þig. Far,
sel allt það þú hefur og gef fátækum og
þá muntu hafa einn fésjóð á himnum.
Kom og fylg svo mér eftir og legg kross
þér á herðar.“ [22]En hann varð hryggur
við þessi orð, gekk þaðan syrgjandi því
að hann hafði miklar eignir.

[23]Jesús leit í kringum sig og sagði til
sinna lærisveina: „Hversu torvelt er
þeim ríku inn að ganga í Guðs ríki!“
[24]En hans lærisveinar setti tvista við
þessi hans orð. Jesús ansaði enn aftur
og sagði til þeirra: „Sonakorn mín,
hversu torvelt er þeim sem treystandi
eru peningum inn að ganga í Guðs ríki.
[25]Auðveldara er úlfaldanum að ganga í
gegnum nálarauga en ríkum inn að
ganga í Guðs ríki.“ [26]Þeir undruðust
enn meir og sögðu sín á milli: „Hver
fær þá hjálpast?“ [27]En Jesús horfði á þá
og sagði: „Hjá mönnum er það ómögu-
legt en eigi hjá Guði. Því að hjá Guði er
allt mögulegt.“

[28]Og eftir það tók Pétur til að segja
honum: „Sjáðu, vér forlétum allt og
erum þér eftirfylgjandi.“ [29]Jesús svaraði
og sagði til þeirra: „Sannlega segi eg yð-
ur að enginn er sá hver að fyrirlætur
hús eður bræður eður systur eður föð-
ur eður móður eður eiginkonu eður
börn eður akra fyrir mínar sakir eður
evangelii [30]sá er ei meðtekur hundrað-
falt aftur nú á þessari tíð, hús, bræður

og systur og móður og börn og akra með ofsóknum og í eftirkomandi heimi eilíft líf. 31Og margir verða þeir seinastir sem eru fyrstir og þeir fyrstir sem seinastir eru.“ 32Þeir voru þá enn á veginum að fara upp til Jerúsalem og Jesús gekk fyrir þeim. Þá setti hljóða við, fylgjandi honum þó eftir og óttuðust hann.

Hann tók og þá tólf til sín og hóf upp að segja þeim hvað yfir hann mundi koma: 33„Sjáið það, að vær förum nú upp til Jerúsalem og mannsins Sonur mun seljast kennimannahöfðingjum, skriftlærðum og öldungum. Þeir munu og fordæma hann í dauða og selja heiðingjum. 34Þeir munu og spotta hann og flengja, spýta á hann og lífláta. Og á þriðja degi mun hann upp aftur rísa.“

35Þá gengu þeir Jacobus og Jóhannes, synir Zebedei, til hans og sögðu: „Meistari, við viljum að þú gjörir fyrir okkur hvers sem við biðjum þig.“ 36Hann sagði til þeirra: „Hvað vilji þið að eg skuli gjöra ykkur?“ 37Þeir sögðu þá til hans: „Gef okkur það við sitjum í þinni dýrð einn til hægri handar þér og annar til hinnar vinstri.“ 38En Jesús sagði til þeirra: „Þið vitið eigi hvers þér biðjið. Kunni þið að drekka þann kaleik hvern eg mun drekka og skírast með þeirri skírn hverri eg mun skírast?“ 39En þeir sögðu honum: „Það getu við.“ Jesús sagði þá til þeirra: „Að sönnu munu þið drekka þann kaleik hvern eg mun drekka og meður þeirri skírn skírðir verða hverri eg mun skírast.

40En að sitja til minnar hægri handar eður til vinstri er eigi mín að gefa ykkur heldur þeim sem það er fyrirbúið.“ 41Og þá er þeir tíu heyrðu það voru þeir gramir upp á Jacobum og Johannem. 42En Jesús kallaði þá til sín og sagði til þeirra: „Þér vitið það að þeir sem sýnast hafa stjórnan þjóðanna þá drottna yfir þær og þeir sem eru þeirra formenn þá hafa þeir vald yfir þeim. 43En það skal eigi svo vera yðar á milli. Heldur hver hann vill vera yðar á milli öðrum meiri sá skal yðar þénari vera 44og hver hann vill yðar á milli fremstur vera sá skal allra þjón vera. 45Því að mannsins Sonur er eigi kominn til þess að honum þjónaðist heldur það hann þjónaði og gæfi líf sitt til endurlausnar fyrir marga.“

46Þeir komu og til Jeríkó og að honum burtfarandi úr Jeríkó og hans lærisveinum og miklum öðrum fólksfjölda sat Bartímeus, blindur son Timei, við veginn og baðst ölmusu. 47Og er hann heyrði að það var Jesús af Naðsaret tók hann til að kalla og sagði: „Jesús, Sonur Davíðs, miskunna þú mér!“ 48Og margir átöldu hann að hann þegði. En hann kallaði þess miklu meir: „Sonur Davíðs, miskunna þú mér!“ 49Jesús stóð við og bauð að kalla á hann. Og þeir kölluðu á hann blinda, segjandi til hans: „Vertu með góðum hug. Statt upp. Hann kallar þig.“ 50Og hann snaraði sinni yfirhöfn af sér, stóð upp og kom til Jesú. 51Jesús svaraði og sagði til hans: „Hvað viltu að eg skuli gjöra þér?“ En hinn blindi sagði honum: „Drottinn, það eg sæi.“ 52Jesús sagði þá til hans: „Gakk héðan, þín trúa gjörði þig hólpinn.“ Og strax þá sá hann og fylgdi honum eftir á veginum.

11 Og þá þeir komu nær Jerúsalem til Betfage við Fjallið viðsmjörsviðanna sendi hann tvo sína lærisveina út 2og sagði til þeirra: „Gangið í það kauptún sem gegnt ykkur er og strax er þið gangið þar inn munu þið finna fola bundinn á hverjum enginn maður hefur enn setið. Leysið hann og leiðið hingað. 3Og ef nokkur segir til yðar hví þér gjörið það þá segið að hann er herranum þarflegur og strax mun hann senda hann hingað.“ 4Þeir gengu burt þaðan og fundu folann bundin fyrir utan dyrnar á gatnamótinu og leystu hann. 5Og nokkrir af þeim er þar stóðu sögðu til þeirra:

„Hvað gjöri þið, leysandi folann?“ 6En
þeir sögðu til þeirra sem Jesús hafði
þeim boðið og þeir leyfðu þeim það.
7Og þeir færðu folann til Jesú, lögðu og
á hann sín klæði og hann sat á honum.
8En margir breiddu sín föt á veginn en
aðrir hjuggu kvistu af trjánum og
dreifðu á veginn. 9Og þeir er fyrir
gengu og hinir sem eftir fylgdu kölluðu
og sögðu: „Hósíanna, blessaður sé sá
sem kemur í nafni Drottins 10og blessað
sé ríki föðurs vors Davíðs, það ið kem-
ur í nafni Drottins! Hósíanna í upphæð-
um!“ 11Og Jesús fór og til Jerúsalem og
gekk inn í musterið og umskyggndi alla
hluti. Þá ið kveldi var nú komið gekk
hann út með þeim tólt til Bethania. 12Og
annars dags þá hann gekk út af
Bethania hungraði hann. 13Og er hann
sá álengdar fíkjutré það er laufblöð
hafði kom hann að vita hvert hann
fyndi nokkuð á því. Og þá hann kom
þangað að fann hann ekkert nema lauf-
blöðin því að það var eigi fíknanna tími
kominn. 14Jesús svaraði og sagði: „Hér
eftir eti enginn af þér ávöxt að eilífu.“
Og hans lærisveinar heyrðu á það.

15Þeir komu og til Jerúsalem og Jesús
gekk inn í musterið, tók til út að reka
þá sem seldu og keyptu í musterinu,
borðum þeirra er reiðupeningum
skiptu og stólum þeirra er dúfur seldu
hratt hann um 16og ei lofaði hann að
nokkur bæri nokkuð um musterið. 17Og
hann kenndi og sagði til þeirra: „Er það
eigi skrifað að mitt hús skuli kallast
bænahús öllum þjóðum? En þér hafið
gjört það að spillvirkjainni.“ **Esaias
56:7 , Jeremias 7:11**

18Það heyrðu og hinir skriftlærðu og
kennimannahöfðingjar og þeir leituðu
eftir hvernin þeir mættu fyrirfara hon-
um því að þeir óttuðust hann af því að
allur lýður dáðist að hans kenningu.
19Og er kveld var komið gekk hann út
af borginni. 20Og að morni þá gengu
þeir þar hjá og sáu fíkjutréð þurrt orðið
að rótum. 21Pétur minntist á og sagði
við hann: „Rabbí, sjáðu, fíkjutréð hverju
þú formæltir er uppvisnað.“ 22Jesús
svaraði og sagði til þeirra: „Hafið trú til
Guðs. 23Sannlega segi eg yður: Hver
helst hann segði til þessa fjalls: Lyft þú
upp og fleyg þér í sjóinn, og efaði eigi í
sínu hjarta heldur tryði að það mundi
ske hvað hann segir, þá mun það og ske
hann hvað hann segir. 24Fyrir því segi
eg yður: Allt hvað helst þér biðjið í
yðvari bæn og trúið að þér öðlist það,
þá mun það og henda yður. 25Og nær
þér standið og biðjist fyrir þá fyrirgefið
ef þér hafið nokkurs konar af öðrum
yður í gegn so að yðar Faðir sem er á
himnum fyrirgefi yður yðar brot. 26Því
að ef þér fyrirgefið eigi þá fyrirgefur og
eigi yðar Faðir sem er á himnum yðar
brot.“

27Þeir komu og enn til Jerúsalem. Og
þá er hann gekk í musterinu komu til
hans höfuðprestar, skriftlærðir og
öldungar 28og sögðu til hans: „Út af
hverju valdi gjörir þú þetta og hver hef-
ir gefið þér vald til að þú gjörðir þetta?“
29En Jesús svaraði og sagði til þeirra:
„Eg vil spyrja yður að einu orði. Svarið
mér, þá mun eg segja yður af hverju
valdi eg gjöri þetta. 30Skírn Johannis,
var hún af himnum eður af mönnum?
Svarið mér.“ 31Þeir hugsuðu með sér og
sögðu: „Ef vær segjum að hún væri af
himnum þá segir hann til vor: Því trúðu
þér henni þá eigi? 32En ef vær segjum
að hún væri af mönnum hræðunst vær
fólkið.“ Því að allir héldu að Jóhannes
væri sannur spámaður. 33Því svöruðu
þeir og sögðu til Jesú: „Vær vitum eigi.“
Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Þá
segi eg yður og eigi af hverju valdi að
eg gjöri þetta.“

12 Hann tók og til að tala við þá í
eftirlíkingum: „Maður plantaði
víngarð og girti garð um og gróf þar
vínþrúgu og byggði þar upp turn og
skipaði hann með víngarðsmenn og
ferðaðist langt í burt. 2Og er tími var til

sendi hann þjón sinn til víngarðsmannanna að hann meðtæki af þeim út af víngarðsins ávexti. [3]En þeir handtóku hann og börðu og létu erindislausan í burt fara. [4]Og enn aftur sendi hann annan þjón til þeirra og hans höfuð lestu þeir grjóti og slepptu spottuðum í burt. [5]Og þá enn aftur sendi hann annan og þann aflífuðu þeir og fleiri aðra, suma hýddu þeir en suma drápu þeir.

[6]Hann hafði þá enn eftir einn sinn kærastan son og þann sendi hann seinastan til þeirra og sagði: Þeir munu bera virðingu fyrir syni mínum. [7]En víngarðsmennirnir sögðu sín á milli: Þessi er erfinginn. Komi þér, vegum hann so að vor verði arftakan. [8]Og þeir höndluðu hann og aflífuðu og köstuðu honum út fyrir víngarðinn. [9]En hvað mun nú herra víngarðsins gjöra til? Hann mun koma og tortýna víngarðsmönnum og gefa víngarðinn öðrum. [10]Hafi þér eigi lesið þessa skrift: Þann stein er byggendur forlögðu hann er orðinn höfuð hyrningar. [11]Af Drottni er þetta gjört og er undarlegt fyrir vorum augum?“ **Sálmar 118:22-13** [12]Og þeir leituðu við að handtaka hann en hræddust þó lýðinn því að þeir fundu það hann sagði þessa eftirlíking til þeirra. Þeir forlétu hann og gengu í burt.

[13]Og þeir sendu til hans nokkra af Phariseis og Herodis þénara að þeir veiddu hann í orðum. [14]Þeir komu og sögðu til hans: „Vér vitum að þú ert sannsögull og skeytir eigi neinum. Því að þú fer ekki eftir mannvirðingu heldur kennir þú Guðs götu með sannleika. Hvert leyfist oss að gefa keisaranum skatt eður eigi?“ [15]Hann vissi þeirra undirhyggju og sagði til þeirra: „Hví freisti þér mín? Færið mér peninginn að eg sjái hann.“ [16]Og þeir fengu honum einn. Þá sagði hann til þeirra: „Hvers er þessi mynd og innskrift?“ Þeir sögðu honum: „Keisarans.“ [17]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Gefið þá keisaranum hvað keisarans er og Guði það Guðs er.“ Og þeir undruðust yfir honum.

[18]Þá komu og Saducei til hans, þeir eð segja upprisuna ekki vera, spurðu hann að og sögðu: [19]„Meistari, Moyses skrifaði oss að ef nokkurs bróðir létist og hefði eiginkonu eftir og léti engin börn eftir sig þá á bróðir hans að meðtaka hans eignarkonu og uppvekja sínum bróður sæði. **Deuteronomium 25:5** [20]Nú voru þar sjö bræður og hinn fyrsti tók sér eiginkonu og er andaður, látandi eigi sæði eftir. [21]Og sá annar tók hana og andaðist, lét og eigi sæði eftir. Og líka hinn þriðji og einnin [22]þeir sjö tóku hana allir og létu eigi sæði eftir. Seinast af öllum andaðist og konan. [23]En í upprisunni þá er þeir rísa upp, hvers þeirra eiginkona þá verður hún? Því að þeir sjö höfðu hana til eiginkonu.“ [24]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Er eigi so að þér villist, vitandi ei Ritningarnar og eigi heldur Guðs kraft? [25]Því að þá þeir rísa upp af dauða kvongar þeir eigi né láta sig kvonga heldur eru þeir sem englar Guðs á himnum. [26]En hafi þér eigi lesið í Moyses bók af framliðnum það þeir munu upp rísa? Hvernin sagði Guð til hans í skógarrunninum er hann sagði: Eg em Guð Abrahams og Guð Ísaaks og Guð Jakobs? **Exódus 3:6,15** [27]Eigi er hann Guð dauðra heldur Guð lifendra. Af því villist þér mjög.“ [28]Og einn af skriftlærðum gekk að, sá er heyrt hafði þá spyrjast á, sá og það að hann hafði svarað þeim vel, og spurði hann að: „Hvert er það æðsta boðorð af öllum?“ [29]En Jesús svaraði honum: „Það er það æðsta boðorð af öllum: Heyr þú, Ísrael, Drottinn Guð vor er einn Guð. [30]Og elska skaltu Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllu þínu hugskoti og af öllum krafti þínum. Þetta er hið æðsta boðorð. **Deuteronomium 6:4-5** [31]En annað er

og þessu líkt: Elska þú náunga þinn sem sjálfan þig. Eigi eru þar önnur boðorð þessum meiri.“ **Leviticus 19:18**
[32]Og hinn skriftlærði sagði til hans: „Meistari, í sannleika þá sagðir þú vel. Því að einn er Guð og enginn er þar annar en hann. **Easias 45:21** [33]Og að elska hann af öllu hjarta og af öllu hugskoti, af allri sálu og af öllum kröftum og að elska náunga sinn sem sjálfan sig, það er öllum brennifórnum meira og offri.“ [34]En er Jesús sá að hann svaraði víslega sagði hann til hans: „Eigi ertu langt frá Guðs ríki.“ Og enginn þorði þá að spyrja hann meir. [35]Jesús svaraði og sagði er hann kenndi í musterinu: „Hvernin segja skriftlærðir Christum vera Davíðs son? [36]En Davíð segir sjálfur af Helgum Anda: DROTTINN sagði mínum Drottni: Sit þú til minnar hægri handar þar til eg legg þína óvini til skarar þinna fóta. **Sálmar 110:1** [37]Þar nefnir Davíð sjálfur hann sinn Drottin. Hvernin er hann þá sonur hans?“ Og margt af fólkinu heyrði hann gjarnan.
[38]Og í sinni kenningu sagði hann til þeirra: „Varið yður við skriftlærðum, þeim sem ganga í síðum klæðum og heilsast á torgum [39]og hafa hin fremstu sæti að kveldverðum, [40]hverjir í sig gleypa ekkna hús undir hylmingu langrar bænar. Þeir munu og öðlast þess þyngra glötunardóm.“ [41]Og er Jesús sat gegnt ölmusuörkinni sá hann hvernin fólkið varpaði peningum í ölmusuörkina og að margir ríkir köstuðu miklu. [42]En þá er ein ekkja fátæk kom lét hún tvo skarfa inn, það er einn penning. [43]Hann kallaði sína lærisveina til sín og sagði þeim: „Sannlega segi eg yður að þessi fátæka ekkja lét meir í ölmusuörkina en allir aðrir létu þar inn. [44]Því að allir létu af því inn er þeim var afgangs en þessi lét af volað sinni allt hvað hún hafði og sína björg alla.“

13 Og þá hann gekk út af musterinu sagði einn af hans lærisveinum: „Meistari, skoða hvílíkir steinar og hvílíkt smíði þetta er.“ [2]Jesús svaraði og sagði til hans: „Sér þú allar þessar miklu byggingar? Hér mun eigi eftir látast steinn yfir steini sá er eigi verði niðurbrotinn.“
[3]Og þá hann sat á fjallinu Oliveti gegnt musterinu spurðu hann að sér í lagi Pétur og Jakob og Jóhannes og Andreas: [4]„Seg þú oss nær þetta skal ske og hvert teikn verður þá þetta skal allt til taka að fullkomnast.“ [5]Jesús svaraði þeim og tók til að segja: „Sjáið til að eigi fái nokkur villt yður. [6]Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: Eg em Kristur, og munu marga villa.
[7]En þá þér heyrið af bardögum og hernaðartíðindum óttist eigi því að þessu byrjar að ske, endinn er þó enn eigi þá. [8]Ein þjóð mun reisa sig og upp í mót annarri og ríki á móti ríki og landskjálftar munu vera í sérhverjum stöðum, hungur og hrellingar munu og verða. Þetta er upphaf hryggðanna.
[9]En sjáið til um sjálfa yður því að þeir munu færa yður á ráðstefnur og samkunduhús og þér munuð strýktir verða og fyrir konungum og höfðingjum munu þér standa minna vegna til vitnisburðar yfir þá. [10]Og guðspjöllum byrjar áður að prédikast á meðal allra þjóða.
[11]Og þá þeir leiða yður og framselja skulu þér eigi hugsa fyrir hvað þér skuluð tala heldur hvað yður gefst á þeirri stundu, það skulu þér tala. Því að ei tali þér heldur Heilagur Andi. [12]En einn bróðir mun selja annan í dauða og faðir soninn, börnin munu og reisast upp í mót foreldrunum og styrkja þá í dauða. [13]Og þér verðið öllum að hatri fyrir míns nafns sakir. En hver hann er staðfastur allt til enda, sá hjálpast.
[14]En þá þér sjáið svívirðing eyðslunnar (af hverri Daníel spámaður segir **Daníel 9:27**) standandi hvar eigi byrjaði – hver eð les hann undirstandi það – hverjir þá eru á Gyðingalandi flýi þeir á

fjöll. [15]Og hver hann er upp á ræfrinu
fari sá eigi inn að taka nokkuð úr sínu
húsi [16]og sá sem er á akri hann snúist
eigi á bak sér aftur að taka upp föt sín.
[17]En vei þunguðum konum og brjóst-
mylkingum á þeim tímum! [18]Biðjið
heldur að flótti yðar verði eigi um vet-
ur. [19]Því að á þeim dögum verða slíkar
hörmungar hverjar eigi hafa verið frá
upphafi skepnunnar þá sem Guð skap-
aði og allt til þessa og eigi heldur mun
verða. [20]Og ef Drottinn stytti ekki þessa
daga yrði enginn maður hólpinn. En
fyrir útvaldra sakir hverja hann útvaldi
hefur hann stytt þessa daga.

[21]Og ef nokkur segir þá til yðar: Sé,
hér er Kristur! Sé, þar er hann! þá trúið
því eigi. [22]Því að upp munu rísa
falskristar og falskir spámenn og munu
gjöra teikn og stórmerki til að villa (ef
verða mætti) einnin útvalda. [23]Því sjáið
til um yður. Sé, eg sagði yður allt þetta
fyrir.

[24]En á þeim dögum eftir þessa hörm-
ung mun sólin sortna og tunglið eigi
gefa sitt skin [25]og stjörnur munu hrapa
af himni, kraftar himins munu og
hrærast. [26]Og þá munu þeir sjá manns-
ins Son komandi í skýjunum með dýrð
og krafti miklum. **Daniel 7:13** [27]Og þá
mun hann útsenda sína engla að sam-
ansafna sínum útvöldum af fjórum
vindum allt af enda jarðar og til hæðar
himins. [28]Af fíkjutrénu þá lærið eina
eftirlíking. Því þá eð þess kvistur gjörist
frjór og laufin springa út þá viti þér að
sumarið er í nánd. [29]So og nær þér sjáið
þetta ske vitið að það sé þá nálægt fyrir
dyrum. [30]Sannlega segi eg yður: Þessi
kynslóð forgengur eigi þar til allt þetta
sker. [31]Himinn og jörð munu forganga
en mín orð munu eigi forganga. [32]En af
þeim degi og stundu veit enginn, eigi
englar á himnum og eigi Sonurinn,
nema Faðirinn einn. [33]Sjáið til, vakið og
biðjið því að þér vitið eigi nær tíð er.
[34]Því að mannsins Sonur er so sem sá
maður er ferðaðist langt burt, forlét sitt
hús og gaf sínum þjónum yfirvald sér-
hvers verknaðar og bauð dyraverðin-
um að hann vekti. [35]Því vakið nú það
þér vitið ei nær herrann hússins kem-
ur, hvort hann kemur að kveldi eða um
miðnætti eður þá haninn gelur elligar
að morni, [36]so að ei komi hann skyndi-
lega og finni yður sofandi. [37]En hvað eg
segi yður það segi eg öllum: Vaki þér.“

14 En eftir tvo daga þá voru
páskar og sætubrauðsdagar.
Og höfuðprestar og skriftlærðir sóttu
eftir hvernin þeir gætu höndlað hann
með vélum og líflátið. [2]En þeir sögðu:
„Eigi þó um hátíðina so að eigi verði
upphlaup með fólkinu.“

[3]Og þá hann var í Bethania í húsi Sím-
onar vanheila og sat við borð kom
kona, hafandi alabastrumbuðk og
kostulegt smyrslavatn. Hún braut buð-
kinn og hellti því yfir höfuð honum. [4]En
þar voru nokkrir sem stugguðust við
og sögðu: „Til hvers er þessi smyrsla-
spilling gjör? [5]Því að þetta smyrslavatn
mátti seljast meir en fyrir þrjú hundruð
peninga og gefast fátækum.“ Og þeir
deildu á hana.

[6]En Jesús sagði: „Látið hana kyrra. Til
hvers styggi þér hana? Gott verk gjörði
hún á mér. [7]Fátæka hafi þér jafnan hjá
yður og nær þér viljið megi þér gjöra
þeim gott en mig þá hafi þér eigi jafn-
an. [8]Hvað hún hafði til það gjörði hún.
Hún kom og fyrir fram að smyrja minn
líkama til graftrar. [9]Sannlega segi eg
yður: Hvar helst í heimi öllum er þetta
guðspjall verður prédikað þá mun segj-
ast í hennar minning hvað hún nú
gjörði.“

[10]Og Júdas Ískaríot, einn af tólf, gekk
burt til höfuðprestanna að hann forréði
hann fyrir þá. [11]Og er þeir heyrðu það
glöddust þeir og þeir lofuðu að gefa
honum peninga. Hann leitaði og eftir
hvernin skapfellegast hann gæti for-
ráðið hann. [12]Og á hinum fyrsta sætu-
brauðsdegi, þá páskalambið fórnaðist,

sega hans lærisveinar til hans: „Hvert viltu vér förum og reiðum til að þú neytir páskanna?“ 13Og hann sendi tvo af sínum lærisveinum og sagði til þeirra: „Gangið inn í staðinn. Maður mun renna í mót yður berandi vatsskjólu. Fylgið honum eftir 14og hvar helst hann gengur inn segi þér húsherranum: Meistarinn segir: Hvar er það herbergi er eg skal neyta páskanna í meður mínum lærisveinum? 15Og hann mun sýna yður afrakaðan sal stóran tilbúinn. Reiði þér þar til fyrir oss.“ 16Og hans lærisveinar gengu burt og komu inn í staðinn og fundu so sem hann hafði sagt þeim og bjuggu til páskalambið.

17Og er kvelda tók kom hann meður þá tólf. 18Og er þeir voru niður sestir og átu sagði Jesús: „Sannlega segi eg yður að einn af yður, sá er etur með mér, forræður mig.“ 19En þeir urðu hryggvir við og sögðu hver eftir öðrum til hans: „Er eg það nokkuð?“ 20En hann svaraði og sagði til þeirra: „Einn af tólf, sá er drepur hendinni í fatið meður mér. 21Að sönnu fer mannsins Sonur héðan so sem skrifað er af honum en vei þeim manni af hverjum mannsins Sonur framselst! Betra væri þeim manni að eigi hefði hann fæddur verið.“

22Og er þeir neyttu tók Jesús brauðið, gjörði þakkir og braut það og gaf þeim og sagði: „Taki þér, neytið. Þetta er mitt hold.“ 23Hann tók og kaleikinn, blessaði og gaf þeim og þeir drukku allir af honum. 24Hann sagði til þeirra: „Þetta er mitt blóð eins nýs testaments sem fyrir marga úthellist. 25Sannlega seg eg yður að eg mun ei héðan í frá drekka af þessum vínviðarávexti allt til þess dags þá eð eg drekk það nýtt í Guðs ríki.“ 26Og að sögðum lofsöngnum gengu þeir til fjallsins Oliveti.

27Jesús sagði til þeirra: „Allir munu þér skammfyllast við mig á þessari nótt. Því að skrifað er: Eg mun slá hirðirinn og sauðirnir skulu tvístrast. 28En eftir það er eg rís upp skal eg ganga frammi fyrir yður í Galileam.“ 29En Pétur sagði til hans: „Og þó allir skammfyllist á þér þá skal eg þó ei hneykslast.“ 30Jesús sagði til hans: „Sannlega segi eg þér að í dag á þessari nótt áður en haninn gelur tvisvar muntu afneita mér þrisvar.“

31Hann talaði þá enn framar: „Þó að mér byrjaði að deyja jafnframt þér skyldi eg þó eigi neita þér.“ Og líka einnin sögðu allir þeir.

32Og þeir komu í það gerðistún er hét Getsemane. Og hann sagði til sinna lærisveina: „Sitji þér hér á meðan eg biðst fyrir.“ 33Og hann tók með sér Petrum, Jacob og Johannem og tók til að skjálfa og angrast 34og sagði til þeirra: „Sála mín er hrygg allt í dauðann. Blífið hér og vakið.“ 35Og þá gekk hann lítt lengra fram, féll á jörð og tók að biðja ef það væri mögulegt að sú stund liði hjá honum 36og sagði: „Abba, Faðir minn, allt er þér mögulegt. Tak burt þennan kaleik af mér. En eigi sem eg vil heldur sem þú vilt.“

37Hann kom og fann þá sofandi og sagði til Petro: „Símon, sefur þú? Kunnir þú eigi að vaka eina stund meður mér? 38Vakið og biðjið að þér fallið eigi í freistni. Andinn er að sönnu reiðubúinn en holdið er breyskt.“ 39Hann gekk og enn burt aftur og talaði hin sömu orð. 40Hann kom aftur og fann þá enn sofandi því að þeirra augu voru bólgin af svefni. Og eigi vissu þeir hverju þeir svöruðu honum. 41Og hann kom í þriðja sinn og sagði til þeirra: „Sofið nú og hvílið yður. Það nægist. Stundin er komin það mannsins Sonur framseljist í syndugra hendur. 42Standið upp, göngum héðan. Sjáið að sá er mig forræður, hann er í nánd.“

43Og strax sem hann var að tala um þetta kom Júdas Ískaríot, einn af tólf, og með honum mikil sveit meður sverðum og stöngum, útsendir af höfðingsprestum, skriftlærðum og öldungum. 44En svikarinn hafði gefið þeim eitt

teikn og sagt: „Hvern helst eg kyssi, sá er það, haldið honum og leiðið varygðarlega.“ 45Og þá hann kom gekk hann strax til hans og sagði: „Heill sértu, rabbí!“ og kyssti hann. 46En þeir lögðu strax hendur á Jesúm og héldu honum. 47Og einn af þeim sem hjá stóð dró út sverð og sló höfuðprestsins þjón og sneið af honum eyrað. 48Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Þér eruð útgengnir so sem til annars spillvirkja með sverðum og stöngum að grípa mig. 49Hversdagslega var eg í musterinu hjá yður og kenndi og eigi gripu þér mig heldur það Ritningin uppfylldist.“ 50Og þá forlétu hann allir hans lærisveinar og flýðu. 51En nokkurt ungmenni fylgdi honum eftir klæddur línklæði yfir bert hörund. Og hann gripu önnur ungmenni 52en hann snaraði línklæðinu og flýði nakinn í burt frá þeim.

53Og þeir leiddu Jesúm til höfuðprestsins. Þar komu saman allir kennimenn, skriftlærðir og öldungar. 54En Pétur fylgdi eftir, þó langt burt frá, inn allt í höfuðprestsins fordyri og sat hjá þénurunum við eldinn og bakaði sig við logann. 55En höfuðprestarnir og allt ráðið leituðu vitna í gegn Jesú so að þeir gætu selt hann til dauða og fundu engin. 56Margir töluðu falsvitni í gegn honum en þeirra vitnisburðir voru eigi samlátandi. 57Og þá stóðu nokkrir upp og báru falsvitni í móti honum og sögðu: 58„Vér höfum heyrt hann segja: Eg vil þetta musteri niður brjóta sem með höndum er gjört og á þremur dögum uppbyggja annað það ei er með höndum gjört.“ 59En þeirra vitnisburðir komu eigi saman.

60Og höfuðpresturinn reis upp í miðið, spurði Jesús að og sagði: „Svarar þú öngvu til þess sem að þessir vitna í móti þér?“ 61En hann þagði og svaraði öngvu. **Esaias 53:7** Þá spurði höfuðpresturinn hann enn aftur og sagði til hans: „Ertu Christus, Sonur Guðs hins blessaða?“ 62En Jesús sagði honum: „Eg em hann. Og þér munuð sjá mannsins Son sitjanda á hægri hönd Guðs kraftar og komandi í skýjum himins.“ **Daniel 7:13** 63En höfuðpresturinn reif þá klæði sín og sagði: „Hvað þurfu vær nú meir að girnast vitnanna? 64Þér heyrðuð guðlöstunina. Hvað sýnist yður?“ En þeir fordæmdu hann allir sekan vera dauðans. 65Og nokkrir tóku að spýta á hann og byrgja hans ásján og að dusta hann með hnefum og að segja til hans: „Spáðu oss!“ Og þjónarnir slógu hann pústra í andlitið.

66Og Pétur var niður í fordyrunum. Þá kom ein af ambáttum höfuðprestsins. 67Og þá hún leit Petrum verma sig horfði hún á hann og sagði: „Þú vart og með Jesú af Naðsaret.“ 68En hann neitaði og sagði: „Eg þekki hann eigi og eigi veit eg hvað þú segir.“ Og er hann gekk út fyrir dyrnar gól haninn. 69En er ambáttin sá hann aftur tók hún að segja þeim er kringum stóðu: „Þessi er einn af þeim.“ 70En hann neitaði nú enn aftur. Og litlu enn þar eftir sögðu þeir aftur er hjá stóðu til Péturs: „Sannlega ertu einn af þeim því að þú ert Galíleari og þitt mál hljóðar so.“ 71En hann tók að formæla sér og sverja: „Eigi þekki eg þann mann af hverjum þér segið.“ 72Og strax gól haninn aftur. Og Pétur minntist þess orðs sem Jesús hafði sagt til hans: „Áður haninn galar tvisvar muntu neita mér þrisvar.“ Og hann tók að gráta.

15 Og strax um morguninn héldu höfuðprestarnir með öldungunum og skriftlærðum og öllu ráðuneytinu ráðstefnu og bundu Jesúm, leiddu hann og framseldu Pilato. 2Og Pílatus spurði hann að: „Ertu konungur Gyðinga?“ En hann svaraði og sagði til hans: „Þú segir það.“ 3Og höfuðprestarnir áklöguðu hann harðlega, en hann svaraði engu. 4Pílatus spurði hann enn aftur að og sagði: „Svarar þú engu? Sjá, í hversu mörgu

þeir ákæra þig.“ [5]En Jesús svaraði honum engu þaðan í frá so að Pílatus undraðist. [6]En hann var vanur að láta þeim lausan um hátíðina einn af bandingjum eftir hverjum helst þeir beiddust. [7]En þar var sá eð nefndist Barrabas meður illræðismönnum bundinn hver í upphlaupinu hafði gerst sekur um morð. [8]Og þá fólkið gekk upp tók það að biðja að hann veitti því sem hann plagaði jafnan. [9]En Pílataus svaraði þeim og sagði: „Vilji þér að eg láti yður Gyðinganna Konunginn lausan?“ [10]Því að hann vissi að höfuðprestarnir höfðu af öfund framselt hann. [11]En höfuðprestarnir eggjuðu lýðinn að hann gæfi þeim heldur Barrabam lausan.

[12]Pílatus svaraði enn aftur og sagði til þeirra: „Hvað vilji þér þá að eg skuli gjöra honum hvern þér segið Konung Gyðinganna?“ [13]En þeir kölluðu þá aftur: „Krossfestu hann!“ [14]Pílatus sagði til þeirra: „Hvað illt hefur hann gjört?“ En þeir kölluðu því meir: „Krossfestu hann!“ [15]En Pílatus vildi fólkinu fullnægja gjöra, lét þeim lausan Barrabam og framseldi þeim Jesúm svipum barðan að hann krossfestist.

[16]En stríðsþénararnir leiddu hann í fordyr þinghússins og kölluðu saman allan hópinn [17]og færðu hann í purpuraklæði, fléttandi þyrnikórónu og settu á hann [18]og tóku að heilsa honum: „Heill sértu, Kóngur Gyðinga!“ [19]og slógu hans höfuð með reyrvendi og hræktu á hann, féllu á kné og tilbáðu hann. [20]Og þá þeir höfðu spottað hann færðu þeir hann úr purpuranum og færðu hann aftur í sín klæði og leiddu hann út að þeir krossfestu hann. [21]Þeir þrengdu og þeim sem fram hjá gekk, Símoni hinum sýrneska, er kominn var af akurlandi, föður þeirra Alexandri og Ruffi, að hann bæri hans kross. [22]Og þeir höfðu hann í þann stað er hét Golgata, það þýðist: „Hausaskeljastaður“. [23]Og þeir gáfu honum myrrað vín að drekka og hann tók það eigi til sín.

[24]Og þá er þeir höfðu krossfest hann skiptu þeir klæðum hans og köstuðu hlutverpi yfir þeim hvað hver tæki. [25]En það var um þriðju stund er þeir krossfestu hann. [26]Og titill hans sakferlis var upp yfir honum skrifaður það hann væri KONUNGUR GYÐINGA. [27]Og með honum krossfestu þeir tvo spillvirkja, einn til hægri handar en annan til vinstri. [28]Og sú Ritning er uppfylld sem segir: „Meður illvirkjum er hann reiknaður.“ **Esaias 53:12**

[29]Og þeir sem gengu þar fram hjá hæddu hann, skóku höfuð sín og sögðu: „Svei, hvernin niðurbrýtur þú musteri Guðs og byggir upp á þrim dögum aftur? [30]Frelsa þú sjálfan þig og stíg niður af krossinum!“ [31]Líka einnin spéuðu hann höfuðprestarnir sín á meðal meður skriftlærðum og sögðu: „Aðra frelsaði hann, sjálfan sig getur hann eigi frelsað! [32]Sé hann Kristur, Konungur Ísraels, stígi hann nú niður af krossinum að vér sjáum og megum so trúa!“ Og þeir er með honum voru krossfestir átöldu hann einnin.

[33]Og að liðinni séttu stund urðu myrkur um allt landið allt til níundu stundar. [34]Og á hinni níundu stund kallaði Jesús upp hárri röddu og sagði: „Elí, Elí, lama a sabataní?“ Hvað er útleggst: „Guð minn, Guð minn, því forléstu mig?“ [35]Og þá nokkrir af þeim er þar stóðu hjá heyrðu það sögðu þeir: „Sjá, hann kallar á Eliam.“ [36]En einn hljóp að og fyllti upp njarðarvött með edik látandi upp á einn reyrlegg, gaf honum so að drekka og sagði: „Lát vera, sjáum hvert Elías kemur að taka hann ofan.“ [37]En Jesús kallaði upp hárri röddu og andaðist. [38]Og tjaldið musterisins rifnaði sundur í tvennt frá ofanverðu allt niður í gegnum. [39]En er hundraðshöfðinginn sá það, hver þar stóð gegnt, að hann kallaði so þá er hann lést sagði hann: „Sennilega hefir þessi maður verið Guðs Sonur.“ [40]Og konur voru þar og langt frá, horfðu á það, á meðal hverra

var María Magdalena og María minna Jakobs og Jósefs móðir og Salóme [41](og þá hann var í Galilea höfðu þær fylgt honum eftir og þjónað honum) og margar aðrar hverjar undir eins höfðu upp farið til Jerúsalem.

[42]Og þá er kveld var komið (af því það var aðfangadagur hver að er næstur fyrir þvottdaginn) [43]kom Jósef af Arimathea, einn eðlaborinn ráðherra, sá er og stundaði eftir Guðs ríki. Hann gekk djarflega inn til Pilato og bað um líkama Jesú. [44]En Pílatus undraðist að hann væri þegar látinn og kallaði hundraðshöfðingjann til sín, spurði hann að ef hann væri þegar andaður. [45]Og er hann var þess vís orðinn af hundraðsmanninum gaf hann Jósef líkamann. [46]En Jósef keypti líndúka, tók hann ofan og sveipaði hann í lérefti og lagði hann í gröfina hver eð klöppuð var í einum steini og velti steini að grafarmunnanum. [47]En María Magdalena og Jósefs móðir sáu hvar hann var lagður.

16 Og er þvottdagurinn var liðinn keyptu þær María Magdalena og María Jacobi og Salóme dýrleg smyrsl að þær kæmi og smyrði Jesúm. [2]Og mjög snemma morguns einn þvottdaganna komu þær til grafarinnar um sólaruppruna. [3]Og hver þeirra sagði til annarrar: „Hver mun velta fyrir oss steininum af grafarmunnanum?“ [4]Og þær litu þangað og sáu að steinninn var afveltur því að hann var næsta mikill. [5]Og þær fóru inn í gröfina og sáu eitt ungmenni sitja til hægri hliðar skrýddan síðu klæði hvítu og þeim blöskraði við. [6]En hann sagði til þeirra: „Eigi skulu þér hræðast. Þér leitið að hinum krossfesta Jesú af Naðsaret. Hann er upprisinn og er eigi hér. Sjáið þann stað hvar þeir lögðu hann. [7]Gangið heldur burt og segið hans lærisveinum og Pétri það hann muni ganga fram fyrir yður í Galilea. Þar munu þér sjá hann eftir því sem hann sagði yður.“ [8]En þær gengu út skyndilega og flýðu frá gröfinni því að kominn var yfir þær uggur og skjálfti. Og ekkert sögðu þær neinum því að þær voru hræddar.

[9]En er Jesús hafði snemma morguns upprisið á fyrsta degi þvottdaganna þá birti hann sig fyrst Maríu Magdalenu frá hverri hann hafði útrekið sjö djöfla. [10]Hún fór og kunngjörði þeim sem meður henni hörmuðu og grétu. [11]Og er þeir heyrðu að hann lifði og hann væri séður af henni trúðu þeir eigi. [12]En eftir það auðsýndi hann sig tveimur af þeim í annarri líking þá er þeir gengu um þorpagrundirnar. [13]Þeir gengu og burt og kunngjörðu hinum öðrum. Þeim trúðu þeir og eigi.

[14]En seinast er þeir ellefu sátu til borðs birti hann sig og ávítaði þeirra vantrú og hjartans harðúð það þeir höfðu eigi trúað þeim sem hann höfðu séð upprisinn [15]og sagði til þeirra: „Farið út um allan heiminn, prédikið evangelium allri skepnu. [16]Hver hann trúir og verður skírður sá skal frelsaður verða en hver eigi trúir hann skal fordæmast.

[17]En teiknin er þeim munu fylgja sem trúa eru þessi: Í mínu nafni munu þeir djöfla út reka, nýjar tungur tala, [18]höggorma upp taka og ef þeir drekka nokkuð banvanlegt skal það eigi þeim granda, yfir sjúka munu þeir hendur leggja og þá mun þeim batna.“

[19]Og eftir það eð Drottinn Jesús hafði talað við þá var hann uppnuminn til himins og situr til Guðs hægri handar. [20]En þeir gengu út og prédikuðu alls staðar Drottni samverkanda og orðið styrkjanda meður eftirfylgjandi teiknum. Amen

Endir guðsspjalla hins heilaga Marcus.

S. LUCAS EVANGELIUM

1 Af því að margir hafa stundað í lag
að færa þær sagnir sem eru af
þeim hlutum er á meðal vor hafa til
borið [2]og eftir því að þeir hafa oss í
hendur fengið, sem í upphafi hafa sjálf-
ir séð og þénarar orðsins höfðu verið,
[3]sýnist mér, af því að eg hefi og sjálfur
gjörvallt numið af upphafi, að eg skrif-
aði þér innilega og skikkanlega til,
minn góði Theophile, [4]so að þú kynnir
sannan grunn þeirra orða sem þér eru
undirvísuð.

[5]Á dögum Herodis konungs í Judea
var sá kennimaður er Zacharias er
nefndur, af stéttum Abía, og hans hús-
frú var af dætrum Aarons, sú er hét El-
ísabet. [6]En þau voru bæði réttlát fyrir
Guði og gengu í öllum boðorðum og
réttlætingum Drottins óstraffanlega.
[7]Þau áttu ekki barn því að Elísabet var
óbyrja og bæði þau voru öldruð.

[8]En so bar til þá Zacharias átti að flytja
prestlegt embætti fyrir Guði eftir til-
skikkan sinnar stéttar [9]og siðvenju
kennimannsskaparins. Og er honum
hlotnaðist að han skyldi veifa reykels-
inu gekk hann inn í musteri Drottins
[10]og allur fólksfjöldinn var fyrir utan og
baðst fyrir um reykelsisveifunartím-
ann. [11]En honum birtist þá engill
Drottins standandi á hægra veg altaris-
ins þess er reykelsið var yfirborið. [12]Og
Zacharias varð hræddur er hann sá
hann og miklum ótta þá sló yfir hann.

[13]En engillinn sagði til hans: „Óttast
þú eigi, Zacharia, því að þín bæn er al-
heyrð. Og Elísabet eiginkona þín mun
þér son fæða og hann skaltu Jóhannes
að nafni kalla. [14]Og það mun þér fögn-
uður og gleði og margir munu fagna af
hans burðartíð [15]því að hann mun
verða mikill fyrir Guði. Vín og áfengan
drykk mun hann eigi drekka og þegar
frá móðurkviði mun hann uppfylldur
verða af Helgum Anda. [16]Og marga af
sonum Ísraels mun hann snúa til Guðs
Drottins sjálfra þeirra. [17]Og hann mun
fyrir honum fara í anda og krafti Elie að
hann snúi hjörtum feðra til sona og
vantrúuðum til kænsku réttlátra að til-
búa so Drottni algjört fólk.“ **Malachias 4:5**

[18]Og Zacharias sagði til engilsins: „Af
hverju skal eg það vita? Því að eg em
gamall og húsfrú mín er komin til ára
sinna.“ [19]Engillinn svaraði og sagði til
hans: „Eg em Gabríel, sá er frammi fyrir
Guði stendur, og eg em sendur að tala
við þig og að boða þér þetta. [20]Og sjá, að
þú munt mállaus verða og ei talað geta
allt til þess dags hvenær þetta mun
fram koma fyrir því að þú trúðir ei mín-
um orðum þau er upp munu fyllast á
sínum tíma.“

[21]Fólkið beið og eftir Zacharia og
undraðist hvað hann dvaldi í muster-
inu. [22]En er hann gekk út gat hann eigi
talað við þá. Og þeir þóttust þá vita að
hann mundi sýn hafa séð í musterinu.
Hann benti þeim og var mállaus.

[23]Það skeði og þá er liðnir voru dagar
hans embættis að hann gekk til síns
heimkynnis. [24]En eftir þá daga varð
hans húsfrú Elísabet þunguð og leyndi
á sér fimm mánuði og sagði: [25]„Þannin
gjörði Guð við mig á þeim dögum hann
leit til mín þá eð hann vildi burt taka
mitt hneyksli það eg bar á millum
manna.“

[26]En á hinum sétta mánuði var Gabríel
engill sendur af Guði í þá borg í Galilea
sem nefndist Naðsaret [27]til þeirrar
meyjar er föstnuð var þeim manni eð
Jósef hét af húsi Davíðs. Og heiti meyj-
arinnar var María. [28]Og engillinn gekk
inn til hennar og sagði: „Heil sért þú
náðarfulla, Drottinn er með þér.
Blessuð ertu á meðal kvenna!“

[29]En þá hún sá hann varð hún hrædd
af hans orðum og hugleiddi að hvílík
væri þessi kveðja. [30]Og engillinn sagði
til hennar: „Óttast þú eigi, María, því að

þú fannst náð hjá Guði. 31Sjá, þú munt barn geta í kviði þínum og munt son fæða og hans nafn skalt þú JESÚS kalla. 32Hann mun mikill verða og kallast sonur Hins hæðsta. Og Guð Drottinn mun gefa honum sæti síns föðurs Davíðs 33og hann mun ríkja yfir húsi Jakobs að eilífu, hans ríkis mun og enginn endi verða.“ **Esaias 9:7, Daníel 2:44, 7:13, Sálmar 89:36**

34Þá sagði María til engilsins: „Hvernin skal það ske af því eg hefi öngvan mann kennt?“ 35Engillinn svaraði og sagði til hennar: „Heilagur Andi mun koma yfir þig og kraftur Hins hæðsta mun umskyggja þig af því að það Hið helga sem af þér mun fæðast skal nefnast Sonur Guðs. 36Og sjáðu, að Elísabet frændkona þín hefur og son getið í elli sinni og þessi er hennar sétti mánuður sem kölluð var óbyrja. 37Því að Guði er ekkert orð ómáttugt.“ 38En María sagði: „Sjá, eg em ambátt Drottins. Verði mér eftir orði þínu.“ Og engillinn veik frá henni.

39En á þeim dögum stóð María upp og fór með flýti til fjallbyggða í borgina Júda 40og gekk inn í hús Zacharia og heilsaði Elísabet. 41Og það varð so þá eð Elísabet heyrði heilsun Maríu að barnið spratt upp í hennar kviði. Og Elísabet varð full af Helgum Anda, 42kallaði hárri röddu og sagði: „Blessuð ertu á meðal kvenna og blessaður er ávöxtur kviðar þíns! 43Og hvaðan kemur mér þetta eð móðir Drottins míns keimur til mín? 44Sjáðu, þá er rödd þinnar kveðju kom mér til eyrna spratt barnið upp af fagnaði í mínum kviði. 45Og sæl ertu sem trúðir því að það mun fullkomnast hvað þér var heitið af Drottni.“

46Og María sagði: „ Sál mín miklar Drottin 47og gleðst andi minn í Guði Heilsugjafara mínum. 48Því að hann leit á læging ambáttar sinnar. Sjá, af því munu mig héðan af sæla segja allar ættir. 49Því að hann veitti mér mikið sá er voldugur er og hans nafn er heilagt. 50Og hans miskunnsemd er yfir kyni til kyns þeim er hann hræðast. 51Hann veitti mátt með sinni hendi og dreifði dramblátum í fyrirhyggju síns hjarta. 52Volduga setti hann af stóli og upphafði lítilláta. 53Hungraða fyllti hann auðæfum og ríka lét hann fáfenga. 54Hann minntist miskunnar sinnar og meðtók sinn þjón Ísrael 55so sem hann talaði til feðra vorra, Abrahams og hans afsprengis, að eilífu.“ 56En María var hjá henni so nær sem þrjá mánuði og fór þar eftir aftur til síns heimkynnis.

57En er tími var kominn að Elísabet skyldi fæða og hún fæddi son. 58Og er grannar hennar og náfrændur heyrðu að Drottinn hafði miklað miskunn sína við hana samglöddust þeir með henni.

59Og það skeði að þeir komu á hinum átta degi að umskera sveininn og nefndu hann síns föðurs nafni, Zacharias. 60En móðir hans svaraði og sagði: „Öngvaneginn, heldur skal skal hann Jóhannes heita.“ 61Þeir sögðu til hennar: „Þar er þó enginn í þinni ætt sem heitir þessu nafni.“ 62En þeir bentu föður hans hvað hann vildi að hann héti. 63Og hann beiddist hnefaspjalds, skrifaði og sagði: „Heiti hann Jóhannes.“ Og þeir undruðust allir. 64Og jafnskjótt laukst upp hans munnur og tunga hans talaði, lofandi Guð. 65Og ótti kom yfir alla hans nágranna og um allar fjallbyggðir í Judea víðfrægðust öll þessi orð. 66Og allir þeir er það heyrðu settu það sér í hjarta og sögðu: „Hver grunar þig að þessi sveinn verði?“ Því að hönd Drottins var með honum.

67Og Zacharias faðir hans fylltist af Helgum Anda, spáði og sagði: 68„Blessaður sé Guð Drottinn Ísraels því að hann vitjaði og frelsan gjörði sínu fólki. 69Og hann uppreisti oss heilsuhorn í húsi þjóns síns Davíðs 70so sem hann hefir talað fyrir munn sinna heilagra spámanna, þeirra sem nú eru af heiminum. 71Hann frelsaði oss í frá óvinum vorum og af hendi allra þeirra sem oss

hötuðu. [72]Hann gjörði og miskunnsemd
við feður vora og minntist á sinn
heilagan sáttmála [73]og á það særi er
hann svór föður vorum Abraham, [74]að
hann gæfi oss það að vér leystir af
hendi vorra óvina þjónuðum honum án
ótta [75]í heilagleik og réttlæti fyrir hon-
um sjálfum alla daga vora. [76]Og þú,
sveinn, munt kallaður vera spámaður
Hins hæðsta því að þú munt fyrir renna
augliti Drottins að tilbúa hans vegu
Malachias 3:1 [77]og að gefa hans fólki
skilning heilsunnar til fyrirgefningar
synda þeirra [78]fyrir þá hjartgróna mis-
kunn Guðs vors í hverri hann vitjaði
vor, upprunnin af hæðum, [79]að lýsa
þeim sem í myrkrum og í dauðans
skugga sitja, til að greiða fætur vora á
friðargötu.“

[80]En barnið vóx upp og styrktist í anda
og var á eyðimörkum allt til þess dags
er han skyldi auðsýnast fyrir Ísrael.

2 En það bar til á þeim dögum að það
boð gekk út frá keisaranum Augu-
sto það heimurinn allur skyldi skatt-
skrifast. [2]Og þessi skattskrift hófst fyrst
upp hjá Cyrino sem þá var landstjórnari
í Syria. [3]Og allir fóru að tjá sig, hver til
sinnar borgar. [4]Þá fór og Jósef af
Galilea úr borginni Naðsaret upp í
Judeam til Davíðs borgar, sú eð kallað-
ist Betlehem, af því að hann var af húsi
og kyni Davíðs, [5]að hann tjáði sig þar
meður Maríu sinni festarkonu óléttri.

[6]En það gjörðist þá þau voru þar að
þeir dagar fullnuðust eð hún skyldi
fæða. [7]Og hún fæddi sinn frumgetinn
son og vafði hann í reifum og lagði
hann niður í jötuna. Því að hún fékk
ekkert annað rúm í gestaherberginu.

[8]Og fjárhirðar voru þar í sama
byggðarlagi um grandana við fjárhúsin
sem varðveittu og vöktu yfir hjörð
sinni. [9]Og sjá, að engill Drotins stóð hjá
þeim og Guðs birti ljómaði í kringum
þá og þeir urðu af miklum ótta hræddir. [10]Og engillinn sagði til þeirra: „Eigi
skulu þér hræðast. Sjáið, eg boða yður
mikinn fögnuð þann er sker öllum lýð.
[11]Því í dag er yður lausnarinn fæddur sá
að er Kristur Drottins í borg Davíðs.
[12]Og hafið það til merkis: Þér munuð
finna barnið í reifum vafið og lagt vera
í jötuna.“ [13]Og jafnskjótt þá var þar hjá
englinum mikill fjöldi himneskra hirð-
sveita sem lofuðu Guð og sögðu:
[14]„Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á
jörðu og mönnum góður vilji!“ [15]Og þá
er englarnir fóru frá þeim aftur til
himins töluðu hirðarnir sín á milli:
„Göngum vær allt til Betlehem og sjá-
um þau merki er þar hafa skeð og
Drottinn hefir kunngjört oss.“ [16]Og þeir
komu með skunda og fundu Maríu og
Jósef og barnið liggja í jötunni. [17]En þá
þeir höfðu það séð viðfrægðu þeir það
orð út sem þeim var sagt af þessu
barni. [18]Og allir þeir það heyrðu undr-
uðust það hvað þeim var af hirðurun-
um sagt. [19]En María varðveitti öll þessi
orð og bar saman í sínu hjarta. [20]Og
fjárhirðarnir sneru aftur, dýrkandi og
lofandi Guð um allt það hvað þeir höfðu
heyrt og séð og eftir því sem þeim var
tilsagt.

[21]Og þá átta dagarnir voru liðnir og að
barnið skyldi umskerast var hans nafn
kallað JESÚS, hvað er kallað var af eng-
linum áður en hann var meðtekinn í
móðurkviði.

[22]Og þá dagar hennar hreinsunar
fullnuðust eftir Moyses lögum höfðu
þau hann til Jerúsalem að þau á hendur
fæli hann Drottni **Leviticus 12:2** [23]so
sem skrifað er í lögmáli Drottins að allt
hvað kallkyns var það er fyrst opnaði
sinnar móðurkvið það skyldi kallast
Drottni helgað, **Exódus 13:2,15** [24]og að
þau gæfi offrið eftir því sem segist í
lögmáli Drottins, tvær turtildúfur eða
tvo dúfuunga. **Leviticus 12:8** [25]Og sjá,
að maður var þar í Jerúsalem sá er Sí-
meon hét. Og þessi sami maður var
réttlátur og guðhræddur, bíðandi eftir
huggun Ísraels og Heilagur Andi var

með honum. [26]Símeon hafði andsvar fengið af Helgum Anda að hann skyldi eigi dauðann líta nema han sæi áður fyrri Krist Drottins [27]og kom af Andans tillaðan í musterið. Og þá er foreldrarnir höfðu barnið Jesú í musterið og gjörðu fyrir honum eftir siðvenju laganna. [28]Og hann tók hann upp á sína armleggi, lofaði Guð og sagði:

[29]„Nú láttu, Drottinn, þjón þinn eftir orðum þínum í friði fara [30]því að mín augu hafa séð þitt hjálpráð [31]það þú tilreiddir fyrir augliti allra þjóða, [32]ljós til uppbirtingar heiðnum þjóðum og til dýrðar þíns fólks Ísraels.“ **Esaias 42:6**

[33]Og hans faðir og móðir undruðust það hvað af honum sagðist. [34]Og Símeon blessaði þau og sagði til Maríu móður hans: „Sjá, þessi er settur til falls og upprisu margra í Ísrael og til merkis hverjum í móti mun mælast [35](og eitt sverð mun í gegnum smjúga sjálfrar þinnar sálar) so að augljós verði hugskotshjörtun margra.“

[36]Og þar var þá Anna spákona, dóttir Panúels, af kyni Aser. Hún var og komin til sinna ára og hafði lifað í sjö ár meður sínum eignarmanni frá meydómi sínum. [37]Og þessi ekkja hafði nær fjóra vetur um áttrætt hver eð eigi gekk úr musterinu, þjónandi Guði nátt og dag með föstum og bænahaldi. [38]Þessi gekk og samstundis þangað að og prísaði Drottin og sagði af honum til allra þeirra sem lausnarinnar biðu til Jerúsalem.

[39]Og er þau höfðu allt algjört eftir lögmáli Drottins sneru þau aftur í Galileam til borgar sinnar Naðsaret. [40]En barnið vóx upp og styrktist í anda, fullur vísdóms og Guðs náð var með honum.

[41]Hans foreldrar gengu og árlega árs til Jerúsalem í móti páskahátíðinni. [42]Og þá hann var tólf ára fóru þau upp til Jerúsalem eftir vana til hátíðarinnar. [43]Og er þeir dagar voru liðnir og þau fóru heimleiðis bleif barnið Jesús eftir til Jerúsalem og Jósef og móðir hans vissu það eigi [44]en meintu han væri hjá selskapnum. Og þau voru komni þá eina dagferð og leituðu hans á meðal frænda og kunningja. [45]Og þá er þau fundu hann eigi hvurfu þau aftur til Jerúsalem og leituðu að honum. [46]Og það skeði so eftir þrjá daga að þau fundu hann í musterinu, sitjandi mitt á millum lærifeðranna, heyrandi þeim og aðspyrjandi þá. [47]En allir þeir er hann heyrðu undruðust yfir hans skilningi og andsvörum.

[48]Og er þau sáu hann brá þeim við. Og hans móðir talaði til hans: „Sonur minn, því breytir þú so við okkur? Sjáðu, faðir þinn og eg leituðum harmþrungin að þér.“ [49]Og hann sagði til þeirra: „Hvað er það að þið leitið að mér? Viti þið eigi að mér Viti þið eigi að mér byrjar að sinna því sem míns Föðurs er?“ [50]Og þau undirstóðu eigi þessi orð sem hann mælti til þeirra. [51]Og hann fór með þeim ofan og kom til Naðsaret, var þeim og hlýðugur. Og hans móðir geymdi öll þessi orð í sínu hjarta. [52]Og Jesú jókst aldur og viska og náð hjá Guði og mönnum.

3 En á fimmta ári ríkis Tiberii keisara þá er Pontíus Pílatus var landstjórnari í Judea en Heródes fjórðungshöfðingi í Iturea og um Trachonitidishéröð og Lysanias til Abílene [2]og þá þeir Hannas og Kaífas voru höfuðprestar, kom Guðs orð yfir Johannem son Zacharie í eyðimörku. [3]Og hann kom um allt byggðarlag Jórdanar og prédikaði iðrunarskírn til syndanna fyrirgefningar [4]so sem skrifað er í málabók Esaie spámanns, sem segir: „Ein hrópandi rödd er í eyðimörku: Reiði þér til götu Drottins og gjörið hans stigu rétta. **Esaias 40:3** [5]Hver dalur mun fyllast og öll fjöll og hálsar munu lægjast og það bogið er mun réttast og hvað óslétt er mun snúast í slétta vegu. [6]Og allt hold mun sjá Guðs hjálp-

ráð.“ 7En hann sagði til fólksins þess er
útgekk að skírast af honum: „Þér
nöðrukyn, hver kenndi yður að flýja
undan ókominni reiði? 8Fyrir því gjörið
maklega ávöxtu iðranar og takið eigi að
segja með sjálfum yður: Vær höfum
Abraham fyrir föður. Því að eg segi yð-
ur að máttugur er Guð upp að reisa
Abraham sonu af steinum þessum. 9Því
öxin er nú sett að rót trésins. Hvert það
tré sem eigi færir góðan ávöxt mun af-
höggvast og í eld kastast.“ 10Og fólkið
spurði hann að og sagði: „Hvað skulu
vær þá gjöra?“ 11En hann svaraði og
sagði til þeirra: „Sá yðar sem hefur tvo
kyrtla hann gefi þeim er öngvan hefur
og sá er vistir hefur gjöri hann slíkt hið
sama.“

12Tollheimtumenn komu og til hans
að láta sig skíra og sögðu til hans:
„Meistari, hvað skulu vær gjöra?“ 13En
hann sagði til þeirra: „Krefjið eigi meira
en til er skipað.“

14Þá spurðu hann stríðsmenn að og
sögðu: „Hvað skulu vær gjöra?“ Hann
sagði til þeirra: „Kúgið öngvan né gjör-
ið órétt og látið yður nægja yðart kaup-
gjald.“

15En þá fólkið grunaði og er þeir hug-
leiddu allir í sínum hjörtum ef verða
mætti það að Jóhannes væri Kristur
16svaraði Jóhannes og sagði til allra: „Eg
skíri yður í vatni en sá er mér styrkri
sem eftir mig mun koma, hvers eg em
ei verðugur upp að leysa þvengi hans
skóklæða. Hann mun skíra yður í Helg-
um Anda og eldi. 17Hvers vindskufla að
er í hans hendi. Og hann mun hreinsa
sinn láfa og samansafna hveitinu í
kornhlöðu sína en agnirnar brenna í
eldi óslökkvanlegum.“ 18Og margt ann-
að meira áminnti hann og boðaði fólk-
inu.19En er Heródes fjórðungshöfðingi
straffaðist af honum fyrir Herodiadem
bróðurkonu sína og fyrir allt annað illt
er Heródes gjörði 20þá jók hann ofan á
þetta allt og lukti Johannem í
myrkvastofu. 21En það skeði þá að allt
fólk lét skíra sig og þá er Jesús var
skírður og baðst fyrir að himininn opn-
aðist 22og Heilagur Andi sté ofan í lík-
amlegri mynd yfir hann sem dúfa. Og
rödd kom af himni sem sagði: „Þú ert
Sonur minn elskulegur, í þér þóknast
mér.“

23Og Jesús hóf upp að vera nær þrjá-
tígi ára og var haldinn son Jósefs, sá er
var sonur Elie, 24sá að var sonur Matat,
sá að var sonur Leví, sá að var sonur
Melkí sá að var sonur Janna, sá að var
sonur Jósefs, 25sá að var sonur Matatí-
as, sá að var sonur Amos, sá að var son-
ur Nahúm, sá að var sonur Eslí, sá að
var sonur Nange, 26sá að var sonur
Mahat, sá að var sonur Matatías, sá að
var sonur Semei sá að var sonur Jósef,
sá að var sonur Júda, 27sá að var sonur
Johanna, sá að var sonur Resia, sá að
var sonur Sóróbabel, sá að var sonur
Salatíel, sá að var sonur Nerí, 28sá að
var sonur Melkí, sá að var sonur Addí,
sá að var sonur Kósam, sá að var sonur
Elmadam, sá að var sonur Her, 29sá að
var sonur Jesó, sá að var sonur Elíeser,
sá að var sonur Jórem, sá að var sonur
Matta, sá að var sonur Leví, 30sá að var
sonur Símeon, sá að var sonur Júda, sá
að var sonur Jósefs, sá að var sonur
Jónam, sá að var sonur Eljakím, 31sá að
var sonur Melea, sá að var sonur
Menam, sá að var sonur Matatan,sá að
var sonur Natan, sá að var sonur Davíð,
32sá að var sonur Jesse, sá að var sonur
Óbeð, sá að var sonur Bóos, sá að var
sonur Salmon, sá að var sonur Nah-
asson, 33sá að var sonur Amínadab, sá
að var sonur Aram, sá að var sonur
Esrom, sá að var sonur Phares, sá að
var sonur Júda, 34sá að var sonur Jak-
obs, sá að var sonur Ísaaks, sá að var
sonur Abrahams, sá að var sonur Tara,
sá að var sonur Nahor, 35sá að var son-
ur Sarúk, sá að var sonur Ragahú, sá að
var sonur Phaleg, sá að var sonur Eber,
sá að var sonur Sala, 36sá að var sonur
Kainan, sá að var sonur Arpaksad, sá að

var sonur Sem, sá eð var sonur Noe, sá eð var sonur Lamek, 37sá eð var sonur Matúsala, sá eð var sonur Enok, sá eð var sonur Jared, sá eð var sonur Malaleel, sá eð var sonur Kainan, 38sá eð var sonur Enos, sá eð var sonur Set, sá eð var sonur Adams, sá var Guðs.

4 En Jesús, fullur af Heilögum Anda, kom aftur frá Jórdan og færðist af Andanum í eyðimörk 2og freistaðist af djöflinum í fjörutígir daga. Og hann neytti einkist á þeim dögum og að þeim liðnum hungraði hann. 3Djöfullinn sagði þá til hans: „Ef þú ert Guðs Sonur seg steini þessum að hann verði að brauði.“ 4Jesús svaraði og sagði til hans: „Skrifað er það maðurinn lifir ei af brauði einu heldur af sérhverju Guðs orði.“ **Deuteronomium 8:3**

5Og djöfullinn flutti hann upp á há tinda fjallsins og sýndi honum á augabragði öll ríki veraldarinnar 6og sagði til hans: „Allt þetta veldi og þess prýði mun eg gefa þér. Því að þau eru mér í hendur fengin og hverjum eg vil má eg gefa þau. 7Því ef þú fellur fram og tilbiður fyrir mér skulu þau öll þín vera.“ 8Jesús svaraði og sagði til hans: „Far burt frá mér, þú andskoti. Skrifað er: Drottin Guð þinn skalt þú tilbiðja og honum einum þjóna.“

Deuteronomium 6:13, 10:20

9Og hann færði hann þá til Jerúsalem og setti hann ofan á bust musterisins og sagði til hans: „Ef þú ert Guðs Sonur fleyg þér hér ofan af 10því að skrifað er: Sínum englum bífalaði hann þig að þeir varðveiti þig 11og að á sínum höndum beri þeir þig svo að þú drepir eigi þínum fæti við steini.“ **Sálmar 91:11-12**

12Jesús svaraði og sagði til hans: „Sagt er að eigi skulir þú freista Drottins Guðs þíns.“ **Deuteronomium 6:16**

13Og er djöfullinn hafði lyktað allar þessar freistanir veik hann frá honum um stundarsakir.14Og Jesús kom aftur í Andakrafti til Galileam og ryktið gekk út um öll héröð af honum. 15Og hann kenndi í þeirra samkunduhúsum og af öllum var hann miklaður.

16Og hann kom til Naðsaret þar hann var uppalinn og gekk inn eftir vana sínum á þvottdegi í samkunduna, stóð upp og tók að lesa. 17Og honum var fengin bók Esaie spámanns. Og er hann fletti um bókinni fann hann þann stað hvað skrifað var:

18„Andi Drottins er yfir mér og af því smurði hann mig og sendi mig að boða evangelium volöðum og að græða sundraða í hjörtum, að prédika herteknum endurlausn og sýn blindum og kramda að kvitta til lausnar 19og að prédika þakknæmilegt ár Drottins.“ **Esaias 61:1**

20Og þá lét hann saman bókina og fékk hana þénaranum aftur og setti sig. Og allir þeir sem í samkunduhúsinu voru horfðu á hann. 21En hann hóf að segja til þeirra: „Í dag er þessi Ritning uppfylld í yðrum eyrum.“ 22Og allir gáfu vitnisburð af honum og undruðust þau náðarsamleg orð sem gengu fram af hans munni og sögðu: „Er þessi eigi sonur Jósefs?“ 23Hann sagði til þeirra: „Þér munuð fullkomlega til mín segja þennan orðskvið: Læknir, bjarga sjálfum þér. Því hve mikið að vér höfum heyrt að gjört var til Kapernaum gjör þú og hér á þinni fósturjörð.“ 24En hann sagði: „Sannlega segi eg yður að enginn spámaður er þakknæmur á sinni fósturjörðu.

25Í sannleik segi eg yður: Margar ekkjur voru á dögum Elie í Ísrael þá himinninn var luktur í þrjú ár og sex mánuði, þá gjörðist og mikill sultur um allt landið, 26og til öngrar þeirra var Elías sendur nema í Sarefta Sidonie til einnrar ekkju. 27Og margir líkþráir voru í Ísrael á dögum Elisei spámanns og enginn þeirra varð hreinsaður nema Naaman af Syria.“ 28Og allir fylldust þeir reiði sem í samkunduhúsinu voru er þeir heyrðu það, 29stóðu upp og

hnepptu hann út af borginni og leiddu hann allt upp á fjallgnípuna þar eð þeirra borg var yfirbyggð að þeir hryndi honum þar af fram. [30]Og hann gekk burt mitt á milli þeirra. [31]Og hann fór ofan til Kapernaumborgar í Galilea og kenndi þeim þar á þvottdögum. [32]Og allir undruðust hans kenning því hún var voldug. [33]Í samkunduhúsinu var maður sá er hafði óhreinan djöfulsanda og kallaði upp hárri röddu [34]og sagði: „Hei, hvað höfum vær með þig, Jesús af Naðsaret! Þú komt að fyrirfara oss! Eg veit vel að þú ert hinn Heilagi Guðs!“ [35]Og Jesús straffaði hann og sagði: „Þegi þú og far út af honum.“ Og djöfullinn fleygði honum mitt fram í milli þeirra og fór út af honum og grandaði honum að öngu. [36]Ótta sló og yfir alla þá og töluðust við sín á milli og sögðu: „Hvaða orð er þetta að hann býður óhreinum öndum af valdi og krafti og þeir fara út?“ [37]Og hans rykti barst alls staðar út um öll nálæg héröð.[38]En er Jesús stóð upp af samkundunni gekk hann í hús Símonar. Vermóðir Símonar var haldin af mikilli köldu og þeir báðu hann fyrir henni. [39]Hann gekk til hennar og bauð köldunni og hún forlét hana. Og jafnskjótt reis hún upp og þjónaði þeim. [40]En þá sólin var undirgengin fluttu þeir til hans alla þá sjúka menn sem margháttaðar sóttir höfðu. En hann lagði hendur yfir sérhvern þeirra og læknaði þá. [41]Djöflar fóru og út af mörgum, kallandi upp og sögðu: „Þú ert Kristur, Sonur Guðs!“ Hann hastaði á þá og leyfði þeim ekki að mæla því að þeir vissu það hann var Kristur.

[42]En eð dagur var fór hann og gekk út á eitt eyðiból. Fólkið leitaði að honum og kom til hans og hafði gát á hönum að hann færi eigi í frá þeim, [43]hverjum hann sagði: „Mér byrjar og í öðrum borgum að boða evangelium út af Guðs ríki því að til þess em eg sendur.“ [44]Og hann prédikaði í samkunduhúsum í Galilea.

5 En það skeði þá eð fólkið flykktist að honum til að heyra Guðs orð og hann sjálfur stóð við sjóinn Genesaret [2]og leit tvö skip standa við sjóinn en fiskimennirnir voru stignir af skipi og þvoðu net sín. [3]Þá sté hann á eitt skip það sem Símonar var og bað að draga nokkuð frá landi. Hann sat og kenndi fólkinu af skipinu.

[4]Og sem hann gaf upp að kenna sagði hann til Símonar: „Drag þú út á djúpið og leysið net yðar til fiskidráttar.“ [5]Símon svaraði og sagði til hans: „Meistari, í alla nótt höfu vær erfiðað og fengum ekkert. En í þínu orði mun eg mitt net uppleysa.“ [6]Og þá er þeir höfðu það gjört luktu þeir inni mikla mergð fiska og þeirra net rifnaði. [7]Þeir bentu og sínum félögum sem voru á öðru skipinu það þeir kæmi og hjálpuðu þeim. Og þeir komu og hlóðu bæði skipin full so þau sukku að mestu.

[8]Þá Simon Petrus sá það féll hann til knjánna Jesú og sagði: „Gakk frá mér, Drottinn, því eg em maður syndugur.“ [9]Af því felmtur var yfir hann kominn og yfir þá alla sem með honum voru að þeim fiskidrætti er þeir fengu saman, [10]líka einnin yfir Jacobum og Johannem, sonu Zebedei, lagsmenn Símonar. Og Jesús sagði til Símonar: „Óttast þú eigi því að héðan í frá skalt þú menn veiða.“ [11]Og þeir drógu sín skip að landi og yfirgáfu alla hluti og fylgdu honum eftir.

[12]Það skeði og þá hann var í einni borg og sjá, að þar var maður fullur vanheilsu. Og þá hann sá Jesúm féll hann fram á sína ásjónu, bað hann og sagði: „Drottinn, ef þú vilt þá kanntu að hreinsa mig.“ [13]Og Jesús rétti út sína hönd og tók á honum og sagði: „Eg vil, vert hreinn.“ Og jafnskjótt hvarf vanheilsan af honum. [14]Og hann bauð honum að segja það öngvum: „Heldur gakk og sýn þig kennimönnunum og fórna fyrir þinni hreinsan sem Moyses bauð, þeim til vitnisburðar.“

15 En er hans rykti barst víðara út kom
margt fólk saman honum að heyra og
að læknast af sínum sóttum. 16 En hann
veik sér afvega í eyðimörk og baðst fyr-
ir.
17 Og það bar til á einum degi er hann
sat og kenndi og þar sátu Pharisei og
lögspekingar sem komnir voru af öll-
um kauptúnum úr Galilea og Judea og
frá Jerúsalem. Og kraftur Drottins
gekk frá honum til að lækna þá. 18 Og
sjá, að menn báru þann mann á sæng er
iktsjúkur var og sóttu til að koma hon-
um inn og leggja hann fyrir hann fram.
19 Og er þeir gátu eigi haft hann inn fyrir
fólkinu fóru þeir upp á ræfrið og létu
hann síga í sænginni niður um þekjuna
mitt á milli þeirra, fram fyrir Jesúm.
20 Og er hann leit þeirra trú sagði hann:
„Maður, fyrirgefist þér syndir þínar.“
21 Skriftlærðir og Pharisei tóku að hugsa
með sér og sögðu: „Hver er þessi sem
mælir guðlastan? Hver má syndir fyrir-
gefa nema Guð einn?“
22 En er Jesús fornam þeirra hugsan
svaraði hann og sagði til þeirra: „Hvað
hugsi þér vont í yðrum hjörtum?
23 Hvert er auðveldara að segja: Þér eru
þínar syndir fyrirgefnar eða að segja:
Statt upp og gakk? 24 En so að þér vitið
það mannsins Sonur hefur magt til á
jörðu að fyrirgefa syndirnar“ sagði
hann til hins iktsjúka: „Þér segi eg: Statt
upp og tak sæng þína og gakk í þitt
hús.“ 25 Og jafnskjótt stóð hann upp
þeim ásjáöndum og tók sængina upp þá
er hann hafði á legið og gekk í sitt hús,
lofandi Guð. 26 Þeim ógnaði öllum og
lofuðu Guð og fylltust af ótta og sögðu:
„Í dag höfum vær séð undarlega hluti.“
27 Eftir það gekk hann út og sá þann
tollheimtumann er Leví var að nafni,
sitjanda við tollbúðina, og sagði til
hans: „Fylg þú mér eftir.“ 28 Og hann
forlét allt, stóð upp og fylgdi honum
eftir. 29 Leví gjörði honum mikið heim-
boð í sínu húsi. Þar var og mikill fjöldi
tollheimtumanna og annarra þeirra er
meður þeim sátu til borðsins. 30 Pharisei
og skriftlærðu mögluðu við hans lær-
isveina og sögðu: „Því eti þér og drekkið
með tolltektarmönnum og bersyndug-
um?“ 31 Jesús svaraði og sagði til þeirra:
„Þeir þurfa eigi læknarans við sem heil-
brigðir eru heldur þeir sem sjúkir eru.
32 Því að eigi kom eg að kalla réttláta
heldur synduga til iðranar.“
33 En þeir sögðu til hans: „Því föstuðu
lærisveinar Johannis so oft og báðust
fyrir, so og líka Phariseis lærisveinar,
en þínir lærisveinar eta og drekka?“
34 Hann sagði þá til þeirra: „Megi þér
nokkuð láta brúðgumans syni fasta á
meðan brúðguminn er hjá þeim? 35 En
þeir tímar munu koma að brúðguman-
um mun frá þeim kippt og þá munu
þeir fasta á þeim dögum.“
36 Og hann sagði í eftirlíkingum til
þeirra: „Enginn setur bót af nýju klæði
á gamalt fat, annars trefur hið nýja það
upp og bótin af því inu nýja fellur eigi
við hið gamla. 37 Og enginn lætur nýtt
vín í forna belgi, annars sprengir hið
nýja vín belgina og það spillist en vín-
belgirnir tortýnast, 38 heldur skal nýtt
vín látast í nýja belgi og mun þá
hvorttveggja forvarast. 39 So er og en-
ginn sem drekkur af hinum gamla og
vilji strax hið nýja því að hann segir:
Hið gamla er betra.“

6 En það bar til á annan hátíðardag
ins fyrsta þvottdags að hann gekk
um sáðna akra og hans lærisveinar
tíndu axin ofan af korninu og átu, nú-
andi þau með höndum sér. 2 En nokkrir
af Phariseis sögðu til þeirra: „Fyrir því
gjöri þér það sem eigi leyfist á þvott-
dögum?“ 3 Jesús svaraði og sagði til
þeirra: „Hafi þér eigi lesið hvað Davíð
gjörði nær hann hungraði sjálfan og þá
sem með honum voru, 4 hvernin að
hann gekk inn í Guðs húsið og tók
skoðunarbrauðin og át og gaf þeim sem
með honum voru, þau er öngvum
leyfðist að eta nema kennimönnunum

einum?“ 5Og hann sagði til þeirra: „Mannsins Sonur er Drottinn og einnin þvottdagsins.“

6Það skeði og enn á öðrum þvottdegi að hann gekk inn í samkunduhúsið og kenndi. Og þar var sá maður sem hin hægra hönd var á visnuð. 7En skriftlærðir og Pharisei hugðu að hvert hann læknaði á þvottdögum so að þeir fyndi það hvar af þeir mættu hann ákæra. 8En hann merkti vel þeirra hugsan og sagði til mannsins þess sem höndina hafði visnaða: „Rís þú upp og statt hér í mitt.“ Hann reis upp og stóð þar. 9En Jesús sagði til þeirra: „Eg spyr yður að: Hvort hæfir á þvottdögum vel að gjöra eður illa, lífinu að forða eður tortýna?“ 10Og hann leit til allra þeirra er í kringum hann voru og sagði til mannsins: „Réttu út þína hönd.“ Og hann rétti hana út en sú hans hönd varð so heil sem hin önnur. 11En þeir fylltust af heimsku og töluðu til hver við annan hvað þeir vildu af Jesú gjöra.

12En það gjörðist á þeim dögum að hann gekk á eitt fjall að biðjast fyrir og hann var um þá nótt á bænum til Guðs. 13Og þá ed dagur var kallaði hann sína lærisveina og kjöri tólf af þeim hverja að hann nefndi apostula: 14Símon, þann hann kallaði Petrum, og Andream bróður hans, Jacobum og Johannem, Philippum og Bartolomeum, 15Mattheum og Thomam, Jacobum son Alphei og Símon sem kallaðist Zelotes, 16Judab Jacobson og Judam Iskaríot hver að var svikarinn.

17Og hann fór ofan meður þeim af fjallinu og gekk á einn sléttan flöt í mörkinni og flokkur hans lærisveina og mikill fjöldi annars lýðs af allri Judea og Jerúsalem og úr Tyro og Sidon við sjóinn hverjir komnir voru honum að heyra og það þeir læknuðust af sínum sóttum 18og að þeir sem kvöldust af óhreinum öndum yrði heilbrigðir. 19Og allur lýður sótti til honum að ná því að kraftur gekk út frá honum og hann læknaði þá alla.20Og hann hóf sín augu upp yfir lærisveina sína og sagði: „Sælir eru þér volaðir það yðart er Guðs ríki. 21Sælir eru þér sem hungraðir eruð nú því að þér skuluð saddir verða. Sælir eru þér sem nú grátið því að þér munuð hlæja. 22Sælir eru þér þó að menn hati yður og fráskilji yður og hallmæli og forleggi yðart nafn so sem annars illvirkja vegna mannsins Sonar. 23Fagni þér og gleðjist á þeim degi því sjá, yðart verðkaup er mikið á himni því þannin gjörðu og þeirra feður við spámennina.

24En þar í mót: Ve yður auðigum sem hér hafið yðra huggan. 25Ve yður sem nú eruð saddir því að yður mun hungra. Ve yður sem hlæið nú því að þér munuð æpa og ýla. 26Ve yður nær eð hver maður lofar yður því að so gjörðu og þeirra feður við hina fölsku spámenn. 27En eg segi yður sem áheyrið: Elski þér óvini yðra, gjörið þeim vel til sem yður hata, 28blessið þá er yður bölva og biðjið fyrir þeim sem yður misþyrma. 29Og hver hann slær þig á einn kinnvangann bjóð honum og annan frá. Og hver hann tekur af þér þinn möttul þá ver honum eigi þinn kyrtil. 30Og hver þig biður þeim gef og hver hann tekur burt hvað þitt er það heimt eigi aftur. 31Og so sem þér viljið að aðrir menn gjöri við yður gjöri þér líka so við þá.

32Og ef þér elskið þá sem yður elska hver er þá yðar þökk? Því að syndugir elska sína elskendur. 33Og þó þér gjörið þeim gott er yður gjöra vel til hver verður yðar þökk? Því að þetta gjöra einnin hinir syndugu. 34Og þó þér skiptið við þá af hverjum þér væntið launa hver verður þá yðar þökk? Því að syndugir býta við synduga að þeir taki líkt við líku. 35Hvar fyrir þá elski þér óvini yðra, gjörið gott og býtið einskis þar fyrir væntandi. Þá mun yðart verðkaup mikið verða og þér munuð verða synir Hins Hæðsta því að hann er góðfús við-

ur óþakkláta og vonda.[36]Fyrir því verið og miskunnsamir líka sem yðar Faðir er miskunnsamur. [37]Eigi skulu þér dæma að þér dæmist eigi. Fordæmið eigi so að þér fordæmist eigi. Fyrirgefið, þá mun yður og fyrirgefast. [38]Gefið og yður skal gefast, góða og samanþrykkta, skekna og yfirfljótanlega mæling munu þeir gefa í yðart skaut. Því að meður þessari sömu mælingu hverri þér mælið út mun yður aftur mælast.“

[39]Og hann sagði þeim eina eftirlíking: „Fær blindur nokkuð leitt blindan? Falla þeir eigi báðir í gröfina? [40]Eigi er lærisveinninn yfir sínum meistara. Því nær að hver er so sem hans meistari þá er hann algjörður. [41]En hvar sér þú ögn í þíns bróðurs auga en að þeim vagli sem í þínu auga er gáir þú eigi! [42]Eða hvernin máttu segja bróður þínum: Bróðir, leyf að eg dragi ögnina úr auga þínu, er þú sér eigi sjálfur vaglinn í þínu auga! Þú hræsnari, drag þú fyrst út vaglinn úr þínu auga og sjá þá til að þú dragir út ögnina af þíns bróðurs auga. [43]Því ekkert gott tré ber vondan ávöxt og ekkert vont tré ber góðan ávöxt. [44]Hver tré mun og kennast af sínum ávexti. Því að eigi lesa menn saman fíkjur af klungri og eigi heldur vínber af skógarrunni. [45]Góður maður af góðum sjóð síns hjarta fremur gott og illur maður af vondum sjóð síns hjarta fremur illt. Því að af gnægð hjartans mælir munnurinn.

[46]Til hvers kallið þér mig Drottinn, Drottinn, og gjörið eigi það eg segi? [47]Hver hann kemur til mín, heyrir mín orð og gjörir þau, þá mun eg sýna yður að hverjum hann er líkur: [48]Hann er líkur þeim manni er byggði upp hús og gróf djúpt og setti þess grundvöll á hellusteini. En er vatshríðina gjörði dundi vatsflóðið að húsinu og mátti það eigi hræra því að það var grundvallað á hellusteini. [49]En hver hann heyrir þau og gjörir eigi hann er líkur þeim manni er byggði sitt hús á jörðu án grundvölls, að hverju vatsflóðið dundi og það féll jafnsnart og hrapan þess húss var mikil.“

7 En þá hann hafði lyktað sína ræðu fyrir fólkinu gekk hann inn í Kapernaum. [2]En þjón eins hundraðshöfðingja lá dauðvona hver eð honum var geðfelldur. [3]Og er hann heyrði af Jesú sendi hann menn af öldungum Gyðinga til hans og bað hann að koma og gjöra sinn þjón heilbrigðan. [4]En er þeir komu til Jesú, þeir grátbæntu hann og sögðu: „Verður er hann þess að þú veitir honum það [5]því að hann elskar vora þjóð og hefir uppbyggt fyrir oss vort samkunduhús.“ [6]En Jesús gekk með þeim þaðan.

Og þá er þeir voru eigi langt frá húsinu sendi höfðinginn vini til hans og sagði: „Drottinn, þjáið yður eigi því að eg em ei verður að þú gangir inn undir mitt þak. [7]Þar fyrir hefi eg og eigi reiknað sjálfan mig verðugan til þín að koma heldur mæl þú orð og þá verður minn þjón heill. [8]Því að eg em maður valdinu undirgefinn, hafandi undir mér hernaðarmenn og ef eg segi þessum: Far, þá fer hann og öðrum: Kom, so kemur hann, og þjón mínum: Gjör þetta, og þá gjörir hann það.“ [9]En er Jesús heyrði það undraðist hann og snerist við og sagði til fólksins sem honum fylgdi eftir: „Sannlega segi eg yður að eg hefi eigi fundið þvílíka trú í Ísrael.“ [10]Og er þeir sem út voru sendir komu aftur til hússins fundu þeir þann þjón er sjúkur hafði verið heilbrigðan.

[11]Það skeði og eftir það að Jesús gekk til þeirrar borgar sem hét Naim og margir hans lærisveinar fylgdu honum og fjöldi annars fólks. [12]En er hann nálgaðist borgarhliðið, sjá, að framliðinn maður var borinn út, einkasonur sinnar móður, og hún var ekkja. Og mikill borgarmúgur gekk út með henni. [13]Og er Drottinn leit hana hrærðist hann miskunnar og sagði til

hennar: „Æptu eigi.“ 14Og hann gekk
þar að og áhrærði börurnar en þeir eð
báru stóðu við. Hann sagði: „Ung-
menni, eg segi þér: Rís upp.“ 15Og sá
reistist upp við er framliðinn var og tók
að mæla. Og hann fékk hann aftur sinni
móður. 16En yfir alla þá kom ótti, lof-
uðu Guð og sögðu: „Spámaður mikill er
á meðal vor upp risinn og Guð hefur
vitjað síns lýðs.“ 17Og þessi saga barst út
af honum um allt Judeam og um öll ná-
læg héröð.

18Og allt þetta kunngjörðu Johanni
hans lærisveinar. 19Og Jóhannes kallaði
tvo af sínum lærisveinum til sín og
sendi þá til Jesú og lét segja honum:
„Ertu sá eð koma mun eða eigu vær
annars að bíða?“ 20En er þeir menn
komu til hans sögðu þeir: „Jóhannes
baptista sendi okkur til þín og lét segja
þér: Ert þú sá er koma mun eða eigu
vær annars að bíða?“ 21En á þeirri
stundu læknaði hann marga af sóttum
sínum og meinum og af óhreinum
aundum og mörgum blindum gaf hann
sýn. 22Og Jesús svaraði og sagði til
þeirra: „Gangið og kunngjörið Johanni
hvað þér hafið heyrt og séð, það blindir
sjá, haltir ganga, líkþráir hreinsast,
daufir fá heyrn, dauðir rísa upp, fátæk-
um boðast evangelium 23og sæll er sá
sem eigi skammfyllir sig á mér.“

24En er sendiboðar Johannis voru
burtgengnir hóf Jesús að segja til fólks-
ins af Johanne: „Hvar til fóru þér út í
eyðimörkina? Eða fóru þér að sjá reyr-
vönd af vindi skekinn? 25Eða vildu þér
heldur út fara að sjá mann í mjúkum
klæðum prýddan? Sjáið, að þeir sem
dýrmæt klæði bera og af fýsn lifa eru í
konungsgörðum. 26Eða hvað fóru þér
að sjá? Vildu þér sjá spámann? En eg
kann yður að segja: Framar en spá-
mann. 27Þessi er sá af hverjum skrifað
er: Sjá, eg sendi minn engil fyrir þínu
augliti, sá er tilreiða skal veginn fyrir
þér. **Malachias 3:1** 28Því að eg segi yð-
ur að á meðal þeirra sem að konu eru
fæddir er enginn spámanna meiri en
Jóhannes baptista en sá minni er í Guðs
ríki er honum meiri.“

29Og allt það fólkið er tilheyrði og líka
tollheimtumenn réttlættu Guð og létu
sig skíra með skírn Johanis 30en
Pharisei og lögspekingar forsmáðu
Guðs ráð í stríð við sjálfa sig og létu eigi
skírast af honum.

31En Drottinn sagði: „Við hvað skal eg
jafna mönnum þessarar kynslóðar?
Hverju eru þeir líkir? 32Börnum þeim
eru þeir líkir sem sitja á torgi og klakar
hver til annars og segja: vær pípuðum
fyrir yður og þér dönsuðuð eigi, vær
sungum fyrir yður vor harmakvæði og
þér æptuð eigi. 33Því að Jóhannes
baptista er kominn, át eigi brauð né
drakk vín, þó segi þér hann hafi djöful.
34Mannsins Son er og kominn, át og
drakk og þér segið: Sjáið etarann og
víndrykkjumanninn, vininn tollheimtu-
manna og bersyndugra. 35Og spekin
hlýtur so að réttlætast af sínum sonum
öllum.“

36En nokkur af Pharisei bað hann að
hann æti með honum. Og hann gekk
inn í farísearans hús og settist til borðs.
37Og sjá, að kona var sú í borginni að
bersyndug var. Og er hún vissi að Jesús
sat til borðs í farísearans húsi hafði hún
þangað smyrslabuðk 38og fór á baki
honum til fóta hans og tók að væta
hans fætur með tárum og að þurrka
meður lokkum síns höfuðs, kyssti á
hans fætur og reið á smyrslum.

39En þá sá phariseus sá það sem hon-
um bauð inn mælti hann með sér og
sagði: „Ef að þessi væri spámaður þá
vissi hann hvör og hvílík væri sú kona
er á honum tekur því að hún er ein ber-
syndug kona.“ 40Jesús svaraði og sagði
til hans: „Símon, eg hefi nokkuð þér að
segja.“ En hann sagði: „Seg þú, meist-
ari.“ 41„Tveir skuldamenn voru nokkurs
akurkallar. Einn var honum skyldugur
fimm hundruð peninga en annar fimm-
tígi. 42Og er þeir höfðu eigi að gjalda gaf

hann þeim til báðum. Því seg nú, hvor
þeirra er hann elskar meir.“ 43Símon
svaraði og sagði: „Eg meina að sá sem
hann gaf meira til.“ En hann sagði til
hans: „Það úrskurðar þú rétt.“
44Og hann sneri sér til konunnar og
sagði til Símonar: „Sér þú þessa konu?
Eg gekk inn í þitt hús og þú gafst eigi
vatn mínum fótum. En þessi vætti mína
fætur með tárum og þurrkaði með sín-
um höfuðlokkum. 45Koss gafstu mér
öngvan en þessi síðan hún gekk hér inn
hefir hún eigi linnt að kyssa mínar fæt-
ur. 46Mitt höfuð smurðir þú eigi við-
smjöri en þessi reið á mínar fætur
smyrslum. 47Fyrir það segi eg þér að
henni fyrirgefast margar syndir því að
hún elskaði mikið. En þeim sem minna
fyrirgefst hann elskar miður.“ 48Og
hann sagði til hennar: „Þér eru þínar
syndir fyrirgefnar.“ 49Og þeir tóku að
segja sem við borðið sátu með sjálfum
sér: „Hver er þessi sá er einnin fyrirgef-
ur syndir?“ 50En hann sagði til konun-
nar: „Þín trúa gjörði þig hólpna. Far í
friði.“

8 Það skeði og eftir það að hann
ferðaðist í gegnum borgir og kaup-
tún, prédikaði og boðaði evangelium af
Guðs ríki og þeir tólf meður honum 2og
nokkrar þær konur sem hann hafði
grætt af óhreinum öndum og öðrum
sóttarferlum, einkum María sú er hét
Magdalena, frá hverri er sjö djöflar
höfðu út farið, 3og Jóhanna húsfrú
Kúsa, forsjónarmanns Herodis, og Sús-
anna og margar aðrar þær honum
veittu af sínum eignum. 4En þá er
margt fólk var samankomið og þeir
drifu að honum úr stöðunum sagði
hann í eftirlíkingu: 5„Sá gekk út er sáði
að sá sínu sæði. Og þá hann sáði féll
sumt hjá veginum og varð fóttroðið og
fuglar himins átu það. 6Og sumt féll á
hellu og þá er það spratt upp visnaði
það af því það hafði eigi vökvan. 7Og
sumt féll á meðal þyrna og þyrnin
spruttu upp með og kefðu því niður.
8Sumt féll í góða jörð og það vóx upp og
bar hundraðfaldan ávöxt.“ Þá er hann
sagði þetta kallaði hann: „Hver eyru
hefir að heyra, hann heyri!“
9En hans lærisveinar spurðu hann að
hver ið væri þessi eftirlíking. 10Hverj-
um hann sagði: „Yður er unnt að vita
leynda dóma Guðs ríkis en þeim öðrum
í eftirlíkingum so að sjáandi þá sjái þeir
eigi og áheyrandi skilji þeir það eigi.
11En þessi er eftirlíkingin: Sæðið er
Guðs orð. 12En hinir við veginn eru þeir
sem heyra en eftir þá þá kemur djöfull-
inn og tekur orðið úr hjörtum þeirra so
að þeir trúi eigi og verði hólpnir. 13En
hinir er á helluna eru þeir nær þeir
heyra það þá meðtaka þeir það með
fagnaði og hafa þó eigi rót neina. Um
stundarsakir trúa þeir og á freistunar-
tíma þá falla þeir frá. 14En það sem féll á
millum þyrnanna eru þeir sem heyra og
velkjast í sorgum, auðæfum og girnd-
um þessara lífdaga, kefjast so og færa
öngvan ávöxt. 15En það sem í góða jörð
féll eru þeir sem heyra orðið og halda
því í góðu og siðsömu hjarta og færa
ávöxt í þolinmæði.
16En enginn kveikir á ljósinu og byrgir
það í keri eða setur það undir bekk
heldur setur hann það á kertahaldinn
so að þeir sem þar innganga sjái ljósið.
17Því að ekkert er so hulið að eigi verði
opinbert og ekkert so leynt að eigi
kunngjörist og í augljós komi. 18Fyrir
því gætið að hvernin þér heyrið. Því að
þeim ið hefur honum mun gefast og
hver helst eigi hefur frá honum mun
burt takast einnin það hann meinar sig
hafa.“ 19En móðir hans og bræður
komu til hans og gátu eigi fundið hann
fyrir fólkinu. 20Og honum var það
undirvísað: „Móðir þín og bræður eru
úti og vilja sjá þig.“ 21En hann svaraði
og sagði til þeirra: „Mín móðir og mínir
bræður eru þeir sem Guðs orð heyra og
gjöra.“ 22Og það bar til á einum degi að
hann sté sjálfur á skip og hans læri-

sveinar. Hann sagði þá til þeirra: „Föru vær yfir um þennan sjó.“ Og þeir leystu frá landi. [23]En er þeir sigldu sofnaði hann. Og þar kom hvirfilvindur á sjóinn so að fyllti undir þeim og þeim lá við töpun. [24]Þá gengu þeir að hönum, vöktu hann upp og sögðu: „Meistari, meistari, vær forgöngum!“ En hann stóð upp og hastaði á vindinn og á sjávaröldurnar og þær sefuðust og gjörði logn. [25]Hann sagði til þeirra: „Hvar er yðar trú?“ En þeir óttuðust það og undruðust, segjandi sín á milli: „Hver ætli þér að þessi sé? Því að hann býður vindi og vatni og þau hlýða honum.“ [26]Þeir sigldu þá til þeirrar byggðar hvar Gadareni bjuggu, hver eð liggur jafngegnt Galilea.

[27]Og þá hann sté af skipi á land rann í móti honum maður nokkur úr borginni sem haft hafði djöful um langan tíma og klæddist eigi fötum, var og eigi í húsum heldur í dauðra manna leiðum. [28]En er hann leit Jesúm féll hann niður fyrir honum, kallaði upp hárri röddu og sagði: „Hvað á eg með þig, Jesús, Sonur Guðs ins hæsta? Eg beiði þig að eigi kveljir þú mig!“ [29]En hann bauð óhreinum anda að hann færi út af honum því að hann hafði um langa ævi hann kvalið. Hann var og bundinn járnviðjum og í fjötrum varðveittur en að slitnum böndunum var hann rekinn af djöflinum í eyðimörk. [30]Jesús spurði hann að og sagði: „Hvert er nafn þitt?“ Hann sagði: „Legion.“ Því að margir djöflar voru í hann farnir. [31]Og þeir báðu hann að ei skipaði hann þeim að fara í undirdjúpið. [32]En þar var mikil svínahjörð á biti um fjallið og þeir báðu hann að leyfa sér að fara í þau. Og hann lofaði þeim það. [33]Þá fóru djöflarnir út af manninum og hlupu í svínin og hjörðin fleygði sér með einu áhlaupi í sjáinn og drekktist þar. [34]En er þeir sáu það sem hjörðina geymdu flýðu þeir og kunngjörðu það í borgina og í þorpin.[35]Þá gengu þeir út að sjá hvað skeð var og komu til Jesú, fundu manninn af hverjum djöflarnir höfðu út farið sitjanda klæddan og heilvita til fóta Jesú og þeim óaði það. [36]En þeir sem það höfðu séð kynntu þeim hvernin sá inn djöfulóði var heilbrigður orðinn. [37]Og allur mágur Gadarenibyggðar báðu hann að hann viki burt frá þeim því að þeir voru af miklum ótta haldnir. Hann sté þá á skip og sneri aftur. [38]En sá maður sem djöflarnir voru út af farnir bað hann að hann mætti vera hjá honum. En Jesús lét hann frá sér og sagði: [39]„Far aftur í þitt hús og seg hve mikið Guð veitti þér.“ Og hann fór og prédikaði um alla borgina hve mikið Jesús hafði honum gjört.

[40]Það skeði og er Jesús kom aftur að lýðurinn meðtók hann því að allir biðu hans. [41]Og sjá, maður kom þar sá er Jaírus var að nafni og sá var samkunduhússins höfðingi. Hann féll til fóta Jesú og bað hann að hann gengi í hans hús [42]því að hann átti sér einkadóttir nær tólf ára gamla og hún var að dauða komin. Og er hann gekk þangað þá þrengdi fólkið að honum.

[43]Kona var þar og nokkur sem haft hafði blóðfall í tólf ár hver eð út hafði og gefið læknurum sína alla aleigu og varð þó af öngvum grædd. [44]Hún gekk á bak til og snart fald hans klæða og jafnsnart stemmdist hennar blóðlát. [45]Jesús sagði: „Hver er sá er mig snerti?“ En þá allir neituðu sagði Pétur og þeir eð með honum voru: „Meistari, fólk þrengir og þjakar að þér og þú segir: „Hver snart mig?“ [46]Jesús sagði: „Einhver hefur snortið mig því að eg kenni kraft út af mér genginn.“ [47]En er konan sá að það var eigi hulið kom hún skjálfandi og féll fram fyrir fætur hans og kunngjörði fyrir öllu fólki fyrir hverja sök eð hún hafði hann snortið og hversu hún hafði jafnsnart heil orðið. [48]En hann sagði til hennar: „Vert glöð, mín dóttir, þín trúa gjörði þig hólpna. Far í friði.“ [49]Og er hann talaði

enn þetta kom nokkur til samkundu hússins höfðingja, segjandi honum: „Þín dóttir er látin. Ómaka hann eigi.“ 50En er Jesús heyrði það svaraði hann og sagði við föður stúlkunnar: „Hræðst eigi þú, trú heldur, þá verður hún heilbrigð.“ 51Og er hann kom að húsinu lofaði hann ei neinum inn að ganga með sér nema Pétri, Jacobo og Johanne og föður og móður stúlkunnar. 52En þeir grétu allir og syrgðu hana. Hann sagði þá: „Grátið eigi því að hún er ei dauð heldur sefur hún.“ 53Og þeir dáruðu hann því að þeir vissu að hún var látin. 54En hann rak þá alla út og tók í hönd hennar, kallaði og sagði: „Stúlka, statt upp!“ 55Og hennar andi kom aftur og hún stóð jafnsnart upp. Hann skipaði og að gefa henni að eta. 56Hennar foreldrum felmtraði við en hann bauð þeim að segja öngum frá hvað gjörst hafði.

9 En Jesús kallaði saman þá tólf er postular nefndust og gaf þeim kraft og mátt yfir alla djöfla og það þeir læknuðu sóttir, 2og sendi þá og út að prédika Guðs ríki og að græða sjúka 3og sagði til þeirra: „Þér skuluð ekkert bera með yður á veg, hvorki staf né tösku, eigi brauð né peninga, og þér skuluð ei hafa tvo kyrtla. 4Og í hvert það hús sem þér inngangið þá blífið þar þangað til þér farið í burt þaðan. 5Og sá hver er meðtekur yður eigi þá gangið út úr borg þeirri og hristið duft af fótum yðar til vitnisburðar yfir þá.“ 6Þeir gengu út og ferðuðust í gegnum kauptún, boðandi Guðs ríki og læknandi alls staðar. 7En er Heródes fjórðungshöfðingi heyrði það allt hvað er hann gjörði varð hann hræddur af því að af sumum sagðist það Jóhannes væri af dauða risinn 8en af sumum það Elías væri auglýstur en af öðrum það einn af gömlu spámönnunum væri upp aftur risinn. 9Heródes sagði: „Johannem lét eg afhöfða en hver er þessi af hverjum eg heyri þvílíkt?“ Og hann fýstist að sjá hann.

10Postularnir komu aftur og skýrðu honum frá hvað mikla hluti eð þeir höfðu gjört. Og hann tók þá til sín og veik afvega í eyðimörk þeirrar borgar sem hét Betsaída. 11Og er fólkið var þess vart dró það eftir honum. Og hann meðtók það og talaði fyrir þeim af Guðs ríki, læknaði og þá sem þess þurftu. 12En er líða tók á daginn gengu þeir tólf til hans og sögðu honum: „Lát fólkið í frá þér að það gangi í þau þorp og kauptún er hér eru í kring að herbergja sig og leita sér að fæðu því að vær erum hér á eyðimörku.“ 13En hann sagði til þeirra: „Gefi þér þeim að eta.“ Þeir sögðu: „Vær höfum eigi meir en fimm brauð og tvo fiska nema vera megi að vær förum og kaupum fæðu þessu öllu fólki.“ 14En þar var nær fimm þúsund manns. Hann sagði þá til sinna lærisveina: „Látið þá setja sig í lag, fimmtigum saman.“ 15Þeir gjörðu og so, settu sig niður allir samt. 16Hann tók þá þau fimm brauð og tvo fiska, leit til himins, gjörði þakkir og braut sundur, fékk sínum lærisveinum að þeir legði fyrir fólkið. 17Þeir neyttu og urðu allir saddir. Það var og upptekið er þeim hafði afgengið af leifunum, tólf karfir fullar.

18Það gjörðist og þá hann var einn og baðst fyrir og hans lærisveinar hjá honum að hann spurði þá að og sagði: „Hvern segir fólkið mig vera?“ 19Þeir svöruðu og sögðu: „Þeir segja þú sért Jóhannes baptista en aðrir Elías en sumir segja það einn af inum fyrri spámönnum sé upprisinn.“ 20Hann sagði til þeirra: „Hvern segi þér mig vera?“ Símon Petrus svaraði og sagði: „Þú ert Kristur Guðs.“ 21En hann hastaði á þá, bauð þeim að þeir segði það ei neinum 22og sagði það, mannsins Syni bæri margt að líða og forsmáður að verða af öldungum, kennimannahöfðingjum og skriftlærðum og líflátinn verða og á þriðja degi upp að rísa.

[23]Hann sagði þá til allra: „Ef nokkur
vill mér eftirfylgja hann afneiti sjálfum
sér og taki á sig sinn kross hversdags-
lega og fylgi mér eftir. [24]Því hver eð
sínu lífi vill bjarga hann týnir því en
hver sínu lífi týnir minna vegna hann
gjörir það hólpið. [25]Því hvað gagnar það
manninum þó hann hreppi allan heim
en glati sjálfum sér eður skaði sjálfan
sig? [26]Því hver hann feilar sér mín og
minna orða þess mun mannsins Sonur
feila sér þá hann kemur í dýrð sinni og
Föður síns og heilagra engla. [27]En eg
segi yður sannlega að nokkrir af þeim
hér standa smakka eigi dauðann þang-
að til þeir sjá Guðs ríki.“
[28]Það skeði og eftir þessa ræðu, nær
átta dögum, að hann tók með sér Petr-
um, Jacobum og Johannem og gekk
upp á fjallið að biðjast fyrir. [29]Og þá er
hann baðst fyrir varð hans andlitsmynd
önnur og hans klæði hvít og skínandi.
[30]Og sjá, að tveir menn töluðu við hann
hverjir eð voru Moyses og Elía [31]sem
sáust í birtunni og töluðu um hans út-
för hverja hann mundi fullkomna til
Jerúsalem. [32]En Pétur og þeir er voru
með honum voru mjög svefnþunga. Og
er þeir vöknuðu sáu þeir hans dýrð og
þá tvo menn er hjá honum stóðu.
[33]Það varð og þá er hinir voru frá hon-
um viknir að Pétur sagði til Jesú:
„Meistari, gott er oss hér að vera og
gjörum hér upp þrjár tjaldbúði, þér
eina, Moyse eina, Elie eina.“ Og hann
vissi eigi hvað hann sagði. [34]En þá hann
talaði þetta komský og skuggði yfir þá.
Og þeir óttuðust er skýið leið yfir þeim.
[35]Og rödd kom úr skýinu er sagði:
„Þessi er Sonur minn elskulegur, heyrið
honum.“ [36]Og í því er röddin varð
fundu þeir Jesú einansaman. Og þeir
þögðu og sögðu eigi neinum frá því á
þeim dögum hvað þeir höfðu séð. [37]Það
skeði og annars dags er þeir fóru ofan
af fjallinu að margt fólk rann í móti
honum. [38]Og sjá, að maður í bland fólk-
ið kallaði upp og sagði: „Meistari, eg
beiði þig, sjá til sonar míns því að hann
er minn einkason [39]og sjá, að andinn
grípur hann, þá emjar hann upp jafn-
snart, hrífur hann með froðufalli og
varla skilst við hann þá hann hefir slitið
hann. [40]Og eg bað þína lærisveina að
þeir ræki hann út og þeir gátu eigi.“
[41]Þá svaraði Jesús og sagði: „Ó þú hin
fráhverfa og vantrúaða kynslóð!
Hversu lengi þá skal eg hjá yður vera
og líða yður? Fær þú hingað son þinn.“
[42]Og þá hann kom til hans hreif djöfull-
inn hann og sleit. En Jesús straffaði
hinn óhreina anda og læknaði piltinn
og fékk hann föður sínum. [43]En þeim
ógnaði öllum við Guðs mikilvirki.
En er allir þeir undruðust það allt
hvað hann gjörði sagði hann til sinna
lærisveina: [44]„Setjið þessa ræðu í hjörtu
yðar. Því að þar mun koma að manns-
ins Son mun seljast í manna hendur.“
[45]En það orð undirstóðu þeir eigi og
það var hulið fyrir þeim so að þeir
skildu það eigi. Og þeir óttuðust að
spyrja hann að því sama orði.
[46]En sá þanki hófst þeirra á milli hver
þeirra mundi mestur verða. [47]Og þá er
Jesús sá þeirra hjartans þanka þreif
hann barn og setti það hjá sér [48]og sagði
til þeirra: „Hver helst er meðtekur því-
líkt barn í mínu nafni sá meðtekur mig
og hver hann meðtekur mig sá meðtek-
ur þann er mig sendi. En sá yðar sem
minnstur er hann mun mikill verða.“
[49]Jóhannes svaraði þá og sagði:
„Meistari, vær sáum þann er rak djöfla
út í þínu nafni og vær fyrirbuðum hon-
um það því að fylgdi þér eigi eftir með-
ur oss.“ [50]Jesús sagði til hans: „Fyrir-
bjóðið honum það eigi því að hver hann
er ei mót oss sá er með oss.“ [51]En það
skeði þá þeir dagar voru fullkomnaðir
er hann skyldi uppnemast sneri hann
sinni ásján að ganga til Jerúsalem. [52]Og
hann lét sendiboð fara fyrir sinni aug-
sýn. Þeir fóru og gengu inn í samversk-
an kaupstað að þeir reiddu þar til fyrir
honum. [53]En þeir eð þar voru tóku eigi

við honum af því að hann hafði snúið sinni ásján að reisa upp til Jerúsalem.
54En er hans lærisveinar, Jacobus og Jóhannes, sáu það sögðu þeir: „Viltu, lávarður, þá viljum vér segja að eldur komi af himni og fortæri þeim líka sem að Elías gjörði.“ **2.Bók Kónganna 1:10**
55En Jesús sneri sér við, hastaði á þá og sagði: „Viti þér eigi hvers anda synir þér eruð? 56Því mannsins Sonur er eigi kominn til þess að fyrirfara sálum manna heldur þær að frelsa.“ Og þeir gengu burt í annað kauptún.

57Það skeði og er þeir voru á veginum að nokkur sagði til hans: „Eg vil fylgja þér eftir hvert helst þú fer.“ 58Jesús sagði til hans: „Refar hafa holur og fuglar himins hreiður en mannsins Son hefir eigi hvar hann megi sínu höfði að halla.“

59Hann sagði og til eins annars: „Fylg þú mér eftir.“ En sá sagði: „Drottinn, lofa mér fyrst að ganga og greftra föður minn.“ 60Jesús sagði til hans: „Lát þá dauðu grafa sína inu dauðu en þú, gakk og boða Guðs ríki.“ 61Og annar sagði: „Drottinn, eg vil þér eftirfylgja en lofa mér þó fyrst að segja þeim mína burtför sem eru í mínu húsi.“ 62Jesús sagði til hans: „Enginn er þrífur sinni hendi að arðrinum og lítur á bak sér aftur er hæfilegur Guðs ríkis.“

10 En eftir það útvaldi Drottinn og aðra sjötígi og sendi þá út pörum saman fyrir sér í allar þær borgir og álfur er hann vildi koma 2og sagði til þeirra: „Að sönnu er kornskeran mikil en verkmennirnir fáir. Því biðjið herrann kornskerunnar að hann sendi verkmenn í sína kornskeru. 3Fari þér. Sjáið, eg sendi yður so sem lömb á meðal varga. 4Berið eigi pung né tösku og eigi skó. Heilsið og öngum á stræti 5og í hvert það hús þér inngangið þá segið fyrst: Friður sé þessu húsi. 6Og ef þar er sonur friðarins þá hvílist yðar friður yfir honum. En ef eigi er þá snýst hann til yðar aftur. 7Blífið í því sama húsi, etið og drekkið hvað þar veitist því að verður er verkmaðurinn sinna launa.

Eigi skulu þér ráfa hús af húsi. 8Og í hverja borg sem þér inngangið og þeir meðtaka yður þá etið það sem fyrir yður verður fram sett. 9Og læknið sjúka þá sem þar eru og segið þeim: Guðs ríki er nálægt yður. 10En ef þér gangið í nokkra borg þar þeir meðtaka yður ei gangið út á hennar stræti og segið: 11Einnin það duft sem loddi á oss úr yðvari borg hristum vær af yður. Þó skulu þér vita að Guðs ríki var nálægt yður. 12Eg segi yður það Sodoma mun bærilegra vera á þeim degi en þeirri borg.

13Vei þér Kórasín! Vei þér Betsaída! Því að ef skeð hefði í Tyro og Sidon þau kraftaverk sem hjá yður hafa gjörð verið hefði þeir forðum setið í sekk og ösku og gjört so iðran. 14Þó mun Tyro og Sidone bærilegra vera á efsta dómi en yður. 15Og þú Kapernaum sem upphafin ert allt til himins munt niðursökkva til helvítis. 16Hver yður heyrir, hann heyrir mér og hver yður forsmár hann forsmár mig. En hver mig forsmár hann forsmár þann er mig sendi.“

17En þeir sjötígir komu aftur með fagnaði og sögðu: „Drottinn, einnin hafa djöflar oss undirgefnir verið í þínu nafni.“ 18Hann sagði til þeirra: „Eg sá andskotann so sem elding hrapa af himni. 19Sjáið, eg gef yður vald til að stíga yfir höggorma og flugorma og yfir allan kraft óvinarins og yður mun ekkert granda mega. 20En þó skulu þér eigi gleðjast af þessu það andarnir eru yður undirgefnir heldur fagnið af því það yðar nöfn eru skrifuð á himnum.“

21Og samtímis gladdist Jesús í anda og sagði: „Eg prísa þig, Faðir og Drottinn himins og jarðar, að þú huldir þetta fyrir spekingum og forvitringum og opinberaðir það smælingjum. Já, að sönnu,

Faðir, því að so þóknaðist það fyrir þér.
22Allir hlutir eru mér í hendur fengnir
af mínum Föður. Enginn veit hver eð
Sonurinn er nema Faðirinn eða hver eð
Faðirinn er nema Sonurinn og hverjum
eð Sonurinn vill það opinbera.“
23Og hann snerist til sinna lærisveina
og sagði þeim sérdeilis: „Sæl eru þau
augu sem sjá hvað þér sjáið. 24Því að eg
segi yður það margir spámenn og kon-
ungar vildu séð hafa hvað þér sjáið og
sáu það eigi og heyra hvað þér heyrið
og heyrðu það eigi.
25Og sjá, að nokkur lögvitringur stóð
upp, freistaði hans og sagði: „Meistari,
hvað skal eg gjöra so að eg eignist eilíft
líf?“ 26En hann sagði til hans: „Hvað er
skrifað í lögmálinu? Hvernin les þú?“
27Hann svaraði og sagðu: „Elska skaltu
Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og
af allri sálu þinni og af öllum mætti þín-
um og af öllu hugskoti þínu og náunga
þinn sem sjálfan þig.“ 28Hann sagði þá
til hans: „Rétt svaraðir þú. Gjör það og
muntu lifa.“ 29En hann vildi réttlæta
sjálfan sig og sagði til Jesú: „Hver er þá
minn náungi?“ 30En Jesús svaraði og
sagði: „Maður nokkur fór frá Jerúsalem
ofan til Jeríkó og hrasaði í blandræn-
ingja hverjir eð ræntu hann klæðum og
lemstruðu hann sárum, gengu burt og
létu hann þar eftir hálfdauðan liggja.
31En so bar til að kennimaður nokkur
fór ofan sama veg og er hann leit hann
gekk hann fram hjá honum, 32líka og
Levítinn þá hann kom nær þeim stað.
Og er hann sá hann gekk hann og fram
hjá. 33En samverskur maður ferðaðist
og kom í nánd honum. Og er hann leit
hann sá hann aumur á honum, 34gekk
að og batt um sár hans, hellandi í þau
viðsmjöri og víni og lagði hann á sinn
eyk og flutti til herbergis og gaf gætur
að honum. 35En annars dags ferðaðist
hann burt og tók upp tvo peninga og
fékk húsbúandanum og sagði: „Haf gát-
ur á honum og hvað helst þú leggur
meira út þá skal eg borga þér nær eg
kem aftur.“ 36Hver þeirra þriggja sýnist
þér vera þess náungi sem hrasaður var
í bland ræningjanna?“ 37En hann sagði:
„Sá er miskunnsemdina gjörði á hon-
um.“ Þá sagði Jesús til hans: „Far þú og
gjör slíkt hið sama.“
38En það skeði er þeir ferðuðust að
hann gekk inn í nokkurt kauptún. Og
sú kvinna er Marta hét meðtók hann í
sitt hús. 39Og hún átti þá systur er Mar-
ía hét hver eð setti sig fyrir fætur Jesú
og heyrði hans orð. 40En Marta braust
mjög fyrir að þjóna honum. Hún gekk
að og sagði: „Drottinn, hirðir þú ei um
það að systir mín lætur mig einasaman
þjóna? Seg henni að hún hjálpi mér.“
41En Jesús svaraði og sagði til hennar:
„Marta, Marta, þú ert so áhyggjufull og
mæðist í mörgu. 42Eitt er þó nauðsyn-
legt. María hefir kjörið sér gott hlut-
skipti hvað er eigi skal frá henni
takast.“

11 Það skeði eð hann var í
nokkrum stað að biðjast fyrir.
Og er hann gaf upp þá sagði einn af
hans lærisveinum til hans: „Drottinn,
kenn þú oss að biðja líka sem Jóhannes
kenndi sínum lærisveinum.“ 2Hann
sagði þá til þeirra: „Nær þér biðjið segið
so: Faðir vor, sá þú ert á himnum,
helgist nafn þitt. Tilkomi ríki þitt. Verði
þinn vilji so á jörðu sem á himnum.
3Gef oss í dag vort daglegt brauð. 4Og
fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vær
fyrirgefum vorum skuldunautum. Og
leið oss eigi í frestni heldur leys oss frá
illu.“ 5Hann sagði til þeirra: „Hver yðar
sem hér hefur vin og fer til hans um
miðnætti og segir honum: Vinur, lána
mér þrjú brauð 6því að vinur minn er
kominn af leið til mín og eg hefi eigi
það eg megi fram fyrir hann setja. 7Og
hinn sem fyrir innan er svarar: Gjör
mér eigi ónáð því dyr eru luktar og
börn mín eru í svefnhúsi hjá mér og
eigi get eg upp staðið að fá þér þau. 8Eg
segi yður: Ef hann stendur eigi upp og

fær honum þau fyrir það að hann er vinur hans, þó mun hann fyrir sakir hans leiðulegrar brekunar upp standa og fá honum so mikið sem hann þarf.

9Og eg segi yður: Biðjið og yður mun gefast, leitið að og munu þér finna, knýið á og mun fyrir yður upplokið. 10Því að hver eð biður hann mun öðlast, hver eð leitar hann finnur og hver eð áknýr fyrir honum lýkst upp. 11En hver faðir er sá af yður ef sonurinn biður um brauð að hann gefi honum stein þar fyrir? Eða biðji hann um fisk gefur hann honum nokkuð höggorm fyrir fisk? 12Eða ef hann biður um egg að hann rétti að honum flugorm þar fyrir? 13Því ef þér sem vondir eruð kunnið góðar gjafir að gefa sonum yðar, miklu meir þá mun Faðir yðar af himnum gefa þeim Heilagan Anda er hann biðja.“

14Og hann rak út djöful þann er dumbi var. Og það skeði er djöfullinn var útfarinn að hinn mállausi talaði og fólkið undraðist það. 15En nokkrir af þeim sögðu: „Fyrir Belsebúb djöflahöfðingja þá drífur hann djöfla út.“ 16Aðrir freistuðu hans og sóttu að honum eftir teikni af himni. 17En er hann sá þeirra hugrenningar sagði hann til þeirra: „Hvert ríki sem í sjálfu sér er sundurþykkt það mun eyðast og hvert hún mun yfir annað hrapa. 18Og ef andskotinn er í sjálfum sér sundurþykkur hvernin má hans ríki þá standast, fyrst þér segið mig fyrir Belsebúb útreka djöfla? 19Nú ef eg á fyrir Belsebúb djöfla út að reka fyrir hvern rekast þeir þá út af sonum yðrum? Fyrir því verða þeir og yðrir dómendur. 20En ef eg rek út djöfla meður Guðs fingri, að sönnu kemur þá Guðs ríki til yðar. 21Nær eð sterkur, hertygjaður maður varðveitir sitt fordyri þá er allt með mak hvað hann á. 22En þá er annar honum yfirsterkari kemur og yfirvinnur hann og sviptir hann öllum herklæðum á hver hann treysti og sundurskiptir so hans herfangi. 23Hver hann er ei með mér, sá er í móti mér og hver hann dregur eigi saman með mér, sá sundurdreifir.

24Nær óhreinn andi fer af manninum út ráfar hann um þurra staði, leitar að hvíld og finnur eigi. Þá segir hann: Eg vil hverfa aftur í hús mitt hvaðan eg fór. 25Og er hann kemur finnur hann það af sóplimum hreinsað. 26Þá fer hann og tekur með sér sjö aðra anda honum verri og er þeir eru þar innkomnir byggja þeir þar og verður so þess manns hið síðara verra hinu fyrra.“

27En það skeði er hann talaði þetta hóf nokkur kona upp sína rödd og sagði til hans: „Sæll er sá kviður er þig bar og þau brjóst er þú mylktir!“ 28En hann sagði: „Hvað um það. Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita þau.“

29En er fólkið flykktist þar að tók hann að segja: „Kynslóð þessi er ein vond kynslóð. Hún girnist teikn. Og henni gefst ekkert teikn nema teikn Jona spámanns. 30Því að líka sem Jónas var teikn Níníveborgar so mun mannsins Son verða kynslóð þessari. **Jónas 1:17** 31Drottning suðuráttar mun upprísa á efsta dómi með mönnum þessarar kynslóðar og fordæma þá því að hún kom af yðstum takmörkum jarðar að heyra speki Salómons og sjái, hér er meir en Salómon. **1.Bók Kónganna 10:1, 2.Krónikubók 9:1** 32Menn Níníveborgar munu og upprísa á efsta dómi meður þessari kynslóð og munu hana fordæma því að þeir gjörðu iðran viður prédikan Jonas og sjáið, hér er meir en Jonas. 33Enginn tendrar ljósið og setji það í leyni eða undir mæliask heldur á ljósastjakann so að þeir sem innganga sjái ljósið. 34Ljós þíns líkama er augað. Því ef þitt auga er einfalt so er þinn líkami allur skær. En ef auga þitt er strákur þá er einnin þinn líkami myrkur. 35Því sjá so til að ljós það sem í þér er sé eigi myrkur. 36Nú ef allur líkami þinn er skær, eigi hafandi nokkurn myrkvan

part, so blífur hann allur skær og mun upplýsa þig svo sem leiftran eldingar.“
37Og er hann var slíkt að mæla þá bað hann nokkur Phariseus að hann æti miðdagsverð hjá sér. Hann gekk inn og setti sig til borðsins. 38En er farísearinn sá það undraðist hann er hann þvo sér eigi fyrir máltíðina. 39En Drottinn sagði til hans: „Þér farísei, hreinsið nú hið ytra, bikara og matdiska, en yðvart ið innra er fullt með rán og illsku. 40Þér þussar, er eigi so að sá eð gjörði ið ytra hann gjörði einnin hið innra? 41En hvað um það, gefið þó ölmusu af því sem til er og sjáið að þá er yður allt hreint.
42Vei yður Phariseis, sem tíundið myntugras og ruthu og allt kálgresi og sneiðið svo hjá dómi Guðs og réttlæti! Því þetta byrjar að gjöra en hitt eigi eftir að skilja.
43Ve sé yður, Phariseis, sem elskið hin fremstu tignarsæti í samkunduhúsum og kveðjur á torgum!
44Vei sé yður lögspekingum, Phariseis og hræsnurum, því þér eruð sem hulin leiði framliðinna yfir hverjum að menn ganga og þekkja þau eigi!“
45Þá svaraði nokkur lögspekinga og sagði til hans: „Segir þú þetta einnin til háðungar við oss?“ 46En hann sagði: „Og yður lögspekingum sé vei, því þér hlaðið á menn þeim byrðum er þeir geta ei borið og sjálfir þér snertið eigi þær byrðar með einum fingri yðar!
47Vei yður því að þér uppbyggið spámannaleiðin en feður yðrir líflétu þá! 48Að sönnu þá vitni þér það og samsinnið so verkum yðvara feðra því að þeir aflífuðu þá en þér uppbyggið leiði þeirra.49Fyrir því segir spekin Guðs: Eg mun senda til þeirra spámenn og postula og suma af þeim munu þeir deyða en suma ofsóknum sækja 50so að krefjist af þessari kynslóð blóð allra spámanna því úthellt hefir verið frá grundvallan veraldar, 51allt frá blóði Abels og til blóðs Zacharie hver eð lést í milli altaris og musterisins. Að vísu segi eg yður að það mun krefjast af þessari kynslóð. 52Ve sé yður lögspekingum, því þér berið lykil viskunnar en komist þó eigi sjálfir þar inn og hamlið þeim eð þar vilja innganga.“
53En þá hann hafði þvílíkt til þeirra talað tóku lögspekingar til og Pharisei þunglega að þrengja að honum og vélsamlega hann að mörgu að spyrja, 54veitandi honum umsát og leituðu við að jaga það nokkuð af hans munni er þeir mættu um hann kylja.

12 En er mikill og ótölulegur lýður flykktist þar saman so að nálega trað hver annan undir hóf hann upp og sagði til sinna lærisveina: „Í fyrstu vaktið yður fyrir súrdeigi Phariseorum, hvað er hræsni. 2Því að ekkert er so hulið að ei verði augljóst né nokkuð so leynt að eigi vitist. 3Fyrir því hvað þér segið í myrkrum það mun í ljósi heyrast og hvað þér í svefnhúsum hvíslið í eyra mun á ræfrum uppi prédikað.
4En eg segi yður, vinum mínum: Hræðist eigi þá sem líkamann aflífa og eftir það fá þeir eigi meir að gjört. 5En eg vil sýna yður hvern þér skuluð hræðast: Hræðist þann sem eftir það er hann hefir líflátið þá hefir hann magt til að senda í helvíti. Að vísu segi eg yður, þá hræðist hann. 6Seljast eigi fimm skógarþrestir tveimur peningum og einn af þeim er eigi gleymdur fyrir Guði. 7So eru og öll höfuðhár yðar talin. Fyrir því skulu þér eigi óttast því að þér eruð dýrri en margir skógarþrestir. 8En eg segi yður: Hver helst han viðurkennir mig hér fyrir mönnum þann mun mannsins Son viðurkenna fyrir englum Guðs. 9En hver hann afneitar mér hér fyrir mönnum honum mun afneitað verða fyrir Guðs englum. 10Og hver eð talar orð í gegn Guðs Syni þá mun honum fyrirgefast en hver han hæðir að Heilögum Anda honum skal eigi fyrirgefast. 11En nær þeir draga yður inn í

samkunduhús og fyrir sína yfirboðara og valdsmenn þá verið eigi hugsjúkir um hvernin eða hverju þér skuluð svara eða hvað þér skuluð segja 12því að Heilagur Andi mun fræða yður á sömu stundu hvað yður byrjar að segja.“

13En nokkur af fólkinu sagði til hans: „Meistari, seg bróður mínum að hann skipti við mig arfleifð minni.“ 14En hann sagði honum: „Þú maður, hver setti mig fyrir dómara eða arfskiptismann yfir yður?“ 15Og hann sagði til þeirra: „Sjáið til og varið yður við allri ágirni því að enginn lifir þar af það hann hafi mikil auðæfi.“ 16Og hann talaði þá eina eftirlíking til þeira og sagði:

„Auðugur maður nokkur var sá hvers akur eð fært hafði frjóvan ávöxt. 17Hann hugsaði þá með sér og sagði: Hvað skal eg til gjöra? Eg hefi ei það hús hvert eg megi mínum ávexti í safna, 18og sagði: Það vil eg gjöra: Eg vil mína hlöðu niðurrífa og gjöra upp aðra meiri og safna þangað öllu því er mér hefir gróið og so mínum auðæfum. 19Og þá mun eg segja til sálu minnar: Sála mín, þú hefur mikinn auð samandregið til margra ára. Hvíl þig nú, et og drekk og haf allsnægtir og vert glöð. 20En Guð sagði til hans: Þú dári, á þessari nótt munu þeir þína sál af þér krefja og hvers verður það þá er þú hefur tilreitt? 21So er með þeim er sér draga sjóð saman og eru eigi í Guði ríkir.“ 22Þá sagði hann til sinna lærisveina: „Fyrir því segi eg yður: Sturlið eigi fyrir lífdögum yðar, hvað þér skuluð eta, og eigi fyrir líkama yðar, hverju hann skuli klæðast. 23Lífið er meira en fæðan og líkaminn meiri en fötin. 24Hyggið að hröfnunum. Þeir sá hverki né uppskera, eigi hafa þeir hlöðu né kjallara, og þó fæðir Guð þá. Miklum mun meiri eru þér þó fuglunum.

25En hver yðar fær með sinni hugsýki aukið lengd sína alin einni? 26Því ef þér orkið eigi hins minnsta, hvað fyrir sturli þér þá fyrir hinu öðru? 27Hugleiðið hvernin liljugrösin vaxa. Þau vinna eigi né spinna. En eg segi yður það Salómon í allri sinni prýði var ei so skrýddur sem eitt af þeim. 28Nú fyrst Guð skrýðir so það gras er í dag stendur á akri og á morgun verður í baksturofn látið, miklu meir mun hann þó klæða yður, ó þér vesaltrúaðir! 29Þér skuluð og eigi eftirspyrja hvað þér etið eða drekkið og eigi hefja yður hátt. 30Því að eftir þessu öllu sækir heiðin þjóð veraldar en Faðir yðar veit vel að þér þurfið þessa við. 31Því leitið fyrst að Guðs ríki og hans réttlæti og mun yður þá allt tilfalla.

32Hræðst eigi, þú veskul hjörð, því að það þóknaðist Föður yðar að gefa yður ríkið. 33Seljið hvað þér hafið og gefið ölmusu. Gjörið yður og þá sekki er eigi eldast og þann sjóð er eigi minnkar á himnum, að hverjum þjófar fá eigi komist né melur skorið. 34Því hvar yðar sjóður er þar er og yðart hjarta.

35Yðrar lendar sé umgyrtar og logandi ljós í höndum yðrum. 36Verið og líkir þeim mönnum er bíða eftir sínum lánardrottni hvenar hann muni aftur koma af brullaupum, so að þá hann kemur og ber sé strax fyrir honum upplokið. 37Sælir eru þeir þjónar hverja að (þá er herrann kemur) finnur hann vakandi. Sannlega segi eg yður það hann mun upp stytta sig, lætur og þá til borðs sitja, gengur fyrir þeim og þjónar.38Og þó ef hann komi á annarri eykt eða á hinni þriðju og finni það líka so, sælir eru þeir þjónar. 39En það skulu þér vita að ef húsbóndinn vissi á hverri stundu að þjófurinn kæmi þá vekti hann og léti eigi grafa sitt hús. 40Fyrir því verið og reiðubúnir því að mannsins Sonur mun á þeirri stundu koma er þér ætlið eigi.“

41Þá sagði Pétur til hans: „Drottinn, segir þú þessa eftirlíking til vor eða til allra?“ 42En Drottinn sagði: „Hve mikils er vert um trúan og forsjálan fyrir-

sjónarmann hvern eð herrann setur finnur so gjörandi þá eð hann kemur!
44Sannlega segi eg yður það hann mun setja hann yfir allt hvað hann eignast.
45En ef sá sami þjón segir í hjarta sínu: Herra minn gjörir dvöl á að koma, og tekur að berja vinnumenn og ambáttir og að eta og drekka og sig drukkinn að gjöra, 46og þá kemur herrann þess þjóns á þeim degi er hann vonar eigi og á þeirri stundu er hann veit eigi og skiptir honum sundur og leggur honum sín laun meður ótrúuðum.
47En hver sá þjón er veit síns herrans vilja og bjó sig eigi til, gjörði og eigi eftir hans vilja, hann mun mikla refsing fá. 48En sá hann veit eigi og gjörir það hegningar er vert, hann mun minni hirting fá. Því að þeim sem mikið er veitt, af honum æskist mikið, og hverjum mikið verður í hendur selt, af honum heimtist mikið.
49Eg kom að snæra upp eld á jörðu – hvað eg gjarna vilda að hann brynni nú þegar! 50En eg hlýt áður með skírn að skírast. Og hversu eg þrengjunst þangað til hún fullkomnast! 51Meini þér að eg kæmi að senda frið á jörðu? Eg segi yður: Nei, heldur sundurþykkju. 52Því að héðan frá munu fimm verða í einu húsi sundurþykkir, þrír í móti tveimur og tveir í móti þremur. 53Faðirinn mun verða í móti syninum og sonurinn í móti föðurnum, móðurin í móti dótturinni og dótturin í móti móðurinni, og móðir konu manns í móti sonarkonunni og sonarkona í móti móðurkonu mannsins.“ 54En hann sagði til fólksins: „Hvenær þér sjáið ský upp ganga í vestri þá segi þér jafnskjótt að regn komi og það sker. 55Og nær þér sjái sunnanvind blása þá segi þér hita verða, það sker. 56Og þér hræsnarar, ásýnd himins og jarðar kunni þér að prófa en því prófi þér ei þennan tíma sem nú er? 57Eða fyrir því dæmi þér eigi af sjálfum yður hvað réttvíst er?58En nær þú gengur með þínum sökudólg fyrir valdsmanninn þá kosta kapps á veginum að þú losir þig frá honum að eigi dragi hann þig nokkuð sinn fyrir dómarann og dómarinn selji þig refsaranum og refsarinn kasti þér so í dýflissu. 59Eg segi það eigi fer þú út þaðan þar til þú borgar einnin hinn síðasta skarf.“

13 En í þann sama tíma voru þar nokkrir við er kunngjörðu honum frá þeim í Galilea, hverra blóði Pílatus hafði blandað við þeirra fórnir.
2Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Meini þér að þessir Galilei væri fyrir öllum Galileis syndugir þótt þeir þyldu þetta? 3Eg segi yður: Nei, heldur ef þér gjörið eigi iðran þá fyrirfarist þér líka allir. 4Eða meini þér að þeir átján á hverja turninn í Síló áhrapaði og drap hafi sakaðir verið framar öllum mönnum er byggja til Jerúsalem? 5Eg segi yður: Nei, heldur ef þér gjörið eigi iðran munu þér einnin allir fyrirfarast.“
6En hann sagði þeim þessa eftirlíking: „Nokkur maður var sá er fíkjutré hafði plantað í sínum víngarði. Hann kom og leitaði ávaxtar á því og fann eigi. 7Þá sagði hann til víngarðsfágarans: Nú í þrjú ár hefi eg árlega komið og leitað ávaxtar af þessu fíkjutré og fundið eigi. Högg það því af. Hvar til hindrar það garðlendið? 8En hann svaraði og sagði til hans: Herra, lofa því að standa þetta árið þar til eg gref um það og læt að myki 9ef það vildi so ávöxt færa, en ef eigi, þá högg það eftir á af.“ 10Og hann kenndi í samkunduhúsi þeirra á þvottdegi. 11Og sjáið, að þar var sú kona er haft hafði krankleiksanda í átján ár og hún var bjúg og með öngvu móti þá gat hún upplitið. 12En er Jesús leit hana kallaði hann hana til sín og sagði til hennar: „Þú kona, vert laus af krankdæmi þínu“ 13og lagði hendur yfir hana. Og jafnskjótt rétti hún sig upp og dýrkaði Guð. 14Þá svaraði yfirmaður samkunduhússins og þykktist við það Jesús

læknaði á þvottdögum og sagði til lýðsins: „Sex dagar eru þeir á hverjum eð hæfir að vinna. Því komi þér eigi á þeim að láta lækna yður en eigi á þvottdegi.“

15Drottinn svaraði honum og sagði: „Þú hræsnari, leysir eigi hver yðar einn á þvottdegi naut sitt og asna af básí og leiðir til vats? 16En skyldi þessi eigi leysast á þvottdegi, sem þó er Abrahams dóttir, af því bandi er andskotinn hafði hana fjatrað, sjá, í átján ár?“ 17Og er hann sagði þetta skömmuðust sín allir hans mótmælendur og allt fólkið gladdist yfir þeim öllum dýrðarverkum er af honum gjörðust.

18Hann sagði þá: „Hverjum er Guðs ríki líkt og hverju skal eg því samjafna? 19Líkt er það mustarðskorni því maður tók og varpaði í grasgarð sinn. Það spratt upp og varð mikið tré og fuglar himins hreiðruðu sig undir þess kvistum.“ 20Og enn sagði hann: „Hverju skal eg samlíkja Guðs ríki? 21Líkt er það súrdeigi því er kona tók og mengaði við þrjá mæla mjöls þar tli að það sýrðist allt.“ 22Og hann gekk í gegnum borgir og kauptún og kenndi og gjörði sína reisu til Jerúsalem.

23En þar sagði nokkur til hans: „Drottinn, meinar þú eigi að þeir sér fáir er hjálpast?“ En hann sagði til þeirra: 24„Keppið eftir inn að ganga um hið þröngva hliðið því að margir (það segi eg yður) sækja þar til inn að ganga og fá eigi getað. 25Og í frá því eð húsbóndinn er inngenginn og hefir dyrnar afturluktar þá taki þér til þar fyrir utan að standa og á dyrnar að hnýja, so segjandi: Drottinn, drottinn, lúktu upp fyrir oss. Hann mun svara og segja til yðar: Eigi þekki eg yður eða hvaðan þér eruð.

26Þá munu þér hefja upp og segja: Vær höfum etið hjá þér og drukkið og á strætum vorum kenndir þú. 27En hann mun þá segja: Eg segi yður það eigi kenni eg yður hvaðan þér eruð. Farið frá mér, allir þér illgjörðamenn. 28Þar mun vera óp og tannagnístran nær þér sjáið Abraham og Ísaak og Jakob og alla spámenn í Guðs ríki en yður útrekna. 29Og þeir úr austri og vestri, norðri og suðri munu koma og til borðs sitja í Guðs ríki. 30Og sjáið, að þeir sem voru síðastir verða fyrstir og þeir eð eru fyrstir verða síðastir.“

31Á þeim sama degi gengu nokkrir af Phariseis inn og sögðu honum: „Haf þig burt og gakk héðan því að Heródes vill aflífa þig.“ 32Hann sagði til þeirra: „Fari þér og segið þeim ref: Sjáið, að eg rek út djöfla og fullgjöri lækningar í dag og á morgun en á þriðja degi líð eg undir lok. 33Hvað fyrir það? Þó byrjar mér í dag og á morgun og næsta dag eftir að ganga. Því að það fær eigi skeð að nokkur spámaður farist utan í Jerúsalem.

34Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem aflífar spámennina og grýtir þá steinum er til þín verða sendir! Hversu oft hefi eg viljað samansafna sonum þínum, líka sem hæna sínu hreiðri undir vængi sér, og þér hafið eigi viljað. 35Sjáið, yðvart hús skal yður því eyðilátið verða. En eg segi það eigi munu þér sjá mig þar til það kemur er þér munuð segja: Blessaður sé sá er kemur í nafni Drottins.“ **Sálmar 118:26**

14 Og það skeði að Jesús gekk á þvottdegi inn í hús nokkurs þess sem var yfirboðari Phariseorum brauðs að neyta. Þeir höfðu og vörð á honum. 2Og sjá, að maður nokkur sá vatssótt hafði var þar frammi fyrir honum. 3Jesús ansaði og sagði til lögspekinga og Phariseis, so segandi: „Leyfist nokkuð að lækna á þvottdögum?“ 4En þeir þögðu við. Hann tók þá á honum og læknaði hann og lét burt fara, 5svaraði og sagði til þeirra: „Hvers yðar asni eða naut sem fellur í pytt, er það eigi jafnsnart útdregið á þvottdegi?“ 6Og þeir gátu honum öngvu þar til svarað.7En þessa eftirlíking sagði hann til

boðsmannanna þá hann merkti hvernin þeir mátust eftir hinum fremstum sætum og sagði til þeirra: [8]„Nær þú verður boðinn af nokkrum til brúðlaups þá set þig eigi í hin æðstu sæti. Kann ske að annar eigi óærlegri en þú sé boðinn af honum [9]og komi sá sem þér bauð og honum, segi til þín: Gef þú þessum rúm, og hljótir þú þá með kinnroða að halda hinn yðsta sess. [10]Heldur nær eð þú verður boðinn þá far og set þig í hið yðsta sæti so að nær sá kemur er þér bauð og segi til þín: Vinur, þoka þér upp betur, og mun þér þá virðing veitt fyrir þínum sessunautum. [11]Því að hver sig sjálfur upphefur hann skal niðurlægjast og hver sig sjálfur lækkar hann skal upphefjast.“

[12]Hann sagði þá til hans er honum hafði boðið: „Nær þú heldur miðdagsverð eður kveldmáltíð þá skaltu eigi bjóða vinum þínum né bræðrum, eigi frændum þínum né nágrönnum þeim sem ríkir eru, að eigi bjóði þeir þér heim til sín aftur og sé þér þá endurgoldið, [13]heldur nær þú gjörir heimboð þá bjóð fátækum, vönuðum, höltum og blindum [14]og muntu sæll verða. Því að þeir hafa eigi til þér aftur að lúka en það mun þér endurgoldið verða í upprisu réttlátra.“ [15]En er þetta heyrði nokkur af þeim er til borðsins sat sagði hann til hans: „Sæll er sá maður sem etur brauð í Guðs ríki.“ [16]En hann sagði til hans: „Nokkurs konar maður var sá er gjörði mikla kveldmáltíð og bauð mörgum til hennar [17]og sendi út sinn þjón um kveldmálstímann að hann segði so boðsmönnunum: Komið því að allt er nú reiðubúið. [18]En þeir tóku þá allir til hver eftir annan að afsaka sig. Hinn fyrsti sagði til hans: Búgarð keypta eg og hefi því þörf að fara út og sjá hann. Eg bið þig afsaka mig. [19]Og annar sagði: Fimm akneyti keypta eg og fer eg nú út að reyna þau, eg bið þig afsaka mig. [20]Hinn þriðji sagði: Konu hefi eg festa, fyrir því má eigi eg eigi koma. [21]Og þjónustumaðurinn kom aftur og undirvísaði það sínum herra.

Þá varð húsbóndinn reiður og sagði til síns þjóns: Far snarlega út á stræti og götur borgarinnar og leið volaða, vanaða, blinda og halta hingað inn. [22]Og þjóninn sagði: Herra, það er gjört hvað þú skipaðir og þó er enn meira rúm. [23]Og herrann sagði til þjónsins: Far þú út á þjóðbrautir og um túngarða og neyðið þá hér inn að koma so mitt hús verði fullt. [24]En eg segi yður það að enginn þeirra manna sem boðnir voru munu smakka mína kveldmáltíð.“

[25]En margt fólk gekk með honum. Og hann sneri sér við og sagði til þeirra: [26]„Ef nokkur kemur til mín og hafnar eigi föður sínum og móður, konu og börnum, bræðrum og systrum og þar til sínu eigin lífi, hann fær eigi minn lærisveinn verið. [27]Og hver hann ber eigi sinn kross og fylgir mér eftir sá getur eigi minn lærisveinn verið.

[28]Því hver yðar sem turn vill uppbyggja situr hann eigi áður og samanreiknar kostnaðinn, hvað þarflegt er og hvað hann hefir til nægta? [29]So að nær eftir á, er hann hefir grundvöllinn lagt geti hann ei fullgjört hann og allir þeir það sjá taka að dára hann [30]og segja: Þessi maður tók að byggja og gat eigi við lokið. [31]Eða hver konungur gengur út að halda orustu gegnt öðrum konungi, situr hann eigi áður og hugsar um með sér hvert hann getur með tíu þúsundir runnið í móti honum er með tuttugu þúsundir kemur til hans? [32]En ef eigi þá sendir hann boðskap út þá þegar hinn er þó fjarlægur og biður hann þess sem friðsamlegt er. [33]So og líka sérhver yðar sem eigi afsegir öllu því hann eignast fær eigi minn lærisveinn verið.

[34]Saltið er gott en ef saltið dofnar með hverju kryddi þér þá? [35]Því að það er þá hvorki á túnjörð né í taðhauga þarflegt heldur verður því útvarpað. Hver eyru hefir að heyra, hann heyri.“

15 Nær allir tollheimtumenn og bersyndugir nálægðust hann að heyra honum. 2Og Pharisei og skriftlærðir mögluðu og sögðu: „Þessi meðtekur synduga og etur meður þeim.“ 3En hann sagði þessa eftirlíking til þeirra og sagði: 4„Hver er sá í bland yður sem hefur hundrað sauða og ef hann týnir einum af þeim forlætur eigi hann níu og níutigu í eyðimörku og fer eftir þeim er týndist þangað til hann finnur hann? 5Og nær hann hefur hann fundið leggur hann hann upp með fagnaði sér á herðar, 6kemur heim og samankallar vini og nágranna og segir til þeirra: Samgleðjist með mér því að eg hefi minn sauð aftur fundið sem tapaður var. 7Eg segi yður að líka svo mun fögnuður verða á himnum yfir einum syndugum þeim er iðran gjörir, meir en yfir þeim níu og níutígu réttlátum er eigi þurfa yfirbótar við. 8Eða hver sú kona eð hefur tíu peninga og ef hún týnir einum, kveikir hún eigi ljós og sópar húsið og leitar vandlega þar til hún finnur hann? 9Og nær hún hefir fundið hann samankallar hún vinkonur sínar og grannkonur og segir: Samgleðjist mér því að eg hefi minn pening aftur fundið hverjum eg hafða týnt. 10Líka so segi eg yður að fögnuður mun vera fyrir englum Guðs yfir einum syndugum þeim yfirbót gjörir.“

11Og hann sagði: „Nokkur maður var sá er hafði tvo syni. 12Og hinn yngri af þeim sagði til föðus síns: Faðir, gef mér þá deild af góssinu sem mér ber. Og hann skipti með þeim góssinu. 13Og innan fárra daga þá dró hinn yngri sonurinn allt til samans og reisti síðan lagt burt í fjarlægt ríki og fortærði þar sínu góssi í eyðslulegum lifnaði. 14Og eftir á er hann hafði öllu sóað gjörðist megnt hungur í því sama ríki so hann tók vesöld að þola. 15Hann fór og hélt til hjá einum borgari þess ríkis. Og sá sendi hann út á sinn bústað að hann gætti þar svína. 16Hann fýsti og að seðja sinn maga af drafi því er svínin átu og enginn gaf honum. 17En hann komst þá við og sagði: Hve margir leigumenn þá eru í míns föðurs húsi þeir eð hafa nægð af brauðum en eg ferst í hungri þessu! 18Því skal eg upp standa og fara til föður míns og segja til hans: Faðir, eg syndgaði í himininn og fyrir þér. 19Því er eg eigi verðugur að kallast þinn sonur. Gjör mig því sem einn af þínum leigumönnum. 20Hann reis upp og kom til föður síns. Og er hann var enn langt í burt þaðan leit hann faðir hans og sá aumur á honum, hljóp að og féll um háls honum og kyssti hann. 21En sonurinn sagði til hans: Faðir, eg syndgaði í himininn og fyrir þér. Af því em eg nú eigi verðugur að kallast sonur þinn. 22En faðirinn sagði til þjóna sinna: Berið strax hingað hið æðsta klæði og færið hann í og gefið hring á hans hönd og skó á hans fætur, 23sækið alinn kálf og slátrið honum og neytum so og verum kátir. 24Því að þessi minn sonur var dauður og endurlifnaði, hann týndist og er nú fundinn. Og þeir tóku að gleðjast.

25En hans hinn eldri sonur var á akri og er hann kom og nálgaðist húsið heyrði hann kveðskap og danslæti 26og kallaði einn af þjónustumönnunum til sín og spurði hvað þetta væri. 27Sá sagði honum: Bróðir þinn er kominn og slátraði faðir þinn öldum kálfi það hann fékk hann heilan aftur. 28En hann þykktist við og vildi eigi inn ganga. Þá gekk faðir hans út og bauð honum. 29En hann svaraði og sagði til föður síns: Sjá, hve mörg ár þjóna eg þér og aldrei enn yfirgefið þín boðorð og þú gafst mér enn aldrei kið so að eg mætti meður mínum vinum glaður vera. 30En nú er þessi þinn sonur kominn hver eð hafði svælt sínu góssi meður portkonum, þá slátraðir þú honum alinn kálf. 31En hann sagði honum: Son minn, þú ert jafnan hjá mér og allt hvað mitt er það er þitt. 32Því ættir þú nú að vera kátur

og góðsinnaður það þessi þinn bróðir var dauður og endurlifnaði, hann týndist og er aftur fundinn.“

16 En hann sagði til sinna lærisveina: „Auðigur maður nokkur var sá sem hafði ráðsmann og sá varð rægður við hann sem hefði hann fargað hans góssi [2]og kallaði hann til sín og sagði til hans: Hvernin heyri eg þetta af þér? Gjör reikning þinnar ráðsmennsku því að þú mátt eigi héðan af ráðsmennsku hafa. [3]En ráðsmaðurinn sagði með sjálfum sér: Hvað skal eg tilgjöra þá minn herra sviptir mig ráðsmennskunni? Eigi dugi eg að grafa en eg skömmunst að biðja. [4]Eg veit hvað eg skal gjöra nær að eg verð afsettur ráðsmennskunni so það þeir meðtaki mig í sín hús.

[5]Hann samankallaði og líka alla skulda menn síns herra og sagði til hins fyrsta: Hversu mikið ertu skyldugur mínum herra? [6]Hann sagði: Hundrað tunnur viðsmjörs. Hann sagði þá til hans: Tak þitt bréf, set þig og skrifa strax fimmtigi. [7]Eftir það sagði hann til annars: En ertu mikið skyldugur? Sá sagði: Hundrað tróg hveitis. Þá sagði hann til hans: Tak þitt bréf og skrifa áttatigi. [8]Og herrann lofaði þann rangláta ráðsmann það hann hafði so forsjálega gjört. Því að synir þessarar veraldar eru kænari sonum ljóssins í sinni kynslóð. [9]Og eg segi yður: Gjörið yður vini af hinum rangferðuga mammon so nær ed yður þrotar að þeir meðtaki yður í eilífar tjaldbúðir.

[10]Hver trúr er í minnstu sá er og trúr í miklu og hver rangsnúinn er í litlu hann er og rangferðugur í miklu. [11]Því ef þér eruð eigi trúir í hinum rangferðuga mammon hver trúir yður þá til þess sem sannarlegt er? [12]Og ef þér voruð eigi trúir í annarlegu hver mun gefa yður þa hvað yðart er? [13]Enginn þjón getur tveimur herrum þjónað. Því annað hvort hafnar hann þeim eina og elskar hinn annan eða þýðist þann eina og forsmár hinn annan. Þér getið eigi Guði þjónað og so þeim mammon.“

[14]En þeir Pharisei heyrðu allt þetta sem ágjarnir voru og dáruðu hann. [15]Þá sagði hann til þeirra: „Þér eruð þeir hverjir sig réttlæta fyrir mönnum en Guð þekkir hjörtu yðar því að hvað hátt er hjá mönnum það er svívirðulegt fyrir Guði. [16]Lögmálið og prophetarnir spáðu allt til Johannem en upp frá því boðast Guðs ríki fyrir evangelium og sérhverjir menn gjöra því ofurefli. [17]En léttfelldara er að himinn og jörð forgangi en einn titill af lögunum falli. [18]Hver sína eiginkonu forlætur og giftist annarri, sá drýgir hór og hver eð giftist þeirri sem frá manni er skilin hann drýgir hór.

[19]Nokkur mann ríkur var þar sá er klæddist með perl og purpura og át daglega skínandi krásir. [20]Og þar var einn þurfamaður sem Lasarus var að nafni, hver eð úti lá fyrir hans dyrum fullur kauna. [21]Og hann fýstist að seðja sig af þeim molum sem féllu af borðum hins ríka manns og enginn gaf honum nokkuð heldur komu hundar og sleiktu hans kýli. [22]En so varð að hinn volaði dó og var borinn af englum í faðm Abrahams. Hinn ríki andaðist líka og var jarðaður.

[23]Og sem hann var í helvíti og kvölunum þá hóf hann upp sín augu og leit Abraham langt í burt og Lazarum í hans faðmi. [24]Þá hrópaði hann og sagði: Abraham, faðir, miskunna mér og send Lazarum að hann drepi hinu fremsta síns fingurs í vatn og kæli tungu mína því að eg kvelst í þessum loga! [25]Og Abraham sagði til hans: Hugleittu, sonur, að þú meðtókst þinn góða í lífinu, Lasarus þar í mót sitt hið vonda. Því hlýtur hann nú að huggast en þú að kveljast. [26]Og fram yfir allt þetta er í milli vor og yðar mikil hvelf staðfest so að þeir sem vilja héðan fara til yðar geta það eigi og þeir eigi þaðan frá yður

upp til vor farið. 27Þá sagði hann: Þá bið
eg þig, faðir, að þú sendir hann í míns
föðurs hús 28því að eg hefi fimm bræð-
ur, að hann gefi þeim vitneskju af so að
eigi komi þeir í þennan kvalastað.
29Abraham sagði til hans: Þeir hafa Mo-
sen og spámennina, heyri þeir þeim.
30En hann sagði: Nei, Abraham, faðir,
heldur ef nokkur framliðinna færi til
þeirra þá mundu þeir iðran gjöra. 31En
hann sagði honum: Ef þeir heyra eigi
Moyse og spámönnönum þá munu þeir
og eigi heldur trúa þó nokkur fram-
liðinna risi upp.“

17 En hann sagði til sinna læri-
sveina: „Ómögulegt er að þar
skyldi ei koma hneykslanir en ve þeim
fyrir hvern þær koma. 2Þarfara væri
honum að kvernarsteinn hengdist um
háls honum og væri í sjó kastað en það
að hann hneyksli einn af þessum ves-
alingum. 3Vaktið yður. Ef bróður þinn
brýtur við þig þá átel hann og ef hann
iðrast þá fyrirgef honum það. 4Og þó
hann brjóti sjö sinnum á degi við þig og
snúist sjö sinnum aftur á degi til þín og
segi: Það iðrar mig, þá fyrirgef honum
það.“

5Og postularnir sögðu til Drottins:
„Auk þú oss trúna.“ 6En Drottinn sagði:
„Ef þér hefðuð trú sem annað must-
arðskorn og segðuð þessu aldintré:
Uppræt þig og rótfest þig í sjónum aft-
ur, og mundi það yður hlýða.

7En hver yðar sem hefir þann þjón er
plægir og fénað hirðir, nær eð hann
kemur heim af akri, að hann segi hon-
um þá: Far strax og set þig til borðs? 8Er
það eigi so að hann segir til hans: Bú til
það eg haldi kveldverð og stytt þig upp
og þjóna mér þar til að eg hefi etið og
drukkið og eftir á þá skaltu eta og
drekka. 9Þakkar hann nokkuð þeim
þjón þó hann gjörði hvað honum var
boðið? Eg meina nei. 10So og þér líka,
nær þér hafið allt það gjört hvað yður
var boðið þá segið: Ónýtir þjónar eru
vér, hvað vér áttum með skyldu að
gjöra það gjörðu vér.“

11Það skeði og þá hann fór til Jer-
úsalem að hann dró mitt í gegnum
Samariam og Galileam. 12Og er hann
gekk inn í nokkurt kauptún mættu
honum tíu líkþráir menn hverjir eð
stóðu langt frá, 13hófu upp sína raust og
sögðu: „Jesú, góði meistari, miskunna
oss!“ 14Og er hann sá þá sagði hann til
þeirra: „Fari þér og sýnið yður prestun-
um.“ Og það skeði er þeir gengu þaðan
að þeir urðu hreinir. 15En einn af þeim,
nær hann sá það hann var hreinn
vorðinn sneri hann aftur og lofaði Guð
með hárri raust 16og féll fram á sína
ásjónu fyrir fætur honum og þakkaði
honum. Og þessi var samverskur. 17En
Jesús svaraði og sagði: „Voru eigi tíu
hreinsaðir? En hvar eru hinir níu?
18Fundust öngvir aðrir þeir aftur sneru
og gæfi Guði dýrð nema þessi
útlendingur?“ 19Og hanns sagði til hans:
„Statt upp og far héðan. Þín trúa gjörði
þig hólpinn.“

20En er hann var aðspurður af Pharise-
is hvenær eð Guðs ríki kæmi svaraði
hann og sagði: „Guðs ríki kemur ei með
ytri hegðan. 21Þar mun og eigi segjast:
Sjá, hér, eða: Þar er það. Því sjáið, að
Guðs ríki er hið innra með yður.“

22Og enn sagði hann til sinna læri-
sveina: „Þær stundir koma það þér
munið girnast að sjá einn dag mannsins
Sonar og munuð hann eigi sjá. 23Og þeir
munu segja til yðar: Sjá hér, sjá þar. Þá
gangið ei þangað og eigi heldur eftir
fylgið. 24Því að so sem elding af himni
leiftrar og lýsir yfir allt hvað undir
himninum er líka svo mun mannsins
Sonur vera á sínum degi. 25En honum
byrjar fyrst margt að þola og hraktur
vera af þessari kynslóð.

26Og sem það skeði á dögum Nóa líka
so mun það ske á dögum mannsins
Sonar. **Genesis 6,7** 27Þeir átu og
drukku, þeir kvonguðust og létu sig
gifta, allt til þess dags er Nói gekk í örk-

ina og flóðið kom og tortýndi þeim öllum. 28Líka einni skeði á dögum Lot. Þeir átu og drukku, þeir keyptu og seldu, þeir plöntuðu og uppbyggðu. 29En þann dag eð Lot fór út af Sodoma rigndi ofan eldi og brennisteini af himni og fyrirfór þeim öllum. **Genesis 19:24** 30Eftir slíkum hætti mun sá dagur ske er mannsins Sonur mun opinberast.

31Hver hann verður í þann sama tíma á ræfri staddur og sé hans búsgagn í húsinu, þá stígi hann ei ofan það í burt að taka. So og einnin sá hann er á akri þá snúi hann ei aftur eftir því sem á baki honum er. 32Minnist þér á konu Lots. 33Hver helst sem eftir sækir sína önd að forvara sá fyrirfer henni og hver helst hann týnir henni sá býr hana til lífs.

34Eg segi yður: Á þeirri nótt munu tveir liggja á einni sæng, mun einn meðtekinn og annar forlátinn. 35Og tvær munu mala til samans, mun ein meðtekin og önnur forlátin.“ 36Tveir verða á akri, einn mun meðtekinn, en annar forlátin 37Þeir svöruðu og sögðu til hans: „Hvar þá, Drottinn?“ En hann sagði til þeirra: „Hvar helst að hræið er, þangað safnast og ernirnir.“

18 En hann sagði eftirlíking til þeirra hvernin vér skyldum jafnan biðja og ei þreytast 2og sagði: „Sá dómari var í nokkri borg sem eigi óttaðist Guð og eigi skeytti um menn. 3En ekkja nokkur var þar í sömu borg og hún kom til hans og sagði: Leys mig af mínum mótstöðumönnum. 4Og um langan tíma vildi hann eigi. En eftir á sagði hann með sjálfum sér: Þó eg óttist eigi Guð né skeyti um öngvan 5þó fyrir það að þessi ekkja gjörir mér ónáð mikla þá vil eg leysa hana so að hún komi ei að síðustu og ofþreyti mig.“ 6Þá sagði Drottinn: „Heyri þér hvað sá rangláti dómari segir. 7Skyldi Guð nú eigi gjöra frelsan sinna útvaldra, þeirra sem nótt og dag til hans kalla, og þolinmæði yfir þeim hafa? 8En eg segi yður það hann mun bráðlega gjöra þeirra frelsan. En þá nær mannsins Sonur kemur, meinar þú að hann muni trú finna á jörðu?“

9En hann sagði til nokkra þeirra sem trúðu sig sjálfa réttláta vera og forsmáðu aðra þessa eftirlíking: 10„Tveir menn þá gengu upp í musterið að biðjast fyrir. Einn var Phariseus en annar tollheimtumaður. 11Farísearinn stóð og baðst þannin fyrir með sjálfum sér: Guð, eg þakka þér að eg em eigi so sem aðrir menn, ræningjar, óréttferðugir og hórdómsmenn eða so sem þessi tollheimtumaður. 12Eg fasta tvisvar í viku og gef tíundir af öllu því eg á. 13Og tollheimtumaðurinn stóð langt í frá og vildi eigi upphefja sín augu til himins heldur barði hann á sitt brjóst og sagði: Guð, vertu mér syndugum líknsamur. 14Eg segi yður fyrir sann að þessi fór meir réttlátur í sitt hús en hinn. Því hver sig sjálfur upphefur hann mun niðurlægjast og hver sjálfan sig niðurlægir hann mun upphafinn verða.“

15Þeir færðu þá til hans ungbörn að hann tæki á þeim. En er það sáu hans lærisveinar ávítuðu þeir þá. 16En Jesús kallaði þau til sín og sagði: „Leyfið börnunum til mín að koma og bannið þeim það eigi því að þvílíkra er Guðs ríki. 17Sannlega segi eg yður: Hver hann meðtekur eigi Guðs ríki sem ungbarn hann mun eigi innganga í það.“ 18Og höfðingi nokkur spurði hann að og sagði: „Góði meistari, hvað skal eg gjöra að eg eignist eilíft líf?“ 19En Jesús sagði til hans: „Hvað kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. 20Boðorðin veistu að eigi skulir þú mann vega, eigi hórdóm drýgja, eigi þjófnað fremja, ekkert ljúgvitni bera, heiðra skaltu föður og móður.“ 21En hann sagði: „Allt þetta hefi eg haldið frá barnæsku minni.“ 22Þá Jesús heyrði það sagði hann til hans: „Eitt brestur þig

enn. Sel allt hvað þú hefur og gef fátækum og muntu þá hafa sjóð á himni og kom og fylg mér eftir.“ 23Þá hann heyrði það varð hann hryggur af því hann var mjög auðigur.

24En er Jesús sá hann hryggvan orðinn sagði hann: „Hversu torvelt er þeim inn að ganga í Guðs ríki sem ríkdóm hafa! 25Hægara er úlfaldanum að ganga í gegnum nálarauga en ríkum manni inn að ganga í Guðs ríki.“ 26Þá sögðu þeir sem til heyrðu: „Hver fær þá hjálpast?“ 27En hann sagði: „Hvað ómáttugt er fyrir mönnum það er mögulegt fyrir Guði.“

28Þá sagði Pétur: „Sjáðu, vær forlétum allt og fylgdum þér eftir.“ 29En hann sagði til þeirra: „Sannlega segi eg yður: Enginn er sá hver sitt heimili eður foreldra eða bræður, konu eða börn forlætur vegna Guðs ríkis 30að hann meðtaki eigi miklu fleira aftur á þessum tíma og í öðrum heimi eilíft líf.“

31En Jesús tók þá tólf til sín og sagði til þeirra: „Sjáið, að vér förum nú upp til Jerúsalem og það mun allt fullkomnað verða hvað skrifað er fyrir spámennina af mannsins Syni. 32Því að hann mun framseldur verða heiðingjum og hann mun hleginn, spýttur og spéaður verða 33og þeir munu hann húðfletta og lífláta og eftir það á hinum þriðja degi mun hann upp aftur rísa.“ 34Og þeir forstóðu ekkert af þessum orðum og þau voru hulin fyrir þeim og eigi vissu þeir hvað þau höfðu að segja. 35En það skeði þá hann tók að nálgast Jeríkó að nokkur mann blindur var við veginn og bað ölmusu. 36Og er hann heyrði að fólkið gekk þar fram hjá spurði hann að hvað það væri. 37Þeir sögðu honum þá að Jesús af Naðsaret gengi þar hjá. 38Þá kallaði hann og sagði: „Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér!“ 39En þeir sem undan gengu höstuðu á hann að hann þegði. Hann kallaði því meir og sagði: „Sonur Davíðs, miskunna þú mér!“ 40En Jesús stóð kyrr og bauð þeim að leiða hann til sín. Og er hann var kominn hart nær honum tók hann að spyrja hann að: 41„Hvað viltu eg gjöri þér?“ Hann sagði: „Drottinn, það eg mætti sjá.“ 42Jesús sagði til hans: „Vert skyggn, þín trúa gjörði þig hólpinn.“ 43Og jafnsnart fékk hann sýnina, fylgdi honum og eftir, vegsamandi Guð. Og allt það fólk er þetta sá gaf Guði lof.

19 Hann gekk og inn og reisti í gegnum Jeríkó. 2Og sjá, að maður sá er Zacheus var að nafni, hver eð var foringi tollheimtumanna og sjálfur hann auðigur. 3Og hann girntist að sjá Jesúm, hver hann væri, og gat eigi fyrir fólkinu því að hann var lítill vexti. 4Hann hljóp þá fram undan og klifraði upp í nokkurt aldintré so að hann sæi hann því þar átti hann fram um að fara. 5Og sem Jesús kom að þeim sama stað leit hann upp og sá hann og sagði til hans: „Zachee, stíg þú með skyndingi ofan því að í dag byrjar mér að vera í þínu húsi.“ 6Og hann sté skyndilega ofan og tók við honum fagnandi. 7Og er þeir sáu það mögluðu þeir allir það hann skyldi herbergja sig hjá bersyndugum manni.

8En Zacheus stóð og sagði til Jesú: „Sjáðu Drottinn, helftina minna eigna gef eg fátækum og ef eg hefi nokkurn tælt þá gefi eg ferfalt aftur.“ 9Jesús sagði til hans: „Í dag þá veitist þessu húsi heilsa með því að hann er Abrahams sonur. 10Því að mannsins Sonur er kominn eftir að leita og að frelsa hvað fortapað er.“

11Að þeim enn áheyrendum jók hann við og sagði þessa eftirlíking af því að hann var hartnærri Jerúsalem og það þeir ætluðu að Guðs ríki mundi þá strax opinbert verða 12og sagði: „Nokkur eðalborinn mann ferðaðist í fjarlæg lönd að hann aflaði sér ríkis og kæmi so aftur. 13Þessi kallaði á tíu sína þjóna og fékk þeim tíu pund og sagði til þeirra: Sýslið þar með til þess eg kem

aftur. 14En hans borgarmenn hötuðu hann og sendu honum boð og létu so segja honum: Vær viljum ei þennan ríkja láta yfir oss.

15Það skeði og þá hann kom aftur sem hann hafði ríkið undir sig tekið skipaði hann að kalla á þá sömu þjóna hverjum hann hafði féð fengið so að hann vissi hvað mikið hver hafði sýslað. 16Hinn fyrsti kom og sagði: Herra, þitt pund hefur afrekað tíu pund. 17Hann sagði þá til hans: Eija, þú góði þjón. Af því þú vart trúr í litlu skaltu vald hafa yfir tíu borgum. 18Hinn annar kom og sagði: Herra, þitt pund hefur samandregið fimm pund. 19Til hans sagði hann: Og þú skalt vera yfir fimm borgum.

20Og hinn þriðji kom og sagði: Herra, sjá, þar er þitt pund hvert eg hefi í sveitadúki fólgið. 21Eg hræddunst þig því þú ert maður ógurlegur, tekur það upp hvað þú hefur eigi niður lagt og uppsker það hvað þú sáðir eigi. 22Hann sagði þá til hans: Af þínum munni dæmi eg þig, hinn vondi þjón. Vissir þú það að eg er maður ógurlegur, takandi það hvað eg lagði ei niður, uppskerandi það hvað eg sáða eigi, 23hvar fyrir gafstu eigi minn pening í mangarans borð að nær eg kæmi hefði eg þess með okri krafið?

24Og hann sagði til þeirra sem hjá stóðu: Takið það pund frá honum og fáið það þeim sem tíu pund hefur. 25Þeir sögðu honum: Herra, tíu pund hefur hann. 26En eg segi yður það að hver eð hefur honum mun gefið verða en frá þeim sem ekkert hefur mun það burtnumið verða hvað hann hefur.

27Þó þá mína óvini sem eigi vildu mig ríkja láta yfir sér, leiðið hingað og deyðið hér frammi fyrir mér.“ 28Og sem hann sagði nú þetta fór hann hið beinasta og gekk upp til Jerúsalem.

29Og það skeði þá hann tók að nálgast Betfage og Bethania og kom til fjallsins Oliveti að han sendi út tvo af sínum lærisveinum 30og sagði: „Fari þið í það kauptún hvert gegnt ykkur er og þá þér komið þar inn munu þið finna ösnufola bundinn á hverjum aldrei hefir enn nokkur manna setið. Leysið hann og leiðið hingað. 31Og ef nokkur spyr ykkur því þér leysið hann þá segið honum svo: Drottinn þarf hans við.“

32En þeir fóru burt sem sendir voru og fundu sem hann hafði sagt þeim. 33Og er þeir leystu folann sögðu hans drottnar: „Fyrir hvað leysi þér folann?“ 34Þeir sögðu: „Drottinn þarf hans við.“ 35Og þeir höfðu hann til Jesú og köstuðu sínum klæðum á folann og settu Jesúm þar upp á. 36En er hann fór af stað breiddu þeir undir sín klæði á veginn.

37Og þá hann tók að nálgast og fór ofan af fjallinu Oliveti hóf upp allur flokkur hans lærisveina af fagnaði Guð að lofa meður hárri röddu yfir öllum þeim kraftaverkum sem þeir höfðu séð 38og sögðu: „Blessaður sé sá konungur er kemur í nafni Drottins! Friður sé á himni og dýrð á upphæðum!“ **Sálmar 118:26** 39Og nokkrir af Phariseis þeir eð voru með fólkinu sögðu til hans: „Meistari, straffa þína lærisveina!“ 40Til hverra hann sagði: „Eg segi yður það: Ef þessir þegðu þá mundu steinarnir hljóða.“

41Og sem hann tók meir að nálgast sá hann á borgina og grét yfir henni 42og sagði: „Ef þú vissir það mundir þú á þessum degi hugleiða að hvað til þíns friðar heyrði – en nú er það dulið fyrir þínum augum. 43Því að þeir dagar munu yfir þig koma það þínir óvinir munu um þig og þín börn með þér skjaldborg setja og þér umsát veita og á alla vegu að þér þrengja 44og þig niður að velli brjóta og eigi munu þeir í þér láta stein yfir steini vera af því það þú þekktir eigi þinn vitjunartíma.“

45Og hann gekk inn í musterið og tók út að reka þá sem seldu og keyptu þar inni 46og sagði til þeirra: „Skrifað er: Mitt hús er bænahús, en þér gjörðuð

það að spillvirkjainni.“ **Esaias 56:7** [47]Og hversdaglega kenndi hann í musterinu. En kennimannahöfðingjar og skriftlærðir og vildarmenn lýðsins sóttu eftir að fyrirkoma honum [48]og gátu eigi fundið hvað þeir skyldu honum gjöra því að allt fólkið var honum áhangandi og heyrði honum.

20 Og það skeði á einum þessara daga þá hann var að kenna fólkinu í musterinu og að prédika evangelium þá komu til hans prestahöfðingjar og skriftlærðir með öldungum, töluðu til hans [2]og sögðu: „Seg oss, af hverri magt er þú gjörðir þetta eða hver er sá sem þér gaf þessa magt?“ [3]Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Eg vil spyrja yður og að einu orði, svarið mér: [4]Skírn Johannis, var hún af himni eður af mönnum?“ [5]En þeir hugsuðu með sjálfum sér og sögðu: „Ef vér segjum: Af himni, so segir hann: Fyrir því trúðu þér henni eigi? [6]En ef vér segum: Af mönnum, þá mun allur lýður lemja oss grjóti því að þeir eru öruggir í því að Jóhannes væri spámaður.“ [7]Og þeir svöruðu að þeir vissu ei hvaðan hún væri. [8]Og Jesús sagði til þeirra: „Þá segi eg yður eigi heldur af hverri magt eg gjöri þetta.“

[9]En hann tók þá að segja til fólksins þessa eftirlíking: „Nokkur maður plantaði víngarð og byggði hann víngarðsmönnum, fór síðan og var í burt um langan tíma. [10]Og er tími var til sendi hann einn þjón til víngarðsmannanna að þeir gæfi honum af ávexti víngarðsins, hvern víngarðsmennirnir húðflettu og létu tómum höndum frá sér fara. [11]Og um það fram sendi hann út annan þjón. En þeir strýktu hann og dáruðu og létu erindislausan í burt fara. [12]Og enn yfir það fram sendi hann út hinn þriðja hvern þeir lemstruðu sárum og ráku burt síðan. [13]En þá sagði herrann víngarðsins: Hvað skal eg til gjöra? Eg mun senda son minn elskulegan, má vera að þá þeir sjá hann þá feili þeir sér.

[14]En þá víngarðsmennirnir sáu soninn þenktu þeir með sjálfum sér og sögðu: Þessi er erfinginn, komið aflífum hann so að vor verði arfleifðin. [15]Og þeir hnepptu hann út af víngarðinum og líflétu hann. Hvað mun nú herrann víngarðsins gjöra til við þá? [16]Hann mun koma og tortýna þessum víngarðsmönnum og byggja sinn víngarð öðrum.“ Þá þeir heyrðu það sögðu þeir: „Fjærri er því!“ [17]En hann horfði á þá og sagði: „Hvað er þá það hvað þar skrifað er: Þann stein hvern uppbyggendur forklöguðu, sá er orðinn að höfði hyrningar? **Sálmar 118:22** [18]Hver hann fellur á þennan stein sá mun sundurmerjast en á hvern hann fellur þann mun hann kremja.“ [19]Og kennimannahöfðingjar og skriftlærðir leituðu eftir hvernin þeir fengi hendur á hann lagt í það sinn og óttuðust fólkið að því að þeir formerktu að hann hafði sagt til þeirra þessa eftirlíking. [20]Þeir höfðu og varðhöld á honum og sendu út talsmenn hverjir sér áttu að breyta sem væri þeir aldyggvir so að þeir gætu veitt hann í orðum og afhent hann valdsstjórninni og yfirvaldinu landstjórnarans. [21]Og þeir spurðu hann að og sögðu: „Meistari, vær vitum þú segir rétt og kennir og álítur eigi nokkurs manns yfirlit heldur kennir þú Guðs götu í sannleika. [22]Hvort hæfir oss að gefa keisaranum skatt eða eigi?“ [23]En hann merkti þeirra flátskap og sagði til þeirra: „Hvað freisti þér mín? [24]Sýnið mér peninginn, hvers mynd og innskrift hefur hann?“ Þeir svöruðu og sögðu: „Keisarans.“ [25]Hann sagði þá til þeirra: „Því gefið keisaranum hvað keisarans er og Guði hvað Guðs er.“ [26]Og þeir gátu eigi straffað hans orð fyrir fólkinu, undrandi hans andsvör og þögnuðu.

[27]En nokkrir af Saduceis gengu til hans hverjir neita upprisuna vera,

spurðu hann að og sögðu: 28„Meistari, Moyses skrifaði oss ef að einhvers bróðir andaðist sá er eiginkonu ætti og væri hann barnlaus dáinn þá skal hans bróðir taka hans konu og uppvekja so sínum bróður sæði. 29Nú voru þar sjö bræður og hinn elsti fékk sér eiginar konu og andaðist erfingjalaus. 30Og sá annar fékk hennar og andaðist barnlaus. 31Og hinn þriðji átti hana. Líka og einnin allir þeir sjö og létu ei börn eftir og önduðust 32en seinast allra þeirra andaðist og konan. 33Hvers þeirra eiginkona verður hún nú í upprisunni? Því að allir sjö hafa þeir haft hana til eignarkonu.“

34Og Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Synir þessar veraldar giftast og láta gifta sig 35en þeir sem verðugir verða að öðlast hinn annan heim og upprisunnar af dauðanum þeir munu hverki giftast né sig gifta láta 36því þeir geta eigi oftar dáið því þeir eru englum líkir og Guðs börn á meðan þeir eru upprisunnar börn. 37En það eð hinir framliðnu munu upprísa hefur Moyses auðsýnt við skógarrunninn þá hann kallaði Drottin Guð Abrahams, Guð Ísaaks, Guð Jacob. 38En hann er eigi Guð dauðra heldur lifandra manna Guð því að þeir lifa honum allir.“ 39Þá svöruðu nokkrir af hinum skriftlærðu og sögðu: „Meistari, þú hefur vel sagt.“ 40Og þeir dirfðust eigi framar að spyrja hann nokkurs.

41En hann sagði til þeirra: „Hvernin segja þeir Krist vera Davíðs son? 42Og sjálfur Davíð segir í sálmabókinni: Drottinn sagði til míns Drottins: Sit þú 43til minnar hægri handar þar til eg legg þína óvini til skarar þinna fóta. **Sálmarnir 110:1** 44Fyrst Davíð kallar hann Drottin, hvernin er hann þá hans sonur?“

45En öllu fólkinu áheyrandi þá sagði hann til sinna lærisveina: 46„Vaktið yður fyrir hinum skriftlærðu, hverjir ganga vilja í síðum klæðum og kærar hafa kveðjur á torgum og hin fremstu sæti í samkunduhúsum og æðstan sess í samdrykkjum, 47hverjir uppsvelgja ekknanna hús með yfirvarpi langs bænahalds. Þeir öðlast þess þyngri fyrirdæming.“

21 En hann leit upp og sá þá hinu ríku hvernin þeir létu sitt offur í ölmusustokkinn. 2Þá sá hann og nokkra ekkju fátæka sem lét þar inn tvo hálfpeninga. 3Og hann sagði: „Sannlega segi eg yður það þessi fátæka ekkja hefur meira lagt þar inn en hinir allir. 4Því þeir hafa allir af sinni yfirverandi eign innlagt til Guðs offurs en þessi hefur af sinni fátækt alla sína næring þar innlagt.“

5Og er nokkrir gátu af musterinu að það væri fágað með góða steina og háfur sagði hann: 6„Sá tími mun koma á hverjum að allt þetta hvað þér sjáið mun enginn steinn yfir öðrum látinn að eigi sé niðurbrotinn.“ 7En þeir spurðu hann að og sögðu: „Meistari, nær skal þetta verða og hvað er merki til þá þetta mun tiltaka að ske?“ 8En hann sagði: „Sjáið til að þér verðið ei villtir. Því að margir munu koma í mínu nafni og segja að eg sé Christus og sá tími tekur að nálgast. Fylgið þeim eigi eftir. 9En nær þér heyrið af bardögum og missáttum þá hryggvist eigi því að þessu byrjar áður að ske en endinn er þó eigi þá strax.“ 10Þá sagði hann til þeirra: „Ein þjóð mun hefjast upp í móti annarri og eitt ríki í gegn öðru 11og miklir jarðskjálftar munu þar verða í ýmsum stöðum, hungur og drepsótt og ógnanir og stórar undranir munu þar ske af himni.

12En fyrir allt þetta munu þeir hendur á yður leggja og ofsókn veita og yður framselja í sín þinghús og myrkvastofur, dragandi yður fyrir konunga og landshöfðingja fyrir míns nafns sakir. 13En þetta hendir yður til vitnisburðar. 14Því setjið yður í hjörtu það þér hugsið

ei fyrir hvernin þér skuluð forsvara yður. 15Því að eg mun gefa yður munn og visku hverjum að eigi skulu geta í gegn staðið né mótmælt allir yðrir mótstöðumenn. 16En þér munuð og framseldir verða af foreldrum og bræðrum, frændum og vinum og nokkra af yður munu þeir lífi svipta. 17Og þér verðið hvers manns hatur fyrir míns nafns sakir. 18Og ekkert hár af yðru höfði skal þó farast. 19Eignist með yðvari þolinmæði sálir yðrar.

20En nær þér sjáið Jerúsalem umkringda af herflokkum þá skulu þér vita að nálgast tekur hennar aleyðing. 21So að hverjir þá eru í Judealandi flýi þeir til fjalla og þeir þar eru þá mitt inni fari hann út þaðan og hverjir á landsbyggðum eru þeir komi eigi þar inn. 22Því að það eru hefndardagar svo að uppfyllt verði hvað skrifað er. 23En ve óléttum og brjóstmylkingum á þeim dögum því að mikil harmkvæli munu verða á jörðu og reiði yfir þetta fólk 24og fyrir sverðseggjum munu þeir falla og herleiddir verða bland allar þjóðir og Jerúsalem mun undirtroðast af heiðingjum þar til að uppfyllast tímar heiðinna þjóða.

25Og þar munu ske teikn á sólu og tungli og stjörnum og á jörðu kvalning þjóða og örvilnan, sjár og bylgjur munu hljóða 26og menn munu fyrir hræðslu upphorna og af eftirbíðingu þeirra hluta hverjir eð koma skulu yfir allan heiminn. Því að kraftar himins munu hræarast 27og þá munu þeir sjá mannsins Son komanda í skýinu meður tign og miklu veldi. **Daniel 7:13** 28En nær þetta tekur að ske þá lítið upp og upphefið yðar höfuð af því að yðar endurlausn tekur að nálgast.“

29Og hann sagði þeim þessa eftirlíking: „Skoðið fíkjutréð og öll önnur tré. 30Nær þeirra aldin tekur út að springa þá merki þér á þeim það sumarið er í nánd. 31So og líka nær þér sjáið þetta ske þá vitið það að Guðs ríki er nálægt. 32Sannlega segi eg yður það þessi kynslóð mun eigi fyrirfarast þar til allt þetta sker. 33Himinn og jörð forganga en mín orð forganga eigi. 34En varið yður að yðar hjörtu þyngist eigi af ofáti og ofdrykkju og með sorgum þessarar næringar að eigi komi þessi dagur hastarlega yfir yður. 35Því að líka sem tálsnara mun hann koma yfir alla þá sem á jörðu byggja. 36Kostið því vakandi að vera alla tíma og biðjið so að þér mættuð verðugir vera að umflýja allt þetta hvað eftirkomandi er og að standa svo frammi fyrir mannsins Syni.“

37Og um daga kenndi hann í musterinu en um nætur gekk hann út og dvaldist í fjallinu Oliveti. 38Og allt fólk tók sig snemma upp til hans í musterinu honum að heyra.

22 En þá tók að nálgast hátíðardagur ins sæta brauðs hver eð kallaðist páskar *(Passover)*. 2Og kennimannahöfðingjar og skriftlærðir eftirleituðu hvernin þeir gæti hann líflátið því að þeir óttuðust lýðinn. 3En andskotinn var hlaupinn í Júdas þann kallaður var Ískaríot hver eð var einn af tólf. 4Og hann fór burt og talaði við kennimannahöfðingjana og höfuðsmennina hvernin hann vildi selja þeim hann. 5Þeir glöddust við og hétu að gefa honum peninga til. 6Og hann lofaði þeim því og leitaði lags að hann fengi selt þeim hann án upphlaups.7En er kom dagur ins sæta brauðs á hverjum sæfast skyldi páskalambið. 8Og hann sendi út Petrum og Johannem og sagði: „Fari þið, búið til páskalambið so að vér neytum.“ 9En þeir sögðu til hans: „Hvar viltu að vér reiðum það til?“ 10Hann sagði til þeirra: „Sjáið, nær þér gangið inn í borgina mun maður mæta ykkur berandi vatsskjólu. Fylgið honum eftir í það hús hvert hann gengur inn 11og segið húsbóndanum: Meistarinn lætur segja þér: Hvar er það herbergi þar eg megi páskalambið í eta með mínum

lærisveinum? 12Og hann mun vísa yður
stóran sal ástráðan. Reiðið það þar til.“
13Þeir gengu burt og fundu so sem hann
hafði sagt þeim og reiddu til páska-
lambið. 14Og þá er sú stund kom setti
hann sig niður og þeir tólf postular
með honum. 15Og hann sagði til þeirra:
„Mig hefur af hjarta næsta eftirlangað
að eta þetta páskalamb með yður áður
en eg líð. 16Því að eg segi yður að hér
eftir mun eg eigi oftar af því neyta þar
til að það fullkomnast í Guðs ríki.“
17Hann tók og kaleikinn, gjörði þakkir
og sagði: „Meðtakið hann og skiptið
honum á milli yðar. 18Því að eg segi yð-
ur: Eg mun eigi drekka af vínviðará-
vexti þar til að Guðs ríki kemur.“

19Og hann tók brauðið, gjörði þakkir
og braut það og gaf þeim og sagði:
„Þetta er mitt hold það fyrir yður gefið
verður. Gjörið þetta í mína minning.“
20Líka einnin og kaleikinn eftir kveld-
máltíðina og sagði: „Þessi er kaleikur
hins nýja testamentis í mínu blóði
hvert fyrir yður úthellist.

21En þó, sjáið, að hönd þess er mig
svíkur er með mér á borði. 22Og að
sönnu fer mannsins Son eftir því sem
ályktað er. Þó ve þeim manni fyrir
hvern hann verður svikinn!“ 23Og þeir
tóku að spyrja sín á milli hver af þeim
væri sá er þetta mundi gjöra. 24En þar
hófst upp þræta þeirra á milli hver
þeirra mundi mestur haldinn verða.
25En hann sagði til þeirra: „Veraldlegir
konungar drottna og hverjir yfir-
magtina hafa þá kallast náðugir herrar.
26En þér skuluð eigi svo. Heldur sá sem
mestur er yðar á milli veri hann svo
sem hinn minnsti og hinn æðsti sem
annar þénari. 27Því hver er meiri, sá
sem til borðsins situr eður sá sem þjón-
ar? Er eigi so að hann sem við borðið
situr? En eg em á millum yðar sem sá er
þjónar. 28En þér eruð þeir hverjir hjá
mér voru í mínum freistingum. 29Og eg
vil tileinka yður ríki so sem minn Faðir
hefir mér það tileinkað 30so að þér skul-
uð eta og drekka yfir mitt borð í mínu
ríki og sitja á stólum, dæmandi tólf
kynkvíslir Ísraels.“ 31En Drottinn sagði:
„Símon, Símon, sjáðu, að andskotinn
hefir beiðst yðar að hann mætti sælda
yður sem hveiti. 32En eg bað fyrir þér að
þín trúa þrotnaði eigi. Og hvenar þú
snýst um aftur þá styrk þú bræður
þína.“ 33En hann sagði til hans: „Drot-
tinn, reiðubúinn em eg með þér í fjötur
og dauða að ganga.“ 34En hann sagði
Pétri: „Eg segi þér að í dag gelur haninn
eigi áður þú hefir þrisvað afneitað því
að þú þekktir mig.“ 35Og hann sagði til
þeirra „Þá eg senda yður út án pyngju
eður töskU eða skófata, hvort brast yð-
ur þá nokkuð?“ En þeir sögðu: „Alls
ekkert.“ 36Þá sagði hann til þeirra: „En
nú hver eð pyngju hefir sá taki hana,
líka og einnin töskuna og sá er eigi hef-
ur selji hann kyrtil sinn og kaupi sverð.
37Því að eg segi yður að það hlýtur á
mér að fullkomnast hvað skrifað er:
Það hann er meður illvirkjum reiknað-
ur. Því hvað af mér skrifað er hefir nú
enda.“ **Esaias 53:12** 38En þeir sögðu:
Drottinn, sjá, tvö sverð eru hér.“ Hann
sagði til þeirra: „Það er nóg.“

39Og hann gekk eftir vana til fjallsins
Olivetum og hans lærisveinar fylgdu
honum eftir. 40Og þá hann kom til þess
staðar sagði hann til þeirra: „Biðjið að
eigi falli þér í freistanir.“ 41Og hann veik
sér frá þeim mestu steinsnari, féll á kné
og tók að biðja 42og sagði: „Faðir, ef þú
vilt þá tak þennan kaleik af mér. En þó
eigi minn heldur verði þinn vilji.“ 43En
honum birtist engill af himni, styrkj-
andi hann. 44Og þar kom að hann
þreytti við dauðann og tók ákafar að
biðja. En hans sveiti varð so sem blóðs-
dropar þeir eð féllu á jörðina. 45Og
hann stóð upp af bæninni og kom til
sinna lærisveina og fann þá sofandi af
hryggð 46og sagði til þeirra: „Hvað sofi
þér? Standið upp og biðjið að þér fallið
eigi í freistni.“ 47Þá hann var þetta að
segja, sjá, það flokkurinn og einn af

tólf, sá Júdas hét, gekk fyrir þeim og vildi nálgast Jesúm að hann kyssti hann. 48En Jesús sagði til hans: „Júdas, svíkur þú mannsins Son með kossi?“

49En er þeir sem hjá honum voru sáu hvað verða vildi sögðu þeir til hans: „Drottinn, skulu vær eigi slá með sverði?“ 50En einn af þeim sló þjón prestahöfðingjans og hjó af hans hið hægra eyra. 51Jesús svaraði og sagði: „Leyfið þeim að gjöra allt hið frekasta.“ Og hann snart hans eyra og læknaði hann. 52En Jesús sagði til þeirra prestahöfðingja og höfuðsmanna musterisins og öldunganna, hverjir eftir honum voru komnir: „So sem til annars illvirkja gengu þér út með sverðum og stöngum. 53Þá eg var daglega í musterinu hjá yður lögðu þér eigi hendur á mig, heldur er þetta yðar tími og magt myrkranna.“ 54En þeir gripu hann og leiddu hann í prestahöfðingjans hús. En Pétur fylgdi honum eftir álengdar.

55Þeir kveiktu þá upp eld í miðjum forsalnum og settu sig í kringum hann. Og Pétur var þar á milli þeirra. 56Þá sá hann ambátt nokkur sitja við logann, horfði á hann og sagði: „Þessi var og með honum.“ 57En hann afneitaði honum og sagði: „Kona, eigi þekki eg hann.“ 58Og litlu einu þar eftir sá hann annar maður og sagði: „Þú ert og einn af þeim.“ En Pétur sagði: „Ei em eg.“ 59Og er bil var á orðið sem eins tíma tilstyrkti nokkur annar og sagði: „Að sönnu var og þessi með honum því að hann er Galíleari.“ 60En Pétur sagði: „Maður, eigi veit eg hvað þú segir.“ Og jafnsnart að honum nú þetta enn talandi gól haninn. 61Og Drottinn snerist við og leit til Péturs. Og Pétur minntist orða Drottins, hvernin hann hafði sagt: „Fyrr en haninn gelur muntu afneita mér þrisvar.“ 62Og Pétur gekk út og grét beisklega.

63En þeir menn sem héldu Jesú dáruðu hann og dustuðu, 64byrgðu hann og slógu í hans andlit, spurðu hann að og sögðu: „Hver er sá sem þig sló?“ 65Og margt annað háðuglegt sögðu þeir við hann. 66Og er dagur var komu saman öldungar lýðsins og prestahöfðingjar og hinir skriftlærðu og leiddu hann upp fyrir sitt ráð og sögðu: 67„Ef þú ert Christus, seg oss það.“ Og hann sagði til þeirra: „Ef eg segi yður þá trúið þér mér ei. 68En ef eg spyr yður þá svarið þér mér eigi og látið mig ei lausan. 69Og héðan í frá mun mannsins Son sitja til hægri handar Guðs kraftar.“ 70En þeir sögðu allir: „Ertu þá Guðs sonur?“ Hann sagði til þeirra: „Þér segið það því að eg em hann.“ 71En þeir sögðu: „Hvað þurfum vér nú vitnisburðinn lengur? Vér sjálfir heyrðum það af hans munni.“

23 Og allur þeirra söfnuður stóð upp og leiddi hann fyrir Pilatum, 2tóku að áklaga hann og sögðu: „Þennan finnum vér umturna fólk vort og fyrirbjóðanda skatt að gefa keisaranum og segir sig vera konungur Christum.“ 3En Pílatus spurði hann að og sagði: „Ertu konungur Gyðinga?“ Hann svaraði og sagði: „Þú segir það.“ 4Pílatus sagði þá til prestahöfðingjanna og til lýðsins: „Öngva sök finn eg með þessum manni.“ 5En þeir voru þess áfjáðari og sögðu: „Hann hefur uppæst fólkið með því hann hefir kennt hér og hvar á öllu Gyðingalandi, tiltekið í Galilea og allt í þennan stað!“ 6En er Pílatus heyrði Galileam nefnt spurði hann að hvert hann væri galeiskur maður. 7Og er hann fornam að hann var undir Herodis valdi sendi hann hann þá burt til Herodem hver eð sjálfur var á þeim dögum í Jerúsalem. 8En er Heródes sá Jesúm varð hann næsta glaður því að hann hafði fýst um langan tíma að sjá hann af því að hann hafði og heyrt margt af honum og vænti að hann mundi sjá nokkurt teikn af honum gjörast 9og aðspurði hann á marga vega. Og hann svaraði honum öngu. 10En kennimannahöfðingjar og skrift-

lærðir ásökuðu hann harðlega. 11Og Heródes með sínu hirðfólki forsmáði hann og spéaði, færði hann í hvítt fat og sendi aftur til Pilato. 12Og á þeim degi urðu þeir Pílatus og Heródes vinir aftur því að áður voru þeir óvinir sín á milli.13En Pílatus samankallaði prestahöfðingja, höfuðsmenn og lýðinn 14og sagði til þeirra: „Þér hafið þennan mann til mín haft so sem þann er umturnar lýðinn og sjáið, eg hefi spurt hann hér fyrir yður og á þessum manni finn eg öngva sök þar um þér klagið hann 15og ei heldur Heródes því að eg sendi yður til hans og sjáið að ekkert hefur upp á hann borist það dauða sé verðugt. 16Fyrir því vil eg gefa honum ráðning og láta síðan lausan.“ 17Því að hann hlaut þeim einn eftir venju hátíðardagsins lausan að gefa.

18En allur söfnuðurinn kallaði upp til líka og sagði: „Tak burt þennan og gef oss lausan Barrabam!“ 19Hver ið var fyrir nokkuð sundurþykki og mannslag er skeð var í borginni innsettur í myrkvastofu. 20Pílatus talaði enn aftur til þeirra og vildi Jesúm lausan láta. 21En þeir kölluðu upp og sögðu: „Krossfestu, krossfestu hann!“ 22Hann sagði enn í þriðja sinn til þeirra: „Hvað illt hefur þessi gjört? Öngva dauðasök finn eg með honum. Fyrir því vil eg hegna honum og láta síðan lausan.“ 23En þeir stóðu því þéttara þar á með miklum hljóðum æskjandi það hann yrði krossfestur. Og þeirra hljóð og höfuðprestanna tók yfir.

24Og Pílatus dæmdi að ske skyldi þeirra beiðni 25en gaf þeim lausan þann er inn var settur fyrir sundurþykkis og mannslagssakir í myrkvastofu um hvern þeir báðu. En hann framseldi Jesúm í þeirra vald. 26Og þá er þeir leiddu hann út höndluðu þeir nokkurn, Símon af Cyrene, hver ið kominn var af akri, og lögðu krossinn upp á hann að hann bæri hann eftir Jesú. 27En honum fylgdi eftir mikill fjöldi fólks og kvenna hverjar ið grétu hann og aumkuðu. 28En Jesús snerist til þeirra og sagði: „Þér dætur af Jerúsalem, grátið eigi yfir mér heldur grátið yfir yður sjálfum og yfir sonum yðar. 29Því sjáið, að þeir dagar munu koma á hverjum segjast mun: Sælar eru þær óbyrjur og þeir kviðir er eigi hafa fætt og þau brjóst hver eigi voru mylkt. 30Þá munu þær taka að segja fjöllunum: Hrynjið yfir oss, og hálsunum: Hyljið oss. **Hóseas 10:8** 31Því ef þeir gjöra þetta við hið blómgaða tréð, hvað mun þá ske við hið þurra?“

32En tveir spillvirkjar leiddust og út að þeir væri afteknir með honum. 33Og sem þeir komu í þann stað hver ið kallaðist Höfuðskeljastaður (Calvary) þá krossfestu þeir hann þar og spillvirkjana með honum, einn til hægri handar og annan til vinstri. 34En Jesús sagði: „Faðir, fyrirgef þeim það því að þeir vita eigi hvað þeir gjöra.“ Og þeir skiptu hans klæðum og vörpuðu þar um hlutkesti. 35Og fólkið stóð og sá til.

Og höfðingjarnir dáruðu hann með þeim og sögðu: „Öðrum hefur hann hjálpað, hjálpi hann nú sjálfum sér ef hann er Kristur, hinn útvaldi Guðs!“ 36Að honum hæddu og stríðsmennirnir, gengu til hans og báru honum edik 37og sögðu: „Ef þú ert konungur Gyðinga, þá frelsa sjálfan þig.“ 38En yfirskriftin var rituð yfir honum með gírskum, ebreskum og latínskum bókstöfum: „ÞESSI ER KONUNGUR GYÐINGA.“ 39En einn af þeim spillvirkjum sem hengdir voru lastaði hann og sagði: „Ef þú ert Christus frelsa sjálfan þig og okkur!“ 40Þá svaraði hinn annar, straffaði hann og sagði: „Og þú hræðist ei heldur Guð sem ert þó í samri fordæmingu? 41Og að sönnu sker okkur þetta réttlega því að við meðtökum hvað okkrar gjörðir voru verðar en þessi hefur ekkert vondslega gjört.“ 42Og hann sagði til Jesú: „Drottinn, minnstu mín þá þú kemur í ríki þitt.“ 43Og Jesús sagði til

hans: „Sannlega segi eg þér: Í dag skaltu vera með mér í paradís.“
44Og það var nær um hina séttu stund og myrkurin gjörðust yfir allt landið til níundu stundar. 45Og sólin sortnaði og tjaldið musterisins rifnaði í miðju sundur. 46Og Jesús kallaði hárri röddu og sagði: „Faðir, í þínar hendur fel eg minn anda.“ Og er hann hafði þetta sagt lést hann. 47En er hundraðshöfðinginn sá hvað þar skeði dýrkaði hann Guð og sagði: „Að vísu hefur þessi maður réttlátur verið.“ 48Og allt fólk er þar var samankomið að horfa á þetta og sem það sá hvað þar skeði barði það sér á brjóst og sneri í burt aftur. 49En allir hans kunningjar stóðu langt frá og þær konur sem honum höfðu eftirfylgt úr Galilea og horfðu á þetta. 50Og sjá, maður nokkur Jósef að nafni, sá er var einn ráðherra, góður mann og réttvís, 51eigi samþykkti hann þeirra ráði og gjörningum. Og hann var af borginni Arimathia úr Judea, hver eð og stundaði eftir Guðs ríki. 52Þessi gekk til Pilato og bað um líkama Jesú 53og tók hann ofan og sveipaði hann í lérefti og lagði hann í úthöggna gröf í hverja ekki hafði enn nokkur lagður verið. 54Og það var affangadagur og þvottdagurinn tók að hefjast. 55En þær konur sem komnar voru af Galilega fylgdu eftir og skoðuðu gröfina og hvernin hans líkami var lagður. 56En þær sneru aftur reiðandi til sín smyrsl og dýrðlegt salve og um þvottdaginn voru þær kyrrar eftir lögmálsins boðan.

24 En einn þvottdaganna mjög snemma komu þær til grafarinnar og báru þau smyrsl er þær höfðu tilbúið og enn nokkrar aðrar með þeim. 2Þær fundu að steininum hafði velt verið af gröfinni 3og stigu þar inn og fundu ekki líkama Drottins Jesú. 4Og sem þær voru hugsjúkar um þetta, sjá, þá stóðu tveir menn hjá þeim í leiftrandi klæðum. 5En þær urðu þá hræddar og féllu á sína ásjónu til jarðar. Og þeir sögðu til þeirra: „Hvað leiti þér hins lifanda hjá dauðum? 6Hann er eigi hér heldur er hann upprisinn. Hugleiðið að því hvað hann talaði fyrir yður þá hann var nú enn í Galilea 7er hann sagði það mannsins Syni byrjaði að seljast í syndugra hendur og krossfestur verða og á þriðja degi upp að rísa.“ 8Og þær minntust á hans orð. 9Og þær gengu burt úr gröfinni aftur og kunngjörðu allt þetta þeim ellefu og so öllum öðrum. 10En þetta var María Magdalena og Jóhanna og María Jacobi og þær aðrar er með þeim voru sem þetta sögðu postulunum. 11Og þeirra orð virtist þeim sem væri það sjónhverfingar og trúðu eigi. 12En Pétur stóð upp og hljóp til grafarinnar og laut þar inn og sá línlökin einsöm liggja, gekk burt og undraði með sjálfum sér hvernin það væri skeð. 13Og sjá, að tveir af þeim gengu þann sama dag til nokkurs kauptúns það er var frá Jerúsalem rúms sextigi skeiða, hvert eð Emmahus var að nafni. 14Og þeir voru að tala sín á milli um alla þá hluti sem við höfðu borið. 15Og það skeði þá þeir ræddust við og spurðust sín á millum að sjálfur Jesús nálægðist þá og gekk jafnframt þeim. 16En þeirra augu voru so haldin að þeir þekktu hann ei. 17En hann sagði til þeirra: „Hvað er það fyrir ræðu sem þið höndlið reikandi ykkar á milli og eruð hryggvir út af?“ 18Þá svaraði einn er Kleópas var að nafni og sagði til hans: „Ertu alleina so ókenndur til Jerúsalem að þú veist eigi hvað á þessum dögum þar inni gjörst hefur?“ 19Til hverra hann sagði: „Hvað þá?“ En þeir sögðu til hans: „Það af Jesú hinum naðverska, hver eð var spádómsmaður, megtugur í verkum og orðum fyri Guði og öllu fólki, 20hversu að vorir höfuðprestar og höfðingjar seldu hann í fordæming dauðans og krossfestu hann. 21En vér vonuðum að hann mundi endurleysa Ísrael. Og yfir allt þetta er nú hinn þriðji dagur í dag er þetta

skeði. [22]So hafa og skelft oss nokkrar konur af oss til þær eð fyrir lýsingina höfðu hjá gröfinni verið [23]og ekki fundið hans líkama, komu og sögðu sig einnin séð hafa englanna sjónir þeir eð sögðu hann lifa. [24]Og nokkrir af oss gengu til grafarinnar og fundu eins líka sem konurnar höfðu sagt en hann fundu þeir ekki.“[25]Og hann sagði til þeirra: „Ó þér heimskir og tregir í hjarta að trúa því öllu hvað spámennirnir hafa talað! [26]hlaut Christus ei þetta að líða og innganga so í sína dýrð?“ [27]Og hann tók til frá Moise og öllum spámönnum og lagði út fyrir þeim allar ritningar þær af honum voru. [28]Og þeir tóku að nálægast kauptúnið það þeir gengu til og hann lét þá sem vildi hann lengra ganga. [29]Þeir neyddu hann og sögðu: „Ver hjá oss, herra, því að kvelda tekur og á daginn líður.“ Hann gekk og inn og var hjá þeim. [30]Það skeði og þá hann sat með þeim til borðs að hann tók brauðið, blessaði það og braut og rétti að þeim. [31]Þá opnuðust þeirra augu so þeir þekktu hann. Og hann hvarf úr þeirra augsýn. [32]Og þeir sögðu sín á milli: „Brann ei okkart hjarta í okkur þá hann talaði við okkur á veginum og opnaði fyrir okkur ritningarnar?“ [33]Og þeir stóðu upp á sömu stundu og sneru aftur til Jerúsalem og fundu þá ellefu samansafnaða og þá sem með þeim voru, [34]hverjir eð sögðu: „Drottinn er sannarlega upprisinn og hefur birst Símoni!“ [35]Og þeir tjáðu þeim hvað gjörst hafði á veginum og hvernin þeir hefðu þekkt hann í því hann braut brauðið. [36]Þá þeir voru nú enn að tala um þetta sté Jesús mitt í millum þeirra og sagði til þeirra: „Friður sé með yður.“ [37]En þeir fældust og urðu hræddir og meinuðu að þeir sæi anda nokkurn. [38]Og hann sagði til þeirra: „Hvað fælist þér og hví koma slíkir þankar í yðar hjörtu? [39]Sjáið mínar hendur og mína fætur að eg em hann sjálfur. Þreifi þér og skoðið því að andi hefur ei hold né bein so sem þér sjáið mig hafa.“ [40]Og þá hann sagði það sýndi hann þeim hendur og fætur. [41]Og er þeir trúðu enn eigi fyrir fagnaðarsakir og undrandi það sagði hann til þeirra: „Hafi þér nokkuð matlegt?“ [42]Og þeir lögðu fyrir hann stykki af steiktum fiski og hunangsseim. [43]Og hann tók það og át fyrir þeirra augum. [44]Og hann sagði til þeirra: „Þetta eru það orð hver eg talaði til yðar þá eg var enn nú hjá yður það það hlaut allt að fullkomnast hvað af mér var skrifað í Moises lögmáli og í spámannabókum og sálmum.“ [45]Þá opnaði hann þeirra skilning so að þeir forstóðu ritningarnar [46]og sagði til þeirra: „So er það skrifað og so byrjaði Kristi að líða og upp að rísa á þriðja degi af dauða [47]og prédikast láta í sínu nafni iðran og fyrirgefning synda á meðal allra þjóða, upphefjandi til Jerúsalem. [48]En þér eruð vottar allra þessara hluta [49]og sjáið, að eg mun senda yfir yður fyrirheit míns Föðurs. En þér skuluð sitja í borginni Jerúsalem þangað til að þér klæðist með krafti af hæðum.“ [50]En hann hafði þá út allt til Bethaniam og hóf upp sínar hendur og blessaði þá. [51]Og það gjörðist þá hann blessaði yfir þá að hann leið frá þeim og var upp numinn til himins. [52]En þeir tilbáðu hann og sneru aftur til Jerúsalem með miklum fagnaði [53]og voru jafnan í musterinu, vegsamandi og lofandi Guð. Amen

Endir S. Lucas guðsspjalla

S. JOHANNIS EVANGELIUM

1 Í upphafi var Orð og það Orð var
hjá Guði og Guð var það Orð. [2]Það
sama var í upphafi hjá Guði. [3]Allir hlutir
eru fyrir það gjörðir og án þess er ekk-
ert gjört hvað gjört er. [4]Í honum var líf-
ið og lífið var ljós mannanna. [5]Og ljósið
lýsir í myrkrunum og myrkurin hafa
það eigi höndlað.

[6]Þar var einn maður af Guði sendur.
Sá hét Jóhannes. [7]Hann kom til vitnis-
burðar að hann bæri vitnisburð af
Ljósinu að allir skyldu fyrir hann trúa.
[8]Eigi var hann það Ljós heldur að hann
bæri vitnisburð af ljósinu. [9]Þar var
sannarlegt ljós hvert eð lýsir öllum
mönnum sem koma í þennan heim.
[10]Hann var í heiminum og heimurinn
var fyrir Hann gjörður og heimurinn
þekkti það eigi.

[11]Hann kom til sinnar eiginar og hans
sjálfs meðtóku hann eigi. [12]En so
margir sem hann meðtóku hann þá gaf
hann þeim magt Guðs börnum að
verða, þeim er á hans nafn trúa. [13]Eigi
þeim sem af blóðinu eða þeim sem af
holdsins vild eður af mannsins vilja,
heldur þeim sem af Guði eru bornir.

[14]Og Orðið varð hold og byggði með
oss og vér sáum þess dýrð, dýrð svo
sem eingetins Sonar af Föðurnum, full-
an náðar og sannleika.

[15]Jóhannes vitnar af honum, kallar og
segir: „Þessi er sá af hverjum eg sagða:
Eftir mig mun koma sá sem fyrir mig
var því að hann var fyrri en eg. [16]Og af
hans gnægð höfum vær allir fengið,
náð fyrir náð. [17]Því að lögmálið er fyrir
Moysen útgefið en náð og sannleikur
er fyrir Jesúm Christum orðinn.
[18]Enginn hefur um aldur Guð sénan, sá
eingetni Sonur sem í Föðursins faðmi
er, hann hefur oss þetta kunngjört.“
[19]Og þetta er vitnisburður Johannis þá
þeir Juda sendu af Jerúsalem presta og
kynsmenn Leví að þeir skyldu spyrja
hann: „Hvert ert þú?“ [20]Og hann
kenndist og neitaði því eigi og hann
viðurkenndist, so segjandi: „Eigi em eg
Kristur.“ [21]Þeir spurðu hann þá enn að:
„Hvað þá? Ertu Elías?“ Hann sagði: „Eigi
em eg.“ „Ertu spámaður?“ En hann ans-
aði: „Nei, ekki.“ [22]Þá sögðu þeir við
hann: „Hver ert þú þá, so að vér meg-
um andsvar gefa þeim er oss útsendu.
Hvað segir þú af sjálfum þér?“ [23]Hann
sagði: „Eg em hrópandi rödd á eyði-
mörku: Greiði þér götu Drottins, so
sem sagði Esaias spámaður.“ **Esaias 40:3**

[24]Og þeir sem útsendust voru af
Phariseis. [25]Þeir aðspurðu hann og
sögðu honum: „Því skírir þú þá ef þú
ert eigi Kristur, eigi Elías, eigi spámað-
ur?“ [26]Jóhannes svaraði þeim og sagði:
„Eg skíri með vatni en sá stendur mitt
hjá yður hvern þér þekkið eigi. [27]Hann
er sá sem eftir mig mun koma, sá eð
fyrir mig var, hvers eg em ei verður að
eg skal uppleysa hans skóþvengi.“
[28]Þetta skeði í Bethabara, hinumegin
Jórdanar, þar Jóhannes skírði.

[29]En annars dags eftir sér Jóhannes
Jesúm koma til sín og mælti: „Sjáið, þar
er það Lambið Guðs hvert eð ber
heimsins syndir. [30]Þessi er af hverjum
eg sagði yður: Eftir mig kemur maður
sá fyrir mig var því að hann var fyrri en
eg. [31]Og eg kennda hann eigi heldur að
hann yrði kunnur í Ísrael, fyrir því kom
eg að skíra með vatni.“

[32]Og Jóhanes vitnaði og sagði: „Eg sá
Andann ofan stíga af himnum í dúfulíki
og var yfir honum [33]og eg þekkta hann
eigi. En sá sem mig sendi að skíra með
vatni hann sagði mér: Yfir hvern þú sér
Andann niðurstíga og yfir honum vera,
hann er sá sem skírir með Helgum
Anda. [34]Og eg sá það og þennan vitna
eg Guðs Son vera.“ [35]En annars dags
aftur stóð Jóhannes enn og tveir af
hans lærisveinum. [36]Og sem hann leit
Jesú ganga segir hann: „Sjáið, það er

Lamb Guðs.“ [37]Og tveir af hans lærisveinum heyrðu hann tala og fylgdu Jesú eftir. [38]En Jesús sneri aftur og leit þá sér fylgjandi og sagði þeim: „Að hverju leiti þér?“ Þeir sögðu honum: „Rabbí (hvað að þýðist, meistari), hvar átt þú heima?“ [39]Hann sagði þeim: „Komið og sjáið.“ Þeir komu og skoðuðu hvar hann væri og voru hjá honum þann dag. En það var nær tíundu stund.

[40]Einn af þessum tveimur var Andreas, bróðir Símonar Petri, sem heyrði af Johanne og Jesú eftirfylgdi. [41]Hann fann þá áður sinn bróður Símon og sagði til hans: „Vér höfum fundið Messiam“ (hvað útleggst, smurður) [42]og fylgdi honum til Jesú. Þá Jesús leit hann mælti hann: „Þú ert Símon, sonur Jónas, þú skalt kallast Kefas.“ Það útleggst: Hellusteinn.

[43]Annan dag þar eftir vildi Jesús ferðast til Galileam aftur og finnur Philippum og sagði til hans: „Fylg þú mér eftir.“ [44]En Philippus var af Betsaída, úr þeirri borg Andrésar og Péturs. [45]Philippus fann Natanael og sagði honum: „Vér höfum þann fundið af hverjum Moyses í lögmálinu og allir spámenn hafa um skrifað: Jesúm Jósefsson af Naðsaret.“ [46]Natanael sagði til hans: „Hvað má af Naðsaret góðs koma?“ Philippus sagði honum: „Kom og sjá.“

[47]Jesús sá Natanael koma til sín og sagði honum: „Sjáið einn sannan Ísraelíta í hverjum svik eigi eru.“ [48]Natanael sagði þá við hann: „Hvernin þekkir þú mig?“ Jesús svaraði og sagði til hans: „Áður en Philippus kallaði á þig þá þú vart undir fíkjutrénu sá eg þig.“ [49]Natanael svaraði og sagði til hans: „Rabbí, þú ert Guðs Sonur, þú ert konungur Ísraels.“ [50]Jesús svaraði og sagði við hann: „Þú trúðir af því að eg sagða þér að eg hefða séð þig undir fíkjutrénu. Sjá muntu enn þessu meira.“ [51]Og hann sagði honum: „Sennilega, sennilega segi eg yður: Upp frá þessu munu þér sjá himinninn opinn og engla Guðs stíga upp og ofan yfir mannsins Son.“

2 Og þriðja dag þar eftir varð brúðkaup til Kana í Galilea og þar var móðir Jesú. [2]Jesús var boðinn og hans lærisveinar til brúðkaupsins. [3]Og er þá þraut vínið sagði móðir Jesú til hans: „Þeir hafa eigi vín.“ [4]Jesús sagði til hennar: „Þú kona, hvað hefi eg með þig? Mín stund er ei enn komin.“ [5]Móðir hans sagði við þjónustumennina: „Hvað helst hann segir yður, það gjörið.“ [6]En þar voru sex steinker, sett eftir venju ebreskrar hreinsunar. Hvert eitt tók tvo eða þrjá mælir. [7]Jesús talaði til þeirra: „Fyllið upp kerin af vatni.“ Og þeir fylltu þau allt á barma. [8]Og hann sagði þeim: „Hellið nú á og færið kæmeistaranum. Og þeir færðu honum. [9]En þá kæmeistarinn smakkaði vínið það vatn hafði verið vissi hann ekki hvaðan það kom en þjónustumennirnir sem vatnið sóttu vissu það. Hann kallar á brúðgumann og segir honum: [10]„Allir menn gefa í fyrstu gott vín og nær þeir gjörast ölvaðir þá það hið léttara. En þú hefur geymt hið góða allt til þessa.“

[11]Þetta er hið fyrsta jarteikn það Jesús gjörði til Kana í Galilea og hann opinberaði sína dýrð og hans lærisveinar trúðu á hann. [12]Eftir það fór hann ofan til Kapernaum, hann og móðir hans, bræður hans og lærisveinar og voru þar eigi mjög marga daga.

[13]Þá var og nálæg páskahátíð Gyðinga. Og Jesús fór upp til Jerúsalem [14]og fann í musterinu sitjandi þá sem seldu naut, sauði, dúfur og þá sem umskipti gjörðu á peningum. [15]Þá gjörði hann sér svipu af strengjum og rak út alla af musterinu, bæði naut og sauði og hratt niður peningum og borðum þeirra er umskiptin gjörðu [16]og sagði við þá sem dúfurnar seldu: „Beri þér þetta burt héðan og gjörið eigi míns föðurs hús að söluhúsi!“ [17]Hans lærisveinar hugleiddu

þá hvað skrifað er: „Vandlæti húss þíns
át mig.“ **Sálmarnir 69:9**
18Þá önsuðu Júðar og sögðu honum:
„Hvert teikn sýnir þú oss að þú megir
þetta gjöra?“ 19Jesús svaraði og sagði
þeim: „Brjótið þetta musteri en eg skal
á þriðja degi það uppreisa.“ 20Þá sögðu
Gyðingar: „Þetta musteri er uppbyggt í
sex og fjörutígi ár en þú vilt uppreisa
það á þrim dögum?“ 21En hann talaði
um musteri síns líkama. 22Og þá hann
var af dauða upprisinn hugleiddu hans
lærisveinar að hann hafði þetta mælt
og trúðu Ritningunni og þeim orðum
er Jesús hafði talað.
23En sem hann var í Jerúsalem um
páska, á þeim hátíðardegi, þá trúðu
margir á hans nafn, þeir sem sáu þau
tákn er hann gjörði. 24En Jesús trúði
þeim eigi til um sjálfan sig af því að
hann þekkti alla 25og þurfti eigi við að
nokkur bæri manninum vitni því að
hann sjálfur vissi hvað með manninum
var.

3 Þar var einn mann í bland
Phariseos, Nikódemus að nafni.
Hann var einn af höfðingjum Gyðinga.
2Hann kom til Jesú um nótt og sagði til
hans: „Rabbí, vér vitium að þú ert einn
meistari af Guði kominn því að enginn
getur gjört þau tákn sem þú gjörir
nema Guð sé með honum.“ 3Jesús svar-
aði og sagði til hans: „Sannlega, sann-
lega segi eg þér: Nema ef sá er nokkur
sem að nýju verður endurborinn, hann
fær ei að sjá Guðs ríki.“ 4Þá sagði Nikó-
demus til hans: „Hvernin má maðurinn
endurberast þá hann er gamall? Eður
fær hann stigið aftur í sinnar móður
kvið og fæðst so?“ 5Jesús svaraði:
„Sannlega, sannlega segi eg þér: Nema
sá sem endurborinn verður af vatni og
Andanum, hann getur eigi inngengið í
Guðs ríki. 6Hvað af holdinu fæðist, það
er hold, og hvað sem fæðist af Anda-
num, það er andi. 7Undra þú eigi þó eg
segi þér að yður byrjaði að nýju að
endurfæðast. 8Vindurinn blæs hvert
hann vill og þú heyrir hans þyt en eigi
veistu hvaðan hann kemur eður hvert
hann fer. So eru allir þeir sem af And-
anum eru endurbornir.“
9Nikódemus svaraði og sagði honum:
„Hvernin má þetta ske?“ 10Jesús svaraði
og sagði: „Ertu meistari í Ísrael og veist
eigi þetta? 11Sannlega, sannlega segi eg
þér að vér segjum það vér vitum og
vitnum það vér séð höfum og vort vitni
meðtakið þér eigi. 12Og ef þér trúið eigi
þá eg segi yður af jarðlegum hlutum,
hvernin munu þér trúa mega ef eg
segði yður af himneskum hlutum?
13Enginn mun og uppstíga til himna
nema sá sem ofan sté af himni, Sonur
mannsins sá sem er af himni. 14Og so
sem Moyses uppfesti höggorminn í
eyðimörku, líka byrjar mannsins Syni
upp að festast 15svo að allir þeir er á
hann trúa fortapist eigi heldur að þeir
hafi eilíft líf.
16Því að svo elskaði Guð heiminn að
hann gaf út sinn eingetinn Son til þess
að allir þeir sem á hann trúa fyrirfarist
eigi heldur að þeir hafi eilíft líf. 17Því
eigi sendi Guð Son sinn í heiminn að
hann dæmi heiminn heldur að heimur-
inn frelsist fyrir hann. 18Hver á hann
trúir dæmist ei en hver hann trúir eigi
hann er nú þegar dæmdur því að hann
trúir eigi á nafn eingetins Guðs Sonar.
19En þessi er dómurinn: Ljósið kom í
heiminn og mennirnir elskuðu meir
myrkrið en ljósið því þeirra verk voru
vond. 20Hver illa gjörir sá hatar ljósið.
Hann kemur og eigi til ljóssins að eigi
straffist hans verk. 21En hver sannleik-
inn gjörir hann kemur til ljóssins so að
hans gjörðir verði kunnar því að þær
eru í Guði gjörðar.“ 22Eftir þetta kemur
Jesús og hans lærisveinar til Gyðinga-
lands og dvaldist þar með þeim og
skírði. 23Jóhannes var þar enn og skírði
við Enon, nærri Salím því að þar voru
vötn mörg. Þeir komu þangað og skírð-
ust 24því að Jóhannes var eigi þá inn lát-

inn í myrkvastofu. [25]En þá gjörðist ein spurning af lærisveinum Johannis við Gyðinga um hreinsunina. [26]Þeir komu til Johannis og sögðu honum: „Meistari, sá sem hér var hinumegin Jórdanar, af hverjum þú barst vitni, sé, hann skírir nú og allir koma til hans.“ [27]Jóhannes svaraði og sagði: „Maður fær eigi meðtekið nokkuð nema honum verði það af himnum gefið. [28]Þér eruð sjálfir mín vitni það eg sagða að eigi væri eg Kristur heldur það að eg væra fyrir honum sendur. [29]Hver eð brúðina hefur, sá er brúðguminn, en vinur brúðgumans er sá sem stendur og hlýðir honum, gleðjandist af fagnaði fyrir brúðgumans rödd. Sá sami minn fögnuður er nú uppfylldur. [30]Honum ber að vaxa en mér að minnka.

[31]Sá sem að ofan að kemur, hann er yfir öllum. Hver hann er af jörðu, hann er jörð og af jörðu talar hann. En sá sem kemur af himni, hann er yfir öllum. [32]Og hvað hann sá og heyrði, það vitnar hann og enginn tekur hans vitnisburð. [33]En hver hann tekur hans vitnisburð, sá innsiglar það að Guð sé sannur. [34]Því hvern þann sem Guð sendir sá talar Guðs orð því að eigi gefur Guð sinn Anda að skammti. [35]Faðirinn elskar Soninn og allt gaf hann í hans hendur. [36]Hver hann trúir á soninn, sá hefur eilíft líf, en hver hann trúir ekki á soninn, hann mun eigi sjá lífið heldur blífur Guðs reiði yfir honum.“

4 En þá Drottinn fornam að Pharisei höfðu heyrt það Jesús gjörði fleiri lærisveina og skírði en Jóhannes [2](þótt Jesús skírði eigi sjálfur heldur hans lærisveinar) [3]þá forlét hann Gyðingaland og fór aftur til Galileam. [4]En honum byrjaði og að reisa um mitt Samariam. [5]Þá kom hann í eina samverska borg þá Síkar heitir, nærri því akurlendi er Jakob gaf syni sínum Jósef. [6]En þar var brunnur Jakobs. Sem Jesús var orðinn vegmóður þá sat hann á brunninum. Það var nær um séttu stund.

[7]Þá kemur þar ein samversk kona vatn að sækja. Jesús sagði til hennar: „Gef þú mér að drekka.“ [8]Því hans lærisveinar voru inngengnir í borgina að kaupa fæðslu. [9]Þá segir sú samverska kona so til hans: „Hvernin beiðir þú mig drykkjar þar þú ert einn Júði en eg em ein samversk kona? Því að eigi samneyta Júðar samverskum mönnum.“ [10]Jesús svaraði og sagði til hennar: „Ef þú vissir Guðs gjöf og hver hann væri sá þér segir: Gef mér að drekka, má vera að þú beiddir af honum og hann gefi þér lifanda vatn.“ [11]Þá sagði konan við hann: „Drottinn, þú hefur eigi það sem þú getur með ausið en hátt er ofan í brunninn. Eða hvaðan hefur þú lifanda vatn? [12]Eður ertu meiri föður vorum Jakob sá eð gaf oss þennan brunn? Hann sjálfur drakk af honum, synir hans, hjörð hans.“

[13]Jesús svaraði og sagði henni: „Allir þeir sem drekka af þessu vatni, þá þyrstir aftur [14]en hver hann drekkur af því vatni sem eg mun gefa honum hann skal eigi þyrsta eilíflega heldur það vatn sem eg mun gefa honum skal verða í honum brunnur uppsprettandi vats til eilífs lífs.“ [15]Konan sagði þá til hans: „Drottinn, gef mér þetta vatn svo að mig þyrsti eigi og að eg komi eigi hingað til vatsaustrar.“ [16]Jesús sagði til hennar: „Far þú og kalla á mann þinn og kom so hingað.“ [17]Konan svaraði og sagði: „Ei hefi eg mann.“ Jesús sagði til hennar: „Þú sagðir satt: Eigi hefi eg mann, [18]því að fimm menn hefir þú haft og þann þú hefir nú er eigi þinn maður. Þetta sagðir þú satt.“ [19]Konan sagði til hans: „Drottinn, eg sé að þú ert spámaður. [20]Feður vorir hafa á þessu fjalli tilbeðið en þér segið til Jerúsalem sé sá staður þar vær eigum að tilbiðja.“ [21]Jesús sagði henni: „Kona, trú mér: Sú stund kemur að hverki á þessu fjalli né til Jerúsalem munu þér tilbiðja föður-

inn. [22]Þér tilbiðjið það þér vitið eigi en vér vitum hvað vér tilbiðjum því að heillin er af Gyðingum. [23]En sá tími kemur og er nú þegar að sannir tilbiðjendur munu tilbiðja Föðurinn í anda og sannleika af því að Faðirinn æskir slíkra er hann so tilbiðja. [24]Guð er Andi og hverjir hann tilbiðja þeim heyrir í anda og sannleika að tilbiðja hann.“

[25]Konan sagði til hans: „Eg veit að Messías kemur, sá sem Kristur kallast. Og nær hann kemur þá mun hann undirvísa oss þetta allt.“ [26]Jesús sagði henni: „Eg em hann, sá sem við þig talar.“ [27]Og í því bili komu hans lærisveinar að og undruðust því hann talaði við konuna. Þó sagði enginn: „Að hverju spyr þú?“ eður: „Hvað mælir þú við hana?“ [28]En konan skildist þar við sína skjólu og gekk inn í staðinn og sagði til þeirra manna: [29]„Komið og sjáið þann mann er mér sagði allt það eg hefi gjört hvort að hann er eigi Kristur.“ [30]Þá gengu þeir af staðnum og komu til hans.

[31]En þess á milli báðu hans lærisveinar hann og sögðu: „Meistari, neyt þú.“ [32]En hann sagði til þeirra: „Eg hefi þá fæðu til að neyta af hverri þér vitið eigi.“ [33]Þá sögðu lærisveinarnir sín í milli: „Eða hefir nokkur fært honum að eta?“ [34]Jesús sagði til þeirra: „Minn matur er sá að eg gjöri hans vilja þess mig hefur sent að eg fullkomni so hans verk. [35]Segið þér eigi sjálfir að það eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartímans? Sé, eg segi yður: Lyftið upp augum yðar og sjáið akurlöndin það þau eru enn hvít til kornskurðarins. [36]Og hver sem uppvinnur sá tekur laun og safnar ávexti til eilífs lífs að sá sem sáir samfagni þeim er uppvinnur. [37]Því sannast hér það orðtak að annar sé sá sem sáir en annar sá sem uppvinnur. [38]Eg sendi yður upp að vinna það þér erfiðið ekki. Aðrir hafa erfiðað en þér genguð inn í þeirra erfiði.“ [39]Margir samverskir menn af þeim sama stað trúðu á hann fyrir konunnar orð, það vitnandi að hann sagði mér allt hvað eg gjört hefi. [40]En þá hinir samversku voru til hans komnir báðu þeir hann að hann væri þar. Og hann var tvo daga. [41]Og miklu fleiri trúðu fyrir hans orð. [42]Þeir sögðu og so til konunnar: „Ei trúum vér nú fyrir þín orð því að vér sjálfir heyrðum og vitum að þessi er sannarlega Kristur, Lausnari heimsins.“

[43]En eftir tvo daga fór hann þaðan og reisti til Galileam. [44]Því að Jesús vitnaði það sjálfur að einn spámaður hafi eigi heiður á sinni föðurleifð. [45]Þá hann kom í Galileam meðtóku hann galeiskir menn sem séð höfðu allt það hann gjörði til Jerúsalem um hátíðardaginn því þeir höfðu og komið til hátíðardagsins. [46]Hann kom og aftur til Kana í Galilea þar hann hafði gjört vatn að víni.

Og þar var þá einn konunglegur maður hvers sonur að lá sjúkur til Kapernaum. [47]Þá þessi heyrði það að Jesús var kominn af Gyðingalandi í Galileam fór hann til hans og bað hann að hann færi ofan og læknaði son hans því að hann væri að mestu látinn. [48]Þá sagði Jesús til hans: „Nema þér sjáið teikn og stórmerki þá trúið þér eigi.“ [49]Sá konunglegi maður sagði þá til hans: „Drottinn, far ofan áður en sonur minn andast.“ [50]Jesús sagði honum þá: „Far þú, sonur þinn lifir.“ Og maðurinn trúði þeim orðum er Jesús sagði hönum og gekk þaðan. [51]En þá hann fór ofan eftir gengu hans þénarar í móti honum og kunngjörðu honum, segjandi: „Sonur þinn lifir.“ [52]Þá spurði hann þá að á hverjum tíma honum hafði batnað. Og þeir sögðu honum: „Í gær um sjöundu stund hvarf frá honum kaldan.“ [53]Þá fann faðirinn að það var um þann tíma á hverjum Jesús sagði honum: „Sonur þinn lifir.“ Og hann trúði og allt hans hús. [54]Þetta er að nýju annað það jarteikn er Jesús gjörði þá hann kom af Gyðingalandi til Galileam.

5 Eftir það var hátíð Gyðinga og
Jesús fór upp til Jerúsalem. 2En í
Jerúsalem hjá fjárhúsinu er vatsdíki
sem kallast á ebresku Betseda, hafandi
fimm forbyrgi. 3Í þeim lá mikill fjöldi
sjúkra manna, blindra, haltra, visnaðra,
bíðandi eftir vatsins hræring. 4En engill
DROTTINS sté ofan í tilsettan tíma í díkið
og hrærði upp vatnið. Hver sem nú
fyrstur sté ofan í díkið eftir vatsins
hræring sá varð heill af hverri sótt sem
hann var haldinn. 5Þar var einn sá maður sem þrjátígi og átta ár hafði sjúkur
verið. 6Þá Jesús leit þennan liggjanda
og fornam að hann hafði langan tíma
sjúkur verið segir hann til hans: „Viltu
heilbrigður verða?“ 7Hinn sjúki svaraði
honum: „Drottinn, eg hefi eigi þann
mann þá vatnið hrærist að láti mig í
díkið því nær eg kem að þá stígur annar fyrr inn en eg.“
8Jesús sagði til hans: „Rís upp, tak
sæng þína og gakk!“ 9Og strax varð sá
maður heilbrigður og tók sína sæng og
gekk þaðan. En á þeim degi var þvottdagur. 10Þá sögðu Gyðingar honum sem
heilbrigður var orðinn: „Það er þvottdagur, eigi hæfir þér að bera sæng
þína.“ 11Hann svaraði þeim: „Sá mig
heilan gjörði hann sagði mér: Tak sæng
þína og gakk.“ 12Þeir spurðu hann:
„Hver er sá maður er þér sagði: Tak
sæng þína og gakk?“ 13En sá sem heilbrigður var orðinn vissi eigi hver hann
var. Því að Jesús hafði vikið sér afvega
fyrst að so mikill mannfjöldi var í þeim
stað.
14Eftir þetta hitti Jesús hann í musterinu og sagði til hans: „Sé, nú ertu heill
orðinn. Syndga nú eigi oftar so að þig
hendi eigi annað verra.“ 15Sá maður fór
og undirvísaði Gyðingum að Jesús væri
sá sem hann hafði heilan gjört. 16En fyrir það ofsóttu Gyðingar Jesúm og leituðust um að deyða hann af því að hann
gjörði þetta á þvottdegi. 17Jesús svaraði
þeim: „Faðir minn verkar allt hingað til.
Eg verka og.“ 18En fyrir þetta sóttu
Gyðingar meir til að deyða hann því að
hann braut eigi að einasta þvottdaginn
heldur sagði og að Guð væri sinn faðir,
gjörandi sig svo Guði jafnan.
19Jesús svaraði og sagði til þeirra:
„Sannlega, sannlega segi eg yður: Sonurinn fær ekkert af sjálfum sér gjört
nema það hann sér Föðurinn gjöra. Því
að hvað helst hann gjörir, það gjörir og
einnin Sonurinn. 20Því Faðirinn elskar
Soninn og sýnir honum allt það hann
gjörir og enn mun hann sýna honum
önnur verk þessum meiri so að þér
munuð undrast. 21Því að so sem Faðirinn uppvekur dauða og lífgar, so lífgar
og Sonurinn þá sem hann vill. 22Því eigi
dæmir Faðirinn nokkurn heldur gaf
hann Syninum allan dóm 23að allir
heiðri Soninn so sem þeir heiðra Föðurinn. Hver hann heiðrar ei Soninn, sá
heiðrar eigi Föðurinn sá sem hann
sendi. 24Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver mín orð heyrir og trúir þeim
sem sendi mig, sá hefir eilíft líf. Og eigi
kemur hann í dóm heldur líður hann úr
dauða til lífs.
25Sannlega, sannlega segi eg yður, að
sú stund kemur og er nú það dauðir
munu heyra rödd Guðs Sonar og þeir
sem heyra munu lifa. 26Því að líka sem
Faðirinn hefur lífið í sér sjálfum so gaf
hann Syninum að hafa lífið í sjálfum
sér. 27Hann gaf honum og vald til yfir
að dæma af því að hann er mannsins
Sonur. 28Eigi skulu þér undrast þetta
því að sú stund kemur á hverri að allir
þeir sem í gröfunum eru skulu heyra
rödd Guðs Sonar. 29Og þeir munu þá
framganga sem gott gjörðu til lífsins
upprisu en þeir sem illa gjörðu í dómsupprisu. **Daníel 12:2**
30Eigi fæ eg af mér sjálfum gjört nokkuð. Sem eg heyri so dæmi eg. Og minn
dómur er réttur því að eg leita eigi
míns vilja heldur vilja Föðursins sem
mig sendi. 31Ef eg ber mér sjálfum vitni
þá er mitt vitni ekki satt. 32Annar er sá
sem af mér ber vitni og eg veit að hans

vitni er satt það hann ber af mér. 33Þér
senduð til Johannem og hann bar sann-
leikanum vitni. 34En eg teki eigi vitni af
mönnum heldur segi eg yður þetta upp
á þér hjálpist. 35Hann var skínanda og
loganda ljós en þér vilduð skamma
stund gleðjast af hans ljósi. 36Eg hefi
enn meira vitni en Johannis vitni því að
þau verk sem Faðirinn gaf mér að eg
fullkomni þau, þau verkin sem eg gjöri
bera mér vitni það Faðirinn hafi mig
sent. 37Og Faðirinn sá sem mig sendi
hann sjálfur bar mér vitni. Eigi hafi þér
nokkurn tíma heyrt hans rödd né séð
hans mynd 38og hans orð hafi þér ei í
yður blífandi því að þann hann sendi,
honum trúið þér eigi.

39Rannsakið Ritningina því að þér
meinið yður í henni að hafa eilíf líf og
hún er það hver af mér ber vitni. 40Og
eigi vilji þér koma til mín svo að þér
hefðuð líf. 41Eg tek öngva dýrð af
mönnum 42en eg þekki yður að þér haf-
ið eigi Gus ástsemd með yður. 43Eg kom
í míns Föðurs nafni og þér meðtókuð
mig eigi. Ef annar kemur í sínu eigin
nafni, þann meðtaki þér. 44Hvernin
megi þér trúa þar sem þér takið dýrð
innbyrðis hver af öðrum? Og þá dýrð
sem af einum Guði er, hennar leiti þér
eigi.

45Eigi skulu þér það meina að eg muni
klaga yður fyrir Föðurnum. Þar er sá
sem yður klagar, Moyses, á hvern þér
vonið. 46Ef þér tryðuð Moysi so tryðuð
þér og mér því að af mér skrifaði hann.
Því ef þér trúið eigi hans skrifum,
hvernin megi þér þá mínum orðum
trúa?“**Genesis 3:15, Deuteronomium 18:15**

6 Eftir þetta fór Jesús burt yfir um
sjáinn Galilee til staðarins Tiberias.
2Og mikill mannfjöldi fylgdi honum eft-
ir af því þeir sáu þau jarteikn er hann
gjörði á sjúkum. 3Jesús gekk þá upp á
eitt fjall og settist þar sjálfur meður sín-
um lærisveinum. 4Þá var og páskahátíð
Gyðinga nálæg. 5Jesús hóf þá upp sín
augu og sá að margt fólk dreif að hon-
um. Þá sagði hann við Philippum:
„Hvar kaupum vér brauð það þessir
neyti?“ 6En þetta sagði hann af því að
hann vildi reyna hann því að hann vissi
sjálfur hvað hann vildi gjöra.

7Philippus svaraði honum: „Tvö hund-
ruð peninga brauð nægjast þeim eigi þó
að hver einn fái þá nokkuð lítið.“ 8Þá
sagði honum einn af hans lærisveinum,
Andreas bróðir Símonar Petri: 9„Hér er
eitt ungmenni sá hefur fimm bygg-
brauð og tvo fiska. En hvað skal þetta
meðal so margra?“ 10Þá sagði Jesús:
„Látið mennina setjast niður.“ Þar var í
þeim stað mikið gras. Þá settust þar
niður kallmenn að tölu nær fimm þús-
undum. 11Jesús tók brauðin og gjörði
þakkir og fékk sínum lærisveinum en
lærisveinarnir fengu þeim sem niður
höfðu sest, líka einnin af fiskunum so
mikið sem þeir vildu.

12En þá þeir voru mettir sagði hann til
sinna lærisveina: „Safnið saman þær
leifar sem afganga so ekkert spillist.“
13En þeir söfnuðu saman og fylldu upp
tólf karfir meður þessar leifar af fimm
byggbrauðum, hvert ið auk var þess
sem þeir höfðu neytt. 14Þá er þessir
menn sáu það að Jesús gjörði þetta
teikn sögðu þeir: „Þessi er sannlega sá
spámaður sem í heiminn skal koma.“
15En þá Jesús fann það að þeir mundu
koma að grípa hann og kjósa til kon-
ungs flýði hann einn upp aftur á fjallið.

16Að kveldi gengu hans lærisveinar
ofan til sjávar, 17stigu þeir á skip og þá
þeir komu yfir um þann sjó til Kaper-
naum var þá myrkt orðið. Jesús var þá
eigi kominn til þeirra. 18En sjórinn tók
að æsast upp af miklu veðri. 19Þeir
höfðu þá róið fimm og tuttugu eður
þrjátigu skeiða. Þeir sáu þá Jesúm
ganganda á sjónum og kominn nær
skipinu. Þeir óttuðust þá. 20En hann
sagði til þeirra: „Eg em, óttist þér eigi.“
21Þá vildu þeir hafa tekið hann inn á

skipið. Og jafnsnart var skipið komið að því landi sem þeir fóru til. 22Annan dag eftir sá fólkið sem hinumegin sjávarins stóð að eigi var þar annað skip til nema það eina sem hans lærisveinar höfðu á stigið og Jesús hafði eigi sjálfur stigið á það skip meður sínum lærisveinum heldur voru hans lærisveinar einir af stað farnir. 23Þar komu og yfir um önnur skip frá Tíberías hvað nærri er þeim stað sem þeir höfðu brauðin etið fyrir Drottins þakkargjörð. 24Og þá er fólkið sá að Jesús var eigi þar og eigi heldur hans lærisveinar sté það á skipin, kom til Kapernaum og leitaði að Jesú.

25Og þá þeir höfðu fundið hann hinumegin sjávarins sögðu þeir til hans: „Rabbí, nær komstu hingað?“ 26Jesús svaraði þeim og sagði: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Þér leitið mín eigi af því að þér sáuð teiknin heldur af því að þér neyttuð af brauðunum og urðuð saddir. 27Verkið ei þeirrar fæðu sem forgengur heldur þeirrar sem stöðug blífur til eilífs lífs hverja eð mannsins Sonur mun gefa yður því að Guð Faðir hefur hann innsiglað.“

28Þá sögðu þeir til hans: „Hvað skulu vér þá gjöra svo vér gjörum Guðs verk?“ 29Jesús svaraði og sagði þeim: „Það eru Guðs verk að þér trúið á hann þann hann sendi.“ 30Þá sögðu þeir til hans: „Hvort gjörir þú fyrir teikn so að vér sjáum og trúum þér? Hvað gjörir þú? 31Feður vorir átu himnabrauð á eyðimörku sem skrifað stendur: Hann gaf þeim að eta brauð af himni.“ **Exódus 16:15** 32Þá sagði Jesús til þeirra: „Sannlega, sannlega segi eg yður að eigi gaf Moyses yður brauð af himni heldur gefur Faðir minn yður satt brauð af himni. 33Því að þetta er Guðs brauð það sem af himni sté ofan og heiminum gefur líf.“

34Þeir sögðu þá við hann: „Drottinn, gef oss jafnan þetta brauð.“ 35En Jesús svaraði þeim þá: „Eg em lífsins brauð. Hver hann kemur til mín þann mun eigi hungra og sá hann trúir á mig hann mun aldreigi þyrsta. 36Eg sagða yður það þér hafið mig sénan og trúið þó eigi. 37Allt hvað Faðirinn gefur mér það kemur til mín og hvern þann sem til mín kemur hann mun eg eigi útreka. 38Því að eg sté ofan af himni, eigi upp á það að eg gjöri minn vilja heldur hans vilja sem mig sendi. 39Þetta er Föðursins vilji þess mig sendi að eg glati öngu af öllu því sem hann gaf mér heldur skal eg uppvekja það á efsta degi. 40En það er míns Föðurs vilji þess mig sendi að hver sá sem Soninn sér og trúir á hann hafi eilíft líf og eg mun uppvekja hann á efsta degi.“

41Þá mögluðu Júðar yfir því það hann sagði: „Eg em það brauð hvert eð ofan sté af himni.“ 42Og þeir sögðu: „Er eigi Jesús þessi sonur Jósefs hvers að vér þekkjum bæði föður og móður? Hvernin segir hann þá það eg egm ofanstiginn af himni?“ 43Jesús svaraði þeim: „Möglið eigi innbyrðis. 44Enginn fær til mín komið nema sá Faðir sem mig sendi togi hann og eg mun uppvekja hann á efsta degi. 45So er og skrifað á spámannabókum: Að þeir munu alllir verða af Guði lærðir. Hver helst nú heyrir af Föðurnum og lærir það sá kemur til mín. **Esaias 54:13** 46Eigi það að nokkur hafi Föðurinn sénan nema sá sem er af Föðurnum, hann hefur séð Föðurinn.

47Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver sem trúir á mig hann hefur eilíft líf. 48Eg em lífsins brauð. 49Feður yðrir átu himnabrauð í eyðimörku og eru dauðir. 50Þetta er það brauð sem oftansté af himni. Hver sem etur af því hann deyr eigi. 51Eg em það lifanda brauð sem af himni sté ofan. Hver sem etur af þessu brauði sá lifir eilíflega. Og það brauð sem eg mun gefa er mitt hold hvert að eg mun útgefa heiminum til lífs.“ 52Júðar þráttuðu þá sín á milli, so segjandi: „Hvernin fær þessi gefið oss

sitt hold að eta?“ 53Jesús sagði til þeirra: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Nema ef þér etið hold mannsins Sonar og drekkið hans blóð þá hafi þér ekki lífið með yður.

54Hver hann etur mitt hold og drekkur mitt blóð sá hefir eilíft líf og eg mun uppvekja hann á efsta degi. 55Því mitt hold er sönn fæða og mitt blóð er sannur drykkur. 56Hver hann etur mitt hold og drekkur mitt blóð sá blífur í mér og eg með honum. 57Líka sem að mig sendi lifandi Faðir og eg lifi sakir Föðursins, so og hver hann etur mig sá mun og lifa fyrir mínar sakir. 58Þetta er það brauð sem ofan sté af himni. Eigi so sem það yðrir feður höfðu himnabrauð etið og eru dauðir. Hver hann etur þetta brauð sá lifir að eilífu.“ 59Þetta sagði hann, kennandi í samkunduhúsinu til Kapernaum. 60En margir af hans lærisveinum sem þetta heyrðu sögðu: „Hörð er þessi ræða, hver kann henni að heyra?“ 61En er Jesús vissi meður sjálfum sér að hans lærisveinar mögluðu af þessu þá sagði hann til þeirra: „Misþokkar yður þetta? 62Hvað mun þá ef þér sæuð mannsins Son uppstíga þangað sem hann var fyrr? 63Andinn er sá er lífgar, holdið er til einskis nýtt. Þau orð er eg tala fyrir yður, þau eru andi og líf. 64En nokkrir eru þeir af yður hverjir eigi trúa.“ Því að Jesús vissi af upphafi hverjir eigi voru trúaðir og hver sá var er hann mundi svíkja. 65Og hann sagði: „Fyrir því sagða eg yður það enginn fær til mín komið nema að honum sé það gefið af mínum Föður.“

66Eftir það gengu margir af hans lærisveinum aftur til baka og gengu ei lengur þaðan af meður honum. 67Þá sagði Jesús til þeirra tólf: „Vilji þér og fráganga?“ 68En honum svaraði Símon Petrus: „Drottinn, hvert skulum vær fara? Þú hefur orð eilífs lífs. 69Vér trúum og kennum það þú ert Kristur, Sonur Guðs lifanda.“ 70Jesús svaraði þeim: „Hefi eg eigi útvalið yður tólf? Og einn af yður er djöfull. 71En hann sagði af Júdasi Símonssyni Ískaríot því að hann sveik hann þó að hann væri einn af tólf.

7 Eftir það gekk Jesús um Galileam því að hann vildi eigi ganga um Judeam af því að Gyðingar vildu í hel slá hann. 2Þá var og nálæg tjaldbúðarhátíð Gyðinga. 3Bræður hans sögðu þá til hans: „Tak þig upp og gakk til Júdalands so að þínir lærisveinar sjái þau verk er þú gjörir. 4Því að sannlega gjörir enginn sá nokkuð leynilega sem sjálfur hann eftirleitar kunnur að verða. Ef þú gjörir það þá opinbera þú sjálfan þig heiminum.“ 5Því hans bræður trúðu ei á hann.

6Jesús sagði til þeirra: „Minn tími er eigi enn kominn en yðar tími er jafnan reiðubúinn. 7Heimurinn fær yður eigi hatað en mig hatar hann því að eg ber vitnisburð af honum það hans verk eru vond. 8Fari þér upp til hátíðardagsins, eg vil enn eigi fara upp til þessarar hátíðar það minn tími er enn eigi uppfylldur.“ 9En þá hann hafði sagt þeim þetta bleif hann samt í Galilea. 10Nú sem hans bræður voru uppfarnir þá fór hann og sjálfur upp til hátíðarinnar, eigi opinberlega heldur so sem nokkuð á laun. 11Júðar spurðu að honum um hátíðina og sögðu: „Hver er hann?“ 12Og mikill krytur var í lýðnum um hann. Sumir sögðu: „Góður er hann“ en aðrir sögðu: „Nei, heldur leiðir hann lýðinn afvega.“ 13Enginn talaði þó bert um hann fyrir hræðslu sakir við Gyðinga. 14En að hálfnaðri hátíðinni sté Jesús upp í musterið og kenndi. 15Júðar undruðust, so segjandi: „Hvernin veit hann Ritningarnar þar hann hefur þó eigi lært þær?“ 16Jesús svaraði þeim og sagði: „Minn lærdómur er eigi minn heldur hans sem mig sendi. 17Ef sá er nokkur sem gjöra vill hans vilja hann reynir hvert þessi lærdómur er af Guði eður hvert eg tala af mér sjálfum. 18Hver sem af sjálfum sér talar sá leitar

sinnar eiginnar dýrðar en hver hann leitar þess dýrðar sem hann sendi sá er sannur og ekkert ranglæti er með honum.

[19]Gaf Moyses yður eigi lög þó enginn yðar haldi lögin? Eður því sæki þér eftir að lífláta mig?“ [20]Lýðurinn svaraði og sagði: „Djöfulinn hefir þú. Hver sækir til að lífláta þig?“ [21]Jesús svaraði og sagði: „Eitt verk gjörða eg og það undri þér allir. [22]Moyses gaf yður því umskurnarskírn, eigi það hún væri af Moyse komin heldur af forfeðrunum. Og þó umskeri þér manninn á þvottdegi. [23]Nú ef maðurinn meðtekur umskurðarskírn á þvottdegi so að eigi brjótist Moyses lögmál. En þér reiðist þó við mig það eg gjörði allan manninn heilan á þvottdegi. [24]Þér skuluð eigi dæma eftir yfirlitum heldur dæmið réttum dómi.“ [25]Þá sögðu nokkrir af þeim sem voru af Jerúsalem: „Er það ekki sá sem þeir sóttu til að lífláta? [26]Sjáið, nú talar hann opinberlega og enginn þeirra segir honum grand. Eða vita vorir höfðingjar það víst að þessi er sannur Kristur? [27]En vér vitum þó hvaðan þessi er. Þá Kristur kemur veit enginn hvaðan hann er.“

[28]Þá kallaði Jesús í musterinu, lærandi og so segjandi: „Þér kennið mig og vitið hvaðan eg em. Og eg kom eigi af sjálfum mér heldur er hann sannorður sá mig sendi hvern þér þekkið eigi. [29]En eg þekki hann því að eg em af honum og hann hefur sent mig.“ [30]Þá sóttu þeir til að grípa hann en enginn lagði þó hendur á hann því að eigi var hans tími enn kominn. [31]Margt af fólkinu trúði á hann og sögðu: „Þá Kristur kemur mun hann nokkuð gjöra fleiri teikn en þessi gjörir?“ [32]Þá Pharisei heyrðu nú lýðinn krytja þetta um hann þá sendu prestahöfðingjar og Pharisei þénara út að þeir handtæki hann. [33]Jesús sagði þá til þeirra: „Litla stund eg em enn hjá yður og þá fer eg til hans sem mig sendi. [34]Þér leitið mín og finnið mig eigi og þar sem eg er þangað fái þér eigi að koma.“ [35]Þá sögðu Gyðingar sín á milli: „Hvert vill hann fara so að vér finnum hann eigi? Eður vill hann ganga í sundurdreifing heiðinna manna og læra þar heiðnar þjóðir? [36]Hvernin er sú ræða sem hann sagði: Þér leitið mín og finnið eigi og þar sem eg er þangað fái þér eigi að koma?“

[37]Á síðasta degi hinnar miklu hátíðar stóð Jesús upp og kallaði, so segjandi: „Ef nokkurn þyrstir komi hann til mín og drekki. [38]Hver hann trúir á mig, so sem Ritningin segir: Af hans kviði skulu framfljóta vötn lifanda vats.“ [39]En þetta sagði hann af þeim Anda hvern þeir skyldu meðtaka sem á hann tryðu. Því að Heilagur Andi var þá ei útgefinn af því að Jesús var enn eigi auglýstur.

[40]Og margir af lýðnum sem heyrðu þessa hans ræðu sögðu: „Þessi er sannur spámaður.“ [41]Aðrir sögðu: „Hann er Kristur.“ En sumir sögðu: „Skal Kristur nokkuð koma af Galilea? [42]Segir eigi Ritningin að Kristur komi af Davíðs sæði og úr kastalanum Betlehem þar sem Davíð var?“ **Micheas 5:2** [43]Líka so varð ein misgreining með fólkinu. [44]En nokkrir af þeim vildu hafa gripið hann en enginn lagði þó hendur á hann.

[45]Þénararnir komu aftur til Phariseis og prestahöfðingjanna og þeir sögðu þá til þeirra: „Því höfðu þér hann eigi hingað?“ [46]Þénararnir svöruðu: „Þar hefur aldrei nokkur maður so talað sem þessi maður.“ [47]Þá svöruðu Pharisei þeim: „Eða eru þér og villtir? [48]Trúir nokkur höfðingjanna eður af Phariseis á hann? [49]Heldur það fólk sem ekkert veit af lögmálinu og bölvað er.“ [50]Nikódemus sagði þá til þeirra, sá sem kom til hans um nótt, hver ið einn var af þeim: [51]„Dæmir vort lögmál nokkuð manninn nema hann sé fyrri rannsakaður og sé vitað hvað hann gjörir?“ [52]Þeir svöruðu og sögðu til hans: „Ertu einn af Galileis? Rannsaka þú og skoða það af Galilea mun ei spámaður upprísa.“ [53]Og hver gekk heim til sinna húsa.

8 Jesús gekk þá í fjallið Oliveti. 2Og að morni í dögun kom hann aftur í musterið og allt fólkið kom til hans. Hann setti sig og lærði það.

3En hinir lögklóku og farísear leiddu fram fyrir hann þá konu sem í hórdómi var gripin og settu hana þar í miðið 4og sögðu til hans: „Meistari, þessi kona er nú fundin í hórdómi 5en Moyses býður oss í lögmálinu að berja þess háttar menn grjóti. Eða hvað segir þú til?“ **Leviticus 20:10** 6En þetta sögðu þeir af því þeir freistuðu hans að þeir mættu so ákæra hann. En Jesús laut niður og skrifaði á jörðina, líkt og hann heyrði ekki til þeirra. 7Þá er þeir létu ekki af því að spyrja, reisti hann sig upp og sagði til þeirra: „Hver yðar sem er án syndar kasti sá fyrstur steini á hana.“ 8Þá laut hann niður aftur og ritaði á jörðina. 9Þá þeir heyrðu þetta og þeirra samviska straffaði þá gekk einn eftir öðrum út, fyrstir þó öldungarnir. Jesús var þá einn eftir og konan þar standandi mitt fyrir honum. 10En þá Jesús rétti sig upp og sá þar öngvan nema konuna sagði hann til hennar „Kona, hvar eru þeir sem þig áklaga? Hefir nokkur fordæmt þig?“ 11En hún sagði: „Enginn, Drottinn.“ Jesús sagði henni þá: „Eigi mun eg fordæma þig heldur. Gakk héðan og syndga nú ei oftar héðan af.“

12Jesús talaði enn aftur til þeirra so segandi: „Eg em ljós heimsins. Hver hann fylgir mér eftir sá gengur ei í myrkrunum heldur hefur hann ljós lífsins.“ 13Þá sögðu Pharisei til hans: „Þú ber vitni af sjálfum þér, þinn vitnisburður er eigi sannur.“ 14Jesús svaraði og sagði til þeirra: „Ef eg ber af sjálfum mér vitni þá er minn vitnisburður sannur því eg veit hvaðan eg kom og hvert að eg fer. En þér vitið eigi hvaðan eg kom eður hvert eg fer. 15Þér dæmið eftir holdinu. Eg dæmi öngvan 16en ef eg dæmi þá er minn dómur réttur því að eg er eigi einnsaman heldur eg og sá Faðir er mig sendi. 17So er og skrifað í lögum yðar að tveggja manna vitnisburður sé sannur. 18Eg em sá sem af mér sjálfum ber vitni og Faðirinn sá mig sendi hann ber og af mér vitni.“ 19Þá sögðu þeir til hans: „Hver er faðir þinn?“ Jesús svaraði: „Eigi kenni þér mig né minn Föður. Ef þér þekktuð mig þá þekktu þér og minn Föður.“ 20Þessi orð talaði Jesús við ölmösukistuna þá hann kenndi í musterinu. Og enginn tók hann því hans stund var enn eigi komin.

21Þá sagði Jesús enn til þeirra: „Eg fer og þér leitið mín og í synd yðvari deyi þér. Hvert eg fer þangað fái þér eigi að koma.“ 22Þá sögðu Gyðingar: „Mun hann vilja drepa sjálfan sig það hann segir: Hvert að eg fer þangað fái þér eigi að koma?“ 23Þá sagði hann þeim: „Þér eruð hér neðan að, eg em að ofan. Þér eruð af þessum heimi, eg em ei af þessum heimi. 24Því sagði eg yður að þér munduð deyja í syndum yðrum. Því ef þér trúið ei að eg sé hann þá munu þér deyja í yðrum syndum.“ 25Þá sögðu þeir til hans: „Hver ert þú?“ Jesús sagði til þeirra: „Það upphaf sem nú talar við yður. 26Margt hefi eg að tala og dæma um yður en sá mig sendi hann er sannorður og hvað eg heyrða af honum það tala eg fyrir heiminum.“ 27En þeir skildu það eigi að hann sagði þeim af Guði Föður.

28Þá sagði Jesús til þeirra: „Nær þér upphefið mannsins Son þá skilji þér að eg sé hann. Og af mér sjálfum gjöri eg ekkert heldur það sem mig lærði minn Faðir það tala eg 29og sá er mig sendi hann er með mér. Faðirinn lét mig ei einnsaman því að eg gjöri jafnan það honum er þægt.“ 30Þá hann talaði þetta trúðu margir á hann.

31Þá sagði Jesús til þeirra Gyðinga sem á hann trúðu: „Ef þér blífið við mína ræðu þá eru þér mínir sannir lærisveinar 32og þá þekki þér sannleikinn og sannleikurinn mun yður frelsa.“ 33Þá

svöruðu þeir honum: „Vér erum Abrahams sæði og aldrei höfum vér nokkurs manns þrælar verið. Hvernin segir þú þá: Þér skuluð frjálsir verða?“
[34]Jesús svaraði þeim og sagði: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver helst sem syndina gjörir hann er syndarinnar þræll. [35]Þrællinn blífur eigi eilíflega í húsinu en Sonurinn blífur þar eilíflega. [36]Nú ef Sonurinn frelsar yður þá eru þér réttlega frjálsir. [37]Eg veit að þér eruð Abrahams synir. Þó sæki þér til að deyða mig því að mín ræða grípur öngvan stað hjá yður. [38]Eg tala það sem eg séð hefi hjá mínum Föður. Og hvað þér sáuð hjá yðrum föður, það gjöri þér.“
[39]Þeir svöruðu og sögðu til hans: „Abraham er vor faðir.” Þá sagði Jesús þeim: „Ef þér væruð Abrahams synir, þá gjörðu þér Abrahams verk. [40]En nú leiti þér eftir að lífláta mig, þann mann þó sem sannleikinn talar fyrir yður. En þetta gjörði eigi Abraham. [41]Þér gjörið yðar föðurs verk.“ Þá svöruðu þeir: „Eigi erum vér í hórdómi bornir. Einn Guð höfum vér fyrir föður.“ [42]Jesús sagði þá til þeirra: „Ef Guð væri yðar Faðir þá elskuðuð þér mig því eg em af Guði kominn og framgenginn. Því eigi kom eg af sjálfum mér heldur sendi hann mig. [43]Fyrir því þekki þér þá ekki mitt mál af því þér megið eigi heyra mína ræðu.
[44]Þér eruð af föður yðar djöflinum og girndum yðar föðurs þá vilji þér eftirfylgja. Hann var einn morðingi þegar að upphafi og eigi stóð hann í sannleiknum. Því að sannleikurinn er ei með honum. Þá hann talar lygi talar hann af sínu eigin því hann er er einn ljúgari, so og þess hlutar faðir. [45]En mér, af því eg segi sannleikinn, þá vilji þér ei trúa. [46]Hver yðar kann straffa mig af nokkuri synd? Nú ef eg segi sannleikinn, því trúi þér mér þá eigi? [47]Hver hann er af Guði sá heyrir Guðs orð. Af því heyri þér eigi að þér eruð eigi af Guði.“ [48]Þá svöruðu Júðar og sögðu honum: „Segjum vær eigi vel að þú ert samverskur og hefur djöful?“ [49]Jesús svaraði: „Eigi hefi eg djöful heldur vegsama eg Föður minn og þér vanheiðrið mig. [50]Eg leita eigi að minni dýrð. Einn er sá sem leitar og dæmir.
[51]Sannlega, sannlega segi eg yður: Ef nokkur er sá sem geymir mín orð hann mun ei sjá dauðann að eilífu.“ [52]Þá sögðu Júðar við hann: „Nú finnum vær að þú hefir djöful. Abraham er dauður og spámennirnir og þú segir: Ef nokkur er sá eð geymir mín orð hann mun eigi smakka dauðann að eilífu. [53]Eða ertu meiri föður vorum Abraham hver framliðinn er? Og spámennirnir eru og framliðnir. Hvern gjörir þú sjálfan þig?“
[54]Jesús svaraði: „Ef eg vegsama mig sjálfur þá er mín dýrð engin. Þar er minn Faðir sá mig vegsamar hvern þér segið yðvarn Guð vera og þekkið hann þó ei. [55]En eg þekki hann og ef eg segða það eg þekkti hann ekki þá væri eg einn ljúgari líkur yður. Heldur þekki eg han og geymi hans orð.
[56]Abraham faðir yðar gladdist að hann skyldi sjá minn dag. Og hann sá hann og varð glaður við.“ [57]Þá sögðu Júðar til hans: „Þú ert enn eigi fimmtugur og þó sástu Abraham?“ [58]Jesús sagði til þeirra: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Áður en Abraham var em eg.“ [59]Þá tóku þeir upp steina að þeir köstuðu á hann. En Jesús duldist þeim, og gekk út úr samkundunni, mitt á meðal þeirra, og gekk frá þeim.

9 Og þá eð Jesús gekk framhjá sá hann þann einn mann sem blindur var borinn. [2]Hans lærisveinar spurðu hann þá að og sögðu: „Rabbí, hvert braut þessi eður hans foreldrar að hann fæddist so blindur?“ [3]Jesús svaraði: „Eigi braut þessi né hans foreldrar heldur að Guðs verk skulu auglýsast á honum. [4]Mér byrjar að verka hans verk þess mig sendi á meðan að dagur er.

Nóttin kemur nær enginn fær verkað.
5So lengi sem eg er í veröldinni þá em
eg ljós veraldar.“
6Þá hann hafði sagt þetta spýtti hann á
jörðina og gjörði sér hrákasaur og neri
saurnum um augu hins blinda 7og sagði
honum: „Far þú til díkisins Sílóa (hvað
að þýðist „sendur“) og þvo þér.“ Þá
gekk hann og þvo sér og kom sjáandi.
8Þá sögðu nágrannar hans og þeir sem
hann höfðu áður þekkt að hann var
ölmusumaður: „Er það eigi sá sem sat
og beiddi?“ 9Sumir sögðu: „Hann er
það“ en aðrir sögðu: „Líkur er hann
honum.“ Hann sjálfur sagði: „Eg em
sá.“ 10Þeir sögðu þá við hann: „Hvernin
eru þín augu upplokin?“ 11Hann svaraði
og sagði: „Sá maður sem nefnist Jesús
gjörði sér saur og reið á mín augu og
hann sagði mér: Far þú til díkisins Sílóa
og þvo þér. Eg gekk og þvo mér og fékk
sýnina.“ 12Þeir sögðu til hans: „Hver er
hann?“ Hann sagði: „Eg veit eigi.“
13Þá leiddu þeir hann fyrir Phariseos
sem áður hafði blindur verið. 14En þá
var þvottdagur er Jesús gjörði þann
saurinn og opnaði hans augu. 15Þá
spurðu Pharisei hann enn að hvernin
hann hefði sýnina fengið. En hann
sagði þeim: „Saur lagði hann á mín
augu. Eg þvoði mér og nú sé eg.“ 16Þá
sögðu sumir af Phariseis: „Eigi er þessi
maður af Guði það hann heldur eigi
þvottdaginn.“ En aðrir sögðu: „Hvernin
má syndugur maður gjöra þvílíka
teikn?“ Og þar varð sundurþykkja
þeirra á milli. 17Þá sögðu þeir enn til
hins blinda: „Hvað segir þú af honum
það hann opnaði þín augu?“ En hann
sagði: „Spámaður er hann.“
18Gyðingar trúðu eigi af honum að
hann hefði blindur verið og væri nú
skyggn orðinn þangað til þeir kölluðu á
hans foreldra sem sýnina hafði aftur
fengið 19og spurðu þá að, svo segandi:
„Er hann ykkar son hvern þér segið
blindan borinnn vera? Eða hvernin sér
hann nú?“ 20Hans foreldrar svöruðu
þeim og sögðu: „Við vitum að þessi er
okkar sonur og það hann var blindur
borinn. 21En með hverjum hætti hann
sér nú það vitum við ekki eður hver
hans augu opnaði, það vitum við ekki.
Hann hefur sjálfur aldur til að svara
fyrir sig, spyrjið hann að.“ 22Þetta sögðu
hans feðgin af því að þau óttuðust
Gyðinga. Því að Gyðingar höfðu þá
þegar samblásið með sér það ef nokkur
meðkenndi hann Christum að sá skyldi
útrekinn af þeirra samkundum. 23Fyrir
því sögðu hans feðgin: „Hann er nógu
gamall, spyrjið hann að.“
24Þá kölluðu þeir aftur í öðru sinni á
þann mann sem blindur hafði verið og
sögðu honum: „Gef Guði heiðurinn. Vér
vitum að þessi maður er syndugur.“
25Hann svaraði og sagði: „Er hann synd-
ugur, það veit eg ekki. Eitt veit eg, að
eg var blindur og nú sé eg.“ 26Þeir
sögðu þá til hans: „Hvað gjörði hann
þér eða hvernin lauk hann upp þínum
augum?“ 27Hann svaraði þeim: „Eg
sagða yður nú það. Hafi þér ekki heyrt
það? Til hvers vilji þér heyra það aftur?
Eða vilji þér verða hans lærisveinar?“
28Þá bölvuðu þeir honum og sögðu:
„Vertu hans lærisveinn en vær erum
Moyses lærisveinar. 29Vér vitum að Guð
talaði við Moysen en vér vitum eigi
hvaðan þessi er!“
30Sá maður svaraði og sagði þeim:
„Það er undarlegt að þér vitið eigi hvað-
an hann er og þó lauk hann upp mínum
augum. 31En vér vitum að Guð heyrir
eigi synduga heldur það ef nokkur er
Guðs dýrkari og gjörir eftir hans vilja,
þann heyrir hann. 32Um aldur hefir það
eigi heyrt verið að nokkur hafi upp lok-
ið þess manns augum sem blindur var
borinn. 33Væri þessi maður eigi af Guði
þá mætti hann ekkert gjöra.“ 34Þá svör-
uðu þeir og sögðu til hans: „Allur ertu í
synd alinn og þú lærir oss!“ Og þá ráku
þeir hann út.
35Þá Jesús heyrði það að þeir höfðu
hann útrekið og er hann fann hann þá

sagði hann til hans: „Trúir þú á Guðs Son?“ 36Hann svaraði og sagði: „Drottinn, hvar er hann so að eg trúi á hann?“ 37Jesús sagði til hans: „Þú sást hann og hann sem við þig talar, sá er hann.“ 38Hinn svaraði: „Drottinn, eg trúi.“ Og hann tilbað hann. 39Jesús sagði: „Til dóms kom eg í þennan heim að þeir sem eigi sjá skyldu sjá og að þeir blindir sem sjá.“ 40Og nokkrir af Phariseis heyrðu þetta sem hjá honum voru og sögðu til hans: „Eða eru vér þá blindir?“ 41Jesús sagði þeim: „Ef þér væruð blindir þá hefðu þér öngva synd. Nú fyrst þér segið: Vér sjáum, þá blífur yðar synd.

10 Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann gengur eigi inn um dyrnar í sauðahúsið heldur stígur hann inn með öðrum hætti, sá er þjófur og spillvirki. 2En sá sem gengur inn um dyrnar, hann er hirðir sauðanna. 3Fyrir honum lýkur dyravörðurinn upp og sauðirnir heyra hans rödd og hann kallar sína sauði með nafni, leiðir þá og út. 4Og þá hann hefur sína sauði út látið gengur hann frammi fyrir þeim. Sauðirnir fylgja honum og eftir því að þeir þekkja hans rödd. 5En öðrum annarlegum fylgja þeir ei eftir heldur flýja þeir frá honum því að þeir kenna eigi annarlega rödd.“ 6Þennan málshátt talaði Jesús til þeirra en þeir vissu eigi hvað hann sagði þeim.

7Þá sagði Jesús enn aftur til þeirra: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Eg em dyr sauðanna. 8Allir hverjir helst fyri mér komu þeir voru þjófar og spillvirkjar og sauðirnir hlýddu þeim eigi. 9Eg em dyrnar. Ef nokkur gengur inn um mig, sá mun frelsast. Hann mun og ganga út og inn og finna sitt fóður. 10Þjófurinn kemur ei til annars en hann steli, drepi og fordjarfi. Eg em kominn til þess að þeir skyldu hafa líf og fulla gnægð. 11Eg em góður hirðir. Góður hirðir gefur sitt líf út fyrir sína sauði.

Esekiel 34:23 12En leigumaðurinn, sá eigi er hirðir og hvers sauðirnir eru eigi eiginlegir, hann sér úlfinn komanda og yfirgefur sauðina og flýr en úlfurinn grípur og sundurdreifir sauðunum. 13En leigumaðurinn flýr af því að hann er leigumaður og hirðir ekki um sauðina. 14Eg em góður hirðir og eg þekki mína sauði og eg þekkjunst af mínum, 15so sem að þekkir mig minn faðir og eg þekki Föðurinn. Og mitt líf legg eg út fyrir mína sauði. 16Eg hefi og aðra sauði sem eigi eru af þessu sauðahúsi. Þá byrjar mér og hingað til að leiða og þeir munu heyra mína rödd og þar mun verða eitt sauðahús og einn hirðir.

17Fyrir því elskar mig minn Faðir að eg legg út líf mitt. Eg tek það og aftur. 18Enginn tekur það og af mér heldur legg eg það út af mér sjálfur. Eg hefi vald til það af að leggja, eg hefi og vald til það aftur að taka. Þetta boðorð fékk eg af mínum Föður.“ 19Þá varð enn sundurþykkja í millum Gyðinga fyrir sakir þessara orða. 20En margir af þeim sögðu: „Djöful hefur hann og óður er hann, til hvers heyri þér honum?“ 21Aðrir sögðu: „Þessi orð eru einskis óðs manns. Fær djöfull nokkuð blinds manns augum upplokið?“ 22Þá gjörðist musterisvígsla til Jerúsalem. Það var um vetur. 23Og Jesús gekk í musterinu í forbyrgi Salomonis. 24Þá umkringdu hann Júðar og sögðu til hans: „Hversu lengi þá heldur þú vorri sálu upp? Ef þú ert Christus þá seg oss það berlega.“ 25Jesús svaraði þeim: „Eg sagða yður það en þér trúið eigi. Þau verk er eg gjöri í míns Föðurs nafni bera vitni af mér. 26En þér trúið eigi því að þér eruð eigi af mínum sauðum so sem eg sagða yður. 27Því mínir sauðir heyra mína rödd. Eg þekki þá og þeir fylgja mér eftir 28og eg gef þeim eilíft líf og eigi skulu þeir fyrifarast að eilífu. Enginn skal þá og grípa úr minni hendi. 29Faðir minn, sá eð mér gaf þá, hann er öllum meiri

og enginn fær þá gripið af míns Föðurs hendi. 30Eg og Faðir minn erum eitt.“ 31Þá tóku Gyðingar enn steina upp að grýta hann. 32Jesús svaraði þeim þá: „Mörg góðverk sýndi eg yður af mínum Föður. Fyrir hvers verks sakir þá vilji þér grýta mig?“ 33Gyðingar svöruðu honum þá so segjandi: „Fyrir gott verk grýtu vér þig eigi heldur fyrir þá guðlastan þar sem þú ert maður og gjörir þig sjálfan að Guði.“ 34Jesús svaraði þeim: „Er eigi so skrifað í yðru lögmáli: Eg sagða það þér eruð guðir? **Sálmarnir 82:6** 35Nú ef það kalar þá guði til hverra Guðs orð eru skeð – og Ritningin má eigi rjúfast 36en við þann sem Faðirinn helgaði og í heiminn sendi þá segi þér: Þú guðlastar, af því eg sagða: Eg em Sonur Guðs. 37Ef eg gjöri ekki míns Föðurs verk þá trúið mér ekki. 38Nú fyrst eg gjöri þau þá trúið verkunum þó þér viljið mér ekki trúa so að þér kennið og trúið það Faðirinn sé meður mér og eg meður honum.“ 39Þeir sóttu þá enn til að grípa hann en hann gekk út frá þeirra höndum 40og fór aftur í þann stað hinumegin Jórdanar sem Jóhannes hafði áður skírt og var þar. 41Margir komu til hans og sögðu: „Jóhannes gjörði að vísu ekkert teikn en allt hvað Jóhannes sagði af þessum það er satt.“ 42Og margir trúðu þar á hann.

11 Þar lá einn sjúkur maður, Lasarus að nafni, af Bethania, í híbýlum Maríu og hennar systur Marthe. 2En María var sú sem Drottinn hafði smurt með smyrslum og þurrkað hans fætur með sínum hárlokkum, hverrar bróðir var sá Lasarus sem sjúkur lá. 3Systur hans senda þá til Jesú, so segjandi: „Drottinn, sjá nú, sá þú elskar hann er nú sjúkur.“ 4Þá Jesús heyrði það sagði hann: „Þessi sótt er eigi til dauða heldur til Guðs dýrðar so að Guðs Sonur verði fyrir hana dýrkaður.“ 5En Jesús elskaði Martham og systur hennar Maríu og so Lazarum. 6Þá hann hafði það heyrt að hann var sjúkur bleif hann samt tvo daga í þeim stað sem hann var þá. 7Eftir það talar hann til sinna lærisveina: „Göngu vér aftur í Judeam.“ 8Þá sögðu hans lærisveinar við hann: „Rabbí, nærst þá vildu Júðar grýta þig og þó viltu fara þangað aftur?“ 9Jesús svaraði: „Eru eigi tólf stundir í degi? Hver hann gengur um daginn sá steytir sig eigi því að hann sér þessa heims ljós. 10En hver hann gengur um nætur sá steytir sig því þar er ekkert ljós í honum.“ 11Þetta mælti hann og eftir það sagði hann til þeirra: „Lasarus vinur vor hann sefur en eg fer að vekja hann af svefni.“ 12Þá sögðu hans lærisveinar: „Drottinn, ef hann sefur á batnar honum.“ 13Jesús talaði um hans dauða en þeir ætluðu að hann mundi segja af eðlilegum svefni. 14Þá sagði Jesús þeim opinberlega: „Lasarus er látinn 15og eg fagna fyrir yðar sakir það eg var ei þar so að þér trúið. Og göngum nú til hans.“ 16Þá sagði Tómas, sem kallast tvíburi, til lærisveinanna: „Göngu vær með so að vér deyjum með honum.“

17Jesús kom og þá og fann að hann hafði fjóra daga í gröfinni legið. 18En Bethania lá hartnærri Jerúsalem so sem fimmtán renniskeið. 19Margir Gyðingar voru þar komnir til Martham og Maríu að þeir hugguðu þær um lát bróður síns. 20Sem Marta heyrir að Jesús kemur rennur hún í móti honum en María sat heima. 21Þá sagði Marta við Jesúm: „Drottinn, ef þú hefðir hér verið þá væri bróðir minn eigi látinn. 22En eg veit að hvers þú beiðist af Guði það gefur Guð þér.“ 23Jesús sagði til hennar: „Bróðir þinn skal upp rísa.“ 24Marta sagði til hans: „Eg veit að hann rís upp á efsta dags upprisu.“ 25Jesús sagði við hana: „Eg em upprisa og líf. Hver hann trúir á mig sá mun lifa þótt hann nú væri dauður 26og hver hann lifir og trúir á mig, sá skal eigi deyja að eilífu. Trúir þú þessu?“ 27Hún sagði þá til

hans: „Já Drottinn, eg trúi að þú sért sá Kristur, Sonur Guðs sem í heiminn skyldi koma.“
[28]Þá hún hafði þetta sagt fór hún og kallaði í hljóði á systur sína Maríu, so segjandi: „Meistarinn er hér nær og kallar á þig.“ [29]Þá hin heyrði það stóð hún fljótt upp og kom til hans [30]því að Jesús var enn ei kominn til kastalans heldur var hann enn í þeim stað sem Marta hafði í móti honum komið. [31]En þeir Júðar sem í húsinu voru og hana hugguðu sáu það að hún stóð so fljótt upp og gekk út. Fylgdu þeir henni eftir og sögðu: „Hún fer til grafarinnar að gráta þar.“
[32]Þá María kom þangað sem Jesús var og hún leit hann féll hún til fóta hans og sagði honum: „Drottinn, ef þú hefðir nú hér verið þá væri bróðir minn eigi látinn.“ [33]Sem Jesús sá hana nú gráta og þá Gyðinga grátandi er með henni komu bystist hann við í sínum anda og hryggðist með sjálfum sér [34]og sagði: „Hvar hafi þér lagt hann?“ Þeir sögðu honum: „Drottinn, kom og skoða.“ [35]Þá tárfelldi Jesús. [36]Þá sögðu Gyðingar: „Sjá, hversu kæran hann hefur haft hann.“ [37]En aðrir af þeim sögðu: „Mátti hann sem opnaði blinds manns augu eigi gjöra við því að þessi hefði ekki dáið?“ [38]Jesús sturlaðist þá enn með sjálfum sér og þá kom hann til grafarinnar. En það var einn jarðmunni. Steinn var og yfirlagður.[39]Jesús sagði: „Takið af steininn.“ Þá sagði Marta, systir hins dauða, til hans: „Drottinn, hann lyktar nú því að hann er ferdagaður.“ [40]Jesús sagði til hennar: „Sagða eg þér ekki að ef þú tryðir þá mundir þú sjá Guðs dýrð?“ [41]Þá tóku þeir steininn af þeim stað sem hinn dauði var lagður. En Jesús hóf þá sín augu upp og sagði: „Faðir, eg þakka þér það þú heyrðir mig. [42]En eg veit þó að þú heyrir mig jafnan, heldur fyrir fólksins sakir sem hér stendur í kring þá sagða eg það so að það trúi því að þú sendir mig.“ [43]Þá hann hafði þetta sagt kallaði hann hárri röddu: „Lazare, kom þú út!“ [44]Og þá strax kom sá út sem dauður hafði verið, reyrður með líkböndum að höndum og fótum og um hans ásjón var sveipað meður sveitadúki. Jesús sagði til þeirra: „Leysið hann og látið burt ganga.“
[45]Margir af Gyðingum sem komið höfðu til Mariam og sáu hvað Jesús gjörði þá trúðu á hann. [46]En sumir af þeim gengu burt til Phariseis og sögðu þeim hvað Jesús hafði gjört.
[47]Þá samtóku kennimannahöfðingjarnir og Pharisei eitt ráð og sögðu: „Hvað skulu vær til gjöra? Því þessi maður gjörir mörg teikn [48]og ef vér sleppum honum so þá trúa allir á hann og þá koma Rómverjar og taka vort land og lýði.“ [49]En einn af þeim, Kaifas að nafni, sá sem það sama ár var kennimannahöfðingi, sagði til þeirra: „Þér vitið ekkert og hugleiðið ekkert. [50]Betra er fyrir oss að einn maður deyði fyrir fólkið so að eigi tapist allur lýður.“ [51]En þetta sagði hann ei af sjálfum sér heldur af því hann var þess árs kennimannahöfðingi, þá spáði hann að Jesús skyldi deyja fyrir fólkið, [52]ei einasta fyrir það fólk heldur það að hann safnaði í eitt þeim Guðs börnum er sundur voru dreifð. [53]Og upp frá þeim degi samtóku þeir með sér að aflífa hann.
[54]Jesús gekk eigi þaðan af berlega hjá Gyðingum heldur fór hann burt í eitt byggðarlag nærri eyðimörku, í þá borg sem kallaðist Efrem. Og þar dvaldist hann með sínum lærisveinum. [55]En þá var páskahátíð Gyðinga nálæg og margir úr þeirri sveit gengu upp til Jerúsalem fyrir páskana að hreinsa sig. [56]Þeir stóðu upp og spurðu eftir Jesú og töluðu sín á millum í musterinu: „hvað sýnist yður það hann kemur ei til hátíðardagsins?“ [57]En biskupar og Phariseis gáfu út það boðorð ef nokkur vissi hvar hann væri þá skyldi hann undirvísa þeim svo að þeir mtætu höndla hann.

12 Sex dögum fyrir páska kom
Jesús í Bethania þar sem Lasarus hinn framliðni var hvern eð Jesús hafði uppvakið af dauða. 2En þeir bjuggu honum þar eina kveldmáltíð og Marta þjónaði. Lasarus var einn af þeim sem til borðsins sátu með honum. 3Þá tók María eitt pund smyrsla af hinu skærasta og dýrmætasta narden og smurði með fæturnar Jesú og þurrkaði so hans fætur meður sínum hárlokkum. Húsið fylltist og upp af ilm smyrslanna. 4Þá sagði einn af hans lærisveinum, Júdas Símonsson Ískaríot, sá er hann sveik þar eftir: 5„Fyrir því eru þessi smyrsl ekki seld fyrir þrjú hundruð peninga og gefið fátækum?“ 6Þetta sagði hann eigi af því að hann hirti um fátæka heldur af því að hann var þjófur og hafði fépyngjuna og bar það sem gefið var. 7Þá sagði Jesús: „Lát hana í friði. Þetta geymdi hún til míns greftrunardags. 8Volaða hafi þér jafnan hjá yður en mig hafi þér eigi að jafnaði.“ 9En er fjöldi mikill af Gyðingum fornam að hann var þar sjálfur komu þeir ei einasta þangað fyrir Jesú sakir heldur að þeir sæi Lazarum þann sem hann hafði af dauða reist. 10En prestahöfðingjar samtóku og það að láta í hel slá Lazarum 11því að fyrir hans sakir gengu margir af Gyðingum þangað og trúðu á Jesúm.

12Annan dag eftir þá eð lýðurinn heyrði sem til hátíðardagsins var kominn að Jesús kom til Jerúsalem 13þá tóku þeir sér kvistu af pálmviði og gengu út í móti honum og hrópuðu: „Hósíanna! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins, konungur Ísraels!“ 14En Jesús fékk eina ösnu og reið þar á, so sem skrifað er: 15„Óttast þú eigi, dóttir Síon. Sé, þinn konungur kemur ríðandi á einum ösnufola.“ **Sacharias 9:9** 16En þetta skildi eigi hans lærisveinar í fyrstu heldur þá eð Jesús var auglýstur þá hugleiddu þeir að þetta var af honum skrifað og þeir höfðu honum þetta gjört. 17En það fólk bar honum vitni sem hjá var þá hann kallaði Lazarum úr gröfinni og af dauða upp vakti. 18Af því gekk múgafólkið út í móti honum það heyrði að hann hafði gjört soddan teikn. 19En Pharisei sögðu sín á milli: „Þér sjáið nú að vér orkum öngu. Sé, allur heimur fer eftir honum.“

20Þar voru og nokkrir Grikkir meður þeim sem upp höfðu farið að tilbiðja um hátíðina. 21Þeir gengu til Philippo hver eð var af Betsaída úr Galilea, báðu hann og sögðu: „Herra, vér vildum fá að sjá Jesúm.“ 22Philippus kom og sagði það Andrea en Andreas og Philippus sögðu það Jesú. 23En Jesús ansaði þeim og sagði: „Sá tími er nú kominn að Sonur mannsins auglýsist.

24Sannlega, sannlega segi eg yður: Nema það að frækornið falli í jörðina og deyi þá blífur það einsaman allt. En ef það deyr þá færir það mikinn ávöxt. 25Hver hann elskar sitt líf hann glatar því en hver hann hatar sitt líf í þessum heimi sá varðveitir það til eilífs lífs. 26Ef nokkur vill mér þjóna þá fylgi hann mér eftir. Og hvar eg em þar skal og minn þénari vera. Ef nokkur þjónar mér þá mun minn Faðir hann heiðra.

27Mín sála er nú hrygg. Og hvað skal eg segja? Faðir, frelsa þú mig af þessum tíma? En fyrir því kom eg þó í þennan tíma. 28Faðir, birtu nafn þitt.“ Þá kom rödd af himni, so segjandi: „Eg hefi það uppbirt og eg skal það enn uppbirta.“ 29Þá sagði fólkið sem hjá stóð og áheyrði: „Þar urðu reiðarþrumur.“ Aðrir sögðu: „Engill talaði við hann.“ 30Jesús svaraði og sagði: „Eigi kom þessi rödd fyrir mínar sakir heldur fyrir sakir yðar. 31Nú er kominn dómur þessa heims. Nú mun og þessa heims höfðingi útrekast. 32Og fyrst eg verð upphafinn af jörðu þá mun eg draga allt til mín sjálfs.“ 33En þetta sagði hann, teiknandi með hverjum dauða er hann skyldi deyja. 34Þá svaraði fólkið honum: „Vér höfum heyrt úr lögunum að

Kristur blífi að eilífu. Hvernin segir þú þá að mannsins Syni byrjar upp að hefjast? Hver er sá mannsins Sonur?“ 35Þá sagði Jesús til þeirra: „Ljósið er stutta stund hjá yður. Gangið því á meðan þér hafið ljósið svo að myrkurin grípi yður eigi. Sá er gengur í myrkrunum hann veiti eigi hvert hann fer. 36Á meðan þér hafið ljósið þá trúið á ljósið upp á það þér séuð synir ljóssins.“

Þetta talaði Jesús og gekk burt og duldi sig fyrir þeim. 37Og þótt hann gjörði slík teikn fyrir þeim þá trúðu þeir þó eigi á hann 38so að uppfylldist orðsaga Esaja spámanns þá hann sagði: „Drottinn, hver trúði vorri prédikan og hverjum er armleggur Drottins opinberaður?“ **Esaias 53:1** 39Fyrir það máttu þeir eigi trúa það Esajas segir enn í öðrum stað: 40„Hann blindaði augu þeirra og forherti hjörtu þeirra so að þeir sjái eigi með augunum né skilji með hjartanu að þeir umsnúist svo eg græði þá.“ **Esaias 6:9-10** 41Þetta sagði Esajas þá hann leit hans dýrð og talaði af honum. 42Margir af höfðingjunum trúðu þó á hann en fyrir sakir Phariseis þá meðkenndu þeir það eigi svo að þeir væri eigi forboðaðir úr samkundunni. 43Því að þeir elskuðu meir vegsemd manna en Guðs dýrð.

44Jesús kallaði þá og sagði: „Hver sem á mig trúir hann trúir ei á mig heldur á hann sem mig sendi. 45Og hver hann sér mig hann sér þann sem mig sendi. 46Eg er ljós í heiminn kominn svo að hver sem á mig trúir blífi eigi í myrkrunum. 47Og ef nokkur heyrir mín orð og trúir ekki hann mun eg ei dæma. Því að eg kom eigi að dæma heiminn heldur að frelsa heiminn. 48Hver hann fyrirlítur mig og meðtekur eigi mín orð hann hefir þann hann dæmir. Það orð sem eg talaði það mun dæma hann á efsta degi. 49Því að eg talaði ei af sjálfum mér heldur faðirinn sá mig sendi, hann gaf mér sjálfur boðorð til hvað eg skyldi segja eður mæla. 50Og eg veit að hans boðorð er eilíft líf. Þar fyrir það eg tala, það tala eg so so sem Faðirinn sagði mér.“

13 Fyrir páskahátíðina þá Jesús vissi að hans tími var kominn að hann gengi úr þessum heimi til Föðursins og líka sem hann elskaði sína þá er hér voru í heimi, so elskaði hann þá allt til enda. 2Og að gjörðri kveldmáltíðinni (því að djöfullinn hafði þá þegar sent í hjarta Júdasar Símonssonar Ískaríot að hann sviki hann) 3vissi Jesús það Faðirinn hafði allt gefið honum í hendur og það að hann var af Guði útkominn og til Guðs þá færi hann. 4Þá stóð hann upp frá kveldmáltíðinni, lagði af sér klæðin og tók eitt línklæði, gyrti um sig, 5eftir það hellti hann vatni í eina munlaug og tók til að þvo fæturna á lærisveinunum og þurrkaði með því línklæði er hann var með gyrtur. 6Þá kom hann til Símonar Petri. En Pétur sagði til hans: „Drottinn, áttu að þvo á mér fætur?“ 7Jesús svaraði og sagði honum: „Hvað eg gjöri það veist þú nú eigi en seinna veist þú það.“ 8Þá sagði Pétur til hans: „Aldrei um ævi skalt þú mínar fætur þvo.“ Jesús svaraði honum: „Ef eg skal ei þvo þér þá hefur þú ei hlutdeild með mér.“ 9Símon Petrus sagði þá til hans: „Drottinn, ekki einasta fæturna heldur jafnvel höfuð og hendur.“ 10Jesús sagði þá til hans: „Sá þveginn er hann þarf eigi að þvo nema fæturnar því hann er allur hreinn. Þér eruð og hreinir en eigi allir.“ 11Því hann vissi fyrir hver sá var er hann mundi svíkja. Fyrir það sagði hann: „Þér eruð ei allir hreinir.“

12En eftir það hann hafði þvegið fætur þeirra tók hann sín klæði, settist niður aftur og sagði þá enn til þeirra: „Viti þér hvað eg gjörða yður? 13Þér kallið mig Meistara og Drottinn. Þér segið það og rétt því að eg er hann og. 14Nú ef eg, yðar Drottinn og Meistari, þvæ yðra fætur, þá skulu þér og innbyrðis þvo hver

annars fætur. 15Þetta gaf eg yður til eftirdæmis svo þér gjörið líka sem eg gjörði við yður. 16Sannlega, sannlega segi eg yður að þjóninn er eigi meiri sínum herra né sendiboðinn þeim er hann út sendi.

17Ef þér vitið þetta þá eru þér sælir ef þér gjörið þetta. 18Ei segi eg af yður öllum – eg veit hverja eg hefi útvalið – heldur það að uppfyllist Ritningin: Sá sem að etur brauð meður mér, hann treður mig undir fætur. **Sálmarnir 41:9** 19Nú segi eg yður það áður en það sker so að þér trúið þá það er skeð að eg em hann. 20Sannlega, sannlega þá segi eg yður: Hver hann meðtekur þann er eg sendi sá meðtekur mig. En hver hann meðtekur mig hann meðtekur hann sem mig sendi.“

21Þá Jesús hafði þetta sagt hryggðist hann í sínum anda, vottaði og sagði: „Sannlega, sannlega segi eg yður: Einn af yður mun forráða mig.“ 22Þá leit hver lærisveinanna til annars, uggandi við af hverjum hann sagði. 23En þar var einn af hans lærisveinum sem sat til borðsins í faðmi Jesú, hvern eð Jesús elskaði. 24Honum benti Símon Petrus að hann spyrði hann hver sá væri er hann hafði til talað. 25Af því hann lá þá brjósti Jesú. Og hann sagði til hans: „Drottinn, hver er sá?“ 26Jesús svaraði: „Sá er hann að hverjum eg rétti vökvaðan brauðbita.“ Og þá hann vökvaði brauðið gaf hann það Júdasi Símonssyni Ískaríot. 27Og eftir þann bita fór andskotinn í hann.

Þá sagði Jesús til hans: „Hvað þú gjörir þá gjör það snart.“ 28En enginn af þeim sem til borðsins sátu vissi til hvers hann talaði. 29Sumir ætluðu það af því að Júdas hafði fépyngjuna að Jesús mundi segja honum: „Kaup það er oss gjörist þörf til hátíðardagsins“ eða að hann gæfi nokkuð fátækum. 30Og þá hann hafði bitann tekið gekk hann strax út og þá var nótt. 31En þá hann var útgenginn sagði Jesús: „Nú er mannsins Sonur auglýstur og Guð er auglýstur með honum. 32Fyrst Guð er auglýstur með honum þá mun Guð auglýsa hann í sjálfum sér og snarlega mun hann auglýsa hann.

33Sonakorn mín, eg em enn litla stund hjá yður. Þér leitið mín og líka sem eg sagði við Gyðinga: Hvert eg fer þangað kunni þér eigi að koma, og nú segi eg yður. 34Eitt nýtt boðorð þá gef eg yður: Að þér elskið hver annan. Líka sem eg elskaði yður, so skulu þér og elskast innbyrðis. 35Og af því kenna allir að þér eruð mínir lærisveinar ef þér hafið kærleikann yðar á milli.“ 36Símon Petrus segir til hans: „Drottinn, hvert fer þú?“ Jesús svaraði honum: „Þangað sem eg fer máttu nú að sinni eigi fylgja mér en seinna meir þá muntu fylgja mér.“ 37Pétur segir til hans: „Drottinn, því má eg nú eigi fylgja þér? Eg vil setja mitt líf út fyrir þig.“ 38Jesús svaraði honum: „Hvað mundir þú setja þitt líf út fyrir mig? Sannlega, sannlega segi eg þér að haninn gelur ei áður en þú hefur neitað mér þrisvar.

14 Þá sagði hann til sinna lærisveina: „Hryggvist eigi í yðru hjarta. Trúi þér á Guð, þá trúi þér á mig. 2Í míns Föðurs húsi eru margar verur en ef eigi so væri þá segði eg að eg færa að tilbúa yður stað. 3Og ef eg fer héðan að tilbúa yður stað þá vil eg þó aftur koma og taka yður til mín sjálfs so þér séuð þar sem eg er. 4Og hvert eg fer það viti þér og veginn viti þér.“

5Tómas sagði til hans: „Drottinn, vér vitum eigi hvert þú fer eða hvernin megu vér þá veginn vita?“ 6Jesús sagði til hans: „Eg em vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til míns Föðurs nema fyrir mig. 7Ef þér þekkið mig þá þekki þér og minn Föður. Og nú héðan í frá þá þekki þér og so sáu þér hann.“ 8Philippus sagði til hans: „Drottinn, sýn oss Föðurinn. Það nægir oss.“ 9Jesús sagði til hans: „So lengi er eg í

hjá yður og þú þekkir mig eigi, Philippe? Hver mig sér sá sér og Föðurinn og hvernin segir þú þá: Sýn oss Föðurinn? [10]Trúir þú eigi að eg em með Föðurnum og Faðirinn með mér? Þau orð eg tala til yðar þau tala eg eigi af sjálfum mér. Faðirinn sá sem meður mér byggir hann sjálfur gjörir þau verk. [11]Trúið mér að eg sé með Föðurnum og Faðirinn meður mér. Ef eigi annars þá trúið mér þó fyrir verkanna sakir.

[12]Sannlega, sannlega segi eg yður: Hver hann trúir á mig sá mun gjöra þau verk sem eg gjöri. Hann mun og gjöra þessum meiri því að eg fer til míns Föðurs. [13]Og hvers þér biðjið Föðurinn í mínu nafni það vil eg gjöra so að Faðirinn dýrkist í Syninum. [14]Hvers þér biðjið í mínu nafni það vil eg gjöra.

[15]Ef þér elskið mig þá haldið mín boðorð. [16]Og eg mun biðja Föðurinn að hann gefi yður annan Huggara, þann er blífur með yður eilíflega, [17]þann Sannleiksanda hvern heimurinn fær eigi meðtekið því hann sér hann eigi og þekkir hann eigi. En þér þekkið hann því að hann blífur hjá yður og mun vera með yður. [18]Eigi læt eg yður Föðurlausa, eg kem til yðar.

[19]Innan skamms tíma þá mun heimurinn ei sjá mig meir en þér skuluð sjá mig því að eg lifi og þér munuð lifa. [20]Á þeim degi kenni þér að eg er með Föðurnum og Faðirinn með mér og eg með yður.

[21]Hver hann hefir mín boðorð og heldur þau hann er sá sem mig elskar. En hver hann elskar mig sá elskast af mínum Föður og eg mun elska hann og eg mun opinbera mig honum.“ [22]Þá sagði Júdas, eigi Ískaríot, til hans: „Drottinn, hvað verður þess gjört að þú munt vilja opinbera sjálfan þig oss en eigi heiminum?“ [23]Jesús svaraði og sagði til hans: „Hver hann elskar mig sá varðveitir mín orð og minn Faðir mun elska hann og við komum til hans og gjörum okkur í hjá honum vistarveru. [24]En hver hann elskar eigi mig sá varðveitir eigi mín orð. Og það orð er þér heyrið er eigi mitt heldur Föðursins þess er mig sendi.

[25]Þetta sagða eg yður á meðan eg var hjá yður. [26]En Huggarinn, hinn Heilagi Andi, þann er minn Faðir mun senda yður í mínu nafni, hann sjálfur mun læra yður alla hluti og áminna yður á allt hvað eg sagða yður.

[27]Minn frið læt eg hjá yður, minn frið gef eg yður. Ei so sem heimurinn gefur þá gef eg yður. Yðart hjarta hryggvist eigi né skelfist. [28]Þér heyrðuð það eg sagða yður: Eg fer og kem til yðar. Ef þér elskuðuð mig þá gleddust þér við það að eg sagða: Eg fer til Föðursins, það Faðirinn er mér meiri. [29]Og nú sagða eg yður það fyrr en það sker so að þér trúið þá það er skeð.

[30]Hér eftir mun eg eigi tala margt við yður. Því höfðingi þessa heims kemur og með mig hefur hann ekkert [31]heldur það að heimurinn kenni það eg elska Föðurinn og það eg gjöri so sem Faðirinn hefur mér boðið. Stöndum upp og förum héðan.

15 Eg em sannur vínviður og minn Faðir er víngarðsmaðurinn. [2]Hvern þann kvist á mér er eigi færir ávöxt mun hann afkvista og hvern þann sem ávöxt færir mun hann hreinsa so að hann færi meira ávöxt. [3]Þér eruð nú hreinir fyrir sakir þess orðs að eg talaði við yður. [4]Blífið í mér og eg með yður. Líka sem vínkvisturinn fær eigi fært ávöxt af sjálfum sér nema hann sé á vínviðartrénu so og eigi heldur þér nema þér blífið á mér. [5]Eg em vínviðartréð en þér eruð vínviðarkvistirnir. Hver hann blífur í mér og eg með honum sá færir mikinn ávöxt því að án mín fái þér einskis orkað. [6]Hver sá er eigi blífur í mér hann er útkastaður sem annar vínviðarkvistur og uppþornar og þeir samanlesa þá og kasta á eld og brenna. [7]Nú ef þér blífið í

mér og mín orð blífa í yður biðjið þá hvers þér viljið og það skal yður veitast.
[8]Þar með verður minn Faðir dýrkaður að þér færið mikinn ávöxt og verðið mínir lærisveinar.
[9]So sem elskaði mig minn Faðir líka so elska eg yður. Blífið í minni ástsemd.
[10]Ef þér varðveitið mín boðorð þá blífi þér í minni ástsemd líka sem eg varðveitti míns Föðurs boðorð og eg blíf í hans ástsemd.
[11]Þetta talaði eg því til yðar að minn fögnuður blífi hjá yður og yðar fögnuður uppfyllist.
[12]Það er mitt boðorð að þér elskið yðar á milli svo sem eg elskaði yður.
[13]Enginn hefur meiri ástsemd en sá að hann setur sitt líf út fyrir sína vini.
[14]Þér eruð mínir vinir ef þér gjörið það eg býð yður.
[15]Og héðan af kalla eg yður eigi þénara því að þjóninn veit eigi af hvað hans herra gjörir. En yður segi eg vini því allt hvað eg heyrði af mínum Föður það kunngjörða eg yður.
[16]Eigi útvöldu þér mig heldur hefi eg útvalið yður og eg skikkaði yður til að þér genguð og færðuð ávöxt so að yðar ávöxtur blífi til þess að hvers þér biðjið Föðurinn í mínu nafni það gefi hann yður.
[17]Það býð eg yður að þér elskið hver annan.
[18]Ef heimurinn hatar yður þá vitið að hann hefur hatað mig fyrri en yður.
[19]Ef þér væruð af þessum heimi þá elskaði heimurinn það hans væri. En með því þér eruð ekki af þessum heimi heldur útvalda eg yður af heiminum, fyrir það hatar yður heimurinn.
[20]Minnist á mín orð er eg sagða: Þjóninn er eigi meiri sínum herra. Ef þeir hafa ofsótt mig þá munu þeir og ofsækja yður. Hafa þeir geymt mín orð þá munu þeir og geyma yðar orð.
[21]En allt þetta munu þeir gjöra yður fyrir míns nafns sakir því að þeir þekkja eigi hann þann er mig sendi.
[22]Ef eg væri eigi kominn og hefði eigi sagt þeim það þá hefði þeir öngva synd. Nú hafa þeir ekkert það þeir verndi sína synd með.
[23]Hver sem mig hatar sá hatar og minn Föður.
[24]Ef eg hefða eigi gjört þau verk á meðal þeirra sem enginn hefur annar gjört þá hefðu þeir öngva synd. En nú hafa þeir séð þau og hata þó bæði mig og minn Föður.
[25]Heldur það að sú málsgrein sem skrifuð er í þeirra lögmáli uppfylldist: Fyrir ekkert höfðu þeir mig að hatri. **Sálmarnir 35:19, 69:4**
[26]En þar sá huggari kemur er eg mun senda yður af mínum Föður, sem er Sannleiksandi, hver af Föðurnum framgengur, hann mun bera vitni af mér.
[27]Þér munuð og bera vitni því að þér hafið í upphafi hjá mér verið.

16 En þetta tala eg til yðar so að þér hneykslist eigi
[2]því þeir munu forboða yður. Og sá tími kemur að hver yður líflætur hann meinar sig gjöra þægt verk Guði.
[3]Og þetta gjöra þeir yður af því að þeir þekkja hverki Föðurinn né mig.
[4]En þetta tala eg því til yðar að nær sú stund kemur þá skulu þér minnast þar á að eg sagða yður það. En þetta sagða eg yður eigi í upphafi því eg var hjá yður.
[5]Og nú fer eg til hans sem mig sendi og enginn yðar spyr mig: Hvert fer þú?
[6]Heldur af því eg talaði þetta til yðar þá uppfylldist yðart hjarta af hryggð.
[7]En eg segi yður þó sannleikinn: Það batar yður að eg fari héðan því að ef eg fer eigi héðan þá kemur eigi Huggarinn til yðar. En ef eg fer héðan þá mun eg senda hann til yðar.
[8]Og þá hann kemur straffar hann heiminn fyrir synd og fyrir réttlæti og fyrir dóm.
[9]Fyrir syndina því þeir trúðu ei á mig.
[10]En fyrir réttlætið því að eg fer til Föðursins og þaðan af sjái þér mig eigi.
[11]En fyrir dóminn því að þessa heims höfðingi er dæmdur.
[12]Enn hefi eg margt að segja yður en þér fáið eigi allt borið að sinni.
[13]Nær að kemur sá Sannleiksandi þá mun hann kenna yður allan sannleik. Því að eigi talar hann af sjálfum sér heldur hvað

hann heyrði það talar hann og hvað ókomið er það kunngjörir hann yður.
14Hann sami mun og auglýsa mig því að
af mínu mun hann það taka og kunn-
gjöra yður. 15Allt hvað minn Faðir hefur
það er mitt. Fyrir það sagða eg að af
mínu mun hann það taka og kunngjöra
yður.
16Um lítinn tíma þá munu þér eigi sjá
mig og enn aftur um lítinn tíma þá
munu þér sjá mig því að eg fer til Föð-
ursins.“ 17Þá sögðu hans lærisveinar sín
á milli: „Hvað er það að hann sagði oss:
Um lítinn tíma þá munu þér ei sjá mig
og enn aftur um lítinn tíma þá munu
þér sjá mig því að eg fer til Föðursins?“
18Þá sögðu þeir: „Hvað er það hann seg-
ir: Um lítinn tíma? Vér vitum eigi hvað
hann segir.“ 19Þá fornam Jesús að þeir
vildu spyrja hann og sagði til þeirra:
„Þér spyrjið að því yðar á milli að eg
sagða: Um lítinn tíma þá munu þér ei
sjá mig og þá aftur um lítinn tíma
munu þér sjá mig? 20Sannlega, sannlega
segi eg yður: Þér munuð gráta og syrgja
en heimurinn mun fagna. Þér verðið
hryggvir en yðar hryggð skal snúast í
fögnuð. 21Konan nær hún skal fæða þá
hefir hún hryggð því að hennar stund
er komin. En þá hún hefir barnið fætt
minnist hún eigi þess harmkvælis fyrir
fagnaðarsakir því maður er í heiminn
borinn. 22Þér hafi nú hryggð en eg skal
sjá yður aftur og yðart hjarta skal fagna
og yðvarn fögnuð skal enginn af yður
taka. 23Á þeim degi munu þér mig og
einkis spyrja. Sannlega, sannlega segi
eg yður: Hvers þér biðjið Föðurinn í
mínu nafni það mun hann gefa yður.
24Hingað til hafi þér einskis beðið í
mínu nafni. Biðjið, þá munu þér með-
taka so að yðar fögnuður fullkomnist.
25Þetta hefi eg talað í orðskviðum til
yðar. Sá tími kemur að eg tala eigi leng-
ur í orðskviði til yðar heldur kunngjöri
eg yður berlega af mínum Föður. 26Á
þeim degi munu þér og biðja í mínu
nafni. Og eigi segi eg yður að eg muni
biðja Föðurinn fyrir yður 27því að sjálfur
Faðirinn elskar yður af því þér elskið
mig og trúið það eg sé af Guði út-
genginn. 28Eg em af föðurnum út-
genginn og kominn í þennan heim. Eg
fyrirlæt og aftur þennan heim og fer til
Föðursins.“
29Hans lærisveinar segja þá til hans:
„Sé, nú talar þú berlega og mælir öngva
orðskviðu. 30Nú vitum vér að þú veist
alla hluti og þú þarft eigi að nokkur
spyrji þig. Fyrir það trúum vér að þú
sért af Guði útgenginn.“ 31Jesús svaraði
þeim: „Nú trúi þér? 32Sjáið, sú stund
kemur og er nú þegar komin að þér
sundrist hver til sinna og látið mig ein-
an saman. En eg er þó ei einnsaman því
að Faðirinn er með mér.
33Þetta tala eg því til yðar að þér
hefðuð frið í mér. Í heiminum hafi þér
hörmung en verið þó hughraustir því
eg yfirvann heiminn.“

17 En þetta talaði Jesús og hóf upp
sín augu til himins og sagði:
„Faðir, stundin er komin að þú auglýsir
Son þinn so að þinn Sonur auglýsi og
þig. 2So sem þú gafst honum yfirvald
alls holds að hann gefi þeim öllum er
þú gafst honum eilíft líf. 3En það er ei-
líft líf að þeir játi þig einan og sannan
Guð vera og þann þú útsendir, Jesúm
Krist. 4Eg auglýsti þig á jörðu og full-
komnaði það verk er þú fékkst mér að
gjöra. 5Og nú auglýs mig, Faðir, hjá
sjálfum þér meður þeirri dýrð er eg
hafða hjá þér áður en heimurinn var.
6Eg hefi opinberað nafn þitt hjá mönn-
um þeim er þú gafst mér af heiminum.
Þeir voru þínir og þú gafst mér þá og
þeir geymdu þín orð. 7Nú vita þeir að
allt hvað þú gafst mér sé af þér 8því þau
orð er þú gafst mér þá gaf eg þeim og
þeir hafa þau meðtekið og sannlega
viðurkennt það eg em af þér útgenginn
og trúa því að þú sendir mig. 9Eg bið
fyrir þeim. Eigi bið eg fyrir heiminum
heldur fyrir þeim hverja þú gafst mér

því þeir eru þínir. [10]Allt hvað mitt er
það er þitt og hvað þitt er það er mitt.
Og í þeim er eg auglýstur. [11]Og eigi em
eg nú meir í heiminum en þeir eru í
heiminum og eg kem til þín. Heilagur
Faðir, geym þá í þínu nafni hverja þú
gafst mér að þeir sé eitt so sem við. [12]Á
meðan eg var hjá þeim í heiminum þá
geymdi eg þá í þínu nafni og hverja þú
gafst mér þá varðveitti eg og enginn af
þeim er glataður nema sá einn
glatanarson svo að ritningin uppfylld-
ist.

[13]En eg kem nú til þín. Og þetta tala eg
í heiminum so að þeir hafi minn fullan
fögnuð með sjálfum sér. [14]Eg gaf þeim
þín orð og heimurinn hatar þá því að
þeir eru eigi af heiminum, líka sem það
að eg er ei af heiminum. [15]Eg bið eigi að
þú takir þá af heiminum heldur að þú
geymir þá frá illu. [16]Þeir eru eigi af
heiminum so sem að eg er ei af heimin-
um. [17]Helga þú þá í þínum sannleik. Þín
orð eru sannleikur. [18]Líka sem þú send-
ir mig í heiminnn svo sendi eg þá í
heiminn. [19]Fyrir þá helga eg sjálfan mig
svo að þeir séu og helgaðir í sannleik-
anum.

[20]Eg bið eigi einasta fyrir þeim heldur
og jafnvel fyrir þeim sem trúa munu á
mig fyrir þeirra orð [21]so að þeir sé allir
eitt so sem þú, Faðir, ert með mér og eg
með þér, að þeir séu og eitt með okk-
ur so að heimurinn trúi það þú sendir
mig. [22]Og þá dýrð sem þú gafst mér þá
gef eg þeim að þeir sé og eitt so sem að
vér erum eitt, eg með þeim og þú með
mér, [23]so að þeir séu fullkomnir í eitt og
það að heimurinn kenni að þú sendir
mig og það þú elskaðir þá svo sem þú
elskaðir mig.

[24]Faðir, hverja er þú gafst mér vil eg
að hvar sem eg er þá sé þeir með mér
so þeir sjái mína dýrð þá þú gafst mér.
Því að þú elskaðir mig fyrr en heimur-
inn var skapaður. [25]Réttvísi Faðir,
heimurinn kennir þig eigi en eg kenni
þig og þessir kenna það þú sendir mig
[26]og þitt nafn gjörða eg þeim kunnigt
og eg vil gjöra þeim það kunnigt so að
sú ástsemd með hverri þú elskaðir mig
sé í þeim og eg með þeim.“

18 Þá Jesús hafði nú þetta talað
gekk hann út með sína lær-
isveina yfir um lækinn Kedron þangað
sem einn grasgarður var. Og Jesús
gekk þar inn með sína lærisveina. [2]En
Júdas sá er hann sveik vissi og þennan
stað. Því að oft kom Jesús þar með sína
lærisveina. [3]Þá Júdas hafði nú til sín
tekið flokk manna og einnin af kenni-
mannahöfðingja og Phariseis þénurum
kom hann þangað að með lyktum og
logbröndum og hervopnum. [4]Nú það
Jesús vissi allt hvað yfir hann átti að
koma þá gekk hann fram og sagði til
þeirra: „Að hverjum spyrji þér?“ [5]Þeir
svöruðu honum: „Að Jesú af Naðsaret.“
Þá sagði Jesús til þeirra: „Eg em hann.“

En Júdas sá er hann seldi stóð þar hjá
þeim. [6]Og þá er Jesús sagði til þeirra:
„Eg em hann“ hörfuðu þeir á bak aftur
og duttu til jarðar. [7]Hann spurði þá enn
aftur að: „Að hverjum spyrji þér?“ En
þeir sögðu: „Að Jesúm hinum nað-
verska.“ [8]Jesús svaraði: „Eg sagða yður
það eg er hann. Og ef þér spyrjið af mér
þá látið þessa burtganga“ [9]so að upp-
fylldist það orð er hann sagði: „Öngv-
um glataði eg af þeim sem þú gafst
mér.“ **Johannis 17:12**

[10]Símon Petrus hafði hjá sér eitt sverð,
dró það út og sló til eins kennimanna-
höfðingjans þénara og hjó af hans
hægra eyra. En þénarinn hét Malkus að
nafni. [11]Þá sagði Jesús til Péturs: „Stilltu
þínu sverði í slíðrið. Skal eg eigi drekka
þann kaleik sem mér gaf minn Faðir?“

[12]En flokkurinn og hershöfðinginn og
Gyðingaþénarar höndluðu Jesúm,
bundu hann [13]og leiddu fyrst burt til
Hannas (eð var mágur Kaífas) sá er var
þess árs kennimannahöfðingi. [14]En
Kaífas var sá er Gyðingum gaf það ráð
að betur færi það einn maður væri líf-

látinn fyrir lýðinn.[15]Símon Petrus fylgdi Jesú eftir og enn annar lærisveinn. Sá var kunnigur kennimanahöfðingjanum og gekk inn með Jesú í kennimannahöfðingjans herbergi [16]en Pétur stóð fyrir dyrunum úti. Þá gekk út hinn annar lærisveinn sem kennimanahöfðingjanum var kunnigur og talaði við hana er dyrnar geymdi og leiddi Petrum inn. [17]Þá sagði ambáttin sú dyrnar geymdi til Péturs: „Ertu eigi einn af þess manns lærisveinum?“ Hann sagði: „Eigi er eg.“ [18]En þénarar og undirmenn stóðu við eldsglæður og vermdu sig því að kuldi var. Pétur stóð þar hjá þeim og vermdi sig.

[19]Kennimannahöfðinginn spurði Jesúm þá að um hans lærisveina og um hans kenning. [20]Jesús svaraði honum: „Eg hefi opinberlega talað fyrir heiminum. Eg kenndi og jafnan í samkunduhúsum og í musterinu þar sem allir Gyðingar komu saman og á laun hefi eg ekkert talað. [21]Því spyr þú mig þar að? Spyr þú þá þar að sem heyrt hafa hvað eg hefi talað fyrir þeim. Sjá, þeir vita hvað eg hefi sagt.“ [22]En sem hann sagði þetta þá gaf einn þeirra þénaranna sem nær stóðu Jesú pústur og sagði: „Skaltu svo svara kennimannahöfðingjanum?“ [23]Jesús svaraði: „Ef eg talaði illa þá vitna þú vont vera en eg eg talaði satt því slær þú mig þá?“ [24]Og Hannas sendi hann þá bundinn til Caipham kennimannahöfðingja. [25]Og er Símon Petrus stóð þar og vermdi sig þá töluðu þeir til hans: „Ertu eigi einn af hans lærisveinum?“ Hann neitaði og sagði: „Eigi er eg.“ [26]Þá sagði honum einn af kennimannahöfðingjans þénörum, frændi hans sem Pétur hjó eyrað af: „Sá eg þig eigi í grasgarðinum hjá honum?“ [27]Þá neitaði Pétur því enn einu sinni. Og strax gól haninn.

[28]Þá leiddu þeir Jesúm frá Kaífas og í þinghúsið. En það var snemma morguns. Og þeir gengu ei sjálfir inn í þinghúsið að þeir saurguðust ekki heldur so þeir mættu neyta páskanna. [29]Pílatus gekk þá út til þeirra og sagði: „Hverja ákæru færi þér í gegn þessum manni?“ [30]Þeir svöruðu og sögðu til hans: „Ef þessi væri eigi illræðismaður þá hefðu vér eigi í hendur fengið þér hann.“ [31]Þá sagði Pílatus til þeirra: „Taki þér hann og dæmið eftir yðrum lögum.“ Gyðingar sögðu þá til hans: „Eigi hæfir oss að lífláta nokkurn“ [32]so að það orð uppfylldist er hann sagði, teiknandi til með hverjum dauða hann ætti að deyja.

[33]Pílatus gekk inn aftur í þinghúsið, kallaði Jesúm og sagði til hans: „Ertu Gyðinga konungur?“ [34]Jesús svaraði: „Talar þú það af sjálfum þér eða hafa aðrir sagt þér það frá mér?“ [35]Þá svaraði Pílatus: „Er eg nokkuð Gyðingur? Þín þjóð og kennimannahöfðingjar seldu þig mér. Hvað gjörðir þú?“ [36]Jesús svaraði: „Mitt ríki er eigi af þessum heimi. Ef að mitt ríki væri af þessum heimi þá mundu mínir þénarar stríða í mót so að eg seldist eigi Gyðingum. En nú er mitt ríki eigi héðan.“ [37]Þá sagði Pílatus til hans: „Þá ert þú þó konungur?“ Jesús svaraði: „Þú segir það. Eg em og konungur. Til þess em eg fæddur og til þess em eg í heiminn kominn að eg beri vitni sannleiknum. Og allir þeir sem eru af sannleikanum þeir heyra mína rödd.“ [38]Pílatus sagði til hans: „Hvað er sannleikur?“

Og þá hann hafði þetta sagt gekk hann út aftur til Gyðinga og sagði til þeirra: „Eg finn öngva sök með honum. [39]En það er siðvenja að eg gefi yður einn lausan á páskum. Vilji þér að eg gefi yður nú lausan sjálfan Gyðingakónginn?“ [40]Þá kölluðu allir aftur í móti, segjandi: „Eigi þennan heldur Barrabam!“ En Barrabas var spillvirki.

19 Þá tók Pílatus Jesúm og lét strýkja hann. [2]Og stríðsmennirnir fléttuðu kórónu af þyrnum og settu á hans höfuð, færðu hann og í

purpuraklæði [3]og sögðu: „Heill sértu, konungur Gyðinga!“ og gáfu honum pústra. [4]Þá gekk Pílatus út aftur og sagði til þeirra: „Sjáið, eg leiði hann nú út til yðar so að þér vitið það eg finn öngva sök með honum.“ [5]Þá gekk Jesús út berandi þyrnikórónu og eitt purpuraklæði. Og hann sagði til þeirra: „Sjáið manninn!“ [6]Þá er kennimannahöfðingjarnir og þénararnir sáu hann kölluðu þeir, so segjandi: „Krossfestu, krossfestu hann!“ Pílatus sagði til þeirra: „Taki þér hann og krossfestið því að eg finn öngva sök með honum.“ [7]Þá svöruðu honum Gyðingar: „Vér höfum og lög og eftir vorum lögum skal hann deyja því að hann gjörði sig sjálfan að Guðs Syni!“

[8]Þá Pílatus heyrði þessi orð óttaðist hann enn meir [9]og gekk inn aftur í þinghúsið og sagði til Jesú: „Hvaðan ert þú?“ En Jesús gaf honum eigi svar. [10]Þá sagði Pílatus til hans: „Talar þú eigi við mig? Veist þú eigi að eg hefi vald til að láta krossfesta þig og eg hefi vald til að gefa þig lausan?“ [11]Jesús svaraði: „Eigi hefðir þú nokkurt vald yfir mér nema þér væri það gefið hér ofan að. Fyrir því hefur sá meiri synd er mig seldi þér.“ [12]Og eftir það leitaði Pílatus við að láta hann lausan. En Gyðingar hrópuðu og sögðu: „Ef þú lætur þennan lausan þá ertu ekki keisarans vinur því að hver sem sig gjörir konung hann mælir í móti keisaranum.“ [13]Þá Pílatus heyrði þessi orð leiddi hann Jesúm út og setti sig á dómstól í þeim stað sem kallast Háiflötur en á ebresku Gabbata. [14]En það var á affangadegi páska, nærri séttu stund. Þá segir hann til Gyðinga: „Sjáið konung yðvarn!“ [15]En þeir kölluðu: „Tak í burt, krossfestu hann!“ Pílatus sagði til þeirra: „Skal eg krossfesta konung yðvarn?“ Kennimannahöfðingjarnir svöruðu: „Öngvan höfum vær konung nema keisarann!“ [16]Þá seldi hann þeim hann að hann krossfestist. Þá tóku þeir Jesúm og leiddu hann það an. [17]Hann sjálfur bar sinn kross og gekk út í þann stað sem kallast Höfuðskeljastaður en á ebresku Golgata, [18]hvar þeir krossfestu hann og tvo aðra með honum sinn til hvorrar handar en Jesú í miðið. [19]Pílatus skrifaði eina yfirskrift og setti hana upp yfir krossinn. En so var skrifað: „JESÚS AF NAÐSARET, GYÐINGA KÓNGUR.“ [20]Þessa yfirskrift lásu margir af Gyðingum því að sá staður var nærri borginni er Jesús var krossfestur á. En það var skrifað á ebresku, gírsku og latínu. [21]Þá sögðu kennimannahöfðingjarnir og Gyðingar við Pilatum: „Skrifa þú eigi: Konungur Gyðinga, heldur það hann hefði sagt: Eg em konungur Gyðinga.“ [22]Pílatus svaraði: „Hvað eg skrifaði það hefi eg skrifað.“

[23]Þá stríðsmenn höfðu krossfest Jesúm tóku þeir hans klæðnað og gjörðu á fjögra hluta skipti, sérhverjum stríðsmanni sinn hlut, og þar með kyrtilinn. En kyrtillinn var eigi saumaður heldur frá ofanverðu allur prjónaður. [24]Þá töluðu þeir sín í milli: „Skeru vær hann ei, hlutust heldur um eð hvers hann skal vera.“ So að Ritningin uppfylldist er segir: „Þeir skiptu með sér klæðum mínum og á mitt fat þá lögðu þeir hlutkesti.“ Og þetta gjörðu nú stríðsmennirnir. **Sálmarnir 22:18** [25]En þar stóðu við krossinn hjá Jesú móðir hans og móðirsystir hans María húsfrú Kleófas og María Magdalena. [26]Þá Jesús sá nú sína móður og þann lærisvein nærstandandi er hann elskaði segir hann til sinnar móður: „Kona, sjá þú, þar er þinn sonur.“ [27]Eftir það segir hann til lærisveinsins: „Sé, það er þín móðir.“ Og upp frá þeirri stundu tók lærisveinninn hana að sér.

[28]Eftir það þá Jesús vissi að allt var nú fullkomnað og að Ritningin uppfylldist þá segir hann: „Þyrstir mig.“ [29]Þar var sett eitt ker fullt af ediki en þeir tóku það og fylltu einn njarðarvött með edik og lögðu í ýsóp, settu síðan fyrir munn

honum. [30]En þá Jesús hafði edikið til sín tekið sagði hann: „Það er fullkomnað.“ Og að hneigðu höfði þá lét hann sinn anda.

[31]En af því að tilfangadagur Gyðinga var og að líkamarnir væri eigi á krossinum um þvottdaginn – því að það var hinn mikli dagur þvottdagshelginnar – þá báðu þeir Pilatum að þeirra bein brytust og í burt tækist. [32]Þá komu stríðsmenn og brutu sundur bein hins fyrra og so hins annars sem með honum voru krossfestir. [33]En þá þeir komu til Jesú, sáu hann nú og dauðan, þá brutu þeir ei hans bein [34]heldur lagði einn af stríðsmönnum í hans síðu með spjóti og strax þá rann út blóð og vatn.

[35]Og sá er það hefur séð ber þar vitni um og hans vitnisburður er réttur og hann sami veit það að hann segir satt svo að þér trúið. [36]Því að þetta var skeð svo að Ritningin uppfylldist: „Eigi skulu þér brjóta nokkuð hans bein.“ **Exódus 12:46, Numeri 9:12, Sálmarnir 34:20** [37]Og enn aftur segir önnur Ritning: „Þeir munu sjá þann í hvern þeir stungu.“ **Sálmarnir 22:16-17, Sacharias 12:10**

[38]En eftir þetta bað Jósef af Arimathia (hver ed var lærisveinn Jesú, þó heimuglegur fyrir ótta sakir við Gyðinga) Pilatum um að hann mætti taka burt líkama Jesú. Það leyfði Pílatus. [39]Þar kom og Nikódemus, sá er fyrri kom um nótt til Jesú, færandi samblandaða myrru við aloe, nær hundrað punda. [40]Þá tóku þeir líkamann Jesú og sveipuðu í líni með ilmandi smyrslum so sem siður er til Gyðinga að greftra. [41]En þar í þeim stað sem hann var krossfestur var grasgarður og í grasgarðinum var ný steinþró í hverja að enginn hafði enn verið lagður. [42]Þangað lögðu þeir Jesúm fyrir sakir affangadagsins Gyðinga það sú gröf var so nær.

20 Á einum þvottdeginum þá kemur María Magdalena snemma þá að enn var myrkt til grafarinnar og sér að steinninn er burttekinn af gröfinni. [2]Þá hleypur hún og kemur til Símonar Péturs og til hins annars lærisveins þann ed Jesús elskaði og segir til þeirra: „Þeir hafa tekið burt Drottinn úr gröfinni og vér vitum eigi hvar þeir hafa lagt hann.“ [3]Þá gekk Pétur út og hinn annar lærisveinn og komu til grafarinnar. [4]En þau tvö hlupu jafnt því hinn annar lærisveinn hljóp vakrara fram en Pétur og kom fyrst til grafarinnar. [5]Og er hann laut niður þá sá hann línlökin lögð þar en þá sté hann eigi inn. [6]Þá kemur Símon Petrus eftir honum, stígur í gröfina og sér að línlökin eru lögð þar [7]og þann sveitadúk er var um Jesú höfuð ei lagðan með línlökunum heldur sérdeilis saman undinn í einum öðrum stað. [8]Þá sté og hinn annar lærisveinn inn sá er fyrri kom til grafarinnar, sá það og trúði því. [9]Því að þeir kunnu þá eigi enn Ritningina það honum byrjaði upp að rísa af dauða. [10]Og þá gengu lærisveinarnir aftur til sjálfra sinna.

[11]En María stóð við gröfina úti og grét. Og er hún grét þá laut hún niður í gröfina [12]og sá tvo engla hvítklædda sitjandi þar, einn til höfða en annan til fóta sem þeir höfðu lagt líkama Jesú. [13]Og þeir sögðu til hennar: „Kona, hvað grætur þú?“ Hún sagði þeim: „Þeir hafa tekið burt minn Drottinn og eg veit eigi hvar þeir hafa lagt hann.“ [14]Þá hún hafði þetta sagt snerist hún við og leit Jesúm standa þar og veit þó ei að það er Jesús. [15]Þá sagði Jesús til hennar: „Kona, hvað grætur þú? Að hverjum spyr þú?“ En hún ætlaði grasvörðinn vera og sagði til hans: „Herra, ef þú barst hann burt þá seg þú mér hvar þú hefur lagt hann so eg taki hann í burt þaðan.“ [16]Jesús sagði til hennar: „María.“ Hún snerist við og sagði til hans: „Rabbóní!“ Það kallast: „Meistari.“ [17]Jesús sagði til hennar: „Snert þú mig eigi því að eg er eigi enn uppstiginn til míns Föðurs. Far

heldur til bræðra minna og seg þeim: Eg stíg upp til míns Föðurs og til yðars Föðurs, til míns Guðs og til yðvars Guðs.“ 18María Magdalena kom og kunngjörði lærisveinunum: „Eg hefi séð Drottinn og þetta sagði hann mér.“

19En að kveldi þess hins sama þvottdags þá er lærisveinarnir voru samankomnir að luktum dyrum fyrir hræðslu sakir við Gyðingana kom Jesús þar og stóð í miðið og sagði til þeirra: „Friður sé með yður.“ 20Og þá hann sagði þetta sýndi hann þeim hendurnar og sína síðu. Þá glöddust lærisveinarnir við að þeir sáu Drottinn. 21Þá sagði Jesús enn aftur til þeirra: „Friður sé með yður. Líka sem Faðirinn sendi mig so sendi eg yður.“ 22Og er hann sagði þetta blés hann á þá og sagði til þeirra: „Meðtaki þér Heilagan Anda. 23Hverjum helst þér fyrirgefið syndirnar þá eru þær þeim fyrirgefnar og hverjum helst þér þær afturhaldið þá eru þær afturhaldnar.“

24En Tómas, einn af tólf, sá er kallaðist tvíburi, var eigi meður þeim þá Jesús kom. 25Þá sögðu aðrir lærisveinarnir til hans: „Vér höfum séð Drottinn.“ En hann sagði til þeirra: „Nema eg sjái naglaförin í hans höndum og láti minn fingur í naglaförin og eg leggi mína hönd í hans síðu þá trúi eg eigi.“

26Og átta dögum eftir það þá voru hans lærisveinar þar aftur enn inni og Tómas meður þeim. Þá kom Jesús að luktum dyrum, sté í miðið og sagði: „Friður sé með yður.“ 27Því næst segir hann til Thomam: „Réttu þinn fingur hingað og skoða mínar hendur, lyft upp þinni hendi og legg í mína síðu og vert eigi vantrúaður heldur trúaður.“ 28Tómas svaraði og sagði til hans: „Drottinn minn og Guð minn!“ 29Jesús sagði til hans: „Því að þú sátst mig, Tómas, þá trúir þú. Sælir eru þeir er eigi sjá og trúa þó.“ 30Mörg önnur teikn þá gjörði Jesús í augliti sinna lærisveina hver eð eigi eru skrifuð í þessari bók. 31En þetta er því skrifað að þér trúið það Jesús sé Kristur, Guðs Sonur, og að þér fyrir þá trú hefðuð líf í hans nafni.

21 Eftir það opinberaði sig Jesús við sjóinn Tiberiadis. En hann opinberaði sig so: 2Þar voru til samans Símon Petrus og Tómas sá er kallaðist tvíburi og Natanael sá er var af Kana úr Galileahéraði og synir Zebedei og enn aðrir tveir af hans lærisveinum. 3Símon Petrus segir til þeirra: „Eg vil fara að fiska.“ Þeir sögðu honum: „Vér viljum og koma með þér.“ Þeir gengu út og stigu strax á skip og á þeirr nótt fengu þeir ekkert. 4En að morni komnum þá stóð Jesús í sjávarfjörunni. Lærisveinarnir vissu eigi að það var Jesús. 5Þá sagði Jesús til þeirra: „Börn, hafi þér ekki til matar?“ Þeir svöruðu honum: „Nei.“ 6En hann sagði til þeirra: „Kastið út netinu til hægri handar við skipið og þá munu þér nokkuð finna.“ Þá köstuðu þeir út og gátu ei dregið fyrir fjölda sakir fiskanna. 7Þá sagði sá lærisveinn til Péturs sem Jesús elskaði:

„Þetta er Drottinn.“ En þá Símon Petrus heyrði það að þetta væri Drottinn þá vafði hann um sig möttlinum því hann var nakinn og varpaði sér út á sjáinn. 8En aðrir lærisveinarnir komu á skipi það þeir voru ei langt frá landi, so sem nær tvö hundruð álna, og drógu netið með fiskunum. 9Og er þeir stigu á land sáu þeir eldsglæður og fisk yfirlagðan og brauð. 10Jesús segir til þeirra: „Færið hingað af þeim fiskunum þér fenguð nú.“ 11Símon Petrus stóð upp og dró netið að landi fullt af stórum fiskum, hundrað þremur og fimmtíu. Og þótt það væri so margir þá rifnaði þó eigi netið. 12Jesús segir til þeirra: „Komi þér og snæðið.“ En enginn lærisveinanna þorði að spyrja hann að: „Hver ertu?“ því að þeir vissu að hann var Drottinn. 13Þá kom Jesús og tók brauðið, gaf þeim það og líka einnin fiskinn. 14Og þetta er nú hið þriðja sinn er Jesús opinberaði sig sínum læri-

sveinum eftir það hann var upprisinn af dauða.

15Þá þeir höfðu nú snætt segir Jesús til Símonar Péturs: „Símon Jónasson, elskar þú mig meir en þessir?“ Hann sagði honum: „Já Drottinn, þú veist að eg elska þig.“ Hann sagði þá til hans: „Fæð þú lömb mín.“ 16Enn segir hann aftur í öðru sinni til hans: „Símon Jónasson, elskar þú mig?“ Hann segir honum: „Já Drottinn, þú veist eg elska þig.“ Hann segir þá til hans: „Fæð þú sauði mína.“ 17Hann segir enn aftur í þriðja sinn til hans: „Símon Jónasson, elskar þú mig?“ Þá hryggðist Pétur við því hann sagði þrisvar: „Elskar þú mig?“ og sagði til hans: „Drottinn, þú veist alla hluti. Þú veist að eg elska þig.“ Jesús segir til hans: „Al þú þá sauði mína.

18Sannlega, sannlega segi eg þér: Þá þú vart yngri gyrtir þú sjálfur þig og gekkst þangað þú vildir en þá þú eldist muntu þínar hendur útbreiða og annar mun þá gyrða þig og þangað leiða sem þú vilt eigi.“ 19En þetta sagði hann teiknandi með hverjum dauða að hann skyldi Guð dýrka.

Og þá hann hafði þetta sagt segir hann til hans: „Fylg þú mér eftir.“ 20Pétur sneri sér við og leit þann lærisvein eftirfylgjanda sem Jesús elskaði, sá er og um kveldmáltíðina hafði á hans brjósti legið og sagt: „Drottinn, hver er sá þig forræður?“ 21Þá Pétur leit nú þennan segir hann til Jesú: „DrottinnDrottinn, hvað skal þessi?“ 22Jesús segir til hans: „Ef eg vil að hann blífi til þess að eg kem hvað kemur það við þig? Fylg þú mér eftir.“ 23Þá gekk sú orðræða á meðal bræðranna: „Þessi lærisveinn deyr eigi.“ Jesús sagði eigi til hans: „Hann deyr eigi“ heldur: „Ef eg vil að hann blífi til þess að eg kem, hvað kemur það við þig?“ 24Þessi er sá lærisveinn er um þetta ber vitni og þetta skrifaði. Og vér vitum að hans vitnisburður er sannur.

25Þar eru og margir aðrir hlutir sem Jesús gjörði hverjir ef þeir skyldu allir skrifast hver eftir öðrum þá held eg að heimurinn mundi eigi yfirgrípa þær bækur sem skrifast mættu. Amen

Hér endast S. Johannis evangelium

ANNAR PARTUR S. LUCAS GUÐSPJALLA

SEM ER ÚT AF POSTULANNA GJÖRNINGUM

1 Hinn fyrra bókmála gjörði eg að
sönnu um allt það, þú Theophile,
sem Jesús hóf upp að gjöra og læra [2]allt
til þess dags er han varð uppnuminn
eftir því hann hafði fyrir Heilagan Anda
kunngjört postulunum, hverja hann
hafði útvalið, [3]þeim er hann tjáði og
sjálfan sig lifanda eftir písl sína í marg-
háttuðum auðsýningum og lét þá sjá sig
um fjörutigu daga, talandi fyrir þeim af
Guðs ríki. [4]Og sem hann hafði þá sam-
ansafnað bauð hann þeim að þeir færi
eigi út af Jerúsalem heldur að þeir
skyldu eftirbíða fyrirheiti Föðursins
„sem þér“, sagði hann, „hafið af mér
heyrt. [5]Því að sannlega skírði Jóhannes
með vatni en þér skuluð með Heilögum
Anda skírðir verða eigi langt eftir þessa
daga.“ **Mattheus 3:11**

[6]En þeir sem þar voru til samans
komnir spurðu hann að og sögðu:
„Drottinn, viltu nú á þessum tíma upp-
rétta Ísraelsríki?“ [7]En hann sagði til
þeirra: „Það er eigi yðart að vita stundir
eður punkta tímanna hverja Faðirinn
setti í sjálfs síns valdi [8]heldur munu þér
öðlast kraft Heilags Anda þess er yfir
yður mun koma. Og þér skuluð mínir
vottar vera til Jerúsalem og í öllu Judea
og Samaria og allt til ins yðsta jarðar-
enda.“

[9]Og er hann hafði þetta sagt var hann
þeim ásjáöndum uppnuminn og skýið
tók hann upp í burt frá þeirra augum.
[10]Og er þeir horfðu upp eftir honum til
himins uppfaranda, sjá, að tveir menn
stóðu hjá þeim í hvítum klæðum
[11]hverjir og sögðu: „Þér menn út af
Galilea, til hvers standi þér og horfið
upp í himininn? Þessi Jesús sem uppn-
uminn er til himins mun koma líka so
sem þér sáuð hann til himins upp fara.“
[12]Þá sneru þeir aftur til Jerúsalem af
fjallinu því sem kallaðist Viðsmjörvið-
arfjall, hvert eð í burt frá Jerúsalem er
nær þvottdagsgöngu. [13]Og er þeir
komu inn gengu þeir upp í þann sal
hvar eð vanir voru að vera Petrus og
Jacobus, Jóhannes, Andreas, Philippus,
Tómas, Barthalameus og Matteus, Jac-
obus Alphei, Símon Zelotes og Júdas
Jacobus bróðir. [14]Þessir voru allir með
einum huga stöðugir í bæn og ákalli
með kvinnunum og með Maríu móðir
Jesú og hans bræðrum.

[15]Og á þeim dögum stóð upp Pétur á
milli lærisveinanna og sagði (en flokk-
ur þeirra manna er þar voru til samans
komnir var nærri tuttugu og hundrað):
[16]„Þér menn og bræður, þeirri Ritningu
byrjaði upp að fyllast hverja eð Heilag-
ur Andi áður fyrri sagði fyrir munn
Davíðs út af Juda, hver eð var þeirra
leiðtogari er Jesúm höndluðu: **Sál-
marnir 41:9** [17]Sá er og talinn var með-
ur oss og honum hlotnaðist hlutdeild
þessa vors embættis. [18]Hann hefir að
sönnu útvegað akurinn fyrir ranglætis-
ins verðaura og hengdi sig sjálfan uppi
og er í miðju sundur í tvo hluti brostinn
og hans innyfli eru og öll úthlaupin
Mattheus 27:7 [19]og það er öllum
kunnigt vorðið þeim er í Jerúsalem
byggja so að sami akur er kallaður á
þeirra tungu Hakeldama, það er Blóð-
akur. **Mattheus 27:8**

[20]Því að so er skrifað í Sálmabókinni:
Hans setur skal í eyði verða og eigi sé
sá nokkur og þar inni byggir og hans
biskupsdóm meðtaki annar. **Sál-
marnir 69:25, 109:8** [21]Fyrir því hæfir
það að af þeim mönnum sem alla tíma
hafa í bland oss verið frá því er Drott-
inn Jesús tók að ganga út og inn vor á
milli, [22]uppbyrjandi í frá skírn Johannis
allt til þess dags er hann var uppnum-

inn í frá oss, að einn af þeim verði vottur hans upprisu meður oss.“ [23]Og þeir settu til tvo, Jósef þann er hét Barsabas, að viðurnefni Just, og Matthiam, [24]báðu og sögðu: „Þú Drottinn sem veist allra manna hjörtu, sýn hvern þú útvelur af þessum tveimur [25]so að einn meðtaki það þjónusturúm og postulegt embætti í frá hverju Júdas er affallinn það hann burt færi í sinn stað.“ [26]Og þeir lögðu hluti yfir þá. Hluturinn féll yfir Matthiam og hann var reiknaður í tölu þeirra ellefu postula.

2 Og þá er fullkomnuðust hvítasunnudagar voru þeir allir með einum huga í þeim sama stað. [2]Og þar varð skyndilega þytur af himni líka sem mikils tilkomandi vindar og fylldi upp allt húsið þar þeir sátu í. [3]Og á þeim sáust sundurgreinilegar tungur so sem að væri þær glóandi. Hann setti sig yfir sérhvern þeirra. [4]Og þeir urðu allir fullir af Heilögum Anda og tóku að mæla ýmislegar tungur eftir því sem heilagur andi gaf þeim til út að tala.

[5]En þar voru Gyðingar byggjandi til Jerúsalem, guðlegir menn út af allra handa þjóð þeirri sem undir himninum er. [6]Og er þessi rödd skeði kom mannfjöldinn til samans og varð óttasleginn því að hver og einn heyrði þá tala sína tungu [7]so það að allir tóku að óttast og undrast og sögðu: „Sjá, eru þessir eigi allir sem þar tala út af Galilea? [8]Hvernin heyrum vér þá hver einn sitt tungumál þar eð vér erum innifæddir? [9]Parthi og Medi og Elamite og þeir sem byggja í Mesopotamia, Judea, Capadocia, Ponto og Asia, [10]Phrygia og Pamphilia, á Egyptalandi og í álfum Lybie, hverjar eru nærri Cirenia, og útlenskir af Roma, Gyðingar og þeir sem Júðar höfðu gjörst, [11]Kretar og Arabíar – og vér heyrum þá tala vorum tungum Guðs stórmerki!“ [12]En allir urðu óttaslegnir og undruðust það, segandi sín á millum: „Hvað mun þetta vilja verða?“ [13]En aðrir dáruðu þá og sögðu að þeir færi fullir af nýju víni.

[14]Þá stóð upp Pétur meður þeim ellefu, hóf upp sína raust og talaði til þeirra: „Þér Gyðingar, góðir menn, og þér allir sem búið til Jerúsalem: Það sé yður kunnigt og látið yður mín orð í eyrum loða [15]því að þessir eru eigi drukknir sem þér meintuð á meðan það er ei meir en þriðja stund dags [16]heldur er þetta það hvað sagt var áður fyrir spámanninn Jóhel: [17]Það skal ske á síðustu dögum, segir Drottinn, að eg skal úthella af mínum Anda yfir allt hold. Og synir yðrir og dætur yðrar skulu fyrirspá og ungmenni yðar skulu sjónir sjá og yðrir öldungar skulu drauma dreyma. [18]Og eg skal að vísu úthella af mínum Anda á þeim dögum yfir mína þræla og mínar ambáttir og þeir skulu fyrirspá. [19]Og eg skal gefa stórmerki á himnum uppi og teikn á jörðu niðri, blóð og eld og reyksvælu. [20]Sólin skal snúast í myrkur en tunglið í blóð áður en sá hinn mikli og alkunni dagur Drottins kemur. [21]Og það skal og ske að hver hann ákallar nafn Drottins sá skal hólpinn verða. **Jóhel 2:28-32**

[22]Þér Ísraelsmenn, heyrið þessi orð: Jesúm af Naðsaret, einn mann af Guði við yður auglýstan með kraftaverkum, stórmerkjum og táknum þau er Guð gjörði fyrir hann á meðal yðar, so sem þér sjálfir vel vitið, [23]þann sama (eftir það hann var af tilsettu ráði og Guðs fyrirhugsan ofurseldur) hafi þér tekið hann fyrir hendur ranglátra og krossfest hann og líflátið. [24]Þennan hefur Guð uppreistan að uppleystum dauðans hörmum fyrir því að það var ómögulegt að hann skyldi af honum haldinn verða. [25]Því að Davíð segir so af honum: Eg hefi alla tíma Drottin fyrir minni augsýn settan því hann er mér til hægri handar so að eg skelfunst eigi. [26]Fyrir það er mitt hjarta glaðvært og tunga mín gleðst af því mitt hold mun

hvílast í voninni. [27]Því að þú munt eigi
forláta mína sál í helvíti og eigi leyfir
þú það að þinn Heilagi skuli rotnan sjá.
[28]Kunna gjörðir þú mér lífsins vegu, þú
munt mig meður gleði fylla fyrir þínu
augliti. **Sálmarnir 16:8-11**

[29]Þér menn, góðir bræður, leyfið mér
með frelsi til yðar að tala af forföðurn-
um Davíð. Hann er framliðinn og
greftraður og hans gröf er hér hjá oss
allt til þessa dags. [30]Af því að hann var
nú spámaður og vissi það að Guð hafði
honum með eiði fyrirheitið það frjóvg-
un hans lenda skyldi á hans stóli sitja
Sálmarnir 132:11 [31]hefur hann það áð-
ur fyrirséð og talað af Krists upprisu, að
hans sála sé eigi í helvíti forlátin og eigi
hafi hann rotnan séð. **Sálamrnir 16:10**
[32]Þennan Jesúm uppvakti Guð hvers
vottar vér erum allir.

[33]Nú hann er fyrir Guðs hægri hönd
upphafinn. Og að meðteknu Heilags
Anda fyrirheiti af föðurnum úthellti
hann þessu það þér sjáið og heyrið.
[34]Því að Davíð er eigi uppstiginn til
himna en hann segir: DROTTINN sagði
Drottni mínum: [35]Sit þú til minnar
hægri handar þar til eg set óvini þína til
skarar þinna fóta. **Sálmarnir 110:1**
[36]Því vitið það nú fyrir sann, allt Ísraels
hús, að Guð gjörði þennan Jesúm hvern
þér krossfestuð að einum Drottni og
Kristi.“

[37]En er þeir höfðu þetta heyrt sam-
stungust þeir í hjartanu og sögðu til
Péturs og til annarra postulanna: „Þér
menn og góðir bræður, hvað skulu vér
gjöra?“ [38]Pétur sagði til þeirra: „Gjörið
yfirbót og hver yðar einn láti skíra sig í
nafni Jesú Christi til fyrirgefningar yð-
ar synda. Þá munu þér meðtaka Heilags
Anda gjöf. [39]Því að yðvart og yðara
barna er fyrirheitið og allra þeirra sem í
fjarska eru hverja helst eð Guð Drott-
inn vor hér til kallar.“ [40]Og með mörg-
um öðrum orðum vitnaði hann fyrir
þeim, áminnti þá og sagði: „Látið frelsa
yður í frá þessari vondri kynslóð.“ [41]Og
þeir sem fúsir meðtóku hans orð voru
skírðir. Og þar urðu á þeim degi við-
auknir nær þrim þúsundum sálna.

[42]Þeir blifu og allir stöðugir í postul-
anna kenningu og í samnneyti og
brauðsins brotningu og í bænahaldi.
[43]Og allra sálir urðu óttaslegnar. Og þar
gjörðust mörg teikn og stórmerki fyrir
postulana. [44]En allir þeir sem trúaðir
voru orðnir voru til samans og höfðu
alla hluti sameiginlega. [45]Eignir sínar og
fastagóss seldu þeir og sundurskiptu
því meðal allra eftir því sem hverjum
var þörf á. [46]Og jafnan voru þeir dag-
lega með einum huga hver hjá öðrum í
musterinu og brutu brauðið í ýmsum
húsum, tóku fæðslu [47]og lofuðu Guð
með gleði og einföldu hjarta og höfðu
náð hjá öllu fólki. En Drottinn lagði
daglega til söfnuðsins þá sem hjálpast
áttu.

3 En þeir Pétur og Jóhannes gengu
til samans upp til musterisins um
níundu stund [2]sem vanalegt var að biðj-
ast fyrir. Og þar var þess konar maður
sem haltur hafði verið frá sinnar móð-
ur kviði. Sá lét bera sig og þeir settu
hann daglega fyrir musterisins dyr,
þær eð kölluðust Inar fögru, so að hann
bæði ölmusu af þeim er inn í musterið
gengu. [3]Þá hann sá það Pétur og Jó-
hannes vildu inn ganga í musterið bað
hann að honum gæfist ölmusa. [4]En
Pétur horfði á hann með Johanne og
sagði: „Horf þú á okkur.“ [5]En hann
horfði á þá, vonandi að hann mundi fá
nokkuð af þeim. [6]En Pétur sagði: „Silfur
og gull hefi eg eigi en það eg hefi það
gef eg þér: Í nafni Jesú Christi af
Naðsaret statt upp og gakk!“ [7]og tók í
hans hægri hönd og reisti hann upp. Og
jafnsnart styrktust hans leggir og iljar,
[8]hann spratt upp, gat gengið og staðið
og gekk inn með þeim í musterið, stökk
upp og gekk, lofandi Guð. [9]Og allt fólk
sá hann ganga og lofa Guð. [10]Þeir
þekktu hann og það hann væri sá sem

fyrir ölmusu hafði setið fyrir Fögrudyrum musterisins. Og þeir fylltust af undran og hræðslu yfir því er honum hafði gjörst. [11]En sem þessi hinn halti heilbrigður var orðinn hélt sig að Pétri og Johanne hljóp allt fólkið til þeirra í það forbyrgi sem heitir Salomonis, undrandi þetta.

[12]En er Pétur sá það andsvaraði hann fólkinu: „Þér Ísraelsmenn, hvað undrar yður þetta eða hvar fyrir horfið þér á okkur so sem hefðu við gjört þennan ganganda fyrir vorn eigin kraft og verðskuldan? [13]Guð Abrahams, Guð Ísaaks, Guð Jakobs, Guð feðra vorra hefur vegsamað sinn Son Jesúm hvern þér að sönnu ofurselduð og neituðuð fyrir augliti Pilati þá hann dæmdi þó að hann skyldi laus látast [14]en þér afneituðuð hinum Heilaga og réttláta og beiddust að sá manndrápamaður skyldi yður gefast. [15]Að vísu lífsins gjafara aflífuðu þér hverfn eð Guð uppvakti af dauða hvers vottar að vér erum. [16]Og fyrir þá trú sem á hans nafn er hefur hann þennan sem þér sjáið og þekkið styrkt í sínu nafni og sú trúa sem er fyrir hann hefur þessum gefið heilbrigði í allra yðar augsýn.

[17]Nú veit eg, góðir bræður, að þér hafið gjört það af óvisku so sem að yðrir höfðingjar. [18]En sá Guð sem fyrir munn allra sinna spámanna hefur áður kunngjöra látið hvernin Kristur átti að líða, hann fullkomnaði það so. [19]Fyrir því gjörið yfirbót og snúist so að afmáist syndir yðrar so an endurlífgunartími komi af Drottins augsýn [20]nær hann sendir þann sem yður verður nú fyrirfram boðaður, Jesúm Christum, [21]hverjum að sönnu byrjar himinninn til sín að taka allt til þeirra stunda þá allir hlutir skulu endurskikkaðir verða, hverja hluti Guð hefur áður talað fyrir munn sinna heilagra spámanna í frá veraldar upphafi.

[22]Því að Moyses hefir sagt til feðranna: Spámann mun Guð Drottinn yðar upp-vekja yður út af bræðrum yðar mér líkan. Hann skulu þér heyra og öllu því er hann mun segja til yðar. **Deuteronomium 18:15, 18-19** [23]Og það mun ske að hver sú sál sem eigi heyrir þeim sama spámanni skal útskúfuð verða frá fólkinu. [24]Og allir spámenn í frá Samúel og þar eftir sem talað hafa þeir hafa af þessum dögum kunngjört.

[25]Þér eruð spámannanna og sáttmálans börn hvern eð Guð gjörði við feður yðra þá er hann sagði so til Abrahams: Í þínu sæði skulu blessast allar þjóðir jarðar.**Genesis 12:3, 18:18, 26:4-5** [26]Yður þá hefur Guð uppvaktan sinn Son Jesúm og hefir hann til yðar sent yður að blessa svo að hver yðar einn snerist í frá sinni illsku.“

4 En sem þeir töluðu til fólksins komu til þeirra prestar og yfirboðarar musterisins og Saducei. [2]Þeim mislíkaði það að þeir skyldu læra fólkið og það þeir boðuðu í nafni Jesú upprisu af dauða, [3]lögðu hendur á þá og settu þá í varðhald til næsta morguns því að kveld var komið. [4]En margir af þeim er orðið heyrðu gjörðust trúaðir og tala þeirra manna varð nær fimm þúsundum.

[5]En að morni komnum samansöfnuðust höfðingjar þeirra og öldungar og skriftlærðir í Jerúsalem [6]og Hannas kennimannahöfðingi og Kaífas, Jóhannes og Alexander og so margir sem þeir voru út af kennimannakyninu [7]skikkuðu þá mitt fram fyrir sig og spurðu þá að: „Af hverjum krafti eða í hvers nafni gjörðuð þér þetta?“ [8]Pétur, fullur af Heilögum Anda, sagði til þeirra: „Heyri þér höfðingjar lýðsins og öldungar í Ísrael: [9]Þótt vér rannsökust í dag um það er vér gjörðum vel til þessum sjúka manni og af hverju skjali hann var heilbrigður gjör [10]þá sé yður það og öllu Ísraelsfólki kunnigt það þessi stendur (í nafni Jesú Christi af

Naðsaret þann þér krossfestuð, hvern
er Guð uppvakti af dauða) hér fyrir yð-
ur heilbrigður. 11Hann er og sá steinn
sem útskúfaður er af yður uppbyggjur-
um, hver eð gjörður er að höfði hyrn-
ingar. **Sálmarnir 118:22, Esaias 28:16**
12Og eigi er í nokkrum öðrum heilsu-
gjöf því að þar er ekkert annað nafn
gefið himninum undir á meðal manna í
hverju oss byrjar sáluhólpnum að
verða.“
13En sem þeir sáu stöðugleik Péturs
Og Johannis undraði þá því þeir vissu
fyrir sann það þeir voru ólærðir og leik-
menn og þekktu þá það þeir höfðu ver-
ið með Jesú. 14En þeir sáu manninn
þann sem heill var orðinn standa hjá
þeim og kunnu þar ekki í mót að segja.
15Þá skipuðu þeir þeim út í burt frá ráð-
inu og tóku þá að ráðgast um sín á milli
16og sögðu: „Hvað skulu vér gjöra þess-
um mönnum? Því að það teikn sem af
þeim er gjört er kunnigt öllum þeim
sem í Jerúsalem byggja og vær getum
því ei neitað. 17En so að það skuli eigi
víðara útspyrjast meðal fólksins þá
ógnum þeim alvarlega að þeir segi eigi
neinum manni héðan í frá af þessu
nafni.“
18Og þeir létu kalla á þá og buðu þeim
að þeir töluðu ei með nokkru móti né
kenndu í nafni Jesú. 19En Pétur og Jó-
hannes svöruðu og sögðu til þeirra:
„Dæmi þér sjálfir hvort það er rétt í
Guðs augliti að vér skulum framar
hlýða yður en Guði. 20Því að það meg-
um vær eigi að vér skulum eigi tala það
hvað vér höfum heyrt og séð.“ 21En þeir
ógnuðu þeim og létu þá lausa og fundu
eigi hvernin þeir gæti þá pínt fyrir
fólksins sakir af því að allir lofuðu Guð
yfir því sem til hafði borið. 22Því að sá
maður var meir en fjörutígir ára gamall
á hverjum eð skeð var þetta heilsu-
teikn. 23Og sem þessir voru lausir látnir
komu þeir til sinna, kunngjörðu þeim
hvað helst að prestahöfðingjar og
öldungarnir höfðu til þeirra sagt. 24Þá
þeir heyrðu það hófu þeir upp með ein-
um huga sína rödd til Guðs og sögðu:
„Þú Drottinn sem ert sá Guð er gjörðir
himin og jörð, sjóinn og alla hluti hverj-
ir í þeim eru, 25sá þú sagðir fyrir munn
þíns þjóns Davíðs: Fyrir því æddu so
hinir heiðnu og fólkið ásetti það hvað
hégómlegt var? 26Konungar jarðarinnar
héldu til sama og höfðingjar saman-
söfnuðust í eitt í gegn Drottni og í gegn
hans Kristi. **Sálmarnir 2:1-2**
27Því sennilega komu þeir til samans í
þessari borg í gegn þínum heilaga syni
Jesú þann þú smurt hafðir, Heródes og
pontverskur Pílatus samt öðrum
heiðingjum og Ísraelsfólki 28að gjöra
hvað þín hönd og þitt ráð hafði áður
fyrri hugsað hvað ske skyldi. 29Og nú,
Drottinn, lít þú á þeirra heitingar og gef
þínum þjónum með allri alúð að tala
þitt orð 30og rétt út þína hönd so að þar
ske teikn, heilsur manna og stórmerki
fyrir nafn þíns heilags sonar Jesú.“ 31Og
sem þeir höfðu beðið fyrir hrærðist sá
staður í hverjum þeir voru til samans
safnaðir og þeir urðu allir fullir af
Heilögum Anda og töluðu Guðs orð
með allri alúð.
32En mannmergð þeirri er trúði var
eitt hjarta og ein sál. Og eigi sagði
nokkur þeirra að það væri sitt er hann
átti heldur voru þeim allir hlutir sam-
eiginlegir. 33Og af miklum krafti gáfu
postularnir vitnisburð af upprisu
Drottins Guðs vors Jesú Christi og mik-
il náð var þeim öllum. 34Þar var og
enginn þurfandi því að so margir sem
þeir voru er akra eður hús áttu þeir
seldu það og fluttu verðkaup þeirra
peninga sem þeir höfðu selt 35og lögðu
fram fyrir fætur postulanna og sér-
hverjum skiptist eftir því hann hafði
þörf til. 36En Jóses sá er auknefndur var
af postölunum Barnabas (hvað er þýð-
ist Huggunarsonur), Levíti að ætt út af
Ciprien, 37hann hafði akur og seldi
hann, bar verðið og lagði fyrir fætur
postulanna.

5 En þess konar maður sem Ananías
var að nafni meður húsfreyju sinni
Safíra seldi eignir sínar 2og duldi af
verðinu að vitund sinnar húsfreyju en
færði suman hlut og lagði til fóta post-
ulanna. 3Þá sagði Pétur: „Anania, því
uppfylldi andskotinn hjarta þitt so að
þú lygir að Heilögum Anda og duldir
sumu af verðaurum akursins? 4Var
hann eigi þinn að öllu? Og þá hann var
seldur var hann í þínu valdi. Fyrir því
settir þú slíkan hlut þér í hjarta? eigi
hefur þú logið að mönnum heldur að
Guði.“ 5En þá Ananías heyrði þessi orð
datt hann niður og gaf upp öndina. Og
hræðsla mikil kom yfir alla þá sem það
heyrðu. 6En ungmennin stóðu upp og
tóku hann í burt, báru hann út og grófu
hann.

7Og það skeði innan skamms, nærri
þrim stundum, að hans húsfreyja kom
þar inn og vissi eigi hvað þar hafði
gjörst. 8En Pétur segir til hennar: „Seg
þú mér, kona, hvort þið selduð akurinn
svo dýrt?“ Hún sagði: „Já, so dýrt.“ 9Þá
sagði Pétur til hennar: „Fyrir því eru
þið samþykk orðin að freista Anda
Drottins? Sjáðu, fætur þeirra sem
jörðuðu mann þinn eru fyrir dyrum úti
og þeir munu þig út bera.“ 10Og jafn-
snart datt hún niður fyrir fætur honum
og gaf upp öndina. En ungmennin
komu inn og fundu hana dauða, báru út
og grófu hana hjá manni sínum. 11Og
miklum ótta sló yfir allan söfnuðinn og
yfir þá er það heyrðu.

12En mörg tákn og stórmerki gjörðust
með lýðnum fyrir postulanna hendur.
Og allir vor þeir ásamt með einum
huga í forbyrgi Salomonis. 13Og öngvir
aðrir dirfðust meir að samlaga sig þeim
heldur miklaði þá lýðurinn. 14Þar tók og
enn meir að aukast fjöldi þeirra karla
og kvenna sem á Drottin trúðu 15so að
þeir báru út vanfæra menn á strætin og
lögðu þá á sængur eður börur so þá að
Pétur kæmi að hans skuggi skyggði yfir
nokkra af þeim. 16Þar komu og margir
til samans út af þeim borgum sem í
nánd voru við Jerúsalem og færðu með
sér sjúka menn og þá sem af óhreinum
öndum kvaldir voru hverjir eð allir
urðu heilbrigðir.

17Þá stóð upp kennimannahöfðinginn
og þeir allir sem með honum voru
(hverjir eð eru villuflokkur Saduceo) og
uppfylltust af vandlæti 18og lögðu hend-
ur á postulana og settu þá inn í al-
mennilegt varðhald. 19En engill
Drottins kom um nótt og lauk upp dyr
myrkvastofunnar, leiddi þá út og sagði:
20„Farið, stígið upp og talið til fólksins í
musterinu öll þessi lífsins orð.“ 21Þá
þeir höfðu það heyrt gengu þeir inn í
dögun í musterið og tóku að kenna.

En eð kennimannahöfðinginn kom til
og þeir eð með honum voru, kölluðu
þeir saman ráðið og alla öldunga
Ísraelssona og sendu til myrkvastof-
unnar þá að sækja. 22En þá þénararnir
komu þar og fundu þá eigi í
myrkvastofunni hurfu þeir aftur og
kunngjörðu þeim það 23og sögðu:
„Myrkvastofuna fundu vær að sönnu
lukta með allri athygli og varðmennina
standandi þar framan fyrir dyrum en
þá vér lukum upp fundu vér öngvan
þar inni.“ 24En er kennimaðurinn og yf-
irstjórnari musterisins og aðrir fleiri
kennimannahöfðingjar heyrðu þessi
orð tóku þeir að verða efablandnir um
þá hvað af þeim mundi hafa mátt
verða.

25Þá kom þar nokkur maður. Sá undir-
vísaði þeim: „Sjáið, þeir menn sem þér
settuð í myrkvastofu eru í musterinu,
standa og kenna þar fólkinu.“ 26Þá fór
yfirboðarinn burt með þénurunum og
sóttu þá fyrir utan ofurvald því að þeir
óttuðust fólkið að þeir mundi með
grjóti grýttir verða. 27Og sem þeir sóttu
þá skikkuðu þeir þá fyrir ráðið. Kenni-
mannahöfðinginn spurði þá að 28og
sagði: „Höfu vær eigi af allri alvöru
boðið yður að þér skylduð eigi læra í
þessu nafni? Og sjáið, þér hafið uppfyllt

Jerúsalem meður yðra kenning og þér viljið so leiða yfir oss þessa manns blóð.“ [29]En Pétur svaraði og postularnir og sögðu: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum. [30]Guð feðra vorra uppvakti Jesúm hvern þér lífi sviptuð og upphengduð á tréð. [31]Þennan hefur Guð með sinni hægri hendi upphafið til eins Höfðingja og Lausnara að veita Ísrael iðran og syndanna fyrirgefning. [32]Og vér erum hans vottar til þessara orða og Heilagur Andi hvern eð Guð gaf öllum þeim er honum hlýða.“ [33]En þá þeir heyrðu það skárust þeir innan og hugsuðu sér að lífláta þá.

[34]Þá stóð upp nokkur af Phariseis af ráðinu, Gamalíel að nafni, einn lögvitringur, mikilsvirtur af öllu fólki, og bauð að postularnir skyldu víkja út um stundarsakir [35]og sagði til þeirra: „Þér Ísraelsmenn, takið yður í vakt hvað þér skuluð gjöra við þessa menn. [36]Fyrir þessa daga reis upp Theudas, segandi sig nokkurn vera, hverjum að samsinnti tal manna nær fjórum hundruðum, hver að í hel er sleginn og allir þeir sem honum trúðu eru í sundurdreifðir og að öngvu gjörðir. [37]Eftir hann stóð upp Júdas af Galilea á sköttunardögum og umsneri miklu fólki eftir sér. Og hann fyrirfórst og allir so margir sem honum samsinntu eru í sundurtvístraðir. [38]Og nú segi eg yður: Víkið frá þessum mönnum og látið þá kyrra. Því að ef þetta ráð eður verk er af mönnum til þá forgengur það. [39]En ef það er af Guði þá megi þér ei því kefja so að ei sýnust þér berjast Guði í móti.“ [40]Þá samsinntu þeir honum og kölluðu á postulana, strýktu þá og buðu þeim að þeir töluðu með öngu móti í nafni Jesú og létu þá fara.[41]En þeir gengu að sönnu glaðir í burtu frá ráðsins ásján það þeir höfðu þess verðugir verið að líða háðung fyrir Jesú nafns sakir. [42]Og hvern dag í musterinu og í öðrum fleiri húsum gáfu þeir ei upp að kenna og að prédika evangelium út af Jesú Christo.

6 Á þeim dögum sem að vóx tala lærisveinanna gjörðist mögl meður þeim grískum í gegn hinum ebreskum af því að ekkjur þeirra fyrirlitust í daglegri þjónustu. [2]Þeir tólf kölluðu þá til samans fjöldann lærisveinanna og sögðu: „Það er eigi hæfilegt að vér forlátum Guðs orð og þjónum fyrir borðum. [3]Fyrir því, góðir bræður, skyggnist um yðar í milli eftir þeim sjö mönnum sem gott mannorð hafa og fullir eru með visku og Helgan Anda hverja vér megum skikka yfir þessa nauðsyn. [4]En vér viljum í bæninni og orðsins þjónustu staðnæmast.“ [5]Og þessi orð þóknöðust öllum múganum og útvöldu Stephanum, einn mann fullan trúar og Heilags Anda, Philippum og Prochoron, Nicanor og Tímon, Parmenan og Nicolaum sem Gyðingur hafði gjörst út af Antiochia. [6]Þessa skikkuðu þeir fram fyrir postulanna augsýn, báðust fyrir og lögðu hendur yfir þá.

[7]Og Guðs orð tók að vaxa og lærisveinanna tala margfaldaðist nærsta til Jerúsalem. Þar gjörðist mikill kennimannahópur trúnni hlýðugur. [8]En Stephanus, fullur af trú og krafti, tók að gjöra stórmerki og tákn mikil meðal fólksins. [9]Þá stóðu upp nokkrir af þeirri samkundu sem kallaðist Libertinorum, Cyrenorum og Alexandrinorum og þeirra sem voru úr Cilicia og Asia, þreytandi spurningar við Stephanum. [10]Og þeir gátu eigi mótstaðið þeirri speki né þeim anda af hverjum hann talaði. [11]Þá sendu þeir út menn sem segja skyldu sig hafa heyrt hann mæla háðungarorð á móti Guði og Moysen [12]og æstu so upp lýðinn og öldungana og hina skriftlærðu, hlupu að og gripu hann, burtleiddu fyrir ráðið [13]og settu til ljúgvotta sem segja skyldu: „Þessi maður lætur eigi af að tala háðyrði í gegn þessum heilaga stað og lögmálinu. [14]Því að vér heyrðum hann segja: Jesús af Naðsaret mun þennan stað niðurbrjóta og umhverfa þeim setning-

um er Moyses hefur oss gefið.“ [15]Og allir sem í ráðinu sátu horfðu á hann og sáu að hans ásjóna var so sem önnur engils ásjána.

7 Þá sagði kennimannahöfðinginn: „Eru þessu so vart?“ [2]En hann sagði: „Þér menn, góðir bræður og feður, heyrið til: Guð dýrðarinnar birtist föður vorum Abraham þá hann var enn í Mesopotamia áður fyrr en hann bjó í Haram [3]og sagði til hans: Far þú út af þinni jörðu og í frá ættleifð þinni og far til þeirrar jarðar sem eg mun sýna þér. [4]Þá gekk hann út af Chaldealandi og byggði til Haram. Og eftir á þá hans faðir var látinn flutti hann hingað yfir á þetta land í hverju þér byggið nú [5]og gaf honum öngva arftöku þar inni og ekkert fótspor en hét þó að gefa honum það til eignar og hans sæði eftir hann þá hann hafði þó öngvan son.

[6]En so talaði Guð að hans sæði mundi útlægt verða á annarlegri jörðu og það þeir mundu þjá það í þrældómi og þvinga það illa í fjögur hundruð ára. [7]Og þá þjóð sem þeir munu þjóna skal eg dæma, sagði Guð. Og eftir það munu þeir ganga út þaðan og þjóna mér í þessum stað, [8]og gaf honum sáttmálann umskurðarins. Og hann gaf honum Ísaak og umskar hann á áttunda degi. En Ísaak gat Jakob en Jakob þá tólf forfeður.

[9]Og forfeðurnir, hrærðir af öfund, seldu Jósef í Egyptaland. En Guð var með honum [10]og frelsaði hann úr öllum hans harmkvælum og gaf honum náð og vísdóm í augliti faraó, konungsins af Egyptalandi. Og hann setti hann höfuðsmann yfir Egyptaland og yfir allt sitt hús.

[11]Þar kom hungur og harmkvæli mikið yfir allt Egyptaland og Kanaansjörð og vorir feður fundu öngva fæðslu. [12]En er Jakob heyrði að korn var á Egyptalandi sendi hann út í fyrstu feður vora. [13]Og er hann sendi þá út í annað sinn varð Jósef þekktur af sínum bræðrum. Og pharaoni gjörðist kunnigt Jósefs slekti. [14]En Jósef sendi út og lét sækja föður sinn Jakob og alla sína ættkvísl, fimm og sjötígir sálna. [15]Jakob fór ofan til Egyptalands og er andaður, hann og feður vorir, [16]og eru fluttir yfir um til Sichim og lagður í þá gröf sem Abraham keypti meður silfri af sonum Emor, sonar Sichim.

[17]En þá nálgast tók fyrirheitsins tími sá er Guð hafði svarið Abraham og sem fólkið upp og tók að aukast á Egyptalandi, [18]allt þangað til að annar konungur kom sá er eigi vissi út af Jósef. [19]Hann niðraði voru kyni og þjáði feður vora að þeir bæri út börn sín so þau lifðu eigi. [20]Á þeim tíma fæddist Moyses og var Guði þekkur og var þrjá mánuði fóstraður í síns föðurs húsi. [21]En er hann var útborinn tók hann upp dóttir pharaonis og ól sér upp fyrir son. [22]Og Moyses varð menntur í allri speki egypskra manna og var voldugur í orðum sínum og verkum.

[23]En þá hann var fjörutígir ára gamall sló honum í hjarta að finna bræður sína, Ísraelssonu. [24]Og hann leit þann er órétt þoldi, stóð hann hjá honum og hefndi hans sem órétt þoldi og vó þann hinn egypska mann. [25]En hann meinti að sínir bræður skyldu undirstanda það Guð mundi gefa þeim heill fyrir hans hönd. En þeir undirstóðu það ekki.

[26]Og enn annars dags eftir kom hann til þeirra þar þeir voru að þrátta sín á milli og tók að semja frið meður þeim og sagði: Þér góðir menn eruð bræður. Fyrir hví gjörir hver yðar öðrum órétt? [27]En sá er sínum náunga gjörði órétt skakaði honum frá sér og sagði: Hver setti þig höfðingja eður dómara yfir oss? [28]Eða viltu drepa mig so sem þú drapst í gær hinn egypska mann? [29]En Moyses flýði fyrir þeirri ræðu og gjörði sig útlendan á jörðu Madian hvar eð hann ól tvo sonu. [30]Og að fullkomnuðum fjörutígir árum birtist honum í

eyðimörkinni á fjallinu Sínaí engill Drottins í eldsloga í rjóðrinu. [31]En er Moyses sá það undraðist hann sýnina. Og er hann gekk til og vildi hyggja að kom rödd Drottins að honum [32]og sagði: Eg em Guð feðra þinna, Guð Abrahams, Guð Ísaaks, Guð Jakobs. En Moyses varð óttasleginn og þorði eigi að að hyggja. [33]En Drottinn sagði til hans: Leys þú af þér skóklæði fóta þinna því að sá staður þú stendur á er heilög jörð. [34]Algjörlega hefi eg séð harmkvæli míns lýðs þess sem að er á Egyptalandi og þeirra kveinan hefi eg heyrt og eg em ofankominn þá að frelsa. Far nú hingað og mun eg senda þig til Egyptalands.

[35]Þennan Moysen, hverjum þeir afneituðu og sögðu: Hver setti þig yfirmann og dómara? þann sama sendi Guð þeim til höfðingja og frelsara fyrir hönd engilsins þess er honum birtist í rjóðrinu. [36]Þessi leiddi þá út gjörandi tákn og stórmerki á Egyptalandi og í Hafinu rauða, og so á eyðimörkinni í fjörutígir ár. [37]Þessi er og sá Moyses sem sagði til Ísraelssona: Spámann mun Guð uppvekja yður af bræðrum yðar líkan mér. Honum skulu þér heyra. **Deuteronomium 18:15,18**

[38]Þessi er sá sem var á eyðimörku í samkundunni með englinum hver ed talaði við hann á fjallinu Sínaí og við feður vora. Þessi meðtók lífsins orð so að hann gæfi oss [39]það hverjum að eigi vildu hlýða yðrir feður heldur skúfuðu þeir honum í frá sér og snerust í sínum hjörtum til Egyptalands, [40]segjandi til Aarons: Gjör þú oss guði þá fyrir oss skulu ganga. Því að vér vitum eigi hvað út af þeim Moyses er orðið sem oss leiddi út af Egyptalandi, [41]og gjörðu sér á þeim dögum kálf og offruðu honum skúrgoðafórnir og tóku að gleðjast af sínum handaverkum.

[42]En Guð sneri sér frá þeim og gaf þá yfir so að þeir dýrkuðu himinsins herskap eftir því sem skrifað er í spámannabókinni: Hafi þér nokkurn tíma af Ísraels húsi í þau fjörutígir ára á eyðimörkunni offrað mér offri eður fórnum? [43]Og þér meðtókuð tjaldbúð Móloks og himinteikn guðs yðars Remphan, þær myndir sem þér gjörðuð yður til á að kalla. Og eg mun útskúfa yður allt út yfir Babýlon.

[44]Vorir feður höfðu vitnisburðarins tjaldbúð á eyðimörkinni so sem Guð hafði þeim fyrirskipað þá hann sagði til Moysen að hann skyldi hana gjöra eftir þeirri mynd er hann hafði séð. [45]Hverja eð vorir forfeður meðtóku og fluttu hana meður Jósúa í það land er heiðingjar héldu, hverjum Guð útskúfaði af augsýn feðra vorra, allt til daga Davíðs [46]hver eð fann náð hjá Guði og bað að hann mætti tjaldbúð finna Guði Jakob. [47]En Salómon byggði honum upp hús. [48]En sá Hinn Hæðsti byggir eigi í þeim musterum er með höndum eru gjörð svo sem hann segir fyrir spámanninn: [49]Himinninn er minn stóll en jörðin er skör minna fóta. Hvaða húsi vilji þér uppbyggja mér? segir Drottinn. Eður hver er staður minnar hvíldar? [50]Hefur eigi mín hönd gjört allt þetta? **Esaias 66:1-2**

[51]Þér harðsvíraðir og óumskornir í hjörtum og eyrum, þér standið jafnan í móti Heilögum Anda! [52]So sem feður yðrir, líka einnin þér. Hvern spámanna hafa yðrir feður ei ofsótt og þá í hel slegið sem fyrirfram boðuðu tilkomu ins Réttláta? Hvers svikarar og morðingjar þér eruð nú orðnir. [53]Þér sem hafið meðtekið lögmálið fyrir englanna tilskikkan og haldið eigi.“ [54]Sem þeir heyrðu þetta skárust þeir í sínum hjörtum og nístu tönnum yfir honum. [55]En með því hann var fullur af Heilögum Anda hóf hann upp sín augu til himins og sá Guðs dýrð og Jesúm standa til hægri handar Guði [56]og sagði: „Sjáið, eg sé himnana opna og mannsins Son standa til Guðs hægri handar.“ [57]En þeir kölluðu upp hárri röddu og

samanluku sín eyru og gjörðu honum árás með einum samdrætti, [58]hnepptu hann út af borginni og grýttu hann. En vottarnir lögðu sín klæði til fóta þess ungmennis er Saul hét [59]og lömdu Stephanum grjóti. Hann kallaði upp og sagði:„Drottinn Jesús, meðtak þú minn anda.“ [60]En hann kraup niður og kallaði hárri röddu: „Drottinn, legg ei þeim til þessa synd!“ Og sem hann hafði það sagt sofnaði hann.

8 En Saul var samsinnandi hans dauða. Þá gjörðist og mikill ófriður þeim safnaði sem var til Jerúsalem. Og þeir tvístruðust allir burt um héröð Judee og Samarie fyrir utan postularnir. [2]En guðhræddir menn bjuggu um Stephanum og báru yfir honum trega mikinn. [3]En Saul tók að eyða söfnuðinum, gangandi inn í ýmsra hús, dragandi út menn og kvinnur og setti í varðhöld.

[4]En þeir sem tvístraðir voru fóru um kring og prédikuðu Guðs orð. [5]Philippus fór og ofan til borgarinnar í Samaria og prédikaði þeim út af Christo. [6]Og fólkið tók með einu samheldi til að heyra og gætur að því að gefa sem af Philippo sagðist, sjáandi og þau teikn er hann gjörði. [7]Því að óhreinir andar fóru út af mörgum þeim er óðir voru með ópi miklu. Margir iktsjúkir og haltir urðu og heilbrigðir. [8]Og mikill fögnuður gjörðist í þeirri borg.

[9]En þar var áður fyrri í þeirri borg sá nokkur sem Símon hét, töframaður, og tældi með því hina samversku þjóð að hann sagði sig vera nokkursháttar mikinn, [10]hverjum þeir hlýddu allir, frá hinum minnsta til ins mesta, segjandi: „Þessi er kraftur Guðs sá er kallas hinn mikli.“ [11]En þeir lutu honum af því að hann hafði í langan tíma ært þá með sinni fjölkynngi. [12]Og þá þeir trúðu nú Philippo sem hann prédikaði af Guðs ríki og af nafni Jesú Christi skírðust bæði menn og konur. [13]Þá trúði og Símon sjálfur. Og er hann var skírður hélt hann sig að Philippo. En þá hann sá þau tákn og kraftaverk sem skeðu tók hann felmsfullur að undrast.[14]En er postularnir þeir sem til Jerúsalem voru heyrðu það að Samaria hafði meðtekið Guðs orð sendu þeir til þeirra Petrum og Johannem. [15]Og þá þeir ofan komu báðu þeir fyrir þeim so að þeir meðtæki Heilagan Anda. [16]Því að hann var eigi enn kominn yfir nokkurn þeirra nema þeir voru aðeins skírðir í nafni Drottins Jesú Christi. [17]Þeir lögðu þá hendur yfir þá og þeir meðtóku Heilagan Anda.

[18]En er Símon sá það að Heilagur Andi varð gefinn fyrir handaupplegging postulanna bauð hann þeim peninga [19]og sagði: „Gefi þér mér og þetta vald so að yfir hvern er eg legg hendur að hann meðtaki Heilagan Anda.“ [20]En Pétur sagði til hans: „Peningur þinn sé með þér til glötunar því þú meintir Guðs gáfu með peninga útvegast. [21]Ekkert hlutskipti né gæfu lag verður þér af þessu orði því að þitt hjarta er eigi réttferðugt fyrir Guði. [22]Fyrir því gjör iðran fyrir þessa þína illsku og bið Guð um ef verða mætti að þér fyrirgefist þessi hugsan þíns hjarta [23]því að eg sé þig vera með beisku galli og í fjötri ranglætisins.“

[24]Þá svaraði Símon og sagði: „Biðji þér fyrir mér til Drottins so að ekkert komi yfir mig út af því sem þér sögðuð.“ [25]En þeir þá eð þeir höfðu vitnað og talað orð Drottins sneru þeir aftur til Jerúsalem og prédikuðu guðsspjöllin í mörgum samverskum kauptúnum.

[26]En engill Drottins talaði til Philippo og sagði: „Statt upp og gakk í suður á þeim veg sem liggur frá Jerúsalem ofan til Gasa þeirrar sem í eyði er.“ [27]Hann stóð upp og gekk í burt. Og sjáðu, að blálenskur maður, geldingur og vildarmenni drottningarinnar Candases af Blálandi, hver eð yfir var settur allar hennar fjárhirslur, hann var farinn til Jerúsalem að tilbiðja [28]og fór nú heim í

veg og sat í sínum vagni, lesandi Esaiam spámann.
29En andinn sagði til Philippo: „Gakk þangað að og teng þig að þeim vagni.“ 30Þá skundaði Philippus þangað að og heyrði að hann var að lesa Esaiam spámann og sagði: „Skilur þú ekki hvað þú les?“ 31En hann svaraði: „Hvernin má eg kunna það nema að nokkur leiðrétti mig?“ Þá bað hann Philippum það hann stígi upp og sæti hjá sér. 32En Ritningarinnihald það hann las var þetta: „So sem sauður er hann til dráps leiddur og þegjandi sem lamb fyrir þeim er það klippir, líka so hefur hann og eigi upplokið sínum munni. 33Í hans lækkan er hans dómur burt hafinn en hver mun hans aldur út mega segja? Því að hans lífdagar eru af jörðunni í burt teknir.“ **Esaias 53:7-8** 34Þá svaraði geldingurinn Philippo og sagði: „Eg beiði þig, af hverjum talar spámaðurinn þetta? Sjálfum sér eður um nokkurn annan?“ 35En Philippus lauk upp sínum munni og tók til í frá þessari skrift og boðaði honum af Jesú. 36Og sem þeir fóru um veginn komu þeir að vatni nokkru. Og geldingurinn sagði: „Sjáðu vatnið, hvað hamlar mér það eg skírunst eigi?“ 37En Philippus sagði: „Ef þú trúir af öllu hjarta þá hæfir það.“ Hann svaraði og sagði: „Eg trúi að Jesús Christus sé Guðs sonur.“ 38Og hann bauð að vagninn staðnæmdist. Og þeir stigu báðir ofan í vatnið, Philippus og geldingurinn, og hann veitti honum skírn. 39En er þeir voru upp komnir úr vatninu greip Andi Drottins Philippum í burt og geldingurinn sá hann eigi meira. Með það fór hann glaður sína götu. 40En Philippus fannst í Asdód, gekk um kring og prédikaði evangelium í öllum stöðum þar til hann kom til Cesaream.

9 Saul blés ógnun og aldurtila í gegn lærisveinum Drottins, gekk til kennimannahöfðingjans 2og beiddist af honum bréfa til samkundunnar í Damasco so að ef hann fyndi þar nokkra þess vegar, karla eður kvinnur, að hann færði þá bundna til Jerúsalem. 3Og sem hann var á veg kominn skeði það so er hann tók að nálgast Damasco að í skyndingu leiftraði um hann ljós af himni 4og hann féll til jarðar og heyrði röddina er til hans sagði: „Saul, Saul, því ofsækir þú mig?“ 5En hann sagði: „Hver ertu, Drottinn?“ Drottinn sagði: „Eg em Jesús hvern þú ofsækir. Hart er þér að bakspyrna mót broddunum.“ 6En hann skjálfandi og felmsfullur sagði: „Drottinn, hvað viltu eg gjöri?“ Drottinn sagði til hans: „Statt upp og gakk inn í borgina og þar mun þér sagt verða hvað þér byrjar að gjöra.“

7En þeir menn sem með honum fóru stóðu felmsfullir, heyrðu að vísu röddina en sáu þó öngvan. 8Saul stóð þá upp frá jörðunni og með uppluktum augum sá hann ekkert. En þeir héldu um hönd hans og leiddu hann inn í Damascum. 9Og so var hann í þrjá daga að hann sá eigi og eigi át hann né drakk.

10En í Damasco var sá lærisveinn sem hét Ananías. Og í sýn þá sagði Drottinn til hans: „Þú Anania.“ En hann ansaði: „Sé, hér em eg, Drottinn.“ 11Drottinn sagði til hans: „Statt upp og gakk í það stræti sem kallast Hið rétta og spyr að í húsi Júda eftir þeim sem Saul er að nafni út af Tarsen. Því sjá nú, að hann biður. 12Og í sjón sá hann mann inn til sín koma, Ananiam að nafni, leggjandi hönd yfir sig so að hann yrði sjáandi aftur.“

13Ananias svaraði: „Drottinn, út af mörgum hefi eg heyrt um þennan mann hvað mikið illt hann hefur gjört þínum heilögum til Jerúsalem 14og hér hefur hann út af kennimannahöfðingjanum vald til að binda þá alla sem þitt nafn ákalla.“ 15En Drottinn sagði til hans: „Far þú því að þessi er mér útvalið ker að hann beri mitt nafn fyrir heiðinn lýð og konunga og fyrir Ísraels-

sonum. [16]Eg mun og sýna honum hversu mikið honum ber að líða fyrir míns nafns sakir.“
[17]Og Ananias fór þangað og gekk inn í húsið, lagði yfir hann hendur og sagði: „Saul bróðir, Drottinn Jesús sendi mig hingað hver birtist þér á veginum þeim er þú komt hingað so að þú fengir sýn aftur og uppfylltist Heilögum Anda.“ [18]Og jafnskjótt féll af hans augum so sem annað fiskhreistur og hann fékk sýn aftur. Hann stóð upp og lét skíra sig, [19]tók síðan fæðslu til sín og styrkti sig. Saul var þá nokkra daga hjá þeim lærisveinum er voru í Damasco. [20]Og jafnsnart gekk hann í Gyðingasamkundu og tók að prédika þeim Jesúm, það hann sami væri Guðs Sonur. [21]En þeim blöskraði öllum er honum heyrðu og tóku að segja: „Er þessi eigi sá sem til Jerúsalem stríddi á alla þá sem þetta nafn ákölluðu og hingað kom til þess að leiða þá bundna fyrir kennimannahöfðingja?“ [22]En Saul tók að styrkjast miklu framar og hnekkti þeim Gyðingum sem í Damasco bjuggu, fulleflandi það að sá væri Kristur. [23]Og mörgum dögum þar eftir héldu Gyðingar samstefnu sín á milli að þeir aflífuðu hann. [24]En þeirra vélræði urðu Saulo undirvísuð. En þeir varðveittu nótt og dag portin so að þeir fengi hann í hel slegið. [25]Þá tóku hann lærisveinarnir um nótt og létu hann yfir múrinn og létu í körfu ofan síga.
[26]En þá Saul kom til Jerúsalem freistaði hann þess að samlaga sig til lærisveinanna. Og þeir óttuðust hann allir trúandi eigi því að hann væri lærisveinn. [27]En Barnabas tók hann og leiddi til postulanna og sagði þeim í frá hversu hann hefði séð Drottin á veginum og það hann hefði talað við hann og hvernin hann hefði til Damasco trúlega prédikað nafn Jesú. [28]Og hann var hjá þeim, gekk út og inn til Jerúsalem [29]og prédikaði nafn Drottins Jesú trúlegana. Þá tók hann að tala og heyja spurningar við hina gírsku en þeir leituðu við að lífláta hann. [30]Þá bræðurnir fornumu það leiddu þeir hann út til Cesaream og sendu hann til Tarsen. [31]Og so hafði söfnuðurinn að sönnu frið um allt Judeam og Galileam og Samariam, hresstust upp og gengu í ótta Drottins og margfölduðust í huggun Heilags Anda.
[32]Það skeði og þá Pétur ferðaðist um kring allra að vitja það hann kom einnin til þeirra heilagra sem bjuggu í Lydda. [33]Þar fann hann mann þann sem Eneas var að nafni hver eð legið hafði í rekkju meir en í átta ár. Hann var sjúkur í kveisu. [34]Pétur sagði til hans: „Eneas, Jesús Kristur gjöri þig heilan, statt upp og reið upp sjálfur um þig.“ Og hann stóð jafnsnart upp [35]og allir sáu hann þeir sem bjuggu í Lydda og Assarona hverjir og snerust til Drottins.
[36]En í Joppe var sú lærdómsins þjónustukvinna sem Tabíþa var að nafni, hvað er útleggst Dorkas, það heitir „skógargeit“. Hún var full góðra verka og meður ölmusugjörðir sem hún veitti. [37]En á þeim dögum bar so til að hún tók sótt og andaðist. Og sem þeir höfðu þvegið hana settu þeir hana í borðstofuna. [38]En með því að Lydda liggur í grennd við Joppen og þá lærisveinarnir heyrðu það að Pétur væri þar sendu þeir til hans og báðu hann um að hann léti sér ekki þungt þykja til þeirra að koma.
[39]En Pétur stóð upp og fór með þeim. Og er hann kom þar leiddu þeir hann í borðstofuna. Og allar ekkjurnar flykktust um kring hann grátandi og sýndu honum þá kyrtla og klæðnað sem Dorkas hafði gjört meðan hún var hjá þeim. [40]Og er Pétur hafði þá alla útdrifið féll hann á knén, baðst fyrir og snerist að líkamanum og sagði: „Tabíþa, statt upp!“ En hún lauk upp sínum augum og er hún sá Petrum setti hún sig upp. [41]En hann rétti henni höndina og reisti hana upp og kalaði á hina heilögu

og á ekkjurnar og afhenti þeim hana lifandi. 42Og það kunngjörðist um alla Joppen og margir trúðu á Drottin. 43Það skeði og so að hann bleif marga daga í Joppen hjá Símoni þeim nokkrum sem var einn sútari.

10 En sá maður nokkur var í Cesarea sem Cornelius var að nafni, höfuðsmaður yfir þeim selskap er kölluðust Ítalir, 2guðlegur mann og guðhræddur, með öllu sínu húsi, gefandi fólkinu miklar ölmusur og var jafnan á bæn til Guðs. 3Hann sá opinberlega í sýn nær níundu stund dags engil Guðs ganga inn til sín er sagði til hans: „Corneli.“ 4En hann horfði á hann óttasleginn og sagði: „Hvað er það, Drottinn?“ Hann sagði honum þá: „Bænir þínar og ölmusugjörðir eru uppstignar til minnis fyrir Guði. 5Og sent nú út menn til Joppen og lát sækja Símon þann kallaður er Petrus. 6Hann herbergjar hjá Símoni, sútara einum, hvers hús að liggur við sjóinn. Hann mun segja þér hvað þér byrjar að gjöra.“ 7En er engillinn sá við hann talaði var í burt genginn kallaði hann á tvo sína þjónustumenn og einn guðlegan stríðsmann út af þeim er honum lutu 8hverjum hann sagði allt frá og sendi þá til Joppen.

9En daginn eftir er þeir voru á leiðinni og tóku að nálgast borgina sté Pétur upp á loftið að hann bæðist fyrir, nær séttu stund. 10Og er hann hungraði vildi hann matar neyta. En á meðan þeir voru að búa til leið yfir hann brjósthöfgi 11og hann sá himininn opinn og ofan fara að sér disk nokkurn mikinn so sem línlak í fjórum hyrningum uppbundinn og hann var af himni ofan látinn á jörðina, 12í hverjum eð voru allar ferfættar kindur jarðar, skógdýr og skriðkvikindi og fuglar himins. 13Og þar skeði rödd til hans: „Statt upp, Pétur, slátra og et.“ 14En Pétur sagði: „Nei Drottinn, því að eg hefi enn aldrei nokkuð almennilegt eður óhreint etið.“ 15Og röddin sagði enn aftur í annað sinn til hans: „Hvað Guð hreinsaði það seg þú eigi almennilegt.“ 16Þetta skeði þrisvar sinnum og diskurinn varð uppnuminn aftur til himins.

17Og er Pétur var efablandinn um með sjálfum sér hver þessi sýn mundi vera sem hann hafði séð, sjáðu, að þá spurðu þeir menn er út voru sendir frá Cornelio eftir húsi Símonar og stóðu úti við hurðina. 18Og að útkölluðum nokkrum spurðu þeir að hvort Símon að viðurnefni Petrus hefði þar herbergi. 19En er Pétur hugleiddi um sýnina sagði Andinn til hans: „Sjáðu, þessir menn leita að þér. 20Statt upp, far ofan og gakk með þeim og efa ekkert því að eg sendi þá hingað.“ 21Þá sté Pétur ofan til þeirra manna sem voru sendir til hans frá Cornelio og sagði: „Sjáið, eg em þann sami þér spyrjið að. Hver efni eru til þess að þér eruð hér komnir?“ 22Þeir sögðu: „Cornelius, sá höfðingi, frómur maður og guðhræddur, hafandi góðan orðstír af öllu Gyðingafólki, er með vitran áminntur af heilögum engli að hann kallaði þig í sitt hús so hann heyrði orð af þér.“ 23Og þá kallaði hann þá inn og veitti þeim herbergi.

Annan dag eftir ferðaðist Pétur með þeim og nokkrir bræður af Joppen fylgdu honum. 24Og annars dags þar eftir komu þeir til Cesaream. En Cornelius beið þeirra og samankallaði sína frændur og virktavini. 25Og er það skeði að Pétur kom inn gekk Cornelius í móti honum og féll til fóta hans og tilbað hann. 26En Pétur reisti hann upp og sagði: „Statt upp, eg em og maður.“ 27Og er hann hafði haft samtal við þá gekk hann inn og fann þá marga er þar voru samankomnir 28og sagði til þeirra: „Þér vitið að það er ekki leyfilegt þeim manni sem Gyðingur er að fella sig við eður ganga til útlendra manna. En Guð sýndi mér að eg segða öngvan mann almennan eður óhreinan. 29Fyrir hvað eg

kom utan dvöl þá er var tilkvaddur. Því spyr eg yður nú að hvar til þér létuð kalla á mig.“
30Cornelius sagði: „Í dag er fjórði dagur frá þeim eg var fastandi allt til þessarar stundar og um níundu stund er eg baðst fyrir í mínu húsi og sjá, þá stóð maður frammi fyrir mér í skínanda klæði 31og sagði: Corneli, þín bæn er alheyrð og þínar ölmusur eru í minni settar fyrir Guðs augliti. 32Af því send þú til Joppen og lát kalla Símon þann auknefndur er Petrus. Hann herbergjar í húsi Símonar sútara við sjóinn. Því þá hann kemur mun hann tala fyrir þér. 33Þá senda eg jafnsnart til þín og þú gjörðir vel það þú komst hingað. Nú erum vær hér allir nálægir fyrir Guði að vér heyrum þá alla hluti sem þér eru af Guði boðnir.“ 34En Pétur lauk upp sinn munn og sagði: „Nú reyni eg í sannleika það ekki er manngreinarmunur hjá Guði 35heldur á öllu fólki sem hann óttast og gjörir réttvísi þa er honum þóknan.
36Þér vitið af þeirri prédikan sem Guð sendi til Ísraelssona, boðandi þeim frið fyrir Jesúm Christum (hver að er Drottinn allra), 37af hverri prédikan ryktið útbarst um allt Gyðingaland sú er fyrst hófst upp í Galilea eftir þá skírn sem Jóhannes prédikaði, 38það Guð hefði smurt Jesúm af Naðsaret með Heilögum Anda og krafti hver ed um kring gekk, gjörði gott og græddi alla þá sem af djöflinum voru undirþrykktir af því Guð var með honum. 39Og vér erum vottar alls þess hann gjörði á Gyðingalandi og í Jerúsalem, hvern þeir aflífuðu og á tréð upphengdu.
40Þennan uppvakti Guð á þriðja degi og lét opinberan verða, 41eigi öllu fólki heldur oss sem áður vorum hans útvaldir vottar af Guði, vér sem átum og drukkum með honum, eftir það hann var upprisinn af dauða. 42Og hann bauð oss að prédika fólkinu og vitni um bera það hann væri sá sem skikkaður er af Guði dómari lifendra og dauðra. 43Af þessum bera allir spámenn vitni að fyrir hans nafn skulu allir þeir sem á hann trúa meðtaka syndanna fyrirgefning.“
44Þá Pétur talaði þessum orðum féll Heilagur Andi yfir þá alla sem orðið heyrðu. 45Og þeir trúaðir sem af umskurninni voru og með Pétri höfðu komið undruðust það að Heilags Anda gjöf væri úthellt yfir heiðna menn 46því þeir heyrðu þá tungur tala og vegsama Guð. Þá svaraði Pétur: 47„Hver má fyrirbjóða þeim vatnið að þeir skírist eigi sem meðtekið hafa Heilagan Anda líka sem vér?“ 48Og hann bauð að skíra þá í nafni Drottins. Þeir báðu hann þá að hann væri hjá þeim nokkra daga.

11 Og er það heyrðu postularnir og þeir bræður sem í Judea voru að heiðingjar höfðu meðtekið Guðs orð 2og þá Pétur kom upp til Jerúsalem tóku þeir að þrátta í móti hönum sem voru af umskurningunni 3og sögðu: „Þú gekkst inn til þeirra manna sem yfirhúð hafa og mataðist með þeim.“
4En Pétur tók til af upphafi og framtaldi fyrir þeim eitt eftir annað og sagði: 5„Eg var í borginni Joppen á bæn og eg sá í leiðslu míns hugskots sýn þá að diskur nokkur leið ofan, stór sem annað línlak meður fjórum hyrningum, ofan látinn af himnum og kom allt inn til mín, 6á hvern eg horfða. Hugða eg að og sá ferfættar kindur jarðar, skógdýr, skriðkvikindi og fugla himins. 7Eg heyrða þá rödd sem til mín sagði: „Statt upp, Pétur, slátra og neyt.” 8En eg sagði: Drottinn, nei, því að ekkert almennt eður óhreint hefur enn nokkurn tíma inn í minn munn gengið. 9En röddin svaraði mér í annað sinn af himnum: Hvað Guð hreinsaði það seg þú eigi almennt. 10Og þetta skeði þrisvar. Og þá var allt uppnumið aftur til himins. 11Og sjáið, að jafnsnart stóðu þrír menn úti fyrir húsinu þar eg var

inni, sendir af Cesarea til mín. [12]En Andinn sagði mér að eg skyldi ganga með þeim og efa ekkert. En mér fylgdu þessir sex bræður. Og vær gengum inn í þess manns hús. [13]Hann kunngjörði oss hvernin hann hafði séð engil í sínu húsi hver eð staðið hafði fyrir honum og sagt til hans: Send þú út menn til Joppen og lát kalla til þín Símon þann kallaður er Pétur. [14]Hann mun segja þér þau orð af hverjum þú munt hólpinn verða og allt þitt hús. [15]En þá eg tók til að tala féll Heilagur Andi yfir þá líka sem hann féll yfir oss í upphafi. [16]Þá kom mér það í hug hvað Drottinn hafði sagt: Jóhannes skírði að sönnu í vatni en þér skuluð með Heilögum Anda skírðir verða. **Johannis 1:26** [17]Því fyrst Guð hefur gefið þeim líkar gjafir sem oss þann tíð vér trúðum á Drottin Jesúm Christum, hver var eg þess að eg mætta það Guði banna?“ [18]Þá þeir heyrðu það þögnuðu þeir út af, vegsömuðu Guð og sögðu: „Þá hefur Guð unnt heiðingjum iðran til lífs.“

[19]Og sennilega sem þeir í sundur höfðu dreifst af þeirri hörmung er bar til um Stephanum gengu um kring allt til Phenicen og Cipriam og Antiochiam, talandi orðið fyrir öngum nema Gyðingum einum. [20]Þar voru og nokkrir út af þeim sem voru af Cipria og Cirema hverjir, þá þeir gengu inn í Antiochiam, tóku að tala til þeirra Grikkja, boðandi þeim Drottin Jesúm. [21]Og hönd Drottins var meður þeim. Og mikil tala trúaðra manna snerist til Drottins. [22]En það orð flaug sem af þeim fór kom til eyrna safnaðarins sem var í Jerúsalem. Og þeir sendu út Barnabam það hann gengi til Antiochiam. [23]Og sem hann kom þar og sá Guðs náð varð hann glaður og réð þeim öllum að þeir skyldu með öruggu hjarta hjá Guði staðnæmast. [24]Því hann var góður maður og fullur Heilags Anda og trúar. Og margt fólk jókst þar Drottni. [25]En Barnabas fór til Tarsen að hann frétti upp Saulum. [26]Og er hann hafði fundið hann fylgdi hann honum í Antiochiam. Og það skeði so að þeir voru til samans árið allt hjá þeim söfnuði, kenndu þar og mörgu fólki so að lærisveinarnir kölluðust fyrst í Antiochia kristnir.

[27]En á þeim dögum komu spámenn af Jerúsalem til Antiochiam. [28]Og einn af þeim stóð upp, Agabus að nafni. Hann tilreiknaði fyrir Andann að koma skyldi mikið hungur í öllum veraldarheimi, hvert eð skeði undir Claudeo keisara. [29]En lærisveinarnir lögðu til, hver eftir því sem hann formátti, og sendu þeim bræðrum til bjargar er bjuggu í Judea. [30]Hvað þeir gjörðu og sendu til þeirra öldunga fyrir hendur Barnabe og Sauls.

12 Á þeim tíma lagði Heródes hendur á nokkra af safnaðinum að pína þá. [2]Hann lét þá drepa Jakob bróður Johannis með sverði. [3]Og er hann sá að það þekktist Gyðingum fór hann til og lét höndla Petrum. En þetta var á dögum ósýrðra brauða. [4]Og sem hann hafði hann grípa látið lét hann setja hann í myrkvastofu og fékk hann í hendur inum fjórða parti fjórðungastaðaskiptis hermanna til varðveislu, viljandi eftir páskana (easter)[1] framselja hann fólkinu. [5]Og Pétur geymdist að sönnu í myrkvastofu. En söfnuðurinn bað í ákafa fyrir honum til Guðs. [6]Og þá er Heródes vildi hann framleiða láta svaf Pétur á þeirri nótt meðal tveggja stríðsmanna, bundinn tveimur járnviðjum, en varðmenirnir forvöruðu úti fyrir dyrunum myrkvastofuna. [7]Og sjá, að engill Drottins stóð þar og ljós skein í húsinu. Hann laust á síðu Péturs, uppvakti hann og sagði: „Statt upp skyndilega.“

1 12:4 Heródes hélt upp á heiðnu hátíðina Easter, það ber ekki að segja hana það sama og Passover hátíð Gyðinga, en í Íslensku er ekki gerður greinarmunur þar á, þar sem bæði þýðist sem Páskar.

Og hlekkirnir féllu af hans höndum.
[8]Engillinn sagði þá til hans: „Gyrt þig og
tak skó þína á þig.“ Og hann gjörði so.
Hann sagði og til hans: „Legg þinn kyrt-
il yfir þig og fylg mér.“ [9]Og hann gekk
út og fylgdi honum. Og eigi vissi hann
það til sanns sem fyrir engilinn gjörðist
heldur meinti hann sig sýn sjá. [10]Og
þeir gengu um hið fyrsta og annað
varðhald og komu til járnhliðsins er lá
til borgarinnar en það lauk sér upp
sjálft. Og þeir gengu út. En sem þeir
reikuðu eitt stræti veik engillinn sér
jafnsnart frá honum.

[11]Og er Pétur kom til sjálfs síns sagði
hann: „Nú veit eg sennilega það Drott-
inn sendi engil sinn og frelsaði mig af
hendi Herodis og af allri eftirvæntan
Gyðingalýðs.“ [12]Og sem hann gætti sín
kom hann til húsa Maríu móður Jo-
hannis þess sem kallaður var Markús
hvar ed margir voru til samans komnir
og báðust fyrir. [13]En sem Pétur laust á
dyrahurðina gekk stúlka fram að sjá til,
sú Rode var að nafni. [14]Og er hún
þekkti hljóð Péturs lauk hún eigi upp
hurðunni fyrir feginleika heldur hljóp
hún inn og sagði að Pétur stæði úti fyr-
ir hurðunni. [15]En þeir sögðu til hennar:
„Ertu galin?“ Hún hélt því fastara á að
það væri so. Þeir sögðu: „Það er hans
engill.“ [16]En Pétur klappaði því tíðara á.
Og er þeir luku upp sáu þeir hann og
undruðust. [17]En hann benti þeim með
hendinni að þeir þegði og sagði frá
hvernin Drottinn hefði leitt hann út úr
myrkvastofunni og sagði: „Kunngjörið
þetta Jacobo og bræðrunum.“ Hann
gekk út þaðan og gekk burt í annan
stað.

[18]En þá dagur kom var eigi lítil angur-
semi á milli stríðsmannanna hvað
vorðið hafði af Pétri. [19]En er Heródes
heimti hann og fann eigi lét hann for-
heyra varðmennina og skipaði þá
burtleidda, fór síðan af Judea ofan til
Cesarea og þar dvaldist hann. [20]Því að
hann var missáttur við þá í Tyro og
Sídon. En þeir komu með einu sam-
heldi til hans og ráðguðust um við
Blastum, hver ed var konungsins dróttseti, og beiddust friðar af því að þeirra byggðarlög nærðust af konungsins landi. [21]En á tilsettum degi klæddist Heródes konunglegum skrúða, settist á dómstólinn og hóf sér ræðu til þeirra. [22]En fólkið tók að kalla: „Guðs rödd er þetta en eigi manns!“ [23]Jafnskjótt sló hann engill Drottins af því hann gaf eigi Guð heiðurinn. Varð hann etinn af möðkum og andaðist.

[24]Orð Drottins tóku að vaxa og marg-
faldast. [25]En er Barnabas og Saulus
komu til Jerúsalem aftur og afventu
þeim þær vistir og tóku með sér Jo-
hannem þann er að viðurnefni hét
Markús.

13 Og í þeim söfnuði sem var í Antiochia voru spámenn og lærifeður, meðal hverra var Barnabas og Símon er kallaðist Níger og Lúkíus hinn sýrlenski og Manahen sá ed var samfóstri Heródes tetrarka og Saulus. [2]Og þann tíð þeir þjónuðu Drottni og föstuðu sagði Heilagur Andi: „Útveljið mér Barnabam og Saulum í það verk sem eg hefi þá til kjörið.“ [3]Þeir föstuðu þá og báðust fyrir, lögðu hendur yfir þá og létu í burt fara. [4]Og sem þeir voru að sönnu útsendir af Heilögum Anda gengu þeir burt til Seleucia og þaðan sigldu þeir til Cipria. [5]Og þá þeir komu til Salaminborgar tóku þeir að prédika Guðs orð í samkundum Gyðinga. En þeir höfðu Johannem til þjónustu.

[6]Og sem þeir gengu yfir eyna allt til
Paphosborgar þar fundu þeir nokkurn
fjölkynngismann og falspropheta þann
Gyðingur var hvers nafn ed var Bar-
jehú. [7]Sá var hjá Sergio Paulo land-
stjórnara, forsjálegum manni. Hann
kallaði fyrir sig Barnabam og Saulum
og hann fýsti að heyra Guðs orð. [8]Þá
stóð þeim í mót sá galdramaður Elýmas
(því að so verður hans nafn útlagt) og

sótti eftir að snúa landstjórnaranum frá trúnni. [9]En Saulus, sá er og hét Paulus, fullur af Heilögum Anda leit á hann [10]og sagði: „Ó þú djöfulsson, fullur alls táls og fláræðis og óvinur allrar réttvísi, þú lætur eigi af að umsnúa réttum vegum Drottins. [11]Og sjá nú, að hönd Drottins kemur yfir þig og þú skalt blindur vera og sjá ei sól um nokkra tíma.“ Og jafnsnart féll á hann dimma og myrkur, fálmandi um kring sig og leitaði að þeim eð hann vildi leiða. [12]Þá landstjórnarinn sá hvað gjörðist trúði hann og undraðist fyrir kenningu Drottins.

[13]En þá Páll og þeir sem með honum voru sigldu frá Papho komu þeir til Pergen í Pamphylialandi. En Jóhannes skildi við þá og fór aftur til Jerúsalem. [14]En þeir fóru þar þvert yfir frá Pergen og komu til Antiochia í Pisidíalandi og gengu inn í þeirra samkundu á þvottdegi og settust niður. [15]En eftir lögmálslesturinn og spámannanna sendu yfirmenn samkundunnar og létu segja þeim: „Þér menn og bræður, ef nokkur áminningarræða er hjá yður til fólksins þá segið fram.“ [16]Þá stóð Páll upp og benti til hljóðs með hendinni og sagði: „Þér Ísraelsmenn og þér sem óttist Guð, það heyrið. [17]Guð Ísraelslýðst útvaldi feður vora og hóf upp fólk þetta þá þegar það var útlægt á Egyptalandi og með háum armlegg útleiddi hann það þaðan [18]og mestu í fjörutigu ár umleið hann þeirra siðvenjur í eyðimörku [19]og afmáði sjö þjóðir á Kanaansjörðu og skipti með þeim eftir hlutfalli þeirra landi. [20]Eftir það gaf hann þeim dómendur í þrjú hundruð og fimmtígir ára, allt til Samúel spámanns. [21]Eftir það æsktu þeir sér konungs og Guð gaf þeim Saul son Kís, mann af Benjamínskyni, í fjörutígir ár. [22]Og er hann afsetti þann uppvakti hann Davíð þeim til konungs, af hverjum hann vitnaði og sagði: Eg hefi fundið Davíð son Jessa, mann eftir mínu hjarta, hver gjöra skal allan minn vilja.

[23]Af hvers sæði Guð framleiddi eftir fyrirheitinu Jesúm, Ísraels lausnara, **Esaias 11:1** [24]eftir því sem Jóhannes prédikaði áður iðranarskírn fyrir hans auglits hingaðkomu öllu Ísraelsfólki. [25]En sem Jóhannes hafði lyktað sitt skeið sagði hann: Eg em eigi hann hvern þér meinið mig vera heldur sjáið, að sá kemur eftir mig hvers skóklæði eg em eigi verðugur að leysa.

[26]Þér menn, góðir bræður og þér synir Abrahams slektis og þeir sem yðar á milli óttast Guð, yður er þetta hjálpræðisorð sent. [27]Því að þeir sem bjuggu í Jerúsalem og þeirra höfðingjar, með því þeir þekktu hann eigi né spámannaraddirnar (hverjar lesnar verða hvern þvottdag) hafa þeir með sínu dómsatkvæði uppfyllt. [28]Og þó þeir fyndi öngva dauðasök með honum beiddu þeir af Pilato að hann léti aflífa hann. [29]En sem hann hafði fullkomnað allt hvað af honum var skrifað tóku þeir hann ofan af trénu og lögðu í gröf. [30]En Guð uppvakti hann af dauða, [31]hver og séður er um marga daga af þeim sem með honum fóru af Galilea upp til Jerúsalem, hverjir að eru hans vottar hjá fólkinu. [32]Og vér bjóðum yður það fyrirheit sem til feðra vorra er skeð [33]að það sama hefur Guð uppfyllt oss þeirra sonum í því hann uppvakti Jesúm, so sem í öðrum sálmi skrifað er: Þú ert minn Son, í dag ól eg þig. **Sálmarnir 2:7** [34]En það Guð uppvakti hann af dauða að hann kæmi ei framar til rotnunar aftur þá sagði hann so: Trúlega skal eg halda við yður þá náð er Davíð var lofuð. **Esaias 55:3** [35]Fyrir því segir hann enn í öðrum stað: Þú munt eigi leyfa að þinn Heilagi skuli rotnan sjá. **Sálmarnir 16:10** [36]Því sennilega þá Davíð hafði sinn aldur út þjónað og að Guðs forsjó sofnaði hann og er lagður til feðra sinna og hefur rotnan séð. [37]En sá hvern Guð uppvakti hefur eigi rotnan séna. [38]Fyrir því sé yður viturlegt, góðir menn og bræður, það yður boð-

ast fyrir þennan syndanna fyrirgefning
39og af öllu því hverju þér gátuð ekki
réttlátir orðið fyrir Moyses lögmál. En
hver hann trúir á þennan sá er réttlát-
ur. 40Því sjáið svo til að eigi komi það
yfir yður hvað sagt er fyrir spámenn-
ina: 41Sjá, þér forsmánarar, undrið yður
og verðið að öngu. Því að eg gjöri það
verk á yðrum dögum hverju þér trúið
eigi þó ef nokkur talaði yður það út.“
42En að útgengnum Gyðingum af sam-
kundunni báðu þeir hinir heiðnu það
hann segði þeim þessi orð á eftirkom-
andi þvottdegi. 43Og er samkundan í
sundurdreifðist fylgdi Páli og Barnaba
margir Gyðingar eftir og guðræknir
menn sem Júðar höfðu gjörst. Og þeir
sögðu þeim og áminntu þá að þeir
skyldu stöðugir blífa í Guðs náð. 44En að
eftirkomanda þvottdegi kom til samans
nærsta allur borgarmúgur að heyra
Guðs orð. 45Og er Gyðingar sáu fólkið
fylltust þeir vandlætingar og tóku að
mæla í gegn því sem Páll sagði, mót-
kastandi það og með háðungarorðum
lastandi. 46Þeir Páll og Barnabas sögðu
þá skörulega: „Það byrjaði að yður
skyldi Guðs orð fyrst segjast. En af því
þér rekið það frá yður og dæmið yður
sjálfa eilífs lífs ómaklega, sjáið, það vér
snúust þá til heiðinna þjóða það 47so
hefur Drottinn boðið oss: Eg setta þig
heiðnum þjóðum til ljóss so að þú sért
hjálpráð allt til yðsta jarðarenda.“ **Esai-
as 42:6** 48Og þá hinir heiðnu heyrðu
það glöddust þeir og vegsömuðu orð
Drottins og svo margir urðu trúaðir
sem til eilífs lífs voru skikkaðir. 49Og
orð Drottins tóku út að berast um öll
héröð. 50En Gyðingar hvöttu þá upp
guðræknar og hæverskar kvinnur og
hina æðstu menn borgarinnar og upp-
kveiktu so ofsókn í móti Páli og
Barnaba og ráku þá burt úr sínum
landsálfum. 51En þeir hristu duft fóta
sinna á þá og komu til Iconiam. 52Og
lærisveinarnir fylltust af fagnaði og
Heilögum Anda.

14 Og það skeði í Iconia að þeir
gengu til líka inn í Gyðinga-
samkundu og töluðu so að mikill
mannfjöldi trúði, bæði Júðar og Grikk-
ir. 2En þeir Gyðingar sem mistrúa voru
uppvöktu og til reiði hvöttu í mót
bræðrunum hugi heiðinna manna. 3Þó
dvöldu þeir þar um langan tíma, styrk-
lega erfiðandi með Drottins fulltingi
hver eð sjálfur vitni bar orðum sinnar
náðar og veitti að tákn og stómerki
skeðu fyrir þeirra hendur. 4En borgar-
múgurinn tvískiptist í sundur so að
sumir héldu að sönnu með Gyðingum
en sumir með postulunum.
5En er gjörðist upphlaup með
heiðingjum og líka einnin með Gyðing-
um og þeirra yfirboðurum so þeir færi
til með valdi og grýttu þá grjóti 6þá
fornumu þeir og flýðu í þær borgir sem
liggja í Lyconialandi, Listra og Derben,
og alls staðar í þeirra umliggjandi
landsálfur, 7og prédikuðu þar evangeli-
um. 8Og maður nokkur í Lýstra sat
fótahrumur og var haltur frá sinnar
móður kviði, sá er aldrei hafði enn
gengið. 9Hann heyrði Pál mæla. Og sem
hann leit á hann og sá að hann trúði
það honum mætti hjálpa 10sagði hann
með hárri röddu: „Statt uppréttur á
þína fætur!“ Og hann spratt upp og
gekk. 11En er lýðurinn leit hvað Páll
hafði gjört hófu þeir upp hljóð sín á
lycaonesku og sögðu: „Guðirnir eru
mönnum líkir orðnir og til vor
ofanstignir!“ 12Og Barnabam kölluðu
þeir Júpíter en Pál Mercurium af því að
hann var framberi orðsins. 13En Júpít-
ers prestur sá er fyrir borginni var
flutti bæði yxn og kransa fyrir dyrnar
og vildi fórnfæra þeim með fólkinu.
14Þá er postularnir Páll og Barnabas
heyrðu það hrifu þeir klæði sín, stukku
út til fólksins, kölluðu 15og sögðu: „Þér
menn, hví gjöri þér þetta? Við erum og
dauðlegir menn líka sem þér og bjóð-
um yður að snúast frá þessum hégóm-
um til lifanda Guðs sá er gjörði himin

og jörð, sjó og allt hvað í þeim er, [16]hver
um liðnar aldir hefur allar þjóðir ganga
látið sína sjálfs vegu [17]og þó að sönnu
hefur hann eigi forlátið sjálfan sig án
vitnisburðar þá hann veitir gott og gef-
ur oss dögg af himni og frjósama tíma,
uppfyllandi vor hjörtu með fæðslu og
fagnaði.“ [18]Og er þeir sögðu þetta gátu
þeir þó varla stillt lýðinn so að þeir
fórnuðu þeim eigi.

[19]Þá komu þar nokkrir Gyðingar frá
Antiochia og Iconia hverjir að umtöldu
lýðinn svo að þeir grýttu Pál og drógu
út af borginni, meinandi hann dauðan
vera. [20]En þá lærisveinarnir umkringdu
hann stóð hann upp og gekk inn í
borgina. Og deginum eftir fór hann
með Barnaba til Derben [21]og prédikaði
evangelium í þeirri borg og lærði þar
margan, vendi síðan aftur til Lystram,
Iconiam og Antiochiam, [22]styrkjandi
andir lærisveinanna og áminnandi þá
að þeir væri staðfastir í trúnni og það:
„Að oss byrjar fyrir margar hrellingar
inn að ganga í Guðs ríki.“ [23]Og þeir
skikkuðu þeim öldunga í sérhverja
samkundu, báðust fyrir og föstuðu og
fólu þá síðan þeim Drottni á hendi á
hvern þeir trúðu.

[24]Og er þeir höfðu gengið um Pisidiam
komu þeir í Pamphiliam [25]og töluðu orð
Drottins til Pergan og fóru ofan til Att-
haliam. [26]Þaðan sigldu þeir til Anti-
ochiam hvaðan þeir voru af Guðs náð
tilfengnir í það verk hvert þeir höfðu
fullkomnað. [27]Og sem þeir voru komnir
og samansafnað söfnuðinum töldu þeir
fram hve mikið Guð hefði gjört meður
þeim og hvernin hann hefði dyrum
trúarinnar upplokið fyrir heiðingjum.
[28]Og þar dvöldu þeir eigi skamma stund
hjá lærisveinunum.

15 Og þeir nokkrir sem ofan komu
af Judea lærðu bræðurna það:
„Nema ef þér látið umskera yður eftir
siðvenju Moyses þá kunni þér ei sálu-
hólpnir að verða.“ [2]Og af því gjörðist
þar og ósamþykki ei lítið. Páll og Barna-
bas settu sig fast í móti þeim. Þá skikk-
uðu þeir Pál og Barnabam til og nokkra
aðra af þeim að þeir færi upp til postul-
anna og yfirprestanna í Jerúsalem um
þetta prætumál. [3]Og sem þeir voru af
safnaðinum á leið leiddir gengu þeir
um Phenicen og Samariam, segjandi
heiðinna þjóða umvendan og gjörðu
öllum bræðrum mikinn fögnuð. [4]En þá
þeir komu til Jerúsalem meðtókust þeir
af söfnuðinum og postulunum og so af
öldungunum. Og þeir kunngjörðu þeim
frá hversu mikið Guð hefði gjört meður
þeim. [5]Þá risu upp nokkrir út af
Phariseis selskap þeir við trú höfðu tek-
ið, segjandi að það byrjaði að umskera
þá og buðu að halda Moyses lögmál.
[6]En postularnir og prestarnir komu til
samans að þeir liti á þetta málefni.

[7]Og er mikil þráttan hafði verið stóð
Pétur upp og sagði til þeirra: „Góðir
menn og bræður, þér vitið að fyrir
langri ævi það Guð hefur útvalið vor á
milli að heiðnir menn skyldu heyra fyr-
ir minn munn guðsspjallsins orð og so
að trúa. [8]Og Guð sá hjörtun kennir bar
vitnisburð um gefandi þeim Heilagan
Anda so sem oss [9]og gjörði öngvan
mun á milli þeirra og vor, hreinsandi
með trú vor hjörtu. [10]Fyrir hvað freisti
þér nú Guðs það þér leggið ok yfir lær-
isveinanna háls hvert að ei gátu borið
hverki vær né feður vorir? [11]Heldur trú-
um vér að frelsast fyrir náð Drottins
Jesú Christi með sama hætti og þeir.“
[12]Þá þagði og allur múgurinn og hlýddu
þeim Barnaba og Páli er þeir sögðu frá
hver teikn og stórmerki að Guð hafði
gjört meðal heiðinna þjóða fyrir þá.

[13]Eftir það þeir þögnuðu svaraði Jakob
og sagði: „Þér menn, góðir bræður,
heyrið mig. [14]Símon sagði fram með
hverjum hætti Guð hafði í fyrstu vitjað
og meðtekið sér fólk út af heiðnum
þjóðum í sínu nafni. [15]Og þessu sam-
hljóða spámannaorðin so sem að skrif-
að er: [16]Eftir þetta mun eg aftur koma

og uppbyggja tjaldbúð Davíðs hver að
fallin er og hennar niðurbrot skal eg
endurbyggja og hana upprétta [17]so að
þeir menn sem eftirblífa skulu Drottins
leita og þar til allar heiðnar þjóðir yfir
hverjar mitt nafn ákallað er, segir
Drottin, sá er þetta gjörir allt. **Amos**
9:11-12 [18]Guði eru öll sín verk kunnig í
frá veraldar upphafi. [19]Fyrir því úr-
skurða eg það vér gjörum öngva
þvingan þeim sem snúast frá heiðni til
Guðs [20]heldur skrifum þeim til að þeir
haldi sig frá óhreinleik skurgoðadýrk-
unar og frá frillulifnaði og köfnuðu og
af blóði. [21]Því að Moyses hefur fyrir
langri ævi tilsett í öllum borgum það
hann skuli prédikast í samkundum,
hvar hann verður og lesinn alla þvott-
daga.“

[22]Það hagaði þá postulunum og
öldungunum með öllum söfnuðinum
að þeir útveldu af þeim menn og sendi
til Antiochiam með Páli og Barnaba, til-
einkaðan Judam þann kallaður var
Barsabas og Silam, inir æðstu menn
meðal bræðranna, [23]og sendu sitt rit
fyrir þeirra hendur með þessu atkvæði:

„Vér postular, prestar og bræður
heilsum þeim bræðrunum er út af
heiðingjum og í Antiochia, Syria og Cil-
icia eru. [24]Með því að vér höfum heyrt
að nokkrir af oss eru útgengnir sem
hafa sturlað yður með orðum og flekk-
að andir yðrar, bjóðandi yður að um-
skerast og lögmálið að halda, hverjum
vér höfum ekki slíkt boðið, [25]því hefur
oss litist með eindrægni samankomn-
um að senda til yðar valinkunna menn
með vorum elskulegum Barnaba og
Páli [26]hverjir menn að út hafa sett sínar
sálir fyrir nafn Drottins vors Jesú
Christi. [27]Fyrir því sendum vér Judam
og Silam hverjir eð sjálfir mega með
orðum segja yður hið sanna. [28]Því að
það líst Heilögum Anda og oss að vér
skyldum öngvar byrðir leggja á yður
fyrir utan þessa þarflega hluti [29]það þér
haldið yður af því sem skúrgoðum er
fórnað og blóði og frá köfnuðu og frá
frillulífi, af hverju ef þér varðveitið
sjálfa yður þá gjörið þér vel. Lifið sæl-
ir.“

[30]Þá þessir voru af stað sendir komu
þeir til Antiochiam og samansöfnuðu
safnaðinum og fengu þeim bréfið. [31]Þá
þeir lásu það urðu þeir af þeirri huggan
glaðir. [32]En Júdas og Sílas, hverjir að
spámenn voru, áminntu bræðurnar
með nógum orðum og styrktu þá. [33]Og
þeir dvöldust þar um stundarsakir og
urðu síðan með friði af bræðrunum
sendir til postulanna aftur. [34]En Sila
leist á að vera þar. [35]Páll og Barnabas
dvöldust í Antiochia, sendu og boðuðu
samt öðrum fleirum orð Drottins.

[36]En eftir nokkra daga sagði Páll til
Barnaba: „Förum við aftur og vitjum
bræðra vorra um allar borgir í hverjum
við höfum boðað orð Drottins, hvernin
að þeir haga sér.“ [37]En Barnabas gaf til
ráð að þeir tæki með sér Johannem sá
er auknefndist Markús. [38]En Páll vildi
ekki að sá sem frá þeim hafði snúið úr
Pamphylia og gekk eigi með þeim í
verk skyldi meðfylgja. [39]Og svo hart
sundurþykki varð þeirra á milli að hver
skildi við annan. Og Barnabas tók að
sönnu Marcum með sér og sigldi í
Cipriam [40]en Páll kjöri sér Silam og var
af bræðrunum Guðs náð bífalaður. [41]Og
hann gekk um Syriam og Ciliciam
styrkjandi söfnuðina.

16 En er hann kom til Derben og
Lystran, sjá, að lærisveinn var
þar, Tímóteus að nafni, sonur einnrar
trúaðrar Gyðingakonu en að feðerni
grískur. [2]Þessum báru þeir bræður gott
vitni sem voru í Lystram og Iconia.
[3]Þennan vildi Páll með sér fara láta, tók
að sér og umskar hann fyrir sakir
þeirra Gyðinga sem voru í þeim stöð-
um. Því að þeir vissu allir það hans faðir
var gírskur. [4]En þá þeir fóru um borgir
buðu þeir í þeim að varðveita þær setn-
ingar sem skikkaðar höfðu verið af

postulunum og prestum þeim sem til Jerúsalem voru. [5]Og so styrktust söfnuðirnir í trúnni og fjölguðust daglega að tölu.

[6]Og þá þeir gengu um Phrygiam og Galitíuríki var þeim forboðið af Heilögum Anda að tala Guðs orð í Asia. [7]En sem þeir komu til Mysian freistuðu þeir að ganga um Bythiniam og Andinn lofaði þeim það eigi. [8]En þá þeir gengu yfir um Mysian fóru þeir ofan til Troaden. [9]Og Páli var sjón sýnd um nóttina að maður nokkur af Macedonia stóð og bað hann og sagði: „Far þú í Macedoniam og hjálpa oss!“ [10]En sem hann hafði sjónina séð stunduðum vér strax að reisa í Macedonia, fullgjörðir í því það Drottinn kallaði oss þangað að prédika þeim guðsspjöll. [11]En þá vér reistum frá Troada komu vér á réttu skeiði til Samothracian og annars dags til Neapolin [12]og þaðan til Philippis hver að er hin æðsta og frelsishöfuðborg í Macedonia.

Og vær dvöldust í sömu borg nokkra daga. [13]Og á þvottdeginum gengu vér af borginni að því vatni hvar þeir plöguðu að biðjast fyrir, settum oss og töluðum til þeirra kvenna er þar komu til samans. [14]Og kona nokkur guðrækin, Lýdía að nafni, hver eð purpura seldi, verandi út af Thiatirisborg, heyrði til, hverrar hjarta Drottinn opnaði so að hún gætti að því hvað af Páli sagðist. [15]En sem hún og hennar hús var skírt beiddi hún oss og sagði: „Ef þér haldið mig trúaða vera í Drottni þá gangið inn í mitt hús og blífið þar.“ Og hún neyddi oss. [16]En það skeði þá vér gengum til bænar að stúlka nokkur sú er hafði sannsagnaranda hljóp í móti oss hver eð gjörði sínum lánadrottnum mikinn hagnað í sannsögli. [17]Þessi sama fylgdi Páli og oss alls staðar eftir, kallaði og sagði: „Þessir menn eru þjónar Guðs hins hæðsta, þeir eð boða yður hjálpræðisgötu!“ [18]Þetta gjörði hún um marga daga. En það gramdist Páli. Því snerist hann við og sagði til andans: „Eg býð þér í nafni Jesú Christi að þú farir út frá henni!“ Og hann fór út á samri stund.

[19]En er drottnar hennar sáu það að von sinnar ábatanar var úti gripu þeir Pál og Silam og leiddu þá á torg til höfðingjanna [20]og færðu þá fyrir yfirboðarana og sögðu: „Þessir menn gjöra styrjöld í borg vorri með því þeir eru Gyðingar [21]og boða þá venju er oss hæfir eigi með að taka né að gjöra með því vér erum rómverskir.“ [22]Og fólkið æstist upp í móti þeim og yfirboðararnir létu þá af fötunum færa og buðu að strýkja þá. [23]Og er þeir höfðu veitt þeim stóra húðstroku snöruðu þeir þeim í myrkvastofu og buðu myrkvastofuverðinum að geyma þá grandvarlega. [24]Og hann tók slíkt boð að sér og kastaði þeim í hið innsta varðhald og setti þeirra fætur í stokk.

[25]En um miðnætti báðust þeir fyrir, Páll og Sílas, og lofuðu Guð. Og þeir heyrðu til þeirra sem í varðhaldinu voru. [26]En jafnsnart varð mikill jarðskjálfti so að hrærðist allur grundvöllur myrkvastofunnar. Og jafnsnart opnuðust allar dyr og allra þeirra fjötrar uppleystust. [27]En sem myrkvastofuvörðurinn vaknaði og sá myrkvastofudyrnar opnar dró hann út sverð og vildi fyrirfara sér meinandi bandingjana burtflýða. [28]En Páll kallaði hárri röddu og sagði: „Gjör þér ekkert vont því að vér erum hér allir.“ [29]En hann heimti ljós, gekk inn og óttasleginn féll hann Páli og Sila til fóta, [30]leiðandi þá út og sagði: „Herra minn, hvað byrjar mér að gjöra so að eg verði sáluhólpinn?“ [31]En þeir sögðu: „Trú þú á Drottin Jesú Krist, so verður þú hólpinn og þitt hús.“ [32]Og þeir sögðu honum orð Drottins og öllum þeim er í hans húsi voru. [33]Hann tók þá að sér þá sömu stund nætur og þerrði benjar þeirra. Hann lét þá og skíra jafnsnart sjálfan sig og allt sitt hús. [34]Og þá leiddi hann þá í sitt hús, reisti upp borð fyrir þeim og hann

gladdist með öllu sínu húsi það hann var á Guð trúaður vorðinn.

[35]Og er dagaði sendu yfirboðararnir þénara staðarins þangað og sögðu: „Láttu þessa menn lausa.“ [36]En myrkvastofuvörðurinn kunngjörði þetta Páli að yfirboðararnir hefðu þangað sent „að þér skylduð lausir látast. Því gangið nú út og farið í friði.“ [37]En Páll sagði til þeirra: „Þeir hafa almennilega án dóms látið húðfletta oss, rómverska menn, og í myrkvastofu kastað og nú vilja þeir reka oss út heimuglegana? Eigi skal so heldur komi þeir sjálfir og reki oss út.“ [38]En þessi orð kunngjörðu staðarins þénarar yfirboðurunum. Og er þeir heyrðu það að það voru rómverskir menn óttuðust þeir, [39]komu síðan, beiddu þá og útleiddu og báðu að þeir færi burt úr borginni. [40]Þeir gengu þá af myrkvastofunni og komu til Lydia. Og er þeir höfðu bræðurna séð og hugsvalað þeim ferðuðust þeir burt.

17 En þá þeir fóru um Amphipolin og Appolloniam komu þeir til Tessalóníuborgar hvar eð var Gyðingasamkunda. [2]En Páll gekk inn eftir venju sinni til þeirra og sagði þeim um þrjá þvottdaga úr Ritningunum, [3]opnaði fyrir þeim og sannaði það Kristi byrjaði að líða og af dauða upp að rísa „og að þessi Jesús hvern eg boða yður,“ sagði hann, „sé sá Kristur.“ [4]Og nokkrir af þeim trúðu og samlöguðu sig Páli og Sila og mikill fjöldi guðlegra Grikkja, þar með hinar æðstu kvinnur eigi allfáar. [5]En þeir vantrúuðu Gyðingar fylldust vandlætingar og fengu með sér nokkra illþýðisalmúgamenn. Og er þeir höfðu dregið flokk saman gjörðu þeir upphlaup í borginni og æddu fyrir hús Jasonis og sóttu eftir að leiða þá fram fyrir alþýðufólkið. [6]En er þeir fundu þá eigi drógu þeir Jasonm og nokkra bræður til höfðingjanna borgarinnar og kölluðu: „Þeir eð villa alla jarðarkringlu eru hér komnir, [7]hverja Jason hýsir. Og þessir allir gjöra í móti keisarans boði, segjandi annan kóng vera sem er Jesús.“ [8]En þeir æstu upp lýðinn og höfðingja borgarinnar þá er þeir heyrðu þetta. [9]Og sem þeir höfðu fullt andsvar fengið af Jasoni og þeim öðrum létu þeir þá lausa.

[10]En bræðurnir létu Pál og Silam burt fara um nótt til Berrhoen. Og er þeir komu þar gengu þeir inn í Gyðinga samkundu. [11]En þeir voru hinir eðalbornustu meðal þeirra sem voru í Tessalonia hverjir orðið meðtóku af öllum hugarins tilbúnaði, rannsakandi daglegana Ritningarnar, hvort það væri so. [12]Og margir af þeim gjörðust trúaðir og einnin erlega kvinnur gírskar og eigi allfáir kallmenn. [13]Og er þeir fengu að vita þeir Gyðingar sem voru til Tessalonia að Guðs orð voru boðuð af Páli í Berrhoen komu þeir og þangað og æstu upp lýðinn. [14]En jafnsnart sendu bræðurnir Pál þá í burt það hann gengi allt út til sjávarins en Sílas og Tímóteus blifu þar eftir. [15]Og þeir eð leiddu Pál á veg fylgdu honum allt til Aþenu. Og sem þeir fengu þann bífalning af honum til Sila og Timotheo það þeir kæmi sem snarast til hans fóru þeir aftur. [16]En á meðan Páll beið þeirra til Athena gramdist hans andi með sjálfum honum er hann sá borgina so mjög hneigða til skúrgoðadýrkunar. [17]Af því hafði hann spurningar frammi við Gyðinga og guðrækna menn í samkundunni og alla daga á torgi til þeirra manna sem til hans komu. [18]En nokkrir Epicurei, Stoici, veraldlegir spekingar, þráttuðu við hann og sumir sögðu: „Hvað vill þessi orðsnápur til segja?“ En aðrir sögðu: „Það sýnist sem hann vilji nýrra guða boðari vera.“ Fyrir því hann hafði boðað þeim evangelium af Jesú og af upprisunni. [19]Og þeir gripu hann höndum og leiddu á dómflötinn segjandi: „Megu vær ekki fá að vita hver þessi nýja kenning er sem af þér segist? [20]Því

að nokkuð nýtt flytur þú fyrir vor eyru. Fyrir því vildu vér vita hvað það væri.“ [21]En allir Aþenuborgarmenn og so útlendingar og gestir stunduðu ekkert annað nema segja eður heyra nokkuð nýtt.

[22]En Páll sté upp á miðjan dómflötinn og sagði: „Þér menn Aþenuborgar! Eg sé það þér eruð í öllum hlutum nærsta hjátrúaðir. [23]Eg hefi gengið hér um og séð yðra skúrgoðadýrkan. Eg fann og altari á hverju upp var skrifað: ÞEIM ÓKUNNUGA GUÐI. Fyrir því boða eg yður þann sama hverjum þér óvitandi dýrkan gjörið. [24]Sá Guð sem gjörði heiminn og allt hvað í honum er, fyirr því að hann er Drottinn himins og jarðar. Eigi byggir hann í musterum þeim sem með höndum eru smíðuð **Esaias 66:1-2** [25]og eigi fágast hann í mannlegum höndum. Hann þarf og einskis við með því han gefur sjálfur öllum líf og andardrátt á allan hátt. [26]Hann gjörði og af einu blóði allt mannkyn þeir er byggja skyldi yfir allri augsýn jarðar og ályktaði forskikkaða tíma og takmörk þeirra byggingar hefur hann staðfest [27]so að þeir skyldu Guðs leita ef verða kynni að þeir mætti á honum þreifa og á honum finna og sannlega, hann er eigi langt frá einum sérhverjum vorra. [28]Því að fyrir hann lifum, hrærunst og erum vær. So sem nokkrir yðars landsdiktarar hafa sagt: Vér erum og hans slektis. [29]Nú með því vér erum Guðs slekti skulum vér eigi meina Guðdóminn líkan vera myndum af gulli og silfri eður steinum af mannafyndingum gjörðum. [30]Og að sönnu hefur Guð tíma þessarar óvisku líða látið en nú býður hann öllum mönnum hvar helst þeir eru að allir gjöri yfirbót. [31]Fyrir því hefur hann dag til sett á hverjum hann vill dæma alla heimskringluna með réttvísi fyrir einn mann, fyrir hvern hann hafði það og ályktað trú að veita öllum eftir það hann uppvakti hann af dauða.“ [32]En er þeir heyrðu af upprisu framliðinna hæddu sumir að því en sumir sögðu: „Vér skulum heyra þig aftur enn um þetta.“ [33]So gekk Páll út mitt á millum þeirra. [34]Og nokkrir menn héldu með honum og urðu trúaðir, meðal hverra var Díónýsíus, einn af ráðinu, og kona, Damaris að nafni, og fleiri aðrir með þeim.

18 Og eftir það gekk Páll burt af Aþenu og kom til Corinthio [2]og fann þar einn Gyðing, Aquilam að nafni, sá er nýlegana var kominn frá Ítalíu, og hans húsfrú Priscilla, af því að keisari Claudius hafði boðið öllum Gyðingum að fara af Róm. Til þess hins sama gekk hann inn. [3]Og með því að þeir voru eins handverksmenn bleif hann hjá þeim og erfiðaði. En þeirra handverk var tjaldvefnaður. [4]Og alla þvottdaga kenndi hann í samkunduhúsi og hafði fortölur fyrir Gyðingum og einnin líka fyrir Grikkjum. [5]En er Sílas og Tímóteus komu af Macedonia þrengdi andinn Páli til að vitna fyrir Gyðingum það Jesús væri Kristur. [6]En sem þeir mæltu í móti því og töluðu háðungarorð hristi hann sín föt og sagði til þeirra: „Yðvart blóð sé yfir yðar höfði, hreinn geng eg eftir þetta til heiðinna þjóða.“ [7]Og hann veik þaðan og gekk inn í hús nokkurs þess er Just var að nafni. Hann heiðraði Guð. Hans hús var og hið næsta samkundunni. [8]En Krispus, hver eð var foringi samkundunnar, trúði á Drottin með öllu sínu hyski. Og margir Korintíumenn þeir eð tilheyrðu urðu trúaðir og létu skíra sig.

[9]En Drottinn sagði fyrir sýn um nótt til Páls: „Óttast eigi heldur tala þú og þeg ekki [10]því að eg em með þér og enginn skal þér til leggja að þig megi skaða því að margt fólk er mitt í þessari borg.“ [11]En hann sat þar árið um kring og sex mánuði og kenndi þeim Guðs orð. [12]En er Gallio var landstjórnari í Achaia risu Gyðingar upp með einum

huga í móti Páli og leiddu hann fyrir dómstólinn [13]og sögðu: „Þessi ræður mönnum að dýrka Guð í móti lögmálinu.“ [14]En þá Páll bjó sig til að lúka upp munninn sagði Gallio til Gyðinga: „Júðar mínir, ef það væri um nokkur rangindi eður vansemd þá heyrði eg yður gjarnan. [15]En með því það eru spurningar af orðum og nöfnum yðars lögmáls megi þér sjálfir til sjá því að eg vil eigi þeirra dómari vera“ [16]og rak þá frá dómstólnum. [17]Þá gripu allir Grikkir Sostenem samkundunnar höfðingja og slógu hann fyrir dómstólinum. En Gallio gaf sér þar ekki að.

[18]Páll dvaldist þar sjálfur í marga daga. Síðan kvaddi hann bræðurnar og sigldi í Syriam og Priscilla og Aquila meður honum. Og hann rakaði höfuð sitt í Cencrea því að hann hafði heit á hendi. [19]Hann kom þá ofan til Epheso og þar skildi hann þau eftir en hann gekk sjálfur inn í samkunduna og þreytti spurningar við Gyðinga. [20]En þeir báðu hann að hann blifi þar enn lengra tíma hjá sér. En hann sinnti því eigi [21]heldur kvaddi hann þá og sagði: „Mér byrjar með öllu á þeirri hátíð sem tilstendur að vera til Jerúsalem. Heldur skal eg að Guðs vilja koma til yðar aftur.“ Og er hann leysti frá Epheso [22]kom hann til Cesarea, gekk upp og heilsaði safnðainum og fór ofan til Antiochia [23]og dvaldist þar nokkra stund, fór burt síðan og gekk hvað eftir öðru um Galiciuríki og Phrygiam, styrkjandi alla lærisveina. [24]En þar kom til Epheso Gyðingur nokkur, Apollo að nafni, fæddur í Alexandria, mælskumaður og máttugur í Ritningunum. [25]Þessi var formenntur í vegi Drottins og talaði með glóandi anda og tók að kenna allkappsamlega það hvað Drottins er, vitandi einasta af skírn Johannis. [26]Þessi tók trúlega að prédika í samkundunni. En er Aquila og Priscilla heyrðu honum tóku þau hann að sér og lögðu enn innilegar út fyrir honum veg Drottins. [27]Og þá hann vildi reisa í Achaiam skrifuðu bræðurnir og réðu lærisveinunum að þeir meðtaki hann. Og sem hann var þar kominn bætti hann um fyrir mörgum þeim er trúaðir voru orðnir fyrir náðina. [28]Því hann yfirvann Gyðinga allsköruglega, sýnandi þeim opinberlega fyrir Ritningarnar það Jesús væri Kristur.

19 Og það skeði er Apollo var til Corintho að Páll gekk þá um upplönd og kom til Ephesum og fann nokkra lærisveina [2]og sagði til þeirra: „Hafi þér nokkuð meðtekið Heilagan Anda síðan þér urðuð trúaðir?“ En þeir sögðu til hans: „Vær höfum enn eigi heyrt hvort að nokkur Heilagur Andi væri.“ [3]Hann sagði til þeirra: „Upp á hvað eru þér þá skírðir?“ En þeir sögðu: „Upp á skírn Johannis.“ [4]Páll sagði: „Jóhannes skírði að sönnu með iðranarskírn og sagði fyrir fólkinu að þeir skyldu trúa á þann sem eftir hann mundi koma, það er á Jesúm, það hann sé Kristur.“ [5]Sem þeir heyrðu það létu þeir skíra sig í nafni Drottins Jesú Christi. [6]Og er Páll hafði haft hendur yfir þeim kom Heilagur Andi yfir þá. Og þeir töluðu tungur og tóku að spá. [7]En þeir menn voru alls nær tólf.

[8]Hann gekk inn í samkunduhúsið og prédikaði í frelsi um þrjá mánuði, kenndi og þeim fortölur setti af Guðs ríki. [9]En þá þeir voru nokkrir sem harðfylldir voru og ei trúðu, talandi illt af vegi Drottins fyrir alþýðu, veik hann frá þeim og aðskildi lærisveinana, daglegana talandi í kennsluhúsi þess manns er Týrannus hét. [10]Og þetta gjörðist um tvö ár svo að þeir allir sem bjuggu í Asia heyrðu orð Drottins, bæði Gyðingar og Grikkir. [11]Og Guð gjörði eigi lítil kraftaverk fyrir hendur Páls [12]so að ef einnin sveitadúkar eður nærklæði af hans líkama bárust yfir sjúka það krankdæmi hurfu af þeim og illskuandar útfóru af þeim. [13]En nokkrir freistuðu út af umhleypings Júðum, sær-

ingamenn, að kalla á nafn Drottins Jesú yfir þeim sem illskuanda höfðu með sér og sögðu: „Vér særum yður fyrir Jesúm þann Páll prédikar.“ [14]En þessir voru sjö er þetta frömdu, synir þess Gyðings og prestahöfðingja er Skeva hét. [15]En illskuandinn svaraði og sagði: „Jesúm kenni eg og Pál veit eg en hverjir eru þér?“ [16]Og sá maður í hverjum illskuandinn var stökk upp á þá, varð þeim öflugri og varpaði þeim undir sig so að þeir flýðu naktir og sárir úr því sama húsi. [17]Þetta varð öllum kunnigt sem bjuggu í Epheso, bæði Gyðingum og Grikkjum. Og yfir þá alla sló ótta og nafn Drottins Jesú var næsta miklað.

[18]Þar komu og margir sem trúaðir voru vorðnir, viðurkenndu og kunngjörðu hvað þeir hefðu aðhafst [19]og margir af þeim sem forneskjulistir höfðu framið báru bækurnar saman og brenndu þær öllum hjáveröndum og samanreiknuðu þeirra verði, fundu þeir þess fjár fimmtigu þúsund peninga. [20]So öfluglega tók að vaxa orð Drottins og að eflast. [21]Nú sem þetta var útgjört setti Páll sér í anda að ferðast um Macedoniam og Achaiam og að ganga til Jerúsalem og sagði: „Því eftir það er eg hefi verið þar byrjar mér að sjá Roman.“ [22]Og hann sendi tvo af þeim er honum þjónuðu, Timotheum og Crastum, til Macedoniam. En hann bleif sjálfur um stundarsakir í Asia.

[23]En í þann tíma hófst eigi lítill upplástur af þessum vegi. [24]Því að nokkur gullsmiður sá Demetríus var að nafni, hver eð gjörði silfurhuldir Díanu, og það gjörði þeim embættismönnum eigi lítinn ábata, [25]hverja hann samankallaði sem þess háttar verkmenn voru og sagði: „Góðir menn, þér vitið að vér höfum mikinn gróða af þessu verklagi [26]og þér sjáið og heyrið eigi alleinasta í Epheso heldur og næsta um alla Asiam það þessi Páll umhverfir miklu fólki, teljandi fyrri því og segir að það sé öngvir guðir sem með höndum verða gjörðir. [27]En þetta hlutskipti kemur ei einasta oss til tjóns og voru verklagi til niðranar heldur mun musteri hinnar miklku gyðju Díanu einskis virt. Þar til mun hennar tign niðurbrotin verða hverja öll Asia og heimskringlan vegsamar.“

[28]Sem þeir heyrðu það fylltust þeir reiði, æptu upp og sögðu: „Hin mikla Díana í Epheso!“ [29]Og öll borgin fylltist af sneypan. Og þeir gjörðu með einu hugarfari áhlaup til sjónarflötsins, gripu þá Gaium og Aristarchum af Macedonia, förunauta Páls. [30]Páll vildi þá ganga inn að fólkinu og lærisveinarnir leyfðu honum það eigi. [31]Og nokkrir yfirmen úr Asia þeir eð Páls góðir vinir voru sendu til hans og báðu að hann gæri sig eigi fram á sjónarflötinn. [32]Sumir kölluðu so en aðrir annað því að alþýðan var vill vorðin og flestir vissu eigi af hverju efni þeir voru til samans komnir. [33]En sumir af fólkinu drógu fram Alexandrum þeim er Gyðingar fram ýttu. En Alexander benti sér til hljóðs, viljandi forsvara sig fyrir fólkinu. [34]Og er þeir formerktu það hann var Gyðingur hófst upp eitt kall af öllum, nær tveim stundum: „Hin mikla Díana í Epheso!“

[35]Og sem kanselereinn fékk stöðvað fólkið sagði hann: „Þér menn í Epheso! Hver er sá manna eð ei veit það borgin Ephesus sé dýrkunarinnar hinnar miklku gyðju Díanu og hennar líkneskju af himni ofanfallna af Jupiter? [36]Nú með því að þessu segir enginn í móti þá byrjar yður spökum að vera og ekkert af bráðræði að gjöra. [37]Þér hafið nú þessa menn hingað dregið sem hverki eru ræningjar kirkna né háðsmenn yðrar gyðju. [38]Þótt Demetríus og þeir embættismenn sem með honum eru hafi kærumál við nokkurn þá gjörist þar lög um og þar eru borgmeistarar. Klagist þeir innbyrðist fyrir þeim. [39]En ef þér leitið nokkuð eftir um aðra hluti þá látið það uppleysast á

annarri löglegri samkomu. [40]Því það er háskasamlegt að ef vér skulum sekir verða fyrir þessa dags upphlaup með því þó að engin sök er undir niðri hvaðan vér megum skjal af gefa þessa upphlaups.“ [41]Og er hann hafði þetta sagt sleit hann safnaðinum.

20 En eftir það er upphlaupinu linnti kallaði Páll lærisveinana til sín og bað þá vel lifa, ferðaðist síðan í Macedoniam. [2]En þá hann hafði þær sömu landsálfur yfirfarið og þeim áminning veitt með mörgum orðum kom hann til Grikklands [3]og tafði þar þrjá mánuði. En þá honum voru umsát gjörð af Gyðingum er hann vildi sigla í Syriam varð hann þess sinnis að snúa aftur um Macedoniam. [4]Og þessir fóru með honum allt til Asiam: Sópater af Berrohen, en af Tessalóníu Aristarkus og Sekúndus og Gajus af Derben og Tímóteus, en af Asia Tychion og Trophimas. [5]Þessir gengu undan og biðu vor í Troada [6]en vér sigldum eftir páskana af Philippis og komum til þeirra í Troade innan fimm daga og dvöldum þar í sjö daga.

[7]En einn þvottdaga þá lærisveinarnir voru til samans komnir brauð að brjóta talaði Pál við þá. Því annars dags vildi hann ferðast og teygði ræðuna allt til miðrar nætur. [8]Og í þeim sal voru mörg ljós sem vær vorum samankomnir. [9]Og nokkurt ungmenni, Eytichos að nafni, sat í vindauganu og sökk í djúpan svefn. Og með því að Páll talaði so lengi þá þyngdist hann því meir af svefni og hrapaði ofan úr hinum þriðja loftsal og var dauður upptekinn. [10]En er Páll gekk ofan að lagði hann sig fram yfir hann og hélt um hann og sagði: „Gjörið öngvan hávaða því að hans líf er með honum.“ [11]Hann gekk þá upp aftur, braut brauðið og bergði og talaði margt við þá allt til þess dagur rann. Og so ferðaðist hann. [12]En þeir leiddu sveininn upp lifanda og þeir hugsvöluðust við það eigi alllítt. [13]En vér stigum á skip og sigldum til Asson. Þar vildu vér hafa tekið inn Pál því hann hafði so ásett það hann vildi yfir land fara. [14]En sem hann kom til Asson tóku vær hann til vor og komum til Mytilen. [15]Þaðan sigldu vér og komum annars dags gegnt Chion. Og deginum eftir tóku vær höfn við Samon og dvöldum í Trogilion. Og næsta daginn eftir komu vær til Mileto. [16]Því að Páll hafði sett sér að sigla fram hjá epheso so að hann hefði öngva dvöl í Asia. Af því flýtti hann sér ef honum væri það mögulegt að vera á hvítasunnu til Jerúsalem.

[17]Í frá Mileto sendi hann til Epheso og lét kalla hina elstu presta af safnaðinum. [18]Og sem þeir komu til hans sagði hann til þeirra: „Þér vitið að í frá þeim fyrsta degi er eg kom í Asiam hversu eg hefi um alla tíma hjá yður verið [19]og Drottni þjónað með öllu hugarins lítillæti og með miklu tárfelli og freistingum, hverjar mér hafa hlotnast af umsátum Gyðinga, [20]og það ekkert undandregið sem yður var bati, so eg hafi það eigi kunngjört yður opinberlegana í ýmsum húsum [21]og vitnað bæði Gyðingum og Grikkjum iðran til Guðs og trúna á Drottin vorn Jesúm Krist.

[22]Og nú sjáið, það eg em bundinn í anda að ferðast til Jerúsalem vitandi eigi hvað þar mun yfir mig koma [23]nema það eð Heilagur Andi vitnar um allar borgir, segjandi að fjötur og harmkvæli munu mín þar verða. [24]En eg gef því öngva vakt. Eg held og eigi sjálfs míns líf dýrmætt so að eg fullkomni mitt hlaup með fagnaði og það embætti sem eg hefi meðtekið af Drottni Jesú til vitnisburðar evangelio Guðs náðar.

[25]Og sjáið, að nú veit eg að þér munuð allir eigi sjá mitt andlit meir, hverja eg hefi um gengið og prédikað Guðs ríki. [26]Fyrir því vitna eg yður á þessum degi það eg em hreinn af allra blóði. [27]Því að eg hefi ekkert undan dregið það eg hafi eigi kunngjört yður allt Guðs ráð. [28]Af

því hafi gát á sjálfum yður og á allri hjörðinni, meðal þeirra sem yður setti Heilagur Andi til biskupa, að stjórna safnan Guðs, hverja hann hefur endurleyst sínu eigin blóði. 29Því að það veit eg að eftir mína burtför munu innganga meðal yðar ólmir vargar þeir eð eigi munu þyrma hjörðinni. 30Og af yður sjálfum munu menn upprísa er tala umhverfar kenningar að þeir teygi lærisveinana eftir sér. 31Fyrir því vaki þér og minnist á það að eg hefi í þrjú ár nótt og dag eigi aflátið að áminna einn og sérhvern yðvarn meður tárum.

32Og nú, bræður, bífala eg yður Guði og orði hans náðar, hver máttugur er upp að byggja og yður arftöku að gefa meðal allra þeirra sem helgaðir verða. 33Eigi girnist eg nokkurs yðars silfur, gull eður klæðnað 34því að þér vitið sjálfir að þessar hendur hafa mér unnið til minnar nauðþurftar og þeirra sem með mér voru. 35Allt sýnda eg yður að so byrjaði oss að erfiða og bannfæra að annast og minnast orða Drottins Jesú þar hann sagði: „Sælla er að gefa en að þiggja.“ 36Og er hann hafði þetta sagt féll hann á kné og bað samt þeim öllum. 37En þeirra á milli gjörðist grátur mikill og lögðu hendur um háls Páli og kysstu hann, 38syrgjandi mest af því orði er hann sagði að þeir myndi ei sjá hans andlit meir. Og þeir fylgdu honum til skips.

21 Sem það var skeð að vér leystum og hurfum frá þeim komu vér beinleiðis til Co og annars dags til Rodis og þaðan til Patara. 2Og þar fundu vér skip það er fara átti til Phenicen, stigum þar á og sigldum þangað. 3En sem vér fengum að sjá Cypriam létum vér það vinstri handar og sigldum í Syriam og komum að Tyro því þar átti skipið að leggja upp farmenn. 4Og sem vér fundum lærisveinana blifu vær þar í sjö daga, hverjir Páli sögðu fyrir Andagift það hann skyldi eigi fara upp til Jerúsalem. 5Og það skeði sem þeir dagar voru liðnir fórum vær og gengum af stað. Og þeir allir, með húsfreyjum sínum og börnum, fylgdu oss á veg út fyrir borgina og féllum á hné í fjörunni og báðumst fyrir. 6Og er vær höfðum kvatt hver annan stigu vér á skip en hinir sneru aftur til sinna heimkynna.

7Og er vér höfðum lyktað vora sigling fyrir Tyro komu vær ofan til Ptolomaida og heilsuðum bræðrunum og vorum þar einn dag hjá þeim. 8En annars dags fóru vær í burt þeir eð með Páli voru og komum til Cesarea og gengum inn í hús Philippi guðsspjallara hver eð var einn af sjö og blifum hjá honum. 9Hann átti fjórar dætur þær meyjar voru og spáðu fyrir. 10Og sem vér dvöldunst þar nokkra daga kemur spámaður sá af Judea er Agabus var að nafni. 11Og þá hann kom til vor tók hann linda Páls og batt hendur sínar og fætur og sagði: „Þetta segir Heilagur Andi: Þann mann hvers eð þessi lindi er munu Gyðingar so binda í Jerúsalem og selja hann í heiðingjanna hendur.“

12En sem vér heyrðum það báðu vér hann og þeir aðrir sem í þeim stað voru það hann færi eigi upp til Jerúsalem. 13En Páll svaraði þá og sagði: „Hvað gjöri þér er þér grátið og hrellið mitt hjarta? Því eg em eigi reiðubúinn til að láta mig binda heldur að deyja í Jerúsalem fyrir sakir nafns Drottins Jesú.“ 14Og með því vér gátum ei talað um fyrir honum þögnuðu vær og sögðum: „Verði vilji Drottins.“ 15Og eftir þá daga fórum vær út, gengum upp til Jerúsalem. 16Þangað komu og nokkrir lærisveinar meður oss af Cesarea, hafandi þann nokkurn gamlan lærisvein meður sér af Cypria, Mnasonem að nafni, hjá hverjum vér herbergi tókum. 17Og þá vér komum til Jerúsalem tóku bræðurnir feginsamlega við oss. 18En annars dags gekk Páll inn meður oss til Jacobum. Allir öldungar komu þar og saman. 19Og sem hann hafði heilsað

þeim skýrði hann þeim frá hvað eftir annað það Guð hafði gjört á meðal heiðinna þjóða fyrir hans þjónkan.

[20]Þá þeir höfðu það heyrt vegsömuðu þeir Guð og sögðu til hans: „Bróðir, þú sér hve mörg þúsund Gyðingar að þeir eru sem trúaðir hafa vorðið. En þeir allir eru þó vandlætingarmenn lögmálsins. [21]Og þeir hafa heyrt sagt eftir þér það þú kenndir þeim Gyðingum öllum sem meðal heiðinna þjóða eru að snúa frá Moyse, segjandi þeir skyldu eigi umskera sonu sína og eigi eftir þeirri siðvenju ganga. [22]Hvað um það er byrjar safnaðinum allra helst til samans að koma því að þeir munu fá að heyra það þú ert kominn. [23]Því gjör nú það hvað vér segjum þér.

Vér höfum hér fjóra menn, hverjir heit hafa fest yfir sér. [24]Þá sömu tak að þér og hreinsa þig meður þeim og kosta þá að þeir raki sitt höfuð so að allir viti að það hvað þeir hafa heyrt um þig sé ósannindi heldur það þú gangir sjálfur og varðveitir lögmálið. [25]Því þeim sem trúaðir höfðu gjörst af heiðingjum skrifuðum vér og úrskurðuðum að þeir skyldu ekkert þess konar halda nema það þeir vöruðu sig við skúrgoðadýrkan og blóð, köfnuðu og frillulifnaði.“ [26]Þá tók Páll þá menn að sér og lét annars dags hreinsa sig meður þeim og gekk inn í musterið og tjáði sig að halda uppfylling hreinsanardaganna þar til að hver einn þeirra offraði fyrir sig sinni fórn.[27]En sem þeir sjö dagar voru liðnir sáu hann þeir Gyðingar í musterinu er voru úr Asia og æstu upp allan lýðinn, lögðu hendur á hann [28]og kölluðu: „Þér Ísraelsmenn, hjálpið til! Þessi er sá maður sem alls staðar kennir öllum mönnum í gegn þessu fólki og lögmáli og so í mót þessum stað. Þar ofan á hefur hann innleitt heiðna menn í musterið og saurgað so þennan heilaga stað!“ [29]Því að þeir höfðu séð Trophimum af Epheso með honum í borginni. Þann meinuðu þeir að Páll hefði í musterið innleitt. [30]Og öll borgin ókyrrðist og áhlaup varð af fólkinu. Og þeir tóku Pál höndum og drógu út af musterinu og jafnsnart urðu dyrnar aftur læstar.

[31]Sem þeir leituðu við að lífláta hann kom sú fregn upp fyrir yfirhöfðingjann herliðsins það öll Jerúsalem væri uppvægð. [32]Hann tók stríðsveinana og hershöfðingjana til sín og hljóp burt í milli þeirra. En sem þeir sáu hershöfðingjann og stríðsfólkið gáfu þeir upp að berja á Páli. [33]En hershöfðinginn gekk þar að og tók hann að sér og bauð að binda hann tveimur járnviðjum og spurði að hver hann væri og hvað hann hefði gjört. [34]En sitt kallaði hver af fólkinu. Og með því hann fékk ekki víst að vita fyrir upphlaupinu bauð hann að leiða hann í kastalann. [35]Og sem þeir komu að tröppunni hlutu stríðsmennirnir að bera hann fyrir aðsúg fólksins [36]því að mikill fólksfjöldi fylgdi eftir og kölluðu: „Afskaf þú þennan!“ [37]Og sem Páll varð innleiddur í kastalann sagði hann til hershöfðingjans: „Leyfist mér ekki að tala við þig?“ En hann sagði: „Kanntu gírsku? [38]Ertu eigi sá hinn egypski maður sem fyrir þessum dögum styrjöld uppvaktir og dróst út á eyðimörk fjórar þúsundir morðvarga?“ [39]En Páll sagði: „Eg er að sönnu maður Gyðingakyns af Tarsen, einn borgari út af nafnfrægri borg í Cilicia. Eg bið þig, lofa mér að tala til fólksins.“ [40]Og er hann lofaði honum sté Páll upp á tröppurnar og bandaði hendinni til lýðsins. Og er mikil þögn gjörðist talaði hann til þeirra á ebreska tungu og sagði:

22 „Þér menn, góðir bræður og feður, heyrið nú mitt forsvar til yðar.“ [2]En sem þeir heyrðu hann tala ebreska tungu til þeirra gjörðust þeir enn hljóðari. Og hann sagði: [3]„Eg em maður Gyðingakyns, fæddur út í Tarsen í Cilicia en uppalinn í þessari borg

til fóta Gamalielis og af öllu kostgæfi lærður í föðurlegu lögmáli og var laganna vandlætari líka sem þér eruð allir enn í dag. [4]Eg hefi og þennan veg ofsótt allt til dauða. Eg batt og í varðhöld seldi bæði menn og konur [5]so sem kennimannahöfðinginn og allir öldungar bera mér vitni um, af hverjum eg meðtók bréf til bræðranna og fór til Damasco það eg drægi þá bundna til Jerúsalem sem þar voru so að þeir mætti píndir verða.

[6]En það skeði þá eg þangað fór og tók nálgast Damascum nær miðjum degi að leiftraði um mig skyndilega ljós mikið af himni [7]og eg féll til jarðar og heyrði rödd þá er til mín sagði: „Saul, Saul, hvar til ofsækir þú mig?“ [8]En eg svaraði: Hver ertu, Drottinn? Og hann sagði til mín: „Eg em Jesús af Naðsaret, hvern þú ofsækir.“ [9]Og þeir sem með mér voru sáu að sönnu ljósið og urðu felmsfullir en röddina þá er við mig talaði heyrðu þeir ei. [10]En eg sagða: Drottinn, hvað skal eg gjöra? Drottinn sagði til mín: „Statt upp og gakk í Damascum. Þar mun þér sagt verða af öllu hvað þér tilskikkað er að gjöra.“ [11]En sem eg gat ei séð fyrir ljósins bjartleik varð eg handleiddur af mínum förunautum og kom til Damascum. [12]En þar var guðhræddur mann eftir lögmálinu, Ananías, sá góðan orðstír hafði af öllum Gyðingum er þar bjuggu. [13]Hann kom til mín, gekk að mér og sagði: Saul, bróðir, líttu upp. Og eg leit til hans á samri stund. [14]Hann sagði þá: Guð feðra vorra hefur skikkað þig til að þú skyldir viðurkenna hans vilja og áttir að sjá Þann Réttláta og heyra rödd af hans munni. [15]Því að þú munt hans vottur verða til allra manna þeirra hluta sem þú hefur séð og heyrt. [16]Og hvað tefur þig nú? Rís upp og lát skíra þig og afþvo so þínar syndir og ákalla þú nafn Drottins. [17]Það skeði og þá eg kom aftur til Jerúsalem er eg var á bæn í musterinu að eg varð numinn frá mér [18]og eg sá hann. Þá sagði hann til mín: „Skunda þig og far burt af Jerúsalem því að þeir meðtaka eigi þinn vitnisburð um mig.“ [19]En eg sagða: Drottinn, þeir vita sjálfir það eg dró í myrkvastofu og lét lemja í ýmsum samkunduhúsum þá sem á þig trúðu. [20]Og þá er blóð Stefáns þíns vottar úthelltist stóð eg þar hjá og var samsinnandi hans dauða og eg geymda þeirra föt sem hann í hel slógu. [21]Og hann sagði til mín: „Far héðan því að eg vil senda þig langt í burt meðal heiðinna þjóða.“

[22]En þeir heyrðu honum allt að því orði, hófu upp raddirnar og sögðu: „Afmá þess háttar mann af jörðu því að honum er eigi leyfilegt að lifa!“ [23]En sem þeir kölluðu vörpuðu þeir af sér klæðunum og fleygðu moldu í loft upp. [24]Yfirhöfðinginn bauð þá að hann skyldi leiðast inn í kastalann og skipaði þeim að forheyra hann og húðstrýkja so hann fengi að vita fyrir hverja sök að þeir kölluðu so yfir honum. [25]Og er hann reyrði hann að með taugum sagði Páll til undirhöfðingjans er stóð nær honum hvort þeim væri það leyfilegt að húðstrýkja rómverskn mann ódæmdan. [26]Og er undirhöfðinginn heyrði það gekk hann til yfirhöfðingjans og undirvísaði honum það og sagði: „Hvað viltu til gjöra? Þessi maður er rómverskur.“ [27]Þá kom yfirhöfðinginn þangað og sagði til hans: „Seg mér ef þú ert rómverskur?“ En hann sagði: „Já.“ [28]Undirhöfðinginn svaraði: „Þennan borgarrétt hlaut eg ærnu fé að kaupa.“ Páll sagði: „Eg em rómverskur fæddur.“ [29]Jafnskjótt gengu þeir frá honum sem hann skyldu hafa forheyrt og yfirhöfðinginn óttaðist eð hann fornam það hann var rómverskur að hann hafði látið binda hann.

[30]Annan dag eftir vildi hann greinilegar vita fyrir hverja sök hann klagaðist af Gyðingum og leysti hann úr böndum og bauð kennimannahöfðingjum og öllu þeirra ráði samankoma og

leiddi síðan Pál fram og setti hann hjá þeim.

23 En Páll horfði á ráðið og sagði:
„Þér menn og bræður, eg hefi
af allri góðri samvisku gengið fyrir
Guði allt til þessa dags.“ [2]En Ananías
kennimannahöfðingi skipaði þeim er
hjá honum stóðu að ljósta á hans
munn. [3]Þá sagði Páll til hans: „Guð mun
slá þig, þú hvítfágaði veggur! Situr þú
og dæmir mig eftir lögmálinu og býður
að slá mig í móti lögunum!“ [4]En þeir
sem hjá stóðu sögðu: „Bölvar þú æðsta
kennimanni Guðs?“ [5]Páll sagði: „Eg
vissa ei, bræður, það hann var kenni-
mannahöfðingi. Því að skrifað er: Að
höfðingja þíns lýðs skaltu eigi böls
biðja.“ **Exódus 22:28**

[6]Sem Páll vissi að þar voru af einni
álfu Saducei og af annarri Pharisei kall-
aði hann upp fyrir ráðinu: „Þér menn
og bræður, eg em einn Phariseus og
sonur eins farísea. Eg dæmust fyrir
von og upprisu framliðinna.“ [7]Og er
hann sagði þetta gjörðist sundurþykkja
í milli Phariseos og Saduceos og sá sel-
skapur skildi sig að. [8]Því að Saducei
segja upprisu framliðinna eigi vera, ei
engil né anda en Pharisei viðurkenndu
hvorttveggja. [9]En þá gjörðist hávaði
mikill og hinir ritklóku af farísea
liði risu upp og stóðu í móti og sögðu:
„Vér finnum ekkert vondslegt á þess-
um manni. Þó að andi eður engill hafi
við hann talað þá kunnum vér eigi að
stríða í móti Guði.“ [10]En sem mikil mis-
greining varð uggaði yfirhöfðingjann
að þeir mundu slíta Pál frá þeim og
skipaði stríðsfólkinu ofan að fara að
grípa hann mitt í burt frá þeim og leiða
í kastalann. [11]En nærstu nótt eftir stóð
Drottinn hjá honum og sagði: „Páll,
vertu með góðu geði. Því að líka sem þú
hefur vitnað af mér í Jerúsalem so hlýt-
ur þú og að vitna af mér í Róm.“ [12]En er
dagur kom samantóku sig nokkrir
Gyðingar og strengdu það heit að eta
hverki né drekka þar til þeir hefðu Páli í
hel komið. [13]En þeir voru fleiri en
fjörutigi manna sem þetta samtak
höfðu gjört. [14]Þeir gengu til kenni-
mannahöfðingjans og öldunganna og
sögðu: „Vér höfum heitstrenging
strengda að bergja einskis þar til vér
höfum Pál af lífi tekið. [15]Því undirvísa
nú höfðingjanum og ráðinu það hann
láti leiða hann á morgin til yðar líka
sem þér vilduð nokkurs sannara vísir
verða af honum. En vér erum áður en
hann nálægist yður reiðubúnir að slá
hann í hel.“

[16]Og er systursonur Páls heyrði það
svikræði kom hann og gekk inn í kast-
alann og undirvísaði það Páli. [17]En Páll
kallaði til sín einn af undirhöfðingjum
og sagði: „Leið þú þennan pilt til yfir-
höfðingjans því að hann hefur nokkuð
að kunngjöra honum.“ [18]Og hann tók
hann að sönnu að sér og leiddi hann til
yfirhöfðingjans, segjandi: „Hinn bundni
Páll kallaði mig til sín og bað mig að
hafa þennan pilt til þín, hann hefði að
segja þér nokkuð.“

[19]Yfirhöfðinginn tók hann þá í hönd
og veik honum út af, spurði hann að:
„hvað er það þú hefur að segja?“ [20]En
hann sagði: „Gyðingar hafa samblásið
að biðja þig það þú hafir á morgin Pál
fyrir ráðið so sem þeir vilji nokkuð
sannara af honum fregna. [21]En trú þú
þeim eigi því meir en fjörutigu manna
veita honum umsát, þeir eð heitstrengt
hafa sér hverki eta né drekka þar til
þeir gæti honum í hel komið. Og nú eru
þeir reiðubúnir, bíðandi eftir þinni fyr-
irsögn.“ [22]Þá lét yfirhöfðinginn ung-
mennið í burt frá sér fara og bauð hon-
um að hann segði það öngum að hann
hefði honum kunngjört þetta [23]og kall-
aði tvo undirhöfðingja til sín og sagði:
„Búið til tvö hundruð fótgönguliðs að
þeir gangi til Cesaream og sjötigi
riddara og tvö hundruð spjótmanna
um þriðju stund nætur [24]og reiðið til
þann fararskjóta sem Páll skal á sitja og

færið hann vel forvaraðan til Felicem
landstjórnara“ [25]og skrifaði bréf þessar-
ar meiningar:
[26]„Claudius Lysias heilsar hinum vold-
ugasta landstjórnara Felix. [27]Þennan
mann höfðu Gyðingar höndum tekið
og vildu hann í hel hafa slegið. En eg
kom þá að með stríðsfólkinu og sleit
hann af þeim. Og er eg formerkti það
hann var rómverskur [28]þá vildi eg vita
fyrir hverja sök þeir áklöguðu hann og
lét eg leiða hann fram í þeirra ráð. [29]En
eg fann þá að hann klagaðist um spurn-
ingar þeirra lögmáls og öngva sak hafði
þá dauða væri verð eður banda. [30]Og þá
mér voru undirvísuð þeirra svikræði er
Gyðingar höfðu honum fyrirbúið sendi
eg hann strax til þín bjóðandi hans
áklögurunum að hvað þeir hefði í móti
honum það mætti þeir segja fyrir þér.
Far vel.“
[31]En stríðsmennirnir eftir því sem
þeim var boðið tóku Pál að sér og
færðu hann um nóttina í Antipadrien.
[32]En annars dags létu þeir riddaraliðið
með honum fara og sneru síðan aftur
til kastalans. [33]En sem þeir komu til
Cesarea fengu þeir landstjórnaranum
bréfið og skikkuðu Pál fyrir hann. [34]En
er landstjórnarinn las bréfið spurði
hann að út af hverju landi hann væri.
Og er hann fornam það hann var úr Cil-
icia [35]sagði hann: „Eg skal forheyra þig
nær þínir ákærendur koma.“ Og hann
bauð að varðveita hann í dómhúsi Her-
odis.

24 En eftir fimm daga fór Ananías
kennimannahöfðingi og
öldungarnir ofan og meður þeim Ter-
túllus mælskumaður, hverjir sig tjáðu
fyrir landsdómaranum í gegn Páli. [2]En
að Páli fyrirkölluðum tók Tertúllus til
að áklaga hann og sagði: „Af því vér lif-
um í miklum friði undir þér og margar
sæmdir veitast þessu fólki fyrir þína
framsýni, [3]ágæatasti Felix, hvað vér
jafnan og í hvern stað til vor kjósum
með allri þakkargjörð. [4]En að eg dragi
það eigi langsamlega fyrir þér bið eg
þig fyrir þína manndyggð að þú heyrir
oss fáein orð. [5]Þennan mann höfum vér
fundið skaðlegan þann sundurþykki
uppæsir meðal allra Gyðinga um allan
heim og foringja hins naðverska villu-
dóms. [6]Hann hefur og einnin viðurleit-
ast að saurga musterið, hvern vér grip-
um og vildum hafa dæmt hann eftir
lögum vorum [7]en Lysias yfirhöfðingi
kom þar fram og greip hann með miklu
ofurefli úr vorum höndum, [8]bjóðandi
hans áklögurum til þín að koma. Af
hverjum þú mátt kenna ef sjálfur vilt
eftirgrennslast alla þá hluti um hverja
vér áklögum hann.“ [9]Þá lögðu Gyðingar
til og sögðu það so vera.
[10]En Páll (þá er landstjórnarinn bauð
honum að tala) svaraði: „Með því að eg
veit þig nú um mörg ár dómara verið
hafa þessarar þjóðar vil eg sjálfur með
óskelfdu hugarfari mína sök forsvara.
[11]Því að þú mátt vita að það eru eigi
meir en tólf dagar það eg kom aftur
upp til Jerúsalem að biðjast fyrir. [12]Og
eigi hafa þeir fundið mig tala við
nokkurn í musterinu eður gjörandi
nokkurt upphlaup með fólkinu, hvorki
í borgum né samkunduhúsum, [13]og eigi
geta þeir þetta sannað um hvað þeir
kæra mig.
[14]En það játa eg þér að eg þjóna (eftir
þeim vegi hvern þeir kalla villudóm) so
Guði minna feðra að eg trúi öllu því
hvað í lögmálinu skrifað er og spá-
mönnunum, [15]hafandi þá von til Guðs
hverrar þeir sjálfir vænta, einkum upp-
risu framliðinna, bæði réttlátra og
ranglátra. [16]En í þessu sama iðka eg
sjálfan mig jafnan að hafa hindranar-
lausa samvisku bæði við Guð og menn.
[17]En mörgum árum eftir kom eg og
færða mínu fólki ölmusugjafir og offur.
[18]Þar með fundu þeir mig að eg lét mig
hreinsa í musterinu, eigi með hávaða
né nokkru upphlaupi. [19]En þar voru
nokkrir Gyðingar úr Asia hverjir hér

ættu að vera fyrir þér og áklaga mig ef
þeir hefði eitthvað mér í móti. [20]Elligar
lát þessa sjálfa segja hvort þeir hafa
nokkurt rangferðugt á mér fundið á
meðan eg stend hér fyrir ráðinu,
[21]nema alleinasta fyrir þessa eins orðs
sakir þá er eg stóð þeirra í milli og kall-
aði: Um upprisu framliðinna verð eg í
dag af yður áklagaður.“
[22]Og er Felix heyrði þetta teygði hann
fyrir þeim því að hann vissi grannt af
þessum vegi og sagði: „Nær Lysias yfir-
höfðingi kemur ofan þá vil eg forheyra
yðar málefni.“ [23]En hann skipaði undir-
höfðingjanum að forvara Pál og láta
hann hafa hvíld og fyrirbjóða ei nein-
um af hans að þjóna honum eður til
hans að koma.
[24]Nokkrum dögum þar eftir kom Felix
með húsfreyju sinni Drusilla hver eð
var Gyðingakyns. Þau kölluðu á Pál og
heyrðu af honum um trúna sem er á
Christum. [25]En þá Páll talaði um réttvísi
og hreinlífi og af eftirkomanda dómi
skelfdist Felix og ansaði: „Gakk héðan
að sinni. Nær eg hefi tómstund til mun
eg þig kalla láta.“ [26]En hann vænti jafn-
frammi það honum mundi peningar
gefast af Páli so að hann léti hann
lausan. Fyrir því lét hann oftsinnis kalla
á hann og átti tal við hann. [27]En að liðn-
um tveimur árum kom Portíus Festus í
Felix stað. Felix vildi þá sýna Gyðingum
velsemd og lét þá Pál bundinn eftir sig.

25 Þá Festus var nú í land kominn
fór hann þrim dögum eftir af
Cesarea upp til Jerúsalem. [2]En fyrir
honum tjáðu sig þá kennimannahöfð-
ingjar og formenn Gyðinga í mót Páli,
báðu hann [3]og beiddu um liðveislu í
móti honum að hann léti kalla hann til
Jerúsalem, rekjandi svo sín umsát að
þeir gæti honum í hel komið á vegin-
um. [4]Þá svaraði Festus að Páll yrði að
sönnu varðveittur í Cesarea en hann
mundi þó innan skamms fara þangað
aftur. [5]„Því þeir sem yðar á milli“ sagði
hann „hafa mátt til, fari þeir líka ofan
og áklagi þann mann ef nokkur
vansemd finnst með honum.“
[6]En er hann hafði hjá þeim verið enn
tíu daga fór hann ofan til Cesaream. Og
annars dags eftir setti hann sig á dóm-
stólinn og skipaði Paulum fram að
leiða. [7]Og sem hann var framleiddur
gengu þeir Gyðingar kringum hann er
komnir voru ofan frá Jerúsalem ber-
andi fram margar og þungar sakagiftir í
gegn Páli hverjar þeir gátu þó eigi sann-
að [8]af því að Páll svaraði so fyrir sig það
hann hefði ekkert forbrotið, hvorki í
mót Gyðingalögum né musterinu og
eigi heldur við keisarann.
[9]Festus vildi þá sýna Gyðingum lið-
veislu, svaraði Páli og sagði: „Viltu fara
upp til Jerúsalem og dæmast þar af mér
um þetta?“ [10]En Páll sagði: „Eg stend
fyrir keisarans dómstól. Þar byrjar mér
að dæmast. Því Gyðingum hef eg öngva
vansemd gjörva so sem þú sjálfur betur
veist. [11]En hafi eg nokkrum mein gjört
eða nokkuð það aðhafst sem dauða sé
vert þá mæli eg eigi í móti dauða að
þola. En ef ekkert finnst þeirra af
hverju þeir ákæra mig þá má enginn
mig þeim í hendur selja því eg skýt mér
fyrir keisarann.“ [12]Festus ráðgaðist þá
um við ráðið og svaraði: „Fyrir keisar-
anum hefur þú þér skotið, til keisarans
skaltu og fara.“
[13]En er nokkrir dagar voru liðnir fóru
þau Agrippa konungur og Bernica ofan
til Cesarea að segja Festum velkominn.
[14]Og er þau höfðu þar marga daga verið
skýrði Festus konunginum frá sakar-
giftum Páls og sagði: „Nokkur mann er
hér í fjötrum af Felix eftirlátinn [15]hvers
vegna að prestahöfðingjar og öldungar
Gyðinga komu fyrir mig þá eg var til
Jerúsalem og báðu að refsing skyldi á
hann ganga, [16]hverjum eg svaraði að
það væri eigi háttur Rómverja að nokk-
ur maður væri til refsingar seldur fyrr
en sá sem klagaðist hefði sína
áklagendur nálæga og fái þar með tóm

til sig undan að færa þeim lýtum sem honum verða tillögð. [17]En þá þeir komu hér til samans setta eg mig annars dags (án nokkrar dvalar) á dómstólinn og skipaði þann mann fram að leiða [18]á hvern þá áklagararnir komu til báru þeir öngva þá sök fram um þessa hluti hverja eg meinaði [19]heldur höfðu þeir nokkrar spurningar í móti honum um þeirra hjátrú og af nokkrum framliðnum Jesú hvern Páll vottar lifa. [20]En eg er undirstóð ei þess háttar spurningar sagði eg hvort hann vildi fara upp til Jerúsalem og dæmast þar um þetta. [21]En þá Páll apelleraði að hann geymdist til keisarans rannsaks bauð eg að varðveita hann þar til eg senda hann til keisarans.“

[22]Þá sagði Agrippa til Festo: „Eg vilda og fá að heyra þennan mann.“ Hann sagði: „Á morgin skaltu hann heyra.“ [23]En annars dags þá Agrippa og Bernice komu með miklu skrauti og gengu inn í ráðhúsið með yfirhöfðingjum og höfuðsmönnum borgarinnar. Og er Festus skipaði var Páll framleiddur. [24]Festus sagði: „Agrippa konungur og þér allir góðir menn sem hér eru meður oss, þar sjái þér þann mann af hverjum allar Gyðingasveitir hafa til mín sagt, bæði til Jerúsalem og so hér, og segja það honum byrjar ei lengur að lifa. [25]En þá eg fornam það hann hafði ekkert gjört það dauða væri vert með því að hann sjálfur skaut sér undir keisarann þá hefi eg einsett mér að senda hann þangað, [26]um hvern eg hefi ekkert sannarlegt það eg megi herranum til skrifa. Fyrir því hefi eg og látið leiða hann hér fram fyrir yður og einnamest fyrir yður, Agrippa konungur, so að eg eftir umliðna forheyrslu mætti það fá hvað eg skrifa skyldi. [27]Því það sýnist mér óvitmannlegt að senda nokkurn bandingja og teikna ei upp á hverjar sakir eru til hans kærðar.“

26 En Agrippa sagði til Páls: „Þér leyfist sjálfum að tala fyrir þig.“ Þá svaraði Páll og rétti fram höndina: [2]„Sæll þykjunst eg þess, Agrippa konungur, að eg nái í dag að forsvara mig fyrir þér af því öllu sem eg áklagast af Gyðingum [3]mest það þú veist allar venjur og spurningar Gyðinga. Fyrir því bið eg þig að þú vildir þolinmóðlega heyra mig.

[4]Að sönnu mín ævi í frá barnæsku, hver verið hefur þegar í uppruna hjá þessari þjóð í Jerúsalem, vita allir Gyðingar [5]þeir mig þekktu forðum í uppvexti ef þeir vildu þar vitni um bera. Því að eg lifða eftir hinni hörðustu siðvenju vorrar guðsdýrkunar, einn faríseari. [6]Nú stend eg og verð áklagaður um þá von fyrirheitsins þess skeð er af Guði til feðra vorra, [7]til þess vorar tólf kynkvíslir vona sér að koma með stöðugri Guðs þjónkan nótt sem dag. Vegna þeirrar vonar, herra konungur, þá áklagast eg af Gyðingum. [8]Fyrir hvað mun það ótrúanlegt dæmast mega það Guð geti framliðna menn uppvakið?

[9]Eg meinaði að sönnu með sjálfum mér það eg mætta mikið í móti gjöra nafni Jesú af Naðsaret, [10]hvað eg og gjörða til Jerúsalem að eg lukta marga heilagan í myrkvastofu að fengnu yfirvaldi út af kennimannahöfðingjum og þá þeir voru afteknir sagða eg dóminn upp. [11]Og um öll samkunduhús kvaldi eg þá oftlega og þvingaði þá til guðlastanar og eg var meir en hófi gegndi óður á það og veitti þeim ofsóknir allt í utanlandsborgir. [12]Fyrir hverra hluta sakir, þann tíð eg fór til Damasco með magt og boðskap prestahöfðingjanna, [13]það á miðjum degi sá eg, herra konungur, ljós af himni sólarskini bjartara það um mig leiftraði og um þá er með mér voru.

[14]En þá vér féllum allir til jarðar heyrða eg rödd til mín tala sú er á ebreska tungu sagði: „Saul, Saul, hvað of-

sækir þú mig? Hart er þér að bakspyrna
í mót broddinum.“ 15En eg sagða: Hver
ert þú, Drottinn? Hann sagði: „Eg em
Jesús hvern þú ofsækir.“ 16„Rís upp og
statt á fætur þína því að til þess birtist
eg þér það eg skikkaði þig til þénara og
vitnismanns þeirra hluta hverra þú sást
og þeirra sem eg skal þér enn birta,
17frelsandi þig af þessu fólki og heiðinni
þjóð, á meðal hverra eg mun þig út-
senda 18þeirra augum upp að lúka so að
þeir snúist frá myrkrum til ljósins og
frá anskotans valdi til Guðs so að þeir
meðtaki syndanna fyrirgefning og arf-
töku meður þeim er helgaðir verða fyr-
ir þá trú sem á mig er.“

19Fyrir því var eg ekki, herra konung-
ur, himneskri birting vantrúaður
20heldur boðaði eg hana í fyrstu þeim í
Damasco og Jerúsalem og út um allar
sveitir Gyðingalands og síðan heiðingj-
um að þeir gjörði yfirbót og sneri sér til
Guðs og gjörandi verðug verk iðranar-
innar. 21Og fyrir þá sök gripu Gyðingar
mig í musterinu og einsettu sér að líf-
láta mig. 22En fyrir Guðs fullting er mér
bjargað það eg stend allt til þessa dags
vitnandi bæði fyrir smám og stórum,
segandi ekkert annað en það er spá-
mennirnir og Moyses hafa fyrirsagt að
ske ætti 23það Christus skyldi líða og
fyrstur vera út af upprisu framliðinna
og sá sem ljósið skyldi lýðnum boða og
so heiðnum þjóðum.“

24En er hann hafði svarað þessu fyrir
sig sagði Festus hárri raust: „Óður ertu
vorðinn, Páll! Það mikla bókvit gjörir
þig óðan!“ 25En hann sagði: „Eigi em eg
óður, minn góði Festus, heldur tala eg
sannleiksins og skýrleiksins orð. 26Því
herra konungurinn veit þetta vel, hjá
hverjum eg ræði alls öruggur, því eg
meina að ekkert þessara muni fyrir
honum fólgið vera af því að þetta er
ekki í hyrningum skeð. 27Trúir þú,
Agrippa, herra konungur, spámönnun-
um? Eg veit að þú trúir.“ 28En Agrippa
sagði til Páls: „Lítið vantar á að tala um
fyrir mér so eg gjörðist kristinn.“ 29En
Páll sagði: „Þess æski eg af Guði það
brestur í miklu eður litlu, eigi alleinasta
þú heldur og einnin allir þeir sem mig
heyra í dag væri þvílíkir hvílíkur eð eg
em undanteknum þessum böndum.“
30Og þá hann hafði þetta talað stóð kon-
ungurinn upp og landstjórnarinn og
Bernice og þeir eð hjá þeim sátu. 31En
sem þeir viku sér afsíða töluðu þeir sín
á milli og sögðu: „Þessi maður hefur
ekkert gjört það dauða sé eður banda
vert.“ 32Þá sagði Agrippa til Festo:
„Þessi maður hafði mátt laus vera lát-
inn ef hann hefði ekki skotið sér fyrir
keisarann.“

27 Sem það var nú úrskurðað að
vér skyldum sigla í Valland
fengu þeir Pál og nokkra aðra
bandingja þeim hundraðshöfðingja út
af keisarans hirð sem Julio var að
nafni. 2Og vér stigum á það skip sem af
Adramantio viði var og skyldum sigla
fyrir Asiam og létum síðan frá landi.
Aristarkus úr Macedonia af Tessalóníu
var meður oss 3og tókum annars dags
land í Sídon. Július birti sig blíðan við
Pál og lofaði honum að ganga til sinna
góðra vina að sýsla sinna nauðþurfta.
4Þaðan leystum vér og sigldum undir
Cypriam fyrir því að vindarnir voru oss
öndverðir 5og sigldum yfir það haf sem
gegnt er Cilicia og Pamphylia og kom-
um til Myra í Lysia.

6Þar fann undirhöfðinginn skip úr Al-
exandria það sigla átti til Ítalíu. Á það
setti hann oss. 7En er oss veitti tregt að
sigla so að vér komust varla um marga
daga gegnt Gnidon (því vindurinn
bægði oss) sigldu vær undir Krít til
borgarinnar Salmóne 8og gátum þó
varla beitt fram hjá. Þá komu vér í
nokkur það lægi sem kallaðist Sælu-
höfn. Þar lá og borgin Lasea í grennd
við. 9En er miklir tímar voru umliðnir
með því að nú var þó hættumeiri sigl-
ingin að fastan var þá umliðin, fyrir það

ráðlagði Páll þeim [10]og sagði til þeirra: „Góðir menn, eg sé að vor sigling mun verða bæði háskasöm og skaðamikil, ei alleinasta fyrir farminn og skipið heldur og einnin vorra lífdaga.“ [11]En undirhöfðinginn trúði meir skipherranum og leiðsagnarmanninum en því er Páll sagði. [12]Og er þar var engin höfn hæfileg til vetrarlegu þótti flestum ráðlegt að sigla burt þaðan að ef þeir mættu koma til Phenicen til vetrarlegu (sú höfn sem að er við Krít í gegn suðvestan og norðvestanvindi). [13]En þá sunnanvindur tók að gusta og þeir meintu að halda sína leið leystu þeir Asson og héldu fyrir framan Krít.

[14]En eigi langt þar eftir hófst upp þvervindi í gegn skipinu þann vér köllum norðaust. [15]Og er skipið lá undir áföllum og gat eigi rétt sig við veðrinu létu vér draga fyrir vind og svömluðum so. [16]En sem vér komum við ey nokkra þá Clauda hét gátum vér varla bátinn uppdregið. [17]En vér neyttum þá orku og settum hann upp og bundum við borðið. Því að vær óttuðust að oss mundi bera á grynningarnar og létum út tunnudufl og drifum so. [18]Og er vér höfðum sterkan storm liðið vörpuðu þeir annars dags út streng [19]og á þriðja degi snöruðu vér út með sjálfs höndum reiðskapnum skipsins. [20]Og í marga daga skein hverki sól né stjörnur en stormveðrátta eigi lítil fyrir sjónum so að öll von vors hjálpræðis var horfin.

[21]Og er vér höfðum lengi einskis neytt þá gekk Páll í miðið til þeirra og sagði: „Góðir menn, þér skylduð hafa hlýtt mér og leyst eigi út af Krít, so hefðu vær eigi liðið þessa kvöl og skaða. [22]Og nú ræð eg yður að þér séuð með góðu geði því að einskis vors fjör mun tortýnast að fráteknu skipinu. [23]Því á þessari nótt stóð hjá mér engill Guðs þess er eg em og þeim eg þjóna [24]og sagði: Óttast þú eigi, Páll. Þér byrjar fyrir keisarann að koma. Og sjá, það Guð hefur veitt þér þá alla er með þér sigla. [25]Fyrir því, góðir menn, verið með kátri lund því að eg trúi Guði að það muni so ske sem mér er sagt. [26]En til eyjar nokkurar hljótum vér að koma.“ [27]En eftir það er hin fjórtánda nóttin var yfirkomin sigldu vér um miðnætti í Adria. Skipmennina grunaði þá að sér mundi sýnast land nokkurt [28]og vörpuðu grunnsökku og fundu tuttugu faðma djúp og skammt eitt þaðan köstuðu þeir sökkunni í annað sinn og fundu fimmtán faðma. [29]Þá hræddust þeir að þá mundi mega steyta á skerum og fleygðu úr bakskutnum fjórum akkerum, æsktu og þess að dagur kæmi. [30]En er skipverjar leituðu við að umflýja skipið og létu bátinn á sjóinn síga undir þeirri hylmingu að þeir létust vilja úr fram skipinu færa út akkeri [31]þá sagði Páll til undirhöfðingjans og stríðsmannanna: „Nema að ef þessir blífi kyrrir í skipinu geti þér eigi bjargast.“ [32]Þá hjuggu stríðsmennirnir bátfestarnar og létu ofan detta.

[33]Og þá er birta tók réð Páll þeim að þeir tæki fæðslu til sín „því það er í dag“ sagði hann „fjórtándi dagur að þér hafið biðleikað við og fastandi verið og á öngvu bergt. [34]Fyrir því ræð eg yður að þér takið fæðslu yður til hressingar það enginn yðar hárlokkur munu af yðru höfði forglatast.“ [35]Og er hann hafði þetta rætt tók hann brauðið, gjörði Guði þakkir í allra þeirra augsýn, braut það síðan og át. [36]Þeim tók þá og öllum að batna í skapi og tóku sér fæðslu. [37]En vér vorum alls í skipinu tvö hundruð sjö og sjötígir sálna. [38]Og er vér vorum mettir létu vær af skipinu og köstuðum korninu í sjóinn.

[39]En er dagur var þekktu þeir eigi landið. En við hafnarsund nokkurt urðu þeir varir það landtöku hafði hvert þeir vildu víkja skipinu ef þeir mættu því við koma. [40]Og er þeir drógu upp akkerin slógu þeir sér til sjós og leystu upp stjórnböndin og settu rárseglið í ping fyrir veðrinu og héldu so

að landi. 41Og er vér komum að því risi
er sjór gekk umhverfis steytti það skip-
ið á svo að framskipið stóð grunn
óhræranlega en skuturinn lestist í
sundur af ofurefli bylgnanna.
42En stríðsmennirnir lögðu það ráð til
að bandingjarnir væri drepnir so að
enginn þeirra umhlypi þótt út kynni að
sveima. 43En undirhöfðinginn vildi Páli
eigi granda láta og tálmaði þeirra
ásetningi og bauð að þeir sem synt
gætu skyldu fyrstir fleyta sér utan og
leggjast að landi en aðrir, 44sumir á
hlemmunum en sumir á skipbrotunum.
Og það skeði so að þeir komust allir
hólpnir til lands.

28 Og er vér komust af þá vissum
vér að eyin hét Melite. 2En þeir
lýðir sýndu oss eigi litla vináttu,
kveiktu eld og meðtóku oss alla vegna
þess hreggviðris er yfir oss hafði drifið
og fyrir kulda sakir. 3En þá Páll var að
tína saman hrúgu með smáviðu og
lagði á eldinn þá skreið naðra úr logan-
um og hrökktist á hönd hans. 4En er
það sáu eyjarmenn að kvikvendið hékk
á hendi hans sögðu þeir sín á milli:
„Endilega mun þessi manndrápari vera
hverjum hefndin leyfir ekki að lifa þó
hann sé úr sjávarháska leystur.“ 5En
hann flengdi nöðrunni á eldinn og hon-
um varð ekkert meint af. 6En þeir
meintu að hann mundu uppþrútna eð-
ur jafnsnart dauður niður detta. Og
sem þeir höfðu lengi eftir því beðið og
sáu ekkert vont á honum verða um-
hverfðu þeir sínu sinni og sögðu hann
guð vera.
7En í þeim sömu takmörkum hafði
foringi eyjarinnar sín híbýli sá Publius
hét, hver oss meðtók og veitti um þrjá
daga allvingjarnlega. 8En so bar til það
faðir Publii lá kvalinn í köldu og blóð-
falli. Til hans gekk Páll inn og baðst fyr-
ir og lagði hendur yfir hann og gjörði
hann heilbrigðan. 9Þá það var skeð
komu og hinir aðrir á eyjunni þangað
sem sóttir höfðu og létu sig lækna 10og
þeir veittu oss miklar virðingar. Og er
vér sigldum þaðan lögðu þeir til hvað
oss var þarfsamlegt.
11En eftir þrjá mánuði sigldu vér það-
an á því skipi er var úr Alexandria hvert
að í eyjunni hafði legið um veturinn.
Það hafði fyrir merki tvíburateikn. 12Og
er vér komum til Syracusa vorum vér
þar í þrjá daga. 13Þaðan sigldum vér um
kring og komum til Region. Og einum
degi þar eftir sem sunnanvindur tók að
blása komu vér annars dags til
Puteolon 14hvar vér fundum bræðurna
og urðum af þeim beðnir það vér tefð-
um hjá þeim um sjö daga. Og so kom-
um vær í Romam. 15Og er þeir bræður
sem þar voru heyrðu af oss gengu þeir
út í móti oss allt til Apiser og Tretabern.
Og þá er Páll leit þá gjörði hann Guði
þakkir og fékk trúarefling. 16En þá vér
komum í Romam afenti undirhöfð-
inginn bandingjana þeim æðsta hers-
höfðingja. En Páli var lofað að vera
hvar honum líkaði með þeim einum
stríðsmanni sem á honum tók vakt.
17Það skeði á þriðja degi þar eftir að
Páll samankallaði hina æðstu menn af
Gyðingum. Þá þeir voru til samans
komnir sagði hann til þeirra: „Þér
menn, góðir bræður, eg hefi ekkert í
gegn voru fólki gjört né í móti föður-
legri siðvenju og em þó bundinn Róm-
verjum í hendur fenginn 18hverjir mig
vildu hafa lausan látið þá það höfðu
mig heyrt með því að þar fannst enginn
dauðasök með mér. 19En þá Gyðingar
mæltu því í mót neyddust eg til að
skjóta mér fyrir keisarann. Eigi so það
eg hefða um nokkuð að áklaga mitt
fólk. 20En fyrir það tilefni samankallaði
eg yður það eg mætta sjá og samtal
hafa við yður. Því fyrir sakir vonar Ísr-
ael em eg þessari festi umvafður.“
21Þeir sögðu til hans: „Engin bréf höfu
vær fengið þinna vegna af Gyðinga-
landi og enginn bróðir er þaðan kom-
inn sá af þér hafi nokkuð vont kunn-

gjört eður til þín talað. [22]Þó fýsir oss að heyra af þér hvað þú heldur því af þeim villudóm er oss það kunngjört að honum verði alls staðar í móti mælt.“ [23]Og sem þeir einkuðu honum dag til þá komu margir til hans í herbergið hverjum hann útlagði og vitnaði Guðs ríki og taldi um fyrir þeim út af Jesú úr Moyses lögmáli og spámönnunum í frá morni allt til kvelds. [24]Og nokkrir út af þeim trúðu því sem hann sagði en sumir trúðu því eigi.

[25]Og er þeir voru ei samþykkir sín á milli gengu þeir í burt þá Páll talaði eitt orð: „Vel hefur Heilagur Andi sagt fyrir Esaiam spámann til feðra vorra, [26]so mælandi: Far þú til þessa fólks og seg: Með eyrum munu þér það heyra og ei skilja og með augunum munu þér það sjá og ei þekkja. [27]Því hjarta fólks þessa er forharðnað og með eyrunum heyra þeir þunglega og sín augu hafa þeir samanlukt so að þeir sjái ei með augunum og heyri ei með eyrunum og so þeir skilji ei með hjartanu og snerust so eg læknaði þá. **Esaias 6:9-10** [28]Fyrir því sé yður kunnigt það heiðingjum er sent þetta Guðs hjálpræði og þeir munu heyra það.“ [29]Og er hann talaði þetta gengu Gyðingar út frá honum og höfðu prætu mikla sín á milli.

[30]En Páll bleif um tvö ár í sínu leiguhúsi og meðtók alla þá er til hans inngengu, [31]prédikandi Guðs ríki og boðandi það hvað er var af Drottni Jesú Christo með allri röksemd án fyrirboðunar.

Hér tekst endir á gjörðum postulanna, þær sem hinn heilagi Lucas hefur skrifað.

S. PÁLS PISTILL TIL RÓMVERJA

1 Páll, þjón Jesú Christi, kallaður til
að prédika Guðs evangelion,
2hverju hann hafði áður fyrirheitið fyrir
sína spámenn í heilagri ritningu 3af sín-
um Syni, Jesú Kristi vorum Drottni
hver að fæddur er af Davíðs sæði eftir
holdguninni 4en volduglega auglýstur
Sonur Guðs eftir andanum, sá er helgar
fyrir upprisuna dauðra, 5sem er Jesús
Christus vor Drottinn, fyrir hvern vér
höfum meðtekið náð og postullegt
embætti á meðal allra heiðinna þjóða
trúarinnar hlýðni upp að rétta undir
hans nafni 6af hverra tölu þér eruð sem
kallaðir eruð í Christi Jesú.

7Öllum þeim Guðs elskulegum og köll-
uðum heilögum sem eru í Róm: Náð og
friður af Guði vorum föður og Drottni
Jesú Christo þá sé með yður.

8Fyrst gjöri eg að sönnu þakkir mín-
um Guði fyrir Jesúm Christum allra yð-
ar vegna um það að yðar trú berst út
um allan heim. 9Því að Guð er minn
vottur (hverjum eg þjóna í mínum anda
út í guðsspjöllum hans Sonar) það í sí-
felli minnunst eg yðar og jafnan í mín-
um bænum 10bið eg þess það eg mætta
einhverntíma, að Guðs vilja, hafa það
lukkusprang að koma til yðar. 11Því að
mig langar að sjá yður so að eg býtta
yður nokkri andlegri gjöf yður til
styrktar 12(það er) að eg mætta taka líka
huggan yðra á milli fyrir yðra trú og
mína sem vér höfum vor á millum.

13En eg vil eigi dylja fyrir yður, bræð-
ur, það eg einsetta mér oft að koma til
yðar (þó mér hafi bægt verið til þessa)
so að eg hefða færa nokkurn ávöxt yð-
ar á milli líka sem á meðal annarra
þjóða. 14Því eg em skuldunautur bæði
gírskra og ógírskra, spakra og óspakra,
15af því so mikið sem eg fornam em eg
reiðubúinn til yður sem eruð í Róm að
prédika evangelium.

16Því að eg skammast mín eigi Krists
evangelii því það er kraftur Guðs sem
hjálplega gjörir alla þá sem þar á trúa,
fyrst Gyðinga og Grikki. 17Af því að þar
opinberast inni það réttlæti sem fyrir
Guði dugir, hvert að kemur út af trúnni
í trúna, so sem skrifað er: Sá réttláti
mun af sinni trú lifa. **Habakuk 2:4**

18Því að Guðs reiði af himnum opin-
berast yfir allt ranglæti og óréttvísi
manna þeir ed sannleikann afrækja í
ranglætinu 19fyrir því það menn vita að
Guð er, það er þeim opinbert því að
Guð hefur þeim opinberað 20með því að
Guðs ósýnilegir hlutir sjást, það er hans
eilíft almætti og guðdómur, því það má
merkjast af þeim verkum sem hann
gjörir á heiminum hvern hann hefur
skapað, so að þeir hafa öngva afsakan.
21Með því þeir vissu það að Guð er og
hafa hann þó ei dýrkað so sem Guð né
honum þakkir gjört heldur eru þeir í
sínum hugrenningum að hégóma vorn-
ir og þeirra fávíst hjarta er formyrkvað.
22Því þá þeir héldu sig vísa vera eru þeir
að þussum vorðnir 23og hafa umsnúið
dýrð óforgengilegs Guðs í líkneskjur
forgengilegra manna, fugla og
ferfættra dýra og skriðkvikinda.

24Af því hefur Guð yfirgefið þá í þeirra
hjartans girndum og óhreinmennsku
að þeir skömmuðu so sína líkami á
sjálfum sér, 25hverjir Guðs sannleika
hafa umsnúið í lygar og hafa meir dýrk-
að og þjónað skepnunni en skapara-
num, hver lofaður sé um allar aldir.
Amen. 26Fyrir hvað er Guð yfirgaf þá í
skammsamlegum girndum. Því að kon-
ur þeirra hafa snúið náttúrlegri aðferð í
ónáttúrlega. 27Slíkt hið sama hafa
mennirnir yfirgefið eðlilega aðferð til
konunnar og loguðu í sínum girndum
hver til annars og hefur so maður með
manni skömm framið og meðtekið so

verðkaup síns villudóms (eftir því sem verðugt er) á sjálfum sér.
[28]Og líka sem þeir hafa þess ei gætt það þeir skyldu af Guð kynning hafa so hefur Guð yfirgefið þá í fráleitt sinni að gjöra það hvað eigi var hægilegt,
[29]fullir upp alls ranglætis, frillulifnaðar, flátskapar, ágirndar, fjandskapar, fullir haturs, manndrápa, prætu, svika, óheilinda, kvissamir, [30]bakmálgir, Guðs forsmánarar, háðgjarnir, drambsamir, sjálfhælnir, prettvísir, foreldrum óhlýðugir, [31]skilningslausir, óhaldinorðir, ástlausir, harðsvíraðir, ómiskunnsamir, [32]hverjir Guðs réttlæti þa vita (að þeir séu dauða verðugir sem þvílíkt gjöra) nú gjöra þeir það ei aðeins heldur eru þeir einning þeim samsinnandi sem það gjöra.

2 Fyrir því kanntu eigi, ó maður, þig að afsaka hver helst þú ert sem dæmir því hvar þú dæmir um annan þar fordæmir þú sjálfan þig af því þú gjörir það sama hvað þú dæmir. [2]Því vér vitum það Guðs dómur er réttur yfir þeim sem þvílíkt gjöra. [3]En þenkir þú, ó maður, sem dæmir þá er þvílíkt gjöra og þú gjörir hið sama að þú munir umflýja Guðs dóm? [4]Veistu eigi það að Guðs góðgirni leiðir þig til yfirbótar? [5]En þú eftir þinni harðúð og óyfirbótarsömu hjarta safnar þér sjálfum reiði upp á reiðinnar dag og uppbirtingar Guðs réttlætisdóms, [6]sá er gjalda mun einum og sérhverjum eftir hans verkum, [7]þeim að sönnu heiður og vegsemd og ófallvalta veru sem með þolinmæði góðra verka eftirleita eilífu lífi [8]en hinum sem þrætugjarnir eru og hverjir eigi hlýða sannleikanum en hlýða heldur ranglætinu sneypu og reiði, [9]hrellingar og harmkvæli yfir allar sálir þeirra manna sem illsku drýgja, fyrst Gyðingum og so Grikkjum, [10]en heiður, vegsemd og frið öllum þeim sem gott gjöra, fyrst Gyðingum og so Grikkjum. [11]Því að ekkert manngreinarálit er fyrir Guði. [12]Því þeir sem án lögmáls hafa syndgast þeir munu og án lögmáls fyrirfarast. Og þeir sem undir lögmálinu hafa syndgast munu fyrir lögmálið dæmdir verða. [13]Af því að áheyrendur lögmálsins eru ei réttlátir fyrir Guði heldur eru þeir réttlátir sem lögmálið gjöra. [14]Því ef þeir heiðnu sem eigi hafa lögmálið en gjöra þó af náttúru hvað lögmálið inniheldur þeir sömu, með því þeir hafa ei lögmálið eru þeir sér sjálfir lögmál [15]með hverju þeir útvísa það lögmálsins verk sé skrifuð í þeirra hjörtum sem þeirra samviska sjálf ber þeim um vitni og þeir þankar sem sín á milli áklaga sig eður afsaka, [16]á þeim degi nær Guð dæmir leynda hluti mannanna eftir mínu guðsspjalli fyrir Jesúm Christum.
[17]En sjá, þú kallast Gyðingur og forlætur þig upp á lögmálið og hrósar þér af Guði [18]og veist hans vilja og með því þú ert lærður í lögmálinu reynir þú hvað að best sé að gjöra [19]og formetur þig sjálfan vera blindra leiðtogara og ljós þeirra sem í myrkrum eru, [20]fávísra tyftunarmann og læriföður einfaldra, hafandi bæði viskunnar form og sannleikans í lögmálinu. [21]Nú lærir þú annan en sjálfan þig lærir þú eigi. Þú prédikar að eigi skuli stolið verða og þú stelur. [22]Þú segir að eigi skuli hórdómur drýgjast og þú drýgir hór. Þú svívirðir skúrgoðin, rænir þó Guð sínu. [23]Þú hrósar þér af lögmálinu og vanvirðir Guð fyrir yfirgöngu lögmálsins. [24]„Því að fyrir yðar skuld verður Guðs nafn lastað meðal heiðinna þjóða,“ so sem að skrifað er. **Esaias 52:5, Esekíel 36:20-23** [25]Umskurðurinn dugir að sönnu ef þú varðveitir lögmálið en ef þú ert yfirtroðslumaður lögmálsins þá er þín umskurn orðin að yfirhúð. [26]Því að ef yfirhúðin varðveitir réttlætingar lögmálsins, reiknast eigi þá hans yfirhúð fyrir umskurn? [27]Og so mun það, þa sem af náttúru er yfirhúð og lögmálið fullkomnar, dæma þig sem ert undir bók-

stafnum og umskurninni, yfirtroðslumann lögmálsins. [28]Því að sá sem augljóslega er Gyðingur er ei Gyðingur og ei sú augljós holdsins umskurn er umskurn [29]heldur er sá Gyðingur sem heimuglegur Gyðingur er og umskurn hjartans er umskurn sú er sker í andanum en eigi í bókstafnum, hverra lofstír eigi er af mönnum heldur af Guði.

3 Hvað hefur þá Gyðingur til þess að hann sé fremri? Eða hver nytsemd er að umskurninni? [2]Nærsta mikil á allan hátt. Sennilega fyrst það að þeim er til trúað hvað Guð hefur talað. [3]Þótt að nokkrir út af þeim hafi því eigi trúað, hvað um það? Skyldi fyrir þeirra vantrúar sakir Guðs trú undir lok líða? [4]Fjarri sé því! Heldur blífur það so að Guð sé sannsögull en allir menn lygarar, so sem skrifað er: „Að þú réttlátur sért í þínum ræðum og yfirvinnir nær þú dæmist.“

[5]En er það so að vort ranglæti prísi Guðs réttlæti, hvað skulu vér segja? Er Guð þá ranglátur þótt hann reiðist þar fyrir? Nú tala eg eftir plagsiðum manna. [6]Fjarlægt sé því! Hvernin skyldi Guð elligar heiminn dæma? [7]Því ef Guðs sannleikur verður fyrir mína lygn veglegri til hans dýrðar, hvar fyrir skyldi eg þá eftir þeim sem annar syndbrotsmaður dæmdur verða [8]og ei miklu framar so breyta (sem illa verður til vor talað og so sem sumir segja það vér segjum): Gjörum illt so að gott eftir komi? Hverra fyrirdæming er réttleg. [9]Hvað beru vér þá af þeim? Því að vér höfum áður útvísað bæði Gyðinga og Grikki alla undir synd vera [10]eftir því sem skrifað er: „Að eigi sé sá nokkur sem réttvís er og ekki einn [11]og eigi sá sem skynugur sé og enginn sá er að Guði leiti. [12]Allir eru þeir fráhneigðir orðnir og líka allir ónýtir gjörðir og engin er sá sem gott gjörir og eigi einn. **Sálmarnir 14:1-3, 53:1-3**.[13]Þeirra barki er opin gröf og með sínum tungum handtéra þeir sviksamlega. Höggormaeitur er undir þeirra vörum [14]og munnur þeirra fullur af bölvan og beiskleika. **Sálmarnir 10:7 3:15** [15]Fætur þeirra eru fljótir til blóðsúthellingar. **Orðskviðirnir 1:16, 6:18** [16]Í þeirra vegum er eymd og hugarangur [17]og friðarins götu þekkja þeir eigi. **Esaias 59:7-8 3:18** [18]Og ei er þar nokkur Guðs ótti fyrir þeirra augum.“ **Sálmarnir 36:1**

[19]En vér vitum að hvað lögmálið segir það segir það þeim sem undir lögmálinu eru so að allra munnur verði tilbyrgður og heimurinn allur við Guð sakaður. [20]Fyrir því að ekkert hold af lögmálsins verkum getur fyrir honum réttlátt vorðið. Því að fyrir lögmálið kemur eigi utan viðurkenning syndarinnar.

[21]En nú er án lögmálsins stuðnings það réttlæti opinberað sem fyrir Guði dugir hver að er sannprófað fyrir vitnisburð lögmálsins og spámannanna. [22]En eg tala um það réttlæti fyrir Guði hvert að kemur fyrir trúna á Jesúm Christum til allra og yfir alla þá sem trúa. Því hér er enginn greinarmunur. [23]Allir saman eru þeir syndugir og þeim er skortur á þeirri hrósan sem þeir áttu á Guði að hafa [24]og verða so út af hans náð án verðskuldunar réttlátir fyrir þá endurlausn sem vorðin er fyrir Jesúm Christum [25]hvern Guð skikkaði til forlíkunar manns fyrir trúna í hans blóði til ávísingar þess réttlætis sem fyrir honum er fullt, í hverju hann fyrirgefur syndirnar þær áður eru umliðnar undir þeirri guðlegri þolinmæði [26]sem hann hafði það hann á þessum tíma ávísaði það réttlæti sem fyrir honum dugir, upp á það að hann sé alleina réttlátur og gjöri þann réttlátan sem þar trúir á Jesúm Christum. [27]Hvar er nú sú hrósan? Er henni lokið? Fyrir hvert lögmál? Fyrir verkanna lögmál? Ekki so, heldur fyrir trúarinnar lögmál.

[28]So höldum vér nú það maðurinn verði réttlátur án lögmálsverka fyrir

trúna. [29]Eða er hann alleinasta Guð Gyðinga? Er hann og ei Guð heiðinna manna? [30]Að vísu er hann og Guð heiðinna þjóða. Nú með því að það er einn Guð sá er umskurnina réttlætir af trúnni og yfirhúðina fyrir trúna. [21]Hvað? Niðurbrjótum vér þá lögmálið fyrir trúna? Fjarri sé því, heldur upprétttum vér lögmálið.

4 Hvað segum vér þá af föður vorum Abraham það hann hafi fundið eftir holdinu? Það segum vér: [2]Ef að Abraham er af verkunum réttlátur þá hefur hann lofstír en ei fyrir Guði. [3]En hvað segir Ritningin? „Abraham trúði Guði og það er honum reiknað til réttlætis.“ **Genesis 15:6** [4]En þeim sem með verkin fæst verða launin ekki út af náðinni tilreiknuð heldur eftir skyldu. [5]En honum að sönnu sem eigi umgengur verkin en trúir á þann sem réttlætir rangláta þeim verður sín trúa reiknuð til réttlætis. [6]Eftir því móti sem Davíð segir það sáluhjálpin sé alleina þess manns hverjum Guð tilreiknar réttlætið án tillögu verkanna, [7]svo sem hann segir: „Að þeir sé sælir hverjum sínar ranglætingar eru fyrirgefnar og hverjum sínar syndir eru huldar. [8]Sæll er sá maður hverjum Guð tilreiknar ekki syndina.“ **Sálmarnir 32:1-2**

[9]Nú þessi farsæld, snertur hún einasta umskurnina eða einnin líka yfirhúðina? Því vér hljótum að segja það Abraham sé sín trúa til réttlætis reiknuð. [10]En hvort er hún honum þá tilreiknuð í umskurninni eða í yfirhúðinni? Án efa eigi í umskurninni heldur í yfirhúðinni. [11]En það teikn umskurnarinnar meðtók hann til merkis þess réttlætis sem kemur fyrir trúna hverja hann hafði í yfirhúðinni. So að hann yrði og faðir allra trúaðra í yfirhúðinni so að þeim yrði og slíkt reiknað til réttlætis [12]og það að hann yrði faðir umskurnarinnar, eigi einasta þeirra sem af umskurðarkyni eru heldur jafnvel og þeirra sem ganga í fótsporum þeirrar trúar sem var í yfirhúð föður vors Abrahams.

[13]Því fyrirheitið það hann skyldi veraldarinnar erfingi verða skeður ei til Abrahams eður hans sæðis fyrir lögmálið heldur fyrir trúarinnar réttlæti. [14]Því ef þeir af lögmálinu eru erfingjar þá er trúan einskis verð og fyrirheitið ónýtt gjört. [15]Af því að lögmálið afrekar ei annað en reiði. Því hvar lögmálið er ekki þar er og engin yfirtroðning. [16]Fyrir þess sakir hlýtur réttlæti af trúnni að koma so að það sé út af náðinni og það fyrirheit blífi stöðugt öllu sæði, eigi einasta því sem undir lögmálinu er heldur því sem er Abrahams trúar, hver að er allra vor faðir, [17]eftir því sem skrifað er: „Þig hefi eg settan til föður margra þjóða“ fyrir Guði hverjum þú trúðir, sá er dauða lífgar og kallar það sem ekki er líka sem það sé. **Genesis 17:5**

[18]Og hann trúði upp á von þar engin von var á so að hann yrði faðir margra heiðinna þjóða eftir því sem til hans er sagt: „So skal þitt sæði vera“ (sem stjörnur himins og sjávarsandur“). **Genesis 15:5** [19]En hann varð eigi veikur í trúnni, gaf og eigi vakt að sínum eigin líkama þeim dáinn var af því að hann var að mestu hundrað vetra og eigi dáins kviðar Saaru. [20]Því hann efaði ekki Guðs fyrirheit vegna vantrúar heldur varð hann styrkur í trúnni, gefandi Guði dýrðina, [21]vitandi það fyrir fullan sann að hverju sem Guð lofaði það var hann máttugur að gjöra. [22]Fyrir því var honum það reiknað til réttlætis.

[23]En það er ei einasta skrifað fyrir hans sakir að það sé honum tilreiknað [24]heldur fyrir vorar sakir, þeim það skal tilreiknað verða ef vér trúum á þann sem Drottin vorn Jesúm Krist uppvakti af dauða, [25]sá er fyrir vorar syndir var ofurseldur og fyrir vors réttlætis sakir uppvaktur.

5 Af því vér erum nú réttlættir fyrir trúna þá höfum vér frið hjá Guði

fyrir Drottin vorn Jesúm Christum,
2fyrir hvern að vér höfum og tilgöngu í
trúnni til þessarar náðar þar vér inni
stöndum og hrósum oss af von þeirrar
tilkomandi dýrðar er Guð mun gefa.
3En eigi einasta það heldur hrósum vér
oss einnin líka af hörmungunum af því
vér vitum það hörmun aflar þolinmæði
4en þolinmæði aflar reynslu en
reynslan aflar vonar 5en vonin lætur
eigi að hneykslun verða. Því að Guðs
kærleiki er úthelltur í vor hjörtu fyrir
Heilagan Anda þann oss er veittur.
6Því að þá vér vorum enn breysklegir
eftir tíðinni hefur Kristur fyrir oss
rangláta dáið. 7Því varla mun nokkur
deyja fyrir réttlátan mann, en fyrir góð-
an mann gæti einhver jafnvel þorað að
deyja. 8Fyrir það prísaði Guð sinn kær-
leika viður oss í því að Kristur hefur
fyrir oss dáið þá þegar vér vorum synd-
ugir. 9Fyrir það verðum vér og miklu
meir frelsaðir af reiðinni fyrir sjálfan
hann af því vér erum réttlátir orðnir í
hans blóði.
10Því ef vér erum nú Guði forlíktir fyr-
ir hans sonar dauða þá vér vorum enn
óvinir, miklu meir verðum vér frelsaðir
fyrir hans líf sem forlíktir erum. 11En
eigi alleinasta þetta heldur þá hrósum
vér oss og í Guði fyrir Drottin vorn
Jesúm Krist fyrir hvern að vér höfum
forlíkunina meðtekið.
12Fyrir því líka sem syndin er fyrir
einn mann komin í þennan heim og
dauðinn fyrir syndina og so er dauðinn
til allra manna innsmoginn af því að
allir hafa syndgast. 13Því að syndin var í
heiminum allt til lögmálsins en hvar
ekki er lögmálið þar verður og ekki
syndin tilreiknuð. 14Heldur drottnaði
dauðinn frá Adam allt til Moysen og
einnin yfir þeim sem ekki höfðu syndg-
ast með þvílíkri yfirtroðslu sem Adam,
hver að er ein fyrirmynd þess sem
koma átti.
15En það er eigi so fallið með gjöfinni
sem með syndinni. Því ef margir eru
dauðir fyrir sakir eins manns syndar þá
gnæfir þó miklu meir Guðs náð og gáfa
yfir fleirum fyrir eins manns náð, Jesú
Christi.
16Og gjöfin er ei alleinasta yfir einni
synd so sem fyri eina synd eins syndara
eru allir fordjarfaðir. Því að dómurinn
er kominn af einni synd til fordæm-
ingar en náðin hjálpar frá mörgum
syndum til réttlætis. 17Því ef dauðinn
ríkir vegna einnrar syndar fyrir einn,
miklu meir munu þeir sem öðlast
gnægð náðarinnar og gjöf réttlætisins
ríkja í lífinu fyrir einn, Jesúm Krist.
18Líka sem fordæmingin er nú komin
fyrir eins manns synd yfir alla menn so
er og komið fyrir eins réttlæti lífsrétt-
lætið yfir alla menn. 19Því að líka sem
fyrir eins manns óhlýðni eru margir
syndugir orðnir so verða og fyrir eins
hlýðni margir réttlátir.
20En lögmálið er þó jafnframt innkom-
ið so að syndin skyldi yfirgnæfa. En
hvar syndin gnæfir, þar yfirgnæfir náð-
in enn miklu framar. 21Upp á það að
líka sem syndin ríkti til dauðans so líka
ríkir náðin fyrir réttlætið til eilífs lífs
fyrir Jesúm Christum.

6 Hvað eigum vér hér til að segja?
Skulu vér þá í syndinni blífa svo að
náðin megi yfirgnæfa? 2Fjarri er því!
Hvernin skyldum vér það vilja að lifa í
syndinni eftir það vér erum henni frá-
deyddir? 3Viti þér eigi að allir vér sem
skírðir erum í Jesú Christo það vér
erum í hans dauða skírðir? 4Því erum
vér og einnin með honum greftraðir
fyrir skírnina í dauðann upp á það líka
sem Kristur er uppvakinn af dauða fyri
dýrð Föðursins líka so skulu vér ganga í
endurnýjungu lífdaganna. 5Því fyrst vér
erum með honum plantaðir so sem
hann í hans dauða so munum vér og
honum líkir verða í upprisunni. 6Með
því vér vitum það að vor gamli maður
er með honum krossfestur so að af-
skæfist líkami syndarinnar að eftir það

þjónuðum vér ekki syndinni. 7Því að hver sem deyddur er hann er réttlættur af syndinni.

8En fyrst vér erum með Kristi deyddir þá trúum vér það vér munum og með honum lifa. 9En vér vitum það Kristur er uppvakinn af dauða og deyr eigi meir. Dauðinn mun og eigi framar meir drottna yfir honum. 10Því það hann dó það er hann eitt sinn syndinni dáinn en það hann lifir það lifir hann Guði. 11So og líka skulu þér halda yður sjálfa þar fyrir að þér séuð og deyddir frá syndinni en lifið Guði í Drottni vorum Jesú Christo. 12Fyrir því látið nú syndina eigi drottna í yðrum dauðlega líkama svo að þér séuð henni hlýðugir í hennar girndum. 13Og ljáið eigi yðra limu syndinni til ranglætis herklæða heldur ljáið sjálfa yður Guði líka sem af dauða upplifnaða og yðra limu Guði til réttlætis herskrúða. 14Því að syndin fær eigi drottnað yfir yður af því að þér eruð eigi undir lögmálinu heldur undir náðinni.

15Hvernin þá? Skulu vér því syndir drýgja það vér erum ei undir lögmálinu heldur undir náðinni? Fjarri sé það! 16Viti þér eigi að hverjum sem þér gefið yður til þjónustumanna undir hlýðni hans þjónar eru þér hverjum þér hlýðugir eruð, hvort það er syndinni til dauðans eður hlýðninni til réttlætis? 17En Guði sé þakkir það þér voruð syndarinnar þjónustumenn en nú hlýðugir vorðnir af hjarta þeirri lærdómsins ímynd sem þér eruð tilgefnir. 18Því fyrst þér urðuð frelsaðir af syndinni þá eru þér vorðnir réttlætisins þjónustumenn.

19Eg hlýt líkamlega hér af að segja fyrir yðvars holds breyskleika sakir. Líka sem þér hafið yðra limu léð til að þjóna óhreinleikanum í frá öðru ranglæti í annað líka so skulu þér nú ljá yðra limu til að þjóna réttlætinu til helgunar. 20Því þá þér voruð þjónustumenn syndarinnar voru þér frí fyrir réttlætinu. 21Hvern ávöxt höfðu þér þann tíma? Þann þér skammist yðar nú af því að endalok þeirra hluta er dauðinn. 22En nú þér eruð frelsaðir af syndinni og vorðnir Guðs þjónustumenn hafi þér yðvarn ávöxt til helgunar en að endalokum eilíft líf. 23Því að verðlaunin syndarinnar er dauðinn en Guðs gjöf er eilíft líf í Drottni vorum Jesú Christo.

7 Viti þér ekki, bræður, (því við þá tala eg sem lögmálið vita) það að lögmálið drottnar yfir manninum æ so lengi hann lifir? 2Því að sú kona sem manni er undirgefin hún er að manninum lifanda lögmálinu undirvorpin. En ef hennar maður deyr þá er hún laus af því lögmáli sem manninn áhrærir. 3Nú ef hún er hjá öðrum að manninum lifanda verður hún hórkona kölluð. En ef hennar maður deyr þá er hún frelsuð af lögmálinu það manninn áhrærir so að hún er eigi hórkona þó hún sé hjá öðrum manni.

4Líka so eru þér, bræður mínir, deyddir lögmálinu fyrir Krists líkama so að þér séuð hjá öðrum, einkum hjá þeim sem af dauða er uppvakinn upp á það vér færum Guði ávöxt. 5Því þá vér vorum í holdinu voru syndsamlegar girndir í holdinu (þær sér hreyfðu upp fyrir lögmálið) í vorum limum kröftugar dauðanum ávöxt að færa. 6En nú eru vér lausir af lögmálinu og frá því deyddir sem oss hélt hertekna so að vér þjónum í nýjungu andans en ekki í fornri veru bókstafsins.

7Hvað skulu vér þá framar segja? Er lögmálið synd? Fjarri er því! Heldur það: Eg kenni ei syndina nema fyrir lögmálið. Því eg vissa ei hvað girnd væri ef lögmálið hefði ei sagt: „Ei skaltu girnast.“ 8En er syndin tók tilefni af boðorðinu og ól upp í mér allsháttaðar girndir. Því að án lögmálsins var syndin dauð. 9En eg lifða forðum án lögmáls. Og er boðorðið kom endurlifnaði syndin en eg deyða. 10Og það skeði so að það boðorð varð mér að dauða sem

mér var til lífs gefið. 11Því að syndin tók
tilefni af boðorðinu, tældi mig og
deyddi fyrir það sama boðorð. 12Lög-
málið sjálft er þó sennilega heilagt,
boðorðið er og heilagt, gott og réttvíst.
13Er þá það sem gott er mér að dauða
vorðið? Fjarri er því. Heldur so það
syndin auglýstist það hún væri synd og
það hún hefði mér fyrir það góða dauða
aflað so að syndin yrði ofurmáta
syndsöm fyrir boðorðið. 14Því vér vitum
það að lögmálið er andlegt en eg em
kjötlegur, undir syndina seldur. 15Af því
eg veit eigi hvað eg gjöri. Því að eg gjöri
eigi hvað eg vil heldur það eg hata, það
gjöri eg. 16En fyrst eg gjöri það hvað eg
vil ei þá samþykki eg það að lögmálið sé
gott. 17So gjöri eg nú þá eigi það sama
heldur sú synd sem í mér byggir. 18Því
eg veit að í mér, það er í mínu holdi,
byggir ekkert gott. Viljann hefi eg en að
fullkomna hið góða finn eg ei. 19Því að
það góða sem eg vil gjöri eg eigi heldur
það vonda, hvað eg vil eigi, það gjöri
eg. 20En fyrst eg gjöri það hvað eg vil
eigi, þá gjöri eg eigi það sama heldur sú
synd sem í mér byggir.
21So finn eg í mér það lögmál þá eg vil
gjöra hið góða loðir við mig það vonda.
22Því að mig lystir til Guðs lögmáls eftir
hinum innra manninum. 23En eg sé þó
annað lögmál í mínum limum það er í
mót stríðir mínu hugskotslögmáli og
færir mig herleiddan í syndarinnar lög-
mál hvert að er í mínum limum. 24Eg
vesall maður! Hver mun frelsa mig af
líkama þessa dauðans? 25Eg þakka Guði
fyrir Jesúm Christum Drottin vorn. So
þjóna eg nú í mínu hugskoti Guðs lög-
máli en í holdinu syndarinnar lögmáli.

8 Svo er nú ekkert fordæmilegt á
þeim sem í Christo Jesú eru, þeir
sem eigi ganga eftir holdinu heldur eft-
ir Andanum. 2Því að lögmál þess Anda
sem að lífgar í Christo Jesú hefur gjört
mig frjálsan af lögmáli syndarinnar og
dauðans. 3Því hvað lögmálinu var
ómögulegt (með því það krenktist fyrir
holdið) það gjörði Guð og sendi sinn
Son í líking syndugs holds og fordæmdi
syndina í holdinu fyrir syndina 4so að
réttlætingin sem af lögmálinu heimtist
uppfylldist í oss sem eigi ganga eftir
holdinu heldur eftir Andanum.
5Því að þeir sem holdlegir eru eru
holdlega sinnaðir en hinir sem Andlegir
eru þeir eru Andlega sinnaðir. 6Því
holdsins sinni er dauði en andarins
sinni er líf og friður. 7Því að holdsins
sinni er fjandskapur í gegn Guði af því
að það er ekki Guðs lögmáli undirvorp-
ið, það fær þess og eigi orkað. 8En þeir
sem líkamlegir eru geta eigi Guði þókn-
ast.
9En þér eruð ekki líkamlegir heldur
Andlegir, ef Guðs Andi byggir annars í
yður. En hver hann hefur eigi Krists
anda sá er eigi hans. 10En ef Kristur er
með yður þá er líkaminn að sönnu
dauður syndarinnar vegna en Andinn
er lífið fyrir réttlætingarinnar sakir.
11Því ef hans Andi sem Jesúm uppvakti
af dauða byggir í yður þá mun og sá
sami sem Jesúm Christum uppvakti af
dauða lífga og yðra dauðlega líkami
vegna þess að hans Andi byggir í yður.
12Þar fyrir erum vér, kærir bræður, nú
eigi holdsins skuldunautar það vér eig-
um eftir holdinu að lifa. 13Því ef þér lifið
eftir holdinu munu þér deyja en ef þér
deyðið fyirr Andann holdsins gjörðir
munu þér lifa. 14Því þeir sem af Guðs
Anda leiðast þeir eru Guðs synir. 15Því
þér hafið eigi meðtekið þrælkunaranda
svo þér þurfið nú aftur að ugga um yð-
ur heldur hafi þér meðtekið sonarlegan
Anda fyrir hvern vér köllum: „Abba,
elskanlegur faðir!“ 16Sá sami Andi ber
vitnisburð með vorum anda það vér
erum Guðs synir. 17En fyrst vér erum
synir so erum vér og erfingjar, einkum
Guðs erfingjar, og samarfar Krists ef
vér líðum annars með honum upp á
það að vér verðum einnin með honum
upphafnir til dýrðarinnar. 18Því að eg

held þar að mótlæting þessara tíma sé ekki verð til þeirrar dýrðar sem við oss mun opinberuð verða. [19]Því að áhyggjusamleg eftirbið skepnunnar bíður eftir uppbirtingu Guðs barna. [20]Með því þó að skepnan er hégómanum undirgefin án hennar vilja heldur fyrir hans sakir sem hana hefur undirlagt upp á vonina. [21]Því að sjálf skepnan mun frelsuð verða af þrælkan fallvaltrar veru til dýrðarlegs frelsis Guðs barna. [22]Því vér vitum það alla skepnu forlengir og hún ber sótt með oss allt til þessa tíma.

[23]Eigi alleinasta hún heldur vér sjálfir sem höfum Andarins frumtök, oss forlengir sjálfa eftir þeirri arfleifð og væntum eftir lausn vors líkama. [24]Sennilega erum vér sáluhjálplegir en þó í voninni. Því sú von sem sést er eigi von. Eða hversu kunnu vér þess að vona sem vér sjáum? [25]En ef vér vonum á það er vér sjáum ekki þá bíðum vér þess fyrir þolinmæði.

[26]So hjálpar og Andinn einnin líka vorum breyskleik. Því að vér vitum ekki hvað vér skulum biðja sem það byrjaði heldur biður sá Andi fyrir oss með óumræðanlegri andvarpan. [27]En hann sem hjörtun rannsakar veit hvað Andarins meining er því að hann biður fyrir heilögum eftir því eð Guði hagar. [28]En vér vitum að þeim sem Guð elska tekst allt til betranar, einkum þeim sem eftir fyrirhyggjunni kallaðir eru. [29]Því að hverja hann hefur áður fyrirhugað þá hefur hann og tilskikkað það þeir skyldu verða samlíkir hans sonar ímynd so að hann sjálfur sé frumgetningur meðal margra bræðra. [30]En hverja hann hefur fyrirhugaða þá hefur hann og kallað en hverja hann hefur kallað þá hefur hann og réttláta gjört en hverja hann hefur réttlætta þá hefur hann og dýrðarlega gjört.

[31]Hvað eigum vér til að segja? Er Guð með oss, hver er þá á móti oss? [32]Hver og eigi þyrmdi sínum eiginlegum Syni heldur gaf hann út fyrir oss alla, hvernin skyldi hann þá eigi veita oss alla hluti með honum? [33]Hver vill nú þá ásaka Guðs útvalda menn? Guð er sá sem réttlætir. [34]Hver er hann sem þá fordæmir? Kristur er hann sem dáið hefur og einnin sá sem uppvaktur er vakinn, hver að er til hægri handar Guði og biður fyrir oss.

[35]Hver vill oss skilja frá Guðs elsku? Hörmung eður mótlæti, ofsókn eður hungur, volað eður háski eður sverð? [36]So sem að skrifað er: „Fyrir þig verðum vér deyddir allan dag og erum reiknaðir sem sauður til dráps ætlaður.“ [37]Sennilega berum vér langt af þessu öllu vegna hans er oss elskaði. [38]Því að eg em þess fullöruggur að hverki dauði né líf, englar né höfðingjastéttir eða yfirvald og eigi hið nálæga né hið ókomna, [39]eigi hæð eða dýpt né nokkur önnur skepna fær oss skilið frá Guðs kærleika hver að er í Drottni vorum Jesú Christo.

9 Eg segi sannleik í Christo Jesú og lýg eigi, þess mér ber vitni mín samviska í Heilögum Anda, [2]að eg hefi stóran harm og iðuglega hryggð í mínu hjarta. [3]Eg hefi og æskt mér þess að vera bölvaður af Kristi fyrir mína bræður, hverjir að eru mínir frændur eftir holdinu, [4]sem eru af Ísrael, hverjum arfleifðin tilheyrir, og so vegsóminn, sáttmálinn og lögmálið, Guðs þjónustan og fyrirheitin, [5]hverra feður eru og þeir sem Kristur er út af kominn eftir holdinu, sá sem að er Guð yfir öllum hlutum, blessaður um aldir. Amen.

[6]En eg tala eigi þetta til þess að Guðs orð skyldu þar fyrir úti verða. Því að það eru ekki allt Ísraelsmenn sem af Ísrael eru [7]og ekki allir þeir synir sem af Abrahams sæði eru „heldur skal þér í Ísaak það sæði nefnt verða.**Genesis 21:12** [8]Það er, þeir eru ekki Guð börn sem eftir holdinu er börn heldur verða þeir sem eru fyrirheitsins börn fyrir sáð reiknaðir. [9]Því að þetta er fyrirheits-

orðið þar hann segir: „Á þeim tíma mun eg koma og þá skal Sara son hafa.“ **Genesis 18:10,14** [10]Þetta er enn eigi aðeins þeim heldur og þá Rebekka var þunguð af föður vorum Ísaak [11]áður en börnin voru fædd og þau höfðu hvorki gjört gott né vont, svo að Guðs fyrirhyggja stöðug stæði eftir útvalningunni, því að henni var tilsagt, eigi út af verðskuldan verkanna heldur út af náð þess er kallar so: [12]„Hinn meiri skal þjóna hinum minna.“ **Genesis 25:23** [13]Eftir því sem skrifað stendur: „Jakob elskaði eg en Esaú hafði eg að hatri.“ **Malachias 1:2-3**

[14]Hvað eigu vær hér til að segja? Er Guð þá ranglátur? Langt frá því. [15]Því að hann segir til Moysen: „Hvern eg náða þeim em eg náðugur og hverjum eg miskunna þeim em eg miskunnsamur.“ **Exódus 33:19** [16]Því er það ei komið undir nokkurs vilja eður tilhlaupi heldur undir Guðs miskunnsemd. [17]Því Ritningin segir til faraó: „Til þess uppvakta eg þig að eg sýnda á þér minn kraft so að mitt nafn kunngjörist um öll lönd.“ **Exódus 9:16** [18]So miskunnar hann nú þeim hann vill og forherðir þann hann vill.

[19]Þú segir þá til mín: „Hverja skuld gefur hann oss þá? Hver fær hans vilja í móti staðið?“ [20]Já góður maður, hver ertu þá ef þú vilt ganga í lagaþrætu við Guð? Segir nokkuð efnið svo til smiðsins: Hvar fyrir gjörðir þú mig so? **Esaias 29:16, 45:9, 64:8** [21]Eða hefur ekki leirkerasmiðurinn vald til út af sömum mó að gjöra annað kerið til heiðurs en annað til smánar? **Jeremias 18:1-6** [22]Því þá Guð vildi auðsýna sína reiði og kunngjöra sína magt hefur hann með mikilli þolinmæði umliðið kerin reiðinnar sem búin eru til fordæmingar [23]upp á það hann sýndi ríkdóm sinnar dýrðar á kerum miskunnarinnar þau hann hefur útreitt til dýrðarinnar, [24]hverja hann hefur kallað, einkanlega oss. Eigi einasta þá sem út af Gyðingum eru heldur og einnin heiðingjum, [25]so sem hann segir fyrir Hóseas spámann: „Eg mun það kalla mitt fólk sem ekki var mitt fólk og þá mína unnustu sem ekki var mín unnusta. **Hóseas 2:23** [26]Og það mun vera að í þeim stað hvar til þeirra var sagt: Þér eruð ekki mitt fólk, þar skulu þeir kallaðir verða Guðs börn lifanda.“ **Hóseas 1:10**

[27]En Esaias kallar yfir Ísrael: „Þótt tala Ísraelssona væri sem sjávarsandur þá mundi þó það eina sem afgangurinn er hólpinn verða.“ **Esaias 10:21-23** [28]Því að sína ræðu mun hann fyrir þeim stytta og þá algjöra til réttlætis af því að Drottinn mun skjótt orð gjöra á jörðu. [29]Og so sem Esaias sagði áður fyrri: „Nema ef Drottinn Sebaót hefði oss sæði yfirlátið þá værum vér orðnir sem Sodoma og líka sem Gomorra.“ **Esaias 1:9**

[30]Hvað eigum vér nú að segja? Það eigum vér að segja: Að þeir heiðingjar sem ei hafa réttlætinu eftirfylgt hafa réttlætið höndlað. Eg segi af því réttlæti sem út af trúnni kemur. [31]En Ísrael hefur lögmálsins réttlæti eftirfylgt og hefur þó ekki komist til réttlætis lögmálsins. [32]Hvar fyrir? Því að þeir hafa eigi leitað þess út af trúnni heldur so sem út af lögmálsins verkum. Því að þeir hafa rekið sig á þann hindrunarstein [33]eftir því sem skrifað er: „Sjáið, að eg set í Síon hindrunarstein og hneykslunarhellu. Og hver hann trúir á hann sá skal ekki að hneykslan verða.“ **Esaias 8:14, 28:16**

10 Kærir bræður! Sennilega er það ósk míns hjarta og grátleg bæn til Guðs fyrir Ísrael að þeir hjálpuðust. [2]Því eg ber þeim vitni að þeir vandlæta um Guð en eigi að skynsemd. [3]Því að þeir þekkja ekki það réttlæti sem Guðs er og leita við upp að rétta sínar eiginlegar réttlætingar og eru so því réttlæti sem fyrir Guði dugir ekki

undirgefnir. 4Því að endalok lögmálsins
er Kristur, til réttlætis öllum þeim sem
á hann trúa.
5Moises skrifar um það réttlæti sem
kemur út af lögmálinu: „Hver sá mann
sem það gjörir hann lifir þar inni.
Leviticus 18:5 6En það réttlæti sem út
af trúnni segir so: „Seg þú ekki í þínu
hjarta: Hver vill uppstíga í himininn?
(það er eigi annað en Christum af hæð-
inni ofan aftur að toga) 7eða hver vill
stíga niður í undirdjúpið? (Það er eigi
annað en Christum af dauða upp aftur
að teygja)
8En hvað segir Ritningin? „Orðið er
þér nær, einkum í þínum munni og í
þínu hjarta.“ **Deuteronomium 30:12-
14**
Þetta er trúarinnar orð hvert vér pré-
dikum. 9Því ef þú viðurkennir Jesúm
með þínum munni það hann sé Drott-
inn og trúir í þínu hjarta það Guð hafi
hann uppvakið af dauða þá muntu
hjálpast. 10Því að nær vér trúum af
hjarta verðum vér réttlátir og þá vér
viðurkennum með munninum verðum
vér hjálplegir. 11Því hvað segir Ritn-
ingin? „Hver á hann trúir sá mun eigi
að hneykslan verða.“ **Sálmarnir 25:3**
12Því að enginn greinarmunur er á
millum Gyðings og hins gírska af því að
einn er Drottinn allra, ríkur út yfir öll-
um þeim hann ákalla. 13Því hver hann
ákallar nafn Drottins sá mun hólpinn
verða. **Jóel 2:32** 14En hvernin skulu
þeir kalla á þann hvern þeir trúa eigi?
Eða hvernin skulu þeir nú trúa á þann
af hverjum þeir hafa eigi heyrt? En
hvernin skulu þeir heyra án prédikar-
anna? 15Eða hvernin skulu þeir mega
prédika nema þeir sé sendir? So sem
skrifað er: „Hversu prýðilegir eru fætur
þeirra sem friðinn boða og þeirra eð
boða hið góða!“ **Esaias 52:7** 16En þeir
eru þó ei allir guðsspjallinu hlýðugir.
Því Esaias segir: „Drottinn, hver trúir
vorri prédikan?“ **Esaias 53:1** 17Fyrir því
kemur trúin út af prédikuninni en pré-
dikunin fyrir Guðs orð. 18En eg segi:
Hafa þeir eigi heyrt það? „Sennilega er
þeirra hljómur um öll lönd útgenginn
og þeirra orð í allar heimsins álfur.“
Sálmarnir 19:4
19En eg segi: Hefur Ísrael eigi þekkt
það? Í fyrstu segir Moyses: „Eg mun
æsa yður upp til vandlætingar yfir þeim
sem er mitt fólk og yfir skynlausri þjóð
mun eg etja yður til reiði.“
Deuteronomium 32:21 20En Esaias er
djarfmáll og segir: „Eg em af þeim
fundinn sem eigi hafa mín leitað og
þeim auglýstur sem eigi hafa að mér
spurt.“ **Esaias 65:1** 21En til Ísrael segir
hann: „Allan dag hefi eg mínar hendur
útbreitt til fólks þessa er eigi vill trúa
heldur mér í móti mælandi.“ **Esaias
65:2**

11 Svo segi eg nú: Hvert hefur
Guð þá sitt fólk frá sér rekið?
Fjarri er því. Því að eg em og Ísraels-
maður út af Abrahams sæði, af kyni
Benjamín. 2Guð hefur ekki sitt fólk frá
sér rekið það hann hefur áður fyrirhug-
að. Eða viti þér eigi hvað Ritningin seg-
ir af Elía?Hvernin hann bað fyrir Guð í
gegn Ísrael og sagði: 3„Drottinn, spá-
menn þína hafa þeir í hel slegið og þín-
um ölturum umvelt og eg em einn eft-
irblifinn og þeir umsitja um mitt líf.“
1.Bók Kónganna 19:10,14 4En hvað
segir honum guðlegt andsvar? „Sjö þús-
undir manna hef eg látið mér yfirblífa
þeir sem eigi hafa beygt sín kné fyrir
Baal.“ **1.Bók Kónganna 19:18** 5So
gengur það og nú til á þessum tímum
að nokkrir blífa enn eftir eftir útvaln-
ingu náðarinnar. 6En fyrst það er út af
náðinni skeð so er verðuskuldanin
engin, annars væri náðin engin náð. En
er það út af verðskuldaninni þá er náð-
in ekkert, elligar væri verðskuldanin
engin verðskuldan.
7Hvað er nú þá? Það Ísrael eftirleitaði
það hefur hann eigi auðlast en útvaln-
ingin auðlaðist það en þeir aðrir eru

forblindaðir. [8]Eftir því sem skrifað er:
„Guð gaf þeim einn þverúðaranda og
augu að þeir sjá eigi og eyru að þeir
heyra eigi“ allt til þessa dags. **Esaias
29:10** [9]Davíð segir og:„Þeirra borð lát
þeim verða að snöru, til fjötrunar og
hneyskla og þeim til endurgjalds.
[10]Forblinda og þeirra augu so þeir sjái
eigi og beyg jafnan þeirra hrygg.“ **Sálmarnir 69:22-23**

[11]So segi eg nú: Hafa þeir þar fyrir rekið sig á að þeir skyldu falla? Langt er frá því. Heldur er út af þeirra hrasan heiðingjum heilsugjöf orðin so að þeir hvöttu þá til vandlætingar. [12]Því ef þeirra fall er heimsins auðlegð og þeirra minnkan heiðinna manna ríkdómur, hversu mikið meir væri það so ef þeirra full tala þar væri? [13]Við yður heiðingja tala eg: Með því að eg em postuli heiðinna manna vil eg mitt embætti heiðra, [14]ef eg gæta þá einhvernegin hvatt þá sem mitt hold eru til vandlætingar og nokkra af þeim hjálplega gjört. [15]Því ef þeirra glatan er heimsins forlíkun hvað væri það annað en vér öðluðunst lífið af dauðanum? [16]Því ef sneiðirnar eru heilagar þá er og deigið heilagt og ef rótin er heilög þá eru og kvistirnir heilagir.

[17]En þó nokkrir af kvistunum sé afbrotnir en þú sem vart villur viðsmjörsviður ert á millum þeirra innplantaður og vorðinn hluttakari þeirrar rótar og feitleika þess viðsmjörsviðar, [18]fyrir því skaltu eigi meta þig í gegn kvistunum. Ef ef þú metur þig í gegn þeim þá mátt þú vita að þú ber eigi rótina heldur ber rótin þig. [19]Þú segir so: Kvistirnir eru því afbrotnir að eg yrði innplantaður. [20]Það er og sanntalað. Fyrir vantrúar sakir eru þeir afbrotnir en þú stendur fyrir trúna. Vert því eigi metnugur heldur óttasleginn. [21]Því ef Guð hefur ekki þyrmt náttúrlegum kvistum, verða má að hann þyrmi þér eigi heldur. [22]Þar fyrir sjá þú góðgirni Guðs og harðúð, harðúðina á þeim sem fallnir eru en góðgirnina á þér, ef þú stöðugur blífur í góðgirninni, elligar verður þú og einnin afhöggvinn. [23]Og hinir aðrir ef þeir blífa eigi í vantrúnni þá verða þeir innplantaðir því að Guð er máttugur til að rótfesta þá inn aftur. [24]Því ef þú sem af náttúru ert villtur viðsmjörsviður ert afsniðinn og í mót náttúrunni ert innplantaður á hið góða viðsmjörstréð, miklu framar munu þeir þá sem eftir náttúrunni eru innplantast sínum viðsmjörsviði.

[25]Eg vil eigi dylja fyrir yður, góðir bræður, þennan leyndan dóm svo að þér séuð eigi metnaðarfullir með sjálfum yður. Blindleiki er í sumum máta Ísrael yfirfallinn þangað til að fylling heiðinnar þjóðar er inn komin [26]og öll Ísrael verði svo hólpin, eftir því sem skrifað er: „Út af Síon mun koma sá sem frelsar og umsnýr óguðlegu athæfi af Jakob. [27]Og þessi er minn sáttmáli við þá nær eg burttek þeirra syndir.“ **Esaias 59:20-21** [28]En eftir útvalningunni hefi eg þá kæra fyrir feðranna sakir.

[29]Guðs gjafir og kallan eru óumskiptilegar. [30]Því að líka so sem þér hafið eigi forðum trúað á Guð en nú hafi þér miskunn öðlast fyrir þeirra vantrúar skuld [31]so hafa nú hinir og eigi viljað trúa á miskunn þá sem þér hafið hlotið so að þeir mættu og miskunnsemi öðlast. [32]Því að Guð lukti alla undir vantrúnni upp á það að hann miskunnaði öllum.

[33]Ó hvílík dýpt auðæfanna, bæði spekinnar og so Guðs viðurkenningar! Hversu óumræðanlegir eru hans dómar og ófinnanlegir hans vegir! [34]„Því hver hefur þekkt Herrans sinni eða hver hefur hans ráðgjafi verið? **Job 15:8 Esaias 40:13** [35]Eða hver hefur honum nokkurt fyrri gefið so að honum mætti það verða endurgoldið?“ **Job 35:7, 41:11** [36]Því að af honum og fyrir hann og í honum eru allir hlutir. Honum sé heiður og dýrð að eilífu. Amen.

12 Fyrir því beiði eg yður, góðir
bræður, fyrir miskunn Guðs að
þér gefið yðra líkami til þess offurs sem
lifandi er og heilagt og Guði þakknæmt
hvert að er yðar skynsammleg Guðs
þjónusta. [2]Og hegðið yður eigi eftir
þessum heimi heldur gjörið yður um-
skiptilega með endurnýjungu yðvars
hugskots so að þér megið reyna hver
að sé góður, þægur og algjörður Guðs
vilji. [3]Því að eg segi fyrir þá náð sem
mér er gefin hverjum sem einum yðar á
milli það enginn haldi meir út af sér en
honum byrjar af sér að halda heldur
haldi hann út af sér hóflega eftir því
sem Guð hefur útskipt hverjum og ein-
um mæling trúarinnar.

[4]Því að líka sem vér höfum marga
limu á einum líkama en allir limirnir
hafa ei líka hegðan líka [5]so erum vér
margir einn líkami í Christo en vor á
millum erum vér hver annars limur og
höfum margháttaðar gjafir [6]eftir þeirri
náð sem oss er gefin. Hafi nokkur spá-
dóm þá sé hann trúnni líkur. [7]Hefur
nokkur embætti þá gæti hann þess
embættis. Kennir nokkur þá vakti hann
þá kenning. [8]Áminnir nokkur þá hyggi
hann að þeirri áminning. Gefur nokkur
þá gefi hann einfaldlega. Stjórnar nokk-
ur þá stjórni hann með áhyggju. Frem-
ur og nokkur miskunnsemi þá gjöri
hann hana með góðfýsi.

[9]Elskan sé flærðarlaus. Hatið hið
vonda en loðið á hinu góða. [10]Bróður-
legur kærleiki sé ástúðlegur yðar á
milli. Hafi hver annan sér í virðingum
æðra. [11]Verið og eigi latir í því þér skul-
uð vinna. Verið glóandi í andanum.
Hegðið yður eftir tíðinni. [12]Verið glaðir
í voninni en þolinmóðir í kvölinni,
staðfastir í bæninni. [13]Annist nauð-
þurftir volaðra. Kostgæfið gestrisni.
[14]Blessið þá er yður ofsækja, blessið en
bölvið eigi. [15]Fagnið með fögnundum
en grátið með grátundum. [16]Verið sam-
huga innbyrðis. Stundið eigi það hvað
hátt er heldur lútið að því sem lágt er.
Verið eigi sérklókir. [17]Gjaldið öngum illt
á móti illu. Leggið kapp á að vera siðsa-
mir það mögulegt er við hvern mann
[18]og það þér formegið þá hafið frið við
alla menn.

[19]Hefnið yðar eigi sjálfir, mínir elsku-
legir, heldur gefiðrúm reiði Guðs. Því
að skrifað er: „Mín er hefndin, eg vil
endurgjalda, segir Drottinn.“
Deuteronomium 32:25
[20]Nú ef óvin þinn hungrar þá gef hon-
um fæðu, þyrstir hann gef honum að
drekka en nær þú gjörir þetta þá safnar
þú glóðum elds yfir höfuð honum.
Orðskviðirnir 25:21-22 [21]Lát ei yfir-
stíga þig hið vonda heldur yfirvinn þú
hið vonda með góðu.

13 Hver maður sé valdstjórninni
undirgefinn þeirri sem yfir
honum stjórnar. Því að sú er eigi nokk-
ur valdstjórn utan hún sé af Guði. En
hvar valdstjórnin er þá er hún af Guði
skikkuð. [2]Hver hann mótstendur nú
valdstjórnina sá stendur í móti Guðs
skikkan. En þeir sem í móti standa
munu yfir sig taka dómsáfelli. [3]Því að
valdið er ei góðum verkum heldur
vondum til skelfingar. En viltu eigi ótt-
ast valdstjórnina þá gjör hvað gott er
og muntu lofstír af henni hafa. [4]Því að
hún er Guðs þénari þér til góða. En ef
þú gjörir hvað vont er máttu óttast því
að hún ber eigi sverðið forgefins. Því að
hún er Guðs þénari og hefndarmaður
að aga þann sem illa gjörir. [5]Hvar fyrir
oss byrjar undirgefnum að vera, eigi
alleinasta hirtingarinnar vegna heldur
og líka einnin fyrir samviskunnar sakir.
[6]Þar fyrir hljóti þér og skatt að gjalda
því að þeir eru Guðs þénarar sem slíkar
verndanir skulu handtéra.

[7]Því gefið það hverjum sem þér
pligtugir eruð: Þeim skatt sem skattur
heyrir, þeim toll er tollur heyrir, þeim
ótta er ótti heyrir, þeim heiður sem
heiðran heyrir. [8]Verið öngum skyldugir
nema það þér elskið hver annan. Því

hver hann elskar annan sá hefur lögmálið uppfyllt. [9]Því að það sem þar segist: „Þú skalt eigi hór drýgja,“ „eigi mann vega,“ „eigi stela,“ „eigi ljúgvitni mæla,“ „þú skalt og eigi girnast,“ og ef þar er nokkurt annað boðorð þá felst það í þessum orðum: „Elska skaltu náunga þinn sem sjálfan þig.“ **Exódus 20:13-17, Deuteronomium 5:17-21, Leviticus 19:18** [10]Elskan gjörir náunganum ekki mein. Því er nú elskan lögmálsins uppfylling.

[11]Og með því að vér vitum slíkt, einkum þá stund það tími er upp að rísa af svefninum af því að vor heill er nú nær heldur en þá vér trúðum. [12]Nóttin er umliðin en dagurinn tekur að nálgast. Leggjum því af verkin myrkranna og ískrýðumst herklæðum ljóssins [13]svo að vér göngum siðsamlega sem á degi, eigi í ofáti eða ofdrykkju, eigi í legukofum og munaðlífi, eigi í þráttan né öfundsýki, [14]heldur íklæðist þér Drottni Jesú Christo. Og rækið holdið þó so það fremji ekki sínar girndir.

14 En þann sem breyskur er í trúnni þá annist og skelfið ekki samviskurnar. [2]Annar trúir hann megi alls neyta en hinn sem breyskur er eti hann kálgresi. [3]En hver eð etur hann forsmái ekki þann sem ekki etur. Og hann sem ekki etur dæmi eigi þann sem etur því Guð annaðist hann. [4]Hver ert þú sem annarlegan þjón dæmir? Hann stendur eða fellur sínum lávarði. En hann fær hann vel viðrétt því að Guð er máttugur hann upp að rétta. [5]Annar heldur meir af öðrum degi en af öðrum, hinn annar heldur alla daga jafna. Hver einn láti sér sitt hugboð fullnægja. [6]Hann sem af deginum heldur gjörir það Drottni og hinn sem þar heldur ekkert af hann gjörir það og Drottni. Og hver eð etur sá etur í Drottni því að hann gjörir Guði þakkir og hinn sem ekki etur hann etur eigi í Drottni og gjörir Guði þakkir. [7]Því ef vér lifum þá lifum vér Drottni, deyjum vér þá deyjum vér Drottni. [8]Þar fyrir hvort vér lifum eða deyjum þá erum vér Drottins. [9]Því að þar fyrir hefur Kristur dáið, upp aftur risið og endurlifnað það hann sé Drottinn yfir lifendum og dauðum.

[10]En þú, hvað dæmir þú þinn bróður? Eða þú hinn annar, hvar fyrir forsmár þú þinn bróðir? Því vér munum allir standa fyrir dómstóli Krists [11]eftir því sem skrifað er: „So sennilega sem eg lifi, segir Drottinn, mér skulu öll kné beygjast og allar tungur skulu Guð viðurkenna.“ **Esaias 45:23** [12]Þá mun og hver sem einn fyrir sjálfan sig gjalda Guði reikningskap. [13]Fyrir því látum oss nú eigi meir dæma hvor um annan héðan í frá.

Heldur dæmið miklu framar um það að bróðurnum leggist eigi til nokkur hindran eður hrasanarefni. [14]Eg veit það og em þess fullviss í Drottni Jesú að þar er ekkert almennilegt í sjálfu sér nema þein sem það reiknar fyrir almennt, honum er það almennilegt. [15]Nú ef bróðir þinn sturlast upp fyrir þinna fæðslu sakir þá gengur þú þegar eigi eftir kærleikanum. Minn kæri, fordjarfa eigi þann með þínum mat fyrir hvern Kristur er dáinn. [16]Fyrir því kostið kapps um að yðvar auður verði eigi lastaður. [17]Því að Guðs ríki er ekki matur og drykkur heldur réttlæti, friður og fögnuður í Heilögum Anda. [18]Hver hann þjónar Kristi þar með sá er Guði þekkur og mönnum geðfelldur.

[19]Fyrir því látum oss stunda eftir því sem til friðarins heyrir og varðveitum það sem til betrunar er vor á meðal. [20]Minn kæri, fordjarfa þú eigi Guðs verk fyrir matarins sakir. Allir hlutir eru að sönnu hreinir en það er honum eigi gott sem það etur með nagan sinnar samvisku. [21]Miklu betra er að þú etir ekki kjöt og drekkir ekkert vín eða það nokkuð sem þinn bróðir rekur sig á eða argast af eða veikist við. [22]Hafir þú

trúna þá haf hana hjá sjálfum þér fyrir Guði. Sæll er sá sem öngva samvisku gjörir sjálfum sér í því hann neytir. 23En hann sem efablandinn er og etur sem áður sá er fordæmdur því að það sker ekki af trú. En hvað ekki er út af trúnni það er synd.

15 En vér sem styrkvir erum skulum umlíða vanmátt þeirra sem breysklegir eru og hafa eigi geðþekkni á sjálfum oss. 2Og hver sem einn vorra hegði sér so það hann þóknist sínum náunga í góðu til betrunar. 3Því að Kristur hafði ekki geðþekkni á sjálfum sér heldur eftir því sem skrifað er: „Þeirra smánir sem þig lýttu féllu yfir mig.“ **Sálmarnir 69:9** 4En hvað sem skrifað er þá er það skrifað oss til lærdóms so að vér fyrir þolinmæði og huggun Ritninganna hefðum vonina. 5En Guð þolinmæðinnar og hugganarainnar gefi yður það að þér séuð samlyndir yðar á milli eftir Jesú Christo 6svo að þér mættuð með einu samheldi og einum munni dýrka Guð og Föður vors Drottins Jesú Christi. 7Þar fyrir annist hver annan innbyrðis líka sem Kristur annaðist yður Guði til heiðurs.

8En eg segi Jesúm Krist verið hafa þjónustumann umskurnarinnar fyrir Guðs sannleika sakir til staðfestu fyrirheitanna sem til feðranna eru skeð. 9En það að heiðinn lýður heiðrar Guð er fyrir miskunnsemdina orðið eftir því sem skrifað er: „Fyrir það vil eg, Drottinn, vegsama þig meðal heiðinna þjóða og þínu nafni syngja lof.“ **2.Samuel 22:50, Sálmarnir 18:49-50** 10Og í annað sinn segir hann: „Fagni þér heiðingjar meður hans fólki.“ **Deuteronomium 32:43** 11Og enn aftur: „Lofi þér Drottin, allar þjóðir, og mikli hann allur lýður.“ **Sálmarnir 117:1** 12Og enn aftur segir Esaias: „Það mun ske að rót Jesse og hann sem upp rís til að stjórna heiðnum þjóðum það á hann munu heiðnir menn vona.“ **Esaias 11:1** 13En Guð vonarinnar fylli yður með öllum fagnaði og friði í trúnni so að þér hafið gnægð í voninni fyrir kraft Heilags Anda.

14En eg em fullvís í því, bræður mínir, það þér sjálfir eruð fullir góðgirni, uppfylldir allrar visku so að þér getið leiðrétt hver fyrir öðrum. 15Og fyrir þá sök skrifaði eg, bræður mínir, þess djarlegar til yðar so sem yður áminnandi af hálfu þeirrar náðar sem mér er af Guði gefin 16það eg skuli vera Krists þénari meðal heiðinna þjóða fórnfærandi Guðs evangelium so að heiðinn lýður yrði Guði þægilegt offur helgað fyrir hans Heilagan Anda. 17Þaðan hefi eg það hvar af eg má hrósa mér í Christo Jesú að eg er Guðs þénari. 18Því að eg dirfðist eigi nokkuð að tala af þessu ef Kristur efldi ekki það sama fyrir mig að koma heiðinni þjóð til hlýðninnar fyrir orð og gjörðir, 19fyrir kraft táknanna og stórmerkjanna og fyrir mátt Guðs Anda, so að eg hefi í frá Jerúsalem og þar um kring liggjandi lönd allt til Illiricum uppfyllt með Krists guðsspjalli 20og sérdeilis lagt kapp á að prédika Guðs evangelium þar hvar nafn Krists var eigi kunnigt, so að eg byggði eigi upp á annarlegan grundvöll, 21heldur eftir því sem skrifað er: „Þeim sem ekkert var af honum boðað þeir skulu það sjá og hinir er það hafa ekki heyrt þeir skulu það skilja.“ **Esaias 52:15**

22Þar er tilefnið hvert mér hefur oftsinnis talsmát til yðar að koma. 23Og fyrst eg hefi nú eigi rúm meir í þessum löndum en eg hefi þó haft lysting á um mörg ár að koma til yðar 24en þá eg reisi í Spaniam mun eg koma til yðar. Því að eg vænti að eg muni þar hjá yður um fara og sjá yður og af yður út þaðan á veg leiddur verða þó so að eg taki áður hvíld hjá yður um stundarsakir.

25En nú reisi eg til Jerúsalem þeim heilögu til þjónustu er þar eru. 26Því þeir af Macedonia og Achaia hafa viljanlega samanlagt nokkurn almenni-

legan peningastyrk þeim voluðum heilögum til bjargar sem eru í Jerúsalem. [27]Það hafa þeir viljanlega gjört. Þeir eru og þeirra skuldamenn. Því fyrst hinir heiðnu eru hluttakarar vornir þeirra andlegra auðæfa þá er skaffilegt að þeir sýndi þeim björg í líkamlegum auðæfum. [28]En nær eg hefi þetta fullkomnað og innsiglað þeim þann ávöxt mun eg ferðast fyrir yður í Spaniam. [29]En eg veit nær eg kem til yðar það eg mun koma með fullri blessan Krists evangelii.

[30]En eg beiði yður, bræður mínir, fyrir vorn Drottin Jesúm Krist og fyrir andarins kærleika að þér hjálpið til í yðrum bænum fyrir mér til Guðs [31]svo að eg frelsist frá þeim vantrúuðum sem á Gyðingalandi eru og það mín þjónusta sem eg gjöri til Jerúsalem verði þeim heilögum þakknæm [32]svo að eg mætti fyrir Guðs vilja til yðar koma í fagnaði að eg endurnærða mig með yður. [33]En Guð friðarins sé með öllum yður. Amen.

16 Vora systur Pheben fel eg yður á hendi, hver að er þjónustukvinna safnaðarins til Cencrea, [2]það þér meðtakið hana í Drottni so sem heilögum hæfir og gjörið henni hjástoð í hverri nauðþurft sem hún kann yðar við að þurfa því að hún hefur mörgum hjástoð veitt og mér sjálfum. [3]Heilsið Priscam og Aquilam, mínum hjálparmönnum í Christo Jesú, [4]þeir eð sína hálsa hafa útsett fyrir mitt líf, hverjum ekki alleinasta eg gjöri þakkir heldur allir söfnuðir heiðinnar þjóðar. [5]Og heilsið þeim safnaði sem í þeirra húsi er. Heilsið Epenetum, mínum elskanlegum sá sem að fyrstur er þeirra úr Achaia í Christo. [6]Heilsið Mariam hver mikið erfiði hefur haft með oss. [7]Heilsið Andronico og Junion, mínum náfrændum og sambandingjum, hverjir að frægir eru á meðal postulanna og fyrir mér voru í Christo Jesú. [8]Heilsið Amplian mínum elskulegasta í Drottni. [9]Heilsið Urbano vorum hjálparmanni í Christo Jesú og Stachyn mínum elskanlegum. [10]Heilsið hinum mæta Apellen í Christo. Heilsið þeim sem eru af heimkynnum Aristoboli. [11]Heilsið og mínum frænda Herodionem. Heilsið og þeim sem eru af heimkynni Narcissi í Drottni. [12]Heilsið Triphena og hinum Triphesa, hverjir mikið hafa liðið í Drottni. Heilsið Persida minni elskulegri, hver að mikið hefur liðið í Drottni. [13]Heilsið Rufo hinum útvalda í Drottni og hans móður og minni. [14]Heilsið Asyncriton og Phlegontem, Herman, Patroban, Hermen og þeim bræðrum sem hjá þeim eru. [15]Heilsið Philologum og Julian, Nereum og systur hans og Olimpan og öllum heilögum sem hjá þeim eru. [16]Heilsið hver öðrum yðar á milli með heilögum kossi. Yður heilsa allir Krists söfnuðir.

[17]En eg minni yður á, góðir bræður, að þér hafið gát á þeim sem rugl og hindranir uppbyrja í gegn þeim lærdómi sem þér hafið lært og snúið frá þeim sömum. [18]Því að þess háttar menn þjóna eigi Drottni Jesú Christo heldur sínum kviði og fyrir sætleg orð og fagurlegt máltæki tæla þeir hjörtu meinlausra. [19]Því að yðar hlýðni er í bland allra útkomin. Fyrir það fagna eg yfir yður. En eg vil að þér séuð vitrir upp á hið góða og einfaldir upp á hið vonda. [20]En Guð friðarins mun innan skamms sundurmerja þann andskota undir yðra fætur. Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður.

[21]Yður heilsar Tímóteus minn hjálparmann og Lucius og Jason og Sósípater, mínir náfrændur [22]og Tertíus sem þetta bréf skrifaði heilsar yður í Drottni. [23]Yður heilsar Gajus minn og alls safnaðarins húsbóndi. Yður heilsar Erastus, borgarinnar fjárrentuvörður og Quartus bróðir. [24]Náð Drottins vors Jesú Christi sé með yður öllum. Amen.

[25]En honum sem máttugur er yður að
styrkja eftir mínu evangelio og prédik-
an út af Jesú Christo fyrir hverja leynd-
ur dómurinn er uppbirtur sem í frá ver-
aldar upphafi hefur yfir verið þagað
[26]en nú opinberaður og auglýstur fyrir
ritningar spámannanna eftir boði eilíf-
legs Guðs, trúarinnar hlýðni til uppreis-
ingar meðal allra heiðinna þjóða, [27]þeim
einusaman Guði sem alleina er vitur sé
dýrð fyrir Jesú Krist að eilífu. Amen.

Til Rómverja sendur af Corintio fyrir Pheben sem þjónustukvinna var safn-aðarins til Cencrea

HINN FYRRI S. PÁLS PISTILL TIL CORINTHIOS

1 Páll, kallaður til postula Jesú Christi fyrir vilja Guðs, og Sóstenes vor bróðir [2]þeim Guðs söfnuði sem er í Korintíu, þeim helgaðir eru í Christo Jesú, þeim kölluðum heilögum samt öllum þeim sem ákalla nafn Drottins vors Jesú Christi í öllum þeirra landsálfum og vorum:

[3]Náð og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Christo sé með yður. [4]Þakkir gjöri eg Guði mínum iðuglega yðar vegna fyrir þá Guðs náð sem yður er gefin í Christo Jesú [5]það þér eruð fyrir hann í öllum hlutum auðgaðir í allri kunnáttu og viðurkenningu [6]eftir því sem sú prédikan af Christo Jesú er kröftug vorðin í yður [7]so að þér hafið öngvan brest í nokkuri gjöf, eftirbíðandi auglýsingu vors Drottins Jesú Christi [8]sá er yður mun staðfesta allt að lokum so að þér séuð óstraffanlegir á degi Drottins vors Jesú Christi. [9]Því Guð er trúr fyrir hvern þér kallaðir eruð til samlags sonar hans Jesú Christi vors Drottins.

[10]En eg beiði yður, bræður, fyrir nafn Drottins vors Jesú Christi það þér hafið allir hinn sama orðróm og eigi sé þar nokkurt sundurlyndi yðar á milli heldur það þér séuð fullkomnir í samlíkri lund og einnri meiningu. [11]Því að mér er so kunngjört, bræður mínir, af þeim sem af Cloes heimkynni eru út af yður að þrætur sé yðar á milli. [12]En eg segi þar af það hver yðar einn skuli segja: „Eg em Páls,“ sá annar: „Eg em Appolinis,“ hinn þriðji: „Eg em Kefas,“ hinn fjórði: „Eg em Krists.“ [13]Hvað? Er Kristur nú þá í sundurskiptur? Er nokkuð Páll fyrir yður krossfestur? Eða eru þér skírðir í Páls nafni? [14]Eg þakka Guði það eg hefi öngvan yðvarn skírt utan Crispum og Gajum [15]so að enginn þurfi það að segja að þér séuð skírðir í mínu nafni. [16]Eg skírða og heimamenn Stephane. Framar veit eg ekki hvort eg hefi nokkurn yðvarn annan skírt.

[17]Því að Kristur sendi mig eigi til að skíra heldur að boða Guðs evangelion, eigi meður orðasnilld so að eigi yrði kross Christi að hégóma. [18]Því að þetta orð af krossinum er fíflska þeim sem fortapaðir verða en oss sem hjálpast er það Guðs kraftur. [19]Því að so er skrifað: „Eyða mun eg visku vitringanna og skilning skynsamra mun eg forleggja.“ **Esaias 29:14** [20]Hvar er nú spekingurinn? Hvar er ritningameistarinn? Hvar er veraldarvitringurinn? Hefur Guð ekki gjört speki heims þessa að heimsku? **Esaias 33:18**

[21]Því að á meðan heimurinn fyrir sína visku þekkti ekki Guð í sínum vísdómi þóknaðist Guði það vel fyrir fávíslega prédikan hjálplega að gjöra þá sem þar á trúa. [22]Með því að Gyðingar æskja teikns og Grikkir spyrja að speki [23]en vér prédikum Krist hinn krossfesta, Gyðingum að sönnu hneykslan en Grikkjum heimsku. [24]En þeim sem kallaðir eru, bæði Gyðingum og Grikkjum, boðum vér Krist, einn guðlegan kraft og guðlega speki. [25]Því að Guðs fáviska er mönnum hyggnari og Guðs veikleiki er mönnum styrkvari.

[26]Fyrir því álítið, góðir bræður, yðra kallan það eigi eru margir spekingar eftir holdinu, ei margir voldugir, eigi margir eðalbornir kallaðir [27]heldur það hvað heimskulegt er fyrir heiminum það hefur Guð útvalið upp á það að hann gjörði vitringana að hneykslan. [28]Og það sem veiklegt var fyrir heiminum það útvaldi Guð so að hann gjörði að hneykslan það hvað öflugt er og það sem óeðla var fyrir heiminum og forsmáð það hefur Guð útvalið og það sem ekkert er so að hann niðurþrykkti það

hvað nokkursháttað er, [29]so að enginn maður mætti sér fyrir hans augum hrósa, [30]út af hverjum þér eruð komnir í Christo Jesú, hver oss er af Guði gjörður til vísdóms og réttlætis, til helgunar og til endurlausnar. [31]„So að hver (eftir því sem skrifað er) sem sér hrósar, sá hrósi sér í Drottni.“ **Jeremias 9:24**

2 Og eg, góðir bræður, þá eg kom til yðar kom eg ekki meður orðahæð eður hárri visku til yðar að boða yður Guðs prédikan. [2]Því eg hélt mig ekkert vita yðar á milli utan Jesúm Krist þann hinn krossfesta. [3]Og eg var hjá yður meður veikleika og með ugg og ótta miklum. [4]Mín ræða og mín prédikan var eigi í snilldarorðum mannlegrar visku heldur í auðsýningu Andans og kraftarins [5]so að yðar trú sé ei af mannlegri visku heldur af Guðs krafti.

[6]En þar vér ræðum um það er þó speki á meðal þeirra sem algjörðir eru en þó engin þessa heims speki og eigi þessa heims höfðingja hverjir að forganga [7]heldur segum vér af þeirri heimuglegri hulinni Guðs speki hverja Guð hefur fyrirhugað fyrir aldir til vorrar dýrðar, [8]hverja enginn þessara heims höfðingja hefur þekkt. Því ef þeir hefðu þekkt hana þá hefðu þeir eigi krossfest Drottin dýrðarinnar, [9]heldur eftir því sem skrifað er: „Það eigi hafi auga séð og eigi eyra heyrt og ekki í mannsins hjarta komið hvað Guð hefur fyrirbúið þeim er hann elska.“ **Sálmarnir 31:19, Esaias 64:4**

[10]En oss hefur Guð það opinberað fyrir sinn Anda. Því andinn rannsakar alla hluti, einnin djúpleika Guðdómsins. [11]Hver manna er sá að viti hvað í manninum er utan alleinasta sá andi sem með sjálfum honum er? So líka veit og enginn hvað Guðs er nema Guðs Andi. [12]En vér höfum ei meðtekið þessa heims anda heldur þann anda sem af Guði er so að vér vitum hvað oss er af Guði gefið, [13]hvar vér og af segjum, eigi meður þeim orðum sem mannleg viska kennir heldur með þeim orðum sem Heilagur Andi lærir, dæmandi so andleg efni andlegana. [14]En líkamlegur maður skynjar ekkert það sem er af Guðs Anda af því að það er honum heimska og hann fær eigi skilið því að það hlýtur andlegana að úrskurðast. [15]En sá andlegur er hann gegnumsér alla hluti en hann verður af öngum rannsakaður. [16]Því að hver hefur þekkt hugskot Drottins eða hver lagði honum nokkuð ráð? En vér höfum Krists hugskot.

3 Og eg, góðir bræður, mátti eigi tala við yður so sem við andlega heldur so sem við líkamlega og líka sem við önnur ungberni í Christo. [2]Mjólk hefi eg yður til drykkjar gefið en eigi megnan mat. Því að þér formáttuð það ekki. So formegi þér það nú enn eigi [3]heldur það þér eruð enn líkamlegir. Því að á meðan at, agg og þrætur eru yðar á milli, eru þér þá eigi líkamlegir og gangið eftir líkamlegri siðvenju? [4]Því þá nokkur yðar segir: „Eg em Páls,“ hinn annar: „Eg em Appollinis,“ eru þér þá eigi líkamlegir? [5]Hvað er Páll eða hver er Apollo utan þjónustumenn, fyrir hverja þér eruð trúaðir orðnir og það sama eftir því sem Drottinn hefur hverjum einum veitt? [6]Eg plantaði, Apollo vökvaði en Guð hefur frjóvgunina gefið. [7]So er nú hverki eg né sá sem plantaði né sá er vökvar nokkuð heldur Guð sá er frjóvgunina gefur.

[8]En sá sem plantar og hinn sem vökvar þeir eru eins. En hver einn mun sitt eiginlegt verðkaup öðlast eftir sínu erfiði. [9]Því vér erum Guðs samerfiðismenn. Þér eruð Guðs akurvinna og Guðs uppbygging. [10]Eg hefi út af þeirri Guðs náð sem mér er gefin grundvöllinn lagt so sem einn hygginn húsasmiður en einn annar byggir þar yfir. Hver einn hafi og gát á hvernin hann byggir

þar yfir. 11Því að enginn fær annan grundvöll lagt heldur en þann sem áður er lagður hver að er Christus Jesús. 12En ef nokkur byggir upp á þennan grundvöll gull, silfur, gimsteina, trjáhark, hey, stráhálm, 13þá mun hvers eins verknaður opinber verða og dagurinn mun hann augljósan gjöra. Því að hann mun með eldi opinberaður verða og hvílíkur að hvers eins verknaður sé þá mun eldurinn reynslu á gjöra. 14Ef nokkurs verknaður blífur sá hann hefur þar yfir byggt þá mun hann laun öðlast. 15En hvers verknaður sem forbrennur þá mun hann skaðsemi líða en hann sjálfur mun hólpinn verða þó so líka sem það sé fyrir eldinn.

16Viti þér ekki það þér eruð Guðs musteri og það Guðs Andi byggir í yður? 17En hann sem skammar Guðs musteri þeim mun Guð tortýna. Því að Guðs musteri er heilagt, hvert þér eruð. 18Tæli enginn sjálfan sig. Og ef nokkur er sá yðar á milli sem vitur þykist vera verði hann að þessa heims óvitringi so að hann mætti vitur vera. 19Því að þessa heims speki er heimska hjá Guði. Því að so er skrifað: „Höndla mun eg spekinga í slægvisku þeirra.“ **Job 5:13** 20Og enn aftur: „Drottinn veit hugsanir spekinganna því að þær eru hégómlegar.“ **Sálmarnir 94:11** 21Fyrir því meti sig enginn af mönnum. Allt er það yðvart, 22sé það Páll eða sé það Apollo, sé það Kefas eða heimurinn, sé það lífið eða dauðinn, sé það hið nálæga eða ókomna, allt er það yðvart 23en þér eruð Krists en Kristur er Guðs.

4 Þar haldi oss hver mann fyrir, einkum fyrir Guðs þénara og verkstjórnara yfir Guðs leynda dóma. 2Nú heimtum vér eigi meir af verkstjórnurunum en það þeir finnist trúir. 3Því er mér það fyrir minnsta kosti að eg skuli af yður dæmast eður af mannlegum degi. En þó dæmi eg mig ei sjálfur. 4Því eg veit mín ekkert en í því em eg þó ekki réttlátur. Drottinn er sá sem dæmir. 5Fyrir því dæmið ekki fyrir tímann þangað til að Drottinn kemur, sá er auglýsa mun það í myrkrunum er hulið og opinber gjöra ráðin hjartnanna og mun þá hverjum sem einum lofstír ske af Guði.

6En þetta, góðir bræður, hefi eg myndað upp á sjálfan mig og Apollo yðar vegna so að þér lærðuð af okkur það enginn haldi meir af sér en so sem nú er skrifað upp á það að enginn hrósi sig upp mót öðrum fyrir nokkurs sakir. 7Því hver heldur þér fram eða hvað hefur þú það þú hafir eigi meðtekið? En fyrst þú hefur það meðtekið, hvað metur þú þig þá sem sá það hefði ekki meðtekið? 8Þér eruð nú saddir, þér eruð nú þegar auðugir vorðnir, þér ríkið án vor. Gæfi það og Guð að þér ríktuð so að vér mættum og ríkja með yður.

9En eg meina að Guð hafi auðsýnt oss postulana fyrir hina allra síðustu, so sem dauðanum yfirgefna, því að vér erum sjónargler vorðnir heiminum, og so englum og mönnum. 10Vér erum þussar fyrir Krists sakir en þér forhyggnir í Christo, vér veikir en þér styrkvir, þér dýrðlegir, vér forsmánarlegir. 11Því að allt til þessa dags þolum vér svengd og þosta og erum klæðfáir og verðum hnefum barðir, höfum öngvan samastað, 12erfiðum og verkum með vorum eigin höndum. Og nær oss er formælt þá blessum vér, eru vér ofsóttir, þá líðum vér, 13erum vér lastaðir þá beiðiu vér, og jafnan erum vér so sem hrak þessarar veraldar og hreinsunaroffur allra manna allt til þessa. 14Þetta skrifa eg eigi upp á það eg hneyksli yður heldur áminni eg yður so sem mína kærustu syni. 15Því þó þér hefðið tíu þúsundir lærimeistara í Christo þá hafi þér þó ei feðurna marga því að í Christo Jesú fyrir evangelium þá hefi eg alið yður. 16Fyrir því áminni eg yður að þér séuð mínir eftirfylgjarar. 17Þar fyrir sendi eg Timotheum til yðar,

hver að er minn kær og trúr sonur í
Drottni, að hann undirvísi yður mína
vegu þá sem að eru í Christo líka sem
eg í öllum samkundum og alls staðar
kenni. 18Þar hroka sér nú nokkrir upp
sem eg mundi eigi koma til yðar. 19En
eg mun þó snarlega koma til yðar ef
Drottinn vill að eg reyni, eigi orð þeirra
sem upphrokaðir eru heldur kraft. 20Því
að Guðs ríki er eigi fólgið í orðum held-
ur í krafti. 21Hvað vilji þér? Skal eg með-
ur vendi til yðar koma eða með kærleik
og hógværum anda?

5 Almennilegt rykti er það þar séu
hóranir yðar á milli og þó slík hór-
an sem ei er getið á meðal heiðinna
þjóða það að nokkur skal hafa síns föð-
urs eiginkonu. 2Og þó eru þér upphrok-
aðir og hafið ekki miklu framar önn um
alið so að sá sem það verk hefur drýgt
yrði í miðið burt tekinn frá yður. 3Að
sönnu eg fráverandi líkama, þó nálæg-
ur í anda, hefi so sem þar nærverandi
dæmt yfir honum sem slíkt hefur gjört
4í nafni Drottins vors Jesú Christi að
yður samankomnum meður mínum
anda og með krafti vors Drottins Jesú
Christi 5hann ofur að selja andskotan-
um til holdsins fordjörfunar so að
andinn sé hjálplegur á degi Drottins
vors Jesú.

6Yðvar hrósun er ekki góð. Viti þér
ekki að lítið súrdeig sýrir allt brauðið?
7Fyrir því hreinsið burt hið gamla súr-
deigið so að þér séuð nýtt deig so sem
þér séuð ósýrðir. Því að vort páskalamb
er Kristur fyrir oss offraður. 8Fyrir því
höldum vora páska, eigi í gömlu súr-
deigi og eigi í súrdeigi illskunnar og
prettvísinnar heldur í sætu deigi skír-
leiksins og sannleikans.

9Eg skrifaði yður í bréfinu að þér
skylduð ekki samblandast hóranar-
mönnum. 10Öngvanegin meina eg
þessa heims hórunarmenn eða
ágirndarmenn, ræningja né blótmenn
skúrgoða, annars hlyti þér veröldina að
rýma. 11En nú skrifa eg yður það þér
skuluð eigi samblandast einkum ef sá
er nokkur sem sig lætur bróður kalla
og er frillulífismaður eða ágirndarmað-
ur, blótmaður skúrgoða eða brígslunar-
maður, ofdrykkjumaður eður ræningi.
Með þess konar mönnum skulu þér
ekki matar neyta. 12Því hvað koma þeir
við mig sem þar fyrir utan eru það eg
skyldi þá dæma? Er eigi so að þér dæm-
ið þá sem hér fyrir innan eru? 13En Guð
mun dæma þá sem fyrir utan eru. Látið
þann burt frá yður sem vondur er.
Deuteronomium 17:7, 19:19

6 Hvernin dirfist nokkur af yður
þótt hann hafi eitthvað kærumál í
móti öðrum að láta dæma það hjá rang-
látum og eigi heldur hjá heilögum? 2Viti
þér ekki það heilagir munu heiminn
dæma? Og fyrst heimurinn skal dæm-
ast af yður eru þér þá eigi nógu vel
fallnir til að dæma um það sem minni-
háttar er? 3Viti þér ei það vér munum
yfir englunum dæma? Hversu miklu
meir þá yfir stundlegum auðæfum? 4En
þér nær þér hafið nokkur málaferli um
stundlegan auð þá taki þér þá sem hjá
söfnuðinum forsmáðir eru og setjið þá
til yfirdómara. 5Yður til smánar segi eg
þetta. Er þá þá með öllu enginn so vitur
yðar á milli það dæma kynni millum
bróðurs og bróðurs? 6Heldur deilir
bróðir við bróður, þar ofan á fyrir van-
trúuðum.

7Það er sennilega fullkomlegt brot í
bland yður það þér hafið lagadeilur
yðvar á milli. Hvar fyrir líði þér ei
miklu heldur órétt? 8Eða því láti þér
ekki svíkja yður heldur? Þér gjörið
heldur rangt og svíkið og þó við bræð-
urnar. 9Viti þér ei það ranglátir munu
eigi eignast Guðs ríki? Látið eigi villa
yður: Hverki frillulífismenn né blót-
menn skúrgoða, eigi hórdómsmenn né
kvenlegir*)*, eigi heldur þeir sem skömm
drýgja með karlmönnum, 10eigi þjófar
né ágirndarmenn, eigi ofdrykkjumenn,

eigi hneykslarar né ræningjar munu Guðs ríki eignast. [11]Og þvílíkir hafa forðum daga nokkrir út af yður verið. En þér eruð nú afþvegnir, þér eruð nú helgaðir, þér eruð nú réttlættir fyrir nafnið Drottins Jesú og fyrir Anda Guðs vors. [12]Allt leyfist mér en eigi batar það mig allt. Eg hefi allra hluta vald en mig skal ekkert yfirbuga. [13]Fæðslan maganum og maginn fæðslunni en Guð mun þetta og hitt afmá. Líkaminn að sönnu eigi frillulifnaðinum heldur Drottni og Drottinn líkamanum. [14]En Guð hefur upp vakið Drottin, og so mun hann oss uppvekja fyrir sinn kraft. [15]Eða viti þér ekki það yðrir líkamir eru Krists limir? Skylda eg nú taka Krists lim og gjöra þar af skækjunnar lim? Það sé fjarri. [16]Eða viti þér ekki að hver hann samlagar sig skækjunni að sá er einn líkami meður henni? „Því að þau munu“ segir hann „tvö í einu holdi vera.“ **Genesis 2:24** [17]En hvað hann samtengir sig Drottni sá er einn andi með honum.

[18]Flýið frillulifnaðinn. Því að allar syndir hverjar maðurinn drýgir eru utan hans líkama en hver eð frillulifnaðinn drýgir sá syndgar við sinn eigin líkama. [19]Eða viti þér ekki að yðrir limir eru musteri þess Heilags Anda sem í yður er þann þér hafið af Guði? Þér eruð og eigi yðrir sjálfs [20]því að þér eruð dýru verði keyptir. Þar fyrir vegsamið Guð í yðrum líkama og yðrum anda hverjir Guðs eru.

7 Um aðra þá hluti þér skrifuðuð mér til andsvara eg það manninum er gott að hann snerti eigi neina konu. [2]En til að koma í veg fyrir frillulifnað þá hafi hver einn sína eiginkonu og hver ein hafi sinn eignarmann. [3]Maðurinn gjöri kvinnunni sitt skyldgt atlot, slíkt hið sama kvinnan manninum. [4]Konan hefur eigi vald síns líkama heldur maðurinn, líka og einnin maðurinn hefur eigi vald síns líkama heldur konan. [5]Tæli hvorki annað nema það sé af beggja samþykki um stundarsakir svo að þér séuð þess liðugri til föstu og bænahalds og komið síðan aftur til samans so að andskotinn freisti yðar ekki fyrir yðvars óstöðugleiks sakir.

[6]Þetta segi eg af vorkunnsemd og eigi eftir skipan. [7]En eg vildi heldur að allir menn væri so sem að eg em. Hver einn hefur sína eiginlega gjöf af Guði, einn að sönnu svo, en annar svo. [8]En það segi eg þeim ógiftum og ekkjunum að þeim er gott ef þeir blífa so sem eg. [9]En ef þeir fá sér eigi haldið giftist þeir þá því að betra er að giftast en að brenna. [10]En þeim sem giftir eru býður eigi eg heldur Drottinn það konan skilji sig ekki við manninn. [11]En ef hún skilur þá blífi hún utan hjúskapar eða forlíki sig við sinn mann. Og maðurinn forleggi ekki sína eiginkonu.

[12]Hinum öðrum segi eg, en ekki Drottinn, að ef einhver bróðir hefur vantrúaða konu og honum hagar að búa við hana þá skilji hann eigi við hana. [13]Og ef sú kona er sem vantrúaðan mann hefur og það hagar henni hjá honum að búa þá skilji hún eigi við hann. [14]Því að vantrúaður maður er helgaður fyrir konuna og vantrúuð kona er helguð fyrir manninn. Annars væri börn yðar saurug en nú eru þau heilög. [15]En ef hinn vantrúaði vill skiljast þá láti hann skiljast því bróðir eður systir eru ei forbundin af þess háttar efni. Guð hefur oss í friði kallað. [16]Eða hvað veistu það, kona, nema að þú kunnir að gjöra manninn hólpinn? Eða þú maður, hvað veistu nema þú getir gjört konuna hjálpega? [17]Þó eftir því sem Guð hefur hverjum einum úthlutað.

Hver og einn eftir því sem að Drottinn hefur hann kallað þá gangi hann og so skikka eg það til í öllum söfnuðum. [18]Er nokkur umskorinn kallaður, sá æski ei yfirhúðar. Er og nokkur kallaður í yfirhúðinni, láti sá ei umskera sig. [19]Um-

skurnin er ekkert, yfirhúðin er og ekkert heldur varðveiting Guðs boðorða. [20]Hver einn blífi nú í þeirra kallan sem hann er inni kallaður. [21]Því að hver hann er þræll kallaður í Drottni sá er frelsingi Drottins, [22]líka og einnin hver hann er frelsingi kallaður sá er þræll Krists. [23]Þér eruð dýru verði keyptir. Verðið ei þrælar mannanna. [24]Hver og einn, góðir bræður, í hverri stétt sem hann er kallaður þar blífi hann inni hjá Guði.

[25]En af meyjunum hef eg ekkert boðorð Drottins. Þó gef eg til ráð sem sá sem hefur miskunnsemi öðlast af Drottni að eg sé trúr. [26]Því meina eg nú það gott vera fyrir nálægrar nauðþurftar sakir það manninum sé gott so að blífa. [27]Ertu við konuna bundinn, þá sæk ei eftir laus að verða. En ertu konulaus þá leita ei kvonfangs. [28]Þótt þú giftist syndgar þú ekki. Og þó að ein mey giftist syndgar hún ei. Þó munu þesskonar holdsins harmkvæli hafa en eg þyrdma yður gjarna.

[29]Það segi eg yður, góðir bræður, að tíminn er naumur. Framar er það þó meiningin að þeir sem eiginkvæntir eru það þeir sé so sem þeir hefðu ei neinar [30]og þeir er harma so sem að hörmuðu þeir ei og þeir sem fagna sem að fögnuðu þeir ei og þeir sem kaupa so sem eignuðust þeir það eigi [31]og þeir sem tíðka þennan heim so sem að tíðkuðu þeir hann ei því þessa heims athöfn forgengur. [32]En eg vilda að þér væruð utan áhyggju. Hver ókvæntur er sá ber áhyggju um það hvað Drottins er hvernin hann megi Drottni þóknast. [33]En hver eiginkvæntur er sá ber áhyggju um það hvað heimsins er og hversu hann megi húsfreyjunni þóknast. [34]Aðskiljanleg grein er á millum meyjar og manns konu. Hin ógifta ber áhyggju um það hvað Drottins er so að hún sé heilög í líkama og anda. En sú sem gift er ber áhyggju um það hvað heimsins er og hvernin hún megi manninum þóknast. [35]En þetta tala eg til yðrar gagnsemi, ei upp á það eg leggi snöru fyrir yður heldur til þess sem siðsamlegt er so að þér mættuð jafnan óforhindraðir Drottni þjóna.

[36]En ef nokkur þykist sjá það sér muni torveldur verða sinn meydómur ef gjaforðstíminn líður og so ef það vill eigi öðruvís verða þá gjöri hann hvort honum líkar, gifti han sig þá syndgar hann eigi. [37]En hver það setur stöðugt sér í hjarta og hefur þar með eigi neina þvingan hafandi so vald síns eiginlegs vilja og staðfestir í sínu hjarta að varðveita sinn meydóm hann gjörir vel. [38]Og hver eð giftist sá gjörir og vel. En hann sem giftir sig ekki sá gjörir betur. [39]Kvinnan er lögmálinu undirbundin so lengi sem hennar maður lifir en nær hennar maður er látinn so er hún frjáls sig að gifta hverjum hún vill utan það skal ske í Drottni. [40]En þó er hún sælli ef hún blífur sem mitt ráð er til. En eg held það að eg muni og hafa Guðs Anda.

8 En um það sem skúrgoðum offrast vitu vér það vér allir höfum skynsemina. Skynsemin hún blæs upp en ástsemin bætir um. [2]Nú ef einhver lætur sér þykja það hann viti nokkuð sá veit enn eigi so sem honum ber að vita. [3]En ef sá er einhver sem elskar Guð hann er af honum þekktur.

[4]So vitum vér nú af þeirri fæðslu sem skúrgoðum offrast það skúrgoðið sé einskis vert í heiminum því enginn er Guð nema einn. [5]Og þó að þar sé nokkrir sem guðir kallast, hvort það er á himni eður á jörðu (með því að margir eru guðir og margir drottnar) [6]þó höfum vér ekki utan einn Guð föður, af hverjum að allir hlutir eru og vér í honum og einn Drottin, Jesúm Christum, fyrir hvern allir hlutir eru og vér fyrir hann.

[7]En þessa skynsemi hafa eigi allir. Því að nokkrir hafa gjört sér samvisku hér

til yfir þeim skúrgoðum og átu það fyrir skúrgoðafórnir og með því að þeir voru so veikir þá flekkaðist þeirra samviska í þessu. [8]En fæðan batar oss ekki fyrir Guði. Etum vér þá erum vér ei betri fyrir það, etum vér og ekki þá verðum vér ei verri fyrir það. [9]En sjáið so til að þetta yðart frelsi verði ei til hindrunar hinum veiktrúuðum. [10]Því ef nokkur sæi þig (þú sem skynsemina hefur) sitja til borðs í goðahúsi verður þá eigi hans samviska, með því hann er breyskur, hvött upp að eta skúrgoðafórnir? [11]Og so forferst þinn breyskvi bróðir í þinni skynsemi fyrir hvern að Kristur er líflátinn. [12]Og nær þér syndgist so við bræðurna og sláið þeirra breyskva samvisku þá syndgist þér við Krist. [13]Hvar fyrir ef að fæðan hindrar bróður minn skylda eg aldrei kjöt eta svo að eg gjörða öngva hindran mínum bróður.

9 Er eg ekki postuli? Em eg eigi frjáls? Hef eg ekki séð Drottin vorn Jesúm Krist? Eru þér ekki mitt verk í Drottni? [2]Og þó eg sé ei annarra postuli þá em eg þó yðar postuli. Því innsigli míns postulegs embættis eru þér í Drottni. [3]En andsvar mitt við þá sem mig aðspyrja er þetta: [4]Höfum vér eigi vald til að eta og drekka? [5]Höfum vér vei vald til einhverja systur að eignarkonu um að flytja líka sem aðrir postular og bræður Drottins og so sem Kefas *(Pétur)* ? [6]Eða höfum við ekki, eg og Barnabas, magt til þetta að gjöra? [7]Hver slæst og upp á sitt eigið verðkaup? Hver plantar víngarðinn og etur ekki af hans ávexti? Eða hver fóðrar hjörðina og neytir ekki af mjólk hjarðarinnar? [8]En eg tala þetta eftir mannlegri siðvenju. Segir ekki og lögmálið þetta? [9]Því að so er skrifað í Moyses lögmáli: „Eigi skaltu múlbinda naut það sem erjar.“ **Deuteronomium 25:4** Ber Guð áhyggju fyrir nautunum? [10]Eða segir hann ekki þetta alls kostar vorra vegna? Því að fyrir vorar sakir er þetta ritað. Af því hann sem plægir skal plægja í voninni og sá sem þreskir hann skal þreskja í voninni so að hann verði hluttakari sinnar vonar. [11]Fyrst vér sáðum yður hið andlega er það mikilsvert þó vér uppyrkjum yðvart hið líkamlega? [12]Og ef hinir aðrir eru hlutttakandi þessarar yðrar magtar hvar fyrir skyldu vér eigi miklu framar? En vér höfum eigi tíðkað þessa magt heldur umliðu vér allra handa svo að vér gjörðum Krists evangelio öngva hindran. [13]Viti þér ekki það þeir sem fórnirnar færa eta af því sem fórnfært er? Og þeir sem altarinu þjóna eru altarisins hluttakarar. [14]Líka so hefur og Drottinn tilskikkað að þeir sem evangelium kunngjöra skulu af evangelio sitt fæði hafa. [15]En ekkert þessara hefi eg tíðkað. En eg skrifa eigi þetta þar fyrir að so skulu við mig vera gjört. Því betra væri mér heldur dauðum að vera en það að nokkur skyldi mína vegsemd ónýta gjöra. [16]Því það eg prédika Guðs evangelium þá má eg ekki vegsama mig um það því að nauðsynin rekur mig þar til og vei sé mér þá ef eg prédika ekki evangelium! [17]Nú ef eg gjöri það viljugur þá er mér það launað en ef eg gjöri það nauðugur þá er mér það þó embætti á hendur fólgið. [18]Hvað er nú þá mín laun? Þetta að eg prédika evangelium Christi og gjöri það sama viljuglega fyrir ekkert so að eg misbrúki ekki mitt frelsi á guðsspjöllunum. [19]Því þótt eg sé frjáls fyrir öllum þá hefi eg þó gjört sjálfan mig að hvers manns þjón so að eg vinni þá alla. [20]Því að Gyðingum em eg vorðinn svo sem Gyðingur upp á það eg vinni Gyðinga og þeim sem undir lögmálinu eru em eg vorðinn svo sem undir lögmáli svo að eg vinni þá sem undir lögmálinu eru [21]og þeim sem án lögmáls eru em eg vorðinn so sem án lögmáls (sem eg em þó eigi án lögmáls fyrir Guði heldur em eg í Krists lögmáli) svo að eg vinni þá inu sömu sem án lögmáls eru, [22]þeim sem breyskvir

eru em eg vorðinn sem væra eg breyskur so að eg vinni hina breysku. Öllum em eg orðinn allsháttar so að eg gjörði alls staðar einhverja hjálplega. [23]En allt þetta gjöri eg vegna Guðs evangelii so að eg verði þess hluttakari. [24]Eða viti þér ekki að þeir sem á skeiðið hlaupa það þeir allir hlaupa en einn er sá sem hnossið tekur? Hlaupið nú og so að þér höndlið það. [25]En hver sá sem slæst hann varar sig við öllu, þeir að sönnu upp á það þeir öðlist forgengilega kórónu en vér óforgengilega. [26]En eg hleyp líka so, eigi sem upp á hið óvísa, eg slæst, eigi so sem sá er í vindinn slær, [27]heldur aga eg minn líkama og tem hann so að eg prédiki það ei öðrum og verði sjálfur rækur.

10 Góðir bræður, en eg vil ei dylja fyrir yður það vorir feður voru allir undir skýinu og allir gengu þeir yfir hafið, **Exódus 13:21, 14:22** [2]allir eru þeir og skírðir af Moysen í skýinu og í sjánum [3]og allir hafa þeir neytt hinnar sömu andlegrar fæðslu **Exódus 16:15** [4]og allir hafa þeir hinn sama andlega drykk drukkið. En þeir drukku af þeirri andlegri hellu sem þeim með fylgdi, hver hella eð var Kristur. **Exódus 17:6** [5]En á þeim velflestum hafði Guð öngva þóknan. Því eru þeir niðurslegnir á eyðimörku.

[6]En þetta er skeð oss til fyrirmyndar svo að vér skulum eigi girnast hvað illt er, svo sem að þeir girntust. **Sálmarnir 106:14** [7]Gjörist og eigi blótmenn skúrgoða líka so sem nokkrir af þeim urðu eftir því sem skrifað er: „Fólkið settist niður að eta og drekka og stóð upp að dansa.“ **Exódus 32:6** [8]Drýgjum eigi hóranir so sem nokkrir út af þeim drýgðu hóranir og féllu á einum degi þrjár þúsundir og tuttugu. **Numeri 25:9** [9]Freistum og eigi Krists so sem nokkrir út af þeim freistuðu hans og fyrirfórust af höggormum. **Numeri 21:6** [10]Möglið og ekki líka so sem nokkrir út af þeim mögluðu og fyrirfórust af fordjarfaranum. **Numeri 14:36-37** [11]Þetta allt skeði þá til fyrirmyndar en það er skrifað oss til viðvörunar, yfir hverja að þessa heims endi er kominn. [12]Fyrir því hver hann lætur sér þykja það hann standi gefi sá gaum að að hann falli eigi. [13]Yður hefur ekki höndlað utan alleinasta mannleg freistni. En Guð er trúr sá eigi umlíður það yðar sé freistað framar en þér formegið heldur gjörir hann það að freistnin fái þann einn enda að þér getið vel staðið. [14]Þar fyrir, mínir kærustu, flýið frá skúrgoðadýrkan.

[15]So sem við vitringa tala eg, dæmi þér hvað eg segi. [16]Sá blessanarkaleikur hvern vér blessum er hann ekki samnautn Krists blóðs? Og brauðið hvert vér brjótum er það eigi samneyti Krists líkama? [17]Því að það er eitt brauð og vér margir erum einn líkami með því að vér verðum allir eins brauðs hluttakarar. [18]Hyggið að þeim sem í Ísrael eftir holdinu það þeir sem fórnirnar eta, eru þeir ekki altarisins hluttakarar?

[19]Hvað skal eg nú þá segja? Eða skal eg segja það skúrgoðið sé nokkuð eða það skúrgoðafórnir sé nokkuð? [20]En eg segi að það hvað hinir heiðnu offra það offra þeir djöflinum og eigi Guði. Nú vil eg eigi að þér verðið samlagsmenn djöflanna. **Deuteronomium 32:17** [21]Eigi fái þér í senn drukkið kaleik Drottins og djöfulsins. Þér getið og ekki í senn hluttakar orðið matborðs Drottins og djöfulsins. [22]Eða viljum vér reita Drottin? Hvort erum vér honum sterkari? [23]Mér leyfast sennilega allir hlutir en þeir bata eigi allir. Mér leyfist allt en það er eigi allt til betrunar. [24]Enginn leyti þess hvað hans er heldur að því hvað annars er.

[25]Allt hvað í kjötmangarahúsinu er til sölu það etið, eftirspyrjandi að öngu upp á það þér vægið samviskunni. [26]Því að jörðin er Drottins og allt það sem þar er inni. **Deuteronomium 10:14**

[27]En ef einhver af vantrúuðum býður þér til snæðings og þér viljið þangað ganga þá etið það allt hvað fyrir yður verður sett og spyrjið einskis upp á það þér vægið samviskunni. [28]En ef nokkur segir til yðar: „Þetta er skúrgoðaoffur“ þá etið ekki fyrir sakir þess sem það segir yður upp á það þér vægið samviskunni (því að jörðin er að sönnu Drottins og hvað þar er einni) [29]en eg segi af samviskunni, eigi af þinni sjálfs heldur hins annars. Því að hvar fyrir skylda eg mitt frelsi dæmast láta af annarlegri samvisku? [30]Því ef eg neyti þess með þakklæti hvar fyrir skal eg þá lastaður verða um það sem eg gjöri þakkir fyrir?

[31]Hvort þér nú etið eður drekkið eða hvað þér gjörið þá gjörið það allt til Guðs dýrðar. [32]Verið utan hindran bæði Gyðingum og Grikkjum og Guðs safnaði. [33]Líka svo sem eg gjörði mig hverjum manni geðfelldan í öllu, eigi aðleitandi hvað mér heldur hvað mörgum er gagnlegt so að þeir hjálplegir yrði.

11 Verið því mínir eftirfylgjarar so sem eg em Krists. [2]Eg lofa yður, góðir bræður, það þér leggið mig í minni í öllum hlutum og haldið þann siðvana er eg setta yður. [3]En það vil eg að þér vitið að Kristur er hvers manns höfuð en konunnar höfuð er maðurinn en höfuð Krists er Guð. [4]Og hver sá maður sem biður eða spár með skýldu höfði hann óvirðir sitt höfuð. [5]Og hver sú kona sem biður eður spár með beru höfði hún óvirðir sitt höfuð því að það er eins sem væri hennar höfuðhár í burt rakað. [6]Vilji hún eigi hylja höfuð sitt sér þá rakist af hennar höfuðhár. En fyrst það er ljótt fyrir konuna að hafa afrakað hár eða sköllótt höfuð þá hylji hún sig.

[7]En karlmaðurinn skal ekki hylja höfuð sitt með því hann er Guðs mynd og sómi. Konan er mannsins sómi. **Genesis 1:26-27, 2:23, Orðskviðirnir 12:4** [8]Því að maðurinn er eigi af konunni heldur konan af manninum. [9]Maðurinn er eigi skapaður vegna konunnar heldur konan vegna mannsins. [10]Þar fyrir skal konan hafa veldi á sínu höfði fyrir englanna sakir. [11]En þó er hverki maðurinn án konunnar né konan án mannsins í Drottni. [12]Því að líka so sem konan er af manninum so kemur og maðurinn fyrir konuna en allir hlutir af Guði.

[13]Dæmi þér sjálfir yðar á milli hvort það hæfir konunni að biðjast fyrir Guði óhulin. [14]Kennir yður ekki náttúran sjálf að það sé lýti fyrir karlmanninn hann hafi sítt hár [15]en konunni að sönnu sómi það hún hafi síða lokka? Af því hárið er henni til skýlingar gefið. [16]En ef sá er einhver yðar á milli sem prætusamur vill vera hann viti það að vér höfum eigi slíkan siðvana og eigi heldur Guð söfnuður.

[17]En þetta hlýt eg að bjóða, ekki hrósandi því það þér komið ei saman til betrunar heldur til vesnunar. [18]Í fyrstu þá þér komið til samans í samkudnunum heyri eg að þar er sundurlyndi yðar á milli og eg trúi að það sé og nokkurn part. [19]Því að þar hljóta ágreiningar að vera yðar á milli so að þeir reyndir eru opinberir verði yðar á milli. [20]Þá þér komið nú til samans þá haldi þér ei Drottins kveldmáltíð. [21]Því nær þér skuluð kveldmáltíðina halda þá tekur hver yðar sína eiginlega fæðu áður en annar er hungraður, hinn annar er drukkinn. [22]Hvað? hafið þér engin hús þar þér kunnið að eta og drekka? Eða forsmái þér Guðs söfnuð og skammið þá sem ekki hafa? Hvað skal eg segja yður? Skal eg lofa yður? Í þessu lofa eg yður ekki.

[23]Það hvað eg hefi af Drottni meðtekið það hefi eg yður fengið. Af því að Drottinn Jesús, á þeirri nótt er hann var svikinn, tók hann brauðið, [24]gjörandi þakkir, braut það og sagði: „Takið, etið. Þetta er minn líkami sá fyrir yður verð-

ur gefinn. Gjörið það í mína minning.“
25Líka einnin kaleikinn eftir það hann
hafði kveldmáltíðina etið, segandi:
„Þessi kaleikur er nýtt testament í mínu
blóði. Gjörið þetta so oft sem þér
drekkið þar af í mína minning.“
26Því að so oft sem þér bergið af þessu
brauði og drekkið af þessum kaleik
skulu þér kunngjöra þar með dauða
Drottins þangað til hann kemur. 27Hver
hann etur nú af þessu brauði og drekk-
ur af þessum kaleik Drottins óverðugur
sá er sekur við hold og blóð Drottins.
28En hver maður prófi sig sjálfur og eti
so af þessu brauði og drekki af þessum
kaleik. 29Því að hver hann etur og
drekkur óverðugur sá etur og drekkur
sjálfum sér dóm með því hann gjörði
eigi greinarmun á Drottins líkama.
30Fyrir það eru so margir sjúkir og
veiklegir yðar á milli og þeir margir
sem sofnaðir eru. 31Því ef vér dæmdum
oss sjálfir þá yrðu vér eigi dæmdir. 32En
nær vér dæmunst þá verðum vér af
Drottni tyftaðir upp á það vér fyrir-
dæmunst eigi með þessum heimi.
33Fyrir því, bræður mínir, nær þér kom-
ið til samans að neyta þá bíði hver
annars. 34En ef einhvern hungrar þá eti
sá heima so að þér komið ei saman til
dómsáfellis. En hitt annað vil eg skikka
þá eg kem.

12 Og af þeim andlegum gjöfum
vil eg eigi dylja fyrir yður, góðir
bræður. 2Þér vitið það þér voruð heiðn-
ir og genguð burt til mállausra skúr-
goða sem þér urðuð til leiddir. 3Fyrir
því kunngjöri eg yður það enginn sá
sem fyrir Guðs anda talar formælir
Jesú og enginn fær Jesúm Drottin kall-
að utan alleinasta fyrir Heilagan Anda.
4Sennilega eru gjafirnar margvíslegar
en hinn sami er Andinn. 5Þar eru og
margháttuð embætti en hinn sami
Drottinn. 6Þar eru margháttaðar verk-
anir en hinn sami Guð er sem verkar
alla hluti í öllum. 7En í sérhverjum ein-
um auðsýna sig gjafir Andans til al-
mennilegrar nytsemdar. 8Einum verður
gefið fyrir Anda að mæla af visku en
öðrum verður gefið að tala af skynsemi
af hinum sama Anda. 9Öðrum trúan í
sömum Anda en hinum gjafir lækning-
anna í sömum Anda, 10öðrum kaftaverk
að gjöra en öðrum að gjöra aðskiljanleg
grein andanna, hinum öðrum marg-
háttuð tungumál en öðrum útlegging
sagnanna. 11En allt þetta verkar einn og
hinn sami andi, skiptandi sérhverjum
eftir því sem hann vill.
12Því að líka so sem einn líkami er og
hefur þó marga limu en allir limir eins
líkama hversu margir sem að eru þá
eru þeir þó einn líkami, líka so er
Kristur. 13Því að vér erum í einum Anda
allir í einn líkama skírðir hvort vér
erum Gyðingar eður Grikkir, prælar
eða frelsingjar, og erum so allir í einum
Anda drykkjaðir. 14Því að líkaminn er
eigi einn limur heldur margir. 15Og ef
fóturinn segði: „Engin hönd er eg, þar
fyrir er eg eigi limur líkamans“ skyldi
hann nú því ekki vera líkamans limur?
16Og ef eyrað segði: „Eg er eigi augað,
þar fyrir er eg ekki limur líkamans“
skyldi það sakir þess ekki vera líkam-
ans limur? 17Því ef allur líkaminn væri
augað hvar væri þá heyrnin, hvar væri
þá ilmingin?
18En nú hefur Guð sett limuna og
hvern einn þeirra á líkamann so sem
hann hefur viljað. 19En ef allir limirnir
væri einn limur hvar væri þá líkaminn?
20En nú eru limirnir margir en líkaminn
einn. 21Því að augað má eigi segja
hendinni: „Eg þarf þín eigi við“ eða þar
í mót höfuðið til fótanna: „Eg þarf eigi
yðar við.“ 22Miklu heldur, þeir limir lík-
amans sem oss sýnast breyskvaðir vera
þeir eru nauðsynlegastir 23og þá vér
reiknum ótérugasta þeim sömu leggj-
um vér mestan sóma til og þeir eð oss
eru lýti að virðu vér mest. 24Því að þeir
sem oss prýða þurfa þess eigi við. En
Guð hefur so líkamann samantengt og

gefið þeim nauðsynjalimum hinn mesta sóma [25]so að engin ágreining sé á líkamanum heldur það hver limurinn ber áhyggju fyrir öðrum. [26]Og ef einn limurinn líður þá líða allir limirnir með og ef einum limnum verður sómi veittur þá samfagna honum allir limirnir. [27]En þér eruð Krists líkami og limir, hver eftir sinni deild. [28]Og Guð hefur sett í söfnuðinn í fyrstu postula, þá spámenn, í þriðja máta lærifeður, eftir það þá sem kraftaverkin gjöra, þar næst þá sem lækningsgjafirnar hafa, þá viðhjálparana, þá stjórnarana, þá margháttuð tungumál. [29]Eru þeir allir postular? Eru þeir allir spámenn? Eru þeir allir lærifeður? Eru þeir allir þeir menn sem kraftaverkin gjöra? [30]Eða þeir sem lækningsgjöfina hafa? Tala þeir allir margháttuð tungumál? Kunna þeir allir út að leggja? [31]Eftirstundið þeim hinum bestu gjöfunum. Og eg vil vísa yður enn æðra veg.

13 Þó að eg talaði tungur mannanna og englanna en hefða ekki kærleikann þá væri eg sem annar hljómandi málmur eður hvellandi þjalla. [2]Og þó að eg hefða spádóm og vissi alla leynda hluti og skynsemi og hefði alla trú so að eg fjöllin úr stað færði en hefða ekki kærleikann þá væra eg ekkert. [3]Og þó að eg gæfi allar mínar eigur fátækum og eg yfirgæfi minn líkama so að eg brynni og hefða ekki kærleikann þá væri mér það engin nytsemd. [4]Kærleikurinn er þolinmóður og vingjarnlegur. Kærleikurinn vanlætir eigi, kærleikurinn gjörir ekkert illmannlega, eigi blæs hann sig upp, [5]ei er hann ósiðsamur, eigi leitar hann þess hvað hans er, eigi verður hann til ills egndur, hann hugsar ekki vondslegt, [6]eigi fagnar hann yfir ranglætinu en fagnar sannleikanum. [7]Hann umber alla hluti, hann trúir öllu, hann vonar allt, hann umlíður alla hluti. [8]Kærleikurinn hann doðnar aldrei þótt spádómurinn hjaðni og tungumálunum sloti og skynseminni linni.

[9]Því að vorir vitsmunir eru hálfverk og vorar spásagnir eru hálfverk. [10]En nær það kemur sem algjört er þá hjaðnar það sem hálfverk er. [11]Þá eg var barn talaði eg sem barn og eg var forsjáll sem barn og eg hugsaði sem barn. En þá eg gjörðist maður lagða eg af hvað bernsklegt var. [12]Nú sjáum vér fyrir spegilinn að ráðgátu en þá auglit að augliti. Nú kenni eg ófullkomlega en þá mun eg kenna so sem eg em kenndur. [13]Nú blífa þessi þrjú: Trúan, vonin, kærleikurinn, en kærleikurinn er mestur af þessum.

14 Eftirfylgið kærleikanum og kostgæfið í andlegum gjöfum en þó mest í því að þér mættuð spádóma fyrirsegja. [2]Því að hann sem tungunar talar hann talar eigi mönnum heldur Guði því að honum heyrir enginn en í andanum talar hann leynda dóma. [3]En hann sem spádóma segir fyrir sá talar mönnum til betrunar og til áminningar og til huggunar. [4]Sá tunguna talar hann forbetrar sjálfan sig en sá sem spádóma segir fyrir hann forbetrar Guðs söfnuð. [5]Eg vilda að þér kynnið allar tungur að tala en þó miklu heldur þér segðuð spádóma fyrir. Því að sá sem spádóma segir fyrir hann er þeim meiri sem tunguna talar utan að so sé hann leggi það út so að söfnuðurinn fái þar af forbetran. [6]En nú, góðir bræður, þótt eg kæmi til yðar og talaði tungur, hvað væri eg yður gagnlegur? Nema að eg talaði til yðar annaðhvort fyrir opinberan eða fyrir skynsemi eða fyrir spásagnir eða fyrir lærdóm.

[7]Er þeim hlutum eigi so háttað er hljóða en lifa eigi? Hvort það er nú pípa eður harpa. Fyrst það gefur öngvan greinilegan hljóm af sér, hvernin má þá vitast hvað pípað er eða hvað harpað er? [8]Og ef lúðurinn hefur óskilmerkilegt hljóð hver mun þá vilja búast til

bardagans? [9]Líka og þér: Nær þér talið tungur, utan þér gefið fram skilmerkilega ræðu hvernin má þá vitast hvað talað er? Því að þér talið þá í vind.

[10]Sennilega er margt raddarkyn í þessum heimi og þó er ekkert þeirra óskilmerkilegt. [11]Og fyrst eg veit ekki þýðing málsins þá verð eg þeim sem talar óskiljanlegur og hann sem talar verður mér óskiljanlegur. [12]So og líka þér. Fyrst þér eruð eftirfylgjarar andlegra gjafa þá leitið eftir því að forbetra söfnuðinn upp á það þér gefið og fulla nægð. [13]Hvar fyrir sá sem tunguna talar hann biðji so að hann útleggi það. [14]Því fyrst eg bið með munninum þá biður og minn andi en mitt hugskot ber öngvan ávöxt. [15]Hvernin fer þá? Einkum so: Það eg vil með andanum biðja og eg vil biðja í hugskotinu. Sálmana vil eg syngja með andanum og eg vil sálmana syngja með hugskotinu. [16]En þá þú blessar í andanum hvernin skal þá sá sem í leikmannsins stað stendur Amen segja yfir þinni blessan með því hann veit eigi hvað þú segir? [17]Sennilega gjörir þú góðar þakkir en hinn annar betrast þar eigi af. [18]Eg þakka Guði mínum það eg tala meir tungur en allir þér [19]og heldur vil eg tala fimm orð í söfnuðinum með mínusinni so að eg lærði aðra heldur en tíu þúsundir orða með tungunni.

[20]Góðir bræður, verið engin börn í skilningarsinnunum heldur verið börn í illskunni en verið algjörðir í skilningarsinnunum. [21]Í lögmálinu er so ritað: „Eg mun með annarlegum tungum og annarlegum vörum tala til lýðs þessa og eigi munu þeir heldur mig heyra, segir Drottinn.“ **Esaias 28:11-12** [22]Þar fyrir eru tungurnar til teikns, eigi þeim sem trúa heldur vantrúuðum. En spádómurinn er eigi vantrúuðum heldur trúuðum. [23]Þótt nú allur söfnuðurinn kæmi til samans í einn stað og töluðu allir tungur en þar gengi inn ólærður leikmaður eða vantrúaður, segðu þeir ekki að þér væruð galnir? [24]En ef þér segðuð allir spádóma fyrir og þar gengi inn einhver vantrúaður eða ólærður, sá yrði þegar af öllum þeim yfirunninn og af öllum dæmdur [25]og þá yrði so leyndir dómar hans hjarta opinberir og so væri hann framfallandi á sitt andlit Guð að tilbiðja, sannarlega það viðurkennandi að Guð sé með yður. [26]Hversu á það að fara, góðir bræður? nú so oft sem þér komið til samans þá hafi hver yðar einn lofsálm eða hafi hann lærdóma eða hafi hann tungur eða hafi hann opinberanir eða hafi útlegging, þá látið það allt ske til betrunar. [27]Og ef einhver talar tungur þá verði það annað hvert af tveimur eða mest af þrimur og það sín á milli so að einn leggi það út. [28]En ef hann er enginn útleggjari þá þegi hann í söfnuðinum og tali sér sjálfum og Guði. [29]En spámenn tali tveir eða þrír og hinir aðrir dæmi um. [30]En ef öðrum birtist þeim að hjá situr þá þegi hinn fyrri. [31]Því að allir megi þér spádóma fyrir segja, hver eftir annan, so að allir læri og allir verði áminntir. [32]Og andi spámannanna er spámönnunum undirvorpinn. [33]Því að Guð er eigi Guð vanheiðursins heldur friðarins, svo sem í öllum söfnuðum heilagra. [34]Yðrar húsfreyjur látið þegja í söfnuðinum því að þeim má ei leyfast að tala heldur undirgefnar að vera eftir því sem lögmálið vottar. **Genesis 3:16** [35]En ef þær vilja nokkuð læra þá spyrji þær menn sína að því heima. Því að konunni eru það lýti að tala í safnaðinum. [36]Eða er Guðs orð af yður útkomið? Eða er það til yðra einnasaman komið? [37]Ef nokkrum þykir það hann sé spásagnamaður eða andlegur þá viðurkenni sá hvað eg skrifa yður því að það eru boðorð Drottins. [38]En ef nokkur er skynlaus þá sé hann skynlaus.

[39]Fyrir því, góðir bræður, kostgæfið spádómana að segja og fyrirbjóðið ekki tungurnar að tala. [40]Látiðallt siðsamlega og eftir skikkan ske yðar á milli.

15 En eg minni yður, góðir bræður, á það evangelium sem eg prédikaði yður, hvert þér og meðtókuð, í hverju þér og standið, [2]fyrir hvert þér verðið og hjálplegir meður þeim hætti sem eg kunngjörða það yður ef þér hafið því haldið, utan að so sé þér hafið til ónýts trúað.

[3]Því að eg gaf yður í fyrstu hvað eg meðtók það Christus sé líflátinn fyrir vorar syndir eftir ritningunum **Esaias 53:5** [4]og það hann sé grafinn og upp aftur risinn á þriðja degi eftir Ritningunum **Hóseas 6:2** [5]og það hann er séður af Kefas og eftir það af hinum tólf [6]og enn eftir á var hann séður meir en af fimm hundruð bræðra í senn, af hverjum margir enn lifa til, en nokkrir eru sofnaðir. [7]Og eftir það er hann séður af Jakob og síðan af öllum postulunum.

[8]En síðast allra so sem af öðrum ótímabærum burði er hann séður af mér. [9]Því að eg em síðstur postulanna því að eg em ei verðugur það eg skuli postuli heita fyrir það eg ofsókn veitti Guðs söfnuði. [10]En af náð Guðs er eg það eg er og hans náð í mér hefur ei iðjulaus verið heldur hefi eg miklu meira erfiðað en allir þeir, ekki eg heldur sú Guðs náð sem með mér er. [11]Það sé nú eg eður þeir þá prédikum vér so, þér hafið og so trúað. [12]En fyrst að Kristur verður so prédikaður það hann sé upprisinn af dauða hvernin segja þá nokkrir af yður það upprisa framliðinna sé ekki? [13]Og ef upprisa framliðinna er ekki þá er Kristur og ekki upprisinn [14]en ef að Kristur er ekki upp aftur risinn so er vor prédikan ónýt, þá er og yðvar trúa ónýt [15]en vér fyndust ljúgvottar Guðs með því vér hefðum vitnað í gegn Guði það hann hefði Christum upp vakið þann hann hefur ekki uppvakið fyrst hinir framliðnu skulu ekki upp rísa. [16]Því ef framliðnir skulu ekki upp rísa þá er og Kristur ekki upp aftur risinn. [17]En ef Kristur er ei upp aftur risinn þá er yðar trúa ónýt, so eru þér þá enn í yðrum syndum, [18]þá eru og hinir sem sofnaðir eru í Christo fortapaðir. [19]Ef vér vonum alleinasta í þessu lífi á Christum þá eru vér hinir vesölustu allra manna. [20]En nú er Kristur upp aftur risinn af dauða og frumburður vorðinn þeirra sem sofnaðir eru. [21]Af því að fyrir einn mann kom syndi og fyrir einn mann kom upprisa framliðinna. [22]Því að líka so sem þeir dóu allir fyrir Adam so verða þeir og allir lífgaðir fyrir Christum. [23]En hver einn í sinni skikkan. Frumkveðillinn er Kristur og þar næst þeir sem Krists eru í hans tilkomu, [24]þar næst endalokin þá hann hefur ofurgefið ríkið Guði föður og mun hann afmá allan höfðingsskap, herrastikti og valdstjórnan. [25]En honum byrjar að ríkja þar til hann leggur alla óvini undir sína fætur. **Sálmarnir 110:1** [26]En þann síðasta óvin sem afmáður verður er dauðinn. [27]Því að honum hefur hann alla hluti undir sína fætur lagt. Og þá hann segir það að allt sé undirlagt þá er það opinbert að sá er undantekinn sem honum hefur alla hluti undirlagt. **Sálmarnir 8:6** [28]En nær honum eru allir hlutir undirgefnir þá mun og sjálfur Sonurinn undirgefast þeim sem honum undirgaf alla hluti svo að Guð sé allt í öllum hlutum. [29]Hvað gjöra þeir elligar sem skírast upp yfir framliðnum? Ef að hinir framliðnu skulu ekki upp aftur rísa, hvar fyrir skírast þeir þá upp yfir þeim dauðu? [30]Og hvar fyrir erum vér þá allar stundir í háskasemd? [31]Daglegana dey eg fyrir vora hrósan hverja eg hefi í Drottni vorum Jesú Christo. [32]Hafi eg eftir mannlegri venju barist við skógdýrin í Epheso, hver nytsemd er mér það þá ef að hinir framliðnu skulu eigi upp aftur rísa? „Etu vær og drekkum því að á morgun deyju vér.“ **Esaias 22:13** [33]Látið ekki tæla yður því vont samtal spillir góðum siðum. [34]Vaknið réttlega og syndgist ekki. Því að sumir

þér vitið ekkert af Guði. En þetta hlýt eg að tala því það er yður vanvirða. [35]Nú mætti einhver segja: Hvernin munu hinir framliðnu upp rísa og með hvílíkum líkama munu þeir koma? [36]Þú drussi, það er þú sár lifnar ekki utan að deyi áður [37]og það þú sáir er ekki sá líkami sem verða skal heldur bert korn, annað hvert hveitis eða einhvers annars. [38]En Guð gefur því líkama eftir því sem hann vill og sér hverju einu af fræinu eiginlegan líkama.

[39]Allt hold er ei líka háttað hold heldur er annað hold mannanna, annað dýranna, annað fiskanna, enn annað fuglanna. [40]Þar eru og himneskir líkamar og jarðneskir líkamar. En aðra dýrð hafa hinir himnesku en aðra hinir jarðnesku. [41]Annan bjartleik hefur sólin en annan bjartleik tunglið, annan bjartleik hafa og stjörnurnar. [42]Það verður sáð forgengilegt en mun upp aftur rísa óforgengilegt. [43]Það verður sáð í vansemd en mun upp aftur rísa í vegsemd. Það verður sáð í breyskleika en mun upp aftur rísa í krafti. [44]Það verður sáð holdlegur líkami en mun upp aftur rísa andlegur líkami.

Höfum vér nú holdlegan líkama þá höfu vér og andlegan líkama, [45]so sem að skrifað er: „Inn fyrsti maður Adam er gjörður í eðlilegt líferni“ og hinn síðari Adam í andlegt líferni. **Genesis 2:7** [46]En hinn fyrsti er eigi andlegur líkami heldur eðlilegur og eftir það er hinn andlegi. [47]Hinn fyrsti maður af jörðunni er jarðlegur en hinn annar maður er Drottinn af himnum. [48]Hvílíkur hinn jarðneski er so eru og hinir jarðnesku og hvílíkur hinn himneski er so eru og hinir himnesku. [49]Og líka so sem vér höfum borið líking hins jarðneska so munu vér og bera líking hins himneska. [50]En þar segi eg af, góðir bræður, að hold og blóð getur eigi eignast Guðs ríki og hið forgengilega mun eigi eignast hið óforgengilega. [51]Sjáið, að eg segi yður leyndan dóm. Því að vér munu eigi allir sofna en þó munu vér allir umskiptilegir verða [52]og það næsta skyndilega, á einu augabragði, við hinn síðasta lúðurþyt. Því að lúðurinn mun gjalla og hinir framliðnu munu upp rísa óforgengilegir og vér hinir munum umskiptilegir verða. **Mattheus 24:31** [53]Því að þetta hið forgengilega hlýtur að klæðast því hinu óforgengilega og þetta hið dauðlega hlýtur að skrýðast hinu ódauðlega.

[54]En þá þetta hið forgengilega skrýðist hinu óforgengilega og þetta hið dauðlega klæðist hinu ódauðlega uppfyllist það mál sem skrifað er: „Dauðinn er forsvelgdur í sigran. **Esaias 25:8** [55]Dauði, hvar er þinn broddur? Helvíti, hvar er þín sigran?“ **Hóseas 13:14** [56]En dauðans broddur er syndin, kraftur syndarinnar er lögmálið. [57]En Guði sé þakkir sem oss hefur sigurinn gefið fyrir Drottin vorn Jesúm Christum. [58]Fyrir því, bræður mínir, verið staðfastir og óhræranlegir og aukist ætíð í verki Drottins með því þér vitið að yðvart erfiði er eigi ónýtt í Drottni.

16 En af þeirri stuðning sem ske skal við hina heilögu so sem að eg hefi boðið söfnuðunum í Galatia þá gjöri þér og líka. [2]Og sérhvern þvottdaga þá leggi hver yðar hjá sjálfum sér og samansafni hvað honum er bærilegt svo að eigi þurfi þá að fyrsta er eg kem til þessari stuðning saman að safna. [3]En þá er eg kem þar vil eg senda þá þaðan hverja helst þér kjósið til með bréfin so að þeir flytji yðra góðvild til Jerúsalem. [4]Og ef þess gjörist þörf að eg ferðist þangað þá skulu þeir með mér fara. [5]En eg mun koma til yðar þá eg fer um Macedoniam. Því að um Macedoniam mun eg ferðast. [6]En má vera að eg blífi hjá yður og sé þar einnin um veturinn so að þér gjörið mína útför hvert sem eg kann ferðast. [7]Nú vil eg eigi sjá yður í þessari yfirferð því að eg vona það eg muni um stundarsakir tefja hjá yður ef

Drottinn lofar. [8]En í Epheso mun eg
dveljast allt til hvítasunnu. [9]Því að mér
eru þar miklar dyr opnaðar og þeir eru
kostgæfnir en margir eru þar mótmæl-
endur. [10]Og þá Tímóteus kemur til yðar
sjáið so til hann sé utan ótta hjá yður
því hann rekur Drottins erindi so sem
að eg. [11]Fyrir því forsmái hann enginn
heldur leiðið hann út í friði svo að hann
komi til mín því að eg bíð hans með
bræðrunum. [12]En af Apollo bróður (þá
vitið) það eg hefi áminnt hann marga
vega að hann kæmi til yðar með bræðr-
unum en það var með öngvu móti hans
vilji það hann kæmi nú. [13]En hann mun
koma þá hann fær tóm til. Vakið og
standið í trúnni. Berið yður kallmann-
lega að og verið styrkvir. [14]Alla yðra
hluti látið ske í kærleika.

[15]En eg áminni yður, góðir bræður:
Þér kennið heimkynni Stephane það
þeir eru frumburður þeirra í Achaia og
sjálfir hafa þeir skikkað sig til þjónustu
við heilaga, [16]upp á það þér séuð og því-
líkum undirgefnir og öllum sem þeim
samerfiða. [17]En eg fagna af Stephane og
Fortunati og Achaici tilkomu því hvað
mig vantaði hjá yður það uppfylldu þeir
[18]því að þeir nærðu minn anda og
yðvarn. Fyrir því viðurkennið þá fyrir
þess háttar menn.

[19]Yður heilsar söfnuðurinn í Asia. Yð-
ur heilsar mikillega í Drottni Aquila og
Priscilla með þeim söfnuði í þeirra húsi.
[20]Yður heilsa allir bræður. Heilsið hver
öðrum með heilögum kossi. [21]Eg, Páll,
heilsa yður með minni hendi. [22]Og ef sá
er nokkur hann elski ekki Drottin vorn
Jesúm Christum þá sé hann anaþema.
Maraham Motha. [23]Náð Drottins vors
Jesú Christi sé með yður. [24]Minn kær-
leiki sé með yður öllum í Christo Jesú.
AMEN.

*Hinn fyrri pistill til þeirra í Korinþeu-
borg sendur út af Philippis fyrir Steph-
anon og Fortunatum og Achaicum og
Timotheum*

HINN ANNAR S. PÁLS PISTILL TIL CORINTHIOS

1 Páll postuli Jesú Christi fyrir Guðs vilja og Tímóteus vor bróðir þeirri
Guðs safnan í Corinthio samt öllum
heilögum þeim að eru í öllu Achaia:
[2]Sé náð og friður með yður af Guði
vorum föður og Drottni Jesú Christo.
[3]Blessaður sé Guð Faðir vors Drottins
Jesú Christi hver að er Faðir mis-
kunnsemdanna og Guð allrar huggun-
ar, [4]sá oss huggar í allri vorri hryggðan
so að vér getum og huggað þá sem að
eru í allsháttuðum hryggðum meður
þeirri huggun þar vér verðum með af
Guði huggaðir. [5]Því að líka so sem að
yfirgnæfa harmkvælingar Krists í oss
so og líka yfirgnæfir vor huggun fyrir
Christum.
[6]En hvort að vér höfum hryggð eður
huggan þá sker það yður til góða. Er
það hrygging þá sker það yður til
huggunar og heilsugjafar (hver heilsu-
gjöf að auðsýnir sig ef þér á þann máta
með þolinmæði líðið líka sem það vér
líðum), er það huggan so sker það yður
til huggunar og hjálpræðis. [7]Og vor von
er staðföst fyrir yður af því að vér vit-
um það að líka sem þér eruð hluttakar-
ar orðnir hryggðanna so munu þér og
verða hluttakendur hugganarinnar.
[8]Því að vér viljum eigi dylja fyrir yður,
góðir bræður, vora hryggð hver oss
skeði í Asia. Því að vér vorum ódæmi-
lega forþyngdir og yfir megn fram so
að vér örvæntum einnin lífi að halda,
[9]úrskurðandi það með sjálfum oss að
vér ættum að deyja. En það skeði þar
fyrir að vér settum ekki vorn trúnað á
sjálfa oss heldur upp á þann Guð er
dauða upp vekur, [10]hver oss hefur frels-
að af þvílíkum dauða og nú daglega
frelsar og enn vonum það hann muni
oss frelsa hér eftir, [11]fyrir tilstyrk yðrar
fyrirbónar fyrir oss so að fyrir þá gáfu
sem oss er gefin fyrir margar persónur
yfir oss ske mikil þakkargjörð. [12]Því að
vor hrósan er það sem er vitnan vorrar
samvisku það vér höfum í einfaldleik
og Guðs skærleika, eigi í holdlegri vissu
heldur í Guðs náð gengið í heiminum.
[13]En einna mest hjá yður því að vér
skrifum yður ekki annað til en það þér
lesið og vitið. En eg vona það þér
munuð kenna oss so allt til endaloka
[14]so sem þér hafið og kennt oss af
nokkurri álfu. Því að vér erum yðar
hrósan líka so sem að þér eruð og vor
hrósan á degi Drottins Jesú. [15]Og upp á
þvílíkan trúskap þenkta eg nú áður að
koma til yðar upp á það þér öðluðust
tvelfaldar velgjörðir [16]og eg ferðaðist
fyrir yður í Macedoniam og kæmi úr
Macedonia aftur til yðar og verði so af
yður á veg leiddur í Judeam.
[17]En hafi eg lauslyndi framið þá er eg
hugleidda slíkt eða er mín fyrirhugsan
holdleg? Eigi so, heldur hjá mér er já, já,
og nei, nei. [18]En trúlyndur er Guð því að
vor orð voru ei til yðar já og nei. [19]Því
að sonur Guðs, Jesús Kristur, sá að fyrir
oss er á meðal yðar prédikaður fyrir
mig og Silvanum og Timotheum, hann
var eigi já og nei heldur var það já í
honum. [20]Því að öll Guðs fyrirheit eru já
í honum og eru amen í honum Guði til
dýrðar fyrir oss. [21]En Guð er sá sem oss
staðfestir samt yður í Christo [22]og oss
hefur smurt og innsiglað og í vor hjörtu
gefið pant Andarins. [23]En eg ákalla Guð
til vitnis upp á mína sál það eg þyrmda
yður í því að eg kom ei aftur til yðar í
Corintho. [24]Ekki það vér drottnum yfir
yðvari trú heldur erum vér tilhjálpend-
ur yðvars fagnaðar því að þér standið í
trúnni.

2 Eg þenkta og með sjálfum mér það
að koma eigi aftur til yðar með
hryggð. [2]Því ef so er að eg hryggi yður

hver er hann þá sá er mig gleður utan einasta sá sem af mér verður hryggur gjör? [3]Og það hið sama skrifaði eg yður so að eg þyrfti eigi hryggur að vera þá eð eg kæma af hverju eg ætta þó glaður að vera. Með því að eg treysti þess til yðar allra það að minn fögnuður sé allra yðar fögnuður. [4]Því að eg skrifaði yður í mikilli hryggð og hjartans trega með mörgum tárum. Eigi það þér skylduð hryggvir verða heldur það þér skylduð kenna þann kærleika sem eg hef sérdeilis til yðar.

[5]En þótt einhver hafi hryggðan uppbyrjað sá hefur ekki mig hryggt heldur einasta í nokkurn máta upp á það að eg þyngda yður eigi alla. [6]En það nægir að sá sami er af mörgum so straffaður [7]upp á það þér fyrirgefið honum nú héðan af því framar og huggan veitið so að hann sökkvist ekki í of miklan hryggleik. [8]Hvar fyrir að eg beiði yður það þér auðsýnið á honum kærleik. [9]Því fyrir það skrifaði eg yður til það eg kennda yðra raun, hvort að þér væruð hlýðugir í öllum greinum. [10]En hverjum sem þér fyrirgefið nokkuð þeim fyrirgef eg og. Því eg einnin, ef eg fyrirgef nokkrum eitthvað, það fyrirgef eg yðar vegna í Christi stað [11]svo að vér verðum eigi tældir af andskotanum því að oss er eigi óvitanlegt hvað hann hefur í skapi.

[12]En þá er eg kom til Troada að prédika Krists evangelium og mér voru dyr upploknar í Drottni [13]hafða eg eigi hvíld í mínum anda það eg fann ekki Titum minn bróður heldur gjörði eg minn skilnað viður þá og fór burt í Macedoniam. [14]En Guði sé þakkir sá alla tíma gefur sigurinn í Christo og fyrir oss opinberar ilming sinnar kynningar í öllum áttum. [15]Því að vér erum Guði góð ilming í Christo, bæði á meðal þeirra sem hjálpast og meðal þeirra sem fortapaðir verða, [16]þessum ilmur dauðans til dauða en hinum ilmur lífsins til lífs. Og hver er hæfilegur til þessa? [17]Því að vér erum ekki so sem margir aðrir þeir eð Guðs orð selja heldur svo sem af skærleika og so sem af Guði tölum vér fyrir Guðs augliti í Christo.

3 Tökum vér enn aftur til að hæla sjálfum oss? Eða þurfum vér líka so sem aðrir nokkrir hólsbréfanna til yðar eður hólsbréfin af yður? [2]Þér eruð vort bréf skrifað í vorum hjörtum sem auðkennt og lesið verður af öllum mönnum, [3]þér sem augljósir eruð vorðnir það þér eruð bréf Christi, tilreiddir fyrir prédikunarembætti og af oss skrifaðir, eigi meður bleki heldur meður Anda Guðs lifanda, eigi á steinspjöldum heldur á holdlegum spjöldum hjartans. [4]En slíkt traust höfum vér fyrir Christum til Guðs, [5]eigi svo það vér séum af sjálfum oss neytir nokkuð að hugleiða so sem af sjálfum oss til heldur ef vér erum nokkuð neytir þá er það af Guði, [6]sá að oss gjörði neyta fram að flytja embætti hins nýja testamentis, eigi bókstafsins heldur andans. Því að bókstafurinn deyðir en andinn lífgar. [7]En fyrst það embætti sem fyrir bókstafinn deyðir og á steinum er grafið hafði bjartleik svo að Ísraelssynir gátu ei litið í ásjónu Moysi fyrir bjartleika sakir hans andlits, sem þó tekur enda, [8]hvernin skyldi þá ekki miklu meir það embætti sem andinn gefur bjartleik hafa? [9]Því fyrst það embætti sem fyrirdæmingina boðar hefur birti miklu framar hefur þá það embætti er réttlætið boðar yfirgnæfanlegan bjartleik. [10]Því að í suman máta það sem bjart var, þa er fyrir öngva birti haldanda í gegn þessari yfirgnæfanlegri birti. [11]Því fyrst það hafði birti sem enda tekur, miklu framar mun það hafa birti sem stöðugt blífur.

[12]Af því vér höfum nú slíka von þá erum vér djarfir í nóg [13]og gjörum eigi so sem Moyses gjörði, hver ið fortjald hengdi fyrir sína ásján so að Ísraelssyn-

ir fengu eigi litið ending þess er enda tók, **Exódus 34:33** [14]heldur eru þeirra hugskot forblinduð. Því að allt til þessa dags blífur það sama fortjald tillukt yfir því gamla testamento þann tím sem þeir lesa það, hvert að fyrir Christum tekur enda. [15]Því að enn allt til þessa dags þá Moyses verður lesinn hengur það fortjald fyrir þeirra hjörtum. [16]En ef þeir snerust til Drottins so yrði það fortjald í burtu tekið. [17]Því að Drottinn er Andi. En hvar andi Drottins er, þar er frelsi. [18]En nú skoðum vér allir birti Drottins so sem í spegli meður óhuldri ásján og vér verðum so í þeirri samri mynd uppbirtir frá einnri birti til annarrar so sem af Drottni, hver að einn Andi er.

4 Hvar fyrir á meðan vér höfum nú svoddan embætti svo sem að vér höfum miskunnsemi til öðlast þá tregunst vér ekki [2]heldur afsegum vér einnin heimuglegar skammir og förum eigi með flátskap, forblöndum og ekki Guðs orð heldur með opinberum sannindum og auðsýnum oss hægan við allar samviskur manna fyrir Guði.

[3]Ef nú vort evangelium er hulið þá er það hulið þeim sem fortapaðir verða, [4]í hverjum að guð þessarar veraldar hefur forblindað hugskot vantrúaðra svo þeim skíni eigi uppbirting þessa evangelii Krists dýrðar hvert að er Guðs ímynd. [5]Því að vér prédikum ekki sjálfa oss heldur Jesúm Christum það hann sé Drottinn en vér yðrir þjónar Jesú vegna. [6]Því að sá Guð er ljósinu bauð úr myrkrinu að skína hann hefur birtuna gefið í vor hjörtu til uppbirtingar og viðurkenningar Guðs bjartleika í andliti Kristi Jesú.

[7]En þennan fjársjóð höfum vér í jarðlegum kerum so að sá yfirgnæfanlegi kraftur sé Guð og eigi af oss. [8]Alla vega líðum vér hryggðanir en vér hryggjunst þó eigi, oss veitir torvelt en vér örvilnunst eigi, [9]vér líðum ofsókn en vér verðum eigi fyrirlátnir, vér verðum niðurþrykktir en vér fyrirförunst eigi. [10]Og ætíð berum vér með oss deyðing Drottins Jesú á vorum líkama so að einnin og það líf Drottins Jesú opinskárt verði á vorum líkama.

[11]Því að vér sem lifum verðum jafnan í dauða seldir Jesú vegna so að einnin líf Jesú opinskárt verði á voru dauðlegu holdi. [12]Fyrir því verkar nú dauðinn í oss en lífið í yður. [13]En á meðan það vér höfum þann sama trúarinnar anda, eftir því sem skrifað er: „Eg trúði og fyrir það tala eg.“ Og vér trúum, fyrir því tölum vér einnin **Sálmarnir 116:10** [14]og vitum það að sá sem Drottin Jesúm hefur uppvakið að hann muni oss og uppvekja fyrir Jesúm og mun skikka oss þar meður yður. [15]Því að allt þetta sker yðar vegna so að sú yfirgnæfanlega náð fyrir margra þakkargjörð vegsami Guð ríkuglegana.

[16]Fyrir því letjunst vér ekki heldur þótt það vor ytri maður fordjarfist þá mun þó sá hinn innri dag frá degi endurnýjast. [17]Því að vor hryggð sem stundleg og létt er útvegar eina eilífa og yfir allan máta mikla dýrð [18]oss er ei álítum hið sýnilega heldur á hið ósýnilega. Því að hvað sýnilegt er það er stundlegt en hvað ósýnilegt er það er eilíft.

5 Því vér vitum þótt vort jarðneska hús þessarar byggingar verði niðurbrotið það að vér höfum bygging af Guði uppbyggða, hús, eigi með höndum gjört, það ævinlegt er á himnum. [2]Og þar eftir forlengir oss einnin eftir vorri íbygging sem er af himni, girnandist henni að yfirklæðast [3]so að vér finnunst klæddir og eigi naktir. [4]Því að meðan vér erum í þessu hreysi þá forlengir oss og erum þyngdir af því vér vildum fegnir eigi naktir heldur yfirklæddir verða upp á það hið dauðlega burtsvelgist af lífinu. [5]En hann sem oss býr til þess hins sama er sá Guð sem oss

gefið hefur pantinn Andarins. [6]En jafnan þá erum vér með góðum huga og vitum það á meðan vér byggjum í þessum líkama þá erum vér í fjarlægð frá Drottni. [7]Því vér göngum í trúnni og ekki í augsjón. [8]En vér erum með góðum huga og höfum miklu meiri lyst til að vera fjarlægir af líkamanum og nálægir hjá Drottni. [9]Fyrir því kostgæfum vér og einnin, hvort vér erum heima nálægir eða í fráveru fjarlægir, það vér þóknust honum. [10]Því að vér hljótum allir að opinberast fyrir dómstóli Krists upp á það að hver einn öðlist það á sínum líkama eftir því hann hefur aðhafst, sé það gott eða illt. **Job 34:11, Sálmarnir 62:12**

[11]Því að vér vitum það Drottinn er óttandi þá förum vér í hægð að við lýðinn en Guði erum vér opinberir. Eg vona og einnin það vér séum og í yðrum samviskum opinberir [12]svo vér lofum eigi oss sjálfa að nýju heldur það vér gefum yður tilefni að hrósa af oss upp á það þér hafið nokkru að hrósa í móti þeim sem hrósa sér eftir yfirlitum og ekki eftir hjartanu.

[13]Því eru vér höstugir so eru vér það Guði, eru vér gæfir þá eru vér yður gæfir. [14]Því að Krists kærleiki þvingar oss. Af því vér höldum það þar fyrir, fyrst að einn hefur fyrir alla dáið þá sé þeir allir dauðir. [15]Og því hefur hann fyrir alla dáið so að þeir sem lifa lifi ei sjálfum sér hér eftir heldur honum sem fyrir þá hefur dáið og upp aftur risinn er.

[16]Þar fyrir kennum vér nú hér eftir öngvan eftir holdinu. Þótt að vér höfum einnin kennt Christum eftir holdinu þá kennu vér hann þó nú so eigi lengur. [17]Af því, er nokkur í Christo, þá er hann ný skepna. Hið gamla er umliðið. Sjáið, allt er það nýtt vorðið. **Esaias 43:19, Opinberanir 21:5** [18]En allt það af Guði hver oss forlíkaði við sjálfan sig fyrir Jesúm Christum og gefið hefur oss það embætti sem forlíkunina prédikar. [19]Því að Guð var í Christo og forlíkti veröldina við sjálfan sig, tilreiknandi henni eigi sínar syndir og hefur uppreist vor á meðal orðið af forlíkuninni.

[20]So eru vér nú sendiboð af Krists álfu því að Guð áminnir fyrir oss. Þar fyrir biðjum vér yður fyrir Christum: Látið forlíka yður við Guð. [21]Því hann hefur þann sem af öngri synd vissi fyrir oss að synd gjört upp á það vér yrðum í honum það réttlæti sem fyrir Guði dugir.

6 En vér áminnum yður sem meðhjálpara það þér meðtakið ekki Guðs náð til ónýtis. [2]Því hann segir: „Í þægan tíma heyrða eg þig og á degi hjálpræðisins hjálpaði eg þér.“ Sjáið, nú er sá þægilegi tími, nú er dagur hjálpræðisins. **Esaias 49:8** [3]Látum oss því gefa öngvum hindran upp á það vort embætti verði ekki lastað [4]heldur augsýnum oss sjálfa í öllum hlutum so sem Guðs þénara:

Í mikilli þolinmæði, í harmkvælum, í háskasemdum, í þyngslum, [5]í húðstrokum, í fjötrum, í upphlaupum, í erfiði, í vöku, í föstu, [6]í hreinlífi, í viðurkenningu, í biðlundargeði, í hógværi, í Helgum Anda, í falslausum kærleika, [7]í sannleiksins orði, í Guðs krafti, fyrir herklæði réttlætisins til hægri og vinstri handar, [8]fyrir vegsemd og vansemd, fyrir vanrykti og gott rykti, so sem falsarar og þó sannarlegir, [9]so sem ókunnigir og þó kunnugir, líka so sem þeir eð deyja og sjáið, það vér lifum, so sem hegndir og eigi líflátnir, [10]so sem syrgendur, þó jafnan glaðir, so sem volaðir en þó þeir eð marga auðga, líka sem þeir eð ekkert hafa og þó eignast alla hluti. [11]Ó þér í Corinthio, vor munnur hefur sig opnaði til yðar, vort hjarta er glatt. [12]Vorra vegna þurfi þér ekki tvistir vera. En það þér eruð tvistir það gjöri eg af hjartans meiningu. [13]Eg tala við yður so sem við börn mín að

þér hegðið yður og einnin viður mig og séuð líka glaðir.
14Togið ekki okið meður vantrúuðum. Því að hverja hluttöku hefur réttlætið með ranglætinu? Eða hvert samlag hefur ljósið við myrkurin? 15Eða hverja samtengd hefur Kristur við Belíal? Eða hvört hlutskipti hefur trúaður með vantrúuðum? 16Hverja samlíking hefur Guðs musteri við skúrgoðahús? En þér eruð musteri Guðs lifanda eftir því sem Guð segir: „Eg mun byggja í þeim og ganga þeirra á meðal. Eg mun og vera þeirra Guð og þeir skulu minn lýður vera.“ **Exódus 29:45, Leviticus 26:12, Esekiel 37:23** 17Þar fyrir „gangið út frá þeim og fráskiljið yður, segir Drottinn, og snertið ekki það óklárt er. **Esaias 52:11, Esekiel 20:34** 18Þá mun eg meðtaka yður og vera yðar Faðir og þér skuluð vera mínir synir og dætur“ segir Drottinn Almáttigur. **2.Samuelis 7:14**

7 Á meðan vér höfum nú þvílík fyrirheit, kærustu vinir, þá förum til og hreinsum oss af allri saurgan holdsins og andans og áfram förum meður helguninni í Guðhræðslu. 2Takið við oss. Öngvum gjörðum vér mein, öngvum gjöru vér skaða, öngvan drógu vér á tálar. 3Þetta segi eg ekki yður til fordæmingar. Því að eg hefi áður sagt það þér eruð í voru hjarta samt til að deyja með og að lifa með. 4Glaður tala eg við yður: Mörgum hrósa eg af yður, uppfylltur em eg huggunar, yfirgnæfanlegur er eg í fögnuði í allri vorri hryggð. 5Því þá vér komum í Macedonia hafði vort hold öngva ró heldur í öllu liðu vér hryggð, hið ytra baráttu, hið innra ótta. 6En Guð sá er huggar lítilmagnana hann huggaði oss fyrir komu Titi.
7En eigi alleinasta fyrir hans tilkomu heldur einnin fyrir þá huggan þar hann var af yður með huggaður, kunngjörandi oss yðra forlenging, yðra tár, yðra vandlæting um mig so að eg gleð mig enn meir. 8Því það eg hryggða yður fyrir bréfið iðrar mig ekki. Og þótt mig iðraði það kann vera fyrsta að eg sé að það bréf hefur aðeins um stundarsakir hryggt yður, 9so gleð eg mig þó nú. Eigi af því það þér urðuð hryggvir heldur það þér urðuð hryggvir til iðranar. Því að þér eruð guðlega hryggvir vorðnir svo að þér fenguð öngvan skaða af oss í neinu. 10Því að guðleg hryggðan verkar iðran til hjálpræðis þá er öngvan iðrar. En þessa heims hryggðan verkar dauða.
11Sjáið, það að þér eruð guðlega hryggvir orðnir, hverja alúð það hefur með yður verkað, þar að auk forsvar, heift, ótta, forlengjan, vandlætan, hefnd. Og í öllum hlutum þá hafi þér auðsýnt yður að þér eruð skírir þess verks. 12Fyrir því þó að eg skrifaði yður þá er það ekki hans vegna skeð sem rangindi framdi og ekki hans vegna sem leið heldur þess vegna það yðar kostgæfni við oss opinber yrði hjá yður fyrir Guði.
13Af því þá erum vér huggaðir það þér eruð huggaðir. En þó höfum vér yfir allt fram glatt oss meir yfir fögnuði Titi. Því að hans andi er að nýju endurnærður til allra yðar. 14Því hvað eg hefi hrósað af yður fyrir honum í því verð eg ekki óvirtur heldur líka so sem að allt það er sennilega hvað eg hefi við yður talað, so er og einnin vor hrósan hjá Tito sannleikur orðin. 15Og honum er af hjarta öldungis vel til yðar þá er hann hugleiðir hlýðni allra yðar, hvernin þér hafið með hræðslu og ótta hann meðtekið. 16Eg gleð mig og það eg má alls góðs til yðar treysta.

8 Eg kunngjöri yður, kærir bræður, þá Guðs náð sem gefin er þeim söfnuði í Macedonia. 2Því að þeirra fögnuður var þá yfirgnæfanlegur þann tíð þeir urðu fyrir mörg harmkvæli reyndir. Og þótt að þeir væri nærsta fátækir þá hafa þeir þó ríkuglega gefið í öllum einfaldleik. 3Því að eftir öllu

megni (það vitna eg) og yfir megn fram
voru þeir sjálfviljugir [4]og beiddu oss
með mörgum áminningum það vér
meðtækjum þá góðgjörð og samlag
nauðþurftarinnar sem heilögum veitist.
[5]Og eigi sem vér vonuðum heldur gáfu
þeir í fyrstu sjálfa sig Drottni og oss eft-
ir það fyrir Guðs vilja sakir [6]það vér
hlutum að áminna Titum eftir því hann
hafði áður upphafið, so skyldi hann og
fullenda slíka velgjörð yðar á milli.

[7]En líka sem þér yfirgnæfið í öllum
greinum, í trúnni, í orðum, í viður-
kenningunni og í allri kostgæfni og í
yðrum kærleika til vor, so afrekið einn-
in það þér yfirgnæfið og í þessari vel-
gjörð. [8]Eg segi ekki sem boði eg það
heldur með því að hinir aðrir eru so
kostgæfnir þá reyni eg yðvarn kærleika
hvort hann er af réttum huga. [9]Því þér
vitið náð Drottins vors Jesú Christi það
þótt hann væri ríkur varð hann þó vol-
aður yðar vegna, upp á það þér yrðuð
fyrir hans fátækt auðugir.

[10]Og mitt ráð gef eg í þessu. Því að
þetta er yður nytsamlegt, þér sem upp
hafið byrjað fyrir tólf mánuðum, eigi
einasta gjörninginn heldur jafnvel vilj-
ann. [11]Því fullkomnið nú og einnin
gjörninginn upp á það líka sem að þar
er hneigilegur hugur til viljans [12]so sé
þar og einnin hneiganlegur hugur til
gjörningsins af því sem þér hafið til. Því
fyrst hann er góðviljaður þá er hann
þakknæmur eftir því sem hann hefur til
en eigi eftir því sem hann hefur ekki.

[13]Eigi sker það í þá meining það aðrir
hafi hvíld en þér hrelling heldur að það
sé jafnt. [14]So þjóni yðar gnægð þeirra
þurft í þessari hallæristíð upp á það að
þeirra gnægð eftir á þjóni yðvarri þurft
svo að það verði jafnt, [15]sem að skrifað
er: „Sá er miklu safnaði hafði ekkert af-
gangs og sá er litlu safnaði hann hafði
öngvan brest.“ **Exódus 16:18** [16]En Guði
sé þakkir sem slíka fyrirhyggju hefur
gefið í hjarta Titi til yðar. [17]Því að hann
meðtók að sönnu þá áminning. En með
því hann var so mjög kostgæfinn er
hann af sínum eigin vilja til yðar farinn.

[18]En vér sendum með honum vorn
bróður þann er lof hefur í evangelio um
allar samkundur. [19]Og eigi alleinasta
það heldur er hann einnin skikkaður út
af samkundunum oss til förunauts til
þessarar velgjörðar sem fyrir oss verð-
ur samansöfnuð Drottni til sæmdar og
yðar góðum vilja [20]til afhalds og að
gæta þess að enginn mætti eftir oss
segja nokkuð vont, slíkrar auðigrar
hjálpar vegna sem fyrir oss verður sam-
andregin [21]og vakta að það færi sæmi-
lega, eigi alleina fyrir Drottni heldur
einnin líka fyrir mönnum.

[22]So höfum vér og sent með þeim
bróður vorn þann vér höfum oft reynt í
mörgum greinum það hann sé kostgæf-
inn en nú miklu kostgæfnari. Og vér
höfum mikið traust á yður, [23]sé það
Títus vegna (sem er minn lagsmann og
hjálparmann yðar á milli) eður vegna
vorra bræðra (hverjir að eru postular
samkundanna og dýrðar Krists). [24]Fyrir
því hafið í ljósi auðsýning yðvars kær-
leika og vorrar hrósunar um yður við
þessa, einnin í augliti safnaðanna.

9 Því að af þessari næringarbjörg
sem þeim heilögum sker er mér
ekki þörf að skrifa yður til um. [2]Því að
eg veit yðvarn góðan vilja, hvar af eg
hrósa hjá þeim úr Macedonia og segi
það Achaia er fyrir tólf mánuðum
reiðubúin. Og yðart eftirdæmi hefur
marga til knúið. [3]En eg hefi af því þessa
bræður hingað sent so það vor hrósan
út af yður yrði ei að öngu og þér séuð
reiðubúnir líka so sem að eg hefi sagt
út af yður. [4]So að, ef þeir úr Macedonia
kæmu meður mér og fyndi yður
óviðurbúna, svo vér (eg vil segja þér)
verðum skammaðir með slíkri hrósan.
[5]En eg hefi álitið það fyrir nauðsyn að
áminna bræðurna það þeir færi fyrst til
yðar að reiðubúa þessa áður lofaða
blessan það hún sé til reiðu so það sé

ein blessan en engin ágirni. 6En eg segi
það: Hver hann sáir sparlega sá mun
sparlega uppskera og hver hann sáir
niður í blessaninni sá mun og einnin í
blessan uppskera. 7Hver einn eftir sínu
hugboði, eigi meður óvilja eður kúgan
því að glaðlyndan gjafara hefur Guð sér
kæran.
8Því Guð er máttugur að gjöra það
allsháttuð náð sé gnógleg meðal yðar
so að þér hafið alls gnægð í öllum hlut-
um og yfirgnæfið í öllum góðum verk-
um, 9so sem að skrifað er: „Hann út-
dreifði og gaf fátækum, hans réttlæti
blífur um aldir alda“ **Sálmarnir 112:9**
10(en sá er sæðið gefur kornsæðaranum
sá mun og gefa brauðið til fæðslunnar,
hann mun og margfalda yðvart sæði og
aukast láta frjóvgan yðvars réttlætis)
11það þér séuð auðugir í öllum hlutum
með allan einfaldleik sem fyrir oss
verkar þakkargjörð Guði.
12Því að sú næringarstoð þessarar
bjargar uppfyllir ei alleinasta þá nauð-
þurft heilagra heldur yfirgnæfir einnin
í því það margir þakka Guði 13fyrir
þessa vora trúa þjónustu og prísa Guð
yfir yðvari hlýðugri viðurkenningu
Krists guðsspjalla og yfir yðvari einfald-
legri hjálparstoð til þeirra 14og til allra
og yfir þeirra bænum fyrir yður, hverja
að forlengir eftir yður fyrir sakir þeirr-
ar yfirgnæfanlegrar Guðs náðar í yður.
15En Guði sé þakkir fyrir sína óumræði-
lega gáfu.

10 En eg, Páll, beiði yður fyrir
góðgirnd og hógværi Krists, sá
að í nálægð er lágur yðar á milli en í
fjarska em eg djarfur við yður. 2Því bið
eg yður það mér sé ekki þörf nálægum
djarflega að höndla og þá djörfung
frammi hafa sem mér verður tillögð
viður suma, þeir oss akta sem gengu
vér eftir holdsins plagsið. 3Því þótt vér
göngum í holdinu þá stríðum vér þó
eigi eftir holdlegum plagsið. 4Því að
herskrúði vors riddaraskapar er eigi
holdlegur heldur máttugur fyrir Guði
til niðurbrots þeirrar staðfestu 5hvar
með vér niðurbrjótum þann ásetning
og alla hæð sem að sig upphefur í gegn
Guðs viðurkenningu og að herfangi
tökum alla skynsemd undir Krists
hlýðni 6og erum reiðubúnir að hefna
allrar óhlýðni þá er yðar hlýðni er upp-
fylld. 7Dæmi þér eftir áliti?
Treystir nokkur þar upp á það hann sé
Krists, þá þenki sá einnin þetta hjá sjálf-
um sér það líka sem hann heyrir Kristi
til so heyrum vér einnin Kristi til. 8Og
þó að eg hrokaði mér nokkuð framar út
af þeirri vorri magt sem Drottinn hefur
oss gefið yður til betrunar og ekki til
fordjörfunar þá munda eg þó ekki til
skammar verða 9(en þetta segi eg) –
upp á það þér látið yður ei þykja sem eg
hefði viljað skelfa yður með bréfum.
10„Því að þau bréfin“ segja þeir „eru
þung og sterk en nálægð líkamans er
veik og málið er forsmánarlegt.“ 11Hver
þess konar er hann þenki það líka so
sem vér erum með orðum í bréfunum í
fráverunni so dirfunst vér einnin að
vera með gjörninginum í nálægðinni.
12Því að vér dirfunst ekki að reikna oss
eður telja meðal þeirra sem sig sjálfa
lofa. En með því þeir meta sig hjá sjálf-
um sér og halda so einasta nokkuð út af
sér sjálfum þá undirstanda þeir ekkert.
13En vér hrósum oss ekki yfir mál fram
heldur alleinasta eftir skammti þeirrar
reglu þar eð Guð hefur oss þann
skammt með afmetið að geta náð einn-
in allt til yðar. 14Því að vér förum ekki
oflangt í frá so sem að hefðum vér eigi
náð getað allt til yðar. Því vér erum
komnir allt til yðar með Krists guðs-
spjöllum 15og hrósum oss ekki fram yfir
það mál í annarlegu erfiði og vonum
nú, nær yðar trú frjóvgast í yður, það
vér munum víðara komast eftir vorri
reglu 16og prédika einnin þetta evang-
elium þeim sem hinumegin yður búa
og hrósa oss ekki í því sem með annar-
legri reglu er tilbúið. 17En hver sér hrós-

ar, sá hrósi sér í Drottni. [18]Því fyrir það er enginn reyndur það hann lofar sig sjálfur heldur það Drottinn lofar hann.

11 Gæfi Guð þér hélduð mér litla eina fávisku til góða því eg vanda um við yður með guðlegu vandlæti. [2]Því að eg hefi fastnað yður einum manni svo að eg í hendur selda Kristi eina skírlífa mey. [3]En það óttunst eg að líka sem höggormurinn tældi Evu með sinni fláræði so líka megi og fordjarfast yðar hugskot og affalla í frá þeim einfaldleik sem er í Christo. [4]Því ef sá sami sem til yðar kemur prédikaði einn annan Jesúm, þann vér höfum ei prédikað, eða ef þér meðtækjuð annan anda þann þér höfðuð ekki meðtekið, elligar annað evangelium það þér höfðuð ekki meðtekið, þá umliðu þér það réttlega.

[5]Því að eg held það eg sé eigi minni heldur en þeir hinir æðri postular eru. [6]Og þótt eg sé fáfróður í málinu þá em eg þó eigi fáfróður í viðurkenningunni. Því eg em hjá yður öldungis vel kenndur. [7]Eða hefi eg syndgast í móti því það eg minnkaði mig so að þér upphefðust? Því að eg hefi kunngjört yður þetta evangelium fyrir ekkert [8]og eg hefi rænt aðrar samkundur og verðlaunin af þeim tekið það eg prédikaði yður. [9]Og þann tíð eg var hjá yður nálægur og mig skorti var eg öngum þungur því mína nauðþurft uppfylldu þeir bræður sem komu af Macedonia. Og í öllum hlutum gætta eg mín að vera utan þyngsla við yður og svo vil eg og gæta mín héðan í frá.

[10]Því so sannarlega sem Krists sannleikur er í mér þá skal mér þessi hrósan í héröðum Achaia ekki tilstífld verða. [11]Hvar fyrir? Að eg skyldi ei elska yður? Guð veit það. [12]En hvað eg gjöri og vil gjöra það gjöri eg fyrir það að eg afsníði þeim það tilefni sem tilefnis fara á leit það þeir mættu hrósa sér að þeir sé so sem vér. [13]Því að þessháttar falspostular og sviksamlegir erfiðismenn gjöra sig að Krists postulum. [14]Og það eru eigi undur því sjálfur andskotinn umsnýr sér stundum til ljóssins engils. [15]Fyrir því er það eigi mikilsvert þótt hans þénarar umvendi sér einnin til réttlætisins prédikara, hverra endalok munu verða eftir þeirra verkum.

[16]Eg segi nú enn aftur það enginn meini það eg sé fávís. En ef eigi, þá meðtakið mig sem annan fávísan so það eg hrósi mér einnin nokkuð lítið. [17]Hvað eg tala nú það tala eg, eigi svo sem í Drottni, heldur so sem í fávisku, með því vér erum í hrósunina komnir. [18]Af því margir hrósa sér eftir holdinu vil eg einnin hrósa mér. [19]Því að þér umlíðið gjarnan fáfróða með því þér eruð sjálfir vitrir. [20]Þér umlíðið þótt nokkur hneppi yður í þrælkan, þótt nokkur féfletti yður, þótt nokkur taki frá yður, þótt nokkur hrokist upp við yður, þótt nokkur slái í yðra ásjónu. [21]Þetta segi eg eftir óvirðing so sem að værum vér breyskvir vorðnir.

Í hverju helst sem það nokkur er djarfur – eg tala í heimsku – þá em eg einnin djarfur. [22]Þeir eru ebreskir – eg einnin. Þeir eru Israeliti – eg einnin. Þeir eru Abrahams sæði – eg einnin. [23]Þeir eru Krists þénarar – eg tala heimskulega – eg em miklu framar. Eg hefi meir erfiðað, eg hefi meiri högg liðið, eg em oftar fanginn verið, oftar í dauðans hættu. [24]Af Gyðingum hefi eg fimm sinnum fengið fjörutigu slög einu færra. [25]Þrisvar sinnum egm eg húðstrýktur, einu sinni grýttur. Þrisvar hefi eg skipbrot liðið. Dag og nótt var eg í sjávardjúpi. [26]Oft þá hefi eg í ferðum verið. Eg hefi verið í háskasemdum til vats, í háskasemdum meðal morðingja, í háskasemdum millum Gyðinga, í háskasemdum meðal heiðingja, í háskasemdum í bhorgum, í háskasemdum á eyðimörku, í háskasemdum á sjó, í háskasemdum meðal falskra bræðra, [27]í eymdum og erfiði, í miklum vökum, í hungri og þorsta, í miklum

föstum, í kulda og klæðleysi. [28]Fyrir utan það sem hið innra kann við að bera, einkum það eg daglega verð yfirrunninn, berandi áhyggju fyrir öllum söfnuðum. [29]Hver er veikur og að eg verði eigi veikur? Hver verður svo hneykslaður að eg stikna ekki? [30]Ef eg skal þó hrósa mér, þá vil eg hrósa mér míns breyskleika. [31]Guð og Faðir vors Drottins Jesú Kristi, sá blessaður er um aldir, veit það eg lýg ekki [32]að til Damasko það landstjórnari konungsins Areta lét geyma borgina Damaskum og vildi láta grípa mig. [33]Og eg varð látinn út um vindaugað í ofan fyrir múrinn og svo flýða eg úr hans höndum.

12 Þó að hrósunin sé mér ekki nytsamleg þá vil eg þó koma við sjónirnar og opinberingar Drottins. [2]Eg þekki mann í Christo. Fyrir fjórtán árum (var hann í líkamanum, það veit eg eigi eða var hann utan líkama, veit eg eigi, Guð veit það) – sá sami varð ryktur allt upp í hinn þriðja himin. [3]Og eg þekki glöggt þann mann. Hvort hann var í líkama eður utan líkama veit eg eigi, Guð veit það. [4]Hann varð upprykktur í paradís og heyrði óumræðileg orð þau sem enginn mann fær út talað. [5]Af þessu vil eg mér hrósa en af sjálfum mér til vil eg ekki hrósa meir nema einasta míns breyskleika. [6]Og þótt að eg vilji mér hrósa gjörða eg ekki fyrir það fíflslegana því að eg vil segja sannleikinn. En eg sporna við því þar fyrir það enginn haldi mig æðra en so sem hann á mér sér eða af mér heyrir.

[7]Og so að eg stæri mig ekki af mikilleik þessara opinberinga er mér gefinn fleinn í holdið, einkum andskotans engill, hver mig með knefum slær, upp á það eg stæri mig ekki. [8]Um hvað eg hefi Drottin þrisvar beðið það hann viki í burt frá mér. [9]Og hann sagði til mín: „Lát þér nægja mína náð. Því að minn kraftur er í breyskvum máttugur.“ [10]Fyrir það vil eg sem fegnastur hrósa mér míns breyskleika so að kraftur Krists byggi meður mér. Fyrir því em eg góðhugaður í breyskleikum, í vanvirðingum, í nauðum, í ofsóknum, í þrengingum Krists vegna. Því nær eg em breystkur þá em eg öflugur.

[11]Eg em fífl orðinn af þeirri hrósan til hverrar þér þvingið mig. Því að eg átti að lofast af yður af því að eg em öngvum mun minnri en hinir æðstu postular þó að eg sé ekert. [12]Af því þar eru postulateikn gjörð yðar á millri í allri þolinmæði, í táknum, í stórmerkjum og kraftaverkum. [13]Því í hverju er það að þér eruð minniháttar en aðrar samkundur? Enema alleinasta í því það eg veitta yður eigi sjálfur neinn þunga. Fyrirlátið mér þann glæp. [14]Sjáið, eg em reiðubúinn í þriðja sinn að koma til yðar og eg vil eigi vera yður þungur. Af því eg spyr ekki eftir yðru heldur að yður því börnin eiga öngvan auð foreldrunum saman að safna heldur foreldrarnir börnunum.

[15]En eg vil sem fegnastur gefa mig út og útgefinn verða fyrir yðrar sálir hversu sem eg elska yður mjög og eg þó lítt elskaður verð. [16]En látið það so vera eg hafi ekki gjört yður þyngsl heldur með því eg var slægur veidda eg yður með slægðum. [17]En hefi eg nokkurn á tálar dregið fyrir einhvern þeirra sem eg senda til yðar? [18]Eg áminnta Titum og sendi með honum einn bróður. Hefur Títus nokkuð tælt yður? Höfum vér ekki í einum anda og í sömum fótsporum gengið? [19]Látið yður nú þykja aftur það vér forsvörum oss við yður. Vér tölum í Christo fyrir Guði.

En allt þetta sker yður, mínir kærustu, til betranar. [20]Því eg óttunst ef að eg kem að eg finni yður ekki svo sem að eg vil og þér finnið mig ekki sem þér viljið, svo þar sé ekkert hat, agg, reiði, þræta, bakmælgi, kvis, hrokaskapur og órói yðar á milli. [21]Svo að þá er eg kem það Guð niðurlægi mig enn aftur að nýju hjá yður og eg hljóti ekka að líða

yfir mörgum þeim er áður höfðu syndgast og öngva yfirbót gjörðu fyrir þann óhreinleik, hóranir og óráðvendi sem þeir hafa framið.

13 Komi eg í þriðja sinn til yðar so skal í tveggja eður þriggja votta munni standa öll málaferli. [2]Eg sagða yður það áður fyrri og eg segi yður það fyrirfram so sem nálægur í annað sinn og skrifa yður það nú til fjarlægur sem áður til forna höfðu syndgast og öllum hinum öðrum: Ef eg kem aftur í annað sinn vil eg eigi spara. [3]Af því þér leitið eftir það þér einhvern tíma verðið varir þess sem í mér talar, einkanlega Krists, sem ekki er breyskur yðar á milli heldur máttugur er meðal yðar. [4]Og þótt hann sé krossfestur í breyskleika þá lifir hann þó í Guðs krafti. Og þó að vér séum einnin breyskvir í honum þá lifum vér þó með honum í Guðs krafti meðal yðar.

[5]Reynið yður sjálfir hvort þér eruð í trúnni. Reynið yður sjálfir. Eða þekki þér ekki sjálfir yður það Jesús Kristur er í yður nema það sé að þér séuð ónytsamlegir? [6]En eg vona að þér þekkið það vér erum eigi ónytsamlegir. [7]En eg bið þess Guð að þér hafið ekkert vont að. Eigi upp á það að vér sýnunst nytsamlegir heldur upp á það þér gjörið hið góða og vér séum so sem þeir hinir ónytsamlegu. [8]Því að vér megum ei nokkuð í gegn sannleikanum heldur fyrir sannleikinn. [9]En vér gleðjum oss þá vér erum breyskvir en þér eruð máttugir og það sama æskjum vér einnin, einkum yðra algjörvi. [10]Hvar fyrir eg skrifa yður slíkt fráverandi so að eg þurfi ekki þá eg em nálægur harðindi fram að hafa eftir þeirri magt sem Drottinn hefur mér til betrunar en ekki til fordjörfunar gefið.

[11]En að síðustu, góðir bræður, gleðjið yður. Verið fullkomnir, hugstyrkið yður, verið samlyndir, verið friðsamir. Þá mun Guð friðarins og ástseminnar vera með yður. [12]Heilsið hver öðrum innbyrðis með heilögum kossi. [13]Yður heilsa allir heilagir. [14]Náð vors Drottins Jesú Christi og Guðs kærleiki og samtenging heilags anda sé með yður öllum.

Sá annar pistill til þeirra í Corinthiu, sendur frá Filippen í Makedónía fyrir Títum og Lucas

S. PÁLS PISTILL TIL GALATAS

1 Páll, einn apostuli, eigi af mönnum
né heldur fyrir manninn heldur
fyrir Jesúm Christum og Guð föður, sá
hann upp vakti af dauða, [2]og allir þeir
bræður sem meður mér eru söfnuðin-
um í Galatia:
[3]Náð sé með yður og friður af Guði
Föður og vorum Drottni Jesú Christo
[4]sem sjálfan sig hefur útgefið fyrir vor-
ar syndir það hann frelsaði oss í frá
þessari nálægri vondri veröld eftir
Guðs vilja og vors Föðurs, [5]hverjum að
sé dýrð um aldir alda. Amen.
[6]Mig undrar það að þér létuð so snart
snúa yður í frá þeim sem yður kallaði í
náðina Christi upp á annað evangeli-
um, [7]sem þar er þó ekkert annað. Utan
það að þar eru nokkrir sem yður villa
og umsnúa vilja Christi evangelio. [8]En
þó að vér eða engill af himni prédikaði
yður annað evangelium en það vér höf-
um prédikað yður, sá sé bölvaður. [9]Svo
sem vér sögðum nú í stað so segjum
vér enn aftur að nýju: Það ef nokkur
prédikar yður annað evangelium en að
þér hafið meðtakið, sé sá bölvaður.
[10]Prédika eg nú það mönnum eða Guði
til þjónustu? Eða þenki eg mönnum
þekkur að vera? Því ef eg hefði hingað
til mönnum þekkur verið þá væri eg
ekki Christi þénari.
[11]En eg kunngjöri yður, kærir bræður,
að það evangelium sem af mér er pré-
dikað er ekki af mönnum. [12]Því að eg
hefi það af öngvum manni meðtekið né
lært heldur fyrir opinberan Jesú
Christi. [13]Því að þér hafið vel heyrt mitt
athæfi forðum daga í júðadómnum það
eg ofsótti yfirmáta Guðs safnan [14]og
fram yfir marga mína jafningja í mínu
kyni vandlætti eg yfirmáta um feðr-
anna kenning.
[15]En þá það þóknaðist Guði, sá mig
hefur fráskilið í frá minnar móður kviði
og kallað fyrir sína náð, [16]það hann op-
inberaði í mér sinn Son so að eg skyldi
kunngjöra hann fyrir evangelium með-
al heiðnna þjóða. Og jafnsnart fór eg til
og ráðgaðist ei við hold og blóð. [17]Og ei
kom eg aftur í Jerúsalem til þeirra sem
fyrir mér voru postular heldur fór eg
burt í Arabiam og kom so aftur til
Damasco. [18]Eftir það að þrimur árum
liðnum kom eg til Jerúsalem að sjá
Petrum og eg dvaldist hjá honum um
fimmtán daga. [19]En annan af postulun-
um sá eg öngvan, nema Jacobum,
bróður Drottins. [20]Og það eg skrifa yð-
ur, sjáið, Guð veit það eg lýg ekki. [21]Eft-
ir það kom eg í landsálfur Syrie og Sil-
icie.
[22]En eg var ókenndur að yfirliti Christi
söfnuðum í Judea. [23]En þeir höfðu all-
einasta heyrt það „sá oss áður til forna
ofsótti hann prédikar nú trúna hverja
hann áður niðurbraut.“ [24]Og þeir
vegsömuðu Guð yfir mér.

2 Síðan eftir fjórtán ár fór eg upp aft-
ur til Jerúsalem meður Barnaba og
tók einnin Titum meður mér. [2]En eg
fór upp þangað eftir opinberan og hafði
tal við þá um það evangelion er eg pré-
dikaði meðal heiðinna þjóða en sérlega
þó við þá sem álitið höfðu so að eg
hlypa ekki forgefins eður hlaupið hefði.
[3]Og Títus, sá með mér var, þrengdist ei
heldur til að láta umskera sig þótt hann
væri gírskur. [4]Því að þá ég nokkrir
falskir bræður höfðu sér með oss inn
þrengt og þar með klóklega innlæðst til
að skoða vort frelsi hvert vér höfum í
Jesú Christo so það þeir veiddu oss [5]þá
viku vér þeim ekki eina stund undir-
gefnir að vera, upp á það að sannleik-
urinn evangelii staðnæmdist hjá yður.
[6]En af þeim sem álitið höfðu, hvað
þeir voru fyrr meir varðar mig öngu.

Því að Guð skeytir ekki áliti mannsins. **Deuteronomium 10:17** En mig hafa þeir sem alltíð höfðu álit ei annað lært [7]heldur þar í mót, þann tíð þeir sáu það mér tiltrúað var það evangelion til yfirhúðarinnar líka so sem Petri það evangelion til umskurnarinnar [8](því að sá með Pétri er vorðinn kröftugur til postulaembættis meðal umskurnarinnar sá sami er meður mér einnin kröftugur orðinn meðal heiðinna þjóða) [9]og þeir Jacobus, Kefas og Jóhannes viðurkenndu þá náð sem mér var gefin, sem fyrir stólpana voru álitnir, gáfu mér og Barnaba hendur og samtóku með oss það vér prédikuðum á meðal heiðinna þjóða en þeir á meðal umskurðarins, [10]utan einasta það vér minntunst volaðra, hvað eg lagða allt kapp á að gjöra.

[11]En þá Pétur kom til Antiochiam í mótstöð eg honum undir augun. Því að klögun var yfir hann komin. [12]Af því að áður til forna en það nokkrir komu í frá Jacobo þá át hann með heiðingjum. En þá þeir komu forðaði hann sér og fráskildi sig þeim af því hann óttaðist þá af umskurninni. [13]Og þeir aðrir Gyðingar hræsnuðu með honum so það Barnabas varð einnin afvegaleiddur í þeirra hræsni. [14]En þá eg sá það þeir gengu eigi rétt eftir sannleik guðsspjallsins sagða eg til Péturs fyrir öllum opinberlega: „Fyrst þú, sá sem ert Gyðingur, lifir sem heiðingjar og eigi sem Gyðingar, hvar fyrir þvingar þú þá inu heiðnu til að lifa sem Gyðingar?“ [15]Þótt að vér séum af náttúru Gyðingar og öngvir syndarar út af heiðnum þjóðum. [16]Þó á meðan vér vitum það maðurinn verður ekki réttlátur fyrir lögmálsins verk heldur fyrir trúna á Jesúm Christum. So trúum vér og einnin á Christum Jesúm upp á það vér verðum réttlátir fyrir trúna á Christum og ekki fyrir verkin lögmálsins.

Því að fyrir verkin lögmálsins verður ekkert hold réttferðugt. [17]En skyldu vér, hverjir eftirleitum fyrir Christum réttlátir að verða, nú einnin sjálfir syndugir fundnir verða, þá væri Kristur einn syndaþénari. Þar sé fjærri. [18]Því ef eg byggi það upp aftur hvað eg hefi niðurbrotið þá gjöri eg mig sjálfan að yfirtroðslumanni. [19]Því að eg em fyrir lögmálið lögmálinu dáinn so að eg lifi Guði. [20]Eg em með Kristi krossfestur en eg lifi, nú þó ekki eg, heldur lifir Kristur í mér. Því það eg lifi nú í holdinu það lifi eg í trúnni Guðs Sonar, sá mig hefur elskað og sjálfan sig útgefið fyrir mig. [21]Eigi snara eg Guðs náð á burt. Því ef fyrir lögmálið kemur réttlætið þá er Kristur forgefins dáinn.

3 Þér skynsemdarlausir Galate, hver hefur töfrað yður það þér hlýdduð ekki sannleiknum? Hverjum þó Jesús Cristus var fyrir augum málaður og nú á meðal yðar krossfestur er. [2]Það alleinasta vil eg nema af yður: Hvert þér hafið meðtekið Andann fyrir verkin lögmálsins eða fyrir prédikunina af trúnni. [3]Eru þér so skynlausir? Hvað þér hafið uppbyrjað í Andanum, því vilji þér nú í holdinu áfram halda? [4]Hafi þér þá liðið so margt fyrir ekki? Ef það er annars fyrir ekki. [5]Sá sem yður gefur Andann og gjörir slíka gjörninga á meðal yðar, gjörir hann það þá fyrir verkin lögmálsins eða fyrir prédikunina af trúnni? [6]Líka so sem Abraham trúði Guði og það er honum reiknað til réttlætis. **Genesis 15:6** [7]So viti þér nú þá það þeir sem trúarinnar eru að þeir eru Abrahams börn.

[8]En Ritningin hefur þetta áður til forna fyrirséð það Guð réttláta gjörir hina heiðnu fyrir trúna. Af því kunngjörði hann það Abraham fyrirfram: „Í þér skulu allar þjóðir blessaðar verða.“ **Genesis 12:3, 18:18** [9]Líka so munu þeir sem trúarinnar eru blessast með hinum trúaða Abraham. [10]Því svo margir sem við lögmálsins verkin fást þeir eru undir bölvaninni. Því skrifað er: „Bölvaður sé sá hver sem ekki blífur í öllu því

sem skrifað er í lögmálsbókinni so hann gjöri það.“ **Deuteronomium 27:26** [11]En það að fyrir lögmálið verði enginn réttlátur fyrir Guði, það er opinbert: „Því að réttlátur lifir af trú sinni.“ **Habakuk 2:4** [12]En lögmálið er ekki af trúnni heldur: „Sá maður sem það gjörir mun lifa þar fyrir.“ **Leviticus 18:5** [13]En Christus hefur leyst oss frá bölvan lögmálsins þann tíð hann varð bölvan fyrir oss (því að skrifað er: „Bölvaður sé sá hver sem á tré hangir“) **Deuteronomium 21:23** [14]so að blessan Abrahe komi meðal heiðinna þjóða í Christo Jesú og að vér meðtækjum so fyrirheitinn Anda fyrir trúna.

[15]Kærir bræður, eg vil tala eftir mannlegum plagsið. Engin vanrækir mannsins testament (nær það er staðfest) né eykur þar við. [16]Nú eru þó fyrirheitin Abrahe og hans sæði tilsögð. Eigi segir hann „sæðunum“ so sem fyrir mörg heldur svo sem fyrir eitt. „Fyrir þitt sáð“ **Genesis 12:7** hvert að er Kristur. [17]En eg segi þar af að það testament sem áður til forna er staðfest af Guði upp á Christum verður ekki ónýtt gjört so það fyrirheit skyldi fyrir lögmálið enda taka, hvert að gefið er fyrir fjórum hundruðum og þrjátigi árum þar eftir. **Exódus 12:40** [18]Því ef arfleifðin yrði fyrir lögmálið afrekuð þá yrði hún ekki fyrir fyrirheitið gefin. En Guð hefur fyrirheitisins vegna gefið hana Abraham.

[19]Hvar til skal þá lögmálið? Það er vegna yfirtroðslunnar tilsett þangað til það sæði kæmi hverju fyrirheitið var skeð og er tilsett af englunum fyrir hönd meðalgöngumannsins. [20]En meðalgöngumaðurinn er eigi aðeins einka meðalgöngumaður en Guð er einn.

[21]Hvernin þá? Er lögmálið í gegn Guðs fyrirheiti? Það sé fjærri. Því ef þar væri það lögmál útgefið sem lífgað gæti, sannarlega þá kæmi réttlætið út af lögmálinu. [22]En Ritningin hefur það innilukt undir syndinni so að það fyrirheit sem kemur fyrir trúna á Jesúm Christum gæfist trúuðum. [23]En áður sú trúa kom varðveittunst vér undir lögmálinu og inniluktir upp á þá trú sem opinber skyldi verða.

[24]Líka so var lögmálið vor tyftunarmaður til Christum so að vér réttlættunst fyrir trúna. [25]En nú eð trúan er komin þá erum vér eigi lengur undir þeim tyftunarmanni. [26]Því að þér eruð allir Guðs börn fyrir trúna á Jesúm Krist. [27]Því að so margir af yður sem eruð skírðir, þér hafið Kristi íklæðst. [28]Hér er ei Gyðingur né gírskur, hér er eigi þræll né frelsingi, hér er eigi kall né kvinna, því þér eruð allir saman eitt í Christo Jesú. [29]En fyrst þér eruð Christi þá eru þér Abrahams sæði og eftir fyrirheitinu erfingjar.

4 En eg segi, so lengi sem erfinginn er barn þá er á milli hans og þjónsins enginn greinarmunur þó að hann sér herra alls, [2]heldur er hann undir forverjurum og fjárhaldsmönnum allt til ásetts tíma af föðurnum. [3]Líka einnin þá vér vorum börn voru vér þrælkaðir undir þessa heims setningum. [4]En þá uppfylling tímans var komin útsendi Guð sinn Son, fæddan af kvinnu og lögmálinu undivorpinn, [5]upp á það að hann frelsaði þá sem undir lögmálinu voru so að vér meðtækjum sonarleifðina. [6]En með því þér eruð börn hefur Guð sent Anda síns Sonar í yðar hjörtu, kallandi: „Abba, kæri faðir!“ [7]Svo er hér nú enginn þræll meir heldur börn ein. En eru það börn þá eru það einnin arfar Guðs fyrir Christum.

[8]En þá þér þekktuð ekki Guð þjónuðu þér þeim sem af náttúru eru öngvir guðir. [9]En nú þér hafið Guð þekkt (já miklu framar eruð af Guði þekktir) hvernin vendi þér yður þá um aftur til þeirra breyskra og nauðþurftugra setninga hverjum þér viljið nú aftur að nýju þjóna? [10]Þér haldið daga og mánuði, helgihöld og ártíðir. [11]Eg em ótta-

sleginn um yður það eg hafi kann vera til einskis erfiðað hjá yður. 12Verið so sem að eg em það eg em so sem þér. Kærir bræður, eg beiði yður, þér hafið ekkert mein mér gjört. 13Því að þér vitið það eg prédikaði yður evangelion í fyrsta sinn í veikleika eftir holdinu. 14Og mínar freistanir sem eg leið eftir holdinu fyrirlituð þér ekki né forsmáðuð heldur so sem annan Guðs engil meðtókuð þér mig, já líka sem Christum Jesúm. 15Ó hó, hve sælir voru þér í það sinni! Eg ber yður það vitni ef mögulegt hefði verið að þér hefðuð yðar augun útslitið og gefið mér. 16Em eg þá so orðinn yðar óvin það eg segi yður sannindin?

17Þeir vandlæta eigi vel um yður heldur vilja þeir gjöra yður mér frásnúna svo að þér skuluð vandlæta um þá. 18Umvandanin er góð nær hún sker ætíð um hið góða og ei alleinasta þá eg em nálægur í hjá yður. 19Mín kæru barnakorn, þau eð eg enn nú aftur í annað sinn með angist fæði þangað til að Kristur ímyndast í yður. 20En eg vilda það eg væra nú hjá yður og gæti minni raust umskipt. Því að eg em sorgbitinn yfir yður.

21Segið mér, þér sem undir lögmálinu viljið vera, hafi þér ekki heyrt lögmálið? 22Því að skrifað er það Abraham hafði tvo sonu, einn af ambáttinni og einn af eiginkonunni. **Genesis 21:1, 9-10** 23En sá af ambáttinni var er fæddur eftir holdinu en hann af eiginkonunni er fyrir fyrirheitið fæddur. 24Hver orð að hafa andlega meining. Því að þetta eru þau tvö testamenta, eitt af fjallinu Sína, það er til þrælkunar fæðir, hver að er Agar, 25því að Agar heitir í Arabia fjallið Sína, og strekkir sig allt þangað sem nú í þennan tíma er Jerúsalem og er í þrælkan með sínum börnum.

26En hin Jerúsalem sem þar uppi er, hver er eiginkonan, hver að er móðir vor allra, 27það skrifað er: „Vert glöð hin óbyrja, þú sem ekki fæðir, brjóst fram og kalla sem ekki er þunguð, því að hin einsama hefur miklu fleiri börn en hún er manninn hefur.“ **Esaias 54:1** 28En vér, kærir bræður, erum Ísaaks börn eftir fyrirheitinu.

29En líka sem í þann tíma að sá eftir holdinu er fæddur ofsótti þann sem eftir Andanum var fæddur, so er það nú einnin. 30En hvað segir Ritningin? „Rek burt ambáttina og son hennar því að ambáttarinnar sonur skal ekki erfa með syni eiginkonunnar.“ **Genesis 21:10** 31Svo erum vér nú, kærir bræður, ekki ambáttarinnar börn heldur eiginkonunnar.

5 Svo standið nú í því frelsi þar Kristur hefur frelsað oss með og látið ekki færa yður aftur í það þrældómsokið. 2Sjáið, eg Páll segi yður það: Ef svo er að þér látið umskera yður þá er Kristur yður ekki nytsamur. 3Eg vitna enn sérhverjum manna það aftur sem sig lætur umskera að hann er enn nú allt lögmálið skyldugur að gjöra.

4Þér eruð Kristi fráskildir sem fyrir lögmálið viljið réttlátir vera og eruð náðinni frá fallnir. 5En vér vonum í Andanum fyrir trúna þess réttlætis hvers vér hljótum að vona. 6Því að í Christo Jesú gildir hvorki umskurn né yfirhúð nokkurt heldur sú trúa sem fyrir kærleikann verkar.

7Þér hlupuð fínlega, hver aftraði yður sannleiknum að hlýða? 8Þessar umtölur eru eigi af honum sem yður hefur kallað. 9Lítið súrdeig sýrir allt deigið. 10Eg forsé mig þess til yðar í Drottni það þér munuð ekki öðruvís sinnaðir vera. En hver yður villir sá mun bera sinn dóm, hann sé hver hann vill. 11En eg, kærir bræður, ef eg prédika nú umskurnina, hvar fyrir líð eg þá ofsóknina? Þá er og afskafin krossins hneykslan. 12Gæfi Guð það þeir yrði og afsniðnir sem yður sturla.

13En þér, kærir bræður, eruð til frelsisins kallaðir. Einasta sjáið so til það þér

gefið fyrir frelsið holdinu ekkert tilefni heldur fyrir kærleikann þá þjónið hver öðrum. 14Því að öll lög verða í einu orði uppfylld, í því: „Elska þinn náunga sem sjálfan þig.“ **Leviticus 19:18, Mattheus 22:39** 15En ef svo er það þér tönnlið og tyggið hver annan innbyrðis þá sjáið til það hver yðar svelgist ekki af öðrum.

16En eg segi: Gangið í Andanum, þá munu þér ekki fullkomna holdsins girndum. 17Því að líkaminn girnist í móti Andanum og Andinn í móti líkamanum. Og þessir eru hvorir í móti öðrum so þér gjörið ekki hvað þér viljið. 18En ef Andinn stjórnar yður þá eru þér ekki undir lögmálinu. 19En holdsins verk eru opinber, so sem að er: Hórdómur, frillulifnaður, saurlífi, lausung, 20skúrgoðadýrkan, fjölkynngi, fjandskapur, hatur, agg, reiði, þræta, sundurþykki, tvídrægni, 21öfundskapur, manndráp, ofdrykkja, ofát og þessu líkt, út af hverju eg hefi áður fyrri sagt og segi enn nú fyrir það þeir sömu sem þetta gjöra erfa ekki Guðs ríki. 22En hér í gegn er ávöxtur Andarins: Kærleiki, fögnuður, friður, þolinmæði, blíðleiki, góðgirni, trú, 23hógværð, hreinlífi – í gegn slíku er ekki lögmálið. 24En þeir sem Kristi tilheyra þeir krossfesta sitt hold með girndum og tilhneigingum. 25Fyrst vér lifum í Andanum þá göngum og einnin í Andanum. 26Verum eigi ágjarnir hégómadýrðar hver annan innbyrðis að reita og að öfunda.

6 Kærir bræður, ef maðurinn verður í einhverjum glæp hindraður þá leiðréttið hann með hógværum anda, þér sem eruð andlegir. Og haf gát á sjálfum þér það þú verður ekki freistaður. 2Einn beri annars byrði og so munu þér uppfylla Christi lögmál. 3En ef einhver lætur sér þykja það hann sé nokkuð (sem hann er þó ekkert), sá tælir sjálfan sig. 4Hver einn reyni sín eigin verk og þá mun hann á sjálfum sér hrósan hafa og eigi á neinum öðrum. 5Því að hver einn mun sína byrði bera.

6En sá er leiðréttur verður með orðinu hann býti honum allsháttuðum auðæfum sem hann leiðréttir. 7Farið ei villir vega: Guð lætur ekki að sér hæða. Því hvað maðurinn sáir niður það mun hann uppskera. 8Hver í holdinu niðursáir, sá mun af holdinu skaðsemi uppskera. En hver í Andanum niðursáir, sá mun af Andanum uppskera eilíft líf. 9Þreytunst vér eigi gott að gjöra því að á sínum tíma munu vér einnin óþrotnandi uppskera. 10Fyrst vér höfum nú tíðina þá gjörum gott hverjum manni, einna mest þeim sem eru trúarinnar heimkynni.

11Sjáið, hve mörg orð eg skrifaði yður með eiginni hendi. 12Þeir eð sig vilja þakknæma gjöra eftir holdinu þeir þvinga yður til að umskerast einasta upp á það þeir verði eigi með krossi Christi ofsóttir. 13Því að þeir sjálfir sem sig láta umskera halda ekki lögmálið heldur vilja þeir það að þér látið umskera yður so að þeir megi hrósa sér af yðru holdi. 14En fjærri sé mér að hrósast nema einasta í krossi vors Drottins Jesú Christi, fyrir hvern mér er heimurinn krossfestur og eg heiminum. 15Því að í Christo Jesú dugir hverki umskurn né yfirhúð nokkurt heldur ný skepna. 16Og so margir sem eftir þessari reglu ganga yfir þeim sé friður og miskunn og yfir Ísrael Guðs. 17Hér eftir gjöri mér engin meiri mæðu því að eg ber jafnan benjar Drottins Jesú á mínum líkama. 18Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yðrum anda, kærir bræður. Amen.

Til þeirra í Galatia sendur af Roma.

S. PÁLS PISTILL TIL EPHESIOS

1 Páll apostuli Jesú Christi fyrir Guðs vilja þeim heilögum sem eru til
Epheso og trúuðum á Christum Jesúm:
[2]Náð sé með yður og friður af Guði
vorum föður og Drottni Jesú Christo.
[3]Blessaður sé Guð og Faðir vors
Drottins Jesú Christi, sá oss hefur
blessað með allsháttaðri andlegri
blessan í himneskri auðlegð fyrir
Christum, [4]so sem hann útvaldi oss fyr-
ir þann sama áður en veröldin var
grundvölluð það vér skyldum vera
heilagir og óstraffanlegir fyrir honum í
kærleikanum [5]og hefur fyrirhugað oss í
Sonarleiðina til sjálfs síns fyrir Jesúm
Christum, eftir þóknan síns vilja, [6]til
lofs sinni dýrðarlegri náð fyrir hverja
hann hefur oss þakknæma gjört í sín-
um elskulega syni,
[7]í hverjum vér höfum endurlausnina
fyrir hans blóð, sem er syndanna fyrir-
gefning, eftir ríkdómi hans náðar [8]sem
oss er gnóglegana útskipt í allsháttuð-
um vísdómi og forsjáleik, [9]og hefur oss
vita látið leyndan dóm síns vilja eftir
sinni þóknan [10]og hefur þann sama hér
framflutt fyrir hann það hann yrði pré-
dikaður þá uppfylling tímanna var
komin, upp á það að hann til samans
taki alla hluti í Christo, bæði þá sem á
himni og á jörðu eru, fyrir hann sjálfan,
[11]fyrir hvern vær erum einnin til arf-
skiptis komnir, vér sem erum áður fyr-
ir fram fyrirhugaðir eftir forsjón þess
sem alla hluti verkar eftir ráði síns vilja,
[12]upp á það vér séum hans dýrð til lofs
sem áður fyrirfram vonuðum upp á
Christum.
[13]Fyrir hvern þér hafið heyrt sann-
leiksins orð, sem er evangelium af
yðvari sáluhjálp, fyrir hvert þér (ef þér
trúið) eruð innsiglaðir með heilögum
Anda fyrirheitisins [14]sá sem að er
pantur vorrar arfleifðar til vorrar
endurlausnar so að vér erum orðnir
hans eigin eign til lofs hans dýrðar.
[15]Hvar fyrir eg einnin, eftir því eg hefi
heyrt hjá yður út af þeirri trú á Drottin
Jesúm og af yðrum kærleika til allra
heilagra, [16]þá læt eg eigi af þakkir að
gjöra fyrir yður og minnunst yðar í
mínum bænum [17]það Guð vors Drottins
Jesú Christi, dýrðarinnar Faðir, gefi yð-
ur vísdómsins og uppbirtingaranda til
hans eiginnar viðurkenningar [18]og upp-
lýsi augu yðvars hugskots það þér meg-
ið vita hver þar sé von yðrar kallanar
og hver þar sé ríkdómur hans dýrðar-
fullrar arfleifðar til sinna heilagra [19]og
hver þar sé hin yfirgnæfanlega stærð
hans kraftar við oss, vér sem trúum,
eftir verkan hans volduga styrkleiks
[20]sem hann hefur verkað í Christo þá
hann uppvakti hann af dauða og setti
til sinnar hægri handar á himnum [21]yfir
allan höfðingskap, valdsstétt, magt og
herradóm og allt hvað nefnast má, eigi
einasta í þessari veröld heldur jafnvel í
tilkomandi. [22]Og alla hluti hefur hann
honum undir fætur lagt og setti hann
höfuð safnaðarins, yfir allt, [23]hver að er
hans líkami og fylling hans sem alla
hluti í aullum uppfyllir.

2 Og einnin yður (samlífgaði hann)
þá þér voruð dauðir fyrir afbrot og
syndir, [2]í hverjum þér hafið forðum
daga gengið eftir hætti þessarar veralda
og eftir þeim höfðingja sem í loftinu
drottnar, sem er eftir þeim anda er á
þessari tíð hefur sína verkan í börnum
vantrúarinnar, [3]meðal hverra vér höf-
um allir forðum haft vort athæfi í
girndum vors holds, fremjandi holdsins
og hugskotsins vilja og vorum af nátt-
úru börn reiðinnar líka svo sem hinir
aðrir. [4]En Guð sá auðigur er af mis-
kunn, fyrir sína miklu elsku þar hann

hefur oss elskað, [5]þá vér vorum dauðir í syndunum hefur hann gjört oss lifandi meður Kristi (því að af náðinni eruð þér hólplegir vorðnir) [6]og hefur uppvakið oss meður honum og sett oss meður honum meðal himneskra í Christo Jesú [7]upp á það hann auðsýni í eftirkomandi öld yfirgnæfanlegan ríkdóm sinnar náðar fyrir sína góðgirni viður oss í Christo Jesú. [8]Því að af náðinni eru þér hjálplegir orðnir fyrir trúna og það ekki af yður. Það er gjöf Guðs, [9]eigi af verkunum, so að enginn hrósi sér. [10]Því að vér erum hans verk, skapaðir í Christo Jesú til góðra verka, til hverra að Guð hefur oss áður forðum fyrirbúið það vér skyldum þar inni ganga.

[11]Hvar fyrir verið þess minnugir það þér sem forðum daga voruð heiðnar þjóðir eftir holdinu og yfirhúð kallaðir af þeim sem kallaðir eru umskurn eftir holdinu sem með hendinni sker, [12]það þér voruð í þann sama tíma án Christi, framandi og fráskildir borgarrétti Ísraels og ókenndir af testamento fyrirheitisins af því þér höfðup enga von og voruð án Guðs í þessum heimi. [13]En þér sem nú í Christo Jesú eruð og forðum voruð í fjarska þá eruð nú nálægir vorðnir fyrir blóð Christi.

[14]Því að hann er vor friður sá út af hverutveggjum gjörir eitt og af hefur brotið þann vegg sem þar var á milli [15]í því það hann burttók fyrir sitt hold þann óvinskap, sem er lögmálið það í boðorðunum var tilsett, so að hann skapaði af tveimur einn nýjan mann í sjálfum sér og gjörði so frið [16] það hann forlíkti hvorutveggju við Guð í einum líkama fyrir krossinn og deyddi so óvinskapinn fyrir sig sjálfur [17]og er kominn og kunngjörði yður í evangelio þann frið yður sem voruð fjærri og hinum sem nærri voru. [18]Því að fyrir hann höfum vér hvorutveggja aðgang í einum Anda til Föðursins.

[19]So eru þér nú eigi meir gestir og framandi heldur samborgarmenn heilagra og Guðs heimamenn, [20]uppbyggðir yfir grundvöll postula og spámanna þar Jesús Christus er hyrningarsteinn, [21]á hverjum öll uppbyggingin í eitt samansett vex til heilags musteris í Drottni, [22]upp á hvern þér verðið einnin með uppbyggðir til Guðs íbúðar í Andanum.

3 Hvar fyrir eg, Páll, bandingi Christi Jesú, fyrir yður heiðingja, [2]af því þér hafið heyrt út af embætti Guðs náðar þeirri mér er til yðar gefin, [3]það mér er kunnur orðinn þessi leyndur dómur fyrir opinberan (eftir því eg hefi áður hið allra fyrsta skrifað) [4]það þér, ef þér læsuð það kunnið að merkja minn skilning í leyndum dómi Christi, [5]hver ekki er forðum mannanna sonum kunnur gjörður so sem nú er hann opinberaður hans heilögum postulum og spámönnum fyrir Andann: [6]Það að hinir heiðnu eru samarfar og með innlífaðir og hluttakendur hans fyrirheita í Christo fyrir evangelium, [7]hvers þénari eg em vorðinn eftir gjöf Guðs náðar sem mér er gefin eftir hans volduga krafti.

[8]Mér, hinum síðasta meðal allra heilagra, er gefin þessi náð það eg kunngjörða meðal heiðinna þjóða þann órannsakanlegan ríkdóm Christi [9]og upp að birta hverjum manni hver þar sé sameign leyndardómsins sem af veraldar upphafi hefur í Guði hulinn verið, sá alla hluti hefur skapað fyrir Jesúm Christum, [10]upp á það að kunnug yrði nú höfðingjum og herradómum á himnum fyrir söfnuðinn sú margföld speki Guðs [11]eftir fyrirhyggjunni frá veraldarupphafi sem hann hefur auðsýnt í Christo Jesú vorum Drottni, [12]fyrir hvern vér höfum djörfung og aðgang í öllu trausti fyrir trúna á hann. [13]Fyrir því bið eg það þér tregist ekki vegna minnar hörmungar sem eg þoli fyrir yður, hver yðar dýrð er.

[14]Hvar fyrir eg beygi mín kné fyrir Föður vors Drottins Jesú Christi, [15]sá

sem réttur Faðir er yfir allt hvað börn
kallast á himnum og á jörðu, [16]að hann
gefi yður kraft eftir ríkdómi sinnar
dýrðar að styrkjast fyrir hans Anda í
hinum innra manni [17]og láta Christum
fyrir trúna byggja í yðrum hjörtum og
fyrir kærleikann innrætast og grund-
vallast [18]svo að þér mættuð höndla með
öllum helgum hver þar sé vídd og
lengd, dýpt og hæð [19]og að vita það að
elska Christum það er betra en allt að
vita so að þér uppfylldust með allshátt-
aðri Guðs nægð.

[20]En honum sem máttugur er alla
hluti yfirgnæfanlegar að gjöra heldur
en vér biðjum eður skiljum, eftir þeim
krafti sem í oss verkar, [21]þeim sama sé
dýrð í safnaðinum, sá í Christo Jesú er,
um allar aldir alda að eilífu. Amen.

4 Svo áminni eg yður nú, eg
bandingi í Drottni, að þér gangið
svo sem heyrir yðvari kallan þar þér
eruð innikallaðir, [2]meður öllu lítillæti
og hógværi og með þolinmæði. Og um-
líðið hver annan í kærleika [3]og verið
kostgæfnir að halda eindrægni í And-
anum fyrir band friðarins. [4]Einn líkami
og einn Andi, sem sem þér eruð kallað-
ir upp á eina von yðrar kallanar. [5]Einn
Drottinn, ein trúa, ein skírn, [6]einn Guð
og Faðir allra, sá sem að er yfir yður öll-
um og fyrir yður öllum og í yður öllum.

[7]En einum sérhverjum vorum er gefin
náð eftir mæling gjafar Christi. [8]Hvar
fyrir að hann segir: „Hann er uppfarinn
í hæðina og hefur herleiðingina að her-
fangi tekið og mönnum gáfur gefið.“
Sálmarnir 68:18 [9]En það hann er upp-
farinn, hvað er það utan það hann er
áður niðurstiginn í hinar yðstu álfur
jarðar? [10]Sá er niður er stiginn hann er
sá sami sem upp er farinn yfir alla
himna upp á það hann alla hluti upp-
fylldi.

[11]Og suma hefur hann sett til postula
en suma til spámanna, suma til guðs-
spjallara, suma til hirðara og lærifeðra,
[12]svo að hinir heilögu sé tilreiddir í verk
þess embættis þar sem líkami Christi
verður upp á byggður, [13]þar til vér
komum allir í eindrægni trúarinnar og
viðurkenningu Guðs Sonar og full-
gjörður maður verðum, sá hann er í
mæling fullkomins aldurs Christi, [14]so
að vér séum eigi lengur börn og látum
hræra oss og feykja af allsháttuðum
vindi lærdómsins fyrir prettskap og
undirhyggju mannanna þar með þeir
ástunda oss að villa.

[15]Verum heldur sannleiknum eftir-
fylgjandi í kærleikanum og vöxum í
öllu á honum sem að er höfuðið, Christ-
us, [16]á hverjum allur líkaminn sam-
tengist og einn limur á öðrum hengur
fyrir alla liðu, hvar af hver öðrum hjálp
veitir eftir verki hvers og eins liðsins í
sinn máta, og gjörir það að líkaminn
vex til sinnar eiginnar betrunar og það
allt í kærleika.

[17]So segi eg nú og vitna í Drottni að
þér gangið eigi lengur so sem að hinir
aðrir heiðingjar, í hégómleik síns hug-
skots, [18]hverra hugskot formyrkvað er
og eru annarlegir frá því lífi sem af
Guði er fyrir þá fávisku sem í þeim er,
fyrir blindleik sjálfs þeirra hjarta,
[19]hverjir vonarlausir eru og sig gáfu í
lausung og frömdu allsháttaðan
óhreinleik með ágirni. [20]En þér hafið
ekki so lært af Christum [21]ef þér hafið
annars af honum heyrt og eruð í hon-
um lærðir, hversu það sannindin eru í
Jesú.

[22]So afleggið í frá yður eftir fornri
breytni hinn gamla mann sem sig for-
djarfar í girndum villudómsins. [23]En
fornýið yður í anda yðvars hugskots
[24]og klæðist þeim nýja manni sem eftir
Guði er skapaður í sannarlegu réttlæti
og heilagleik. [25]Hvar fyrir afleggið lygar
og talið sannleik hver við sinn náunga
því að vér erum innbyrðis hver annars
limur. [26]Reiðist og syndgist ei. Látið ei
sólina undirganga yfir yðari reiði. [27]Gef-
ið og ekkert rúm fjandanum. [28]Hver

stolið hefur sá steli nú eigi meir heldur erfiði og afli með höndunum hvað gott er so að hann hafi að gefa þeim sem þurftugir eru.
[29]Látið öngva vonda ræðu fram fara af yðrum munni heldur hvað nytsamlegt er, til betrunar þar sem þörf gjörist, að það sé þakknæmilegt að heyra. [30]Og hryggið ekki Heilagan Anda Guðs þar þér eruð með innsiglaðir upp á dag endurlausnarinnar. [31]Allur beiskleiki og grimmd, reiði, hrópan og guðlastan sé langt í frá yður samt allri illsku. [32]En verið innbyrðis hver við annan vingjarnlegir og ástúðlegir og fyrirgefið hver öðrum líka so sem að Guð hefur fyrirgefið yður í Christo.

5 Svo verið nú Guðs eftirfylgjarar so sem kærustu börn [2]og gangið í ástseminni líka so sem að Kristur hefur oss elskað og sig sjálfan útgefið fyrir oss til fórnfæringar og offurs Guði í sætleiks ilm. [3]En frillulífi og allan óhreinleik eður ágirni látið eigi af yður segjast so sem heilögum hæfir. [4]Skammarleg orð og fíflslegt hjal eða keskni hvað yður heyrir ekki heldur miklu framar þakkargjörð. [5]Því það skulu þér vita það enginn frillulífismaður eður óhreinn eða ágjarn (hver að er skúrgoðadýrkari) hefur arftöku í ríki Christi og Guðs. [6]Látið öngvan villa yður með ónytsamlegum fortölum því fyrir það kemur reiði Guðs yfir börn vantrúarinnar. [7]Af því verið eigi þeirra hluttakarar [8]því að þér vorum forðum myrkur en nú eru þér ljós í Drottni.
Gangið so sem börn ljóssins. [9]Því ávöxtur Andans er allsháttuð góðgirni, réttlæti og sannleikur. [10]Og reynið hvað þar þakknæmt sé Drottni [11]og hafið ekkert samlag við ófrjóvsamleg verk myrkvanna en straffið þau miklu heldur. [12]Því hvað heimuglega gjörist af þeim er skammarlegt að segja. [13]En allt það verður opinbert nær það verður af ljósinu straffað því að allt hvað opinbert verður það er ljós. [14]Fyrir því segir hann: „Vakna þú sem sefur og rís upp af dauða og Kristur mun so upplýsa þig.“
[15]So sjáið nú til það þér gangið forsjálega, eigi so sem fávísir heldur so sem vísir. [16]Og skikkið yður í þeirri tíð því að það er vond tíð. [17]Fyrir því verðið eigi skilningslausir heldur skiljandi hvað vilji Drottins er. [18]Og drekkið yður eigi víndrukkna því þar af kemur saurugt líferni heldur uppfyllist í Anda [19]og talið hver við annan af sálmum og lofsöngvum og andlegum kvæðum, syngið og spilið Drottni í yðrum hjörtum [20]og segið þakkir alla tíma Guði og föður fyrir alla hluti í nafni vors Drottins Jesú Christi. [21]Og verið hver öðrum undirgefnir í Guðs ótta.
[22]Konurnar veri sínum bændum undirgefnar so sem Drottni. [23]Því að maðurinn er kvinnunnar höfuð líka so sem Kristur er safnaðarins höfuð og hann er frelsari hans líkama. [24]En líka so sem söfnuðurinn er Kristi undirgefinn so og einnin konunar sínum bændum í öllu. [25]Þér menn, elskið yðar húsfreyjur líka so sem Kristur elskaði söfnuðinn og gaf sig sjálfan út fyrir hann [26]upp á það hann helgaði hann og hreinsaði fyrir skírnarsáinn í orðinu [27]so að hann tilbyggi sér sjálfum dýrðlega safnan sem öngva flekkan né hrukku eður þess konar hefði heldur það hún sé heilög og óstraffanleg.
[28]So skulu og mennirnir elska sínar eiginkonur sem sína eigin líkami. Hver sína eiginkonu elskar hann elskar sig sjálfan. [29]Því enginn hefur um aldur sitt eigið hold hatað heldur nærir það og fóstrar so sem að Drottinn safnaðinn. [30]Því að vér erum limir hans líkama, af hans holdi og af hans beinum. [31]„Þess vegna mun maðurinn forláta föður og móður og nálægjast sína eiginkonu og þau tvö munu eitt hold vera.“ **Genesis 2:23** [32]Þessi leyndur dómur er stór. En eg segi af Kristi og safnaðinum. [33]Þá

elski þér þó hver sem einn sína eiginkonu sem sjálfan sig en konan óttist manninn.

6 Þér börn, verið hlýðug yðrum foreldrum í Drottni því að það er réttvíslegt. [2]„Heiðra þú föður þinn og móður“, það er hið fyrsta boðorð sem fyrirheit hefur: [3]„So að þér vegni vel og þú sért langgæður á jörðu“ **Exódus 20:12 , Deuteronomium 5:16** [4]Og þér feður skuluð eigi eigna yðar börn til reiði heldur alið þau upp með aga og umvöndun til Drottins.

[5]Þér þjónustumenn, verið hlýðugir yðrum líkamlegum drottnum með ótta og skjálfta, í einfaldleik yðvars hjarta, svo sem Christo, [6]eigi alleinasta með þjónustu fyrir augum so sem mönnum til þóknunar heldur so sem þjónar Christi það þér gjörið þennan Guðs vilja af hjarta með góðum huga. [7]Látið yður þykja svo sem þér þjónið Drottni og eigi mönnum [8]og vitið að hvað sem hver einn gjörir gott það mun hann af Drottni meðtaka, hvert hann er þræll eður frelsingi. [9]Og þér drottnarnir, gjörið einnin þetta hið sama við þá og látið af ógnunum. Og vitið einnin það yðvar Drottin er á himnum og það að hjá honum er ekkert mangreinaálit. **Deuteronomium 10:17**

[10]Að síðustu, mínir bræður, styrkist í Drottni og í mætti hans kraftar. [11]Íklæðið yður Guðs herskrúða so að þér getið staðið í gegn umsátum djöfulsins. [12]Því að vér höfum eigi við hold og blóð að berjast heldur við höfðingja og volduga, sem er við drottna veraldarinnar, þeir í myrkrum þessarar veraldar drottna, viður illskuandana undir himninum. [13]Hvar fyrir þá höndlið Guðs harneskju so að þér getið í móti staðið á hinum vonda degi og verið í öllum hlutum reiðubúnir.

[14]So standið nú umgyrtir yðrar lendar með sannleikanum og ískrýddir með brynju réttlætisins [15]og um fæturna skófataðir so sem reiðubúnir að framfylgja evangelio friðarins [16]upp á það þér séuð fyrirbúnir. En umfram alla hluti þá höndlið trúarinnar skjöld með hverjum þér kunnið út að slökkva öll eldleg skeyti hins prettvísa. [17]Og grípið hjálm hjálpræðisins og Sverð Andans hvert að er Guðs orð. **Esaias 59:17** [18]Og biðjið iðuglega í allri nauðþurft með bænum og beiðni í Andanum og þar til vakið með öllu staðfesti og ákalli fyrir öllum heilögum [19]og fyrir mér upp á það mér gefist það orð með driftugri opnan míns munns svo að eg mætta kunngjöra leyndan dóm evangelii, [20]hvers sendiboði eg em í fjötrunum, svo að eg megi djarflega þar inni höndla og so að tala sem tilheyrilegt er.

[21]En það að þér vitið einnin hversu háttað er um mig og hvað eg gjöri, það kann Tychicos, minn kæri bróðir og trúr þénari í Drottni að kunngjöra yður allt saman. [22]Því að eg hefi sent hann til yðar vegna þess að þér vissuð hvernin oss vegnaði og það hann hugsvalaði yðrum hjörtum. [23]Friður sé bræðrunum og kærleiki með trúnni af Guði föður og Drottni Jesú Christo. [24]Náð sé með öllum þeim sem elska vorn Drottin Jesúm Christum hreinferðuglega. Amen.

Skipaður af Róm til þeirra í Epheso Meður Tycchion

S. PÁLS PISTILL TIL PHILIPPENSES

1 Páll og Timotheus, þjónustumenn Christi, Öllum heilögum í Christo Jesú til Philippenses samt biskupum og þénurum: [2]Náð sé með yður og friður af Guði vorum Föður og Drottni Jesú Christo.

[3]Eg þakka Guði mínum so oft sem eg hugsa um yður [4]hvað eg gjöri alla tíma í mínum bænum fyrir öllum yður og þá bæn gjöri eg með fögnuði [5]yfir yðru samlagi í evangelio í frá hinum fyrsta degi allt til þessa. [6]Og eg em þess hins sama í góðu trausti að sá sem í yður hefur uppbyrjað hið góða verkið hann mun það og einnin fullkomna allt á þann dag Jesú Christi [7]so sem að mér er vel heyrilegt það eg haldi af yður öllum í þann máta. Því að eg hefi yður í mínu hjarta í þessum mínum fjötrum hvar inni eg forsvara og styrki þetta evangelium svo sem að þér eruð allir náðarinnar hluttakarar meður mér.

[8]Því að Guð er minn vottur hversu það mig forlengir af hjartans grunni í Christo Jesú eftir yður öllum. [9]Og þess sama bið eg það yðar kærleiki auðgist æ meir og meir í allri viðurkenning og allri reynslu [10]so að þér megið reyna hvað best er, upp á það þér séuð skírir og óhindrunarlegir allt upp á þann dag Christi, [11]uppfylltir ávexti réttlætisins sem er fyrir Jesúm Christum í yður skeð til dýrðar og lofs Guði.

[12]En það læt eg yður vita, kærir bræður, hvað mig er yfirkomið, að það er til meiri framgangs skeð evangelio [13]so að mín fjötur í Christo eru opinskár vorðin í öllu dómhúsinu og hjá þeim öllum öðrum. [14]Og margir bræður í Drottni fengu hugarstyrk af mínum fjötrum þess djarflegar orðið að tala utan hræðslu. [15]Sennilega sumir þá prédika Christum fyrir hatur og þrætu sakir en sumir út af góðri meining. [16]Þeir hinir kunngjöra Christum af hatri og eigi hreinlega því að þeir meina það þeir vilji mínum fjötrum nokkra hörmung til leggja. [17]En þessir út af kærleika það þeir vita það eg ligg hér til forsvars evangelii.

[18]En hvað þá? Það Kristur verður með allsháttuðu móti kunngjörður, hvert það sker í réttan máta eða fyrir tilferlis sakir, þá gleð eg mig þó þar inni og vil mig einnin gleðja. [19]Því að eg veit að það sama mun mér falla til hjálpræðis fyrir yðra bæn og fyrir tilstyrking Jesú Christi Anda [20]sem eg öldungis vænti og vona það eg verði í öngri grein skammaður heldur það Kristur með allri djörfung so sem allt hingað til líka og einnin nú miklaður verði á mínum líkama, sé það fyrir lífið eða fyrir dauðann. [21]Því að Kristur er mitt líf og dauðinn er mín ávinning.

[22]En með því það í holdinu að lifa þénar meir til ávöxt að sýna þá veit eg eigi hvort eg skal kjósa. [23]Því að hvorttveggja sturlar mig harðlega. Eg hefi girnd á frá að skiljast og hjá Kristi að vera, hvað einnin miklu betra væri. [24]En það er miklu nauðsynlegra í holdinu að blífa fyrir yðar sakir. [25]Þess treystandi það eg mun blífa hjá yður og vera yður öllum til framkvæmdar og til trúarinnar gleði [26]upp á það þér megið mjög hrósa yður í Christo Jesú á mér fyrir mína tilkomu aftur til yðar.

[27]Gangið nú sem verðugt er evangelio Christi upp á það, hvert heldur eg kem að sjá yður eða em eg fjarlægur, að eg megi það af yður heyra að þér standið í einum anda og einni sálu og meður oss berjist fyrir trú evangelii. [28]Og látið öngvanegin blygða yður af mótstöndurunum, hvert að þeim er eitt teikn fyr-

irdæmingarinnar en yður sáluhjálparinnar og það sama af Guði [29]því að yður er fyrir Christi sakir eigi alleinasta það að gjöra að þér á hann trúið heldur einnin hans vegna líðið [30]og hafið þá sömu baráttu sem þér hafið á mér séð og nú frá mér heyrið.

2 Því fyrst hjá yður er nú hugsvalan í Christo, fyrst þar er huggun kærleiksins, fyrst þar er sameign Andans, fyrst þar er hjartgróin ástsemi og miskunnsemi, [2]so uppfyllið minn fögnuð það þér séuð einnrar lundar, hafandi hinn sama kærleika, verandi samhugaðir og eins sinnaðir, [3]ekkert gjörandi fyrir öfund eður hégómadýrð heldur fyrir lítillæti haldið hver sem einn annan æðra en sig sjálfan. [4]Og hver einn líti eigi upp á það sem hans er heldur upp á það hvað annars er.

[5]Hver einn sé so sinnaður sem Jesús Christus var, [6]hver þó eð hann væri í Guðs ímynd hélt hann það þó ekki fyrir neitt rán Guði líkur að vera [7]heldur minnkaði hann sig sjálfan og tók á sig mynd eins þjóns, varð líkur öðrum mönnum [8]og að hegðan fundinn sem maður, lítillætti sig sjálfan og varð hlýðugur allt til dauða, já allt til krossins dauða. [9]Fyrir því hefur Guð upphafið hann og gaf honum nafn það yfir öllum nöfnum er [10]so að í nafni Jesú skulu sig beygja öll kné þeirra sem á himnum og á jörðu og undir jörðunni er [11]og allar tungur skulu viðurkenna það Jesús Christus sé Drottinn til dýrðar Guðs Föðurs. **Esaias 45:23**

[12]Líka so, mínir kærustu, sem þér hafið alla tíma hlýðugir verið, eigi alleinasta í minni náveru heldur og nú miklu meir í minni fráveru, verkið sjálfir yðar sáluhjálp með ugg og ótta [13]því Guð er hann sem í yður verkar bæði viljann og gjörninginn eftir sinni þóknan. [14]Gjörið alla hluti án möglunar, og án örvæntingar, [15]upp á það þér séuð óflekkaðir, og skírir, og óstraffanleg Guðs Börn, mitt í milli þeirrar vondrar og umsnúinnar Kynslóðar, Meðal hverra þér skínið so sem Ljós í Heiminum, [16]þar með, að þér blífið við Ljóssins orð, mér til hrósunar á degi Christi, so að eg hafi ekki til ónýts hlaupið, né forgefins erfiðað. [17]Og ef so er, það eg verð fórnfærður, so sem offur og hlýðni yðar trúar, þá gleð eg mig með yður öllum. [18]Þess skulu þér einnen gleðja yður, og skuluð gleðja yður meður mér.

[19]En eg vona í Drottni Jesú, það eg muni innan skamms senda Timotheum til yðar, svo að eg gleðjist í huga, þá eg fengi að vita hvernen yður fer að. [20]Því að eg hefi öngvan sem so algjörlega sé míns sinnis, er so af hjarta fyrir yður syrgir. [21]Því hinir allir leita þess hvað þeirra er, en ei hvað Jesú Christi er. [22]En þér vitið, það hann er vel fallinn, því að líka so sem barnið föðurnum, svo hefur hann meður mér þjónað í Evangelio. [23]Þann sama vona eg, það eg muni skjótlega þangað senda, þá að eg sé hvað mér líður. [24]En eg treystunst í Drottni, það eg muni einnen sjálfur innan skamms tíma koma til yðar.

[25]Mér leist nauðsynlegt það eg senda til yðar þann Bróður Epaphrodithon, sá minn hjálpari og meðstríðari og yðar Apostuli, og nauðþurftar þénari er. [26]Af því, að þér höfðuð heyrt það hann hefði Sjúkur verið, [27]og hann var að sönnu Dauðsjúkur. En Guð veitti honum Miskunn, Eigi einasta honum, heldur jafnvel mér, so að eg hefða eigi sorg á sorg ofan.

[28]En eg hefi sent hann þess skjótara, so að þér sæjuð hann, og yrðið glaðir aftur, og það eg hefða þess minni sorg. [29]So meðtakið hann nú í Drottni, af allri gleði. Og hafið þess konar menn í heiðri, [30]því að fyrir sakir verks Christi er hann Dauðanum so nær kominn, það hann sitt líf þeygi aktaði, upp á það hann þjónaði mér í yðvarn stað.

3 Framar, Kærir Bræður, þá gleðjið yður í Drottni. Því það eg skrifa yður jafnan hið sama, tregar mig ekki, og gjörir yður þess öruggari. [2]Gefið gætur að hundunum, gefið gætur að illum erfiðurum, gefið og gætur að a tilsníðingunni. [3]Því að vér erum umsníðing, vér sem Guði þjónum í Andanum, og hrósum oss af Christo Jesú, og forlátum oss ekki upp á holdið, [4]þó að eg hafi, það eg megi mér af holdinu hrósa. Fyrst einn annar lætur sér þykja, hann megi sér holdsins hrósa, en þá miklu framar eg, [5]sem á hinum átta degi er umskorinn, einn út af Ísraels fólki, af ætt Benjamin, Ebreskur af Ebreskum, og eftir lögmálinu Phariseus, [6]eftir vandlætinu ofsóknari safnaðarins, eftir réttlætinu í lögmálinu verið óstraffanlegur.

[7]En hvað mín ávinning var, það hefi eg Christi vegna fyrir skaða reiknað. [8]Því að eg held alla hluti skaða vera, í hjá þeirri yfirgnæfanlegu viðurkenningu Christi Jesú míns Drottins, fyrir hvers sakir eg hefi alla hluti skaða reiknað, og held þá fyrir þrekk, Svo að eg ávinni Christum, [9]og í honum fundinn verði, það eg hefi ekki mitt réttlæti út af lögmálinu, heldur það sem fyrir trúna á Christum kemur, sem er það réttlæti, er af Guði trúnni tilreiknað verður, [10]hann að kenna, og kraft hans upprisu, og sameign hans harmkvæla, það eg verði og hans dauða líkur, [11]so að eg mætti honum í móti renna í upprisu framliðinna.

[12]Ekki það eg hafi það þegar höndlað, eður sé þegar fullkominn, eg skunda honum eftir, hvort að eg geti einnin höndlað, eftir því að eg em af Christo Jesú höndlaður. [13]Mínir Bræður, Eg held mig eigi sjálfan fyrir þann, að eg hafi það höndlað. En eitt vil eg segja, Það eg gleymi því, hvað til baka er, og dreg mig af því sem í fyrir er. [14]Eg skunda að því uppsetta takmarki, eftr því hnossi hvert framheldur þeirri himneskri kallan Guðs, í Christo Jesú. [15]Svo margir sem af oss eru nú fullkomnir, þá verum so sinnaðir. Og ef þér skuluð nokkuð annað halda, þá látið Guð yður það opinbera, [16]Þó so framt, að vér, framgöngum eftir sömu reglunni er vér erum inn komnir, og verum líka eins sinnaðir. [17]Fylgið mér eftir Kærir bræður, og gætið að þeim sem so ganga, lifa sem þér hafið oss til fyrirmyndar. [18]Því að margir ganga so, af hverjum eg hefi oftsinnis sagt yður, en nú segi eg yður grátandi, þeir óvinir Krossins Christi, [19]hverra ævilok er fyrirdæmingin, hverra Guð maginn er, og þeirra vegsemd sem jarðlega sinnaðir eru verður til skammar. [20]En vor umgengni er á himnum, hvaðan vér væntum Frelsarans Drottins Jesú Christi, [21]sá vorn fáfengann líkama mun forklára, það hann líkur verði hans forkláruðum líkama, eftir þeirri verkan, þar hann kann sér alla hluti með undirgefna að gjöra.

4 Líka so mínir kærir og elskulegir bræður, minn Fögnuður, og mín kóróna, standið so í Drottni, elskanlegir. [2]Evodian áminni eg, Syntichen ámminni eg, það þær sé samlyndar í Drottni. [3]Eg bið þig einnin minn trúr lagsmaður, veit þeim hjástoð, sem með mér strítt hafa yfir Evangelio, með Clemese, og hinum öðrum mínum hjálparmönnum, hverra nöfn að eru á lífsbókinni. [4]Gleðjið yður í Drottni alla tíma, og enn aftur segi eg gleðjið yður. [5]Yðra Hógværð látið kunna vera öllum mönnum. Drottinn er nálægur. [6]Syrgið ekki, heldur látið yðar bænir í öllum hlutum, í bænahaldi og ákalli, með þakkargjörð, fyrir Guði kunnar verða. [7]Og friður Guðs sá hærri er öllum skilningi, varðveiti yðar hjörtu og hugskot, í Christo Jesú.

[8]Framar kærir Bræður, hvað sannarlegt er, hvað heiðursamlegt er, hvað réttlegt er, hvað hreinferðugt er, hvað ástsamlegt er, hvað vel sómir. Er það dyggð nokkur, er þar lof nokkuð, hugsið þar eftir, [9]hvert þér einnin lært og meðtekið heyrt og séð hafið á mér, það gjörið, Þá mun Drottinn friðarins með yður vera. [10]Eg em næsta mjög glaður orðinn í Drottni, það þér endurblómguðust, fyrir mér að syrgja, sem þér hafið þó allt jafnt fyrir mér sorgað, En tíðin hefur það eigi viljað líða. [11]Eigi segi eg það nauðþurftarinnar vegna, Því að eg hefi lært, hjá þeim að eg em, mér að nægja láta. [12]Eg kann lágur og hár að vera, eg em í öllum hlutum og hjá öllum skapfelllegur, bæði saddur að vera, og so hungraður, bæði gnóg að hafa og vesöld líða. [13]Eg get gert alla hluti fyrir Krist sem mig máttugan gjörir. [14]Þó hafi þér velgjört, það hér hafið mína hörmung annast.

[15]En þér Philipenses vitið það, að af upphafi Evangelii, þann tíð eg burt fór af Macedonia það enginn Söfnuður hefur mér nokkuð veitt í reikningskapnum, út að láta og inn að taka, utan þér einir saman. [16]Því að, til Tessalonica sendu þér nokkuð til minnar nauðþurftar, eitt sinn, og þar eftir enn einu sinni, [17]Eigi það eg spyrji að gjöfinni, heldur spyr eg að ávextinum, það hann sé gnóglegur í yðrum reikningskap. [18]Því að eg hefi alla hluti, og hefi gnóglega. Eg fylltunst þann tíð eg meðtók fyrir Epaphroditon, það frá yður kom, sætan ilm, þægilegt offur, Guði þakknæmt. [19]En minn Guð uppfylli alla yðar nauðþurft, eftir sínum dýrðarinnar ríkdómi í Christo Jesú.

[20]En Guði vorum Föður sé Dýrð, um aldur og ævi að eilífu, Amen. [21]Heilsið öllum heilögum í Christo Jesú. Yður heilsa þeir bræður sem eru hjá mér, [22]Yður heilsa allir heilagir, sérdeilis þeir af keisarans húsi, Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður öllum, Amen.

Skrifaður af Róm með Epaphrodito

S. PÁLS PISTILL TIL COLOSSENSES

1 Páll Postuli Jesú Christi, fyrir Guðs
vilja, og Timotheus Bróðir. [2]Þeim
Heilögum til Colosenses, og þeim trú-
uðum Bræðrum í Christo. Náð sé með
yður og Friður, af Guði vorum Föður,
og Drottni Jesú Christo. [3]Vér þökkum
Guði og Föður vors Drottins Jesú
Christi, og biðjum alla tíma fyrir yður,
[4]af því vér höfum heyrt af yðvari trú á
Jesúm Christum, og af kærleiknum til
allra heilagra, [5]Fyrir þeirrar vonar sakir
sem yður er huguð af himnum, af
hverri þér hafið til forna heyrt, fyrir
kærleiksins orðið í Evangelio, [6]það til
yðar komið er so sem er um allan heim-
inn, grær, og frjóvgast, so og einnin
líka meðal yðar, allt í frá þeim degi er
þér höfðuð það heyrt, og viðurkennduð
Guðs náð í sannleika, [7]So sem þér lært
hafið af Epaphra vorum kæra með-
þénara, hver að er trúr þjónn Christi
fyrir yður, [8]sá oss einnen kunngjörði
yðvarn Kærleika í Andanum.

[9]Hvar fyrir vér einnen, allt í frá þeim
degi, þá vér höfðum þeim heyrt, létu
vér ei af fyrir yður að biðja og beiða,
það þér uppfyllist meður viðurkenning
hans vilja, í allsháttuðum andlegum vís-
dómi og skilningi, [10]so að þér gangið
Drottni verðuglegana, til allrar
þóknunar, og séuð ávaxtarsamir í öll-
um góðum verkum, og vaxið í Guðs
viðurkenningu, [11]og styrkist í öllum
krafti, eftir hans dýrðlegri makt, í allri
þolinmæði og langlundargeði, með
fögnuði, [12]og þakkir gjörið Föðurnum
sem oss hefur skapfelllega gjört til arf-
skiptis heilagra, í ljósinu.

[13]Sá að oss hefur frelsað af yfirvaldi
myrkvanna, og hefur oss innsett í ríki
síns elskulega Sonar. [14]Á hverjum vér
höfum endurlausnina, fyrir hans blóð,
sem er, syndanna fyrirgefning. [15]Sá
sem að er ímynd ósýnilegs Guðs, hinn
frumgetni fyrir allar skepnur, [16]Því að
fyrir hann eru allir hlutir skapaðir, það
á himnum og á jörðu er, hið sýnilega og
ósýnilega, bæði yfirkórar og drottnan-
ir, höfðingja dómur og valdstéttir, allt
saman er það fyrir hann, og af honum
skapaðir, [17]og hann er fyrir öllum hlut-
um, og allir hlutir standast í honum.

[18]Hann er höfuð líkamans, sem er
söfnuðurinn, hver að er upphafið, og
hinn frumgetni, frá dauðum, upp á það
hann hafi í öllum hlutum fyrirgang.
[19]Því að það hefur so þakknæmt verið,
að í honum skyldi öll fylling byggja,
[20]Og allir hlutir yrði fyrir hann forlíktir,
til hans sjálfs, hvert það er á jörðu eður
á himnum, það með, að hann friðinn
gjörði, fyrir blóðið á sínum Krossi, fyrir
sjálfan sig.

[21]Og yður, þér sem forðum daga vor-
uð framandi, og óvinir, fyrir hugskotið
í vondum verkum. En nú hefur hann
forlíkt yður [22]meður líkama síns holds,
fyrir dauðann. Upp á það hann gjörði
yður heilaga og óstraffanlega og sak-
lausa í sínu augliti, [23]ef þér blífið annars
í trúnni grundvallaðir, staðfastir og
óhræranlegir af voninni þessa evangeli,
sem þér hafið heyrt, hvort predikað er
meðal allra skepna, sem undir himnum
er, Þess þénari eg Páll em vorðinn.

[24]Eg gleð mig nú í mínum harmkvæl-
ingum, þær eg líð fyrir yður, og uppfylli
á mínu holdi, hvað að vantar á þær
harmkvælingar í Christo, fyrir hans lík-
ama, hver að er söfnuðurinn, [25]þess
þénari eg em vorðinn eftir Guðlegu
Predikunar embætti, sem mér er gefið
meðal yðar, að eg það Guðs orð ríku-
glega predika skal, [26]sem er, leyndur
dómurinn, hver hulinn hefur verið, frá
veraldar upphafi, og um ævi, en nú op-
inberaður er hans heilögum. [27]Hverjum
Guð hefur viljað kunngjöra, hver að sé,

sá dýrðlegi ríkdómur þessa leynda dóms meðal heiðinna þjóða (hver að er Christur í yður) sem er vonin dýrðarinnar, [28]hvern vér boðum, áminnandi alla menn, og læranda alla menn í allsháttaðri speki. upp á það vér upprétt-uðum hvern mann algjörðan í Christo Jesú, [29]þar eg inni erfiða og stunda, eftir verkan þess sem í mér kröftuglega verkar.

2 Eg vil yður vita láta, hverja áhyggju eg hefi fyrir yður, og fyrir þeim í Laodicea, og öllum þeim sem mitt auglit hafa eigi séð í holdinu, [2]so að þeirra hjörtu hugsvöluðust, og samlynduð yrði í kærleikanum, og til allrar auðgunar fullkomins skilnings, að viðurkenna leyndan dóm Guðs Föðurs og Christi, [3]í hverjum huldir liggja allir sjóðir viskunnar og viðurkenningarinnar.

[4]En eg segi þar af, Það enginn blekki yður með tælandi orðum. [5]Því að þó eg sé þar ekki eftir holdinu, þá em eg þó í andanum hjá yður, fagnandi, það eg sé yðra skikkan og yðra staðfasta trú á Christum. [6]Líka so sem þér hafið nú meðtekið Drottin Christum Jesúm, so líka gangið í honum, [7]og verið innrættir uppbyggðir í honum, og verið staðfastir í trúnni, sem þér eruð lærðir til, og yfirgnæfið í honum með þakkargjörð.

[8]Sjáið til, það enginn ræni yður fyrir philosophiam og hégómlegar tælingar, eftir manna lærdómi og veraldarinnar setningi, en eigi eftir Christo Jesú. [9]Því að í honum byggir öll gnægð Guðdómsins Líkamlega. [10]Og þér eruð fullkomnir í honum, hann sem er höfuð alls höfðingja dóms, og valdsstéttar. [11]Í hverjum þér eruð umskornir, með umskurn án handa, fyrir aflögu syndsamlegs líkama í holdinu, einkum fyrir umskurning Christi, [12]Í því, þar þér eruð með honum greftraðir, fyrir skírnina, í hverri þér eruð upp aftur rifnir fyrir trúna, sem Guð verkar, hver ed hann uppvakti af dauða.

[13]Og hefur yður einnen, með honum lifandi gjört. Þann tíð þér voruð dauðir í syndum, og í yfirhúð yðvars holds. Og hefur oss fyrirgefið allar vorar syndir, [14]og afnumið þá handskrift sem móti oss var, hver í setningum var hulin, og oss gagnstaðleg var, og hefur hana mitt á burt tekið, og á krossinn neglt. [15]Og hefur afflett höfðingjadóma og volduga, og til sýnis framleitt opinberlega, og sigri hrósað yfir þeim, fyrir sig sjálfan.

[16]Af því látið öngvan gjöra yður samvisku neina, í mat eður drykk, ellegar með sérdeilis helgihöld, eða tunglkomur, eður þvottdaga, [17]Hvert að er skuggi af því sem tilkomandi var, en sjálfur líkaminn er í Christo. [18]Látið öngvan svipta yður málteikninu, af þeim sem eftir eigin þótta ganga, í auðmýkt og andlegleik anglanna, hverja hann sá aldrei, og er til ónýtis upphrokaður í sínum holdlega huga, [19]og heldur sig ekki við höfuðið sem er, Christur, af hverjum allur líkaminn fyrir limu og liðanna samtenging öðlast styrking og samanhald, og vex so til Guðlegrar stærðar.

[20]Fyrst þér eruð nú dauðir með Christo, frá veraldarinnar setningum, hvernin láti þér þá verða yður með setningu? Líka so sem að lifðu þér enn í veröldinni. [21]Hinir sem segja, eigi skaltu á því taka, eigi skaltu því bergja, eigi skaltu það áhræra, [22]Hvert þó allt slitnar eður mást ef það er með höndum haft, og eru manna boðorð og kenningar, [23]hverjar ed hafa yfirlit viskunnar fyrir útvalinn hugarins andlegleik af sjálfu sér og auðmýki, og fyrir það þeir þyrma ei líkamanum, og gjöra eigi holdinu sína sæmd, til sinnar nauðþurftar.

3 Eru þér nú uppaftur rifnir með Christo, þá leitið þess hvað þar

uppi er, þar eð Christur situr til Guðs hægri handar. **Sálmarnir 110:1** [2]Kostgæfið eftir því sem þar uppi er, og eigi eftir því sem á jörðu er, [3]því að þér eruð dauðir, og yðart líf er fólgið með Christo í Guði [4]En nær Christus yðvart líf mun sig opinbera, þá munu þér einnen með honum opinberaðir verða í dýrðinni. [5]So deyðið nú yðra limu sem á jörðu eruð, hórdóma, fúlan lifnað, lostasemi, vondar girndir, saurlífi og ágirni, (sem er skurgoða dýrkan) [6]fyrir hvað að kemur Guðs reiði yfir börn óhlýðninnar, [7]Í hverju þér hafið og forðum daga gengið þá þér lifðuð í þeim.

[8]En afleggið nú allt í frá yður, reiði, grimmd, illsku, háðung, skemmileg orð af yðrum munni. [9]Ljúgið ekki innbyrðis. Afklæðist hinum gamla manni, með sínum verkum, [10]og íklæðist hinum nýja, sá sem endurnýjast til viðurkenningar, eftir þess ímynd sem hann hefur skapað, [11]Þar er enginn, Grískur, Gyðingur, umskorinn, yfirhúð, útlendur, Scytha, þræll, frelsingi heldur allir hlutir og í öllum Christur.

[12]So íklæðist nú, so sem Guðs útvaldir, heilagir og elskanlegir, hjartfólginni miskunnsemi, góðvilja, hógværi, þolinmæði, [13]og umlíðið hver annan. Og ef að nokkur hefur klögumál mót öðrum, þá fyrirgefið það hver öðrum innbyrðis, líka svo sem Christur hefur fyrirgefið yður, svo skulu þér einnin. [14]En fram yfir allt þetta, þá íklæðist kærleikanum, hver að er band algjörvileiksins. [15]Og Friður Guðs ráði í yðrum hjörtum, til hvers að þér eruð einnin kallaðir, í einum líkama. Verið og þakklátir.

[16]Látið Christi orð gnóglega byggja meðal yðar í allri visku. Lærið og áminnið yður með psalmum og lofsöngum, og andlegum ljúflegum kvæðum, og syngið Drottni í yðrum hjörtum. [17]Og allt hvað þér gjörið með orð og verk, það gjörið allt í nafni Drottins Jesú, og þakkið Guði Föður fyrir hann.

[18]Þér kvinnur, verið yðar bændum undir gefnar í Drottni, svo sem að byrjar. [19]Þér menn elskið yðar eiginkonur, og verið ekki harðúðugir við þær. [20]Þér börn verið hlýðug foreldrunum í öllum hlutum, Því að það er Drottni þakknæmilegt. [21]Þér feður, reitið ekki yðvar börn, svo að þau verði ei of körg. [22]Þér þénarar verið hlýðugir í öllum hlutum yðrum líkamlegum herrum, eigi meður þjónustu fyrir augum, svo sem mönnum til þóknunar, heldur með einfaldleik hjartans, og meður Guðs ótta. [23]Allt hvað þér gjörið, það gjörið af hjarta, so sem Drottni og eigi mönnum. [24]Og vitið það þér munuð öðlast af Drottni verðlaun arftökunnar. Því að þér þjónið Drottni Christo. [25]En hver órétt gjörir, sá mun það meðtaka hvað hann hefur órétt gjört, og ekkert manngreinar álit er hjá Guði. **Deuteronomium 10:17**

4 Þér drottnar, hvað rétt og heyrilegt er það auðsýnið Þénurunum, Og vitið, það þér hafið einnen Drottin á himni. **Leviticus 25:43,53** [2]Verið stöðugir í bæna ákallinu, og vakið í því hinu sama með þakkar gjörð, [3]Biðjið og einnen fyrir oss, So að Guð upplúki oss orðsins dyr, til að tala leyndandóm Christi, fyrir hvað eg em bundinn, [4]upp á það, að eg opinberi það sama, sem mér byrjar að tala. [5]Gangið víslega í bland þeirra sem að eru þar fyrir utan, og skikkið yður í tíðina. [6]Yðar ræða sé ætíð ljúfleg, og með salti krydduð, það þér vitið hvernen þér skuluð hverjum sem einum andsvara.

[7]Hvernen um mig er háttað, það mun yður allt kunngjöra Tycichos, kær Bróðir og trúr Þénari, og meðþjónn í Drottni, [8]þann eg hefi þar fyrir til yðar sent, það eg vissa hvernen yður færi að, og það hann hugsvalaði yðar hjörtum, [9]ásamt Onesimo þeim trúa og kæra Bróður, hver í frá yður er, og allt hvernen hér fer fram, munu þeir kunngjöra yður. [10]Yður heilsar Aristarchus

minn sambandingi, og Marcus Systrungur Barnabe, af hverjum þér hafið nokkra bífalning meðtekið. Ef so er það hann kemur til yðar, þá meðtakið hann.
[11]Og Jesus sá kallast Justus, hverjir út af umskurninni eru. Þessir eru alleinasta mínir hjálpendur á Guðs Ríki, þeir mér eru huggan vorðnir. [12]Yður heilsar Epaphras, hver í frá yður er, einn þjónn Christi, og jafnan fyrir yður áhyggju berandi í bænum, Upp á það þér standið fullkomnir, og uppfylltir í öllum Guðs vilja. [13]Eg ber honum það vitni, að hann hefur stóra ástundan til yðar, og til þeirra í Laodicea og Hierapoli.

[14]Yður heilsar Lucas Læknir, elskulegur, og Demas, [15]Heilsið Bræðrunum til Laodicea, og Nimphan, og Söfnuðinum sem að er í hans húsi. [16]Og nær Pistillinn er lesinn hjá yður, þá sjáið til að hann verði einnen og lesinn í Samkundunni til Laodicea. Og það þér lesið þann sem til Laodicea er ritaður. [17]Og segið Archippo það, Sjá upp á Embættið það þú meðtekið hefur í DROTTNI að þú fullkomnir það. [18]Heilsan er af minni hendi Páls. Verið minnugir minna Fjötra. Náðin sé með yður, Amen.

Skrifaður af Róm meður Týkikon og Onesímon

HINN FYRSTI S. PÁLS PISTILL TIL TESSALONIA

1 Páll og Silvanus og Tímóteus þeim
safnaði til Tessalonia í Guði Föður
og Drottni Jesú Christo: Náð sé með yð-
ur og friður af Guði vorum Föður og
Drottni Jesú Christo. [2]Vér þökkum
Guði alla tíma fyrir yður alla og þenkj-
um yður óaflátanlega í vorum bænum,
[3]hugleiðandi yðar verk í trúnni og
yðvart erfiði í kærleikanum og yðra
þolinmæði í voninni, hver að er vor
Drottinn Jesús Christus, fyrir Guði vor-
um Föður. [4]Því, kærir bræður, af Guði
elskaðir, vér vitum það þér eruð útvald-
ir. [5]Því að vort evangelium var hjá yður
eigi alleinasta í orðinu heldur
hvorttveggja í krafti og Helgum Anda
og í nærsta mikilli fullvissu svo sem að
þér vitið hvílíkir vér vorum meðal yðar
fyrir yðar skuld.
[6]Og þér eruð vorir eftirfylgjendur
vorðnir og Drottins og hafið orðið
meðtekið í miklum mótgangi meður
fögnuði í Helgum Anda [7]so að þér eruð
fyrirmynd vorðnir allra trúaðra í
Macedonia og Achaia. [8]Því að af yður er
orð Drottins víðfrægt vorðið, eigi all-
einasta í Macedonia og Achaia heldur í
allar álfur er yðar trú til Guðs útdreift
so að eigi er þörf yður nokkuð að segja
[9]því að þeir sjálfir kunngjöra af yður
hvað vér höfum fyrir inngang haft til
yðar og hvernin þér eruð umsnúnir til
Guðs í frá skúrgoðum til að þjóna lif-
anda og sannarlegum Guði [10]og að bíða
eftir hans Syni af himnum hvern hann
uppvakti af dauða, Jesú, sá oss hefur
frelsað af tilkomandi reiði.

2 Af því þér vitið, kærir bræður,
vorn inngang til yðar það hann er
eigi ónýtur verið [2]heldur so sem vér
höfðum áður til forna margt liðið og
háðung þolað til Philippenses (sem að
þér vitið) þó vorum vér samt og áður
alldjarfir í vorum Guði hjá yður að tala
evangelium Guðs í stórri baráttu. [3]Því
vor áminning hefur eigi verið til villu-
dóms né til óhreinleiks né með vélum
[4]heldur eftir því vér erum af Guði
reyndir það oss er tiltrúað að prédika
evangelium so tölu vér, eigi sem vildu
vér mönnum þóknast heldur Guði sem
vor hjörtu reynir. [5]Því að vér höfum
aldrei neitt sinn með smjaðrunarorð-
um umgengið (sem að þér vitið) og eigi
með nokkru ágirndartilefni (Guð er
þess vottur) [6]og eigi heldur leitað
neinnrar vegsemdar af mönnum,
hvorki af yður né af öðrum. Vér hefð-
um mátt gjöra yður þyngsli sem aðrir
apostular. [7]Heldur vorum vér ástúðleg-
ir hjá yður líka so sem önnur fóstra þá
elur börn sín [8]og so höfðu vér góðvild
af hjarta til yðar og vorum viljugir til að
hlutskipta við yður, eigi alleinasta Guðs
evangelium heldur jafnvel voru lífi, fyr-
ir því að vér höfum yður ástfólgna. [9]Þér
minnist vel, kærir bræður, vors erfiðis
og vorrar mæðu. Því að dag og nótt erf-
iðuðum vér so að vér veittum öngvum
nein þyngsl á meðal yðar og prédikuð-
um hjá yður evangelium Guðs. [10]Þess
eru þér vottar og Guð (þér sem trúaðir
eruð) hversu heilaglega, réttferðuglega
og óstraffanlega vér vorum hjá yður.
[11]So sem að þér vitið hvernin að vér
höfum hvern sem einn af yður so sem
faðirinn sín börn áminnt og huggað
[12]og það vottað að þér skylduð verðug-
lega ganga fyrir Guði þeim yður hefur
kallað til síns ríkis og sinnar dýrðar.
[13]Fyrir það þökkum vér einnin Guði
óaflátanlega það þér þann tíð þér með-
tókuð af oss það orð guðlegrar prédik-
unar þá meðtóku þér það eigi so sem
mannanna orð heldur (eftir því það

sannarlega er) sem Guðs orð, það einnin verkar í yður þér sem trúið. [14]Því að þér eruð eftirfylgjarar vorðnir, kærir bræður, Guðs söfnuðum í Judea í Christo Jesú so það þér hafið það sama liðið af yðrum náfrændum sem hinir af Gyðingum, [15]hverjir einnin Drottin Jesúm hafa líflátið og þeirra eigin spámenn og hafa oss ofsótt og þóknast ekki Guði og eru öllum mönnum gagnstaðlegir, [16]tálma oss að segja heiðingjum það þeir megi afhjálpast so að þeir uppfylli sínar syndir alls staðar því að reiðin er endilega yfir þá komin.

[17]En vér, kærir bræður, með því að oss hefur stíað verið í frá yður um stundar sakir eftir yfirliti og þó eigi eftir hjartanu, þá höfum vér þess framar flýtt oss yðart auglit að sjá af stórri þreyjan. [18]Fyrir það höfum vér viljað til yðar koma (eg, Páll) tvisvar sinnum en Satan hefur hindrað oss. [19]Því að hver er vor von eður fögnuður eður kóróna hrósunarinnar? Eru þér það eigi fyrir vorum Drottni Jesú Christo í hans tilkomu? [20]Já, þér eruð vor vegsemd og fögnuður.

3 Fyrir því höfum vér ekki lengur það viljað umlíða og létum oss þóknast það vér værum einir samir látnir til Athenas [2]og höfum útsend Timotheum, vorn bróður og Guðs þénara og vorn hjálparmann í evangelio Christi, til að styrkja og á að minna yður í yðvari trú [3]so að enginn yðar skelfist í þessum hörmungum. Því að þér vitið að vér erum þar til settir [4]og þá er vér vorum hjá yður sögðu vér yður það fyrir það vér hlytum mótgang að hafa so sem er skeð og þér vitið. [5]Þar fyrir að eg gat það eigi lengur liðið þá útsenda eg so að eg mætti reyna yðra trú upp á það að eigi mætti ske að freistarinn freistaði yðar og yrði vort erfiði so til ónýtis. [6]En nú það Tímóteus er í frá yður til vor kominn og hefur kunngjört oss yðra trú og kærleika og það þér hugsið til vor alltíð til hins besta og það yður forlengir eftir að sjá oss so sem oss einnin líka eftir yður, [7]þá urðu vér, kærir bræður, huggaðir á yður í allri vorri hörmung og nauð fyrir yðra trú. [8]Því að nú erum vér lifandi meðan þér standið í Drottni. [9]Því hverja þakkargjörð getum vér Guði endurgoldið fyrir yður fyrir allan þann fögnuð sem vér höfum yðar vegna fyrir Guði? [10]Vér biðjum dag og nótt mikillega það vér mættum sjá yðart auglit og uppfylla so það hvað ábrestur yðra trú. [11]En Guð vor Faðir og Drottinn vor Jesús Christus greiði vorn veg til yðar. [12]En yður margfaldi Drottinn og láti kærleikinn yfirgnæfa innbyrðis hjá yður og við hvern mann (so sem að vér erum einnin við yður) [13]so að yðar hjörtu sé styrk og óstraffanleg í heilagleik fyrir Guði og vorum Föður í tilkomu vors Drottins Jesú Christi með öllum hans heilögum.

4 Framar, kærir bræður, biðjum vér yður og áminnum í Drottni Jesú að so sem þér hafið af oss meðtekið hvernin þér skuluð ganga og Guði þóknast svo að þér æ meir og meir fullkomnari verðið. [2]Því að þér vitið hvað fyrir boðorð vér höfum gefið yður fyrir Drottin Jesúm. [3]Því að það er vilji Guðs: Yðar helgun, að þér haldið yður í frá frillulífi [4]og hver yðar einn kunni að eignast sitt ker í helgan og heiðri [5]og ekki í girndarbruna sem heiðingjar þeir af Guði ekkert vita, [6]og það enginn niðurþrykki né svíki sinn bróður í nokkri höndlun því að Drottinn er hann sem hefnir alls þessa, sem að vér höfum áður fyrri sagt og yður vottað. [7]Því að Guð hefur ekki kallað oss til óhreinleiks heldur til helgunar. [8]Því hver hann nú forsmár hann forsmár öngvan mann heldur Guð, sá sinn Heilaga Anda hefur í yður gefið. [9]En af bróðurlegum kærleika er ekki þörf yður að skrifa því að þér eruð sjálfir í Guði

lærðir yður innbyrðis að elska [10]og það gjöri þér einnin viður alla bræður sem í öllu Macedonia eru. En vér beiðum yður, kærir bræður, það þér verðið enn algjörðari. [11]Og kostgæfið spakferðugir að vera og yðvart eigið að stunda og erfiðið með yðar eigin höndum so sem að vér höfum boðið yður [12]upp á það þér mættuð ærlega ganga hjá þeim sem þar fyrir utan eru og einskis þeirra við þurfa. [13]En vér viljum, kærir bræður, eigi dylja fyrir yður af þeim sem sofa upp á það þér séuð eigi hryggvir sem þeir aðrir er öngva von hafa. [14]Því fyrst vér vitum það Jesús er dáinn og upp aftur risinn so mun Guð og einnin þá sem sofnaðir eru fyrir Jesúm með honum framleiða. [15]Því segjum vér yður so sem orð Drottins það vér hverjir lifum og yfirblífum í tilkomu Drottins, vér munum ei fyrir þeim koma sem sofa. [16]Því að Drottinn sjálfur mun með herópi og höfuðengilsins raust og Guðs lúðri ofan koma af himnum og hinir dauðu í Christo munu fyrst upp aftur rísa. **Mattheus 24:31, 26:64** [17]Eftir á vér, vér sem lifum og yfirblífum, verðum til líka uppnumnir með þeim sömu í skýin til móts við Drottin í loftið og munum so hjá Drottni vera alla tíma. [18]So huggið nú hver annan innbyrðis með þessum orðum.

5 En af tímanum og stundunni, kærir bræður, er ekki þörf yður að skrifa. [2]Því að þér vitið sjálfir glögglega það dagur Drottins mun koma sem þjófur um nótt. **Mattheus 24:43** [3]Af því nær þeir munu segja: „Þar er friður og allt utan hættu“ þá mun fordjörfunin snögg yfir þá koma líka svo sem kveinan jóðsjúkrar konu og eigi skulu þeir umflúið geta. [4]En þér, kærir bræður, verið ekki í myrkrinu so að sá dagur grípi yður ekki sem þjófur. [5]Þér eruð allir saman ljóssins börn og dagsins börn. Vér erum eigi af nóttinni né af myrkrunum. [6]Fyrir því látum oss eigi sofa so sem hina aðra heldur vökum og verum sparlífir. [7]Því að þeir sem sofa þeir sofa á nóttinni og þeir sem drukknir eru þeir drekka á nóttinni. [8]En vér sem erum dagsins skulum sparlífir vera, íklæddir brynju trúarinnar og kærleiksins og með hjálmi vonarinnar til hjálpræðisins. **Esaias 59:17** [9]Því að Guð hefur eigi sett oss til reiði heldur það vér skyldum hjálpræðið öðlast fyrir vorn Drottin Jesúm Christum [10]sá fyrir oss hefur dáið svo hvort að vér vökum eða sofum skulum til samans með honum lifa. [11]Fyrir því áminni hver yðar annan innbyrðis og leiðréttið hver annan innbyrðis so sem að þér gjörið. [12]En vér biðjum yður, kærir bræður, það þér þekkið þá sem erfiða meðal yðar og forstöðu veita í Drottni og áminna yður [13]að hafið þá þess kærari fyrir þeirra verks sakir og verið friðsamir við þá. [14]En vér biðjum yður, kærir bræður, að þér áminnið óráðvanda, huggið vesala, umlíðið breyskva, verið þolinmóðir við alla. [15]Sjáið til að þar enginn gjaldi illt fyrir illt heldur eftirfylgið hinu góða, bæði innbyrðis og við alla. [16]Verið jafnan glaðir. [17]Biðjið óaflátanlega. **Lucas 18:1** [18]Verið þakklátir í öllum hlutum því að það er Guðs vilji í Christo Jesú til yðar. [19]Andann þá kefjið ekki. [20]Spádómana forsmáið ekki. [21]Reynið alla hluti og bíhaldið því hvað gott er. [22]Forðist alla vonda prýði. [23]En sjálfur Guð friðarins helgi yður allt í gegnum og yðar andi samt sálunni og líkamanum megi algjörlega varðveittur vera, óstraffanlegur í tilkomu vors Drottins Jesú Christi. [24]Trúr er hann sem yður kallaði, hann mun það og einnin gjöra. [25]Kærir bræður, biðjið fyrir oss. [26]Heilsið öllum bræðrum með heilögum kossi. [27]Eg særi yður við Drottin að þér látið lesa þennan pistil fyrir öllum heilögum bræðrum. [28]Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður. AMEN. *Til þeirra Tessalonicenses hinn fyrsti skrifaður frá Athene*

HINN ANNAR S. PÁLS PISTILL TIL TESSALONIA

1 Páll og Silvanus og Tímóteus þeim
söfnuði til Tessalonia í Guði vorum
Föður og Drottni Jesú Christo: [2]Náð sé
með yður og friður af Guði vorum föð-
ur og Drottni Jesú Christo. [3]Vér skulum
alltjafn gjöra Guði þakkir fyrir yður,
kærir bræður, sem að verðugt er. Því
að yðar trúa vex að nærsta og kærleik-
urinn sérhvers meðal yðar allra vega
innbyrðis hver við annan [4]so að vér
hrósum oss af yður í Guðs söfnuði yðr-
ar þolinmæði og trúar vegna í öllum
yðar ofsóknum og hörmungum hverjar
þér þolið. [5]Til útvísingar það Guð mun
réttferðuglega dæma og þér verðugir
verðið til Guðs ríkis, fyrir hvert þér og
líðið. [6]Að því er það rétt hjá Guði að
endurgjalda þeim hörmung sem yður
hörmung veita [7]en yður, þér sem hörm-
ung líðið, hvíld meður oss þá er Drott-
inn Jesús mun opinberast af himni
meður englum síns kraftar [8]og með
eldsins loga hefnd að gefa yfir þá sem
ekki þekkja Guð og yfir þá sem ekki eru
hlýðugir evangelio vors Drottins Jesú
Christi, [9]hverjir píslir munu líða, ævin-
lega fordjörfun frá augliti Drottins og
frá hans dýrðarlegri magt [10]þá hann
mun koma og vegsamlegur birtast með
sínum heilögum og dásamlegur með
öllum trúuðum. Því að vorum vitnis-
burði til yðar af þeim sama degi hafi
þér trúað. [11]Og sakir þess biðjum vér
einnin alla tíma fyrir yður það vor Guð
gjöri yður verðuga sinni kallan og upp-
fylli alla góðvild náðarinnar og trúar-
innar verk í kraftinum [12]so að á yður
verði prísað nafn Drottins vors Jesú
Christi og þér á honum eftir þeirri náð
vors Guðs og Drottins Jesú Christi.

2 En vegna þeirrar tilkomu vors
Drottins Jesú Christi og vorrar
samansöfnunar til hans biðjum vér yð-
ur, kærir bræður, [2]það þér látið ekki
skjótlega hræra yður af yðru sinni né
skelfa, hvorki fyrir anda eða fyrir orð
né bréf so sem af oss sent, það dagur
Christi sé þegar fyrir höndum. [3]Látið
öngvan villa yður með neinu móti. Því
að hann kemur ekki nema að so sé það
áður fyrri komi það fráfall og opinskár
verði maður syndarinnar og glötunar-
sonur, **Daníel 7:25, 8:25, 11:36, Johan-
nis 17:12** [4]sá sem að er mótstandari og
sig forhefur upp yfir allt hvað Guð eður
Guðs dýrkan heitir so það hann setur
sig í Guðs musteri so sem Guð og það
útvísandi að hann sé Guð. **Esekíel 28:2**
[5]Minnist þér ekki þar á það eg sagði
yður þetta þann tíð eg var í hjá yður?
[6]Og hvar þar honum nú inni heldur viti
þér þar til hann opinberast á sínum
tíma. [7]Því að sú vonska hreysir sér alla
reiðu heimuglega utan það alleinasta sá
sem því nú inniheldur hlýtur burt tek-
inn að verða [8]og so mun þá hinn vondi
opinskár verða (hvern Drottinn mun
deyða með anda síns munns og honum
endalok gjöra fyrir uppbirting sinnar
tilkomu) **Esaias 11:4** [9]hver tilkoma að
sker eftir verkum andskotans með alls-
háttuðum lygilegum krafti, táknum og
stórmerkjum [10]og með allsháttuðu flá-
ræði til ranglætis meðal þeirra sem tap-
aðir verða fyrir það þeir hafa eigi með-
tekið kærleikann sannleiksins so þeir
hjálpuðust. [11]Því mun Guð senda þeim
megnan villudóm að þeir trúi lyginni
[12]upp á það þeir verði allir dæmdir sem
sannleiknum ekki trúa heldur sam-
þykkjast ranglætinu.
[13]En vér skulum þakka Guði alla tíma
fyrir yður, elskanlegir bræður, af
Drottni það Guð hefur útvalið yður allt
frá upphafi til sáluhjálparinnar í helgun
Andans og í trú sannleiksins [14]þar hann
hefur yður í kallað fyrir evangelium til

vegsamlegs eigindóms vors Drottins Jesú Christi. [15]So standið nú, kærir bræður, og haldið þá setninga sem þér eruð til lærðir, sé það fyrir vor orð eður bréf. [16]En sjálfur vor Drottinn Jesús Christus og Guð vor Faðir sá oss hefur elskað og gefið eilífa huggun og góða von fyrir náðina[17]hann huggi yðar hjörtu og staðfesti yður í öllum lærdómi og góðum verkum.

3 Framar, kærir bræður, biðjið fyrir oss so að orð Drottins hlaupi og vegsamað verði líka so sem hjá yður [2]og það vér verðum frelsaðir í frá óráðvöndum og illgjörnum mönnum. Því að trúan er ekki hvers manns. [3]En sá Drottinn er trúr sem yður mun styrkja og varðveita frá illu. [4]En vér væntum til yðar í Drottni það þér gjörið og gjöra munið hvað vér bjóðum yður. [5]Og Drottinn greiði yðar hjörtu til Guðs kærleika og til þolinmæði Christi.

[6]En vér biðjum yður, kærir bræður, í nafni vors Drottins Jesú Christi það þér burt takið yður í frá sérhverjum þeim bróður sem óráðvandlega gengur og eigi eftir þeim setningi sem hann hefur meðtekið af oss. [7]Því að þér vitið hvernin þér skuluð oss eftirfylgja. Því vér vorum ekki ótérugir á meðal yðar, [8]höfum einnin ekki brauðið fyrir ekkert út af nokkru tekið heldur með erfiði dag og nótt þá höfum vér verkað so að vér veittum öngvum yðar nein þyngsl. [9]Eigi fyrir það so sem að vér hefðum þar öngva magt til heldur það vér gefum oss sjálfa yður til fyrirmyndar oss eftir að fylgja. [10]Og þá vér vorum hjá yður buðum vér yður það að ef nokkur vill eigi erfiða sá skal ekki heldur eta.

[11]Því að vér heyrum það nokkrir meðal yðar ganga óráðvandlega og erfiða ekkert, drýgjandi heldur slenskap. [12]En slíkum boðum vér og áminnum þá fyrir vorn Drottin Jesúm Christum það þeir erfiði með spaklæti og eti sitt eigið brauð. [13]En þér, kærir bræður, þreytist ekki gott að gjöra. [14]En ef nokkur er ei hlýðinn voru orði þann teiknið upp fyrir bréf og hafið ekkert með hann að gjöra so að hann verði blygðaður. [15]Haldið hann þó ekki sem óvin heldur áminnið hann sem bróður.

[16]En sjálfur Drottinn friðarins gefi yður ætíð frið og með öllum háttum. Drottinn sé með yður öllum. [17]Heilsan með minni hendi, Páls, hvert að er það merki í öllum bréfum sem eg skrifa. [18]Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður öllum. Amen.

Skrifaður frá Aþenu

HINN FYRSTI S. PÁLS PISTILL TIL TIMOTHEUM

1 Páll postuli Jesú Christi eftir boðan Guðs vors frelsara og Drottins Jesú Christi sá vor von er
2 Timotheo, mínum réttilegum syni í trúnni: Náð, miskunn og friður af Guði vorum föður og vorum Drottni Jesú Christo. 3 So sem að eg beidda þig það þú blífir til Epheso meðan eg færa í Macedoniam og boðaðir það sumum það þeir ekkert annað kenndu 4 og gæfir öngvan gaum að þeim ævintýrum og ættartölusögum sem öngvan enda taka, þær meir afla spurninga en betrunar til Guðs í trúnni. 5 Því að uppfylling boðorðsins er kærleikinn af hreinu hjarta og af góðri samvisku og af ómengaðri trú. 6 Frá hverri sumir hafa villst og eru umsnúnir til ónýtrar þvættunar, 7 vilja vera ritningsmeistarar, skilja þó ekki hvað þeir segja eða hvað þeir setja.
8 En vér vitum það lögmálið er gott, fyrst nokkur tíðkar það réttilega, 9 vitandi það að hinum réttláta er ekkert lögmál sett heldur ranglátum og óhlýðugum, óguðlegum og syndörum, glæpafullum og illskufullum, föðurdrápurum og móðurbönum, mannslögurum, 10 frillulífismönnum, þeim sem skömm drýgir með kallmanni og þeim mönnum í burt selur og ljúgurum og meinsærismönnum og so það fleira hvað heilsusamlegum lærdómi mótstaðlegt er 11 eftir dýrðlegu evangelio hins sæla Guðs það mér tiltrúað er.
12 Og eg þakka vorum Drottni Jesú Christo sem mig styrkvan gjörir og mig trúlyndan aktað hefur, setjandi í þetta embætti 13 sem eg var þó fyrr meir forsmánari, ofsóknari og háðungarmaður. En mér er miskunnsemi yfirkomin því að það gjörða eg af viskuleysi í vantrú. 14 En náð vors Drottins var þess yfirgnæfanlegri með trúnni og kærleikanum sem að er í Christo Jesú.
15 Því að það eru vissileg sannindi og dýrmætt verðugt orð það Christus Jesús er kominn í þennan heim synduga sáluhólpna að gjöra, meðal hverra eg em hinn fremsti. 16 En mér er því miskunnsemi yfirkomin upp á það Christus Jesús auðsýndi á mér fyrstum allra þolinmæði, þeim til eftirdæmis sem á hann skyldu trúa til eilífs lífs. 17 En Guði, eilífum Konungi ódauðlegum og alleina vísum, sé lof og dýrð að eilífu. Amen.
18 Þetta boðorð bífala eg þér, son minn Timothee, eftir hinum fyrrum spádómum yfir þér að þú fremjir í þeim góðan riddaraskap, 19 hafandi trúna og góða samvisku, hverri sumir hafa frá sér skúfað og á trúnni skipbrot liðið, 20 meðal hverra er Hýmeneus og Alexander, hverja eg hefi andskotanum ofurselt so að þeim yrði kennt að guðlasta eigi meir.

2 So áminni eg nú það vér umfram alla hluti gjörum í fyrstu bónir, bænir, fyrirbeiðslur, þakkargjörðir fyrir öllum mönnum, 2 fyrir konungum og fyrir öllum yfirboðurum, upp á það vér mættum hafa spakt og rósamt líferni í allri guðrækni og siðsemd. 3 Því slíkt er gott, þar til einnin þakknæmt, fyrir Guði vorum hjálpara, 4 sá sem vill það allir menn hjálpist og til viðurkenningar sannleiksins komist. 5 Því að þar er einn Guð og einn meðalgangari milli Guðs og mannanna sem er sá maður Christus Jesús, 6 hver sjálfan sig hefur útgefið fyrir alla til endurlausnar það þetta yrði prédikað í hans tíð. 7 Þar til eg em prédikari og postuli settur (eg segi sannleik í Christo Jesú og lýg ekki), lærari heiðinna í trúnni og í sannleikn-

um. [8]So vil eg nú það að mennirnir biðji
í öllum stöðum og upphefi heilagar
hendur án reiði og örvilnunar. [9]Slíkt
hið sama konunar að pær prýði sig í
sómasamlegum búnaði með blygð og
hreinferði, eigi meður hárfléttan eður
gulli eður perlum eða dýrmætum
klæðnaði [10]heldur so sem það konun-
um hæfir, auðsýnandi guðhræðslu fyrir
góðverk. [11]Kvinnurnar læri í þögn með
allri undirgefni. [12]En það leyfum vér
ekki kvinnunni það hún kenni, ekki
heldur það hún sé mannsins herra
heldur það hún sé þögul. [13]Því að Adam
er fyrri skapaður, eftir á Eva. **Genesis 2:7, 21-22** [14]Og Adam varð eigi svikinn
en konan varð svikin og hefur yfir-
troðsluna innleitt. **Genesis 3:1-6** [1 5]En
hún mun hjálpast fyrir barnsburð ef
hún blífur í trúnni og í kærleikanum og
í helguninni með hreinferði.

3 Það er vissileg sannindi ef að
nokkur girnist biskupsembætti, sá
girnist ágætt verk. [2]En biskupi ber að
vera óstraffanlegum, einnrar kvinnu
eiginmanni, sparneytnum, hógværum,
siðsömum, gestrisnum, kenningasöm-
um, [3]enginn vínsvelgjari, eigi baráttu-
sömum, einskis ljótlegs ávinnings gír-
ugur, heldur vingjarnlegur, eigi þrátt-
unarsömum, eigi ágjörnum, [4]sá góða
fyrirsjón veitir sínu húsi, hver hlýðug
börn hefur með allri virðing [5](so að ef
nokkur kann ei sínu húsi forstöðu að
veita, hvernin má hann þá Guðs söfn-
uði umsjón veita?) [6]eigi nýnæmum so
að hann upphrokist ekki og hrapi so í
forsmánarans úrskurð. [7]Hann hlýtur og
einnin að hafa góðan vitnisburð af
þeim sem þar fyrir utan eru upp á það
hann hrapi ekki í svívirðing og snöru
spéarans.

[8]Líka einnin skulu þjónarnir vera
heiðarsamlegir, eigi tvítungaðir, öngvir
vínsvelgir, einkis skemmilegs ávinn-
ings gírugir, [9]þeir eð hafa leyndardóm
trúarinnar í hreinni samvisku. [10]Þá hina
sömu lát áður reyna. Eftir það lát þá
þjóna nær þeir eru óstraffanlegir.

[11]So og líka skulu þeirra eiginkvinnur
vera hóglátar, eigi spésamar, hreinferð-
ugar og trúlyndar í öllum hlutum.
[12]Þénarana hvern sem einn lát vera
einnrar kvinnu eiginmann, sá vel
forstendur sín börn og sín eigin hús.
[13]En þeir eð vel þjóna verðskulda sér
sjálfum góða stétt og mikið traust í
trúnni í Christo Jesú.

[14]Þetta skrifa eg þér og vona sem fyrst
til þín að koma. [15]En ef mér seinkar að
þú vitir hvernin þú skalt ganga í Guðs
húsi, hvert að er söfnuður Guðs lifanda,
stólpi og grundvallan sannleiksins.
[16]Ómótmælanlega mikill er leyndur
dómur Guðhræðslunnar. Guð er opin-
beraður í holdinu, réttlættur í andan-
um, auglýstur englunum, prédikaður
heiðingjum, trúður af heiminum, með-
tekinn í vegsemd.

4 En Andinn segir skilmerkilega það
á síðustu tímum munu nokkrir af
falla frá trúnni og gætur gefa að svik-
samlegum aundum og djöflalærdóm-
um [2]fyrir þá sem í smjaðran lygimæl-
endur eru og forbrenndar samviskur
hafa, [3]fyrirbjóðandi að giftast og að
bindast þeirrar fæðu sem Guð hefur
skapað til meðtöku trúuðum meður
þakkargjörð og þeim sem sannleikinn
viðurkenna. [4]Því að öll Guðs skepna er
góð og ekkert burtskafanlegt það með
þakkargjörð meðtekið verður [5]því að
það helgast fyrir Guðs orð og bænina.
[6]Nær þú ert þetta bræðrunum fyrir-
leggjandi muntu vera góður þénari
Jesú Christi sem uppalinn er í orðum
trúarinnar og góðum lærdómum,
hverjum þú hefur hér til eftirfylgt. [7]En
fánýtar aldraðar kvennaskröksögur
forðast þú. En ven þú sjálfan þig heldur
guðrækinn. [8]Því að líkamleg iðkan er til
lítils nytsamleg. En guðrækni er til allra
hluta nytsöm, hafandi þessa lífsins fyr-
irheit og so hins eftirkomanda. [9]Þetta

er vissileg sannindi og dýrmætt verðugt orð. [10]Því að til þess sama erfiðum vér einnin og verðum formæltir um það vér höfum vonað upp á lifanda Guð, sá sem að er Frelsari allra manna en sérdeilis trúaðra. [11]Þetta boða og kenn. [12]Enginn forsmái þína æsku heldur vert fyrirmynd trúaðra í orðinu, í breytninni, í kærleikanum, í andanum, í trúnni, í hreinlífinu.

[13]Vert iðinn með lesningum, með áminningum, með kenningum, þangað til að eg kem. [14]Gleym ekki þeirri gjöf sem þér er gefin fyrir spádóma með handaupplegging öldunganna. [15]Iðka þetta og umgakk so að þinn frami sé opinber hverjum manni. [16]Haf gát á sjálfum þér og á lærdóminum og blíf í þessum greinum. Því ef þú gjörir þetta munt þú sjálfan þig hjálplegan gjöra og þá sem þér heyra.

5 Gamlan straffa ekki heldur áminn hann sem föður, unga sem bræður, [2]aldraðar konur sem mæður, ungar sem systur með öllu hreinlífi. [3]Ekkjurnar heiðra þær sem réttar ekkjur eru. [4]En ef ekkja hefur börn eður barnabörn þá lát hana fyrst læra sínu eigin húsi guðlega að stjórna og foreldrunum líkt aftur að gjalda því að þar er vel gjört og þakknæmt fyrir Guði. [5]En þar er sannarleg ekkja sem einsömun er og sína von setur upp á Guð og staðnæmist í bænum og ákalli dag og nótt. [6]En hún sem í munaði lifir er lifandi dauð. [7]Og bjóð þetta upp á það þær séu óstraffanlegar. [8]En ef einhver rækir ekki sitt sérdeilis sín hjú, sá hefur afneitað trúnni og er vantrúuðum verri.

[9]Lát öngva ekkju útveljast sem er fyrir innan sextigi ára og verið hefur eins manns eiginkona [10]og hefur vitnan góðra verka það hún hefur sín börn vel upp alið, það hún hafi gestrisin verið, það hún hafi heilagra fætur þvegið, það hún hafi harmþrungnum lífsnæring veitt, það hún hafi til allra góðra verka kostgæfin verið. [11]En ungar ekkjur varast þú því nær þær taka lauslátar að gjörast í gegn Christo þá vilja þær giftast, [12]hafandi sinn dóm það þær hafa hina fyrstu trú brotið. [13]En jafnframt þessu eru þær gagnlausar og læra um hús að hlaupa. En þær eru eigi alleinasta gagnlausar heldur einnin orðugar og forvitnar og tala það sem ekki hæfir.

[14]Því vil eg það ungar ekkjur giftist, ali börn, heimilinu forstöðu veiti og gefi mótstandaranum ekkert tilefni það hann megi formælingar sök hafa. [15]Því að þar eru þegar nokkrar frá horfnar, andskotanum eftirfylgjandi. [16]En ef einhver trúaður maður eða trúuð kvinna hefur ekkjur veiti hann þeim sömu framfærslu og láti söfnuðinn ekki þvingaðan verða svo að þær sem sannar ekkjur eru mættu nægð hafa.

[17]Þeir öldungar sem vel forstanda haldist tvefaldlegs heiðurs verðugir, sérdeilis þeir sem erfiða í orðinu og lærdóminum. [18]Því að Ritningin segir: „Eigi skaltu tilbinda múlinn á erjanda nauti,“ og: „Verkmaðurinn er síns kaups verðugur.“ **Deuteronomium 25:4, Mattheus 10:10, Lucas 10:7** [19]Í móti öldungi átakst ekkert klögumál án vitnisburðar tveggja eður þriggja. **Deuteronomium 19:15** [20]Þá sem syndgast straffa fyrir öllum upp á það hinir aðrir hafi ótta af.

[21]Eg votta fyrir Guði og Drottni Jesú Christo og útvöldum englum það þú varðveitir þetta án eiginlegs hugboðs, ekkert gjörandi fyrir vináttu. [22]Legg eigi bráðlega hendur yfir nokkurn. Samlaga þig ekki annarlegum syndum. Geym þig sjálfan hreinferðugan. [23]Hér eftir drekk ekki vatn heldur iðka lítils víns fyrir þíns maga sakir og það þú oftsinnis ert sjúkur.

[24]Sumra manna syndir eru opinberar so að vér kunnum þær fyrirfram að dæma en sumar verða hér eftir á opinberar. [25]Líka einnin sumra góðverk eru

fyrirfram opinber og hinna annarra blífa ekki niðri byrgð.

6 Þeir þjónustumenn sem undir okinu eru skulu halda sína drottna í öllum heiðri upp á það að Guðs nafn og lærdómurinn verði ekki lastaður. [2]En þeir sem trúaða drottna hafa skulu ekki forsmá þá hinu sömu fyrir það þeir eru bræður heldur skulu þeir því þénugri vera með því þeir hinir eru trúaðir og elskanlegir og velgjörningsins hluttakarar. Þetta kenn og áminn.

[3]Ef að nokkur kennir öðruvís og blífur ekki við heilsusamleg orð vors Drottins Jesú Christi og við þann guðrækilega lærdóm, [4]sá er uppbelgdur og veit ekert heldur er sóttlera í spurningum og orðadeilum, af hverjum uppsprettur öfund, prætur, guðlastanir, illar óvenjur, [5]misgreiningar þeirra manna sem fordjörfuð hugskot hafa, þeir eð sannleiknum sviptir eru, hverjir það meina að guðrækni muni fjárafli vera. Forða þig þeim sem þess konar eru. [6]En það er mikill ávinningur hver hann er guðhræddur og lætur sér sína lukku nægja. [7]Því að vér höfum ekkert innflutt í þennan heim, af því er það opinbert að vér munum ekkert í burt hafa. **Job 1:21**

[8]En nær vér höfum fæði og klæðnað so látum oss nægja. [9]Því að þeir sem ríkir vilja verða falla í freistni og snörur og í margar fávíslegar og skaðsamlegar girndir,

þær eð manninum drekkja í fordjarfan og fordæming. **Orðskviðrinir 23:4** [10]Því að ágirnd er rót alls ills, þeirrar sumir girntust og eru trúnni frávilltir og gjöra sér so sjálfum margar meinsemdir. [11]En þú, Guðs maður, flý þetta og eftirfylg réttlætinu, guðhræðslu, trúnni, kærleikanum, þolinmæðinni, hógværðinni. [12]Berst góðri baráttu trúarinnar, höndla so eilíft líf þar þú einnin ert til kallaður og játað hefur góða játning fyrir mörgum vottum.

[13]Eg býð þér fyrir Guði sem alla hluti lífgar og fyrir Christo Jesú sá undir pontverskum Pilato vottað hefur góða játningu **Johannis 18:37** [14]það þú varðveitir þetta boðorð án flekkunar, óstraffanlegur, allt til auglýsingar vors Drottins Jesú Christi, [15]hverja sá hinn sæli og alleinasta voldugur mun auglýsa á sínum tímum, Konungur konunganna, Drottinn drottnanna, [16]hann sem einnsaman ódauðleikinn hefur, sá sem byggir í ljósinu þar enginn kann til að komast, hvern enginn maður hefur séð né sjá kann, honum sé heiður og ævinlegt veldi. Amen.

[17]Ríkum þessarar veraldar bjóð þú það þeir sé ekki mikillátir og leggi öngva von upp á þennan fallvalta ríkdóm heldur upp á lifanda Guð sem oss gnóglega gefur allsháttað til notkunar **Marcus 4:19** [18]og það þeir gjöri nökkuð gott það þeir auðgist í góðum verkum, sé gjafmildir, góðviljaðir, [19]safnandi sér sjálfum í sjóð góðri grundvallan upp á hið tilkomanda svo að þeir höndli eilíft líf. **Mattheus 6:20**

[20]Ó Timothee, varðveit það þér er tiltrúað og varast fáfengilegt hégómahjal og kappdeilur falsfrægrar listar [21]hveri að nokkrir fram halda og eru trúnni frávilltir. Náðin sé með þér. Amen.

Skrifaður frá Laódíkea sem að er einhöfuðborg landsins Frýgia og Pakatíane.

HINN ANNAR S. PÁLS PISTILL TIL TIMOTHEUM

1 Páll, postuli Jesú Christi, fyrir Guðs
vilja, eftir fyrirheitinu lífsins í
Christo Jesú 2mínum elskulega syni
Timotheo: Náð, miskunn, friður, af
Guði föður og Christo Jesú vorum
Drottni.
3Eg þakka Guði þeim er eg þjóna í frá
langfeðgum mínum í hreinnri sam-
visku það eg óaflátanlega minnunst þín
í mínum bænum dag og nótt 4og það
mig forlengir eftir þig að sjá (nær eg
hugleiði þín tárföll) upp á það eg upp-
fylldist fögnuði, 5íhugandi þá flekklausa
trú sem í þér er og áður fyrri byggði
með þinni ömmu Laide og með þinni
móður Eunike. Eg em þess fullviss það
einnin með þér. **Postulanna Gjörningar 16:1**
6Hvar fyrir eg áminni þig það þú upp-
vekir þá Guðs gjöf sem í þér er fyrir
upplegging minna handa. 7Því að Guð
hefur ekki gefið oss hræðslunnar anda
heldur sannleiksins og kærleiksins og
bindindis. 8Fyrir því skammast þín ekki
vors Drottins vitnisburðar né míns,
hans bandingja, heldur með þolugur
vert evangelio so sem að eg, eftir Guðs
krafti, 9þeim oss hefur hjálplega gjört
og kallað með heilagri kallan, ekki eftir
vorum verkum heldur eftir sinni fyrir-
hyggju og náð, hver oss er gefin í
Christo Jesú fyrir veraldarinnar upphaf
10en nú opinberuð er fyrir auglýsing
vors Lausnara Jesú Christi sá sem
dauðann hefur svipt magtinni en lífið
og ódauðlegleikinn í ljós leitt fyrir
evangelium, 11í hvert eg em settur pré-
dikari, postuli og lærari heiðinna þjóða,
12hvers vegna eg líð þetta. En eg
skömmunst mín þess ekki því að eg
veit á hvern eg trúi og em fullvís það
han kann það að varðveita hvað mér er
tiltrúað allt til hins sama dags. 13Hegða
þér eftir fyrirmynd þeirra heilsusam-
legra orða sem þú hefur heyrt af mér út
af trúnni og kærleiknum Christo Jesú.
14Það hið góða sem þér er tiltrúað það
varðveit fyrir Heilagan Anda sem í oss
byggir. 15Því að þú veist það þeir hafa
allir frásnúist mér sem í Asia eru, meðal
hverra er Phygellus og Hermogenes.
16Drottinn gefi miskunn heimkynni
Onesiphori því að hann hefur oftsinnis
mig endurnært og af minni járnviðju
hefur hann sér ekki feilað heldur 17þá
hann var í Róm leitaði hann mín sem
innilegast og fann mig. 18Drottinn gefi
honum það hann finni miskunn hjá
Drottni á þeim degi. Og í hversu mörgu
hann hefur mér þjónustu veitt til
Epheso það veistu allra best.

2 So styrk þig nú, son minn, í náð-
inni sem er fyrir Christum Jesúm.
2Og í því sem þú hefur af mér heyrt fyr-
ir marga vitnisburði bífala það trúum
mönnum, þeim sem tilhæfilegir eru að
læra aðra. 3En þú vert herkinn sem
góður kappi Jesú Christi. 4Enginn
stríðsmanna vefur sig í neinnri verald-
legri sýslan upp á það hann þóknist
þeim hinum sama sem meðtók hann.
5Og þótt nokkur berjist verður hann
ekki jafnsnart kórónaður nema hann
berjist réttilega. 6En sá akurkarlinn sem
akurinn erjar skal fyrstur neyta af
ávextinum. 7Merk hvað eg segi. En
Drottinn mun gefa þér skilning í öllum
hlutum.
8Haf í minni Jesúm Christum hver
upp aftur er risinn í frá dauðum út frá
sæði Davíðs eftir mínu evangelio, 9yfir
hverju eg líð allt til bandanna svo sem
illvirki. En Guðs orð eru ekki bundin.
10Fyrir því þoli eg allt sakir útvaldra upp
á það þeir auðlist einnin hjálpræðiði í
Christo Jesú með eilífri dýrð. 11Þetta er
sannarlega satt: Ef vér deyjum með þá

munum vér með lifa, [12]þolu vér so munu vér með ríkja, ef vér afneitum þá mun hann einnin afneita oss, **Mattheus 10:33, Lucas 12:9** [13]trúum vér ekki þá blífur hann þó trúfastur því han kann ekki sér sjálfum að afneita. [14]Þetta áminn þú og vitna fyrir Drottni það þeir hafi ekkert orðgjálfur hvert öngu nýtt er nema til fráhverfingar þeim sem tilheyra.

[15]Kostgæf að auðsýna þig Guði réttilegan og óstraffanlegan verkmann sá er rétt í sundurkljúfi orðið sannleiksins. [16]Fáfengilegt hégómahjal flý þú því að það styrkir mikið til óguðlegs athæfis [17]og þeirra orð þá eta um sig sem annar krabbi, meðal hverra er Hýmeneus og Fíletus, [18]hverjir sannleiknum hafa frávillst, segjandi upprisuna skeðna vera og hafa svo sumra trú umsnúið.

[19]En styrk grundvallan Guðs stendur stöðug, hafandi þetta merki: „Drottinn kenni þá sem eð hans eru“ **Numeri 16:5** og: „Hver sá fráskiljist ranglætinu sem ákallar nafn Christi.“ [20]Í stóru húsi eru ekki alleinasta kerin af gulli og silfri heldur einnin af tré og leiri, sum til heiðurs, sum til vanæru. [21]Og ef að nokkur hreinsar sig í frá þvílíkum mönnum sá mun vera heilagt ker húsherranum til heiðurs handtéranda og til alls góðs verks reiðubúið.

[22]Flý þú girndir æskunnar en eftirfylg réttlætinu, trúnni, kærleiknum, friðnum, með þeim öllum sem ákalla Drottin af hreinu hjarta. [23]En fávíslegar og vanvirðilegar spurningar flý þú því að þú veist að þær ala þráttanir. [24]En þjónustumanni Drottins tilheyrir ekki að þræta heldur vingjarnlegum að vera við alla og kenningasömum, [25]sá er vonda umliðið getur með hógværi og straffa þá sem þrálátir eru, ef að Guð gæfi þeim eitthvað sinn yfirbót sannleikinn að viðurkenna [26]og endurheimtir verði úr djöfulsins snöru, af þeirri þeir herleiddir eru, til hans vilja.

3 En það skaltu vita það á síðustu dögum til standa háskasamlegar tíðir [2]því að þeir menn munu verða sem eru sérgóðir, ágjarnir, mikillátir, dramblátir, hágjarnir, foreldrunum óhlýðugir, óþakklátir, óguðlegir, [3]óhýrlegir, ófriðsamir, spélnir, lostasamir, manndyggðarlausir, [4]svikulir, illúðlegir, hrokafullir, þeir eð meir elska munaðlífi en Guð, [5]hverjir eð hafa yfirlit guðlegs athæfis en þess krafti afneita þeir – forðast þú slíka. [6]Af þessum eru og þeir sem læðast hér og hvar í húsum og af herfangi leiða kvensniftirnar, hlaðnar af syndum, [7]og með margvíslegar girndir fjatraðir eru, lærandi jafnlega en geta þó aldreigi til sannleiksins viðurkenningar komið.

[8]Eins álíka sem þeir Jannes og Jambres mótstóðu Moyses, so mótstanda þessir einnin sannleiknum, eru menn fordjarfaðs hugskots, torveldir til trúarinnar, [9]en komast eigi framar áleiðis því að þeirra fíflska mun augljós verða hverjum manni líka sem einnin það hinna varð. [10]En þú hefur reynt minn lærdóm, minn vana, mína fyrirætlan, mína trú, mitt langlundargeð, minn kærleika, mína þolinmæði, [11]mínar ofsóknir, mínar hrakningar þær eð mér tilféllu í Antiochia og Iconia, hverja ofsókn eg leið þar, og út af öllum hefur Drottinn mig frelsað. **Postulanna Gjörningar 13:14-52 14:1-20 16:1-5** [12]Og allir þeir sem guðlega vilja lifa í Christo Jesú þeir hljóta ofsókn að líða. [13]En hinir vondu menn og svikarar framleiðast æ til hins verra það þeir villa og verða villtir. [14]En þú, vert staðfastur í því sem þú hefur lært og þér er tiltrúað af því þú veist af hverjum þú hefur lært.

[15]Með því þér er kunnug heilög ritning allt í frá barndómi getur þú sjálfur leiðrétt fyrir þér til hjálpræðisins fyrir trúna á Jesúm Christum. [16]Því að öll ritning af Guði inngefin er nytsamleg til lærdóms, til umvandanar, til betrun-

ar, til leiðréttingar í réttlætinu, [17]so að
Guðs maður sé algjör, til alls góðs verks
hæfilegur.

4 So vitna eg nú fyrir Guði og
Drottni Jesú Christo, sá sem að
koma skal til að dæma lifendur og
dauða með sinni auglýsing og með sínu
ríki: [2]Prédika þú orðið, halt að, hvert
það skeður í haglegan tíma eða óhag-
legan, straffa, ógna, áminn með allri
þolinmæði og kenningu. [3]Því að sá tími
mun koma það þeir munu ekki líða
heilsusamlegan lærdóm heldur munu
þeir eftir sínum eiginlegum fýsnum
samanhrúga sér sjálfum lærendur eftir
því þeim eyrun klæja [4]og munu eyrun-
um í frá sannleikanum venda og sér
snúa til lygi. [5]En þú, vert vakandi og
herkinn í öllum hlutum, gjör verk guðs-
spjallegs prédikara og útkljá þitt emb-
ætti verðuglega.

[6]Því að eg verð snart fórnfærður og
tími minnar burtfarar tilstendur. [7]Eg
hefi góða baráttu barist, eg hefi hlaupið
fullkomnað, eg hefi trúna geymt. [8]Nú
héðan í frá er mér til lögð kóróna rétt-
lætisins sem að Drottinn, hinn réttláti
dómari, mun mér á þeim degi gefa. En
eigi alleinasta mér heldur jafnvel öllum
þeim sem hans tilkomu elska. [9]Legg
kapp á að koma til mín snarlega.

[10]Því að Demas hefur mig yfirgefið,
elskandi þennan heim, og er burt far-
inn til Tessaloniam, Crescens í
Galatiam, Títus í Dalmatiam. [11]Lúkas er
einnsaman hjá mér. Marcum tak til þín
og haf með þér því að hann er mér nyt-
samlegur til þjónustu. [12]Tychicum hefi
eg til Epheso sent. [13]Þann möttul sem
eg lét eftir til Troada hjá Carpo haf með
þér nær þú kemur, og so bækurnar en
einkum það bókfelli. [14]Alexander smið-
ur hefur auðsýnt mér margt vont.
Drottinn umbuni honum eftir sínum
verkum. [15]Fyrir hverjum vakta þú þig
einnin því að hann hefur mjög í móti-
staðið vorum orðum.

[16]Í mínu fyrsta forsvari stóð enginn
hjá mér heldur yfirgáfu þeir mig allir en
eigi sé þeim það til átölu. [17]Drottinn
stóð hjá mér og styrkti mig upp á það
sú prédikan fyrir mig staðfest yrði svo
að það allir heiðingjar heyrðu og eg em
frelsaður af gini leónsins. [18]En Drottinn
mun frelsa mig frá öllu illu og hjálpa til
síns himneska ríkis, hverjum að sé dýrð
um aldur og ævi. Amen.

[19]Heilsa þú Priscam og Aquilam og
heimkynni Onesiphori. [20]Erastus bleif
til Korintíu en Trophimum lét eg eftir
til Mileto sjúkan. [21]Haf kapp á það þú
komir til mín fyrir veturinn. Þér heilsa
Eubulus og Pudens og Linus og Claudia
og allir bræður. [22]Drottinn Jesús Christ-
us sé með þínum anda. Náðin sé með
yður. Amen.

*Hinn annar pistill til Tímóteo skrifað-
ur í frá Róm þá er S. Páll var í annað
sinn hafður fyrir keisarann Nero.*

S. PÁLS PISTILL TIL TITUM

1 Páll, þjón Guðs en postuli Jesú Christi, eftir trúnni Guðs útvaldra og viðurkenning sannleiksins sem til guðrækninnar leiðir [2]upp á von eilífs lífs, hverja tilsagt hefur sá ekkert lýgur, Guð, [3]fyrir ævinlegar aldir en opinberað hefur í sinni tíð sín orð fyrir þá prédikan sem mér er tiltrúuð eftir boði Guðs vors Lausnara

[4]Tito, mínum réttilegum syni, eftir beggja okkar trú: Náð, miskunn, friður, af Guði Föður og Drottni Jesú Christo vorum Frelsara. [5]Vegna þess lét eg þig eftir í Krít það þú skyldir bæta um það hvað brest hafði og öldungana niður að setja um borgirnar so sem eg bífalaði þér. [6]So það ef nokkur er óstraffanlegur, einnrar kvinnu eiginmaður, hver eð trúlynd börn hefur, eigi orðræmd, það þau sé ofeyðslumenn eður óhlýðin. [7]Því að biskupi byrjar að vera óstraffanlegur so sem Guðs tilsjónarmanni, eigi einsinnaður, eigi reiðinn, enginn vínsvelgur, eigi baráttusamur, eigi neins skemmilegs ávinnings gírugur, [8]heldur gestrisinn, góðlyndur, skírlífur, réttferðugur, guðrækinn, hreinlífur, [9]sá sem fastheldinn er þess orðs sem sannarlegur lærdómur er og sá aðra kann læra so að hann sé máttugur til að áminna fyrirheilsusamlegan lærdóm og að straffa þá sem á móti mæla.

[10]Því að þar eru margir djarfir hégómaþvættarar og villumenn, einna mest út af umskurninni, [11]á hverjum vér hljótum munninn til að byrgja, hverjir nálega öllum húsum umvelta og kenna það sem ekki hæfir fyrir skemmilegs ávinnings sakir. [12]Nokkur út af þeim sjálfra þeirra spámaður sagði: „Krítarmenn eru jafnlega lygigjarnir, illkvikindi og letisamir magar.“ [13]Þessi vitnisburður er sannur. Hvers vegna þú straffa þá snarplega upp á það þeir sé heilbrigðir í trúnni [14]og gefi öngvar gætur að þeim gyðinglegum ævintýrum og mannaboðorðum sem í burt snúa frá sannleiknum. [15]Hreinum eru allir hlutir hreinir en saurugum og vantrúuðum er ekkert hreint heldur eru saurug þeirra hugskot og samviska. [16]Þeir segjast þekkja Guð en með verkunum afneita þeir því. Því að þeir eru bölvanlegir og vantrúaðir og til allra góðra verka óskikkanlegir.

2 En þú tala so sem það hæfir heilsusamlegum lærdómi: [2]Öldruðum það þeir sé skírlífir, heiðarlegir, hæfilátir, heilbrigðir í trúnni, í kærleikanum, í þolinmæðinni. [3]Líka einnin rosknum konum, að þær hegði sér sem guðræknum hæfir, ekki lastanarsamar, ekki vínsvelgjur, góðar lærimæður [4]að þær kenni ungum konum að vera hæfilátar og það að þær hafi kæra sína bændur og elski sín börn. [5]að þær séu skírlífar, hreinferðugar, umsjónarsamar, góðlyndar, sínum bændum undirgefnar, upp á það Guðs orð verði ekki lastað. [6]Slíkt líka áminn ungmennin það þau sé siðsöm.

[7]En í öllum hlutum set þig sjálfan fyrirmyndan góðra verka með ómenguðum lærdómi, með stöðuglyndi, með heilsusamlegu og óstraffanlegu orði, [8]upp á það mótstandarinn óvirðist og ekkert hafi það hann kunni vont frá oss að segja. [9]Þjónustumönnunum það þeir sé sínum drottnum undirgefnir og í öllu geðfelldir, veri eigi svörugir, [10]eigi ótrúir, heldur sýni allan góðan trúskap svo að þeir prýði lærdóm Guðs vors Lausnara í öllum greinum.

[11]Því að heilsusamleg náð Guðs er auglýst öllum mönnum [12]og lærir oss það vér skulum afneita óguðlegu athæfi og veraldlegum girndum og lifa

sparlega, réttferðuglega og guðlega í
þessum heimi [13]og vakta upp á þá sælu
von og dýrðarinnar auglýsins hins
mikla Guðs og vors Lausnara Jesú
Christi [14]sem sjálfan sig hefur gefið út
fyrir oss upp á það hann endurleysti
oss í frá öllu óréttlæti og hreinsaði sér
sjálfum fólk til eignar það kostgæfið
væri til góðra verka.
Deuteronomium 14:2, Sálmarnir 130:8, Esekíel 37:23 [15]Þetta tala þú og
áminn og straffa með allri alvöru. Lát
öngvan forsmá þig.

3 Áminn þá það þeir sé höfðingjunum og valdsstéttunum undirgefnir
og hlýðugir, til allra góðra verka reiðubúnir, [2]öngvan lastandi, eigi deilugjarnir, heldur verið hæverskir, auðsýnandi
alla hógværi við hvern mann. [3]Því að
vér vorum forðum daga gálausir,
óhlýðugir, ófyrirlátsamir, þjónandi
girndum og margvíslegu bílífi og gengum í illsku og öfund og hötuðum hver
annan innbyrðis.

[4]En þá birtist góðgirnd og mannljúflegleiki Guðs vors Lausnara. [5]Eigi fyrir
réttlætis verkanna sakir sem vér höfðum gjört heldur eftir sinni miskunnsemi frelsaði hann oss fyrir þá endurgetningarlaug og nýjung Heilags Anda,
[6]hverjum hann hefur yfirgnæfanlega
úthellt yfir oss fyrir Jesúm Christum
vorn Lausnara, [7]so að vér réttlátir fyrir
sjálfs hans náð værum erfingjar eilífs
lífs eftir voninni. [8]Þessi ræða er sönn
og trúanleg.

Þetta vil eg þú kennir staðfastlega so
að þeir sem trúaðir eru vorðnir kostgæfist í góðum verkum fordildarlegir
að vera. Þetta er gott og mönnum nytsamlegt. [9]En fávíslegar spurningar og
ættarþulur, þráttanir og laganna deilur
forðast þú því að þær eru óþarfar og
fáfengar. [10]Villumann eftir eina og aðra
áminning flý þú [11]og vit það sá er umsnúinn sem þess konar er og synd
drýgir so sem að sá sig sjálfan fordæmir.

[12]Nær eg sendi Arteman elligar
Tychicon til þín þá skunda þú sem
skjótast að koma til mín til Nicapolim
því að þar hef eg ásett í vetur að vera.
[13]Zenam lögvitring og Appollon af stað
sent með athygli so að þá bresti ekkert.
[14]Lát þá einnin læra í góðum verkum
duglegir að vera þar þörf gjörist so að
þeir sé ekki ávaxtarlausir. [15]Þér heilsa
allir þeir með mér eru. Heilsa þú öllum
þeim sem oss elska í trúnni. Náðin sé
með yður öllum. Amen.

Skrifaður frá Nicapoli í Macedonia

S. PÁLS PISTILL TIL PHILEMONEM

1 Páll, bandingi Jesú Christi, og Tímóteus bróðir Philemoni ástsamlegum og vorum meðhjálpara, 2og ástúðlegri Appea og Archippo, vorum samherjara, og söfnuðinum í þínu húsi:

3Náð sé með yður og friður af Guði vorum föður og Drottni Jesú Christo.

4Eg þakka mínum Guði og hugleiði þig jafnlega í mínum bænum 5af því eg heyri út af þeim kærleika og trú sem þú hefur við Drottin Jesúm og við alla heilaga 6það að þín trúa, hverja vér sameiginlega höfum, verði kröftug í þér fyrir viðurkenning alls hins góða sem þér hafið í Christo Jesú. 7En eg hefi fögnuð mikinn og huggun í þínum kærleika. Því að hjörtu þeirra heilögu eru nærsta endurnærð fyrir þig, kæri bróðir.

8Fyrir því, þótt eg hafi stórt vald til þér að bjóða í Christo hvað þér sómir, 9þá vil eg þó fyrir kærleiksins sakir einasta áminna þig, eg sem þesslegur er, einkanlega hinn gamli Páll, en nú einnin bandingi Jesú Christi. 10Þá beiði eg fyrir son minn, Onesimum, þann eg alið hefi í mínum böndum, 11hver þér var forðum óþarfur en nú þér og mér nærsta þarfanlegur. 12Hvern eg sendi þér nú aftur en þú vildir hann meðtaka sem mitt hjarta. 13Því að eg vildi hafa haldið honum hjá mér að hann þjónaði mér í staðinn þín í böndum guðsspjallsins. 14En utan þinn vilja vilda eg ekkert gjöra so að þinn góði væri ekki neyddur heldur sjálfráður. 15Því vera má það hann sé þar fyrir um stundarsakir frá þér farinn það þú hann aftur fengir eilíflega, 16nú eigi lengur sem þjón heldur framar en þjón, einn kæran bróður, einkanlega minn, en hversu miklu meir þá þinn, bæði eftir holdinu og eftir Drottni? 17Ef þú heldur mig nú fyrir þinn lagsmann þá muntu vilja meðtaka hann sem sjálfan mig. 18En hafi hann gjört þér nokkurt tjón eða sé þér nokkuð skyldugur, það reikna mér til. 19Eg, Páll, skrifaði þetta með minni hendi: Eg vil bitala. Eg segi ekki það þú sért mér sjálfan þig skyldugur. 20Minn kæri bróðir, unn mér þess það eg endurnæri mig á þér í Drottni. Endurnær þú mitt hjarta í Drottni. 21Eg hefi þér út af trausti þinnar hlýðni til skrifað því að eg veit það þú munir framar gjöra en eg segi. 22En jafnframt þessu reiðubú þú mér herbergi. Því að eg vona það eg verði yður fyrir yðra bón veittur.

23Þér heilsar Epafras, minn sambandingi í Christo Jesú, 24Markús, Aristarkus, Demas, Lúkas, mínir hjálpendur. 25Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yðrum anda.

A M E N.

Skrifaður frá Róm með Onesimo

S. PÁLS PISTILL TIL EBREOS

1 Með því að Guð hefur forðum mörgu sinni og margháttaðlega talað til feðranna fyrir spámennina
[2]hefur hann allra síðast á þessum dögum til vor talað fyrir Soninn, þann hann setti til erfingja yfir alla hluti, fyrir hvern hann hefur einnin veröldina skapað. [3]Hver helst (með því hann er ljómi hans dýrðar og ímynd hans staðfestu) að ber alla hluti með orði síns kraftar og gjörir hreinsan vorra synda fyrir sig sjálfan, setti sig til hægri handar Tigninni á hæðunum. [4]Svo miklu æðri gjörður englunum sem hann hefur miklu framar þeim erft eitt hærra nafn.

[5]Því að til hvers engils þá hefur hann nokkurt sinni það sagt: „Þú ert minn Sonur, í dag ól eg þig“? **Sálmarnir 2:7** Og enn annað sinn: „Eg mun hans Faðir vera og hann mun minn Sonur vera.“ **2.Samuelis 7:14** [6]Og enn aftur, sem hann innleiðir þann frumgetna í heiminn segir hann: „Og hann skulu allir englar tilbiðja.“ **Sálmarnir 97:7** [7]Af englunum segir hann að sönnu: „Sína engla gjörir hann anda og sína þénara eldsloga.“ **Sálmarnir 104:4** [8]En af Syninum: „Guð, þitt sæti er æ og að eilífu, stjórnarvöndur þíns ríkis er réttlætisvöndur, [9]þú hefur elskað réttlætið en hatað ranglætið. Fyrir því hefur Guð, þinn Guð, smurt þig meður viðsmjöri fagnaðarins fram yfir þína hluttakendur.“ **Sálmarnir 45:6-7**

[10]„Og þú, Drottinn, hefur af upphafi jörðina grundvallað og himnarnir eru þín handaverk. [11]Þeir sömu munu forganga en þú munt blífa og allir munu þeir eldast sem annað fat. [12]Og so sem klæði muntu þeim umhverfa og þeir munu umhverfast. En þú ert sjálfur hinn sami og þín ár munu ekki þrotna.“ **Sálmarnir 102:25-27** [13]En til hvers engils hefur hann nokkurn tíma sagt: „Set þig til minnar hægri handar þar til það eg þína óvini legg til skarar þinna fóta“? **Sálmarnir 110:1** [14]Eru þeir ekki allir þjónustusamlegir andar, útsendir til þjónustu vegna þeirra sem erfa skulu sáluhjálpina?

2 Þar fyrir byrjar oss að gefa þess framar gaum að því orði það vér heyrum so að vér fordjörfunst ekki. [2]Því ef það orð er stöðugt vorðið sem fyrir englana er talað og hver yfirtroðning og óhlýðni hefur meðtekið sín réttferðug laun, [3]hvernin viljum vér þá umflýja ef vér gætum ekki slíkrar sáluhjálpar, hver helst að hafði sitt prédikunarupphaf fyrir Drottin? [4]En hún er komin til vor af þeim sem hana heyrðu og Guð gaf henni vitni með táknum og dásemdum og margháttuðum kraftaverkum og með útskiptingu Heilags Anda eftir sinni vild.

[5]Því að hann hefur ekki englunum undirgefið þá eftirkomandi veröld þar vér ásegjum. [6]Það vottar enn nokkur í einhverjum stað, so segjandi: „Hvað er maðurinn að þú minnist hans og mannsins son að þú vitjir hans? [7]Litla stund hefur þú hann englana þarnast látið. Með dýrð og heiðri kórónaðir þú hann og settir hann yfir verk þinna handa. [8]Alla hluti hefur þú undrilagt hans fótum.“ Í því að hann undirlagði honum alla hluti þá hefur hann ekkert fráskilið það honum sé eigi undirgefið. En nú fyrst að sinni sjáu vér ekki það honum sé allir hlutir undirgefnir. **Sálmarnir 8:4-6** [9]En þann sem um stundarsakir hefur englana þarnast sjáum vér að þar er Jesús fyrir píslan dauðans kórónaður með dýrð og heiðri upp á það að hann af Guðs náð fyrir alla dauðann smakkaði.

[10]Því að það sæmdi þeim hvers vegna allir eru og fyrir þann allir hlutir eru, sá mörg börn hefur til dýrðarinnar laðað, það hann höfðingjann þeirra sáluhjálpar fyrir píslina fullkominn gjörði. [11]Með því þeir koma allir út af einum, bæði sá sem helgar og þeir sem helgaðir verða. Fyrir því blygist hann ekki einnin þá bræður að kalla [12]og segir: „Kunngjöra mun eg nafn þitt mínum bræðrum og mitt í söfnuðinum þér lof syngja.“ **Sálmarnir 22:22** [13]Og enn aftur: „Upp á hann mun eg minn átrúnað setja.“ Og enn annað sinn: „Sjá þar, eg og þau börn sem Guð hefur mér gefið.“ **Sálmarnir 18:2, Esaias 8:17-18**

[14]Nú með því að börnin hafa til samans hold og blóð er hann einnin í sama máta þess hluttakari orðinn upp á það að hann magtina tæki fyrir dauðann frá þeim sem dauðans magt hafði, það er djöflinum, [15]og endurleysti þá sem fyrir ógn dauðans hlutu um alla ævi í prælkan að vera. **Esaias 42:7** [16]Því að eigi neins staðar tók hann að sér englana, heldur tók hann að sér það sæði Abrahams. [17]Hvaðan af hann hlaut fyrir alla hluti sínum bræðrum líkur að verða upp á það hann miskunnsamur yrði og trúlyndur biskup fyrir Guði til að forlíka fólksins syndir. [18]Því að í því sem hann hefur liðið og freistaður er þá kann hann þeim að hjálpa sem freistaðir verða.

3 Hvar af þér heilagir bræður, hverjir hluttakarar eruð þeirrar himneskrar kallanar, gefið gætur að þeim sendiboða og biskupi þann vér viðurkennum, Jesúm Christum, [2]sá trúr er þeim hver hann hefur fyrir settan (líka sem Moysen) í öllu sínu húsi. **1.Samuelis 12:6** [3]En þessi er meiri dýrðar verður en Moyses af því að sá hefur meiri heiðran af húsinu sem það smíðaði en húsið sjálft. [4]Því að sérhvert hús verður af einhverjum smíðað en sá alla hluti smíðar það er Guð. [5]Moyses var að sönnu trúr í öllu hans húsi so sem þjónustumaður til vitnisburðar þess sem sagt skal verða [6]en Kristur so sem son yfir sínu húsi, hvers hús að eru vér ef vér annars átrúnaðinum og hrósan vonarinnar allt til enda fastlega höldum.

[7]Hvar fyrir, so sem segir Heilagur Andi: „Í dag, ef það verður að þér heyrið hans rödd, [8]þá forherðið ei yðar hjörtu so sem í beiskuninni skeði á freistingardegi í eyðimörku [9]hvar að freistuðu mín yðrir feður. Þeir reyndu og sáu mín verk í fjörutigir ára. [10]Fyrir það varð eg reiður þessari kynslóð og sagði: Jafnlega eru þeir villir í hjarta og eigi þekktu þeir mína vegu. [11]Hverjum eg einnin sór í minni reiði að eigi skyldu þeir koma til minnar hvíldar.“ **Sálmarnir 95:7-11** [12]Sjáið til, kærir bræður, það eigi nokkur meðal yðar hafi vont vantrúað hjarta það frágangandi er Guði lifanda [13]heldur áminnið yður sjálfa alla daga so lengi sem það í dag kallast að þar enginn meðal yðar forherðist af svikræði syndarinnar.

[14]Því vér erum Christi hluttakarar vorðnir ef vér annars uppbyrjaðri trú allt til enda fastlega höldum. [15]So lengi sem sagt verður: „Í dag, ef það verður að þér heyrið hans rödd, þá forherðið ekki yðar hjörtu so sem í þeirri beiskuninni skeði.“ **Sálmarnir 95:7-8** [16]Því að sumir sem hana heyrðu forbeiskuðust. Þó eigi allir þeir eð útgengu af Egyptalandi fyrir Moysen. [17]En hverjum reiddist hann í fjörutígir ára? Er eigi so: Þeim sem syndguðust, hverra hræ að niður hrundu í eyðimörku. [18]En hverjum sór hann það þeir skyldu eigi koma til hans hvíldar nema þeim sem vantrúaðir voru? [19]Og vér sjáum það þeir hafa ekki kunnað inn að koma vantrúarinnar vegna.

4 Því látum oss hræðast það vér forsómum ekki það fyrirheit inn að koma til hans hvíldar og enginn vorra

eftir verði. [2]Því að það er oss einnin kunngjört svo sem hinum. En orðið prédikunarinnar hjálpaði hinum ekkert nær þeir trúðu ekki sem það heyrðu. [3]Því að vér hverjir trúum inn göngum í hvíldina so sem að hann segir: „Eg sór í minni reiði það eigi skyldu þeir til minnar hvíldar koma.“ **Sálmarnir 95:11**

Og að sönnu þá þau verkin í upphafi veraldarinnar gjörðust [4]sagði hann í nokkrum stað af hinum sjöunda degi líka so: „Og Guð hvíldist á sjöunda degi af öllum sínum verkum.“ **Genesis 2:2** [5]Og hér í þessum stað enn aftur: „Þeir skulu eigi koma til minnar hvíldar.“ **Sálmarnir 95:11**

[6]Með því að þar er enn fyrir höndum að nokkrir skuli inn til þeirrar sömu koma og þeir hverjum það í fyrstu kunngjört er eru þar ekki til komnir fyrir þeirra vantrúar sakir [7]þá ásetur hann enn aftur nokkurn dag eftir slíkan langan tíma og segir fyrir Davíð: „Í dag“ so sem að sagt er: „Í dag, ef þér heyrið hans rödd þá forherðið ekki yðar hjörtu.“ **Sálmarnir 95:7-8** [8]Því að ef Josue hefði þá til hvíldar leitt hefði hann aldreigi eftir það af nokkrum öðrum degi sagt. [9]Fyrir því er þar enn hvíld fyrir höndum fólki Guðs. [10]Því að hver til hans hvíldar er komin hann hvílist einnin af hans verkum so sem Guð af sínum.

[11]So látum oss nú kapp á leggja inn að koma til þessarar hvíldar upp á það að enginn falli í það sama eftirdæmi vantrúarinnar. [12]Því að Guðs orð er lifandi og kröftugt og hverju tvíeggjuðu sverði hvassara og gegnumsmýgur allt þar til það í sundur slítur sálina og andann, einnin brjóst og bein, og er dómari hugrenninganna og hjartans hugarlundar [13]og þar er engin skepna fyrir honum ósýnileg en allir hlutir eru nöktir og óhuldir fyrir hans augliti af hverjum vér tölum. [14]Með því vér höfum maktan biskup Jesúm Son Guðs hver til himins er farinn so látum oss halda fast þeirri viðurkenning. [15]Því að vér höfum eigi þann biskup sem ekki kann sampíning hafa með vorum breyskleika heldur sá sem freistaður er á allan hátt líka so sem að vér, þó án synda. [16]Fyrir því látum oss þar að ganga með hugarhreysti til þess náðarinnar stóls so að vér auðlumst miskunnsemi og náð finnum á þeim tíma nær vér þurfum fulltings við.

5 Því að hver biskup af mönnum tilkjörinn sá verður fyrir mennina settur í þeim hlutum sem að eru fyrir Guði upp á það hann fórnfæri gáfur og helgioffur fyrir syndirnar, [2]sá sem samharma kann þeim sem fávísir eru og villir fara með því hann er sjálfur umgefinn með breyskleika. [3]Fyrir það hlýtur hann jafnt líka sem fyrir fólkið einnin fyrir sig sjálfan að offra fyrir syndirnar. [4]Og enginn tekur sér sjálfum heiður til heldur hann sem kallaður verður af Guði, so sem Aaron.

[5]So hefur Kristur ekki einnin sig sjálfan innsett í heiðurinn það hann yrði biskup heldur sá sem til hans hefur sagt: „Þú ert minn Sonur, í dag ól eg þig.“ **Sálmarnir 2:7** [6]Sem hann einnin enn í öðrum stað segir: „Þú ert eilíflega kennimaður eftir skikkam Melkísedek.“ **Sálmarnir 110:4** [7]Og hann hefur á degi síns holds bænir og beiðni með öflugu kalli og tárföllum offrað til hans sem af dauðanum bjarga kunni og er einnin bænheyrður fyrir það hann vegsamaði Guð. [8]Og þótt hann væri Guðs Son hefur hann þó í því hann leið hlýðni lært. [9]Og þá hann fullkomnaður er er hann orðinn öllum, hverjir honum hlýðugir eru, tilefni eilífrar sáluhjálpar, [10]af Guði biskup kallaður eftir skikkan Melkísedek.

[11]Þar út af höfðu vér margt að segja. En það er þungt á meðan þér so skilningslausir eruð. [12]Og þér sem fyrir löngu skylduð meistarar vera þurfið nú

við aftur það vér lærum yður þann fyrsta bókstaf guðlegs orðs og það vér gefum yður mjólk og öngvan megnan mat. 13Því að hverjum vér hljótum mjólk að gefa, sá er óreyndur í orði réttlætisins því að hann er ungberni, 14en hinum fullkomnum heyrir megn matur sem af siðvana hafa iðkað sinni til frágreiningar góðs og ills.

6 Fyrir því vilju vér þann lærdóm af upphafi kristilegs lífernis nú fara láta og til algjörleiksins grípa, eigi aftur að nýju grundvöll leggjandi iðrunarinnar dauðra verka og trúarinnar á Guð, 2skírnarinnar, lærdómsins handa upplegginguninar, upprisunnar framliðinna, eilífs dóms. 3Og þetta vilju vér gjöra ef Guð leyfir.

4Því að það er ómögulegt að hinir sömu sem eitt sinn uppbirtir eru og smakkað hafa himneska gáfu og hluttakarar eru vorðnir Heilags Anda 5og smakkað hafa hið góða Guðs orð og kraft eftirkomanda veraldar 6og ef þeir af falla aftur að nýju og krossfesta á sjálfum sér son Guðs og fyrir skimp halda að þeir skyldu aftur endurnýjaðir verða til yfirbótar.

7Því að jörðin sem regnið drekkur það oftsinnis á hana kemur og hagkvæmilegt gras ber þeim sem hana yrkja meðtekur blessan af Guði. 8En hún sem þistla og þyrna ber hún dugir ekki og er bölvaninni nærst hver að síðustu uppbrennd verður. 9En vér treystum, elskulegir, nokkru betur til yðar það þér sáluhjálpinni nánari séuð þó að vér tölum so. 10Því að Guð er ekki ranglátur það hann gleymi yðvars gjörnings og kærleikans erfiðis sem þér auðsýnduð við hans nafn þá þér þjónuðuð heilögum og enn þjónið. 11En vér æskjum þess að hver einn yðvara auðsýni þá sömu kostgæfni í voninni fast að halda allt til enda 12að þér letjist eigi heldur séuð eftirfylgjarar þeirra sem fyrir trúna og þolinmæði fyrirheit erfa.

13Því líka sem Guð fyrirhét Abraham þá hann við öngvan annan stærra hafði að sverja sór hann við sjálfan sig 14og sagði: „Sannlega skal eg blessa og margfalda þig.“ **Genesis 22:16-17** 15Og með því hann bar þolinmóðlega biðlund öðlaðist hann fyrirheitið. 16Mennirnir sverja við enn æðra en þeir eru og sá eiður gjörir enda allrar sundurþykkju so að trútt blífur milli þeirra. 17En þá Guð vildi yfirgnæfanlega auðsýna erfingjum fyrirheitsins að sitt ráð er óumskiptilegt hefur hann þar til eið á lagt **Sálmarnir 105:9** 18upp á það vér hefðum fyrir tvær greinir þær óumskiptilegar eru (því það er ómögulegt að Guð ljúgi) öruggt traust, sem vér höfum flúið til og fastlega höldum þeirri fyrirsettri von hverja vér höfum 19sem annað fast og öruggt akkeri sálarinnar sú einnin inngengur í hið innra fortjaldsins 20þar eð fyrirrennarinn er fyrir oss inngenginn, Jesús, að eilífu biskup vorðinn eftir skikkan Melkísedek.

7 En þessi Melkísedek var konungur til Salem, kennimaður Guðs hins hæðsta, hver Abraham í móti gekk þann tíð hann kom frá orustu konunganna og blessaði hann, **Genesis 14:18-20** 2hverjum Abraham gaf tíund af öllu góssi. Í fyrstu útleggst hann „konungur réttlætisins“, eftir það einnin konungur Salem, það er „konungur friðarins“, 3utan föður, utan móður, án slektis, hafandi hverki upphaf daganna né endalok lífsins. Hann er og samjafnaður Syni Guðs og blífur kennimaður að eilífu.

4En gætið að hversu mikill að hann er hverjum Abraham, sá patríarki, gaf tíund af herfanginu. 5Og að sönnu synir Leví þann tíð þeir meðtaka kennimannskapinn hafa þeir boðorð til tíundina inn að taka af fólkinu (það er af þeirra bræðrum) eftir lögmálinu þó að þeir eru einnin sjálfir af Abrahams lendum komnir. 6En hann hvers ætterni eigi

nefnt verður meðal þeirra sá tók tíund af Abraham og blessaði þann sem fyrirheitið hafði. [7]En án alls mótmælis er það so að sá hinn minni verður af hinum æðra blessaður.

[8]Og hér taka tíund dauðlegir menn en þar burtu vottar hann það hann lifi. [9]Og þar eg segi so: Leví, sá er tíundina inntekur, er einnin tíundaður fyrir Abraham [10]þá þegar hann var í lendum föðursins, þann tíð Melkísedek gekk honum á móti. [11]Því ef að fullkomnan væri vorðin fyrir levítískan kennimannskap (því undir þeim hinum sama hefur lýðurinn lögmálið meðtekið) hvað væri þörf framar meir að segja að þar annar kennimaður skyldi koma eftir skikkan Melkísedek og eigi eftir skipan Arons? [12]Því hvar kennimannskapurinn umskiptist þar hlýtur einnin lögmálið um að skiptast. [13]Því þar slíkt er af sagt sá er af öðru slekti út af því sem enginn nokkurn tíma altarinu þjónað hefur. [14]Því það er þó opinbert að vor Drottinn er kominn frá Júda, til hvers slektis Moyses hefur ekkert tal af kennimannskapnum.

[15]Og so er það enn ljóslegar ef annar kennimaður upp kemur eftir líking Melkísedek [16]sá ekki er gjörður eftir lögmáli líkamlegs boðorðs heldur eftir krafti óendanlegs lífs. [17]Því hann vitnar: „Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkan Melkísedek.“ **Sálmarnir 110:4**
[18]Því þar fyrir aftekst hið fyrra lögmálsboðorð, með því það var veikt og ógagnsamt [19]því lögmálið kunni ekkert fullkomið að gjöra og innleiddist hin önnur betri von, fyrir hverja vér nálægjunst Guði.

[20]Og það hið mikla er ekki án eiðs. [21]Því að hinir eru án eiðs kennimenn vorðnir en þessi meður eiði fyrir þann sem til hans sagði: „Drottinn sór og það mun eigi iðra hann: Þú ert kennimaður að eilífu eftir skikkan Melkísedek.“ [22]Svo nærsta mikils betra testamentis tilsagnari er Jesús vorðinn.

[23]Og hinir eru margir sem kennimenn urðu fyrir það að dauðinn leyfði þeim eigi að blífa. [24]En þessi fyrir því hann eilíflega blífur hefur hann óforgengilegan kennimannskap. [25]Þar fyrir kann hann og einnin að hjálpa eilíflega þeim sem fyrir hann koma til Guðs og lifir ævnilega og biður fyrir þeim.

[26]Því að slíkan biskup sæmdi oss að hafa sá sem væri heilagur, saklaus, óflekkaður, syndugum fráskilinn og hærra en að himinn er, [27]hverjum daglega ei þörf gjörist so sem að hinum öðrum biskupum í fyrstu fyrir sínar eiginlegar syndir að fórnfæra, eftir það fyrir fólksins syndir. Því það gjörði hann einu sinni þá hann sjálfan sig fórnfærði. [28]Því þá menn sem lögmálið setur til presta þeir hafa breyskleik. En þetta eiðsins orð það eftir lögmálið er sagt setur soninn eilífan og fullkominn.

8 Það er nú upphæðin þess það vér afsegjum: Vér höfum þann biskup sem situr til hægri handar í tignarstólnum á himnum og heilagra auðæfa [2]og sannarlegrar tjaldbúðar handdverksmaður er hverja Guð hefur uppbyggt og eigi maðurinn. [3]Því að hver biskup verður tilsettur að offra gjafir og fórnir. Fyrir því hlýtur þessi einnin nokkuð að hafa það hann offri. [4]Og ef væri hann nú á jörðu þá væri hann nú ei prestur á meðan þar eru nokkrir sem eftir lögmálinu gjafir offra, [5]hverjir að þjóna þeirri fyrirmynd og skugga himneskra auðæfa so sem það guðlega andsvar til Moysen sagði þá hann tjaldbúðina fullkomna skyldi: „Sjá til“ sagði hann „að þú alla hluti gjörir eftir þeirri fyrirmynd sem þér er á fjallinu sýnd.“ **Exódus 25:40, 26:30**
[6]En nú hefur hann æðra embætti öðlast so sem hann annars miklu æðra testamentis meðalgöngumaður er, hvert einnin á æðra fyrirheiti stendur. [7]Því ef hitt fyrra hefði óstraffanlegt verið þá hefði ekkert rúm leitað verið hinu

öðru. 8Því að hann straffar það, so segjandi: „Sjáið, þeir dagar munu koma,
segir Drottinn, það eg mun yfir hús
Ísraels og yfir hús Júda setja nýtt testament, **Jeremias 31:31** 9eigi eftir því
testamento eg gjörði við feður þeirra á
þeim degi þá eg tók í þeirra hönd í
þann tíð eg útleidda þá af Egyptalandi.
Og með því þeir blifu ekki í mínu testamenti þá hefi eg þá úr minni líða látið,
segir Drottinn.
10Því að þetta er það testament það eg
nú mun setja húsi Ísraels eftir þessa
daga, segir Drottinn: Minn anda mun
eg gefa í þeirra hugskot og í þeirra
hjörtu mun eg þau skrifa og eg mun
þeirra Guð vera og þeir skulu mitt fólk
vera 11og eigi skal nokkur þurfa sinn
náunga að læra né sinn bróður og
segja: Viðurkenn þú Drottin. Því að þeir
skulu mig allir kenna, í frá hinum
minnsta til hins stærsta. 12Því að eg
mun líknsamur vera þeirra afgjörðum
og syndir þeirra og ranglæti vil eg ekki
í minni leggja.“ **Jeremias 31:31-34** 13Í
því sem hann sagði „hið nýja“ gjörði
hann það fyrra gamalt. En hvað gamalt
og aldrað er það er nærri sínum ævilokum. **Jeremias 31:31**

9 Hið fyrra hafði að sönnu sínar réttlætingar, dýrkanir og veraldlegan
heilagleik. 2Því að hinn fremri hlutur
tjaldbúðarinnar var uppgjörður í hverjum að var kertastikan, borðið og
skoðunarbrauðin, og þessi kallaðist
hinn heilagi. 3En á bak öðru fortjaldinu
var tjaldbúðin sú sem kallaðist hin allra
Heilagasta, 4hver ed hafði reykelsisgullkerið og testamentisörkina, alla vega
með gulli roðna, í hverri var gullfatan
sem himnabrauðið hafði og vöndinn
Aarons sem blómgast hafði og testamentisspjöldin, 5hvar upp yfir voru kerúbím dýrðarinnar, yfirskyggjandi
líknarsætið – af hverju nú er ekki neitt
sérlegt að segja.6Þá þetta var nú so tilbúið gengu kennimennirnir iðuglegana
í hið fremra tjaldbúðarhúsið og afluku
þar fórnarembættinu. 7En í hitt annað
inngekk einu sinni á árinu alleinasta
biskupinn, eigi án blóðs, hverju hann
offraði fyrir sínar eiginlegar og fólksins
syndir, 8þar hinn Heilagi Andi með
merkti að vegurinn til heilagleiksins
væri þá enn ei opinberaður á meðan
hið fremra tjaldbúðarhúsið stæði,
9hvert að hlaut í þann sama tíma fyrir
líking að vera, í hverju gjafir og fórnfæringar offraðar urðu, hvað þó eigi
kunni fullkomið að gjöra eftir samviskunni þann sem guðsþjónustuna framdi,
10alleinasta með mat og drykk og margvíslegar skíringar og holdsins réttlætingar sem allt til tíma betranarinnar
voru upp á lagðar.
11En Kristur er kominn það hann sé
biskup eftirkomanda auðæfa fyrir
stærri og algjörðari tjaldbúð þá sem
ekki er með höndum gjörð, þá sem ekki
er þeirrar sköpunar, 12ekki heldur fyri
hafrablóð né kálfa heldur er hann fyrir
sitt eigið blóð eitt sinn inn genginn í
hið heilaga og fann eilífa endurlausn.
13Því ef uxanna og hafranna blóð og
askan kvígunnar ádreifð helgar hina
saurugu til holdsins hreinsunar,
Leviticus 16:14 14hversu miklu framar
mun þá blóðið Christi, sem sjálfan sig
hefur án flekkunar fyrir heilagan anda
Guði offrað, hreinsa vorar samviskur af
dauðum verkum til að þjóna Guði lifanda.
15Og þar fyrir er hann einnin meðalgöngumaður hins nýja testamentis so
að fyrir þann dauða sem skeður er til
frelsunar út af þeim yfirtroðningum
(þær sem undir hinu fyrsta testamentinu voru) so að þeir meðtaki eilífa
arfleifð fyrirheitsins sem kallaðir voru.
16Því hvar ed testamentið er þá hlýtur
þar þess dauði að ske sem testamentið
gjörir. 17Því að testamentið verður staðfest fyrir dauðann elligar dugir það
ekki meðan hann nú lifir sem það hefur
gjört. 18Hvar fyrir hið fyrra var eigi án

blóðs til stiktað. [19]Því þann tíð Moyses hafði talað út af öllum boðorðum lögmálsins fyrir öllu fólkinu tók hann kálfa og hafra blóð með vatni og purpuraullu og isopo og stökkti á bókina og allt fólkið, [20]segjandi: „Þetta blóð er þess testamentis hvert Guð hefur boðið“ **Exódus 24:8** [21]og líka einnin tjaldbúðina og öll verkfæri guðsdýrkunar stökkti hann með blóðinu. [22]Og allir hlutir verða sem helst með blóði hreinsaðir eftir lögmálinu. Og án blóðsúthellingar sker engin fyrirgefning.

[23]So hlaut nú fyrirlíking himneskra hluta með slíku hreinsuð að verða. En hinir himneskir sjálfir hljóta betri fórnir að hafa en eð hinar voru. [24]Því að Kristur er eigi inn genginn í það hið heilaga sem með höndum er gjört, hvert að er samlíking hins réttferðuga, heldur í himininn sjálfan so hann auglýsist nú fyrir Guðs augliti fyrir oss, [25]ekki það hann fórni líka svo oft sem hinir aðrir biskupar þeir á hverju ári inngengu í hið heilaga með annarlegu blóði [26](annars hefði hann oftar hlotið að líða í frá veraldarupphafi) en nú í endalok veraldarinnar birtist hann eitt sinn fyrir sína eigi fórnfæring til burttöku syndarinnar.

[27]Líka so sem það mönnunum er tilskikkað einu sinni að deyja og eftir það er dómurinn, [28]so er Kristur einu sinni offraður til í burt að taka syndir margra en í annað sinn mun hann birtast utan synd öllum þeim sem hans vænta til sáluhjálpar.

10 Því að lögmálið hefur skuggann eftirkomandi auðæfa, ekki líkneskjuna sjálfra auðæfanna. Því að hvert ár hlaut að offrast hinar sömu offranir og kunni þó eigi þá sem offruðu fullkomna að gjöra. [2]Annars hefði offrið aflagst hefðu þeir öngva samvisku meir haft syndarinnar sem guðsdýrkunarmenn voru eitt sinn hreinsaðir. [3]Heldur sker fyrir það hugleiðing syndanna hvert ár. [4]Því að það er ómögulegt að fyrir uxa og hafra blóð syndir í burt að taka.

[5]Fyrir því sem hann kemur í veröldina segir hann: „Offran og fórnir vildir þú eigi en líkamann tilreiddir þú mér. [6]Brennifórnir og syndoffur þóknast þér ekki. [7]Þá sagða eg: „Sjá, eg kem (fyrst í bókinni er skrifað af mér) það eg skuli gjöra, Guð, þinn vilja.“ **Sálmarnir 40:-6-8, 1.Samuelis 15:22** [8]En þar fyrir sem hann sagði: „Offranir, fórnan, brennifórnir og syndoffur vildir þú eigi, þær þóknuðust þér ekki“ hverjar eftir lögmálinu offraðar verða, [9]þá sagði hann: „Sjá, eg kem að gjöra, Guð, þinn vilja.“ Þar af tekur hann hið fyrra so að hann innsetti hið annað. [10]Í hverjum vilja það vér erum helgaðir einu sinni skeðnum fyrir offran líkama Jesú Christi.

[11]Og hver einn kennimaður er tilsettur það hann alal daga guðsdýrkan ræki og oftlega samháttaðar offranir gjöri, hverjar aldrei kunna syndirnar af að taka. [12]En þessi fórnaði eina fórn fyrir syndirnar þá æfinlega dugir, situr nú til hægri handar Guðs [13]og eftirbíður héðan í frá þar til hans óvinir verða lagðir til skarar hans fóta. [14]Því að með einnri offran hefur hann að eilífu fullkomna gjört þá sem helgaðir verða. [15]En það vitnar oss einnin Heilagur Andi eftir því hann áður fyrri sagði:

[16]„Þetta er það testament sem eg mun þeim setja eftir þá daga, segir Drottinn: Mín lög mun eg gefa í þeirra hjörtu og í þeirra hugskotum mun eg þau skrifa [17]og þeirra syndir og ranglætingar vil eg ekki meir í minni leggja.“ **Jeremias 31:33-34** [18]Hvar þessi hin sama fyrirgefning er, þar er engin offran meiri fyrir syndirnar.

[19]Fyrst vér höfum nú, kærir bræður, þann tryggleik til inngöngu í hið heilaga fyrir blóðið Jesú, [20]í hverju hann tilreiddi oss nýjan og lifandi veg

fyrir fortjaldið, [21]hafandi so magtan kennimann yfir Guðs húsi, [22]því látum oss þar að ganga með sannarlegu hjarta, algjörsigleik trúarinnar, yfirdreifðir í vorum hjörtum og viðskildir vondri samvisku og þvegins líkama með hreinu vatni, [23]og látum oss fastlega halda viðurkenning vonarinnar og örvænta eigi því að hann er tryggur sá henni hefur fyrirheitið. [24]Og það vér stundum oss sjálfa innbyrðis með tíðkan kærleiksins og góðra verka [25]og ekki forláta vorn söfnuð so sem sumra er siður heldur að áminna hver annan. Og því miklu framar, so miklu sem þér sjáið daginn taka að nálægjast. [26]Því ef vér mótþróanlega syndir drýgum eftir það vér höfum meðtekið kynning sannleiksins þá höfum vér öngva offran þaðan í frá fyrir syndirnar [27]heldur hræðilegt eftirbíð dómsins og eldsins aga sem mótstandara svelgja mun. [28]Því hver hann brýtur Moyes lögmál sá hlýtur að deyja utan nokkra miskunnsemd fyrir tveggja eður þriggja vitnan. **Numeri 35:30, Mattheus 18:16** [29]Hversu miklu meiri píslir meini þér sá muni verðskulda sem Son Guðs með fótum treður og testamentisblóðið saurugt reiknar fyrir hvert að hann er helgaður og svívirðir so náðarinnar Anda? [30]Því að vér vitum þann sem segir: „Mín er hefndin, eg mun aftur gjalda, segir Drottinn.“ Og enn annað sinn: „Drottinn mun dæma sitt fólk.“ **Deuteronomium 32:35-36** [31]Hryggilegt er að falla í hendur lifanda Guðs.

[32]Leggið í minni þá hinu fyrri daga á hverjum þér uppbirtust þolandi einnin nokkurn deild sjálfir mikið áhlaup píslanna [33]fyrir svívirðan og hörmungar og að býsnum gjörðir og í sumri deild lagsmenn verið þeirra sem so hefur gengið. [34]Því að þér hafið sampínst mínum böndum og ræning yðvara auðæfa með fagnaði umliðið, vitandi yður að hafa með sjálfum yður aðra betri og blífanlegri fasta eign á himnum. [35]Látið ekki yðvart traust í burt sleppa, hvert að mikið verðkaup hefur. [36]En þolinmæði er yður nauðsynleg so að þér gjörið Guðs vilja og meðtakið fyrirheitið. [37]„Því að innan skamms mun koma sá eð koma skal og mun eigi seinka. [38]En réttlátur mun af trúnni lifa. En sá sig í hlé dregur á þeim mun sála mín hafa öngvan þóknan.“ **Esaias 26:20, Habakuk 2:3-4** [39]En vér erum ekki af þeim sem sig í hlé draga og fyrirdæmdir verða heldur þeir sem trúa og sálunni bjarga.

11 En trúan er öruggt traust þeirra hluta sem vér vonum og efum eigi hvað vér sjáum ekki. [2]Fyrir hana fengu þeir hinir gömlu vitnisburðinn. [3]Fyrir trúna undirstöndum vér heiminn gjörðan vera með Guðs orði og það hvað sýnilegt er út af hinu ósýnilego vorðið.

[4]Fyrir trúna hefur Abel Guði meiri offran gjört en Kain, fyrir hverja hann hefur vitnisburðinn fengið það hann réttlátur sé, þá Guð gaf vitnan af hans gjöfum. Og um þá sömu talar hann enn þótt hann sé látinn.

[5]Fyrir trúna varð Enok burt numinn að hann sæi eigi dauðann og varð eigi fundinn af því það Guð tók hann á burt. Því áður fyrri en hann var í burt numinn hefur hann vitnisburðinn haft það hann þóknaðist Guði. [6]En án trúarinnar er ómögulegt Guði að þóknast. Því hver hann vill koma til Guðs sá hlýtur að trúa það að hann sé og það hann muni endurgjaldari verða þeirra sem hans leita.

[7]Fyrir trúna hefur Nói vegsamað Guð og örkina fyrirbúið til hjálpræðis sínu húsi þá hann meðtók guðlegan bífalning um það hvað eigi var skeð, fyrir hvert hann veröldina fordæmdi og er erfingi vorðinn þess réttlætis sem fyrir trúna kemur. [8]Fyrir trúna varð Abraham hlýðinn þá hann kallaður

varð út að ganga á þá jörð sem hann erfa skyldi. Og hann gekk út og vissi eigi hvert út hann mundi koma.
9Fyrir trúna er hann framandi verinn á fyrirheitsjörðunni so sem á annarlegri og búið í tjaldbúð með Ísaak og Jakob, með erfingjum sama fyrirheitsins. 10Því að hann vonaði upp á þá borgina sem grundvöllinn hafði, hverrar uppbyggingarsmiður og skapari er Guð.
11Fyrir trúna meðtók hin óbyrja Sara kraft það hún varð frjófsöm og fæddi fram yfir tíma hennar aldurs. Því að hún hélt hann trúfastan sem henni hafði það til sagt.
12Fyrir hvað að margir eru upprunnir af einum, þó að dáins líkama væri, líka sem stjörnur himins og so sem sandur við sjávarströnd, hvað óteljanlegt er.
13Þessir allir eru í trúnni undir lok liðnir og hafa ekki fyrirheitið meðtekið heldur það af fjarska til séð og hafa þar á treyst og sér nægja látið og viðurkennt það þeir væri á jörðu gestir og framandi. 14Því að þeir sem þetta segja þeir gefa til að skilja það þeir annarrar föðurleifðar leiti. 15Og að sönnu, ef þeir hefðu meint hana af hverri þeir voru útfarnir hefði þeir nógan tíma til aftur að snúa. 16En nú girntust þeir aðra betri, það er himneska. Fyrir því óvirðist ekki Guð að nefnast þeirra Guð því að hann hefur þeim borg fyrirbúið.
17Fyrir trúna fórnfærði Abraham Ísaak þá hann varð freistaður og fram gaf hinn eingetna, þann sem hann hafði þó í fyrirheitinu meðtekið, 18út af hverjum að sagt var: „Í Ísaak skal þér þitt sæði kallað verða“, **Genesis 21:12** 19íhugandi það Guð kynni af dauða up að vekja, fyrir hvað hann einnin aftur fékk hann til fyrirlíkingar.
20Fyrir trúna blessaði Ísaak af því hvað eftirkomandi var Jakob og Esaú. 21Fyrir trúna blessaði Jakob þá hann deyði báða sonu Jósefs og gjörði lotning því fremsta á hans ríkissprota. 22Fyrir trúna talaði Jósef út af göngu Ísraelssona þá hann deyði og bífalning gjörði um sín bein.
23Fyrir trúna varð Moyses þá hann var fæddur í þrjá mánuði falin af sínum foreldrum fyrir því þau sáu það hann var ágætlegt barn og hræddunst ekki kóngsins bífalning.
24Fyrir trúna afneitaði Moyses þá hann gjörðist stór sig að vera dótturson pharaonis 25og kjöri miklu heldur með ur fólki Guðs ómak að þola en að hafa stundlegt eftirlæti syndarinnar 26og hélt vanvirðing Christi fyrir stærra ríkdóm en fésjóðu egypskra því að hann leit á verðlaunin.
27Fyrir trúna forlét hann Egyptaland og óttaðist ekki kóngsins grimmd. Því að hann hélt sig að þeim hvern hann sá ekki, líka so sem að hann sæi hann.
28Fyrir trúna hélt hann páskana og blóðsúthellingina upp á það að eigi snyrti þá sá sem frumburðina drap.
29Fyrir trúna gengu þeir í gegnum hafið rauða svo sem um þurrlendi, hvers einnin hinir egypsku freistuðu og drekktust. 30Fyrir trúna niðurhrundu múrveggir Hériko þá er þeir höfðu í sjö daga um kring hana gengið.
31Fyrir trúna varð Rahab, sú hórkona, ei fortöpuð meður vantrúuðum þá hún meðtók þá njósnarmenn vinsamlega.
32Og hvað skal eg meir segja? Tíminn verður mér of stuttur nær eg skylda framþylja af Gideon, Barak, Samson, Jephtahe, Davíð og Samúel og spámönnunum, 33hverjir eð hafa fyrir trúna kóngaríki yfirunnið, réttlætið verkað, fyrirheitið öðlast, leónamunnana tilbyrgt, 34eldsins magn útslökkt, sverðsins eggjar umflýð, kröftugir vorðnir úr breyskleikanum, öflgir gjörst í stríðinu, annarlegra herbúðum umvelt. 35Kvinnurnar hafa sína framliðna af upprisunni aftur fengið. En hinir aðrir eru lemstraðir og gabbaðir og hafa öngva frelsan meðtekið so að þeir öðluðust hina betri upprisuna.

[36]Sumir hafa háðung og húðstrokur liðið, þar ofan á bönd og fjötranir. [37]Þeir eru steinum grýttir, skammhöggnir, í gegnum stungnir, freistað ,fyrir sverði vegnir. Þeir eð um hafa farið í sauðafeldum og geitskinnum, með eymdum, með harmkvælum, með ómaki, [38]hverra heimurinn var eigi verðugur, hafa og villir gengið á eyðimörkum, á fjöllum, um fylsni og hella jarðarinnar.

[39]Þessir allir fengu vitnisburðinn fyrir trúna og hafa ekki meðtekið fyrirheitið [40]fyrir því það Guð hefur eitthvað betra áður til forna um oss fyrirhugað so að þeir fyrir utan oss yrði ekki fullkomnir gjörðir.

12 Fyrir því, á meðan vér höfum einnin slíka gnægð vottanna um kring oss þá látum oss afleggja syndirnar þær oss jafnan viðloða og þyngja og hlaupum fyrir þolinmæði til þeirrar orustu sem oss er tilskikkuð. [2]Og álítum Jesúm þess uppbyrjara og fullkomnara trúarinnar, hver eð þann tíð hann hefði vel mátt hafa fögnuð þoldi hann krossinn og virti forsmánina einkis og setti sig til hægri hliðar upp á Guðs stóli. [3]Minnist á þann sem þvílíkt mótmæli í gegn sér af syndurunum þoldi so að þér letjist ekki né veilist í hugskotunum. [4]Því að þér hafið enn ekki allt til blóðsins viðstaðið í stríðinu mót syndinni [5]og hafið þegar gleymt þess huggunar sem til yðar segir so sem til barnanna: „Son minn, virð eigi lítils tyftan Drottins og örvilnast ekki þótt þú verðir af honum straffaður [6]því að hvern eð Drottinn elskar þann agar hann en hvern þann son sem hann að sér tekur þann strýkir hann.“ **Orðskviðirnir 3:11-12, Job 5:17-18**

[7]Ef þér tyftunina þolið þá mun Guð tjá sig yður sem sonum. Því hver sonur er sá þann er faðirinn tyftar eigi? [8]En ef að þér eruð án tyftanar, hverrar hinir allir eru hluttakarar vorðnir, þá eru þér hjábörn en ekki synir. [9]Nú með því einnin vér höfum haft vora líkamlega feður til tyftunarmanna og þá hræðst, skyldum vér þá ekki miklu meir undirgefnir vera hinum andlega Föður so að vér lifðum? [10]Og hinir hafa sennilega fáeina daga oss agað eftir sínum geðþótta en þessi til nytsemdar so að vér öðlunst hans helgan. [11]En öll tyftan nær hún áliggur þá þykir oss hún engin gleði heldur hryggð vera. En eftir á mun hún gefa friðsamlegan ávöxt réttlætisins þeim sem þar fyrir iðkaðir eru.

[12]Fyrir því upphefjið aftur tregar hendur og hin þreyttu kné **Esaias 35:3** [13]og gjörið réttan gang með yðrum fótum svo að enginn afvega skeiki líka sem sá er haltrar heldur miklu framar verði heilbrigður. [14]Eftirfylgið friðinum við hvern mann og helguninni, án hverrar það enginn mun Drottin sjá. [15]Sjáið og so til það enginn forsómi Guðs náð so að það enginn beiskirót í staðinn uppspretti og hindran gjöri og það margir fyrir þá hinu sömu saurugir verði. [16]Og að þar sé enginn frillulífismaður eður óguðrækinn sem Esaú, sá sem að fyrir matar sakir seldi sinn frumburð. **Genesis 25:32** [17]Fyrir því þá vitið að hann þar eftir á, þá hann blessanina erfa vildi, er hann útskúfaður. Því að hann fann ekkert rúm iðranarinnar þótt hann hennar með grátandi tárum leitaði. **Genesis 27:38**

[18]Því að þér eruð eigi gengnir til þess fjalls sem áþreifanlegt er og með eldi brennur né til þoku eða myrkurs, til hreggviðris, **Exódus 20:18** [19]til lúðraþyts og til raddar orðanna og þeir hverjir hana heyrðu undantöldust það eigi yrði til þeirra orðið talað því að þeir kunnu eigi að standast hvað þar var sagt. [20]Og ef skógdýr snart fjallið þá skyldi það steinum grýtast eða með skeyti í hel skotið verða. **Exódus 19:12-13** [21]Og so ógurleg var sú sýn það Moyses sagði: „Eg em óttasleginn og felmsfullur.“ **Deuteronomium 9:19**

[22]Heldur eru þér gengnir til fjallsins Síon og til borgar Guðs lifanda, til himneskrar Jerúsalem og til margra þúsundir englaflokka [23]og til samkundu hins frumgetna, hver á himnum uppskrifaður er, og til Guðs allra dómara og til andanna algjörfilegra réttlátra [24]og til meðalgangara hins nýja testamentis Jesú og til blóðsins yfirdreifingar það betra hefur að segja en Abels.

[25]Sjáið til að þér undanteljist ekki þeim sem við yður talar. Því ef hinir eru ei umflýðir sem honum undantöldust þá hann á jörðu talaði, miklu miður þá vér ef vér undanteljunst þeim sem af himnum talar, [26]hvers rödd, þann tíma jörðina bifaði. En nú heitir hann fyrir og segir: „Enn eitt sinn mun eg hræra ei alleinasta jörðina heldur einnin himnana.“ **Haggeus 2:6** [27]En það hann segir „eitt sinn“ merk að það hið hræranlega skal umskiptilegt verða líka sem annað smíði so að það hvað óhræranlegt er stöðugt blífi. [28]Hvar fyrir á meðan vér meðtökum óhræranlegt ríki þá höfum vér náðina fyrir hverja vér skulum Guði þjóna honum til þóknunar með hræðslu og siðsemi.

[29]Því að vor Guð er eyðandi eldur. **Deuteronomium 4:24**

13 Verið stöðugir í bróðurlegum kærleika [2]og gestrisni forgleymið ekki því að fyrir hana hafa nokkrir (þeim óvitandi) englunum herbergi veitt. **Genesis 18:2** [3]Hugleiðið bandingjana líka sem aðrir sambandingjar og þá sem mótgöngu líða svo sem að þér séuð einnin limir þess sama líkama. [4]Hjúskapurinn skal heiðarlegur haldinn vera hjá öllum og hjónabandssængin óflekkuð. En frillulífismenn og hórunarmenn mun Guð dæma. [5]Framferðið sé án ágirni og látið yður það nægja sem í nánd er því að hann hefur sagt: „Eg vil eigi yfirgefa þig né hjá fara láta.“ **Deuteronomium 31:6,8, Jósúa 1:5** [6]So að vér megum traustlega segja: „Drottinn er minn hjálpari, eg mun eigi óttast hvað maðurinn mun mér gjöra.“ **Sálmarnir 118:6, Jeremias 1:8** [7]Þenkið á yðra lærifeður þeir eð Guðs orð hafa sagt yður hverra ævilokum þá að hyggið og eftirfylgið þeirra trú.

[8]Jesús Christus, gær og í dag og einnin sjálfur hinn sami að eilífu. [9]Látið því eigi afleiða yður með margvíslegum og framandi lærdómum. Því að það er ágætlegt so að hjartað sé staðfast hvað helst að sker fyrir náðina, eigi fyrir fæðsluna, hvar út af öngva nytsemd hafa þeir sem þar með vilja Guði þjóna. [10]Vér höfum það altari hvar af þeir sem tjaldbúðina rækja hafa ekkert vald til af að eta. [11]Því hverra dýra blóð sem innborðið verður af æðsta kennimanninum í hið heilaga fyrir syndirnar þeirra sömu hræ verða uppbrennd utan herbúðanna. **Leviticus 4:12, 6:30, Numeri 19:3** [12]Fyrir því hefur einnin Jesús upp á það hann helgaði það fólk fyrir sitt eigið blóð utan borgarhliðs liðið. [13]Því látum oss útganga til hans af herbúðum og bera hans vanvirðing. [14]Því að vér höfum öngvan blífanlegan stað heldur leitum vér hins tilkomanda.

[15]Því látum oss nú offra fyrir hann lofsins offur Guði alla tíma, það er ávöxt varanna, sem viðurkenna hans nafn. [16]Gott að gjöra og með að skipta þá forgleymið ekki því að slíkt offur þóknast Guði vel. [17]Hlýðið yðrum lærurum og fylgið þeim því að þeir vaka yfir yðrum sálum líka sem þeir eð reikningskap þar fyrir gefa skulu so að þeir gjöri það með gleði og eigi með andvarpan það það er yður ógagnsamlegt. [18]Biðjið fyrir oss.

Vort traust er það að vér höfum góða samvisku og kostgæfum oss til góða umgengni að hafa hjá öllum. [19]En eg meir en beiði yður þar til þvílíkt að gjöra upp á það eg kæmust hið allra fyrsta aftur til yðar. [20]En Guð friðarins,

sá sem út hefur leitt í frá dauðum hinn mikla hirðir sauðanna, fyrir blóðið hins eilífa testamentis, vorn Drottin Jesúm Christum, [21]hann gjöri yður skikkanlega í öllu góðu verki til að gjöra hans vilja og efli það með yður hvað fyrir honum þakknæmt er fyrir Jesúm Christum, hverjum að sé dýrð um aldur og að eilífu. Amen.

[22]Eg beiði yður, kærir bræður, haldið mér það áminningarorð til góða því að eg hefi fátt eitt skrifað yður. [23]Vitið það bróðir vor Tímóteus er laus aftur með hverjum, ef hann skjótlega kemur, mun eg sjá yður. [24]Heilsið öllum yðar lærurum og öllum heilögum. Yður heilsa bræðurnir af Vallandi. [25]Náðin sé með yður öllum.

A M E N.

Skrifaður úr Vallandi með Timotheo

S. JAKOBS PISTILL

1 Jakob, þjón Guðs og Drottins Jesú
Christi Þeim tólf kynkvíslum sem
sundurdreifðar eru segist kærleg
heilsan. [2]Bræður mínir, reiknið það fyr-
ir allan fögnuð nær þér í margvíslegar
freistanir í hrasið [3]og vitið það yðar trú,
ef hún er rétt, þá verkar hún þolinmæði
[4]en þolinmæðin mun staðföst blífa allt
til enda svo að þér séuð fullkomnir og
algjörðir og í öngu brest hafið.

[5]Og ef einhver yðar þarft við vísdóms
biðji hann af Guði sá er nóglega gefur
hverjum manni og útdrepur það öng-
um, svo og einnin mun honum það gef-
ast. **Orðskviðirnir 2:6** [6]En hann biðji í
trúnni og efi ekki. Því að sá sem efa-
blandinn er hann er líka sem sjávar-
bylgja sú er af vindi verður drifin og
uppvægð. [7]Þvílíkur maður þennki ekki
það hann muni af Drottni nokkuð öðl-
ast [8]því efablandinn maður er óstöðug-
ur í öllum sínum vegum. [9]En sá bróðir
sem sig lækkar hann hrósast í sinni
upphafning [10]og hann sem ríkur er
hann hrósast í sinni lítillæting. Því að
líka so sem blómstur grassins mun
hann forganga. **Sálmarnir 102:11**
[11]Sólin uppgengur með hita, þá skrælist
grasið og blómstrið fellur og þess fagra
álit fordjarfast. Líka so mun auðigur í
ríkidæmi sínu uppþorna.

[12]Sæll er sá maður sem freistingina
þolinmóðlega líður. Því þar með hann
verður reyndur mun hann öðlast lífsins
kórónu hverri Guð hefur fyrirheitið
þeim sem hann elska. [13]Enginn segi
nær hann freistast það hann af Guði
freisaður verði. Því að Guð er enginn
freistari til hins vonda og einskis freist-
ar hann [14]heldur freistast hver einn
nær hann tilteygist af sinni eiginni
girnd og lokkaður verður. [15]Og síðan
það girndin hefur getið fæðir hún
syndina en nær syndin er fullkomnuð
fæðir hún dauðann. [16]Villist eigi, kærir
bræður. [17]Öll góð gjöf og öll fullkomin
gjöf kemur að ofan frá Föðurnum
ljóssins í hjá hverjum er engin umskipt-
ing né býting ljóssins og myrkursins.
[18]Hann hefur oss getið eftir sinni vild
fyrir sannleiksins orð upp á það vér
værum frumburðir hans skepnu.

[19]Fyrir því, kærir bræður, sé hver
maður fljótur að heyra en tregur að tala
og til reiði tregur. [20]Því að mannsins
reiði gjörir það eigi hvað fyrir Guði
réttferðugt er.

[21]Þar fyrir afleggið allan óhreinleik og
illsku og meðtakið orðið með hógværi
það í yður er rótsett hvað er kann yðar
sálir hjálplegar að gjöra. [22]Verið og
einnin gjörendur orðsins en eigi allein-
asta tilheyrendur hvar þér sjálfa yður
með á tálar dragið. **Mattheus 7:21**
[23]Því ef einhver er orðsins tilheyrari og
enginn gjörari sá er líkur þeim manni
sem sína líkamlega ásjónu í spegli
skoðar. [24]Því eftir það hann hefur skoð-
að sig og jafnfljótt sem hann gengur
burt þaðan þá gleymir hann hvernin
hans yfirlitur var. [25]En hver í gegnum-
skoðar hið algjörða lögmál frelsisins og
staðnæmist þar inni og er enginn for-
gleymanlegur heyrari heldur gjörnings-
ins gjörari sá sami mun hjálplegur vera
í sínu verki.

[26]En ef einhver á meðal yðar lætur sér
þykja það hann þjóni Guði og temur
eigi sína tungu heldur forvillir sitt
hjarta, þess guðrækni er hégómi. [27]En
skær og óflekkuð guðrækni hjá Guði er
hún sem vitjar ekkna og föðurlausra í
þeirra hörmungum og sig óflekkaðan
af heiminum varðveitir.

2 Bræður mínir, þér skuluð eigi
meina það trúan á Jesúm Christum
vorn Drottin dýrðarinnar líði mann-
greinarálit. [2]Því þó að inngangi í yðra
samkundu maður berandi gullbaug og í
kostulegum klæðum en þar kæmi og
einnin einn fátækur í ljótum klæðnaði

[3]og þér sæuð á þann sem dýrlegan klæðnað bæri, segðuð til hans: „Sit þú hér í góðu sessi“ og til hins fátæka segðuð: „Statt þú þarna eða set þig hér á skör fóta minna“ [4]þá úrskurðið þér ekki rétt með sjálfum yður heldur verði þér dómarar vondra hugrenninga.

[5]Heyrið til, bræður mínir elskulegir. Hefur Guð ekki útvalið fátæka þessarar veraldar þá í trúnni ríkir eru og erfingjar ríkisins hverju hann hefur fyrirheitið þeim sem hann elska? [6]En þér hafið vanheiðrað hina fátæku. Eru hinir ríku eigi þeir sem með yfirgangi niðurþrykkja yður og þeir eð framdraga yður fyrir dómstóla? [7]Hæða þeir ekki það hið góða nafn sem þér eruð af kallaðir?

[8]Og ef þér fullkomnið það konunglega lögmál eftir ritningunum það elska skulir þú náunga þinn so sem sjálfan þig þá gjöri þér vel. [9]En ef þér hafið manngreinarálit þá drýgi þér synd og verðið ávítaðir af lögmálinu so sem yfirtroðslumenn. [10]Því þótt að einhver héldi allt lögmálið og brotlegur verður í einu þá er sá þegar alls þess sekur. **Matteus 5:19** [11]Því að hann sem sagt hefur: „Eigi skalt þú hór drýgja“ sá hefur einnin sagt: „Eigi skalt þú í hel slá.“ Þótt að þú drýgir nú engi hór en í hel slær þá ertu yfirtroðslumaður hins lögmálsins. **Exódus 20:13-14** [12]Líka so talið og so gjörið sem að þeir eð fyrir lögmál frelsisins dæmdir verða. [13]En þar mun ómiskunnsamur dómur yfir þann ganga sem öngva miskunnsemi hefur gjörða og miskunnin hún hrósar sér í móti dóminum.

[14]Hvað stoðar það, kærir bræður, þótt einhver segi hann hafi trúna og hefur eigi verkin? Getur trúan gjört hann hjálplegan? [15]En ef nokkur bróðir eða systur væri nakin og þörf hefði daglegrar næringar [16]og þó einhver yðar segi til þeirra: „Farið í friði, gjörið yður heitt og mettið yður“ en gefi þeim ekki hvað líkamans nauðþurft er, hvað hjálpaði þeim það? [17]So og líka trúan nær eð hún hefur engin verk þá er hún dauð í sjálfri sér.

[18]En þar mætti einhver segja: „Þú hefur trúna og eg hefi verkin.“ Sýn þú mér trú þína út af verkum þínum og eg mun sýna þér mína trú af mínum verkum. [19]Þú trúir að einn sé Guð. Það gjörir þú vel. Djöflarnir trúa einnin og eru þó óttaslegnir.

[20]En viltu vita, þú hégómamaður, það trúan án verkanna sé dauð. [21]Er eigi Abraham faðir vor af verkunum réttlátur vorðinn þá hann offraði syni sínum Ísaak yfir altarið? **Genesis 22:1-16** [22]Þar sér þú það trúan hefur samverkað hans gjörðum og út af verkunum er trúan fullkomleg orðin. [23]Og Ritningin er uppfylld sem að segir: „Abraham trúði Guði og það er honum talið til réttlætis“ og er Guðs vin kallaður. **Genesis 15:16** [24]So sjái þér nú það maðurinn er af verkunum réttlátur og eigi alleinasta út af trúnni. [25]So og einnin portkonan Rahab. Er hún ekki af verkunum réttlát orðin þá hún meðtók sendiboðana og lét þá um annan veg fara? **Jósúa 2:1** [26]Því að líka sem líkaminn er án andans dauður so er og einnin trúan án verkanna dauð.

3 Hirðið eigi, bræður mínir, fleiri lærimeistarar að vera en vitið það vér munum þess meiri dóm fá. [2]Því að allir vér brjótum margfaldlega. En hver hann verður eigi brotlegur í einu orði sá er algjörður maður og kann öllum líkamanum í taumi að halda. [3]Sjáið, það vér beislum hestana so að þeir hlýði oss og snúum öllum þeirra líkama. [4]Sjáið skipin: Þó að þau séu stór og verða af megnum vindi rekin þá verður þeim þó vent af litlu stýri hvert út sem sá vill er stýrir. [5]So er einnin tungan lítill limur og uppbyrjar þó stóra hluti. Sjáið hvernin so lítill eldur hversu mikinn skóg kann hann upp að tendra! [6]Tungan er einnin eldur, veröld full ranglætis. So er tungan meðal vorra

lima, flekkar allan líkamann og uppkveikir alla vora sýslan nær hún af helvískum upptendruð er. [7]Því að allar náttúrur dýra, fugla og orma og sjóskrímslanna verða tamdar og eru tamdir af mannlegri náttúru. [8]En tunguna getur enginn manna tamið, hið óspakláta illt, fullt dauðlegs eiturs. [9]Meður henni dýrkum vér Guð Föður og með henni formælum vér mönnunum eftir Guðs mynd gjörðum. [10]Af hinum sama munni framgengur blessan og bölvan. Það skal eigi so vera, kærir bræður. [11]Útvellir nokkuð brunnurinn af samri upprás sætu og beisku vatni? [12]Getur nokkur, bræður mínir, fíkjutré viðsmjör eður vínviður fíkjur borið? Líka so kann ekki hinn sami brunnur salt vatn og sætt að gefa.

[13]Hver hann er vitur og forsóttur á meðal yðar hann auðsýni með góðri umgengni sín verk í hógværð og hyggindum. [14]En ef hafi þér beiska öfund og hatur í yðrum hjörtum so hrósið yður ekki og ljúgið ekki í gegn sannleikanum. [15]Því að það er ekki sú viska sem að ofan kemur heldur jarðleg, líkamleg og djöfulleg. [16]Því hvar öfund og hatur er þar er óstaðfesti og allir hlutir illir. [17]En sú viska sem að ofan kemur er fyrst hreinlíf, þarnæst friðsöm, hóglát, málhlýðin, góðu samlunduð, full miskunnsemda og góðs ávaxtar og óágreiningarsöm, án smjaðurs. [18]En réttlætisins ávöxtur verður þeim í friði sáður sem friðinn halda.

4 Hvaðan koma stríð og baráttur á meðal yðar? Koma þær eigi af yðar girndum sem stríða í yðrum limum? [2]Þér eruð ágjarnir og auðlist þar með ekkert. Þér hatið og öfundið og vinnið þar með ekkert. Þér sláist og berjist og hafið ekki því þér biðjið ekki. Þér biðjið og öðlist ekki [3]af því þér biðjið vondslega svo að þér sóið því í yðru munaðarlífi. [4]Þér hórunarmenn og hórdómskonur, viti þér ekki það veraldarinnar vinfengi er Guðs óvinskapur? Hver veraldarvinur vill vera sá mun Guðs óvin verða. [5]Eða meini þér það ritningin segi til ónýtis: „Andann þann sem í yður byggir hann lystir í gegn öfundinni og gefur náðina meiri.“

[6]Þar fyrir segir hann: „Guð mótstendur dramblátum en lítillátum gefur hann náð.“ [7]Því verið Guði undirgefnir. Standið í mót djöflinum, so flýr hann frá yður. [8]Nálægið yður að Guði, so nálægir hann sig til yðar. Hreinsið yðar hendur, þér syndugir, og hreinferðug gjörið yðar hjörtu, þér efunarsamir. [9]Verið vesallegir, sýtið og harmið, því yðar hlátur skal umsnúast í grát og yðar gleði í hryggð. [10]Lækkið yður fyrir Guði, þá mun hann upphefja yður. [11]Bakbítið ekki hver annan, kærir bræður, því hver hann bakmælir bróður sínum og dæmir um hann sá bakmælir lögmálinu og dæmir um lögmálið. En dæmir þú um lögmálið þá ert þú ekki gjörningsmaður lögmálsins heldur dómari. [12]Því einn er sá lögmálsgjafari og dómari sem að frelsa kann og fordæma. En hver ert þú sem um náunga þinn dæmir?

[13]Sjáið nú til, þér sem segið: „Í dag elligar á morgun munum vér ganga í þessa eður þá borg og viljum þar árið um dveljast og kaupstað fremja og ávinning gjöra.“ [14]Þér sem þó eigi vitið hvað á morgun ske mun.

Því hvað er yðart líf? Ryk er það sem litla stund varir en síðan hjaðnar það. [15]Þar fyrir skulu þér segja: „Ef að vér lifum og ef Guð vill þá viljum vér þetta eður það gjöra.“ [16]En nú hrósi þér yður í yðvari drambsemi. Öll svoddan metnan er vond. [17]Því að hann sem kann nokkuð gott að gjöra og gjörir það ekki, þeim er það synd.

5 Nú vel, þér auðigir, ýlið og æpið yfir yðar vesöldum þeim yfir yður skulu koma. [2]Yðvar ríkidæmi eru úlnuð og klæði yðar eru mölétin, [3]gull yðart

og silfur er forryðgað og þeirra ryð mun yður til vitnisburðar vera og mun tæra yðru holdi sem eldur. Þér hafið yður sjóðum safnað á síðustu dögum. [4]Sjáið, að launin verkmannanna þeirra sem yðar akurlönd hafa upp yrkt og hvað þér hafið þá um svikið þau hrópa og það þeirra hróp er komið til eyrna Drottins Sebaót. [5]Þér hafið kræsilega lifað á jörðu og yðar lostasemdir drýgt og kappalið yðar hjörtu svo sem til slátrunardags. [6]Hinn réttláta hafi þér fordæmt og í hel slegið og hann hefur eigi mótstaðið yður.

[7]Fyrir því verið þolinmóðir, kærir bræður, allt upp á tilkomu Drottins. Sjáið, það akurkallinn væntir ágætlegs ávaxtar jarðarinnar, það þolinmóðlega umlíðandi þar til hann fær morgunregn og kveldskúra. [8]Veri þér einnin þolinmóðir og styrkið yðar hjörtu því að tilkoma Drottins er í nánd. [9]Mótblásið ekki hver annan, kærir bræður, svo að þér fordæmist eigi. Sjáið, að dómarinn er fyrir dyrum. [10]Takið, mínir kærir bræður, til eftirdæmis mótgöngunnar og þolinmæðinnar spámennina þeir til yðar hafa talað í nafni Drottins. [11]Sjáið, vér prísum þá sem liðið hafa. Þolinmæði Jobs hafi þér heyrt og ending Drottins hafi þér séð því að Drottinn er miskunnsamur og líknari.

[12]En fram um alla hluti, bræður mínir, þá sverjið hverki við himin né við jörð né nokkurn annan eið. En yðar orð sé já það já er og nei það nei er so að þér fallið ekki í hræsni. **Leviticus 19:12, Mattheus 5:37** [13]Hryggist nokkur meðal yðar, sá biðji. En hver í góðu geði er, sá syngi sálma. [14]En hvert sjúkur er, sá kalli til sín öldungana safnaðarins og láti biðja yfir sér og sig viðsmjöri smyrja í nafni Drottins [15]og bænin trúarinnar mun frelsa hinn sjúka og Drottinn mun viðrétta hann og þó hann hafi syndir gjört munu þær hönum fyrirgefast.

[16]Játi hver öðrum sínar yfirsjónir og biðjið hver fyrir öðrum það þér heilbrigðir verðið. Því að iðugleg réttferðugs bæn má mikið. [17]Elías var maður líka svo sem vér og hann bað bænar að það skyldi eigi rigna og það rigndi ei yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði. **1.Bók Kónganna 17:1** [18]Í annað sinn bað hann aftur og himninninn gaf regn og jörðin bar sinn ávöxt. **1.Bók Kónganna 18:42-44**

[19]Kærir bræður, ef að nokkur meðal yðar villist frá sannleikanum og einhver umsnýr honum [20]sá skal vita það að hver er syndaranum umsnýr í frá villu hans vegar hefur frelsað sál frá dauða og mun niðri byrgja fjöldann syndanna.

HINN FYRRI
S. PÉTURS PISTILL

1 Pétur, postuli Jesú Christi, þeim útvöldum útlendingum og í
sundurtvístruðum í Ponto, Galatia,
Capadocia, Asia, Bythinia, [2]eftir Guðs
föðurs fyrirhyggju fyrir huggun and-
ans til hlýðni og til ádreifningar
blóðsins Jesú Christi: **Exódus 24:8**
Náð og friður margfaldist yður.
[3]Blessaður sé Guð og Faðir vors
Drottins Jesú Christi, sá oss hefur eft-
ir sinni mikilli miskunnsemd endur-
getið til lifandi vonar fyrir upprisu
Jesú Christi frá dauðum, [4]til
ófallvaltrar, óflekkaðrar og óumskipt-
ilegrar arfleifðar sem varðveitist á
himnum yður, [5]þér sem af Guðs magt
fyrir trúna varðveittir verðið til sálu-
hjálpar þeirrar sem tilreidd er það
hún opinber verði á síðustu tímum, [6]í
hverri þér munuð gleðjast, þér sem
nú litla stund (hvað að byrjar)
hryggvir eruð í margvíslegum
freistingum [7]upp á það að yðvar trú
réttileg og dýrmætari fundin yrði (en
það hið forgengilega gull sem í eldi
reynt verður) til lofs, dýrðar og
heiðurs nær eð nú Jesús Christus
mun opinberast, **Sacharias 13:9**
[8]þann þér sáuð ekki og þó elskið og
nú á hann trúið þó að þér sjáið hann
eigi. So munu þér og einnin gleðjast
með óumræðanlegri og dýrðarsam-
legri gleði [9]og endalok yðvar trúar
þar af berandi sem er hjálpræði
yðvara sálna.
[10]Eftir hverri sáluhjálp hafa leitað og
grennslast spámennirnir sem upp á
yður af þeirri tilkomandi náð hafa
fyrirspáð. [11]Og rannsakið á hverjum
eður hvílíkum tíma Andinn Christi, sé
sem þeim var, tilteiknandi og áður
fyrirfram hefur kunngjört þær píslan-
ir sem að í Christo eru og eftirkom-
andi dýrð, hverjum það opinberað er.
[12]Því að eigi hafa þeir sjálfum sér
heldur oss þar inni þjónað hvað yður
er nú kunngjört fyrir þá sem yður
hafa guðsspjöllin boðað fyrir
Heilagan Anda af himnum sendan, á
hvern einnin englarnir fýsast að
horfa. [13]Þar fyrir gyrðið yðar hug-
skotslendar. Verið sparneytnir og
setjið algjörlega yðra von upp á þá
náð sem yður er boðuð fyrir opinber-
an Jesú Christi, [14]svo sem hlýðugum
börnum. Og hagið yður ekki líka sem
áður fyrri þá þér í heimsku yðvar eftir
girndunum lifðuð [15]heldur eftir þeim
sem yður hefur kallað og heilagur er.
So veri þér og einnin heilagir í öllu
yðar dagfari [16]því að skrifað er: „Vera
skulu þér heilagir því eg em heilag-
ur.“ **Leviticus 11:44, 19:2, 20:7**
[17]Og með því þér ákallið þann Föður-
inn sem án manngreinarálits dæmir,
eftir hvers sem eins verknaði, því
hagi yðru dagfari so lengi sem þér
gangið með óttablendni **Deuter-**
onomium 10:17 [18]og vitið að þér
eruð eigi með forgengilegu gulli eður
silfri endurleystir í frá yðru hégóma-
athæfi eftir feðranna uppsetningi
[19]heldur með dýrmætu blóði Christi,
so sem hins óflekkaða og saklausa
lambs, [20]hver fyrirhugaður er fyrir
veraldarinnar grundvallan en opin-
beraður á síðustum tímum yðar
vegna, [21]þér sem fyrir hann trúið á
Guð, hver að hann upp vakti af dauð-
um og honum dýrðina gaf upp á það
að yðvar trú og von væri á Guð.
[22]Og gjörið yðrar sálir hreinferðugar
í hlýðni sannleiksins fyrir Andann til
flekklauss bróðurlegs kærleika án
smjaðranar. Og yður innbyrðis
glóandi elskið af hreinu hjarta [23]so
sem þeir hverjir endurbornir eru, eigi
af forgengilegu heldur út af ófor-

gengilegu sæði, sem er út af orði Guðs lifanda það ævinlega blífur. 24„Því að allt hold er sem gras og öll dýrð mannsins so sem blómstur grassins. Grasið er uppþornað og þess blómstur er af fallið. 25En orð Drottins blífur að eilífu.“ En þetta er það orð hvert á meðal yðar Guðspjallið kunngjört er. **Esaias 40:6-8, 51:12**

2 Því leggið nú af alla illsku og allt svikræði og smjaður og öfund og alla bakmælgi 2og girnist þeirrar skynsamlegrar og hreinnrar mjólkur, svo sem nýfædd börn, upp á það að þér þróist fyrir þá sömu. 3Ef þér hafið annars smakkað hvað Drottinn er ljúfur, 4til hvers þér eruð komnir, so sem til lifanda steins, hver af mönnum er burtkastaður en hjá Guði er útvalinn og dýrmætur. 5Og að þér einnin uppbyggið yður sem lifandi steina til andlegs hús og til heilags prestdæmis til að offra andlegar offranir þær Guði þakknæmar eru fyrir Jesúm Christum.

6Þar fyrir inniheldur svo Ritningin: „Sjáið, eg legg í Síon útvaldan dýrmætan hyrningarstein. Og hver á hann trúir sá skal ekki að hneykslan verða.“ **Sálmarnir 118:22, Esaias 28:16, Mattheus 21:42** 7Yður, þér sem trúið, er hann dýrmætur en hinum vantrúuðum er hann sá steinn sem uppbyggendur í burt fleygðu og að höfði hyrningar **Sálmarnir 118:22** 8er vorðinn og að ásteytingarsteini og hneykslunarhellu, þeim sem reka sig á orðið og þar eigi á trúa, hvar þeir eru uppsettir. **Esaias 8:14** 9En þér eruð það útvalda slekti og konunglegur kennimannskapur, hin heilaga þjóð, fólk eigindómsins, so að þér skuluð kunngjöra dyggðir hans sem yður hefur kallað af myrkrunum til síns dásamlega ljóss. **Exódus 19:5-6** 10Þér sem forðum daga ekkert fólk voruð en nú eruð Guðs fólk og hverjir forðum ekki í náðinni voruð en nú í náðinni eruð. **Hoseas 2:23**

11Kærir bræður, eg beiði yður líka sem framandi og vegfarendur að þér haldið yður af holdlegum girndum hverjar í gegn sálunni stríða. 12Og hafið góða umgengni meðal heiðinna þjóða so að þeir sem um yður á bak tala svo sem af illgjörðurum sjái yðar góðverk og dýrki Guð á vitjunardegi.

13Verið undirgefnir allri mannlegri tilskikkan fyrir Drottins sakir, sé það konunginum so sem hinum ypparsta 14og landstjórnaranum so sem af honum skikkuðum til hefndar yfir illvirkjana og góðum til lofs. 15Því að það er vilji Guðs að þér með velgjörningi niðurþaggið óviturleik heimskra manna 16so sem frelsingjar og ekki so sem hefðu þér frelsið illskunni til yfirhylmingar heldur so sem Guðs þjónustumenn. 17Gjörið virðing hverjum manni. Bræðurna elskið. Óttist Guð. Konunginn heiðrið.

18Þér þjónustumenn, verið herrunum undirgefnir með allri óttasemi, eigi alleinasta góðum og spakferðugum heldur einnin hrekkvísum. 19Því það er náð ef nokkur fyrir samviskunnar sakir til Guðs þolir hið illa og líður hið órétta. 20Því hver hrósan er það ef þér fyrir misgjörða sakir slög líðið? En nær þér umlíðið og þolið fyrir velgjörða sakir, það er náð hjá Guði.

21Því þar til eru þér kallaðir með því að Kristur hefur einnin sjálfur liðið fyrir oss og oss til eftirdæmis látið að þér skylduð so eftirfylgja hans fótsporum 22„hver öngva synd gjörði, eigi heldur nein flærð er fundin í hans munni,“ **Esaias 53:9** 23sá ekki formælti í gegn þá honum varð formælt, eigi ógnandi þá hann leið, en hann ofurgaf það honum sem rétt dæmir. 24Sá er sjálfur hefur vorar syndir offrað á sínum líkama upp á trénu so að vér í frá syndunum

deyddir lifðum réttlætinu, fyrir hvers benjar vér erum heilbrigðir vorðnir. **Esaias 53:5** [25]Því að þér voruð so sem villuráfandi sauðir en nú eru þér umvendir til Hirðirs og Biskups yðvara sálna. **Sálmarnir 23:1**

3 Líka einnin skulu konunar vera undirgefnar sínum mönnum svo að einnin þeir sem ekki trúa á orðið verði fyrir konunnar umgengni utan orð yfirunnir [2]nær eð þeir sjá yðart hreinlíft siðferði í óttasemi. [3]Hver skartsemi eigi skal vera hin ytri meður hárfléttan og gulli umhengjanda eður klæðaburði [4]heldur sé sá huldi maður hjartans óspjallaður með hógværum og kyrrlátum anda. Það er dýrmætt fyrir Guðs augliti. [5]Því að so hafa forðum heilagar konur prýtt sig, þær sem á Guð vonuðu og undirgefnar voru sínum eiginmönnum. [6]Líka sem að Sara var Abraham hlýðug og kallaði hann herra, hverra dætur þér eruð vorðnar ef þér velgjörið og eruð eigi so staðlitlar.

[7]Líka einnin þér mennirnir, búið við þær meður skynsemi og gefið því kvenlega breyskvara kerinu sína heiðran so sem einnin samerfingjum náðarinnar lífsins so að yðart bænahald verði eigi hindrað.

[8]En að ályktan þá verið allir einhugaðir, samþolugir, bróðurlegir, miskunnsamir, ljúfir. [9]Endurgjaldið ekki illt með illu, engin skammarorð fyrir skammaryrði heldur þar í gegn blessið. Og vitið að þér eruð þar til kallaðir það þér blessunina að erfð eignist. [10]„Því hver hann vill lifa og sjá góða daga sá stilli sína tungu af vondu og sínar varir að þær eigi flærð tali. [11]Hann hneigi sig í frá illu og gjöri hið góða, leiti friðarins og honum eftirfylgi. [12]Því að augu Drottins eru yfir réttlátum og hans eyru til þeirra bæna en auglit Drottins er yfir þeim sem illa gjöra.“ **Sálmarnir 34:12-16, 33:18**[13]Hver er sá yður geti grandað ef þér eftirfylgið hinu góða? [14]Og þótt að þér líðið fyrir réttlætisins sakir þá eru þér þó sælir. Hræðist eigi þeirra ógnan og skelfist ekki. **Esaias 8:12-13, Mattheus 5:10** [15]En helgið Guð Drottin í yðar hjörtum. Verið jafnlega reiðubúnir andsvar að gefa hverjum manni þeim sem skjals krefja af þeirri von sem í yður er og það þó með hógværi og óttablendni, [16]hafandi góða samvisku, so að þeir hverjir af yður á bak tala so sem af illgjörðurum til skammar verði það þeir hafa lasta yðra góða umgengni í Christo.

[17]Því það er betra, fyrst það er Guðs vilji, að þér heldur fyrir velgjörðina sakir líðið en fyrir vondra verka sakir. [18]Af því að Kristur hefur og eitt sinn fyrir vorar syndir liðið, hinn réttláti fyrir rangláta, upp á það hann fórnfærði oss Guði og er deyddur eftir holdinu en lifandi gjörður eftir Andanum.

[19]Í því hinu sama er hann einnin í burt genginn og hefur þeim öndunum prédikað sem í herfjötrunum voru, [20]hverjir forðum daga eigi trúðu, þann tíð Guð eitt sinn eftirbeið og þolinmæði hafði á dögum Nóa nær örkin smíðaðist, í hverri fáir, það er átta sálir, hjálpuðust fyrir vatnið, [21]hvert að nú einnin oss hjálplega gjörir í skírninni, hver fyrir hitt er tilmynduð, ei að holdsins saurleiki afleggist heldur trúlofan góðrar samvisku hjá Guði fyrir upprisu Jesú Christi, [22]sá sem að er í himininn uppfarinn til Guðs hægri handar og englarnir og hinir voldugu og kraftarnir eru honum undirgefnir.

4 Með því það Christus hefur nú fyrir oss liðið í holdinu þá brynjið yður einnin með því sama hugarfari. Því hver á holdinu líður sá firrist frá syndinni [2]so að hann þaðan í frá, hvað eftirfaranda ævi er í holdinu, lifi

eigi girndum mannsins heldur vilja Guðs. 3Því að það nægir að vér höfum þeim umliðna tíma lífdaganna uppsvarblað eftir heiðinglegum vilja þá vér gengum í lausung, lostasemdum, drykkjuskap, ofáti og ofdrykkjum og í herfilegum skúrgoðadýrkunum.

4Hvað eð þá undrar það þér eigi meður þeim hlaupið í þeirri samri saurlifnaðarhneisu og guðlastið, 5hverjir reikninskap skulu gjalda honum sem reiðubúinn er að dæma lifendur og dauða. 6Því að fyrir það er einnin hinum dauðum evangelium kunngjört upp á það þeir dæmdir verði eftir mönnunum á holdinu en í andanum lifi Guði. 7Því að endir allra hluta tekur að nálgast. Fyrir því verið sparneytnir og árvakrir til bænanna. 8En umfram alla hluti hafið innbyrðis glóandi kærleik því að kærleikurinn hylur fjölda syndanna. **Orðskviðirnir 10:12** 9Verið gestrisnir innbyrðis án möglunar. 10Og þjóni hver öðrum, hver einn með þeirri gjöf sem hann hefur öðlast, so sem góðir forstjórnarmenn margvíslegrar Guðs náðar. 11Ef nokkur talar, tali hann það so sem Guðs orð. Og ef þjónar nokkur, hann þjóni eftir þeirri orku sem Guð gefur. So að í öllum hlutum verði Guð dýrkaður fyrir Jesúm Christum, hverjum sé dýrð og vald um aldir og að eilífu.

12Hinir kærustu, eigi skulu þér láta þann bruna undra yður hver yður hendir nær þér freistaðir verðið so sem að henti yður nokkuð fáheyrt 13heldur gleðjið yður það þér með Christo líðið, upp á það þér einnin á opinberunartíma hans dýrðar mættuð gleðjast og fagna. 14Sælir eru þér ef þér vanvirtir verðið yfir nafni Christi því að andinn sá sem að er andi Guðs og dýrðarinnar hvílist yfir yður. Hjá hinum verður hann lastaður en í hjá yður vegsamaður. **Mattheus 5:11**

15En enginn yðar líði svo sem manndrápari, þjófur eða illvirki eða þann sem í annarlegt embætti fellur. 16En ef hann líður so sem annar Kristinn þá skammist hann sín eigi en dýrki Guð í slíku tilfelli. 17Af því að tími er það dómurinn tiltaki á Guðs húsi. En ef fyrst á oss, hver mun þá endir verða þeirra sem Guðs evangelio ekki trúa? 18„Og ef hinn réttláti frelsast varla hvar mun þá hin ómildi og syndugi birtast?“ **Orðskviðirnir 11:31** 19Þar fyrir skulu þeir sem líða (eftir Guðs vilja) honum sínar sálir á hendur fela, svo sem trúlyndum Skapara, í góðum verkum.

5 Öldungana sem á meðal yðar eru áminni eg, samöldungur og vottur píslanna sem eru í Christo og hluttakari dýrðarinnar sem opinberuð skal verða: 2Alið þá hjörð Christi sem yður er á hendi falin og gætið hennar, eigi nauðugir heldur sjálviljugir, eigi fyrir slæmslegs ávinnings sakir heldur af góðum vilja, 3eigi so sem þeir eð yfir mönnunum drottna heldur verðið fyrirmynd hjarðarinnar. 4So munu þér, nær hinn æðsti Hirðir mun birtast, ófallvalta kórónu dýrðarinnar meðtaka.

5Líka einnin þér, hverjir ungir eruð, verið öldungunum undirgefnir. Allir saman verið innbyrðis undirgefnir og hafið lítillætið fastlega innvafið. Því að Guð mótstendur dramblátum en lítillátum gefur hann náð. **Orðskviðirnir 3:34** 6Fyrir því lítillætið yður undir volduga Guðs hönd svo að hann upphefji yður á vitjunartíma. 7Allri yðar áhyggju varpið á hann því að hann ber umhyggju fyrir yður. **Sálmarnir 55:22, Mattheus 6:25**

8Verið sparneytnir og vakið því að yðar mótstandari, djöfullinn, gengur um kring sem grenjandi león, eftirleitandi þeim hann svelgi, **Job 1:7, Lucas 22:31** 9hverjum þér örugglega í

mótstandið í trúnni. Og vitið það yðrir bræður þeir sem í heiminum eru hafa þá sömu ánauð.
[10]En sá Guð allrar náðar sem oss hefur kallað til sinnar eilífrar dýrðar í Christo Jesú, hann sami mun yður, þér sem um litla stund líðið, fullgjöra, tilreiða, styrkja, efla og staðfesta. [11]Þeim hinum sama sé dýrð og veldi um aldur og að eilífu. Amen.

[12]Fyrir Silvanum, yðar trúan kæran bróður (að því eg meina), hefi eg fátteina skrifað yður til til áminningar og til vottunar að þetta er hin sanna Guðs náð þar þér inni standið. [13]Yður heilsa þeir sem samt yður útvaldir eru í Babilonia og minn sonur Markús. [14]Heilsið yður innbyrðis með heilögum kærleikskossi. Friður sé með öllum yður sem að eru í Christo Jesú. Amen.

HINN ANNAR
S. PÉTURS PISTILL

1 Símon Petrus, þjón og postuli Jesú
Christi, Þeim sem meður oss þá
sömu dýrmætu trú hafa hlotið í réttlætinu því sem að Guð gefur og lausnarinn Jesús Christus:
2Náð og friður áaukist yður fyrir
kynning Guðs og Jesú Christi vors
Drottins.
3Af því oss eru allsháttaðar hans guðlegir kraftar veittir (hverjir til lífernis
og guðlegs athæfis henta) fyrir viðurkenning þess sem oss hefur kallað fyrir
sína dýrð og dyggð, 4fyrir hverja hið
dýrmætasta og hið allra stærsta fyrirheit er oss veitt so að þér fyrir það
sama hluttakarar yrðuð guðlegrar náttúru ef þér flýið forgengilegar girndir
veraldarinnar.
5Því hafið þar alla kappsmuni á og
auðsýnið í yðari trú dyggðina og í
dyggðinni vitsmunina 6og í vitsmununum hófsemina og í hófseminni þolinmæðina og í þolinmæðinni guðræknina
7og í guðrækninni bróðurlegan kærleika og í bróðurlegum kærleika almennilegan kærleika. 8Því ef þetta er
gnóglegt hjá yður þá mun það ekki yður iðjulausa né óávaxtarsama vera láta í
viðurkenningu Drottins Jesú Christi.
9En hann sem þetta hefur ekki, sá er
blindur og forgleymir hreinsun sinna
fyrri synda.
10Fyrir því, kærir bræður, leggið þess
meiri kappsmuni á yðra kallan og útvalning stöðugri að gjöra. Því ef þér
gjörið það, munu þér eigi misfalla 11og
mun yður svo inngangurinn gnóglegana gefinn verða í ævinlegt ríki vors
Drottins og lausnarans Jesú Kristi.
12Fyrir því vil eg eigi afláta að áminna
yður jafnlega um þetta þó að þér vitið
það og eruð styrkvir í nærveranlegum sannleika 13Því að eg held það réttilegast so lengi sem að eg em í þessu hreysi
að uppvekja og á að minna yður. 14Því
eg veit það eg hlýt snarlega mitt hreysi
af að leggja af því eð vor Drottinn Jesús
Christus hefur mér opinberað. **Johannis 21:17-18** 15En eg vil kapps um
kosta það þér jafnan (eftir mína útför)
hefðuð slíkt til minnis að halda.
16Því að eigi höfum vér þeim dæmafróðum frásögum eftirfylgt þá vér
gjörðum yður kunnan kraft og hingaðkomu vors Drottins Jesú Christi heldur
höfum vér sjálfir séð hans dýrð 17þann
tíð hann af Guði Föður meðtók dýrð og
heiðran fyrir raustina sem til hans
skeði í mikilli dýrð, þess háttar: „Þessi
er minn elskulegi sonur á hverjum eg
hefi þóknan.“ **Mattheus 17:5** 18Og
þessa raust heyrðu vér af himnum
verða þá er vér vorum með honum upp
á fjallinu helga.
19Vér höfum öflugt spádómsorð og
þér gjörið vel þér hafið þar gát á svo
sem að því ljósi þar lýsir í myrkvum
stað þar til dagurinn birtir og dagstjarnan upprennur í yðrum hjörtum.
20Og það skulu þér fyrst vita að enginn
spádómur í ritningunni sker að eiginlegri útleggingu. 21Því að þar hefur eigi
nokkurn tíma neinn spádómur eftir
mannsins vilja framfluttur verið heldur
af Heilögum Anda tilknúðir hafa þeir
Guðs heilagir menn talað.

2 En þar voru falsspámenn meðal
fólksins. So munu og einnin meðal
yðar verða lygisamir lærendur sem
jafnframt munu leynilega innleiða
bölvaðar villutrúarkenningar og
afneita Drottni þeim sem þá hefur
endurkeypt og munu yfir sjálfa sig leiða
snöggva glatan. 2Og margir munu eftirfylgja þeirra glatan, fyrir hverja sannleiksvegurinn mun lastaður verða. 3Og
fyrir ágirnd upploginna orða munu þeir

á yður græða, hverra dómsáfelli þegar fyrir löngu mun eigi þrotna og þeirra fyrirdæming sefur eigi. [4]Því ef Guð hefur eigi þyrmt englunum þeim sem syndguðust heldur hefur steypt þeim meður hlekkjum myrkranna til helvítis og ofurgefið það þeir til dómsins varðveittust [5]og hefur eigi þyrmt hinni fornu veröld heldur varðveitti Nóa, þann réttlætisprédikara, sjálfan áttunda, og innleidi so flóðið yfir veröld hinna ómildra **Genesis 6:9, 7:1, 7:23** [6]og hefur borgirnar Sodome og Gomorre að ösku gjört, umturnað og fordæmt, setjandi þar með þeim ómildum eftirdæmi sem seinna meir koma mundu [7]og frelsaði hinn réttláta Lot, hverjum sá skammsamlegur lýður alla meinsemd gjörði því að meður þeirra saurljótu líferni [8](með því hann var réttlátur og byggði á meðal þeirra so að hann hlaut að sjá það og heyra) þá kvöldu þeir daglegana réttláta sálu meður þeirra ranglátum verkum. [9]Drottinn kann þá guðhræddu úr freistninni að frelsa en hina ranglátu að varðveita til kvalanna á dag dómsins.

[10]En einna mest þá sem holdinu eftirfylgja og saurugum girndum og herradóminn forsmá, eru driftugir, sérgóðir, ei ægjandi tignarvaldið að lasta [11]sem þó englarnir, þeir ed meira mátt og kraft hafa eigi borið geta þann löstunardóm í gegn sér af Drottni. [12]En þeir eru líka sem skynlaus kvikindi hver af náttúru eru þar til alin það þau veidd og slátruð verði. Þeir lasta það hvað þeir ekkert af vita og munu svo fyrirfarast í sínu fordjarfanlegu athæfi [13]og ranglætisins verðlaun þar af hljóta.

Þeir halda fyrir sælgæti daglegar kræsingar, þeir eru óþekkt og flekkanir, bramla af yðar ölmösu í sínum afvegum og rússíera út af yðru, [14]hafa augun full hórdóma og að syndgast kunna þeir ekki að linna og ginna að sér staðlitlar sálir, hafa gegnumsmogið hjarta af ágirni, bölvanarsynir, [15]yfirgefandi réttan veg og fara villir, eftirfylgja vegi Balaam sonar Bósor, hver að elskaði verðlaun ranglætisins, **Numeri 31:16** [16]en hann hafði straffan sinnar yfirtroðningar sem var að það hið mállausa klyfbærilega dýr talaði mannlegri raust og aftraði so spámannsins fávisku. **Numeri 22:21-30**

[17]Þeir eru brunnar án vats og ský af vindi drifin, hverjum að varðveitist myrkvanna þoka að eilífu. [18]Því að þeir tala drambsöm orð hégiljunnar og teyga fyrir munaðsemi til holdlegra girnda, þá hina sem réttilega umflýðir voru og nú vegarvillir ganga [19]og heita þeim frelsi sem þeir eru þó sjálfir fortöpunarinnar þrælar. Því af hverjum sem nokkur er yfirunninn þess þjón er hann vorðinn. **Johannis 8:34** [20]Því fyrst þeir eru umflýðir saurindi veraldarinnar fyrir viðurkenning Drottins og Lausnarans Jesú Christi en verða síðan í hið sama vafðir og yfirunnir þá er hjá þeim það síðara orðið verra hinu fyrra. [21]Því að betra væri þeim það að þeir hefðu ekki þekkt réttlætisins götu en það þeir þekki hana og umvendi sér í frá því heilaga boðorði sem þeim er gefið. [22]Sannlega hendir þá það hvað í sönnum orðskviði plagar að segjast að: „Hundurinn er aftur horfinn til sinnar spýju“ og: „Þvegið svín veltir sér aftur í sömu saur.“ **Orðskviðirnir 26:11-12**

3 Þessi er sá annar pistill sem eg skrifa yður, hinir kærustu, í hverjum eg upphvet og áminni yðvart skært hugskot [2]so að þér hugleiðið þau orð sem yður áður fyrirfram eru sögð af heilögum spámönnum og af vorum boðskap, vér sem erum postular Drottins og Lausnarans.

[3]Og í fyrstu þá vitið það á síðustu dögum munu koma spottarar hverjir eftir þeirra eiginlegum girndum munu ganga [4]og segja: „Hvar er fyrirheit hans tilkomu? Því þaðan í frá feðurnir sofnuðu blífa allir hlutir so sem af upphafi

sköpunarinnar verið er.“ [5]Því viljandi látast þeir eigi vita það að himnarnir einnin voru forðum tíð, þar með að jörðin af vatninu og í vatninu stóðst fyrir Guðs orð. [7]Þó varð sem áður veröldin í þann tíð fyrir hans orð spöruð so það þau eldinum varðveitt verði á dag dómsins og fyrirdæmingar óguðlegra manna.

[8]En eitt sé óhulið fyrir yður, hinir kærustu, það einn dagur fyrir Drottni er sem þúsund ára og þúsund ár so sem einn dagur. **Sálmarnir 90:4** [9]Drottinn seinkar eigi því hann fyrirhét so sem það sumir halda heldur hefur hann þolinmæði við oss og vill eigi það nokkur fortapist heldur það hver maður snúi sér til yfirbótar. **Esekíel 18:32** [10]En dagur Drottins mun koma sem þjófur um nótt, á hverjum himnarnir munu forganga meður stórbrestum en höfuðskepnunar af hita bráðna og jörðin og þau verk sem þar eru inni munu upp brenna.

[11]Með því að allt þetta skal nú forganga hvílíkum byrjar yður þá að vera, með heilögu athæfi og mildiverkum? [12]So að þér eftir bíðið og skundið að þeirri tilkomu þess Drottins dagsins á hverjum himinninn af eldi forgengur og höfuðskepnunar af hita bráðna. [13]En vér væntum nýs himins og nýrrar jarðar eftir hans fyrirheiti, í hverjum að réttlætið byggir. **Esaias 65:17, 66:22**

[14]Fyrir því, mínir kærustu, með því þér skuluð þessa vænta þá kostgæfið það þér fyrir honum óflekkaðir og óstraffanlegir í friðinum fundnir verðið. [15]Og þolinmæði vors Drottins haldið fyrir yðra sáluhjálp sem yður einnin vor elskulegur bróðir Páll, eftir þeirri speki eð honum er gefin, skrifað hefur, [16]so sem að hann í öllum bréfum þar um ræðir, í hverjum að eru sumir hlutir þungir að skilja, hverju hinir ófróðu og skaðlausu rangsnúa so sem einnin öðrum ritningum til þeirra eiginlegrar fyrirdæmingar.

[17]En þér, mínir elskulegir, á meðan þér fyrirfram vitið þá vaktið yður það þér ekki fyrir villu óguðlegra manna fráleiddir verðið og af fallið í frá yðrum eiginlegum staðleik. [18]En vaxið í náðinni og viðurkenningu vors Drottins og Lausnarans Jesú Christi. Þeim sama sé dýrð, nú og að eilífu.

Amen.

HINN FYRSTI
S. JOHANNIS PISTILL

1 Það er var af upphafi, hvað vér heyrðum, hvað vér sáum vorum augum og hvað vér skoðuðum og vorar hendur á tóku af orði lífsins [2](og lífið auðbirtist og vér sáum og vottum og boðum yður lífið það ævinlegt er, hvert að var hjá Föðurnum og birtist oss), [3]hvað vér sáum og heyrðum, það boðum vér yður so að þér hefðuð samfélag meður oss og vort samfélag sé meður Föðurnum og meður hans syni Jesú Christo. [4]Og þetta skrifum vér yður upp á það yðvar fögnuður sé fullkomlegur.

[5]Og þessi er boðskapurinn hvern vér heyrðum af honum og boðum yður: Það Guð er ljós og engin myrkur eru í honum. [6]Ef að vér segjum það vér höfum samfélag með honum og göngum í myrkrinu, þá ljúgum vér og gjörum ekki sannleik. [7]En ef vér göngum í ljósinu líka sem hann sjálfur í ljósinu er þá höfum vér samfélag innbyrðis. Og blóðið Jesú Christi, hans Sonar, hreinsar oss af allri synd.

[8]Ef að vér segum: Vér höfum öngva synd, þá villum vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss. [9]En ef vér viðurkennum vorar syndir þá er hann trúr og réttlátur so að hann fyrirgefur oss vorar syndir og hreinsar oss af öllu ranglæti. **Sálmarnir 32:5** [10]Ef vér segjum að eigi syndgum vér þá gjörum vér hann að ljúgara og hans orð eru þá ekki í oss.

2 Mín sonakorn, þetta skrifa eg yður so að þér syndgið eigi. Og ef einhver misgjörir þá höfum vér árnaðarmann hjá Föðurnum, Jesúm Christum þann réttláta, [2]og hann sami er forlíkun fyrir vorar syndir. En eigi einasta fyrir vorar heldur einnin fyrir allrar veraldarinnar. [3]Og þar af vitum vér það vér kennum hann ef að vér varðveitum hans boðorð. [4]Hver eð segir sig kenna hann og heldur ekki hans boðorð, sá er ljúgari og í þvílíkum er ekki sannleikurinn. [5]En hver hans orð varðveitir, í þeim er sannarlega Guðs kærleiki fullkomlegur. Þar af þekkjum vér það vér í honum erum. [6]Hver hann segir sig í honum vera, sá skal og ganga líka sem hann hefur gengið.

[7]Kærir bræður, eg skrifa yður ekki nýtt boðorð heldur gamalt boðorð það þér hafið frá upphafi haft. Það gamla boðorð er það orð hvert þér hafið heyrt frá upphafi. [8]Og enn aftur skrifa eg yður nýtt boðorð það sannarlegt er hjá honum og hjá yður. Því að myrkurin eru forgengin og hið sanna ljósið skín nú. [9]Hver hann segir sig í ljósinu vera og hatar sinn bróður, sá er enn allt hér til í myrkrunum. [10]Hver sinn bróður elskar hann blífur í ljósinu og í hjá honum er engin hneykslan. [11]En hver sinn bróður hatar sá er í myrkrinu og ráfar í myrkrinu og veit eigi hvert hann gengur því að myrkurin hafa hans augu forblindað. **Leviticus 19:17**

[12]Sonakorn mín, eg skrifa yður það að yður verði syndirnar fyrirgefnar fyrir hans nafn. [13]Eg skrifa yður, feðrunum, því að þér kennið þann sem af upphafi er. Eg skrifa yður æskumönnum því að þér hafið þann hrekkvísa yfirunnið. Eg skrifa yður, smábörnunum, því að þér kennið Föðurinn. [14]Eg skrifa yður, feðrunum, það þé þekkið hann sem af upphafi er. Eg skrifaði yður, æskumönnum, að þér styrkvir séuð og það Guðs orð blífur hjá yður og hafið þann hrekkvísa yfirunnið.

[15]Eigi skulu þér heiminn elska né neitt það í honum er. Ef nokkur elskar heiminn, í honum er ekki kærleiki Föðursins. [16]Því allt það í heiminum er, sem að er fýsn holdsins og girnd augnanna

og drambsamt líferni, það er ekki af Föðurnum heldur af heiminum. [17]Og heimurinn forgengur og hans girnd en hver að Guðs vilja gjörir sá blífur að eilífu. [18]Sonakorn, það er hin síðasta stund og sem þér hafið heyrt það Antakristur kemur. Og nú eru margir Antakristar orðnir. Hvar af vér vitum að það er hin síðasta stund. [19]Þeir eru af oss útgengnir en þeir voru ekki með oss. Því ef væri þeir út af oss þá hefðu þeir hjá oss blifið. En upp á það þeir augljósir verði það þeir eru eigi allir af oss.

[20]Og þér hafið smurningina af þeim sem Heilagur er og kennið allt. [21]Eg skrifaði yður eigi so sem það vissi þér eigi sannleikinn heldur viti þér hann og vitið það engin lygi út af sannleikanum kemur. [22]Hver er ljúgarinn utan sá sem neitar það að Jesús sé Kristur? Það er sá Antakristur sem Föðurinn og Soninn neitar. [23]Og hver Syninum afneitar hann hefur og ekki Föðurinn. [24]Hvað þér hafið nú heyrt af upphafi það blífi hjá yður. Ef það blífur hjá yður hvað þér af upphafi hafið heyrt þá munu þér hjá Syninum og Föðurnum blífa. [25]Og þetta er fyrirheitið hvert hann hefur oss veitt, sem er eilíft líf.

[26]Þetta hefi eg skrifað yður af þeim hverjir yður afvegaleiða. [27]Og smurningin sem þér af honum hafið meðtekið blífur hjá yður og þurfið ei að neinn læri yður heldur so sem sú smurning lærir yður alla hluti þá er það sannindi og engin lygi. Og sem hún hefur yður lært þá blífið hjá þeirri sömu. [28]Og nú, sonakorn mín, blífið í honum upp á það nær hann mun opinberast að vér höfum öruggt traust og verðum eigi fyrir honum að hneykslan í hans tilkomu. [29]Fyrst þér vitið hann er réttvís þá vitið einnin það hver réttvísina gjörir sá er af honum fæddur.

3 Sjáið hvílíkan kærleika það Faðirinn hefur oss auðsýnt að vér skulum Guðs börn kallast. Fyrir því þekkir yður heimurin ekki því að hann kennir hann eigi. [2]Mínir kærustu, vér erum nú Guðs börn og það er enn ei opinberað hvað vér verða munum. En vér vitum þá það birtast mun það vér munum honum líkri verða því vér munum hann sjá so sem að hann er. [3]Og hver einn er þvílíka von hefur til hans, sá hreinsar sig líka sem að hann er hreinn. [4]Hver synd gjörir sá gjörir rangt og syndin er yfirtroðsla á lögmálinu. [5]Og þér vitið það hann birtist upp á það hann vorar syndir burt tæki og engin synd er í honum. [6]Hver í honum blífur sá syndgar ekki. Hver hann syndgast sá hefur hann eigi séð né þekkt.

[7]Sonakorn, látið öngvan villa yður. Hver réttvísina gjörir sá er réttvís líka sem hann er réttvís. [8]Hver syndina gjörir sá er af djöflinum því að djöfullinn syndgaðist að upphafi. Þar fyrir birtist Guðs Son að hann niðurbrjóti djöfulsins verk. [9]Hver af Guði er fæddur sá gjörir eigi synd því að hans sáð blífur í honum og hann getur ei syndgast því að hann er af Guði fæddur. [10]Þar af eru augljós Guðs börn og djöfulsins börn. Hver hann er eigi réttvís sá er ekki af Guði og hver eigi elskar sinn bróður.

[11]Því að það er sá boðskapur hvern þér hafið heyrt frá upphafi það vér skulum elska oss innbyrðis. **Johannis 15:12** [12]Ekki sem Kain sá af hinum vonda var og í hel sló sinn bróður. Og fyrir hvað í hel sló hann hann? Því hans verk voru vond og hans bróðurs réttileg. **Genesis 4:8** [13]Undrist ekki, bræður mínir, þótt heimurinn hati yður. [14]Vér vitum það vér úr dauðanum erum komnir til lífsins því að vér elskum bræðurna. Hver hann elskar eigi bræðurna sá blífur í dauðanum. [15]Hver sinn bróður hatar sá er manndrápari og þér vitið það manndrápari hefur eigi eilíft líf í sér blífanda. [16]Af því þekkjum vér kærleika Guðs að hann hefur sett sitt líf út fyrir oss. Og

vér skulum einnin setja lífið út fyrir bræðurna. [17]En nær að einhver hefur þessarar verladar auðæfi og sér sinn bróður nauð líða og lýkur sitt hjarta til fyrir honum, hvernin blífur Guðs kærleiki hjá honum? [18]Mín sonakorn, elskum eigi með orði og tungu heldur með verki og sannleika.

[19]Þar af þekkjum vér það vér erum af sannleikanum og kunnum að haga vorum hjörtum fyrir hans augliti so: [20]Þó að vort hjarta fordæmi oss að Guð er meiri voru hjarta og þekkir alla hluti. [21]Þér ástsamlegir, ef vort hjarta fordæmir oss eigi þá höfum vér traustleik til Guðs. [22]Og hvað vér biðjum það munum vér af honum öðlast því að vér geymum hans boðorð og gjörum hvað fyrir honum þægilegt er.

[23]Og þetta er hans boðorð það vér trúum á nafn hans Sonar Jesú Christi og elskum hver annan so sem það han gaf oss boðorðið. [24]Og hver hann varðveitir hans boðorð sá blífur í honum og hann í honum. Og þar af vitum vér það hann blífur í oss út af þeim Anda hvern hann hefur gefið oss.

4 Þér ástsamlegir, trúið eigi hverjum sem einum anda heldur reynið andana, hvert þeir eru af Guði. Því að þar eru margir falsspámenn í veröldina útgengnir. [2]Þar af skulu þér Guðs Anda kenna: Hver andi sem viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn, sá er af Guði. [3]Og hver andi sem eigi viðurkennir það Jesús Christus sé í holdgan kominn, sá er ekki af Guði. Og það er sá andi þess Antakrists af hverjum þér hafið heyrt það hann mundi koma og er nú þegar í heiminum.

[4]Sonakorn, þér eruð af Guði og hafið hina yfirunnið. Því að sá í yður er hann er hinum meiri sem í heiminum er. [5]Þeir eru af heiminum, fyrir því tala þeir út af heiminum og heimurinn heyrir þeim. [6]Vér erum af Guði og hver hann viðurkennir Guð sá heyrir oss. Hver hann er eigi af Guði sá heyrir oss ekki. Þar af kennum vér andann sannleiksins og andann villudómsins. **Johannis 8:47**

[7]Þér ástsamlegir, elskum oss innbyrðis. Því að kærleikurinn er af Guði og hver hann elskar sá er af Guði fæddur og kennir Guð. [8]Hver hann elskar ekki sá kennir eigi Guð. Því að Guð er kærleikurinn. [9]Í því auðbirtist kærleiki Guðs viður oss það Guð sendi sinn eingetinn Son í heiminn að vér skyldum fyrir hann lifa. **Johannis 3:16** [10]Þar inni er kærleikurinn. Eigi það vér elskuðum Guð heldur það hann elskaði oss og sendi sinn Son til forlíkunar fyrir vorar syndir.

[11]Þér ástsamlegir, fyrst það Guð hefur oss so elskað þá skulu vér einnin elska oss innbyrðis. [12]Enginn hefur Guð nokkru sinni séð. Ef að vér elskum oss innbyrðis þá blífur Guð í oss og hans kærleiki er fullkomlegur í oss. **Johannis 1:18** [13]Þar af þekkjum vér það vér blífum í honum og hann í oss því að hann hefur gefið oss af sínum Anda. [14]Og vér sáum og vitnum það Faðirinn hefur sent Soninn til heimsins lausnara. [15]Hver nú viðurkennir það Jesús er Guðs Sonur í þeim blífur Guð og hann í Guði. [16]Og vér höfum þekkt og trúað þeim kærleika sem Guð hefur til vor.

Guð er kærleiki og hver í kærleikanum blífur sá blífur í Guði og Guð í honum. [17]Í því er kærleikurinn fullkomlegur hjá oss að vér höfum traustleik á degi dómsins. Því að líka sem hann er so erum vér einnin í þessum heimi. [18]Hræðsla er eigi í kærleikanum heldur útdrífur fullkomlegur kærleiki hræðsluna það hræðslan hefur kvöl. En hver hann hræðist sá er ekki fullkomlegur í kærleikanum.

[19]Látum oss hann elska því að hann hefur elskað oss fyrri. [20]Ef einhver segir: Eg elska Guð, og hatar sinn bróður, sá er ljúgari. Því hver hann elskar ekki sinn bróður hvern hann sér, hvernin

getur sá Guð elskað þann er hann sér eigi? [21]Og þetta boðorð höfum vér af Guði það hver hann elskar Guð hann elski og einnin sinn bróður. **Johannis 13:34**

5 Hver hann trúir það Jesús sé Kristur sá er af Guði fæddur. Og hver eð elskar þann sem hann hefur getið sá elskar og einnin þann sem af honum er fæddur. [2]Þar af þekkjum vér það vér Guðs börn elskum nær vér elskum Guð og höldum hans boðorð. [3]Því að það er kærleiki til Guðs það vér varðveitum hans boðorð og hans boðorð eru eigi þung. [4]Því allt hvað af Guði er fætt það yfirvinnur heiminn. Og vor trúa er yfirvinningin hver veröldina hefur yfirunnið. [5]En hver er hann sem veröldina yfirvinnur utan alleinasta sá er trúir það Jesús sé Guðs Sonur?

[6]Þessi er hann sá sem kemur með vatni og blóði, Jesús Christus. Eigi með vatni alleinasta heldur með vatni og blóði. Og Andinn er sá sem vitnar það Andinn er sannleikinn. [7]Því að þrír eru sem vitnisburðinn gefa á himni: Faðirinn, Sonurinn og Heilagur Andi, og þeir þrír eru eitt. [8]Og þrír eru sem vitnisburðinn gefa á jörðu: Andinn, vatnið og blóðið og þau þrjú eru eitt. [9]Ef vér meðtökum mannanna vitnisburð þá er þó Guðs vitnisburður meiri. Því að Guðs vitnisburður er sá það hann hefur vitnað af sínum Syni. [10]Hver hann trúir á Guðs Son sá hefur þennan vitnisburð í sér. Hver hann trúir ekki Guði sá gjörir hann að ljúgara því að hann trúir ekki vitnisburðinum þeim Guð vitnar af sínum Syni. [11]Og þetta er vitnisburðurinn það Guð hefur gefið oss eilíft líf og þetta líf er í hans Syni. [12]Hver Guðs Son hefur sá hefur lífið, hver hann hefur eigi Guðs Son sá hefur og eigi lífið.

[13]Þetta skrifaði eg yður, þér sem trúið á nafn Guðs Sonar, so að þér vitið það þér hafið eilíft líf og það þér trúið á nafn Guðs Sonar. [14]Því að það er sá traustleiki sem vér höfum til hans, sá: ef vér biðjum nokkurs eftir sínum vilja þá heyrir hann oss. [15]Og fyrst vér vitum það hann heyrir oss hvað vér biðjum þá vitu vér það vér þær bænir höfum hverjar vér höfum beðið af honum.

[16]Ef nokkur sér sinn bróður syndgast einhverri synd, eigi til dauða, sá má biðja og mun hann gefa þeim lífið sem syndgaði ekki til dauða. Þar er synd til dauða. Eg segi ekki að nokkur þar fyrir biðji. [17]Allt ranglæti er synd og þar er synd ekki til dauða.

[18]Vér vitum það hver af Guði er fæddur sá syndgar ekki heldur sá af Guði er fæddur hann varðveitir sig og hinn vondi mun eigi snerta hann. [19]Vér vitum það vér erum af Guði og það allur heimurinn er skikkaður í vondu. [20]En vér vitum það Guðs Sonur er kominn og hefur gefið oss það sinni að vér kennum þann sem sannarlegur er og erum í hinum sannarlega, hans Syni Jesú Christo. Þessi er sannur Guð og eilíft líf. [21]Sonakorn, varðveitið yður frá skúrgoðum. A M E N.

HINN ANNAR S. JOHANNIS PISTILL

1 Hinn eldri þeirri útvaldri frú og hennar börnum hver eg elska í sannleika. Og eigi einasta eg heldur einnin allir þeir sem viðurkennt hafa sannleikinn [2]fyrir sannleikans sakir sem í oss blífur og í hjá oss mun vera að eilífu.

[3]Náð, miskunn, friður, af Guði föður og af Drottni Jesú Christo syni Föðursins í sannleika og kærleika sé með yður. [4]Næsta glaður em eg það eg hefi fundið meðal þinna barna þá í sannleiknum ganga svo sem það vér höfum boðorðið af föðurnum meðtekið. [5]Og nú bið eg þig, frúa, eigi sem skrifi eg þér nýtt boðorð heldur það hvað vér

höfum haft frá upphafi, að vér elskum oss innbyrðis. [6]Og það er kærleikurinn að vér göngum eftir hans boðorði.

Þetta er það boðorð sem þér hafið heyrt af upphafi upp á það þér gangið þar inni. [7]Því að margir villumenn eru útfarnir í heiminn sem ekki viðurkenna Jesúm Christum í holdgan kominn vera. Þessi er sá villumaður og Antakristur. [8]Sjáið yður fyrir að þér glatið ekki því hvað þér hafið verkað heldur so að þér meðtakið full verðlaun. [9]Hver hann skrikar og blífur ekki í lærdómi Christi sá hefur öngvan Guð. Hver eð blífur í lærdóminum sá hefur bæði Föðurinn og Soninn.

[10]Ef einhver kemur til yðar og með sér flytur eigi þennan lærdóm þann hýsið eigi og heilsið honum ekki. [11]Því hver honum heilsar sá gjörir sig hluttakara hans vondra verka. [12]Eg hefi margt að skrifa yður en eg vil eigi með bókfelli og bleki heldur vona eg að koma til yðar og munnlega við yður að tala upp á það vor fögnuður fullkomlegur sé. [13]Þér heilsa börn systur þinnar hinnar útvöldu. Amen.

HINN ÞRIÐJI S. JOHANNIS PISTILL

1 Sá eldri Gajo hinum elskulega hvern eg elska í sannleika. [2]Minn elskulegi, eg æski í öllum greinum það að þér vel vegni og heilbrigður sért so sem það nær þinni sálu vel vegnar. [3]Eg gladdist nærsta þá bræðurnir komu og gáfu vitnisburð af þínum sannleika hvernin þú gengur í sannleiknum. [4]Eg hefi eigi nokkurn fögnuð meiri en þann það eg heyri það mín börn ganga í sannleikanum.

[5]Minn ástsamlegi, þú gjörir trúlega hvað þú gjörir við bræðurna og gestina, [6]hverjir af þínum kærleika hafa vitnisburð gefið fyrir söfnuðinum. Og það hefur þú velgjört að þú hefur þá fyrir Guði verðulega á veg leitt. [7]Því fyrir hans nafns sakir eru þeir útfarnir og hafa af heiðingjum ekkert tekið. [8]Því skulu vér þess háttar meðtaka upp á það vér séum samverkendur sannleiksins.

[9]Eg skrifaði safnaðinum en Díótrefes sá meðal þeirra vill mikils metinn vera meðtekur oss eigi. [10]Fyrir því nær eg kem vil eg áminna hann sinna verka er hann gjörir og þvættir með vondum orðum í gegn oss og lætur sér ekki nægja það hann meðtekur eigi sjálfur bræðurna og fyrirbýður þeim sem það vilja gjöra og útrekur þá af söfnuðinum.

[11]Minn kærasti, eftirfylg ei hinu vonda heldur því hinu góða. Hver gott gjörir hann er af Guði. Hver illa gjörir sá sér eigi Guð. [12]Demetríus hann hefur vitnisburð af hverjum manni og af sannleiknum sjálfum og vér berum einnin vitni og þér vitið það vor vitnisburður er sannur. [13]Eg hefða vel margt að skrifa en eg vilda eigi með bleki og penna til þín skrifa. [14]En eg vænti það eg muni snarlega sjá þig og mun þá munnur við munn mæla. Friður sé með þér. Þér heilsa vinirnir. Heilsa þú vinunum með nafni.

PISTILLINN HINS HEILAGA
JUDE

1 Júdas, þjón Jesú Christi en bróðir Jacobi þeim kölluðum sem helgaðir eru í Guði föður og varðveittir í Jesú Christo: [2]Miskunnsemi, friður og kærleiki Guðs margfaldist yður.

[3]Hinir kærustu, með því eg hafða allan setning á yður að skrifa út af almennilegu voru hjálpræði virtist mér nauðsýnilegt með skrifi að áminna það þér yfir þeirri trú stríðið sem hinum heilögu er eitt sinn ofurgefin. [4]Því að þar eru nokkrir menn þeir jafnframt inn hafa læðst, út af hverjum forðum tíð skrifað er til þessa dómsáfellis. Þeir eru ómildir og umvenda náð Guðs vors í munaðlífi og afneita Guði og vorn Drottni Jesú Christo, þeim einka Drottnara.

[5]En eg vil undirvísa yður að þér eitt sinn vitið það Drottinn þann tíð hann frelsaði fólkið af Egyptalandi að í annað sinn glataði hann þeim sem ekki trúðu. [6]Líka einnin englana hverjir ekki geymdu þeirra höfðingjadóm heldur forlétu sitt heimili hefur hann varðveitt til dóms þess hins mikla dags undir ævinlegum böndum myrkursins. [7]So sem einnin Sódóma og Gómorra og umliggjandi borgir er með sama hætti og þær úthórast höfðu og eftir öðru holdi gengnar eru og settar eru til eftirdæmis og þola kvöl eilífs elds. **Genesis 19:24** [8]Slíkt hið sama eru einnin þessi draumfífl hverjir holdið saurga en herrastéttina forsmá og tignina hæða.

[9]En Míkael, sá höfuðengill, þá hann við djöfulinn þráttaði og við hann talaði um líkama Moysi dirfðist hann ekki dómsatkvæði háðungarinnar á að fella heldur sagði hann: „Drottinn straffi þig.“ **Sacharias 3:2** [10]En þessir lasta þar þeir ekkert af vita. En hvað þeir af náttúru so sem önnur skynlaus dýr vita þa spilla þeir sjálfir þar inni. [11]Vei þeim, því að þeir ganga veg Kains og falla í villudóm Balaams fyrir ávinnings sakir og fyrirfarast í mótmöglan Chore! **Genesis 4:3-8, Numeri 16:1 22:16, 23**

[12]Þeir eru óþekktir, bramlandi sín af yðar ölmösu án ótta, fæðandi sig sjálfa. Þeir eru vatslausský sem af vindi um verða drifin. Þeir eru haustviður visinn, ófrjósöm tré, tvisvar dauðir og upprættir, [13]grimmar sjávarbylgjur útlöðrandi sínar eiginlegar vansemdir, villar stjörnur hverjum að varðveitt er þokan myrkranna að eilífu.

[14]En Enok, hinn sjöundi frá Adam, hefur einnin af þessum spáð og sagt: „Sjáið, Drottinn kemur með mörg þúsund heilagra [15]dóm að halda yfir öllum og að straffa alla þá sem óguðlegir eru af öllum gjörðum sem þeir óguðlegir drýgðu og af öllu hörðu sem óguðlegir hafa í mót honum talað. *Book of Enoch 1:9*

[16]Þeir eru möglendur og átölusamir, eftir sínum girndum gangandi og þeirra munnur talar hrokyrði og þeir dást að manngreinarálitinu fyrir gagnsemdar sakir. [17]En þér elskulegir, verið minnugir þeirra orða sem hér áður fyrri sögð hafa verið af postulum Drottins vors Jesú Christi [18]það þeir sögðu yður að á síðustu tímum munu spottarar koma hverjir eftir sínum girndum ganga munu í óguðlegu líferni. [19]Þeir eru hverjir gjöra sig fráskila, hverjir líkamlegir eru, þeir öngvan Anda hafa.

[20]En þér ástsamlegir, uppbyggið yður yfir yðra allra heilögustu trú fyrir Heilagan Anda og biðjið [21]og varðveitið yður í Guðs kærleika. Og væntið þeirrar miskunnar Drottins vors Jesú Christi til eilífs lífs. [22]Og haldið þennan mismun það þér sambarmið yður þessum [23]en þá aðra fyrir hræðlu sakir hjálplega

gjörið og rykkið þeim úr bálinu og að hatri hafið þann flekkaða holdsins kyrtil. **Sacharias 3:3-4** [24]En þeim sem yður kann að varðveita utan vansa og að skikka fyrir augliti sinnar dýrðar óflekkaða meður fögnuði, [25]þeim Guði sem alleina er vitur, vorum Lausnara, sé dýrð og miklan og vald og magt, nú og um allar aldir að eilífu. Amen.

S. JOHANNIS THEOLOGI
OPINBERANIR

1 Þetta er opinberan Jesú Christi hverja Guð gaf honum til að kunngjöra sínum þjónum hvað ske skal snarlega og tilteiknað og sent hefur fyrir sinn engil til síns þénara Jóhannes, [2]hver vitnað hefur Guðs orð og vitnisburðinn af Jesú Christo, hvað helst hann hefur séð. [3]Sæll er sá sem les og sá sem heyrir orðið spádómsins og varðveitir hvað í honum skrifað er því að tíminn er nálægur.

[4]Jóhannes þeim sjö samkundum sem í Asia eru: Náð sé með yður og friður af þeim sem er og þeim sem var og þeim sem koma mun og af þeim sjö Öndum sem eru fyrir hans stóli [5]og af Jesú Christo, sá sem er trúr vottur og frumgetningur framliðinna og höfðingi jarðarinnar konunga. Hver oss hefur elskað og þvegið af syndunum í sínu blóði **Sálmarnir 89:27** [6]og hefur gjört oss til konunga og kennimanna fyrir Guði og sínum Föður. Þeim hinum sama sé dýrð vald um aldir alda að eilífu. Amen. **Exódus 19:6** [7]Sjáið, hann kemur með skýinu og öll augu munu hann sjá og þeir eð hann stungið hafa og allar kynkvíslir jarðarinnar munu kveina. Já, amen. **Sacharias 12:10, Mattheus 24:30** [8]Eg em A og Ö, upphaf og endir, segir Drottinn, sá sem er og sá sem var og sá sem koma mun, hinn Almáttugi.

[9]Eg Jóhannes, yðar bróðir og hluttakari í hörmunginni og ríkinu og þolinmæði Jesú Christi, var í eynni Patmos fyrir Guðs orðs sakir og vitnisburðar Jesú Christi. [10]Eg var í Anda á degi Drottins og heyrði á bak mér aftur raust mikla sem lúðurs, [11]so segjandi: Eg em A og Ö, fyrstur og síðastur. **Esaias 44:6** Og hvað þú sér það skrifa í bók og send það til samkundanna í Asia: Til Epheso og til Smyrnem, til Pergamum og til Thyatiras, til Sarden og til Philadelphiam og til Laodiceam.

[12]Og eg snera mér við það eg lita þá raust sem við mig talaði. Og sem eg snera mér við sá eg sjö ljósastikur gulllegar [13]og milli gulllegra stjakanna þann líkur var mannsins Syni. Sá var klæddur síðri slyppu og spenntur um bringuna gulllegum linda. **Daníel 10:5** [14]En hans höfuð og hár voru hvít, sem hvít ull og líka sem snjár, og hans augu sem eldsins logi [15]og hans fætur sem það látun er glóar í afli og hans rödd sem niður mikilla vatna [16]og hafði sjö stjörnur í sinni hægri hendi og út af hans munni gekk hvasst tvíeggjað sverð og hans andlit lýsti sem skínanda sól.

[17]Og sem eg sá hann féll eg til fóta hans so sem dauður. Og hann lagði sína hægri hönd yfir mig og sagði til mín: „Hræðstu ekki. Eg em fyrstur og síðastur **Esaias 41:4, 44:6, 48:12** [18]og lifandi. Eg var dauður og sjá, að eg em lifandi um aldir að eilífu, Amen, og hefi lykla helvítanna og dauðans. [19]Skrifa hvað þú séð hefur og hvað þar er og hvað þar eftir á ske skal, [20]leyndardóm þeirra sjö stjarna sem þú hefur séð í minni hægri hendi og þær sjö gulllegar stikur. Þessar sjö stjörnur eru englar sjö samkundna og þær sjö ljósastikur sem þú hefur séð eru sjö samkundur.

2 Og englinum samkundunnar til Epheso skrifa þú: Þetta segir sá sem heldur sjö stjörnum í sinni hægri hendi, sá sem gengur mitt á milli sjö gulllegra ljósastikna: [2]Eg veit þín verk og þitt erfiði og þína þolinmæði og það þú kannt ekki hina vondu að umlíða og freistaðir þeirra sem sig segja postula vera og eru þó eigi og þú fannt þá ljúgara, [3]og leiðst það og þolinmæði

hefur og þú þoldir fyrir míns nafns sakir og þreyttist ekki. [4]En það hefi eg á móti þér það þú hinn fyrsta kærleik forlést. [5]Minnst á hvar þú ert af fallinn og gjör iðran og gjör hin fyrru verkin. En ef ekki man eg þér snarlega koma og þinni ljósastiku í burt hrinda úr sínum stað, utan þú gjörir iðran. [6]En það hefur þú að þú hatar verk þeirra Nicolaitarum hver eg og einnin hata. [7]Hver eyru hefur að heyra, hann heyri hvað Andinn segir safnaðinum. Hver hann yfirvinnur þeim mun eg gefa að eta af lífsins tré það í Guðs paradís er.

[8]Og þeim engli til samkundunnar Smyrnen skrifa þú: Þetta segir hinn fyrsti og síðasti, sá dauður var og lifir: [9]Eg veit þín verk og þína hörmung og fátækt (en þú ert auðigur) og lastan þeirra sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki heldur eru þeir Satans söfnuður. [10]Hræðstu ekkert þeirra hvað þú líða munt. Sjá, djöfullinn mun nokkra af yður í dýflissu fleygja upp á það þér freistaðir verðið og þér munuð hörmung hafa í tíu daga. Vert trúr allt til dauðans, so mun eg gefa þér kórónu lífsins. [11]Hver eyru hefur sá heyri hvað Andinn segir samkundunum. Hver helst yfirvinnur þeim skal ekkert mein ske af þeim öðrum dauða. [12]Og þeim engli samkundunnar til Pergamo skrifa þú: Þetta segir sá sem hefur hið hvassa tvíeggjaða sverðið: [13]Eg veit hvað þú gjörir og hvar þú býr, hvar helst að er andskotans sæti, og þú heldur mitt nafn og afneitaðir eigi mína trú. Og á mínum dögum er Antipas, minn trúr vottur, hjá yður í hel sleginn hvar eð Satan byggir. [14]En eg hefi fátt eina á móti þér það þú þar sjálfur hefur þá sem lærdóm Balaam halda, sá sem kenndi Balak að senda hneyksli fyrir sonu Israelis til að eta af því sem skúrgoðum offraðist og hóranir að drýgja. **Numeri 23** [15]Líka so einnin hefur þú þá sem halda kenningar Nicolaitarum, hvað er eg hata. [16]Gjör yfirbót! En ef ekki, þá mun eg þér snarlega koma og stríða viður þá með sverði míns munns. [17]Hver eyru hefur sá heyri hvað Andinn segir samkundunum. Hver hann yfirvinnur þeim mun eg gefa að eta af því hulda manna og eg vil gefa honum góðan vitnisburð og með vitnisburðinum nýtt nafn skrifað það enginn kennir utan sá það meðtekur.

[18]Og þeim engli til samkundunnar Thyatira skrifa þú: Þetta segir Sonur Guðs, sá augu hefur sem eldsloga og hans fætur sem glóanda látún: [19]Eg veit þín verk og þinn kærleika og þína þjónustu og trú og þína þolinmæði og það hin síðari verkin munu hinum fyrrum fleiri. [20]En fátt nokkuð hefi eg á móti þér það þú leyfir þeirri kvinnu Jesabel, sem segir sig spákonu vera, að læra og villa mína þjóna hóranir að drýgja og skúrgoðafórnir að eta. **1.Bók Kónganna 16:31** [21]Og eg hefi henni tíma gefið það hún skyldi iðran gjöra fyrir hennar hóranir og hún gjörir öngva iðran. [22]Sjá, eg fleygi henni í rekkju og þeim hverjir með henni hórdóm drýgt hafa í hinar mestu hörmungar nema þeir gjöri yfirbót fyrir sín verk. [23]Og hennar börn mun eg dauða deyða og allar samkundurnar skulu viðurkenna það eg em nýrnanna og hjartanna rannsakari og eg mun gefa sérhverjum yðar sem einum eftir sínum verkum. **Jeremias 11:20, 17:10** [24]En yður segi eg og hinum öðrum sem eru til Thyatira, þeir þennan lærdóm eigi hafa og hverjir ekki viðurkennt hafa dýpt andskotans (sem að þeir segja) og öngvan annan þunga mun eg á yður senda. [25]Þó hvað þér hafið, það haldið þar til að eg kem. [26]Og hver yfirvinnur og varðveitir mín verk allt til enda þeim mun eg vald gefa yfir hina heiðnu [27]og hann skal stjórna þeim meður járnsprota og so sem leirgjörarans ker skal hann í sundurmola þá, líka sem eg af mínum Föður meðtekið hefi. **Sálmarnir 2:8-9** [28]Og morgunstjörnuna mun eg gefa

honum. [29]Hver eyru hefur sá heyri hvað Andinn segir samkundunum.

3 Og þeim engli samkundunnar til Sarden skrifa þú: Þetta segir sá sem hefur sjö Anda Guðs og stjörnurnar sjö: Eg veit þín verk því að þú hefur það nafn að þú lifir og ert dauður. [2]Vert vakandi og styrk hið annað hvað deyja vill því þín verk hefi eg ei fullkomleg fundið fyrir Guði. [3]Því legg í minni hvað þú hefur meðtekið og heyrt og varðveit það og gjör iðrun. Því ef þú munt eigi vaka þá mun eg yfir þig koma sem þjófur og eigi munt þú vita á hverri stunu er eg mun koma yfir þig. [4]Þú hefur fáein nöfn til Sarden er eigi hafa saurgað sín klæði og þeir munu meður mér ganga í hvítum klæðum því að þeir eru þess verðugir. [5]Hver yfirvinnur sá skal meður hvítum klæðum klæddur verða og eigi mun eg hans nafn útplana af lífsbókinni. Og eg mun játa hans nafn fyrir mínum Föður og fyrir hans englum. [6]Hver eyru hefur sá heyri hvað Andinn segir samkundunum.

[7]Og þeim engli samkundunnar í Philadelphia skrifa þú: Þetta segir hinn heilagi og sannarlegi, sá sem hefur lykilinn Davíðs, hver eð upplætur og enginn innibyrgir, sá er innibyrgir og enginn upplætur: **Esaias 22:22** [8]Eg veit þín verk. Sjá, eg lét fyrir þér opnar dyr og enginn fær þær aftur látið. Því þú hefur nokkurn lítinn kraft og hefur varðveitt mitt orð og hefur ekki mitt nafn afneitað. [9]Sjá, eg mun gefa út af Satans safnaði, þá sem segja sig Gyðinga vera og eru ekki heldur ljúga, sjá, eg mun þeim gjöra það þeir skulu koma og tilbiðja fyrir þínum fótum og viðurkenna það eg hefi þig elskað. **Esaias 60:14**

[10]Með því þú hefur varðveitt orð minnar þolinmæði mun eg einnin varðveita þig frá freistingartíma sem koma mun yfir alla heimsins kringlu til að freista þeirra sem á jörðu byggja. [11]Sjá, eg kem snarlega. Halt hvað þú hefur so það enginn taki þína kórónu. [12]Hver yfirvinnur þann mun eg gjöra að stólpa í musteri Guðs míns og hann skal eigi meir úti ganga og yfir honum mun eg skrifa nafn Guðs míns og nafn hinnar nýju Jerúsalem sem er borg míns Guðs sú af himnum ofan kemur frá mínum Guði og mitt hið nýja nafn. [13]Hver eyru hefur hann heyri hvað Andinn segir samkundunum. [14]Og þeim engli samkundunnar til Laodicea skrifa þú: Þetta segir Amen, trúr og sannarlegur vottur, hver að upphaf er skepnunnar Guðs: [15]Eg veit þín verk það þú ert hverki kaldur né heitur. Eg kjöra þú værir annað hvort heitur eða kaldur. [16]En með því þú ert volgur og hvorki kaldur né heitur mun eg útskyrpa þér af mínum munni. [17]Því að þú segir: Eg em ríkur og auðigur nóg og þarf einskis og veist ekki það þú ert vesall, aumur og volaður, blindur og fatlaus. [18]Eg ræð þér að þú kaupir gull af mér það í eldi er reynt so þú auðigur verðir og þú íklæðist hvítum klæðum svo að ekki uppbirtist vanvirðing þinnar fatleysi og smyr þín augu meður augnasmyrslum so að þú sjáir.

[19]Hverja eg elska þá straffa eg og tyfta. Því vert kostgæfinn og gjör iðran. **Orðskviðirnir 3:11-12** [20]Sjá, eg stend fyrir dyrum og klappar upp á. Ef nokkur heyrir mína rödd og upplýkur dyrunum, til hans mun eg innganga og kveldverð með honum snæða og hann meður mér. [21]Hver yfirvinnur honum mun eg gefa meður mér að sitja á mínum stóli líka sem eg yfirunnið hefi og setið með mínum Föður á hans stóli. [22]Hver eyru hefur sá heyri hvað Andinn segir samkundunum.“

4 Eftir það sá eg og sjá, að dyr upplukust á himni og hin fyrsta röddin hverja eg hafði heyrt við mig tala sem annars lúðurs, hún sagði: „Far þú upp hingað og mun eg sýna þér

hvað hér eftir skal ske.“[2]Og jafnsnart var eg í anda og sjá, að stóll var settur á himnum og á stólnum sat nokkur. [3]Og sá sem þar sat hann var líka álits sem steinninn jaspis og sardis. Og regnbogi var kringum stólinn líka álits sem smaragdus. [4]Og umhverfis stólinn voru fjórir og tuttugu stólar og á þeim stólum sátu fjórir og tuttugu öldungar, skrýddir hvítum skrúða og báru á sínum höfðum gulllegar kórónur.

[5]Og af stólnum útgengu eldingar, reiðarþrumur og raddir. Sjö eldslampar brunnu fyrir stólnum, hverjir að eru sjö Andar Guðs. [6]Og fyrir stólnum var glersjór líka sem christallus. Og mitt í stólnum og kringum stólinn fjögur dýr full augna á bak og í fyrir. [7]Og hið fyrsta dýrið var líkt leóni og hið annað líkt kálfi og hið þriðja dýrið hafði ásján sem maður og hið fjórða var líkt fljúganda erni. [8]Og hvert þeirra fjögra dýranna hafði sex vængi og utan um kring og innan full augna og höfðu eigi hvíld dag og nótt, segandi: „Heilagur, heilagur, heilagur er Guð Drottinn Almáttugur, sá sem var og sá sem er og sá sem koma mun.“ **Esaias 6:3**

[9]Og þá dýrin gáfu dýrð og heiðran og þakkir þeim er á stólnum sat, sá er lifir um aldir að eilífu, [10]þá féllu fram fjórir og tuttugu öldungar fyrir þann sem á stólnum sat og tilbáðu þann sem lifir um aldur og að eilífu og snöruðu sínum kórónum fram fyrir stólinn og sögðu:[11]„Þú Drottinn, ert verðugur að meðtaka dýrð og heiðran og kraft því að þú hefur alla hluti skapað og fyrir þinn vilja urðu þeir og eru skapaðir.“

5 Og eg sá í hægri hendi þess sem á stólnum sat bók skrifaða innan og utan, innsiglaða með sjö innsiglum. [2]Og eg sá sterkan engil prédika með mikilli raust: „Hver er verðugur þessari bók upp að lúka og hennar innsigli upp að brjóta?“ [3]Og enginn, hverki á himnum né á jörðu né undir jörðu, kunni þeirri bók upp að lúka né þar í að sjá. [4]Og eg æpta ógurlega að enginn fannst þar verðugur þeirri bók upp að lúka og að lesa né þar í að sjá.

[5]Og einn af öldungunum segir til mín: „Grát ekki. Sjá, það Leónið sem er af slekti Júda, rót Davíðs, hefur yfirunnið að það opni bókina og uppbrjóti hennar sjö innsigli.“ **Genesis 49:9, Esaias 11:1,10** [6]Og eg gáði að og sjá, í miðið stólsins og þeirra fjögra dýra og mitt á milli öldunganna þá stóð lamb, líka sem væri það drepið, og hafði sjö horn og sjö augu, hver að eru sjö Andar Guðs útsendir um öl lönd. [7]Og það kom og tók bókina úr hægri hendi þess sem á stólnum sat.

[8]Og þá er það tók bókina þá féllu fram þau fjögur dýrin og fjórir og tuttugu öldungarnir fyrir Lambinu og hver einn hafði hörpu og gullker full reykelsis hver að eru bænir heilagra [9]og sungu nýjan lofsöng og sögðu: „Þú ert verðugur að meðtaka bókina og upp að brjóta hennar innsigli því að þú ert slátraður og endurleystir oss með þínu blóði út af allsháttuðum kynkvíslum og tungum, fólki og þjóðum [10]og hefur oss gjört Guði til konunga og kennimanna. Og vér munum ríkja á jörðu.“

[11]Og eg sá og heyrði rödd margra engla umhverfis stólinn og um dýrin og um kring öldunganna. Og þeir voru að tölu mörg þúsund þúsunda **Daníel 7:10** [12]og sögðu hárri raust: „Verðugt er Lambið það slátrað er að meðtaka kraft og ríkdóm og visku og styrk, dýrð, heiður og lofgjörð.“ [13]Og allar skepnur þær á himnum eru og á jörðu og undir jörðu og í sjónum og allt hvað í þeim er heyrða eg segja til hans sem á stólnum sat og til Lambsins: „Lof, heiður og dýrð og vald um aldir og að eilífu.“ **1.Krónikubókinn 29:11** [14]Og þau fjögur dýrin sögðu: „Amen.“ Og þeir fjórir og tuttugu öldungar féllu fram og tilbáðu þann sem lifir um aldir alda að eilífu.

6 Og eg sá það að Lambið opnaði eitt
af innsiglunum. Og eg heyrði eitt
af þeim fjórum dýrunum segja líka sem
með reiðarþrumu skrýð: „Kom og
skoða.“ [2]Og eg gætta að og sjá, að
hvítur hestur og sá þar upp á sat hafði
boga og honum varð gefin kóróna og
hann fór út að yfirvinna og sigra. [3]Og
þá það opnaði hið annað innsigli
heyrða eg hið annað dýrið segja: „Kom
og gæt að.“ [4]Og þar gekk út annar
hestur. Sá var rauður og þeim sem þar
sat á varð gefið friðinn í burtu að taka
af jörðu so að þeir dræpist niður inn-
byrðis. Og honum varð gefið stórt
sverð.

[5]Og er það opnaði hið þriðja innsiglið
heyrða eg hið þriðja dýrið segja: „Kom
og skoða.“ Og eg gætta að og sjá, að
brúnn hestur og sá þar sat á hafði vog í
sinni hendi. [6]Og eg heyrða meðal þeirra
fjögra dýra röddina segja: „Mælir hveit-
is um einn pening og þrír mælir byggs
um einn pening og víni og viðsmjöri
gjör öngvan skaða.“

[7]Og þá það opnaði hið fjórða innsiglið
heyrða eg rödd hins fjórða dýrsins, seg-
andi: „Kom og skoða.“ [8]Og eg sá að
bleikur hestur og sá þar á sat. Þess nafn
hét „Dauði“ og helvíti honum eftir-
fylgdi. Og honum varð magt gefin til að
deyða í fjórum áttum jarðar meður
sverði og hungri og meður drápi af dýr-
um jarðar. **Sacharias 1:8, 6:2,3,6**

[9]Og þá það opnaði hið fimmta innsigl-
ið leit eg undir altarinu sálir þeirra sem
líflátnir eru fyrir Guðs orðs sakir og
fyrir vitnisburðarins sakir sem þeir
höfðu. [10]Og þær kölluðu hárri röddu og
sögðu: „Drottinn, þú hinn heilagi og
sannarlegi, hversu lengi þá dæmir þú
og hefnir ekki vors blóðs á þeim sem á
jörðu búa?“ [11]Og þeim sérhverjum ein-
um varð gefið hvítt klæði og til þeirra
varð sagt að þeir hvíldist enn um
nokkra stund þangað til að það upp-
fylldist að þeirra samþjónar og bræður
kæmi þar og til hverjir einnin líflátnir
skyldu verða líka sem þeir. [12]Og eg sá
að það opnaði sjötta innsiglið og sjá, þá
gjörðist mikill jarðskjálfti og sólin varð
svört sem hærusekkur og tunglið sem
blóð [13]og stjörnur himins hrundu á
jörðina líka sem annað fíkjutré nær það
hristist af vindi miklum af fleygir sín-
um fíkjum. [14]Og himinninn undan lét
sem sú bók er saman verður vafin. Og
öll fjöll og eyjar hrærðust úr sínum
stöðum. [15]Og jarðarinnar konungar og
höfðingjar og ríkismenn og foringjar
og magtarmenn og allir þrælar og frels-
ingjar skýldu sér í holum og hellum
fjallanna [16]og sögðu til hellanna og fjall-
anna: „Fallið yfir oss og hylji oss fyrir
augliti þess sem á stólnum situr og fyrir
reiði Lambsins! **Hóseas 10:8, Lucas 23:30** [17]Því að hinn mikli dagur hans
reiði er kominn. Hver fær staðið?“

7 Og eftir það sá eg fjóra engla
standa á fjórum hornum jarðarinn-
ar og þeir héldu inni fjórum vindum
jarðarinnar so að enginn vindur blés á
jörðina né á sjóinn né á nokkurt. [2]Og eg
sá annan engil uppstíga út af uppgöngu
sólarinnar. Sá hafði teikn lifanda Guðs
og kallaði hárri röddu til hinna fjögra
englanna hverjum gefið er að granda
jörðunni og sjónum [3]og sagði: „Grandið
ekki jörðunni, eigi sjónum né trjánum,
so lengi það vér teiknum þjóna Guðs
vors í þeirra ennum!“

[4]Og eg heyrði tölu þeirra sem teiknað-
ir urðu: Hundrað fjórar og fjörutígir
þúsundir sem teiknaðir voru af öllum
kynkvíslum Ísraelssona. [5]Af kyni Júda
tólf þúsundir teiknaðir. Af kyni Rúben
tólf þúsund teiknaðir. Af kyni Gað tólf
þúsund teiknaðir. [6]Af kyni Aser tólf
þúsund teiknaðir. Af kyni Neftalím tólf
þúsund teiknaðir. Af kyni Manasse tólf
þúsund teiknaðir. [7]Af kyni Símeon tólf
þúsund teiknaðir. Af kyni Leví tólf þús-
und teiknaðir. Af kyni Ísaskar tólf þús-
und teiknaðir. [8]Af kyni Sabúlon tólf
þúsund teiknaðir. Af kyni Jósef tólf

þúsund teiknaðir. Af kyni Benjamín tólf
þúsund teiknaðir.
[9]Og eftir það leit eg og sjá, að skari
mikill, hvern enginn gat talið, af öllum
þjóðum og fólki og tungumálum standa
frammi fyrir stólnum og frammi fyrir
Lambinu og umskrýddir hvítum skrúða
og pálmaviður í þeirra höndum [10]og
kölluðu hárri röddu og sögðu: „Heilsa
sé þeim sem á stólnum situr, vorum
Guði og Lambinu.“ [11]Og allir englar
stóðu umhverfis stólinn og kringum
öldungana og um kring þau fjögur dýr-
in og féllu fyrir stólnum fram á þeirra
ásjónur og tilbáðu Guð [12]og sögðu:
„Amen. Lof og dýrð og speki og þakkir
og heiður og kraftur og styrkleiki sé
vorum Guði um aldir og að eilífu.
Amen.“
[13]Og einn af öldungunum andsvaraði
og sagði til mín: „Hverjir eru þessir sem
umskrýddir eru hvítum skrúða og
hvaðan eru þeir komnir?“ [14]Og eg sagða
til hans: „Herra, þú veist það.“ Og hann
sagði til mín: „Þessir eru þeir sem
komnir eru úr miklum harmkvælum og
sinn skrúða þvegið hafa og hvítfágað í
blóði Lambsins. [15]Af því eru þeir
frammi fyrir stóli Guðs og þjóna hon-
um dag og nótt í hans musteri. Og sá
upp á stólnum situr mun búa yfir þeim.
[16]Eigi mun þá hér eftir hungra né þyrsta
og eigi mun yfir þá falla sólarinnar né
nokkurs konar hiti **Esaias 49:10** [17]því
að Lambið mitt á stólnum mun stjórna
þeim og leiða þá til lifandi vatsbrunna
og Guð mun þerra allan grát af þeirra
augum.“ **Esaias 25:8**

8 Og þá það opnaði hið sjöunda inn-
siglið gjörðist kyrrleiki mikill á
himnum nær um hálfa stund. [2]Og eg sá
sjö engla. Þeir gengu fyrir Guð og þeim
urðu sjö básúnur gefnar. [3]Og annar
engill kom og stóð við altarið og hafði
gulllegt reykelsisker og honum varð
mikið reykelsi gefið það hann gæfi til
bæna allra heilagra upp á altarið fyrir
stólnum [4]og reykur reykelsisins gekk
upp af hendi engilsins fyrir Guði. [5]Og
engillinn tók reykelsiskerið og fyllti
það með eldi af altarinu og hellti því á
jörðina. Og þá urðu raddir og reiðar-
þrumur og eldingar og jarðskjálftar.
[6]Og þeir sjö englar sem höfðu þær sjö
básúnur tilbjuggu sig að básúna. [7]Og
hinn fyrsti básúnaði og þá gjörðist hagl
og eldur með blóði blandaður og féll á
jörðina og þriðjungur trjánna brann og
allt græna grasið brann.
[8]Og hinn annar engill básúnaði og þá
fór líka sem bjarg mikið eldi brennanda
í sjóinn og þriðjungur sjávarins gjörðist
blóð [9]og þriðjungur lifandi skepna
drapst og þriðjungur skepnanna fyrir-
fórst.
[10]Og hinn þriðji engill básúnaði og þar
féll stór stjarna af himni og hún logaði
sem kveikur og féll yfir þriðjung vatn-
anna og yfir vatsbrunnana [11]og nafn
stjörnunnar hét Remma því að þriðj-
ungur snerist í remmu og margir menn
dóu af vötnunum því að þau voru so
römm orðin.
[12]Og hinn fjórði engill básúnaði og
þriðjungur sólarinnar varð sleginn og
þriðjungur tunglsins og þriðjungur
stjarnanna so það þriðjungur þeirra
varð myrkvaður og þriðjungur dagsins
lýsti ekki, líka einnin næturinnar. [13]Og
eg sá einn engil fljúga mitt í gegnum
himininn og segja með hárri raust:
„Vei, vei, vei þeim sem á jörðu búa fram
yfir aðrar raddir básúnsins, þeirra
þriggja engla sem enn skyldu básúna!“

9 Og hinn fimmti engill básúnaði og
eg sá stjörnu eina falla af himni á
jörðina og honum varð gefinn lykill til
pytts undirdjúpsins. [2]Og hann lauk upp
pytti undirdjúpsins og þar gekk upp
reykur so sem mikils ofns og sólin varð
myrk og veðrið af reyknum pyttsins.
[3]Og út af þeim reyk komu engisprettur
á jörðina og þeim varð magt gefin líka
sem að flugormar magt hafa á jörðu.

[4]Og þar varð til þeirra sagt það þær skyldu eigi granda grasi jarðar né nokkurs háttar korni eður nokkurs konar viði, utan einasta þeim mönnum sem eigi hafa teiknið í ennum sínum. [5]Og þeim varð það gefið að þær aflífuðu þá eigi heldur það að þær kveldu þá í fimm mánuðu. Og þeirra kvöl var so sem flugormakvöl nær þeir slá manninn. [6]Og á þeim sömum dögum munu mennirnir dauðans leita og egi finna. Þeir munu girnast að deyja og dauðinn mun frá þeim flýja. [7]Og þær engisprettur eru líkar þeim hestum sem til bardaga eru búnir. Og á þeirra höfðum sem kórónur gulli líkar og þeirra andlit sem mannsandlit [8]og höfðu lokka sem konuhár og tennur þeirra voru sem leónatennur [9]og höfðu brynjur so sem járnbrynjur og þytur þeirra vængja so sem buldran vagna, þeirra margra hesta sem í bardögum hlaupa, [10]og höfðu hala líka sem flugormar og þar voru broddar á þeirra hölum og þeirra magt var að granda mönnum í fimm mánuði. [11]Og höfðu yfir sér kóng, engilinn undirdjúpsins, hvers nafn er á ebresku Abbadón en á grísku Apollíon. [12]Eitt vei er umliðið, sjá, þar koma enn nú tvö vei eftir þetta.

[13]Og hinn sjötti engill básúnaði og eg heyrða eina rödd út af fjórum hornum gyllinialtarisins fyrir Guði. [14]Sem sagði til hins sjötta engilsins sem básúnið hafði: „Leys þú upp þá fjóra engla sem búnir eru við hið mikla vatnið Euphrates.“ [15]Og þeir fjórir englar urðu lausir, hverjir reiðubúnir voru á stundu, á degi og á mánuði og á ári að þeir í hel slægi þriðjung mannanna. [16]Og tala þess ríðanda hers var mörg þúsund þúsunda og eg heyrða þeirra tölu. [17]Og sem eg sá hestana í sýn og þá sem þar upp á sátu það þeir höfðu glóandi og gular og brennisteinslegar brynjur. Og höfuðin hestanna voru svo sem leónahöfuð og út af þeirra munni gekk eldur, reykur og brennisteinn. [18]Af þessu þrennu er í hel sleginn þriðjungur mannanna, af eldinum og reyknum og brennisteininum er út af þeirra munni gekk. [19]Því að þeirra magt var í þeirra munni. Og þeirra halar voru höggormum líkir og höfðu höfuðin og meður þeim sömum gjörðu þeir skaðann.

[20]Og þar voru enn menn afgangs, þeir sem eigi urðu í hel slegnir af þessum plágum, hverjir ekki yfirbót gjörðu af verkum sinna handa so að þeir eigi tilbæðu djöfulinn og gulls og silfurs og eirs og steina og trés afguði sem hverki sjá né heyra né ganga kunna, **Sálmarnir 115:4-7, Daníel 5:23** [21]hverjir einnin öngva yfirbót gjörðu af sínum manndrápum, fjölkynngi, frillulifnaði og stuldi.

10 Og eg sá annan engil af himnum ofan koma. Hann var skýi umklæddur og regnbogi á hans höfði og hans andlit var sem sól og hans fætur líka sem eldsstólpar. [2]Og hann hafði í sinni hendi litla bók opna. Og hann setti sinn hægra fót á sjóinn og hinn vinstra á jörðina [3]og hann kallaði hárri rödd, líka sem það león grenjar. Og þá hann kallaði töluðu sjö reiðarþrumur sínar raustir. [4]Og þá þær sjö reiðarþrumur höfðu talað sínar raustir vilda eg hafa skrifað þær. Þá heyrða eg rödd af himni segja til mín: „Merk þú hvað þær sjö reiðarþrumur hafa talað og skrifa það ekki.“

[5]Og engillinn, hvern eg sá standa á sjónum og á jörðunni, hóf upp sína hönd til himins [6]og svór við þann lifanda um aldir að eilífu, hver himininn hefur skapað og hvað þar inni er og jörðina og hvað þar inni er og sjóinn og hvað þar inni er, það héðan í frá engin tíð meir vera skal [7]heldur á dögum raddar þess sjöunda engils, nær hann mun básúna, þá skal fullkomnaður verða leyndur dómur Guðs, so sem kunngjörði hann sínum þjónum og spá-

mönnum.[8]Og eg heyrða rödd af himni enn aftur við mig tala og segja: „Gakk héðan, tak þann opna bækling af hendi engilsins sem á sjónum og á jörðunni stendur.“ [9]Og eg gekk burt til engilsins og sagða: „Gef mér bæklinginn.“ Og hann sagði til mín: „Tak hann í burt og svelg hann og mun hann reyna þinn kvið en í þínum munni mun hann sætur vera sem hunang.“ [10]Og eg tók bæklinginn af hendi engilsins og svelgdi hann. Og hann var sætur í mínum munni sem hunang. Og þá eg hafða svelgt hann beiskvaðist kviður minn **Ezekíel 2:8,3:3** [11]og hann sagði til mín: „Þú hlýtur enn að spá heiðnum þjóðum, fólki og tungumálum og mörgum konungum.“

11 Og mér varð gefinn reyrleggur, líka sem stafur, og engillinn stóð og sagði: „Statt upp og mæl musteri Guðs og altarið og þá sem þar inni tilbiðja. [2]En þann hinn innsta kór musterisins kasta þú út og mæl hann eigi því að hann er heiðingjum gefinn og hina heilögu borg munu þeir fótum troða tvo og fjörutígi mánuði.

[3]Og eg mun gefa mínum tveimur vottum og þeir skulu spá þúsund tvö hundruð og sextígu daga, klæddir sekkjum. [4]Þessi eru tvö viðsmjörstré og tveir ljósastjakar, standandi fyrir augliti Guðs jarðarinnar. **Sacharias 4:3**

[5]Og ef nokkur vill þeim granda þá gengur eldur út af þeirra munni og svelgir óvini þeirra og ef nokkur vill þeim granda sá hlýtur so líflátinn að verða. [6]Þessir hafa magt himininn aftur að lúka að það rigni ekki á dögum þeirra spásagna. Og þeir hafa magt yfir vatninu til að umsnúa því í blóð og að slá jörðina með allsháttaðri plágu so oft sem þeir vilja.

[7]Og nær þeir hafa sinn vitnisburð endað þá mun dýrið það út af undirdjúpinu upp stígur halda stríð við þá og mun yfirvinna þá og í hel slá. [8]Og þeirra líkamir munu liggja á strætum hinnar miklu borgar, hver að andlega kallast Sódóma og Egyptus, þar vor Drottinn er krossfestur. [9]Og þeirra líkami munu nokkrir af þjóðunum og kynslóðunum og tungumálunum sjá í þrjá daga og einn hálfan og munu ekki þeirra líkami leggja láta í leiði framliðinna. [10]Og þeir er á jörðu búa munu gleðja sig yfir þeim og kátir verða og gjöfum sendast innbyrðis því að þessir tveir spámenn kvöldu þá sem á jörðu búa.“

[11]Og eftir þrjá daga og einn hálfan fór í þá lífsins Andi af Guði og þeir stóðu á sína fætur og mikill ótti féll yfir þá sem þá sáu. [12]Og þeir heyrðu rödd mikla af himni segja til þeirra: „Stígið upp hingað!“ Og þeir stigu upp í himininn í skýinu og þeirra óvinir sáu þá. [13]Og á þeirri samri stundu varð mikill jarðskjálfti og þriðjungur borgarinnar hrapaði og þar urðu í jarðskjálftanum í hel slegnir sjö þúsund mannanöfn. Og hinir aðrir hræddust og gáfu dýrð Guði himinsins. [14]Það annað vei er umliðið, sjá, hið þriðja vei kemur snart.

[15]Og hinn sjöundi engill básúnaði og þar gjörðust miklar raddir á himnum. Þær sögðu: „Ríkin þessarar veraldar eru vorðin vors Drottins og hans Krists og hann mun ríkja um aldir og að eilífu.“ [16]Og þeir fjórir og tuttugu öldungar sem sitja fyrir Guðs augliti á sínum stólum féllu fram á sínar ásjónur, tilbáðu Guð [17]og sögðu: „Vér þökkum þér, Drottinn Guð Almáttugur, sá þú ert og sá þú vart og sá þú tilkomandi ert, því að þú hefur meðtekið þinn mikla kraft og ríkir. [18]Og hinar heiðnu þjóðir eru reiðar vorðnar og þín reiði er komin og tími framliðinna það þeir dæmist og laun að gefa þínum þjónum, spámönnum og heilögum og þeim er þitt nafn óttast, smáum og stórum, og að glata þeim sem jörðunni glatað hafa.“

[19]Og musteri Guðs varð upplokið á himni og hans testamentsörk sástt í

hans musteri. Og þar urðu eldingar og raddir og reiðarþrumur og jarðskjálftar og hagl mikið.

12 Og þar birtist teikn mikið á himni: Kona sólunni umskrýdd og tunglið undir hennar fótum og á hennar höfði kóróna af tólf stjörnum. [2]Og hún var þunguð, kallaði og varð jóðsjúk og hafði miklar fæðingarhríðir.

[3]Og þar birtist enn annað teikn á himni og sjá, að mikill dreki rauður, sá hafði sjö höfuð og tíu horn og á hans höfði sjö kórónur. [4]Og hans hali dró þriðjung stjarnanna og fleygði þeim á jörð.

Og drekinn sté fram fyrir konuna þá sem fæða skyldi svo að nær hún hefði fætt að hann æti hennar barn. [5]Og hún fæddi son, eitt sveinbarn, sá er stjórna skyldi öllum þjóðum meður járnvendi. Og hennar barni varð kippt til Guðs af hans stóli. [6]Og konan flýði á eyðimörk hvar hún hafði fyrirbúinn stað af Guði og hún fæddist þar þúsund tvö hundruð og sextígi daga.

[7]Og þar gjörðist stríð mikið á himni. Míkael og hans englar börðust við drekann. [8]Drekinn barðist og hans englar og yfirunnu ekki. Þeirra staður varð einnin eigi meir fudninn á himni. [9]Og sá mikli dreki og hinn gamli höggormur, sá sem að heitir djöfull og andskoti, varð útsnaraður á jörðina og hans englar urðu og einnin útsnaraðir.

[10]Og eg heyrði rödd mikla á himni segjandi: „Nú er heilsa og kraftur og ríki og máttur vors Guðs orðinn hans Krists með því hann er útsnaraður sem ásakaði vora bræður dag og nótt fyrir Guði. [11]Og þeir hafa hann yfirunnið fyrir Lambsins blóð og fyrir orðið þeirra vitnisburðar og þeir hafa ei elskað sitt líf allt til dauðans. [12]Þar fyrir gleðjist, þér himnar og þér sem þar inni byggið! Vei þeim á jörðu búa og á sjónum, því að djöfullinn stígur ofan til yðar, hafandi reiði mikla, og veit það hann hefur stuttan tíma.[13]Og sem drekinn sá það hann var útsnaraður á jörðina ofsótti hann þá konu sem sveininn hafði fætt. [14]Og konunni urðu tveir vængir gefnir líka sem mikillar arnar svo það hún flygi á eyðimörk í sinn stað þar hún nærðist um einn tíma og um tvo tíma og um hálfan tíma frá augsýn drekans. [15]Og drekinn gusaði eftir konunni úr sínum munni vatni, líka sem vatsflóði, svo að hún drekktist í flóðinu. [16]En jörðin hjálpaði konunni og upplauk sinn munn og svelgdi flóðið er drekinn gusaði úr sínum munni. [17]Og drekinn reiddist konunni og gekk burt að berjast við þá sem eftir voru af hennar sæði, þeir eð Guðs boðorð varðveita og hafa vitnisburð Jesú Christi.

13 Og eg stóð á sjávarsandi og eg sá dýr uppstíga úr sjónum. Það hafði sjö höfuð og tíu horn og á sínum hornum sjö kórónur og á þess höfðum nöfn háðungarinnar. [2]Og það dýr sem eg sá var líkt pardelo og þess fætur sem björnafætur og þess kraftur sem leónakraftur. Og drekinn gaf því sinn kraft og sinn stól og mikla magt. [3]Og eg sá eitt af þess höfðum svo sem væri það sært til dauða og þess hið banvæna sár varð heilt. Og öll veraldarkringlan undraðist það dýrið [4]og tilbáðu drekann þann sem dýrinu gaf magtina og tilbáðu það dýr og sögðu: „Hver er dýrinu líkur og hver kann að stríða við það?“

[5]Og því varð gefinn munnur til að tala mikla hluti og háðungar og því varð máttur gefinn til að höndla í tvo og fjörutígi mánaði. [6]Og það upplauk sínum munni til að hæða í móti Guði og að lasta hans nafn og hans tjaldbúð og þá á himnum byggja. [7]Og því varð gefið að stríða við heilaga og yfirvinna þá. Og því varð gefin magt yfir allar kynkvíslir og tungumál og þjóðir. [8]Og allir sem á jörðu byggja tilbáðu það, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni Lambsins,

hvert líflátið er af upphafi veraldar.
9Hefur nokkur eyru, sá heyri. 10Ef einhver í herleiðing leiðir sá man í herleiðingu ganga. Ef nokkur í hel slær með sverði, sá hlýtur með verði í hel sleginn að verða. Hér er þolinmæði og trú heilagra. **Genesis 9:6, Mattheus 26:52**
11Og eg sá annað dýr uppstíga af jörðunni. Það hafði tvö horn líka sem lamb og talaði svo sem drekinn. 12Og það gjörir alla magt hins fyrra dýrsins í þess augliti. Og það gjörði að jörðin og þeir sem þar á búa tilbáðu það fyrra dýrið, hvers dauðlegt sár heilt var orðið
13Og það gjörir stór tákn svo að það gjörir einnin eld af himni að falla í mannanna augsýn 14og villir þá sem á jörðu búa fyrir sakir þeirra teikna sem því eru gefin til að gjöra í augliti dýrsins, segjandi þeim á jörðu byggja að þeir gjöri mynd dýrinu því sem undina af sverðinu hafði og lifnaði.
15Og því varð gefið að það gæfi myndinni dýrsins anda svo það myndin dýrsins talaði. Og það gjörði að hver sem helst eigi tilbað mynd dýrsins sá varð í hel sleginn. 16Og það gjörir alla, smá og stóra, ríka og fátæka, frelsingja og þræla, að meðtaka það auðkenningarteikn í sína hægri hönd elligar í sín enni 17svo það enginn fær að selja eður að kaupa utan hann hafði það auðkenningarmerki eður nafn dýrsins eður tölu þess nafns. 18Hér er speki. Hver skilning hefur sá samanreikni tölu dýrsins því að það er mannsins tala og þess tala er sex hundruð sex og sextígi.

14 Eg sá og Lamb standa á fjallinu Síon og með því hundrað og fjórar og fjörutígu þúsundir. Þeir höfðu nöfn föður síns skrifuð í sínum ennum.
2Og eg heyrða rödd af himni svo sem mikils vatsfalls og svo sem rödd mikillar reiðarþrumu og röddin sem eg heyrði var sem hörpuslagara þeir eð slá sínar hörpu. 3Og sungu svo sem nýja lofsöngva fyrir stólnum og fyrir þeim fjórum dýrunum og fyrir öldungunum og enginn gat þann lofsöng numið utan einasta þeir hundrað og fjórir og fjörutígir þúsundir sem keyptir eru af jörðunni. 4Þessir eru og þeir hverjir eigi flekkaðir eru meður konum því að þeir eru meyjar og fylgja Lambinu eftir hvert það gengur. Þessir eru og keyptir út af mönnum Guði til frumburða og Lambinu 5og í þeirra munni er engin lygi fundin því að þeir eru utan flekkan frammi fyrir stóli Guðs.
6Og eg sá annan engil fljúga um miðjan himininn. Sá hafði ævinlegt evangelium til að kunngjöra þeim sem á jörðu sitja og byggja og allum þjóðum og kynþáttum og tungumáli og fólki
7og sagði með hárri röddu: „Óttist Guð og gefið honum dýrðina því að kominn er tími hans dóms og tilbiðjið þann sem gjört hefur himin og jörð og sjóin og vatsbrunnana.“ **Sálmarnir 146:6** 8Og annar engill eftirfylgdi. Sá sagði: „Fallin er hún, fallin er hún, Babýlon hin mikla borg því að hún hefur með víni síns saurlífis drykkjað allar þjóðir.“ **Esaias 21:9, Jeremia 51:7-8**
9Og hinn þriðji engill fylgdi honum eftir og sagði með hárri raust: „Ef nokkur tilbiður dýrið og þess mynd og meðtekur það auðkenningarmerki í sitt enni eður í sína hönd, 10sá man drekka af víni reiðinnar Guðs sem innbyrlað og skært er í bikar hans bræði og mun kvaldur verða í eldi og brennisteini í augliti heilagra engla og fyrir augliti Lambsins. 11Og reykur þeirra písla man uppstíga um aldir og að eilífu og þeir hafa eigi neina hvíld dag og nótt sem dýrið hafa tilbeðið og þess mynd og ef nokkur hefur þess auðkenningarmerki meðtekið. 12Hér er þolinmæði heilagra, hér eru þeir sem varðveita boðorðin og trúna á Jesúm.“
13Og eg heyrða rödd af himni til mín segja: „Skrifa: Sælir eru þeir framliðnu sem í Drottni deyja í frá þessu. Já,

Andinn segir: Þeir hvílast af sínu erfiði
því að þeirra verk fylgja þeim eftir.“
14Og eg leit og sjá, að hvítt ský og á
skýinu sitja þann líkur var mannsins
Syni. Sá hafði gullkórónu á sínu höfði
og í sinni hendi hvassan sigð. 15Og ann-
ar engill gekk út af musterinu. Sá kall-
aði með hárri raust til þess sem á skýi-
nu sat: „Slá til með sigð þínum og sker
upp því kornskerutíminn er kominn af
því að haustyrkjan jarðarinnar er þorn-
uð.“ **Jóel 3:13, Mattheus 13:39** 16Og sá
er á skýinu sat hjó til með sínum sigði á
jörðina og jörðin var haustunnin.
17Og annar engill gekk út af musterinu
á himni. Sá hafði einnin hvassan sigð.
18Og annar engill gekk út af altarinu. Sá
hafði magt yfir eldinum og hrópaði
með miklu kalli til hans sem hvassan
sigðinn hafði og sagði: „Högg til með
þínum hvassa sigð og sníð af vínvið-
arkvistu jarðarinnar það þeirra ber eru
fullvaxin.“ 19Og engillinn hjó til með
sínum hvassa sigð á jörðina og sneið af
vínkvistu jarðarinnar og snaraði þeim í
hina miklu vínþrúgu Guðs reiði. 20Og
vínþrúgan varð utan borgar fergð og
blóðið gekk út af þrúgunni allt til
beisltauma hestanna, um þúsund og
sex hundruð renniskeiða.

15 Og eg sá annað teikn á himni,
það var mikið og undarlegt: Sjö
englar höfðu sjö inar síðustu plágur
það með þeim sömum er fullkomnuð
reiði Guðs. 2Og eg sá so sem glersjó eldi
mengaðan og þá sem sigrað höfðu dýr-
ið og þess mynd og þess teikn og tölu
þess nafns það þeir stóðu á glersjónum
og höfðu hörpur Guðs 3og sungu lof-
söng Móses, Guðs þénustumanns, og
lofsöng Lambsins, segjandi: „Mikil og
undarleg eru þín verk, Drottinn Guð Al-
máttigur, réttvísir og sannarlegir eru
þínir vegir, þú konungur heilagra. **Exó-
dus 15:1, Sálmarnir 145:17** 4Hver
skyldi eigi hræðast, Drottinn, og mikla
þitt nafn? Það þú ert einn heilagur. Af
því munu allar þjóðir koma og tilbiðja
fyrir þér því þínir dómar eru opinberir
orðnir.“ **Jeremias 10:6-7**
5Og eftir það sá eg og sjá, að upplokið
varð musteri vitnisburðarins tjaldbúðar
á himni 6og út af musterinu gengu þeir
sjö englar sem þær sjö plágur höfðu,
klæddir hreinu skínanda líni og gyrtir
um brjóstið gulllindum. 7Og eitt af fjór-
um dýrunum gaf þeim sjö englunum
sjö gullskálir fullar Guðs reiði, þess er
lifir um aldur og að eilífu. 8Og musterið
varð fullt af reyk af vegsemd Guðs og
hans krafti. Og enginn kunni að ganga í
musterið þar til það þær sjö plágur
þeirra sjö engla fullkomnaðar urðu.

16 Og eg heyrða rödd mikla segja
til þeirra sjö englanna: „Farið
burt og úthellið þeim skálum Guðs reiði
á jörðina.“
2Og hinn fyrsti gekk burt og hellti út
sinni skál á jörðina. og þar urðu ill kaun
og skaðsöm á mönnum þeim að auð-
kenningarmerki dýrsins höfðu og þeir
sem þess mynd tilbáðu.
3Og sá annar engill hellti út sinni
skálu í sjóinn og hann varð blóð líka
sem annars dauðingja og öll lifandi sál
deyði í sjónum.
4Og hinn þriðji engill hellti út sinni
skálu í vötnin og í vatsbrunnana og þau
urðu blóð. 5Og eg heyrða þann engil
segja: „Þú Drottinn, sá sem ert, sá sem
vart og munt vera, þú ert réttlátur það
þú dæmdir þetta. 6Því að þeir úthelltu
blóði heilagra og spámannanna og blóð
hefur þú gefið þeim að drekka því þess
eru þeir verðugir.“ **Esaias 49:26** 7Og eg
heyrða annan engil af altarinu segja:
„Já, Drottinn Almáttugur, sannir og
réttvísir eru þínir dómar.“
8Og hinn fjórði engill hellti út sinni
skálu í sólina og honum varð gefið af
hita að kvelja mennina með eldi. 9Og
mönnunum varð heitt af miklum ofur-
hita og löstuðu nafn Drottins, sá er
magt hefur yfir þessar plágur, og

gjörðu öngva yfirbót honum dýrð að gefa.
[10]Og hinn fimmti engill hellti út sinni skálu yfir sæti dýrsins og þess ríki varð formyrkvað. Og af sorg í sundurbitu þeir sínar tungur [11]og löstuðu Guð á himni af sorgum og af sínum kaunum og gjörðu öngva yfirbót fyri sín verk.
[12]Og hinn sjötti engill hellti út sinni skálu í það mikla vatnið Euphrates og vatnið þurrkaðist svo að tilreiddur yrði vegur konunganna út af uppgöngu sólarinnar. [13]Og eg sá út af munni drekans og út af munni dýrsins og út af munni þess falska spámanns ganga þrjá órheina anda, líka froskum. [14]Og það eru andar djöfulsins. Þeir gjöra teikn og ganga út til konunga jarðarinnar og um alla heimskringlu að samansafna þeim til orustu upp á þann mikla dag Guðs almáttugs. [15]„Sjá, eg kem sem þjófur. Sæll er sá sem vakir og varðveitir sín klæði svo að hann gangi eigi nakinn so að ei sjáist hans ósómi.“ **Mattheus 24:43** [16]Og hann samansafnaði þeim í þann stað sem kallast á ebresku Harmageddón. [17]Og sá sjöundi engill hellti út sinni skálu í veðrið. Og þar gekk út rödd af himni úr stólnum sem sagði: „Það er skeð.“ [18]Og þar urðu raddir og reiðarþrumur og eldingar og þar varð mikill jarðskjálfti, hvílíkur að aldrei varð upp frá því að menn hafa á jörðu verið, þvílíkur jarðskjálfti so mikill. [19]Og út af þeirri hinni miklu borg urðu þrjár deildir og borgir heiðinna þjóða hröpuðu. Og hin mikla Babýlon varð hugleidd fyrir Guði henni að gefa kaleik vínsins hans grimmdarreiði. **Jeremias 25:15** [20]Og allar eyjar flýðu og engin fjöll urðu fundin. [21]Og hagl stórt sem pund féll af himni á fólkið og mennirnir löstuðu Guð fyir sakir plágu haglsins því að þess plága var næsta mikil.

17 Þar kom og einn af sjö englunum sem höfðu sjö skálirnar, talaði við mig og sagði til mín: „Kom, eg man sýna þér dóm hinnar miklu hórkonu sem á mörgum vötnum situr [2]meður hverri hóranir drýgt hafa konungar jarðarinnar og þeir sem á jörðu búa eru drukknir orðnir af hennar hórunarvíni.“ [3]Og hann flutti mig í anda á eyðimörk. Og eg sá þá konu sitja á fagurrauðu dýri, fullu af nöfnum háðungarinnar, hafandi sjö höfuð og tíu horn. [4]Og konan var klædd purpura og pelli rauðu og umprýdd gulli og gimsteinum og perlum. [5]Og í hennar enni skrifuð nöfn leyndardómsins: HIN MIKLA BABÝLON, MÓÐIR FRILLULIFNAÐANNA OG ALLRAR SVÍVIRÐU Á JÖRÐU. [6]Og eg sá þá konu drukkna af blóði heilagra og af blóði píslarvotta Jesú. Og eg undraðist mjög þá eg sá hana.
[7]Og engillinn sagði til mín: „Hvar fyrir undrast þú? Eg mun segja þér leyndan dóm konunnar og dýrsins þess sem hana ber og hefur sjö höfuð og tíu horn. [8]Það dýr sem þú hefur séð það var og er eigi og mun upp aftur koma af undirdjúpinu og mun svo fara í fyrirdæmingina. Og þeir sem á jörðu búa, hverra nöfn eigi eru skrifuð á lífsbókinni í frá upphafi veraldar, munu undrast nær þeir sjá dýrið það er var og eigi er, hvert þó er. [9]Og hér er það hugskot hvert speki hefur.
Þau sjö höfuðin eru sjö fjöll á hverjum konan situr [10]og það eru sjö konungar. Fimm eru fallnir og einn er enn og sá annar er ei enn kominn og nær hann kemur hlýtur hann stuttan tíma að blífa. [11]Og það dýrið sem var og er eigi það er sá inn áttandi og er út af þeim sjö og fer í fordæmingina. [12]Og þau tíu horn þú hefur séð það eru tíu konungar þeir eð ríkið enn eigi meðtóku en munu um stutta stund líka sem konungar meðtaka magt með dýrinu. [13]Þessir hafa það eitt ráð að þeir munu gefa sinn kraft og magt dýrinu. [14]Þeir munu og stríða við Lambið og Lambið

mun þá yfirvinna því að það er Drottinn drottnanna og Konungur konunganna og með því þeir sem kallaðir og útvaldir og trúaðir eru.“

15Og hann sagði til mín: „Vötnin þau
þú hefur séð þar eð hórkonan situr á
eru fólk og lýðir og heiðnar þjóðir og
tungumál. 16Og þau tíu hornin sem þú
hefur séð á dýrinu þau munu hata hór-
konuna og munu hana sneyða og nakta
gjöra og munu hennar hold eta og hana
með eldi brenna. 17Því að Guð gaf í
þeirra hjörtu að gjöra hvað honum
þóknast að þeir gjöra einn vilja og að
þeir gefi dýrinu sitt ríki þangað til að
fullkomnað yrði Guðs orð. 18Og konan
sem þú hefur séð er hin mikla borg
hver sitt ríki hefur yfir konungum
jarðarinnar.“

18 Og eftir það sá eg annan engil
ofan fara af himni. Sá hafði
mikla magt og jörðin upplýstist af hans
dýrð. 2Og hann kallaði af valdi með
hárri röddu og sagði: „Hún er fallin,
hún er fallin, Babýlon hin mikla, og er
djöflanna heimili orðin og hirsla alls
óhreins anda og hirsla alls óhreins og
óþakknæmilegs fugls. **Esaias 21:9, Jeremias 51:8** 3Því að af reiðinnar víni
hennar hóranar hafa allar þjóðir drukkið og konungar jarðarinnar hafa með
henni hóranir drýgt og hennar kaupmenn eru auðigir orðnir af hennar
miklum munaðsemdum.“

4Og eg heyrða aðra rödd af himni
segja: „Útgangið af henni, mitt fólk, so
að þér verðið eigi hluttakarar hennar
synda upp á það þér meðtakið eigi
nokkuð af hennar plágum. **Esaias 52:11, Jeremias 50:8, 51:6** 5Því að
hennar syndir ná allt til himins og
Drottinn hugleiðir hennar ranglæti.
6Gjaldið henni svo sem hún hefur
goldið yður og tvefaldið henni það
tvefalt aftur eftir hennar verkum. Og
með hverjum bikar það hún byrlaði yður, byrlið henni þar í tvefalt aftur. 7Hve
mikið sem það hún dýrkaði sig og í sínu
munaðlífi var so mikið innbyrlið henni
kvalir og ekka. Því að hún segir í sínu
hjarta: Eg sit og em drottning og eigi
mun eg ekkja verða og enga sorg mun
eg líta. **Esaias 47:7-9** 8Þar fyrir munu
hennar plágur á einum degi koma,
dauði, harmur og hungur og með eldi
mun hún brennd verða því að öflugur
er Drottinn Guð sá er hana mun
dæma.“

9Og konungar jarðarinnar þeir sem
meður henni hafa hóranir drýgt og í
munaðsemd lifað munu gráta hana og
kveina sér yfir henni nær þeir sjá reyk
af hennar bruna. 10Þeir í fjarlægð
standa fyrir hræðslu sakir hennar kvala
og segja: „Vei, vei Babýlon, hin mikla
borg, sú hin sterka borg! Á einnri
stundu er kominn hennar dómur!“ 11Og
kaupmenn jarðar munu gráta og harma
yfir henni það þeirra kaupeyri man
enginn kaupa meir, 12kaupeyri gulls og
silfurs og gimsteina og perlur og silki
og purpura og skarlat og allsháttaðan
dýrindis við og allsháttuð ker af
fílabeinum og allra handa ker af dýrmætum viði og af eiri og af járni og
marmara 13og jurtir og smyrsl, reykelsi
og vín og viðsmjör, similiu og hveiti,
kvikfé og sauði, hesta og vagna og líkama og sálir manna.

14Og það aldini þar þín sála hafði girnd
á er frá þér vikið og allt hvað feitt og
frjálslegt var það er frá þér vikið og þú
munt það eigi lengur finna. 15Kaupmenn þessarar vöru hverjir af henni
auðigir orðnir eru munu fjarlægt
standa af hræðslu hennar kvala, grátandi og harmandi, 16og segja: „Vei, vei,
hin mikla borg, sem með silki, purpura
og skarlati var klædd og með gulli var
fáguð og gimsteinum og perlum! 17Því
að á einni stundu er slíkur ríkdómur að
öngu orðinn!“

Og allir skipstjórnarmenn og allur sá
skari sem á skipum handtérar og skipverjar þeir á sjónum handtéra stóðu í

fjarska [18]og kölluðu þá þeir sáu reykinn
af hennar bruna og sögðu: „Hver er lík-
ur þessari hinni miklu borg?“ [19]Og þeir
jusu moldu yfir höfuð sér og kölluðu
grátandi og harmandi og sögðu: „Vei,
vei, sú hin mikla borg, í hverri auðigir
eru orðnimr allir þeir sem skipin höfðu
á sjónum með hennar vöru því að í
einni stundu er hún í eyði lögð!“
[20]Gleð þig yfir henni, himinn, og þér
heilgair, postular og spámenn! Því að
Guð hefur yðvarn dóm á henni dæmt.
[21]Og einn öflugur engill tók upp stein,
stóran sem kvarnarstein, og kastaði
honum í sjóinn og sagði: „So mun með
einum gný útkastast hin mikla Babýlon
og eigi meir fundin verða. [22]Og söng-
mannarödd og hörpusláttara og þeirra
í pípur blása og í lúðra þeyta skal eigi
meir heyrast í þér og enginn embættis-
maður hvers sem helst embættis hann
er skal meir í þér fundinn verða,
kvernarhljóð skal eigi meir í þér heyrt
verða [23]og rödd brúðgumans og brúð-
urinnar skal eigi meir í þér heyrð
verða. Því þínir kaupmenn voru höfð-
ingjar á jörðu. Því að fyrir þína fjöl-
kynngi fóru villar allar þjóðir [24]og blóð-
ið spámannanna og heilagra er í henni
fundið og allra þeirra sem á jörðu eru í
hel slegnir.“

19 Eftir þetta heyrði eg mikla rödd
mikils fjölda á himni segjandi:
„Halelúja! Heilsa og heiður, dýrð og
kraftur sé Guði vorum Drottni [2]því að
sannir og réttvísir eru hans dómar það
hann fordæmdi hina miklu hórkonu
sem jörðina meður sinni hóran for-
djarfaði og blóðs sinna þjóna af hennar
hendi hefur hann hefnt.“ [3]Og þeir
sögðu enn aftur í annað sinn: „Halelú-
ja!“ Og hennar reykur gekk upp eilíf-
lega. **Esaias 34:10** [4]Og þeir fjórir og
tuttugu öldungar og þau fjögur dýrin
félllu fram og tilbáðu Guð hver eð á
stólnum situr og sögðu: „Amen. Halelú-
ja!“ [5]Og ein rödd gekk út af stólnum
sem sagði: „Lofið vorn Guð, allir hans
þjónar og þeir hann óttast, bæði smáir
og stórir.“
[6]Og eg heyrða rödd mikils skara og
sem nið mikilla vatna og svo sem rödd
megnrar reiðarþrumu. Þeir sögðu:
„Halelúja! Því að Guð Almáttigur hefur
ríkið undir sig lagt. [7]Fögnum og verum
glaðir og gefum honum dýrð því að
brúðkaup Lamsbsins er komið og þess
húsfrú hefur sig tilreitt. [8]Og henni varð
gefið það hún skyldi umklæða sig með
hreinu og skínandi silki. En það silki
eru réttlætingar heilagra.“ [9]Og hann
sagði til mín: „Sælir eru þeir sem til
kveldmáltíðar Lambsins eru kallaðir.“
Og hann sagði til mín: „Þetta eru
sannarleg Guðs orð.“ **Mattheus 22:2,
Lucas 14:15** [10]Og eg féll niður fyrir
honum til fóta hans að eg tilbæði hann.
Og hann sagði til mín: „Sjá til að þú
gjörir það ei. Eg em þinn samþjón og
þinna bræðra og þeirra sem hafa Jesú
vitnisburð. Tilbið þú Guð. En vitnis-
burður Jesú er andi spádómsins.“
[11]Og eg sá himinninn opinn og sjá, að
hvítur hestur og sá sem þar sat á hét
Trúr og Sannarlegur og dæmir og stríð-
ir meður réttlæti. [12]Og hans augu eru
sem eldslogi og á hans höfði margar
kórónur og hann hafði nafn skrifað það
enginn þekkti nema sjálfur hann [13]og
var klæddur því klæði sem með blóði
var dreift og hans nafn hét Guðs orð.
[14]Og honum eftir fylgdi allur her sá á
himni er á hvítum hestum, klæddir í
hvítu og hreinu silki. [15]Og af hans
munni framgekk tvíeggjað sverð það
hann slægi þar með heiðnar þjóðir og
hann mun stjórna þeim meður járn-
vendi. Og hann fóttreður þrúguna víns-
ins bræðinnar og reiði Guðs Almáttugs
[16]og hefur nafn skrifað á sínu fati á sín-
um lendum so látanda: „KÓNGUR
ALLRA KÓNGA OG DROTTINN ALLRA
DROTTNA.“
[17]Og eg sá einn engil standa í sólunni
og hann kallaði hárri rödd og sagði til

allra fugla sem undir himni fljúga:
„Komið og samansafnið yður til
kveldverðar hins mikla Guðs 18að þér
etið hold konunganna og lands-
stjórnaranna og hold öflugra og hest-
anna og þeirra sem þar upp á sitja og
hold allra frelsingja og þrælanna, bæði
smárra og stórra.“ 19Og eg sá dýrið og
konunga jarðarinnar og þeirra lið sam-
ansafnað til að halda stríð við þann sem
á hestinum sat og við hans her.
20Og dýrið varð höndlað og með því sá
falski spámaður sem teiknin gjörði fyr-
ir því, af hverjum hann villti þá sem
auðkenningarmerki dýrsins meðtóku
og þá er mynd dýrsins tilbáðu. Þessir
báðir tveir urðu lifandi fleygðir í elds-
ins díki það með brennisteini logar.
21Og þeir aðrir urðu í hel slegnir með
sverði þess sem á hestinum sat það út
af hans munni gekk og allir fuglar urðu
saddir af þeirra holdi.

20 Og eg sá engil ofan stíga af
himni. Sá hafði lykil undir-
djúpsins og mikla hlekki í sinni hendi.
2Og hann höndlaði drekann, hinn
gamla höggorm, hver að er djöfullinn
og andskotinn, og batt hann um þús-
und ár 3og fleygði honum í undirdjúpið
og innilukti hann og innsiglaði þar ofan
yfir að hann skyldi eigi meir villa
heiðnar þjóðir þangað til að útenduð
yrði þúsund ár. Og eftir það skyldi
hann laus verða um stutta stund.
4Og eg sá stóla og þeir sátu á þeim og
þeim varð dómur gefinn og þeirra sálir
sem afhöfðaðir voru vegna vitnis-
burðarins Jesú og fyrir Guðs orðs sakir
og þeir sem ekki höfðu tilbeðið dýrið
né þess mynd og þeir eigi meðtekið
höfðu auðkenningarmerki í sín enni
eður á sínar hendur, þessir lifðu og
ríktu með Christo þúsund ára. 5En hinir
aðrir dauðu endurlifnuðu ekki þar til
að þúsund árin fullkomnuðust. Þetta er
hin fyrsta upprisa. 6Sæll er sá og heilag-
ur sem hlutdeild hefur á hinni fyrstu
upprisu. Yfir þvílíkum hefur sá annar
dauði öngva magt heldur verða þeir
kennimenn Guðs og Christi og ríkja
með honum þúsund ára.
7Og nær þau þúsund ár eru fullkomn-
uð þá man sá andskoti laus verða af
sínu fjötri 8og mun útganga að villa
hina heiðnu sem að eru í fjórum áttum
jarðarinnar, Góg og Magóg, að saman-
safna þeim til baráttu, hverra tala er
sem sjávarsandur. **Esekiel 38:2, 39:1**
9Og þeir uppstigu yfir vídd jarðar og
umkringdu herbúðir heilagra og hina
elskulega borg. Og eldur kom að ofan
frá Guði af himninum og svelgdi þá.
10Og djöfullinn sá þá villti varð kastaður
í díki eldsins og brennisteins þar eð
dýrið og sá falski spámaður var og
verða kvaldir dag og nótt um aldur og
ævi að eilífu.
11Og eg sá mikin stól skínanda og þan
sem þar upp á sat, fyrir hvers augliti að
flýr himinn og jörð og þeim var enginn
staður fundinn. 12Og eg sá hina dauðu,
bæði stóra og smá, standa fyrir Guðs
augliti og bækurnar urðu upplátnar. Og
önnur bók varð opnuð hver að er lífsins
og hinir dauðu urðu dæmdir eftir því
sem skrifað er á bókunum, eftir þeirra
verkum. 13Og sjórinn gaf fram þá dauðu
sem í honum voru og dauði og helvíti
gáfu upp þá dauðu sem í þeim voru og
þeir urðu dæmdir, hver einn eftir sín-
um verkum. 14Og dauði og helvíti urðu
köstuð í eldsins díki. Það er sá annar
dauði. 15Og ef nokkur finnst eigi skrif-
aður á lífsbókinni sá verður kastaður í
eldsins díki.

21 Og eg sá nýjan himin og nýja
jörð því að hinn fyrsti himinn
og fyrsta jörð forgekk og sjórinn er ei
meir. **Esaias 65:17** 2Og eg, Jóhannes, sá
hina heilögu borg, þá nýju Jerúsalem,
ofan fara af himni frá Guði, tilreidda
svo sem prýdd brúður sínum manni.
3Og eg heyrði rödd mikla af himni
segja: „Sjá þar tjaldbúð Guðs hjá mönn-

um og hann man hjá þeim byggja og þeir munu hans fólk vera og Guð sjálfur meður þeim mun þeirra Guð vera. [4]Og Guð mun þerra öll tár af þeirra augum. Dauðinn mun eigi meir vera, eigi harmur né kveinan eða hryggð mun meir vera því að hið fyrsta er umliðið.“ **Esaias 21:4** [5]Og sá upp á stólnum sat sagði: „Sjá, eg gjöri það allt saman nýtt.“ **Esaias 43:19** Og hann sagði til mín: „Skrifa þú því að þessi orð eru sönn og trúarleg.“

[6]Og hann sagði til mín: „Það er gjört. Eg em A og Ö, upphaf og niðurlag. Eg man þyrstum gefa af brunni lifanda vats fyrir ekki. **Esaias 55:1** [7]Hver eð yfirvinnur sá mun eignast allt það og eg man hans Guð vera og hann mun minn sonur vera. [8]En þeim óttafullum og vantrúuðum og svívirðulegum og manndrápurum og frillulifnaðarmönnum og töfrurum og skúrgoðadýrkurum og öllum ljúgurum, þeirra hlutdeild mun vera í díkinu sem með eldi og brennisteini logar, hver að er sá annar dauði.“

[9]Og einn af þeim sjö englum sem hafði þær sjö skálir fullar með þær sjö síðustu plágur kom að mér og talaði við mig og sagði: „Kom, eg man sýna þér kvinnuna, brúður Lambsins.“ [10]Og hann tók mig burt í anda upp á hátt og mikið fjall og sýndi mér hina miklu borg, þá heilögu Jerúsalem, ofan fara af himni frá Guði, [11]hafandi bjartleik Drottins og hennar ljós var líkt hinum dýrmætasta steini, svo sem skær jaspis. [12]Og hún hafði mikla og háa múrveggi og hafði tólf hlið og í þeim hliðunum tólf engla og nöfn skrifuð hver að eru tólf kynkvíslir Ísraelssona. [13]Af austri þrjú hlið, af norðri þrjú hlið, af suðri þrjú hlið, af vestri þrjú hlið. [14]Og múrveggur borgarinnar höfðu tólf grundvelli og í þeim sömum nöfn þeirra tólf postula Lambsins. [15]Og sá við mig talaði hafði gulllegan reyrkvarða það hann skyldi mæla borgina og hennar hlið og múrveggi. [16]Og borgin er sett ferköntuð og lengd hennar er so mikil sem breiddin. Og hann mælti borgina með gullreyrnum upp á tólf þúsund renniskeiða. Lengdin og breiddin og hæðin hennar er líka jafnt. [17]Og hann mælti hennar múrveggi hundrað fjórar og fjörutígi álnir eftir þess manns mæling sem engillinn hefur. [18]Og smíði hennar múrveggja var af jaspis og borgin af skíru gulli, líkt skæru gleri. [19]Og grundvellirnir og múrveggir borgarinnar voru prýddir með allsháttaða gimsteina. Hinn fyrsti grundvöllur var jaspis, sá annar safír, hinn þriðji calcedonius, fjórði smaragdus, [20]fimmti sardonichus, sjötti sardis, sjöundi chrisolitus, áttandi berillus, níundi topasius, tíundi chrisophras, ellefti hyacinthus, tólfti ametýst.

[21]Og þau tólf hliðin voru tólf perlur og sérhvert hliðið var af sérhverri perlunni. Og strætin borgarinnar voru skíragull so sem gegnumskínandi gler. [22]Og eg sá þar ekkert musteri inni því að Drottinn Guð almáttugur er hennar musteri og Lambið. [23]Og borgin þarf eigi sólar né tungls það þau lýsi í henni því að Guðs þjartleiki upplýsir hana og ljós hennar er lambið. **Esaias 60:19-20** [24]Og þær þjóðir sem hólpnar verða ganga í því sama ljósi og konungar á jörðu munu innflytja sína dýrð í þá hina sömu. **Esaias 60:3, 5, 11** [25]Og hennar hlið verða ekki um daginn afturlukt því að þar mun engin nótt vera. **Esaias 60:11, Sacharias 14:7**

[27]Og ekkert saurugt og svívirðilegt né lygn mun þar innganga utan þeir sem skrifaðir eru á lífsbókinni lambsins.

22 Og hann sýndi mér hreint vatsfall lifanda vats, so skært sem christallus, framfljótandi af stóli Guðs og Lambsins mitt á hennar stræti. **Sacharias 14:8** [2]Og báðumegin vatsins stóð lífsins tré og það bar tólfháttaðan ávöxt og færði sinn ávöxt á sérhverjum

mánaði og laufblöð trésins dugðu til beilsubótar heiðinna þjóða. [3]Og þar mun ekkert bölvanlegt meir vera og stóll Guðs og Lambsins mun þar inni vera og hans þjónar munu honum þjóna [4]og hans andlit sjá og hans nafn man í þeirra ennum vera. [5]Og eigi mun þar nótt vera og eigi við þurfa nokkurar lýsingar eður ljóss sólar því að Guð Drottinn mun sjálfur lýsa þeim og þeir munu ríkja um aldir og að eilífu. **Esaias 60:19**

[6]Og hann sagði til mín: „Þessi orð eru traust og sönn. Og Drottinn Guð heilagra spámanna hefur sent sinn engil til að kunngjöra sínum þjónum hvað snarlega hlýtur að ske. [7]„Sjáið, eg kem snart. Sæll er sá sem varðveitir orðin spádómsins í þessari bók.“ [8]Og eg em Jóhannes sem þetta séð og heyrt hefur. Og þá eg hafða það heyrt og séð féll eg fram að tilbiðja fyrir fætur engilsins þess mér sýndi þetta. [9]Og hann sagði til mín: „Gæt að að þú gjör eigi þetta því að eg em þinn samþjón og þinna bræðra, spámannanna, og þeirra sem varðveita orð þessarar bókar. Tilbið þú Guð.“

[10]Og hann segir til mín: „Innsigla ekki orð spádómsins í þessari bók því að tíminn er í nánd. [11]Hver skaðsamur er sá sé skaðsamur, hver óhreinn er sá sé óhreinn en hver réttvís er sá verði enn réttvísari og hver heilagur er sá verði enn heilagri. [12]Og sjáðu, eg kem snarlega og mín verðlaun meður mér að eg gjaldi hverjum sem einum eftir sínum verkum. **Sálmarnir 62:12** [13]Eg em A og Ö, upphaf og endir, fyrstur og síðastur. **Esaias 41:4, 44:6, 48:12** [14]Sælir eru þeir sem hans boðorð varðveita upp á það að þeirra magt sé á lífstrénu og um hliðin inngangi í borgina. [15]Því að þar fyrir utan eru hundarnir, fjölkynngismenn og saurlifnaðar og manndráparar og skúrgoðadýrkendur og allir þeir sem elska og gjöra lygina.

[16]Eg, Jesús, útsendi minn engil að hann vitnaði yður þetta í samkundunum. Eg em rót og kyn Davíðs, skær morgunstjarna.“ [17]Og Andinn og brúðurinm sögðu: „Kom.“ Og hver eð heyrir sá segi: „Kom.“ Og hver hann þyrstir sá komi og hver að vill sá meðtaki vatnið lífsins fyrir ekki. **Esaias 55:1**

[18]En eg vitna öllum þeim sem heyra orð spádómsins þessarar bókar að ef einhver setur þar nokkuð til þá mun Guð til setja yfir hann allar plágur sem skrifaðar eru í þessari bók. **Deuteronomium 4:2, Orðskviðirnir 30:6** [19]Og ef einhver tekur þar nokkuð í frá út af orðum bókarinnar þessarar spásögu þá mun Guð afmá hans deild af lífsbókinni og af hinni heilögu borg og af því sem í þessari bók skrifað er. **Deuteronomium 12:32** [20]Þetta segir sá sem þessu ber vitni: „Já, eg kem snarlega.“ Amen.

Já, kom þú Drottinn Jesús. [21]Náð vors Drottins Jesú Christi sé með yður öllum. A M E N.